

ÍSLAND

Atvinnuhættir og menning

Bók 1

ÍSLAND - atvinnuhættir og menning 2020

Útgefandi:

Sagaz ehf.
Bæjarlind 6
201 Kópavogur
Sími: 570 7000
www.sagaz.is
island2020@sagaz.is

Ritstjóri:

Valgeir Skagfjörð

Ljósmyndir:

Gretar Örn Bragason
iStock by Getty Images
Shutterstock

Hönnun og umbrot:

Ragnheiður Linda Eyjólfsdóttir,
grafískur hönnuður FÍT

Prentun:

Specialtrykkeriet Arco A/S, Danmörk.
Bókin er prentuð á umhverfisvænan pappír.



© 2022 Upplýsingar í þessari bók má ekki afrita með
neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun,
hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í
heild, án skriflegs leyfis útgefanda.
Sagaz ehf. tekur ekki ábyrgð á innsendu efni.

ISBN:

978-9935-9680-0-5 (Ritröð)
978-9935-9680-1-0

ÍSLAND
Atvinnuhættir og menning 2020

Kaflayfirlit - bækur 1 - 6

| Kafla | Bók nr. |
|--------------------------------------------------|---------|
| Aðilar á vinnuarkaði | 2 |
| Réttindasamtök | |
| Samtök í atvinnulífínu | |
| Verkalýðs- og stéttarfélag | |
| Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð | 5 |
| Byggingaverktakar | |
| Jarðvinnuverktakar | |
| Pípulagnir | |
| Rafverktakar | |
| Ýmis þjónusta | |
| Ýmsir verktakar | |
| Fasteignir og þjónusta | 5 |
| Eignarhaldsfélög | |
| Fasteignasölur | |
| Ýmis þjónusta | |
| Ferðaþjónusta | 3 |
| Afbreyting | |
| Hótel og veitingastaðir | |
| Fjármálaþjónusta | 6 |
| Fjárfestingafélög | |
| Fjármálafyrirtæki | |
| Lífeyrissjóðir | |
| Vátryggingastarfsemi | |
| Flutningar og samgöngur | 3 |
| Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 1 |
| Heilsugæsla og sérfræðilækningar | |
| Hjúkrunar- og dvalarheimili | |
| Líftækni | |
| Hönnun og ráðgjöf | 2 |
| Arkitektar | |
| Endurskoðendur | |
| Verkfræðistofur | |

| Kafli | Bók nr. |
|-----------------------------------------------|---------|
| Iðnaður og orkumál | 4 |
| Almennur iðnaður | |
| Matvælaíðnaður | |
| Nýsköpun og rannsóknir | |
| Orkumál | |
| Ýmis þjónusta | |
| Landbúnaður og umhverfismál | 4 |
| Gróðrarstöðvar | |
| Þjónusta | |
| Mennta- og menningarmál | 2 |
| Framhaldsskólar | |
| Háskólar | |
| Menning og listir | |
| Símenntun | |
| Skólar og fræðslustarfsemi | |
| Söfn | |
| Opinberar stofnanir og fyrirtæki | 1 |
| Opinberar stofnanir | |
| Stjórnsýsla | |
| Sveitarstjórnarmál | |
| Sjávarútvegur | 3 |
| Fiskeldi | |
| Fiskmarkaðir | |
| Fiskvinnsla og útgerð | |
| Nýsköpun og rannsóknir | |
| Ýmis þjónusta | |
| Upplýsingar og fjarskipti | 2 |
| Fjarskiptafyrirtæki | |
| Hugbúnaðarfyrirtæki | |
| Upplýsingatækni | |
| Verslun og þjónusta | 6 |
| Bifreiðaþjónusta | |
| Bifreiðaumboð | |
| Heildsöluverslanir | |
| Smásöluverslanir | |
| Ýmis þjónusta | |



Efnisyfirlit

| | |
|---------------------------------------|-----|
| Ávarp ritstjóra..... | 10 |
| Ávarp forseta Íslands..... | 12 |
| Opinberar stofnanir og fyrirtæki..... | 14 |
| Stjórnsýsla..... | 16 |
| Opinberar stofnanir og fyrirtæki..... | 60 |
| Sveitarstjórnarmál..... | 160 |
| Heilbrigðis- og félagsþjónusta..... | 310 |
| Heilsugæsla og sérfræðilækningar..... | 312 |
| Líftækni..... | 336 |
| Hjúkrunar- og dvalarheimili..... | 340 |
| Nafnaskrá..... | 366 |

Ritstýrðar greinar

| | Bók nr. | Bls. |
|------------------------------------------------------------|---------|------|
| Bókasöfn á Íslandi - eitt kerfi..... | 2..... | 110 |
| Erlent vinnuafli - en upplýsingaskortur veldur flækju..... | 2..... | 182 |
| Samstarfsnefnd Háskólastigsins..... | 2..... | 10 |
| Fiskveiðar 2020..... | 3..... | 10 |
| Heimskreppa í alþjóðlegri ferðaþjónustu..... | 3..... | 258 |
| Grjóthörð loftslagslausn..... | 4..... | 10 |
| Félag kvenna í atvinnulífinu FKA..... | 6..... | 10 |
| Landssamtök lífeyrissjóða..... | 6..... | 56 |
| Rafbílar..... | 6..... | 275 |

Þeir sem komu að verkinu

Sérstakar þakkir fá:

Amtsþókasafnið á Akureyri
Birgir Gunnlaugsson
Carbfix - Kári Helgason
og Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir
Ferðamálastofa
FÍB - Jón Kristján Sigurðsson
og Runólfur Ólafsson
FKA – Andrea Róbertsdóttir og
Sigríður Hrund Pétursdóttir
Friðrikkja Þóra Harðardóttir
Hr. Guðni Th. Jóhannesson
Hafrannsóknarstofnun
Hagfræðideild Landsbankans
Háskóli Íslands
Helga Reynisdóttir
Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
Íslandsbanki
Landssamtök lífeyrissjóða
Reynir Karlsson
Samband íslenskra sveitarfélaga
Samtök ferðaþjónustunnar
Sigurður Th. Sigurðsson
Sturla Böðvarsson
Úlfar Jónsson
Þjóðskjalasafn Íslands
Þórbergssetur



Bragi Sveinsson,
útgefandi



Áni Emilsson,
hægri hönd útgefanda



Brynhildur Sigmarsdóttir,
efnisöflun



Björg Birgisdóttir,
efnisöflun og umsjón



Valgeir Skagfjörð,
ritstjórn og textagerð



Linda Eyjólfsdóttir,
hönnun og umbrot



Gretar Örn Bragason,
ljósmyndir



Elín Björk Guðbrandsdóttir,
bókhald



Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir
prófarkalestur



Ómar A. Óskarsson,
ráðgjöf



Ólafur H. Johnsson,
ráðgjöf



Hallur Hallsson,
ráðgjöf



Matthías G. Pétursson,
ráðgjöf



Stefán P. Guðmundsson,
ráðgjöf



Jón H. Karlsson,
ráðgjöf og textagerð



Ísólfr Gylfi Pálmasson,
ráðgjöf

Ávarp ritstjóra

Valgeir Skagföð

Íslenskir atvinnuhættir og menning er safnrit í nokkrum bindum sem hefur þann tilgang að halda uppi eins og spegli fyrir atvinnu- og menningarlífi Íslendinga, tíð þeirra og aldarhætti svo rýna megi í hvað menn voru að sýsla og aðhafast. Ritið er á sama hátt heimild um þá þróun og nýsköpun sem hefur átt sér stað í atvinnulífinu á undanförunum árum og þannig fæst yfirlit og innsýn um hvernig eitt hefur áhrif á annað. Hvernig atvinnulífið blómstrar á ólíkum stöðum á landinu, hvaða hugsjónir búa að baki hjá þeim sem hrinda viðskiptahugmyndum í framkvæmd og hvernig þeir sem koma að stjórn lands, bæja og sveita vilja bæta umhverfi sitt og styðja við uppbyggingu stofnana og framgang smærri og stærri fyrirtækja.

Þetta ritsafn kemur út núna í fjórða skipti á jafnmörgum áratugum undir sama heiti. Ísland 2020. Það hefur mikið vatn runnið til sjávar frá því fyrsta ritið kom út árið 1990. Ég kom að útgáfunni sem við nefndum Ísland 2000 og svo aftur 2010. Ég fór í fjölmargar heimsóknir og átti áhugavert spjall við menn og konur og nú aftur 2020 erum við að marka nýjan áratug og breytingarnar eru stórkostlegar. Ekki einasta að tækninni hafi fleygt fram og umhverfisvitund Íslendinga hafi vaknað upp af dvala heldur sú merkilega staðreynd að í næstum heil tvö ár var samfélagið lamað svo að helst leit út fyrir að stórar hugmyndir og framkvæmdir myndu leggjast af, ferðamenn hætta að koma hingað og allt fara á hliðina. En fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Ísland hefur risið upp úr öskustónni og þegar þessu riti er flett mun margt koma á óvart og heimildagildi ritsins ótvírætt hvað varðar viðbrögð þeirra sem áttu mikið undir sér þegar öllu var skellt í lás og hvernig á sama hátt þeim tókst með hugviti og útsjónarsemi að halda úti rekstri þrátt fyrir heimsfaraldur COVID-19.

Við útgáfu þessa verks þurfti mikla þrautseigju og þolinmæði. Margir vildu taka þátt og ég átti margar góðar stundir við að rekja garnirnar úr fólki til að fá bitastætt efni í greinar. Þegar ég náði að hitta fólk augliti til auglitis þá fór það gjarnan svo að samtalið teygðist upp í allt að tvo klukkutíma af því það var svo gaman.

Það má auðvitað spyrja sig hvað svona safnrit á að fyrirstilla á okkar stafrænu öld þar sem allar upplýsingar eru svo aðgengilegar. Því er til að svara að útgáfan horfir til framtíðar rétt eins og aðrir. Það er einhver dulin ást sem Íslendingar hafa á bókum og hin prentaða bók er langt því frá að vera búin að syngja sitt síðasta en við erum hvergi bangin við að halda uppteknum hætti og hyggjum á stafræna útgáfu þegar fram í sækir og ætlum okkur stóra hluti þar.

Ísland 2020 atvinnuhættir og menning er að líta dagsins ljós og vil ég nota tækifærið til að þakka öllum þann velvilja og áhuga sem sem þeir sýndu með þátttöku sinni og óeigingjarnri vinnu við að setja þetta verkefni á laggirnar. Það er ekki sjálfgefið að menn geti í dagsins amstri tekið frá tíma til að sinna slíku. Ég er þakklátur fyrir minn hlut í þessu verki og vona að þeir sem fá ritið í hendurnar megi njóta þess að fletta þessum síðum og gefi það áfram til að minnast þess sem vel hefur verið gert og geti verið stoltir af því að vera minnst á síðum þessara bóka. Þegar upp er staðið þá er ritsafnið prýðis góð heimild þótt ekki sé kafað mjög djúpt og ítarlega í viðfangsefnin en það gefur þó raunsanna mynd af því sem var að gerast og má vera að eitt og annað komi á óvart þegar grannt er skoðað.

Gangi okkur öllum vel að feta veginn áfram því það er þannig sem við viljum hafa það.

„Það er svo bággt að standa í stað, og mönnum munar annaðhvort aftur á bak ellegar nokkuð á leið.“ (Jónas Hallgrímsson)

Það er margs að minnast og einkum þeirra sem hafa gengið á undan og ritstýrt þessu verki. Þeirra á meðal var Árni M. Emilsson sem ritstýrði útgáfunni 2010 ásamt Sturlu Böðvarssyni. Árni var ötull og afkastamikill og stóð heilshugar á bak við útgáfuna alla tíð. Hann átti margar ógleymanlegar stundir með forystufólki í atvinnulífinu og samstarfsfólki hjá Sagaz en ekki síður var hann prýðis góður penni og setti saman texta í bundnu máli þegar sá gállinn var á honum. Hann orti meðal annars þessar limrur:

*Ísland, atvinnuhættir og menning
er næstum því heilög þrenning
og Stebbi og Matti
undir sama hatti
telja að þetta sé laukrétt kenning.*

*Ekki má af vegi sannleikans víkja
og það varðar við lög að svíkja
en hjá Árna og Braga
er allt önnur saga
þeir eiga svo gott með að ýkja.*

Ófáar voru stundir Árna og Braga á ferð þeirra um landið þar sem menn hittust yfir kaffibolla og létu gamminn geysa. Hlátrasköllin dundu og margt var brallað; bæði skrafað og rætt, skipst á hugmyndum og sögum úr fortíðinni og pólitíkin fékk sinn skerf eins og alltaf.

Árna M. Emilssonar er minnst hér með þakklæti og virðingu fyrir sín störf í þágu Sagaz útgáfunnar sem hyggur á frekari strandhögg í framtíðinni.



Ávarp forseta Íslands

Guðna Th. Jóhannessonar

Íslenskir atvinnuhættir breytast ár frá ári, breytast í raun dag hvern ef því er að skipta. Þannig er málum háttað í öflugum samfélagi. Því er fagnaðarefni að þetta rit kemur nú út í nýrri og uppfærðri útgáfu. Margs er hér getið sem ekki var að finna í eldri útgáfum Íslenskra atvinnuhátta. Sífellt verður til ný þekking, sífellt skapast ný störf.

Um leið hljótum við að byggja á gömlum grunni. Eitt æxlast af öðru. Framfarir byggjast á virðingu fyrir lærdómi sögunnar, virðingu fyrir hugviti og striti fyrri kynslóða. En þær byggjast líka á forvitni og nýsköpun, fjölbreytni í öllu atferli. Einnig fléttast saman í flestum framförum hið þjóðlega og hið alþjóðlega, aðlögun þess sem vel hefur tekist ytra að innlendum aðstæðum.

Sömuleiðis eru þrautseigja og samstaða einatt forsenda framfara og framsækinna atvinnuhátta. Síðustu misseri höfum við Íslendingar glímt við sameiginlegan vágast, hættulega farsótt sem minnti um margt á fyrri plágur sem ollu hér miklum skaða. Í krafti vísinda, þekkingar og öflugs heilbrigðiskerfis auðnaðist okkur hins vegar að verjast skaðvaldinum betur en formæður og forfeður gátu vonast til. Vissulega urðu mörg fyrir búsisfjum, atvinnulífið beið hnekki. En það stóðst samt áfallið og nú megum við leyfa okkur að horfa björtum augum fram á veg.

Það eru sígild sannindi að öflugir atvinnuhættir byggjast á dugnaði og elju og vilja til góðra verka. Sá hugur einkennir þetta verk. Ég fagna útgáfunni og vona að sem flestir lesendur fái notið hennar.





Bessastaðir.

Embætti forseta Íslands



Frá heimsókn forseta Indlands til Íslands árið 2019.
Ljós. Gunnar G. Vigfússon.



Forsetahjónin heimsækja farsóttarhús Rauða krossins
haustið 2021. / Ljós. forsetaskrifstofan.

Forseti Íslands er þjóðhöfðingi Íslendinga. Hann er eini fulltrúi ríkisins sem kosinn er af allri þjóðinni í beinni kosningu. Embætti forseta var stofnað þegar Ísland varð lýðveldi 17. júní árið 1944 og eru ítarleg ákvæði um það í stjórnarskránni sem þá tók gildi. Embætti forseta rekur skrifstofu í Reykjavík en búsetu hefur forseti haft á Bessastöðum á Álftanesi.

Embættið

Starfssviði og völdum forseta má í grófum dráttum skipta í sex þætti þótt þetta sé að sjálfsgöðu ekki tæmandi listi:

Formlegt hlutverk í stjórnskipun.

Vald til synjunar laga.

Pólítískt áhrifavald.

Landkynning.

Störf í samfélagsþágu.

Sameiningartákn.

Formlegt hlutverk

Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands frá 1944 er kveðið á um stöðu forseta í stjórnskipun landsins, kjörgengi, tilhögun kosninga og skyld málefni. Þar segir að forseti fari með löggjafarvaldið ásamt Alþingi og framkvæmdarvaldið með öðrum stjórnarvöldum. Jafnframt segir meðal annars að hann skipi ráðherra, geri samninga við önnur ríki, geti látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og rofið þing. Öll þessi ákvæði verður þó að skoða í ljósi fyrstu greinar stjórnarskrárinnar, þess grundvallar að Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn. Þar að auki kveður stjórnarskráin á um ábyrgðarleysi forseta á stjórnarathöfnum enda láti hann ráðherra framkvæma vald sitt.

Vald til synjunar laga

Í 26. grein stjórnarskrárinnar segir að forseti geti synjað um staðfestingu laga frá Alþingi og taki þau þá engu að síður gildi en verði lögð í dóm kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þegar unnið var að gerð stjórnarskrárinnar á sínum tíma var sérstaklega tekið fram að þetta gæti forseti gert án þess að atbeini ráðherra þyrfti að koma til.

Pólítískt áhrifavald

Forseti getur látið til sín taka á hinu pólitíska sviði, einkum þegar mynda þarf ríkisstjórnir og ekki er ljóst hvernig það muni ganga. Forseti afhendir þá þeim formanni stjórn málaflokks sem hann telur líklegastan til að geta myndað ríkisstjórn svokallað stjórnarmyndunarumboð. Í krafti þess hefur formaðurinn stjórnarmyndunarviðræður en mistakist þær lætur hann umboðið af hendi. Forseti færir það þá næsta formanni og svo koll af kolli eins og þörf krefur.



Frá setningu Alþingis 23. nóvember 2021.
Ljós. Kristján Maack.

Loks má vera að forseti vilji hafa áhrif á pólitískar ákvarðanir. Í samtölum við forsætisráðherra eða aðra ráðherra getur hann lýst stuðningi eða andstöðu við tiltekin áform stjórnvalda og látið í veðri vaka að hann muni segja þá skoðun sína í ræðum og ávörpum, undir rós eða tæpitungulaust. Þetta hafa allir forsetar lýðveldisins gert, í mismiklum mæli þó.

Landkynning

Forsetinn er þjóðhöfðingi Íslands. Hann fer í opinberar heimsóknir til annarra þjóðhöfðingja og er gestgjafi þeirra hér á landi. Hann sækir einnig margvíslega fundi og ráðstefnur og vinnur að því að auka áhuga útlendinga á Íslandi og íslensku samfélagi og atvinnulífi.

Störf í samfélagsþágu

Forseti Íslands er verndari ýmissa samtaka og viðburða auk tímabundinna verkefna í þágu góðra málefna. Auk þess veitir hann verðlaun og viðurkenningar og sæmir fólk fálkaorðunni. Forseti heimsækir byggðir landsins, ýmist í formi opinberrar heimsóknar eða vinnuferðar, afhendir verðlaun á borð við Íslensku bókmenntaverðlaunin og tekur á móti gestum á forsetasetrinu við margvísleg tilefni. Loks má nefna að forseti hefur yfirumsjón með rekstri Bessastaða, nýtingu landareignarinnar þar og munum og minjum.

Sameiningartákn

Forseti Íslands er eini embættismaður ríkisins sem kosinn er beinni kosningu allra kjósenda. Frá upphafi var þess vegna litið svo á forseti ætti að stefna að því að vera „sameiningartákn“ Íslendinga. Með því var átt við að í embætti sínu kæmi hann fram fyrir hönd þjóðarinnar allrar innanlands sem utan. Í störfum sínum myndi hann gæta fyllsta hlutleysis; hygla ekki einum stjórnálflokki umfram aðra og ganga ekki erinda sérstakra hagsmunahópa. Þar að auki er forseta ætlað að tala til þjóðar sinnar á tímamótum og örlagastundum. Má þar nefna nýársávörp og ræður við setningu Alþingis og einnig þegar voði eða vá dynur yfir, til dæmis eldgos eða snjóflóð. Með þessum hætti stuðlar forseti að einingu og eflir virðingu Íslendinga fyrir eigin sögu, tungu og náttúru, þeim þáttum sem saman gera þá öðrum fremur að sérstakri þjóð meðal þjóða.

Skrifstofa forseta Íslands

Embætti forseta Íslands rekur skrifstofu í Reykjavík. Meðal verkefna hennar er að vera forseta til aðstoðar við störf hans, annast skipulag viðburða og heimsóknna, svara erindum fyrir hönd forseta, upplýsa almenning um verkefni forseta og sjá um húsnæði embættisins.

Vefsíða: www.forseti.is



Frá ríkisheimsókn forseta Íslands til Noregs.
Ljós. Oskar Aanmoen.



Glæsilegar móttökur í heimsókn forsetahjóna í
Bláskógabyggð (2017). / Ljós. Gunnar G. Vigfússon.



Alþingishúsið við Austurvöll og Skáli. / Ljósmynd: Bragi Þór Jósefsson.

Alþingi

Samkvæmt stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands skiptist ríkisvaldið í þrjá hluta, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómvald, sem takmarka völd hver annars. Alþingi er löggjafarþing Íslendinga. Þar eru sett lög sem öllum sem á Íslandi eru ber að fara eftir, m.a. um skattlagningu og ráðstöfun opinberra fjármuna. Í því síðarnefnda felst fjárfjórvald Alþingis. Alþingi er einnig skylt að hafa eftirlit með starfsemi framkvæmdarvaldsins og samkvæmt þingræðisskipulaginu sem hefur verið við lýði á Íslandi frá 1904 getur engin ríkisstjórn eða ráðherra setið nema með stuðningi eða hlutleysi þingsins.

Þingmenn, kosningar og kjördæmi

Alþingi starfar í umboði kjósenda sem velja fulltrúa sína til starfa á þinginu í almennum leynilegum kosningum. Þessi tilhögun nefnist fulltrúalýðræði. Að jafnaði fara þingkosningar fram á fjögurra ára fresti og tímabilið sem kjósendur veita hinum kjörnu fulltrúum – þingmönnum – umboð til starfa á löggjafarþinginu kallast kjörtímabil.

Allir íslenskir ríkisborgarar sem hafa náð 18 ára aldri á kjördegi og eru búsettir á Íslandi, eða hafa verið það, hafa rétt til að greiða atkvæði í alþingiskosningum. Kosningarrétturinn er þannig undirstaða lýðræðis á Íslandi. Alþingismenn eru 63 og frá árinu 2003 hafa þeir verið kosnir í sex kjördæmum, Suðvesturkjördæmi, Reykjavíkurborgkjördæmi suður, Reykjavíkurborgkjördæmi norður, Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurborgkjördæmi. Lágmarksfjöldi þingmanna í hverju kjördæmi er sex en heildarfjöldinn er misjafn og ræðst af fjölda kjósenda í kjördæminu. Í þingkosningum sem fóru fram 25. september 2021 var kosið um 54 kjördæmasæti og níu þingsæti voru jöfnunarþingsæti sem úthlutað var til að vinna gegn misræmi á milli fylgis stjórnvaldaflokks á landsvísi og fjölda kjördæmissæta. Fulltrúar úr átta stjórnvaldaflokkum náðu kjöri á Alþingi í þessum kosningum.

Forseti Alþingis og forsætisnefnd

Á fyrsta þingfundinum af flokkum alþingiskosningum kjósa þingmenn forseta Alþingis úr hópi þingmanna og einnig varaforseta, allt að sex talsins. Forseti Alþingis kemur jafnan úr stjórnvaldaflokki sem á aðild að ríkisstjórn. Forseti og varaforsetar skipa forsætisnefnd þingsins sem tekur ákvarðanir um margvísleg málefni sem varða þingið og þinghaldið.

Forseti Alþingis stjórnar þinghaldinu, ákveður dagskrá þingfunda og hefur frumkvæði að því að semja starfsáætlun Alþingis og áætlun um fundi þess. Þingforseti hefur samstarf við formenn þingflokka um framvindu þinghalds og heldur með þeim vikulega fundi um tilhögun dagskrár þingsins og fyrirkomulag umræðna.

Forseti hefur umsjón með starfi þingnefnda og alþjóðanefnda og fyrirspegnir til ráðherra eru háðar leyfi hans. Forseti sker úr ágreiningu um túlkun þingskapa og sérstakar umræður fara ekki fram nema með samþykki hans.

Forseti kemur fram fyrir hönd Alþingis á opinberum vettvangi og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi forseta þjóðþinga. Forseti Alþingis er einn þriggja handhafa forsetavalds í fjarveru eða forföllum forseta Íslands.

Þingflokkar

Þingmenn sem kjörnir voru til þingsetu af framboðslistum sama stjórnvaldaflokksins mynda þingflokk. Engum þingmanni er þó skylt að tilheyra þingflokki og þingmenn geta gengið í aðra þingflokka eða staðið utan þeirra ef þeim sýnist svo.

Þingflokkur kys sér stjórn og kemur formaður hans fram fyrir hönd þingflokksins gagnvart forseta þingsins, öðrum þingflokkum og þingmönnum. Þingflokkarnir taka ákvarðanir um val á mönnum til trúnaðarstarfa á vegum Alþingis og þá sem veljast til að gegna ráðherraembættum.

Í þingflokkum eru teknar ákvarðanir um skiptingu nefndasetu milli þingmanna og á fundum þingflokks er m.a. fjallað um þingmál sem lögð eru fyrir Alþingi, stöðu mála í þingnefndum, afstöðu til einstakra mála og breytingartillagna við þau.

Þingflokkar koma vanalega saman til fundar tvisvar í viku á þingtímanum.



Mynd frá þingsal.

Framhald á næstu opnu →

Þingstörf

Löggjöf og stefnumörkun

Við venjulegar kringumstæður kemur Alþingi saman eftir sumarhlé annan þriðjudag í september og hefst þá nýtt löggjafarþing. Frumvarp til fjárlaga er að jafnaði fyrsta málið sem lagt er fyrir þingið og jafnframt það viðamesta og er lögð áhersla á að ljúka afgreiðslu þess fyrir áramót. Fjárlagafrumvarp og fjárlög eru helstu tæki þingmanna til stefnumótunar og til að beita því fjárstjórnarvaldi sem þingið hefur. Ekki má verja fé úr ríkissjóði nema fyrir því sé heimild í lögum og ekki má innheimta skatt nema með lagaheimild. Því gegna fjárlögin ásamt skattalögum lykilhlutverki í allri starfsemi hins opinbera.

Auk fjárlaga fjallar Alþingi um fjölda ólíkra lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna á hverju reglulegu löggjafarþingi. Frumkvæði að nýjum lögum eða lagabreytingum getur komið úr ýmsum áttum en meginþorri þeirra frumvarpa sem lagður er fyrir Alþingi á þó uppruna sinn í ráðuneytunum. Hagsmunaaðilar og samtök þeirra reyna gjarnan að hafa áhrif á undirbúning lagasetningar, oft í gegnum fjölmiðla, og sama er að segja um einstaklinga sem láta sig tiltekin mál varða.

Allir þingmenn og ráðherrar geta lagt mál fyrir Alþingi en stjórnarfrumvörp eru yfirleitt sýnu fleiri en þingmannafrumvörp og einungis fá þingmannafrumvörp verða að lögum.

Í stjórnarskránni segir að ekkert frumvarp megi samþykka nema það hafi verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. Samkvæmt þingsköpum Alþingis fá þingmenn ráðrúm til að kynna sér mál sem lögð eru fyrir þingið og oftast er þeim vísað til umfjöllunar í þingnefnd milli fyrstu og annarrar umræðu. Þetta skipulag kemur í veg fyrir að unnt sé að bera mál fyrirvaralítið undir atkvæði og hindrar að málum verði þröngvað í gegnum þingið án nægilegrar rýni og umfjöllunar.

Á sérhverju löggjafarþingi eru lagðar fyrir Alþingi nokkrar tillögur til þingsályktunar og hljóta sumar þeirra samþykki og verða ályktanir Alþingis. Með þessum hætti lýsir Alþingi stefnu sinni í þeim málum sem þingsályktunin tekur til en oft felast í slíkum ályktunum áskoranir til ráðherra eða ríkisstjórnar í heild um að koma tilteknum verkefnum til leiðar eða heimild til að gera ákveðnar ráðstafanir.

Eftirlitshlutverk Alþingis og almennar umræður

Alþingi ber að veita framkvæmdarvaldinu aðhald, bæði ríkisstjórninni og allri stjórnarsýslunni. Þessar skyldur rækja þingmenn m.a. með því að bera fram fyrirspurnir til ráðherra sem svarað er munnlega eða skriflega.

Óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra eru reglulega á dagskrá þingsins. Þar bera þingmenn upp fyrirspurnir til ráðherra um málefni á verkefnasviði þeirra ráðuneyta sem þeir stýra sem ráðherrar svara þá þegar. Þingmenn geta einnig beðið ráðherra um skýrslur um málefni á verkefnasviði ráðuneyta þeirra og ráðherrar leggja fram á þinginu greinargerðir að eigin frumkvæði eða í samræmi við ákvæði laga.

Tvær eftirlitsstofnanir sem heyra undir Alþingi, Ríkisendurskoðun og embætti umboðsmanns Alþingis, gegna veigamiklu hlutverki í eftirliti Alþingis með framkvæmdarvaldinu og enn fremur getur Alþingi sett á stofn rannsóknarnefndir til að kanna einstök mál og gera grein fyrir þeim. Þekktust slíkra rannsóknarnefnda er nefnd sem kannaði aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna árið 2008.

Þegar þinghald stendur yfir eru yfirleitt fundir í þingsal fjóra daga vikunnar. Þingmenn ræða þar mál sem liggja fyrir þinginu en auk þess gefst þeim kostur á að reifa ýms álitamál stjórnmalanna og vekja athygli á málefnum sem þingmenn telja mikilvægt að fjallað sé um á opinberum vettvangi. Þingsalur Alþingis er því mikilvæg málstofa fyrir stjórnmalumræðu í landinu. Tveir dagskrárliðir sem eru reglulega á dagskrá þingfunda, sérstakar umræður og störf þingsins, eru vettvangur fjölbreyttrar umræðu um þjóðmál og geta einnig haft þýðingu fyrir eftirlitshlutverk þingsins.

Nefndir Alþingis

Átta fastanefndir starfa á Alþingi og sinnir hver þeirra afmörkuðu málefnasviði. Þessar nefndir eru allsherjar- og menntamálanefnd, atvinnuveganefnd, efnahags- og viðskiptanefnd, fjárlaganefnd, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, utanríkismálanefnd og velferðarnefnd. Enn fremur er framtíðarnefnd starfrækt og þingið skipar auk þess ýmsar nefndir sem starfa tímabundið

að úrlausn ýmissa viðfangsefna. Meginhlutverk fastanefndanna er að fjalla um þingmál sem vísað er til þeirra en einnig geta þær tekið mál til umfjöllunar að eigin frumkvæði. Að jafnaði er lagafrumvörpum og þingsályktunartillögum vísað til nefndar að lokinni fyrstu umræðu í þingsal en heimilt er þó að vísa máli í nefnd á öllum stigum þess. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd fjallar eins og aðrar þingnefndir um málefni sem falla undir verksvið hennar en hefur auk þess ríka frumkvæðisskyldu hvað varðar eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Hver þingmaður á rétt á setu í einni fastanefnd en enginn þingmaður má sitja í fleiri fastanefndum en tveimur. Níu þingmenn sitja í hverri fastanefnd. Þingflokkur sem á ekki fulltrúa í nefnd getur óskað eftir því að fá þar áheyrnarfulltrúa og það á einnig við um þingmenn utan flokka. Vinnufundir fastanefnda eru að jafnaði lokaðir öðrum en nefndarmönnum en nefnd getur ákveðið að fundur sé opin og er hann þá sendur út á vef þingsins og í sjónvarpi. Nefndum er einnig heimilt að veita fréttamönnum aðgang að fundum án þess að þeir séu sendir út á vef og í sjónvarpi.

Í tengslum við umfjöllun nefndar um þingmál er óskað eftir umsögnum ýmissa aðila um efni þingmálsins sem ýmist eru skriflegar eða munnlegar þegar gestir koma á nefndarfundi. Skrifleg álit eru gerð aðgengileg á vef Alþingis og tengd þar því máli sem þau lúta að.

Þegar nefnd hefur lokið umfjöllun sinni um þingmál skilar hún skriflegu álitinu þar sem fram kemur tillaga nefndarinnar um það hvernig Alþingi eigi að afgreiða málið. Ef nefndin er ekki einhuga í afstöðu sinni geta nefndarálit orðið tvö eða fleiri. Í nefndarálitinu er, auk afstöðu þingmanna, lýst vinnu nefndarinnar að málinu, upplýsingaöflun, viðræðum við álitsgjafa o.fl. og því geta fylgt ýmis fylgiskjöl sem varða málið. Nefnd getur lagt til breytingar á þingmáli og er það þá ávallt gert með skriflegri breytingartillögu. Taki nefnd frumvarp aftur til meðferðar að lokinni annarri umræðu getur hún skilað framhaldsnefndarálit.

Nefndarmenn geta tekið sig saman um að leggja fram frumvarp í nafni nefndarinnar um málefni sem eru á verksviði hennar.

Alþjóðastarf á vegum Alþingis

Alþingi tekur þátt í margs konar alþjóðlegu samstarfi. eru alþjóðanefndirnar kallaðar Íslandsdeildir þeirra fjölþjóðasamtaka sem Alþingi á aðild að. Á Alþingi starfa átta Íslandsdeildir alþjóðlegra þingmannasamtaka. Þær eru Íslandsdeild Alþjóðþingmannasambandsins (Inter-Parliamentary Union), Íslandsdeild þingmannanefnda EFTA og EES (EFTA Parliamentary Committee og EEA Joint Parliamentary Committee), Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins (Parliamentary Assembly of the Council of Europe), Íslandsdeild NATO-þingsins (NATO Parliamentary Assembly), Íslandsdeild Norðurlandaráðs (Nordisk Råd), Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins (Vestnordisk Råd), Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál (Conference of Parliamentarians of the Arctic Region) og Íslandsdeild ÖSE-þingsins (ÖSE = Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, OSCE Parliamentary Assembly).

Starfsemi alþjóðanefnda Alþingis er mismunandi og fer eftir verkefnum og starfsgrundvelli þeirra alþjóðlegra þingmannasamtaka sem Alþingi á aðild að. Alþjóðanefndir Alþingis sækja fundi og ráðstefnur hjá alþjóðlegum þingmannasamtökum og nýta tækifærið til að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri þegar við á.

Skrifstofa Alþingis

Starfslið skrifstofu Alþingis annast margvíslega þjónustu við þingmenn og þá sem leita upplýsinga um starfsemi Alþingis eða þurfa að koma á framfæri erindum við þingið.

Skrifstofustjóri stjórnar skrifstofu Alþingis, framkvæmdum á vegum þingsins og hefur umsjón með fjárreiðum þess og eignum í umboði forseta. Þingfundasvið, nefndasvið og mannauðs- og gæðaskrifstofa þingsins heyra beint undir skrifstofustjóra. Skrifstofustjóri situr fundi forsætisnefndar og er forseta og nefndinni til aðstoðar í öllu er varðar stjórn þingsins.

Varaskrifstofustjóri er staðgengill skrifstofustjóra. Hann hefur umsjón með þremur starfseiningum: forsetaskrifstofu, lagaskrifstofu og rannsókn- og upplýsingaskrifstofu. Varaskrifstofustjóri er ritari forsætisnefndar Alþingis og undirbýr fundi hennar.

Fjármála- og rekstrarstjóri annast fjármálastjórn og rekstur þingsins ásamt því að hafa umsjón með þremur starfseiningum: rekstrar- og þjónustusviði, fjármálaskrifstofu og upplýsingatækniskrifstofu.

Starfsemi skrifstofu Alþingis er skipt í níu einingar sem sinna afmörkuðu verksviði. Þessar einingar eru þingfundasvið, nefndasvið, mannauðs- og gæðaskrifstofa, forsetaskrifstofa, lagaskrifstofa, rannsókn- og upplýsingaskrifstofa, fjármálaskrifstofa, rekstrar- og þjónustusvið og upplýsingatæknisvið. Í heild telur starfslið skrifstofunnar um 150 manns, þar af eru um 30 pólitískir starfsmenn þingflokka og aðstoðarmenn formanna flokka í stjórnarandstöðu.

Hlutverk þingfundasviðs er þrjúþætt: þjónusta við þingfundi, útgáfa á umræðum í þingsal og skjalavinnsla. Í því felst m.a. undirbúningur þingfunda, gerð dagskrár, skráning þingskjala, upptaka og útsending umræðna á þingfundum, útgáfa þingræðna á vef Alþingis og umsjón með mælendaskrá, atkvæðagreiðslum og lagaskráningu. Starfsfólk sviðsins annast einnig upplýsingaþjónustu við þingmenn á þingfundum, ráðgjöf og aðstoð við gerð og frágang fyrirspurna og útgáfu á vikulegu yfirliti yfir stöðu þingmála, ásamt því að sinna yfirllestri, frágangi og útgáfu á þingskjölum á prenti og á vef. Sviðið sér jafnframt um uppfærslu og útgáfu lagasafnsins á vef Alþingis.

Hlutverk nefndasviðs er að tryggja vandaða lagasetningu og fagleg vinnubrögð og veita þingnefndum og þingmönnum sérfræðiaðstoð og ráðgjöf til að þeir geti sinnt skyldum sínum. Starfsfólk sviðsins starfar í þremur deildum, nefndadeild, fjárlaga- og greiningardeild og alþjóðadeild.

Hlutverk mannauðs- og gæðaskrifstofu er að hafa umsjón með kjara- og mannauðsmálum, skjalastjórnun og gæðamálum skrifstofu Alþingis í samráði við yfirstjórn og aðra stjórnendur. Skrifstofan er starfsfólki og stjórnendum til stuðnings og ráðgjafar og gættir hagsmuna þeirra og öryggis. Þá hefur skrifstofan umsjón með mönnum og ráðningum í samráði við stjórnendur ásamt því að sinna jafnréttis-, starfsþróunar- og velferðarmálum starfsfólks.

Hlutverk forsetaskrifstofu er að vera forseta Alþingis og skrifstofustjóra til aðstoðar. Skrifstofan hefur á hendi úrlausn ýmissa verkefna er varða embættisstörf forseta, umsjón með alþjóðastarfi forseta ásamt því að sinna sameiginlegu skrifstofuhaldi fyrir forseta og skrifstofustjóra. Lagaskrifstofa hefur á hendi úrlausn sérhæfðra verkefna á sviði lögfræði fyrir forseta, forsætisnefnd og yfirstjórn skrifstofu þingsins. Starfsfólk skrifstofunnar er til ráðgjafar um lagasetningu sem varðar starfsemi Alþingis, m.a. þingsköp, alþingiskosningar, birtingu laga og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna. Skrifstofan er ráðgefandi við lagasetningu um stofnanir Alþingis, ríkisendurskoðanda og umboðsmann Alþingis. Rannsókn- og upplýsingaskrifstofa sinnir gagna- og upplýsingaöflun fyrir þingmenn og starfsmenn skrifstofu Alþingis og annast gerð fræðslu- og kynningarefnis fyrir Alþingi, ritstjórn vefsvæða Alþingis, móttöku gesta í Skóláþingi og Alþingishúsinu og upplýsingagjöf til almennings og fjölmiðla. Starfsmenn skrifstofunnar taka saman minnisblöð, gera úttektir úr gögnum, rita samantektir um þingmál og svara margháttuðum fyrirspurnum. Veitt er fagleg þjónusta þar sem gætt er að hlutleysi og áreiðanleika. Trúnaðar er gætt við öflun gagna og vinnslu fyrirspurna. Samdar eru stuttar úttektir eða minnisblöð um mál er varða þingstörfin samkvæmt óskum þingmanna, starfsfólks eða að eigin frumkvæði.

Hlutverk fjármálaskrifstofu er að hafa umsjón með bókhaldi Alþingis, launavinnslu þingmanna, ferðabókunum og uppgjöri á ferðakostnaði innan lands og utan. Þá annast skrifstofan greiðslu annars kostnaðar í tengslum við störf þingmanna og móttöku ásamt greiðslu reikninga og umsjón með eignaskrá. Skrifstofan veitir þingmönnum upplýsingar um starfskjör og önnur réttindamál.

Rekstrar- og þjónustusvið skiptist í fjórar deildir: þingvörslu, mötuneyti, ræstingu og umsjón húseigna. Hlutverk rekstrar- og þjónustusviðs er rekstur húsnæðis og umsjón öryggismála, ásamt almennri þjónustu við þingmenn og starfsmenn. Starfsfólk þingvörslu hefur á hendi öryggisgæslu, móttöku og leiðsögn gesta í húsnæði Alþingis. Þingvarslan annast jafnframt akstur og rekstur bifreiða Alþingis, sendiferðir á svæðinu og magnljósritun auk fleiri þjónustuverkefna. Starfsfólk mötuneytis annast alla veitingaþjónustu á starfssvæði þingsins, svo sem rekstur mötuneytis í Skála, kaffiveitingar á nefndafundum og veitingaþjónustu á fundum á vegum þingsins. Rekstur, viðhald og þrif á húsnæði Alþingis eru jafnframt á ábyrgð sviðsins.

Upplýsingatækisvið annast þróun og öryggi tölvumála og rekstur staðarnets og alls tölvubúnaðar Alþingis. Sviðið sér um alla almenna tölvu- og notendabjónustu fyrir þingmenn og starfsfólk, svo sem tölvukennslu, tæknilega umsjón með vef Alþingis og umsjón með símkerfum.

Vefur Alþingis – upplýsingaveita

Miðlun upplýsinga um þinghald og starfsemi skrifstofu Alþingis fer að langmestu leyti fram á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/>. Þar er m.a. að finna lagasafn, þingræður, þingskjöl, umsagnir um þingmál, alþingismannatal og upplýsingar um nefndir og nefndastörf auk upplýsinga um starfshætti þingsins, sögu þess og hlutverk.

Þingfundir eru ávallt sendir út á vef þingsins og þegar þing er að störfum birtist dagskrá þingfunda á forsiðu vefsins auk tilkynninga sem varða þinghaldið og störf þingmanna.

Heimsóknir í Alþingishúsið

Þegar ekki eru þingfundir í Alþingishúsinu eiga gestir þess kost að skoða húsið með leiðsögn. Unnt er að senda beiðni um sýningu á húsinu á netfangið heimsoknir@althingi.is eða hringja í síma 563 0500.

Þegar þingfundir standa yfir er almenningi heimilt að koma á þingpalla og fylgjast með því sem fram fer. Inngangur að þingpöllum er við Templarasund.

Skóláþing

Skóláþing, kennsluver Alþingis, er ætlað nemendum í efstu bekkjum grunnskóla.

Á Skóláþingi er farið í hlutverkaleik þar sem fjallað er um lagafrumvörp og starfsháttum og reglum Alþingis fylgt í stórum dráttum. Með þessu er ætlunin

að veita innsýn í sambandið milli atburða og viðhorfa í samfélaginu, skoðanamyndunar, pólitískra ákvarðana og löggjafarstarfs Alþingis.

Nánari upplýsingar um Skóláþing eru á Skóláþingsvefnum: <https://www.skolathing.is/>.

Húsakostur Alþingis

Aðsetur Alþingis er í Alþingishúsinu við Austurvöll og hefur svo verið frá 1881. Þar fara þingfundir ávallt fram nema þegar

örsjaldan eru haldnir hátíðarfundir á Þingvöllum, hinum forna þingstað, vegna sérstakra tímamóta.

Til hliðar við Alþingishúsið stendur Skáli, þjónustuhús sem tekið var í notkun árið 2002.

Þar er nú aðalinngangur í Alþingishúsið.

Alþingi á húsin nr. 4-12 við Kirkjustræti og er í þeim vinnuástanda starfsfólks

skrifstofu Alþingis. Umboðsmaður Alþingis er til húsa í Þórshamri við Templarasund 5. Á

lóðinni við Tjarnargötu 9 rís nú skrifstofubygging Alþingis sem ætlunin er að verði fullgerð árið 2023 og mun hýsa þingmenn og starfslíð skrifstofu Alþingis.

































Framhald á næstu opnu →

Flokkar og fylgi í alþingiskosningum 25. september 2021

| | Atkvæðahlutfall | Þingmannaföldi |
|----------------------------------------|-----------------|----------------|
| Flokkur fólksins (F) | 8,8% | 6 |
| Framsóknarflokkurinn (B) | 17,3% | 13 |
| Miðflokkurinn (M) | 5,4% | 3* |
| Píratar (P) | 8,6% | 5 |
| Samfylkingin (S) | 9,9% | 6 |
| Sjálfstæðisflokkurinn (D) | 24,4% | 16 |
| Viðreisn (C) | 8,3% | 5 |
| Vinstri hreyfingin - grænt framboð (V) | 12,6% | 8 |

* Einn þingmanni Miðflokksins, Birgir Þórarinnsson, yfirgaf hann skömmu eftir kosningar og dóur en þing var sett.

Þingmenn eftir alþingiskosningar 2021

| | | | | | | | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>Suðvestur- kjördæmi 13 þingsæti</p> |  |  |  |  |  |  | |
| | <i>Bjarni Benediktsson (D)</i> | <i>Jón Gunnarsson (D)</i> | <i>Willum Þór Þósson (B)</i> | <i>Guðmundur Ingi Guðbrandsson (V)</i> | <i>Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir (C)</i> | <i>Bryndís Haraldsdóttir (D)</i> | |
| |  |  |  |  |  |  |  |
| | <i>Þórhildur Sunna Evarsdóttir (P)</i> | <i>Þórunn Sveinbjarnardóttir (S)</i> | <i>Guðmundur Ingi Kristinsson (F)</i> | <i>Óli Björn Kárasón (D)</i> | <i>Ágúst Bjarni Garðarsson (B)</i> | <i>Sigmar Guðmundsson (C)</i> | <i>Gísli Rafn Ólafsson (P)</i> |
| | <p>Reykjavík- kjördæmi suður 11 þingsæti</p> |  |  |  |  |  |  |
| | | <i>Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir (D)</i> | <i>Svandís Svavarsdóttir (V)</i> | <i>Krístrún Mjöll Frostadóttir (S)</i> | <i>Lilja Alfreðsdóttir (B)</i> | <i>Hildur Sverrisdóttir (S)</i> | <i>Björn Lévi Gunnarsson (P)</i> |
|  | |  |  |  |  | <p>Reykjavík- kjördæmi norður 11 þingsæti</p> |  |
| <i>Inga Sæland (F)</i> | | <i>Hanna Katrín Friðriksson (C)</i> | <i>Birgir Ármannsson (D)</i> | <i>Orri Páll Jóhannsson (V)</i> | <i>Arndís Anna Kristinardóttir Gunnarsdóttir (P)</i> | | <i>Guðlaugur Þór Þórðarson (D)</i> |
|  | |  |  |  |  |  |  |
| <i>Katrín Jakobsdóttir (V)</i> | | <i>Halldóra Mogensen (P)</i> | <i>Helga Vala Helgadóttir (S)</i> | <i>Ásmundur Einar Daðason (B)</i> | <i>Diljá Mist Einarsdóttir (D)</i> | <i>Steinunn Þóra Árnadóttir (V)</i> | <i>Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (C)</i> |



Tómas A. Tómasson (F)



Andrés Ingi Jónsson (P)



Jóhann Páll Jóhannsson (S)



Stefán Vagn Stefánsson (B)



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir (D)



Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir (B)



Bjarni Jónsson (V)



Haraldur Benediktsson (D)



Eyjólfur Ármannsson (F)



Halla Signý Kristjánsdóttir (B)



Bergþór Ólason (M)



Ingibjörg Ólöf Isaksen (B)



Njáll Trausti Friðbertsson (D)



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (V)



Líneik Anna Sævarsdóttir (B)



Logi Einarsson (S)



Berglind Ósk Guðmundsdóttir (D)



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (M)



Jakob Frimann Magnússon (F)



Þórarinn Ingi Pétursson (B)



Jódís Skúladóttir (V)



Guðrún Hafsteinsdóttir (D)



Sigurður Ingi Jóhannsson (B)



Ásthildur Lóa Þórsdóttir (F)



Vilhjálmur Árnason (D)



Jóhann Friðrik Friðriksson (B)



Ásmundur Friðriksson (D)



Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (B)



Oddný G. Harðardóttir (S)



Birgir Þórarinnsson (M)



Guðbrandur Einarsson (C)



Þingflokkur Framsóknarmanna 2020.

Framsóknarflokkurinn



Sigurður Ingi Jóhannsson og Lilja Dögg Alfreðsdóttir.

Upphaf

Framsóknarflokkurinn var stofnaður þann 16. desember 1916 á Alþingi. Í nóvember það sama ár komu átta þingmenn saman á Seyðisfirði á leið til Reykjavíkur á þing. Þeir komu sér saman um að stofna þingflokk sem hlaut nafnið Framsóknarflokkurinn. Fyrsti ráðherra Framsóknarflokksins var Sigurður Jónsson sem sat sem atvinnumálaráðherra í þriggja ráðherra ríkisstjórn með Heimastjórnarflokki og Sjálfstæðisflokknum eldri frá 1917 til 1920. Fyrsti formaður Framsóknarflokksins var Ólafur Briem.

Fyrsta flokksþing Framsóknarmanna var haldið á Þingvöllum árið 1919. Fram að 1930 starfaði flokkurinn eingöngu sem þingflokkur og voru þingmenn þá einu félagar flokksins. Eftir flokksþingið 1931 komst hins vegar það skipulag á starfsemi flokksins sem hefur haldist í meginatriðum síðan, að flokkurinn er byggður upp af sjálfstæðum Framsóknarfélögum um land allt. Framsóknarfélögin eru nú um 90 talsins. Samband ungra Framsóknarmanna var svo stofnað árið 1938, Landssamband Framsóknarkvenna árið 1981 og Samband eldri Framsóknarmanna 2013.

Saga

Stéttaflokkakerfið sem myndaðist á öðrum og þriðja áratug aldarinnar var stutt skýrum búsetuandstæðum. Framsóknarflokkurinn var fyrst og fremst flokkur bænda og dreifbýlisfólks og bauð ekki fram í kaupstöðum fyrr en undir lok þriðja áratugarins. Síðar varð búsetugrundvöllur flokkanna líkt og stéttagrundvöllurinn mun blandaðri en Framsóknarflokkurinn hefur samt ætíð síðan lagt áherslu á atvinnu- og byggðamál og verið tengdur dreifbýlinu sterkum böndum. Framsóknarflokkurinn var frá upphafi byggður á hugsjón samvinnustefunnar og var því nokkurs konar arftaki samvinnufélaganna og ungmennafélaganna, sem eftir aldamótin beittu sér fyrir því að efla samtakamátt íslenskrar alþýðu og glæða trú hennar á þjóðernisleg verðmæti. Þessi andi ríkti sem endranær í Framsóknarflokknum þegar heimskreppan mikla skall á Íslandi í byrjun fjórða áratugarins. Þá sat ríkisstjórn Framsóknarflokksins eins undir forsæti Tryggva Þórhallssonar sem með stefnufestu lagði grunn því velferðarsamfélagi sem byggt var upp á Íslandi á 20. öld. Framsóknarmenn lögðu ofurkapp á að byggja upp innviði samfélagsins. Lengd vega margfaldaðist á fáum árum og brýr sameinuðu landshluta sem höfðu verið aðskildir frá landnámi. Hafnarmannvirki voru bætt, vitar byggðir til að vísa sjómönnum leið og Landhelgisgæslan var eflað til að verja sjávarauðlindina. Sérstakt átak var gert í að byggja upp atvinnutæki og bátar smíðaðir um allt land. Verksmiðjur risu og innlend framleiðsla varð fjölbreytilegri og betri en nokkru sinni. Til að auka atvinnu var lagt í byggingafrákvæmdir og á þessum árum risu mörg af glæsilegustu húsum landsins. En umfram allt lögðu Framsóknarmenn þó grunn að framtíðinni með áherslu á menntun, enda hefur góð menntun Íslendinga verið grunnþáttur í stefnu flokksins frá upphafi og fram til dagsins í dag. Héraðsskólar voru reistir víða um land auk grunnskóla, þeirra á meðal best búi grunnskóli Norðurlanda á þeim tíma, Austurbæjarskólinn í Reykjavík. Heilbrigðismál nutu líka forgangs í stefnu flokksins eins og þau hafa gert alla tíð síðan. Landsspítalinn tók m.a. til starfa eftir mikið söfnunarátak kvenfélaga og sjúkrahús voru reist á landsbyggðinni. Lög um verkamannabústaði voru samþykkt og hugað var að menningu landsins, m.a. með byggingu þjóðleikhúss. Náttúran og sagan gleymdust ekki heldur, því Þingvellir voru verndaðir og gerðir



Framsóknarkonur á þingi.

að þjóðgarði og til að efla lýðræðisumræðu og fræða þjóðina var Ríkisútvarpið stofnað. Allt þetta gerði ríkisstjórn Framsóknarflokksins á fimm árum og alla tíð síðan hefur þessi kraftur, þor og dugnaður einkennt framsóknarstefnuna. Og þjóðin hefur vissulega notið þessa krafts.

Stefna

Framsóknarflokkurinn er frjálsslyndur félagshyggjuflokkur sem vinnur að stöðugum umbótum á samfélaginu og lausn sameiginlegra viðfangsefna þjóðfélagsins á grunni samvinnu og jafnaðar. Hann stendur vörð um stjórnarfarslegt, efnahagslegt og menningarlegt sjálfstæði Íslendinga, byggt á lýðræði, þingræði og réttaröryggi. Framsóknarstefnan setur manninn og velferð hans í öndvegi. Samkvæmt, grundvallarstefnuskrá flokksins, sem var samþykkt á 26. flokksþingi Framsóknarmanna árið 2001, hafa Framsóknarmenn eftirfarandi málefni að leiðarljósi:

I. Þjóðfélagsgerð

Við viljum áfram byggja upp þjóðfélag á grunngildum lýðræðis, persónufrelsis, jafnræðis og samfélagslegrar ábyrgðar.

II. Mannréttindi

Við berjumst fyrir mannréttindum, virðingu fyrir einstaklingnum og fjölskyldunni. Við höfnum hvers konar mismunun sem gerir greinarmun á fólki, t.d. eftir kynþætti, kynferði, tungu, trú, þjóðerni, kynhneigð, búsetu eða stjórnmálaskoðunum. Við munum ávallt verja skoðana- og tjáningarfrelsi, trúfrelsi og friðhelgi einkalífs.

III. Jafnræði þegnanna

Við setjum manngildi ofar auðgildi og viljum að hver og einn hafi sama rétt til menntunar, þroska og grundvallarlífskjara óháð uppruna, heilsu og efnahag.

IV. Mannauður

Við viljum efla mannauð með því að sérhver einstaklingur fái örvun og tækifæri til að þroskast og vaxa í leik og starfi. Við stefnum að samfélagi umburðarlyndis og viðsýni svo margbreytileiki þjóðlífs og einstaklinga fái notið sín.

V. Stjórnarfar

Við viljum að þjóðin fari með æðsta ákvörðunarvald og handhafar valdsins stjórn aðeins í umboði hennar. Við vinnum ötulllega að réttlátu stjórnarferi, opnum stjórnarháttum og valddreifingu.

VI. Hagkerfi

Við viljum byggja efnahagslíf þjóðarinnar á markaðshagkerfi einkarekstrar og samvinnurekstrar þannig að framtak einstaklinga og samtaka þeirra njóti sín til fulls.

VII. Alþjóðasamfélagið

Við höfum ríkum skyldum að gegna varðandi samvinnu við aðrar þjóðir um lausn sameiginlegra verkefna. Við viljum að þátttaka okkar í alþjóðlegum samskiptum eigi að byggjast á viðurkenningu á rétti þjóða til sjálfstæðis og sjálfsákvörðunar.

VIII. Náttúrugæði

Við viljum skynsamlega og sjálfbæra nýtingu á gæðum jarðar sem skaði ekki hagsmuni komandi kynslóða. Við teljum að allar innlendar náttúruauðlindir skuli óskorað lúta íslenskri stjórn.

IX. Búsetuskilyrði

Við teljum það til grundvallarréttinda að fólki verði gert kleift að velja sér búsetu þar sem það kys. Greiðar samgöngur, alhliða fjarskipti, fjölbreytt atvinnutækifæri, fjölþætt framboð menntunar, menningar og heilbrigðisþjónustu eru þættir sem jafna búsetuskilyrði.

X. Stjórnmálin

Við byggjum á frjálsslyndri hugmyndafræði og teljum því farsælast að ná fram niðurstöðu með samvinnu ólíkra afla og hagsmuna sem byggð er á hófsemi og heiðarleika.

Auk grundvallarstefnuskrár flokksins álykta flokksþing Framsóknarmanna ítarlegar um einstaka málaflokka en flokksþingin eru að jafnaði haldin á tveggja ára fresti. Stefna Framsóknarflokksins, þ.m.t. grundvallarstefnuskrá, ályktanir flokksþings og kosningastefna á hverjum tíma er ávallt aðgengileg á vef flokksins

www.framsokn.is.

Grundvöllur framsóknarstefunnar er því, nú sem í upphafi, óbilandi trú á getu og framfarir íslensku þjóðarinnar, sóknarfæri hennar og mikilvægi þess að efla með Íslendingum þann uppbyggingar- og framfaraanda sem þarf til að nýta tækifærin og auka lífsgæði allra. Því auðlindir og mannaúður og tækifæri Íslands eru slík að það er engin ástæða til að nokkur maður búi hér við skort.



Fyrsta stjórn Miðflokksins Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður Gunnar Bragi Sveinsson Varaformaður og Anna Kolbrún Árnadóttir 2. varaformaður.

Miðflokkurinn



Kvöldverðarhólf Miðflokksins í Garðaholti, Sigmundur Davíð Guðlaugsson og Sigríður Klingenberg.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var kjörinn formaður Framsóknarflokksins árið 2009. Hann var í upphafi óskrifað blað og voru margir tregir til að styðja til forystu mann sem fram að því hafði lítið látið kveða að sér í stjórnmálum. Sigmundur hafði þó tekið þátt í starfi In Defence hópsins og varð barátta hans gegn notkun Breta á hryðjuverkalögum gegn Íslendingum, lcesave samningunum og ágangi kröfuhafa einkennandi fyrir aðferðarfræði hans. Árið 2013 skilaði sú barátta og ný stefnumál Framsóknarflokksins honum bestu kosninganiðurstöðu í áratugi. Það ár varð Sigmundur forsætisráðherra og fór strax óhefðbundnar leiðir meðal annars með skuldaleiðréttingu verðtryggðra fasteignalána heimilanna og uppgjöri fjármálakerfisins sem fól í sér hundruð milljarða króna eftirgjöf kröfuhafa. Með því var efnahagsstöðu ríkisins gjörbreytt og við tók mikið hagvaxtarskeið. Árið 2016 tilkynnti Sigmundur að hann myndi víkja tímabundið sem forsætisráðherra en sat áfram sem formaður flokksins. Með því sagðist hann vilja skapa frið um störf annarra ráðherra og ríkisstjórnarinnar í heild svo að hún gæti klárað þau mikilvægu verkefni sem þyrfti að ljúka á kjörtímabilinu. Skömmu síðar sagðist Sigmundur aldrei hafa upplifað jafn mikinn stuðning og á sumarmánuðum 2016 en þá um haustið gagnrýndi hann ríkisstjórnina fyrir að fylgja ekki eftir ókláruðum verkefnum eins og upp var lagt og hugði á endurkomu. Þá hafði þó hópur sem gekk undir nafninu flokkseigandafélagið og hafði beitt sér gegn kjöri Sigmundar árið 2009 treyst tókin á flokknum. Úr varð að varaformaður flokksins fékkst til að bjóða sig fram gegn formanninum og gekk þannig á bak fyrirheitum sem hann hafði gefið, meðal annars opinberlega. Það var þó ekki tilkynnt fyrr en orðið var of seint að skrá þátttakendur á flokksping.

Á flokksspíngi Framsóknarflokksins haustið 2016 var varaformaðurinn lýstur sigurvegari formannskosningar með rúmlega helmingi atkvæða. Framkvæmd flokkspingsins var harðlega gagnrýnd eftir að flokksmönnum til áratuga var meinað að greiða atkvæði á meðan aðrir hópar, m.a. nýskráðra meðlima, mættu til að kjósa án þátttöku í þinginu að öðru leyti. Hópum var auk þess heimilað að skrá sig eftir að frestur til þess rann út á meðan skráðum flokksmönnum, sem voru taldir stuðningsmenn Sigmundar, var vísað frá. Eftir þessa atburði voru því margir flokksmenn ósáttir en Sigmundur hvatti þá til að halda áfram störfum. Í Alþingiskosningum í lok október 2016 tapaði Framsóknarflokkurinn meira en helmingi fylgis síns og hlaut verstu kosningu í 100 ára sögu flokksins.

Stofnun Miðflokksins

Eftir kosningarnar jókst á ný órói meðal Framsóknarmanna sem töldu hið svo kallaða flokkseigendafélag nú alls ráðandi og flokkinn aftur kominn á vald kerfisbundinnar hagsmunagæslu. Farin var sú leið að búa til vettvang fyrir rökræðu og leit að pólitískum lausnum á sömu forsendum og unnið hafði verið að innan Framsóknarflokksins árin áður. Í því miði var Framfarafélagið stofnað hinn 1. maí 2017 en fjöldi fólks úr öðrum flokkum og utan flokka kom að stofnun félagsins.

Ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar sprakk óvænt haustið 2017 og þegar leið að kosningum var orðið ljóst að mikill ágreiningur væri innan Framsóknarflokksins um forystu, stefnu og vinnubrögð. Þegar Sigmundur taldi ljóst að hópurinn sem náð hafði



Fyrsti þingflokkur Miðflokksins.



Opnun kosningaskrifstofu Miðflokksins 2018.

völdum í flokknum ætlaði að koma í veg fyrir að þeir sem hefðu stutt hann til formennsku næðu sæti á framboðslistum sagði hann skilið við flokkinn. Að því búnu hófst vinna við stofnun nýs flokks, Miðflokksins. Að því starfi kom fjöldi fólks úr öllum flokkum. Myndaðar voru kosningastjórnir til bráðabirgða enda tíminn fram að kosningum skammur.

Formlegur stofnfundur var haldinn 15. október 2017 en Alþingiskosningar voru haldnar þann 28. sama mánaðar. Flokkurinn fékk 10,9% atkvæða sem var mesta fylgi sem nýr flokkur hafði hlotið í kosningum. Sjö manna þingflokki bættist svo liðsstyrkur í febrúar 2019 þegar tveir þingmenn Flokks fólksins gengu til liðs við Miðflokkinn. Fyrsta landsþing flokksins var haldið í Hörpu í október 2018. Þar voru samþykkt lög flokksins og skipulag hans að öðru leyti. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var kosinn formaður, Gunnar Bragi Sveinsson, varaformaður og Anna Kolbrún Árnadóttir, 2. varaformaður. Í sveitarstjórnarkosningunum 2018 bauð flokkurinn fram í mörgum sveitarfélögum, ýmist einn eða í samstarfi við aðra og fékk 10 sveitarstjórnarmenn kjörna.

Flokksstarf og stefna

Miðflokkurinn er skipaður fólki sem kemur víða að. Stefnan byggist á skynsemishyggju, því að meta hvert viðfangsefni fyrir sig og beita rökum til að leita bestu lausna. Flokkurinn leggur áherslu á að lýðræðislegt vald liggi hjá almenningi. Kjósendur eigi að leggja línurnar um stjórn landsins fremur en ráðuneyti og stofnanir, innlendir eða erlendir.

Miðflokkurinn leggur áherslu á að verja fullveldi landsins og það sem best hefur reynst við uppbyggingu samfélagsins en um leið að bæta það sem betur má fara. Flokkurinn leitast við að taka vel í góðar hugmyndir hvaðan sem þær koma og nýta þekkingu þeirra sem best þekkja til á hverju sviði. Miðflokkurinn er meðvitaður um samhengið milli verðmætasköpunar og velferðar. Hann leggur því áherslu á að bæta lífskjör með því að veita ólíkum atvinnugreinum öruggt og hvetjandi starfsumhverfi og að tryggja velferð allra með skynsamlegri nýtingu almannafrjá. Að mati Miðflokksins eru stjórnálamenn fulltrúar almennings, ábyrgir fyrir því að leiða samfélagið eftir þeirri stefnu sem þeir hafa boðað og verið kosnir til. Á undanförunum árum hafa stjórnálamenn hins vegar fært völd í allt of ríkum mæli til embættismannakerfisins, nefnda, hagsmunaafila og annarra. Þegar stjórnálamenn gefa frá sér ákvörðunarvaldið á þann hátt skerðist vald almennings og lýðræðið virkar þá ekki eins og skyldi. Þetta vill Miðflokkurinn laga með því að boða aðeins þá stefnu sem flokkurinn treystir sér til að bera ábyrgð á og standa við. Miðflokkurinn heldur úti umfangsmiklu og öflugum félagsstarfi. Strax í upphafi var tekin ákvörðun um að festa flokkinn ekki í formi sem gerði utanumhald flókið. Skipulagið var því hannað með það að leiðarljósi að gera flokksfélögunum kleift að nýta krafta sína í félagsstarf fremur en skriffinnsku. Undir kjördæmafélögum starfa sjálfstæðar deildir sem halda utan um starfið í nærumhverfinu. Auk þess að halda mikinn fjölda pólitískra fundastendur flokkurinn fyrir fjölmennum skemmtunum, golfmótum, fræðslufundum og fleiru. Miðflokkurinn er ekki bara stjórnálamaflokkur heldur hópur vina þar sem vináttan byggist sameiginlega sýn og gagnkvæmu trausti. Hópur sem tekst á við stór og smá verkefni í sameiningu með bættnar hag þjóðarinnar að leiðarljósi.



Ferð Karls Gauta Hjaltasonar á þingvelli með flokksmönnum.



Flokksráðsfundur í Reykjanesbæ.



Efstu sæti framboðslista til Alþingiskosninga 2021.



Félagi tekur mynd á flokksstjórnarfundum.

Samfylkingin



Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar.

2020 var viðburðaríkt ár fyrir Samfylkinguna - jafnaðarmannaflokk Íslands. Flokkurinn fagnaði tuttugu ára afmæli sínu en heimsfaraldur setti svip sinn á fagnaðarlætin. Þá hélt Samfylkingin glæsilegan, yfir þúsund manna Landsfund - í tíu manna samkomubanni. Fundurinn fór alfarið fram rafrænt sem sjónvarpsútsending, og vakti nokkra athygli.

Saga flokksins

Samfylkingin var formlega stofnuð í maímánuði árið 2000 en hreyfingin á sér þó lengri sögu og bauð Samfylkingin fram í fyrsta skipti í alþingiskosningunum 1999 sem kosningabandalag. Margrét Frímansdóttir, þáverandi formaður Alþýðubandalags, gegndi þá hlutverki talsmanns. Á stofnfundi Samfylkingarinnar 5.-6. maí 2000 var Össur Skarphéðinsson kjörinn fyrsti formaður flokksins. Við stofnun Samfylkingarinnar sameinuðu fjórir stjórnmalaflokkar krafta sína, Alþýðuflokkurinn, Alþýðubandalagið, Samtök um Kvinnalista og Þjóðvaki. Fékk Samfylkingin þannig í vöggugjöf mikinn mannauð og merkar hugsjónir, sem hreyfingin býr enn að og hampar stolt.

Forysta og stefna

Logi Einarsson tók við formennsku Samfylkingarinnar árið 2016, og naut yfirgnæfandi stuðnings flokksmanna til endurkjörs á Landsfundi 2018 og 2020. Logi hefur verið Alþingismaður Norðausturkjördæmis frá árinu 2016 en þar áður lét hann til sín taka sem bæjarfulltrúi á Akureyri. Landsfundurinn 2020 var sögulegur af þeim sökum að hann var haldinn nánast alfarið rafrænt vegna sóttvarnartakmarkana, og hlýtur að teljast einhver sá fjölmennasti fjarfundur sem haldinn hefur verið hér á landi en þátttakendur voru á annað þúsund. Heiða Björg Hilmsdóttir, borgarfulltrúi, er varaformaður flokksins og hefur hún gegnt því embætti frá 2017. Flokkurinn rekur skrifstofu og félagastarf í Sóltúni 26, en árið 2020 störfuðu þrjár starfsmenn hjá Samfylkingunni; framkvæmdarstjóri, skrifstofustjóri og viðburðastjóri. Meginstefna Samfylkingarinnar og markmiðið með öllu hennar starfi er jafnrétti, jöfnuður, frelsi og friður, sjálfbærni og réttlæti. Flokkurinn sér hlutverk stjórnvalda að tryggja jöfn tækifæri svo fólk geti þroskað hæfileika sína á eigin forsendum. Samfylkingin vill tryggja að íslenskt samfélag sé nútímalegt og framsækið og geti tryggt sambærileg lífsgæði og nágrannaþjófdir okkar á Norðurlöndunum njóta. Nýting auðlinda á að vera sjálfbær og umhverfisvæn. Íslensk utanríkisstefna á að tryggja nán samskipti við umheiminn og stuðla að auknum friði, jöfnuði, sjálfbærni í notkun auðlinda og virðingu fyrir umhverfinu á heimsvísu. Samfylkingin er jafnaðarmannaflokkur, flokkur sósíaldemókrata á Íslandi og á í samstarfi við systurflokka sína á Norðurlöndunum og Evrópu í gegnum samtökin SAMAK og PES og S&D í Evrópuþinginu. Oddný G. Harðardóttir er þingflokksformaður Samfylkingarinnar í flokkahópi jafnaðarmanna í Norðurlandaráði og gegndi embætti varaforseta Norðurlandaráðs árið 2020.



Frá stofnfundi Samfylkingarinnar. Nýi formaðurinn var knúsaður innilega eftir að niðurstöður lágu fyrir.

Frétt frá stofnfundi Samfylkingarinnar 2000.



Hressir félagar á flokksstjórnarfundum á Bifröst.



Þingmenn Samfylkingarinnar kynna sér aðstæður á byggingarreit nýs Landspítala við Hringbraut.

Skipulag og sérstaða

Æðsta stjórn Samfylkingarinnar er landsfundur flokksins sem haldinn er á tveggja ára fresti og hefur hann vald yfir stefnumálum, lögum og starfi flokksins. Á milli landsfunda fer flokksstjórn sem kosin er á landsfundum með æðsta vald flokksins. Innan stjórnarinnar er formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, þingflokksformaður, formaður sveitarstjórnarráðs og formaður framkvæmdastjórnar.

Hið sláandi hjarta flokksins er þó fyrst og fremst hið mikla og virka starf sem fer fram í 57 aðildarfélögum flokksins um allt Ísland og 8 starfandi aðildarfélögum innan ungliðahreyfingar flokksins, Ungra jafnaðarmanna. Aðildarfélögin skipa fulltrúa á landsfund sem hafa atkvæðisrétt þegar kemur að samþykkt ályktana, stefnubreytinga og lagabreytinga sem og kosningum í stjórnir flokksins. Formaður er hins vegar kosinn af öllum félögum flokksins.

Áhrif um allt land

Á grunni grasrótarstarfsins innan flokksins beitir Samfylkingin sér í því að koma stefnumálum sínum til framkvæmda gegnum lýðræðislegar kosningar til hinna ýmsu kjörnu embætta víða um land. Flokkurinn fékk í Alþingiskosningunum 2017 sjö þingmenn kjörna, sem voru: Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðjón S. Brjánsson, Guðmundur Andri Thorsson, Helga Vala Helgadóttir, Logi Einarsson og Oddný G. Harðardóttir. Í lok árs 2020 stækkaði þingmannahópurinn þegar Rósa Björk Brynjólfssdóttir, fyrrverandi þingmaður VG gekk í þingflokkinn. Þrír aðstoðarmenn þingflokks voru við störf árið 2020, auk aðstoðarmanns formanns Samfylkingarinnar sem gegnir starfi hans helsta ráðgjafa.

Í sveitarstjórnarkosningunum 2018 bauð Samfylkingarfólk víða fram, ýmist undir merkjum flokksins eða í samstarfi við aðra framboðslista sem kenna sig við félagshyggju. Þegar þetta er ritað er enginn stjórn málaflókkur á Íslandi í meirihlutastjórn fyrir hönd fleiri Íslendinga en Samfylkingin. Þar ber fyrst að nefna farsæla meirihlutastjórn undir forystu Dags B. Eggertssonar í Reykjavík, en Samfylkingin tekur einnig þátt í meirihlutum í Reykjanesbæ, Árborg, Akranesi og Akureyri svo eitthvað sé nefnt.

Kosningar 2021

Kosningarnar 2021 eru óvenjulegar að því leyti að þær eru boðaðar að hausti en ekki vori eins og hefð er fyrir á Íslandi. Í kosningabaráttunni mun flokkurinn leggja áherslu á að byggja upp eftir heimsfaraldurinn í stað þess að skera niður; tryggja öllum vinnu, auka velferð og ráðast gegn loftslagsbreytingum. Samfylkingin mun halda ótrauð áfram að berjast fyrir frelsi, jöfnuði og réttlæti á þingi, í sveitarstjórnunum og í þjóðfélaginu öllu, með hugsjónir jafnaðarstefnunnar ætíð að leiðarljósi, Samfylkingin stefnir að því að taka þátt í ríkisstjórnarsamstarfi að Alþingiskosningum 2021 loknum, að því gefnu samstarf náist um áherslumál Samfylkingarinnar - jafnaðarmannaflokks Íslands.



Logi Einarsson, Dagur B. Eggertsson og Rannveig Guðmundsdóttir á flokksstjórnarfundum Samfylkingarinnar í Austurbæ.



Heiða Björg Hilmisdóttir og Kristín Soffía Jónsdóttir f.v. borgarfulltrúar fagna úrslitum ásamt félögum í Reykjavík 2018.

Hlökkum til morgundagsins



Forysta Sjálfstæðisflokksins.

Sjálfstæðisflokkurinn



Bjarni Benediktsson flytur ávarp.

Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður 25. maí 1929 með samruna Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins. Flokkurinn fagnaði því 90 ára afmæli sínu á árinu 2019 með hátíðarhöldum um land allt. Allt frá stofnun hefur það verið eitt meginmarkmið hans „að vinna í innanlandsmálum að viðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum.“ Sjálfstæðisflokkurinn er viðsýnn og öfgalaus hægriflokkur. Hann hefur ætíð verið flokkur alþjóðlegrar samvinnu, réttarríkis, athafna- og viðskiptafrelsis. Hann hefur lagt áherslu á tengsl öflugs atvinnulífs og velferðar, án vinnu sé engin velferð. Þessi grunnstef hafa átt samleið með þjóðinni alla tíð, enda hefur Sjálfstæðisflokkurinn frá stofnun verið sú stjórnmalahreyfing á Íslandi sem jafnan hefur notið mests fylgis og komið hvað oftast og lengst að stjórn landsins. Af þeim 41 ríkisstjórnnum sem myndaðar hafa verið frá stofnun Sjálfstæðisflokksins hefur flokkurinn átt aðild að 26 ríkisstjórnnum og veitt 16 þeirra forystu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur barist gegn höftum, með auknu viðskipta- og athafnafrelsi, hóflegri skattheimtu, einstaklingsfrelsi og einkaframtaki. Fyrsti formaður Sjálfstæðisflokksins var Jón Þorláksson, verkfræðingur og síðar borgarstjóri í Reykjavík. Ólafur Thors tók við embætti formanns árið 1934 og gegndi því til ársins 1961 þegar dr. Bjarni Benediktsson tók við formennsku. Árið 1970 varð Jóhann Hafstein formaður og starfaði til 1973 þegar Geir Hallgrímsson var kjörinn formaður. Hann gegndi formennsku til 1983 þegar Þorsteinn Pálsson tók við. Davíð Oddsson var kjörinn formaður 1991 og Geir H. Haarde tók við 2005. Núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins er Bjarni Benediktsson, en hann tók við formennsku árið 2009. Varaformaður Sjálfstæðisflokksins er Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir og ritari er Jón Gunnarsson. Framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins er Þórður Þórarinnsson. Skrifstofa Sjálfstæðisflokksins er í Valhöll, Háaleitisbraut 1. Þar starfa að jafnaði sex starfsmenn auk þess sem fjórir starfsmenn starfa hjá þingflokknnum með aðsetur á Alþingi. Skrifstofan annast ýmsa þjónustu við stofnanir flokksins, miðstjórn, þingflokk, borgarstjórnarflokk, félag, ráð, landssambönd og málefnanefndir, auk þess að sinna alþjóðlegu samstarfi.

Í ríkisstjórn síðan 2013

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í ríkisstjórn frá árinu 2013. Á árunum 2013 til 2017 í samstarfi við Framsóknarflokkinn, á árinu 2017 í samstarfi við Viðreisn og Bjarta framtíð og frá 2017 í samstarfi við Vinstri hreyfinguna - grænt framboð og Framsóknarflokkinn. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins er fjármála- og efnahagsráðherra, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, er ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Kristján Þór Júlíusson er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson er utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir er dómsmálaráðherra.



Hringferð í Bolungarvík.



Á ferð í Ólafsvík.

Kjölfestan á þingi og í sveitarstjórnum

Sjálfstæðisflokkurinn hefur um árabíl verið kjölfestan í íslenskum stjórnámálum, bæði á Alþingi og í sveitarstjórnunum. Sextán þingmenn sitja nú í þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Árið 2019 fór þingflokkurinn í hringferð um landið sem heppnaðist afar vel þar sem fram fór samtal við landsmenn. Sveitarstjórnarmenn Sjálfstæðisflokksins eru 116 á landinu öllu. Konur eru 56 eða 48,3% og karlar 60 eða 51,7%. Fulltrúunum fækkaði á árinu um tvo vegna sameiningar fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi í eitt sveitarfélag, Múlaþing. Kosið var til nýrrar sveitarstjórnar Múlaþings í september og hlaut flokkurinn fjóra fulltrúa kjörna af níu. Í framhaldinu var myndaður meirihluti í sveitarstjórn með Framsóknarflokki. Flokkurinn er nú í meirihluta í 23 sveitarfélögum, þar af í hreinum meirihluta í 9 sveitarfélögum. Líkt og hjá þingflokki færist hefðbundið starf sveitarstjórna á árinu að stærstum hluta yfir á netfundi vegna kórónuveirunnar, en hafði ekki önnur áhrif á starfið.

Öflugt félagsstarf aðlagar sig að nýrri tækni

Flokkurinn starfar í um 140 félögum og ráðum vítt og breytt um landið. Fæst félög og ráð náðu að ljúka við aðalfundi sína á árinu 2020 vegna samkomutakmarkana og aðrir reglulegir fundir sem félögin standa fyrir lögðust einnig af að mestu leyti frá mars og fram á haustið þegar sum félög hófu að funda á netinu. Hefur það fæst heldur í aukana og voru fjölmörg félög farin að nýta sér fjarfundaforrit til að halda uppi störfum með afar jákvæðum árangri. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins er að jafnaði haldinn annað hvert ár. Landsfundur hefur æðsta vald í málefnum flokksins og markar heildarstefnu hans í landsmálum. Auk þess setur landsfundur reglur um skipulag flokksins. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins er ein stærsta lýðræðissamkoma Íslands, en þar eiga vel á annað þúsund fulltrúar seturétt hverju sinni. Á fundinum er æðsta forysta flokksins kosin, auk þess sem fundurinn kýs stjórnir málefnanefnda sem halda utan um málefnaþing flokksins á milli landsfunda. Á árinu 2020 störfuðu málefnanefndir að því að móta drög að stefnu fyrir næsta landsfund auk þess sem endurskoðunarnefnd skipulagsreglna Sjálfstæðisflokksins starfaði og lauk störfum fyrir mitt ár. Nefndin var skipuð fulltrúum um land allt. Hún lagðist í heildarendurskoðun á skipulagsreglum flokksins og lagði tillögur sínar fyrir miðstjórn, en þær verða teknar fyrir á næsta landsfundi. Í lok mars 2020 hóf flokkurinn rekstur á hlaðvarpi undir merkjum „Hægri hliðarinnar“ og hafa þættir verið sendir út að lágmarki vikulega allt frá því útsendingar hófust. Nokkrar þáttaraðir hafa verið framleiddar: Pólitíkin sem fjallar almennt um stjórnámál í landinu, Gjallarhornið í umsjón Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, Loftslagsráð sem fjallar um umhverfis- og loftslagsmál í viðum skilningi út frá sjónarhóli hægrianna, Verkalýðsarmurinn sem er í umsjón Verkalýðsráðs Sjálfstæðisflokksins, Borgin í umsjón oddvita borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins þar sem fjallað er um borgarmálin auk þess sem einstaka þingmenn hafa verið duglegir að nýta sér tæknina og senda út eigin þætti. Á tímum samkomutakmarkana hefur þessi leið reynst vel við að koma sjónarmiðum flokksins og flokksmanna á framfæri.



Landsfundur Sjálfstæðisflokksins.



Gengið í Hafnarfirði á afmælisári Sjálfstæðisflokksins.



Borðað í náttúrunni. Matvælasjóður styrkir verkefni um land allt.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra 2017-2021.

Í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu mætast ólíkir málaflokkar, hagsmunir neytenda og atvinnulífsins. Í ráðuneytinu er unnið að því að móta skilvirkt, samkeppnishæft og ábyrgt starfsumhverfi atvinnuvega þar sem verðmætasköpun og sjálfbærni er í fyrirrúmi. Starfsfólk er í góðu samtali við almenning og hagaðila, og veitir skilvirka þjónustu og upplýsingagjöf. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fylgist vel með breytingum í atvinnulífi og samfélagi. Ráðuneytið sækir markvisst fram með nýsköpun, framþróun og hagsýni að leiðarljósi. Með það að markmiði hafa sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra kynnt stefnumótun á sviði matvæla, orkumála, landbúnaðar, nýsköpunar og einföldun regluverks neytendum og atvinnulífinu til hagsbóta. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið tók formlega til starfa 4. september 2012 við sameiningu þriggja ráðuneyta. Ráðuneytin þrjú voru efnahags- og viðskiptaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti.

Tveir ráðherrar fara með málaflokka ráðuneytisins; sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Árið 2020 voru þau Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Ráðuneytisstjóri, Kristján Skarphéðinsson, stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherranna. Alls eru starfræktar fimm fagskrifstofur: Skrifstofa matvælaöryggis og fiskeldis, skrifstofa landbúnaðarmála, skrifstofa sjávarútvegs mála, skrifstofa ferðamála og nýsköpunar og skrifstofa orku, iðnaðar og viðskipta. Auk þess eru skrifstofur fjárlaga, rekstrar og innri þjónustu og skrifstofa ráðuneytisstjóra. Alls starfa um 65 starfsmenn í ráðuneytinu.

Skrifstofa ráðuneytisstjóra

Skrifstofunni er stýrt af ráðuneytisstjóra. Hlutverk hennar er m.a. að samræma stjórnáætlun ráðuneytisins og fara með forsvar gagnvart alþjóðasamstarfi og réttindamálum á málefnaviðum þess. Miðlun upplýsinga heyrir undir skrifstofuna sem og dagleg umsýsla verkefna er tengjast ráðherrum.

Skrifstofa landbúnaðarmála

Hlutverk skrifstofunnar er að skapa skilvirka umgjörð um landbúnaðarframleiðslu og viðskipti með landbúnaðarafurðir. Á skrifstofunni er unnið að greiningum og stefnumótun með það að markmiði að bæta samkeppnishæfni. Nýsköpun, þróun og sjálfbærni er í forgrunni. Verkefni skrifstofunnar varða meðal annars framleiðslu landbúnaðarafurða, framkvæmd búvörusamninga, málefni jarða og landbúnaðarlands, tollamál, verðlagningu og sölu á búvörum og viðskipti með landbúnaðarafurðir. Auk þess fer skrifstofan með málefni lax- og silungsveiði.

Skrifstofa matvælaöryggis og fiskeldis

Hlutverk skrifstofunnar er að skapa skilvirka umgjörð um með málefni matvælaöryggis,



Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 2017-2021.



Höfundur: Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir.

Framhald á næstu opnu →

fiskeldis og dýravelferðar. Á skrifstofunni er unnið að greiningum og stefnumótun með það að markmiði að bæta samkeppnishæfni. Nýsköpun, þróun og sjálfbærni er í forgrunni. Verkefni skrifstofunnar varða auk þessa dýra og plöntusjúkdóma, eftirlit með inn og útflutningi afurða o.fl.

Skrifstofa sjávarútvegsmála

Hlutverk skrifstofunnar er að skapa sjávarútvegi skilvirkt og ábyrgt starfsumhverfi. Á skrifstofunni er unnið að greiningum og stefnumótun með það að markmiði að bæta samkeppnishæfni. Nýsköpun, þróun og sjálfbærni er í forgrunni. Verkefni skrifstofunnar varða auk þess fiskvinnslu, markaðssetningu sjávarafurða, veiðigjöld, rannsóknir og eftirlit með nýtingu og verndun lifandi auðlinda hafsins auk þess að hún annast gerð og framkvæmd fiskveiðisamninga við önnur ríki.

Skrifstofa orku, iðnaðar og viðskipta

Hlutverk skrifstofunnar er að skapa orku-, viðskipta-, iðnaðar-, og nýfjárfestingamálum hagkvæma og skilvirka umgjörð, skýrar leikreglur og vinna að stefnumótun á þessum sviðum. Skrifstofan fer með málefni er varða orkumál, iðnaðarmál, félagarétt, neytendamál, almenn viðskiptamál, samkeppnismál, ársreikninga, endurskoðendur og bókhald, hitaveitur, hugverkaréttindi á sviði iðnaðar (einkaleyfi o.fl.), faggildingu, staðlamál, nýfjárfestingar, traustþjónustu, fasteignasala, löggiltar starfsgreinar og endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar og tónlistar.

Skrifstofa ferðamála og nýsköpunar

Hlutverk skrifstofunnar er að skapa ferðaþjónustu og málefnum nýsköpunar hagkvæma og skilvirka umgjörð og treysta grundvöll þeirra með skýrum leikreglum og stefnumótun. Með hliðsjón af því fer skrifstofan með stefnumótun ferðamála-, nýsköpunar- og klasastefnu. Á skrifstofunni fer fram leiðandi faglegt starf þar sem unnið er að greiningum og aðgerðum með það að markmiði að bæta samkeppnishæfni. Nýsköpun, þróun og sjálfbærni er í forgrunni. Meginhlutverk skrifstofunnar snúa að skilgreiningu stefnumarkandi verkefna og forgangsroðun þeirra byggða á áherslum í framtíðarsýn atvinnugreinanna.

Skrifstofa fjárlaga, rekstrar og innri þjónustu

Hlutverk skrifstofu fjárlaga, rekstrar og innri þjónustu er að styðja við innra starf ráðuneytisins og þróun þess í nánú samstarfi við yfirstjórn. Skrifstofan annast rekstur ráðuneytisins, innkaup, skiptingu á fjárhagsramma ásamt framkvæmd og eftirfylgni fjárlaga. Skrifstofan annast einnig mannauðsmál, innra eftirlit, stoðþjónustu og áætlanagerð. Skrifstofan samræmir framsetningu stefnumörkunar ráðuneytisins á þeim málefnasviðum og í þeim málaflokkum sem hún ber ábyrgð á. Hún hefur umsjón með fjárveitingum til málaflokka sem ráðuneytið ber ábyrgð á og fer með rekstrarlegt eftirlit með stofnunum ráðuneytisins ásamt stefnumótun



Glitur hafsins. Sara Riel vann samkeppni um listaverk á austurhluta Sjávarútvegshússins

og árangursstjórnun er þeim við kemur. Skrifstofan leiðir mannauðsmál og aðstoðar við ráðningar, annast launamál, fræðslu og starfsþróun. Skrifstofan ber ábyrgð á gæðamálum, jafnlaunakerfi, skjalavistun og málaskrá ráðuneytisins ásamt öryggismálum og móttöku gesta. Kostnaðarmat frumvarpa ásamt eftirliti með samningagerð ráðuneytisins heyrir einnig undir skrifstofuna. Skrifstofa fjárlaga, rekstrar og innri þjónustu vinnur náið með yfirstjórn ráðuneytisins að framgangi verkefna sem varða ráðuneytið í heild eða að hluta og styður við starf verkefnahópa sem settir eru á fót og starfa þvert á ráðuneytið.

Sjávarútvegshúsið við Skúlagötu: Glitur hafsins

Ráðuneytið hefur frá upphafi verið í Sjávarútvegshúsinu við Skúlagötu. Undir lok árs 2020 var hafist handa við nokkrar endurbætur á húsinu til að færa það í nútímalegra form fyrir vinnustað framtíðarinnar en umbæturnar munu taka nokkur ár. Hafrannsóknarstofnun deildi húsnæði með ráðuneytinu til ársins 2020 en flutti þá í nýja og betri aðstöðu á hafnarbakkanum í Hafnarfirði. Á austurgafli hússins má sjá listaverk Söru Riel frá árinu 2018, en hún vann samkeppni um útilistaverk sem ráðuneytið efndi til í samstarfi við Samband íslenskra myndlistamanna. Listaverkið, Glitur hafsins, hefur skírskotun í sögu sjávarútvegs á Íslandi.

Helstu verkefni ársins 2020

Árið 2020 mótuðust verkefni ráðuneytisins óhjákvæmilega af heimsfaraldri kórónuveiru. Í viðspyrnunni kynntu stjórnvöld ýmsar aðgerðir sem nýtast einstaklingum og fyrirtækjum með beinum hætti. Til að mæta þeim áskorunum sem Ísland stóð frammi fyrir voru lögð fram fjölmörg frumvörp, reglugerðabreytingar, aðgerðaráætlanir og verkefni til að styðja við atvinnulífið og almenning.

Málefni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Íslendingar eru matvælaþjóð og sem byggja afkomu öflugs samfélags að stórum hluta á því að nýta auðlindir með sjálfbærum hætti, bæði til sjós og lands. Einföldun regluverks, fyrir neytendur og framleiðendur var í forgrunni á árinu 2020 auk þess hélt endurskoðun búvörusamninga áfram, unnið var að aðgerðaráætlun um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna, Matvælasjóður var stofnaður sem og Sýklalyfja- og súnusjóður. Allt kapp var lagt á að efla Matvælalandið Ísland. Til að mæta áhrifum heimsfaraldurs lagði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fram aðgerðaráætlun fyrir sjávarútveg, fiskeldi, landbúnað og matvælaframleiðslu. Auknir fjármunir voru lagðir til í Matvælasjóð, drög voru lögð að fiskeldissjóði og ákveðið var að marka landbúnaðarstefnu. Ráðherra dró m.a. til baka gjaldskrárhækkningar Matvælastofnunar, flytti greiðslum til sauðfjárþænda og jók fjárveitingar til garðyrkjunnar. Þá var svigrúm til að flytja aflaheimildir milli fiskveiðiráa aukið, komið var til móts við grásleppusjómenn vegna lengdar tímabilsins, stjórnýsla fiskeldis aukin til muna og aukið fjármagn var lagt í hafrannsóknir.



Höfundur: Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

Framhald á næstu opnu →

Málefni ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar

Stórir og mikilvægir áfangar á sviði ferðamála, nýsköpunar, orku, iðnaðar, viðskipta, samkeppnis- og neytendamála raungerðust á árinu 2020. Málaflokkarnir eiga það sameiginlegt að skipta sköpum fyrir samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs og þar með verðmætasköpun í landinu og lífskjör þjóðarinnar. Það sótti vissulega að ferðaþjónustunni og með þeim breytingum sem urðu á ferðahögum fólks árið 2020 var fótunum kippt undan atvinnugreininni. Fyrir vikið var mikil áhersla lögð á að standa vörð um ferðaþjónustuna í aðgerðarpökkum ríkisstjórnarinnar. Má þar t.d. nefna ferðagjöf stjórnvalda sem unnin var í samvinnu við Stafrænt Ísland, ferðaábyrgðasjóð, tekjufallsstyrki. Þar að auki voru auknir fjármunir settir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og áhersla lögð á að styðja við lífvænleg ferðaþjónustufyrirtæki. Önnur verkefni voru t.a.m. Stuðnings-Kría, verkefnið Saman í tónlistarsókn, auknir styrkir til Hönnunarsjóðs, fjárfestingaráttök og samkeppnir í nýsköpun o.s.frv.

Stefnumótun til framtíðar

Í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu var einnig unnið að umtalsverðri stefnumótun til framtíðar. Þar má nefna:

Nýsköpunarstefnu fyrir Ísland

Orkustefnu fyrir Ísland

Kríu- sprota- og nýsköpunarsjóð

Samkeppnismat á regluverki ferðaþjónustu og byggingarstarfsemi

Einföldun regluverks

Matvælastefnu fyrir Ísland

Matvælasjóð

Matvælastefna

Eftirspurn eftir matvælum á heimsvísu mun aukast og taka breytingum, því mannfólkinu fjölgar, neyslumynstur breytist og auðlindir jarðar eru takmarkaðar. Undirstaða heilbrigðis og velferðar er tryggur aðgangur að matvælum. Verkefni þjóða er því að tryggja fæðuöryggi allra íbúa. Með það fyrir augum var Matvælastefnu fyrir Ísland hleypt af stökkunum árið 2020 og stefnan mörkuð til næstu tíu ára. Matvælastefnu Íslands er ætlað að vera leiðbeinandi við ákvarðanatöku til að stuðla að aukinni verðmætasköpun í matvælaframleiðslu hér á landi, tryggja matvælaöryggi og auka velferð fólks í sátt við umhverfi og náttúru.

Matvælastefna fyrir Ísland er byggð á sterkum grunni, skrifuð með aðkomu ólíkra aðila sem hafa mikla og breiða þekkingu á málaflokknum, hagsmunaaðila og samtaka þeirra. Tilgangur stefnunnar er að vera leiðarljós sem dregur fram áherslur stjórnvalda, ásamt því að móta framtíðarsýn, markmið og aðgerðaráætlun til að innleiða í íslenskt atvinnulíf og stjórnkerfi. Nánar á www.matvælastefna.is



Pórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, nýsköpunarráðgjafi og Guðmundur Hafsteinsson, formaður stjórnvalda um nýsköpunarstefnu.

Matvælasjóður

Matvælasjóður var stofnaður árið 2020 og hlutu 62 verkefni styrk að fjárhæð allt að 480 milljónir á fyrsta starfsári sjóðsins. Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Áhersla er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu um land allt. Horft er til að stuðningur við matvælaframleiðslu verði sem næst uppruna hennar. Sjóðnum er einnig heimilt að styðja við vöruþróun og markaðssókn á erlendum mörkuðum. Sjóðurinn fylgir eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í sjóðnum eru fjórar deildir:

Kelda styrkir rannsóknaverkefni sem miða að því að skapa nýja þekkingu.

Afurð styrkir verkefni sem komin eru af hugmyndastigi en eru þó ekki tilbúin til markaðssetningar, en leiða af sér afurð. **Bára** styrkir verkefni á hugmyndastigi. **Fjarsjóður** styrkir sókn á markað. Nánar um matvælasjóð á www.matvaelasjodur.is

Orkustefna: Sjálfbær orkuframtíð

Árið 2020 markaði þau tímamót að fyrsta langtíma orkustefna fyrir Ísland var kynnt: Orkustefna til ársins 2050: Sjálfbær orkuframtíð. Stefnunni fylgir skýr framtíðarsýn og leiðarljós. Stefnan var unnin í þverpólítísku samstarfi og í samráði við hagsmunaaðila. Fulltrúar allra þingflokka auk fjögurra ráðuneyta áttu sæti í starfshópnum sem vann stefnuna. Einhugur var um niðurstöðuna. Gætt var að því að fá fram sjónarmið hagsmunaaðila og almennings. Kallað var eftir hugmyndum frá almenningi, hagsmunaaðilum og félagasamtökum með opnu samráði í samráðsgátt stjórnvalda og umsagnaraðilar fengu tækifæri til að kynna hugmyndir sínar fyrir starfshópnum.

Stefnan og framtíðarsýn hennar kveður m.a. á um að öll orkuframleiðsla sé af endurnýjanlegum uppruna. Orkan sé nýtt með sjálfbærum hætti samfélagi og almenningi til hagsbóta. Allri orkuþörf sé mætt með öruggum hætti til lengri og skemmri tíma, Ísland sé leiðandi í sjálfbærri orkuvinnslu og orkuskiptum og sátt ríki um vernd náttúru og nýtingu orkuauðlinda.

Nánar um orkustefnu á www.orkustefna.is

Nýsköpunarstefna: Nýsköpun er ekki lúxus, heldur nauðsyn

Árið 2020 var unnið samkvæmt Nýsköpunarstefnu fyrir Ísland, sem var kynnt rétt fyrir áramótin. Henni er ætlað að að gera Ísland betur í stakk búið að mæta áskorunum framtíðarinnar með því að byggja upp traustan grundvöll fyrir hugvitsdrifna nýsköpun á öllum sviðum. Hún byggir á þeirri hugmyndafræði að nýsköpun sé ekki aðeins grundvöllur efnahagslegrar velgengni heldur lykillinn að úrlausn stærstu viðfangsefna komandi áratuga. Stefnan er mörkuð til ársins 2030, eða tíu ár fram í tímann. Í henni er sett fram það markmið að árið 2030 sé Ísland fjölbreytt samfélag velferðar, öryggis og jafnra tækifæra. Ísland verði í fremstu röð þegar borin eru saman lífsgæði og hamingja í löndum heims. Samfélag þar sem nýsköpun er inngróin í menningu og efnahagslíf og kjörlendi til að setja á fót og starfrækja alþjóðlega samkeppnishæf



Gréta María Grétarsdóttir, formaður stjórnar Matvælasjóðs og Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi 2020

fyrirtæki. Samfélag þar sem virðing er borin fyrir frumkvöðlum og skapandi einstaklingum í efnahagslífi og menningu og er fyrirmynd annarra ríkja hvað varðar sjálfbæra þróun.

Nánar um nýsköpunarstefnu á vefnum www.nyskopunarstefna.is

Kríá

Markmið Kríu er að efla vöxt og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að stuðla að virku fjármögnunarumhverfi fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Sjóðurinn, sem varð að lögum árið 2020, er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins en heyrir undir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðgjafi. Hlutverk Kríu er að fjárfesta í sérhæfðum fjárfestingarsjóðum svokölluðum vísisjóðum (e. venture capital funds) sem sjálfir fjárfesta í nýskapandi sprotafyrirtækjum. Tilgangur með stofnun Kríu er að efla fjárfestingarumhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi og er liður í stefnumótun stjórnvalda í málefnum nýsköpunar og í samræmi við Nýsköpunarstefnu. Í fjármálaáætlun næstu 5 ára er samtals gert ráð fyrir um 8 milljörðum til fjárfestinga Kríu. Stofnun Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs má rekja til Nýsköpunarstefnu til ársins 2030 sem gefin var út árið 2019. Þar kemur fram að stefnt skuli að því markmiði að hér á landi verði þroskað umhverfi nýsköpunarfjárfestinga og að sprota- og nýsköpunarfyrirtæki hafi aðgang að sérhæfðum fjárfestingarsjóðum fyrir nýsköpun á sproutastigi og fyrstu stigum vaxtar. Nafna sjóðsins, Stuðnings – Kría, var tímabundið úrræði stjórnvalda til að bregðast við heimsfaraldri COVID-19, þar sem stjórnvöld buðu tímabundið mótframlag til fjárfestinga í lífvænlegum sprotafyrirtækjum.

Samkeppnismat ferðaþjónustu og byggingariðnaðar

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fer með framkvæmd samkeppnismála í Stjórnarráði Íslands og hafði frumkvæði og umsjóð með því að OECD, Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, framkvæmdi samkeppnismat á ferðaþjónustu- og byggingariðnaði á Íslandi.

Í heild voru 632 gildandi lög og reglugerðir yfirfarin sem leiddu í ljós 676 mögulegar samkeppnishindranir í regluverkinu og af þeim gerir OECD 438 tillögur til breytinga á regluverkinu sem eru til þess fallnar að einfalda og gera það sveigjanlegra fyrir fyrirtæki starfandi í þessum tveimur greinum og stuðla að aukinni framleiðni, öflugri viðspyrnu í kjölfar kórónuveirufaraldursins og fjölda nýrra starfa. Ef öllum tillögnum sem fram koma í skýrslunni verður hrint í framkvæmt er það mat OECD að það geti skilað auknum efnahagslegum umsvifum sem nemi um 1% af vergri landsframleiðslu Íslands eða yfir 30 milljörðum króna árlega. Ráðuneytið vinnur nú að því í samvinnu við önnur ráðuneyti, stofnanir og hagsmunaaðila að leita leiða til þess að bæta regluverkið, skýra það og draga úr óþarfa reglubyrðni til að stuðla að aukinni samkeppni neytendum og atvinnulífinu til góða.



Ásmundur Daði Einarsson, félags- og barnamálaráðherra kynning hlutdeildarlán.

Félagsmálaráðuneytið

Málefni barna í forgangi

Félagsmálaráðuneytið var að nýju sett á laggirnar í byrjun árs 2019 eftir uppskiptingu velferðarráðuneytisins sem var starfandi árin 2011-2019. Rökin voru þau að umfang velferðarráðuneytisins þótti of mikið og til að ná skilvirkari stjórnun málaflokkanna, þ.e. heilbrigðis- og félagsmála, væri æskilegt að snúa aftur til fyrra fyrirkomulags. Nýtt félagsmálaráðuneyti hefur verið ótrúlega afkastamikið á stuttum starfstíma og leitt fram skipulagsbreytingar á sviði félags- og barnamála, húsnæðismála og vinnumála.

COVID-19

Árið 2020 verður vafalaust lengi í minnum haft í félagsmálaráðuneytinu. Snemma árs gerði COVID-19 faraldurinn vart við sig og strax í marsmánuði fór afleiðinga hans að gæta um nær alla heimsbyggð. Þó ljóst megi vera að glíma okkar við faraldurinn mun standa eitthvað áfram megur við ekki gleyma þeim verkefnum öðrum sem vinna þarf brautargengi.

Þar ber fyrst að nefna málefni barna. Þau eru auðvitað víðfeðmur málaflokkur sem teygir arma sína inn í fjölmarga undirflokk og inn í fjölmörg ráðuneyti. Samstarf ráðherra og ráðuneytisins við þá aðila sem sinna þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra hefur verið mikilvægt og tekist einkar vel. Í lok nóvember kynnti félags- og barnamálaráðherra frumvarp um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Frumvarpið er afurð viðtæks og góðs samstarfs fjölda aðila með samþættingu þjónustu í þágu barna að markmiði, sem og að auka samvinnu og bæta samfellu þjónustu við börn og að hagsmunir barna skuli ávallt hafðir í fyrirrúmi. Verkefnið er umfangsmikið og felur sennilega í sér mestu breytingu sem gerð hefur verið á umhverfi barna á Íslandi í áratugi.

Félagsmálaráðuneytið greip til margvíslegra aðgerða til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins á samfélagið og lagði ráðherra mikla áherslu á að standa vörð um fjölskyldur í landinu, bæði þegar kemur að atvinnumálum og félagslega. Strax á fyrstu vikum faraldursins samþykkti Alþingi frumvarp ráðherra um hlutabótaleiðina svokölluðu, sem felur í sér rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitenda. Markmiðið með henni var einfalt – að stuðla að því að vinnuveitendur haldi virku ráðningarsambandi við starfsmenn sína eins og frekast er unnt þrátt fyrir samdrátt í starfsemi. Strax í aprílmánuði 2020 höfðu rúmlega 33 þúsund einstaklingar sótt um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Skemmst er frá því að segja að hlutabótaleiðin var gríðarlega mikilvæg og vel heppnuð aðgerð en einungis 20% þeirra sem fengu greiddar hlutabætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli tímabundið á árinu 2020 voru skráðir án atvinnu í lok ársins. Framhald af þeirri aðgerð var svo ráðning með styrk, en þar geta atvinnurekendur ráðið til sín starfsfólk með riflegum styrk frá ríkinu. Þá var tekjutengt tímabil atvinnuleysisbóta tímabundið lengt úr þremur mánuðum í sex mánuði fyrir þá einstaklinga sem misstu starf sitt í tengslum við heimsfaraldurinn.



Mikill kraftur hefur verið settur í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni. Ráðherra kynnti sér framkvæmdir á Borgarfirði eystri.



Akureyri er barnvænt sveitarfélag.



Sérstakur íþrótt- og tómstundastyrkur jafnaði tækifæri barna til þátttöku í skipulögðu starfi.

Komið var til móts við greiðslur íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs. Lög þar að lútandi fella í sér umfangsmikinn stuðning við íþróttafélög sem hafa þurft að sæta takmörkunum og jafnvel fella niður starfsemi vegna sóttvarnarráðstafana.

Sumarstörf

Sumarið 2020 var ráðist í umfangsmikið átak til að búa til sumarstörf fyrir námsmenn en ákveðið var að veita 2,2 milljörðum króna í átaksverkefni til að búa til 3.400 tímabundin störf. Í ljós kom að ekki reyndist þörf á svo mörgum störfum fyrir námsmenn en alls nutu tæplega 2.500 námsmenn úrræðisins á árinu 2020.

Málefni ungs fólks

Málefni ungs fólks voru ofarlega á blaði. Meðal verkefna þar má nefna lengingu fæðingarorlofs, en frumvarp ráðherra þess efnis var samþykkt á Alþingi í desember 2020. Með frumvarpinu lengist réttur foreldra til fæðingarorlofs úr 10 mánuðum í 12, ásamt öðrum mikilvægum breytingum. Frumvarp ráðherra um hlutdeildarlán, sem auðvelda tekjulágum einstaklingum að eignast fyrstu íbúð var samþykkt á Alþingi í september. Lægstu tekjufundir hafa verið fastar á leigumarkaði og mikill meirihluti þeirra vill komast í eigið húsnæði. Með hlutdeildarlánunum er ríkið að stíga myndarlegt skref til þess að aðstoða þetta fólk við að komast í eigið húsnæði. Mikill kraftur hefur verið settur í uppbyggingu á íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni. Í dag eru um 500 íbúðir í byggingu um land allt. Markmiðið með þessum verkefnum er að skortur á húsnæði muni ekki lengur standa atvinnusköpun fyrir þrífum, líkt og fjölmörg dæmi hafa verið um í nær öllum sveitarfélögum utan SV-hornsins á síðustu árum.

Aðgerðir vegna Covid-19 fyrir börn

Félagsmálaráðuneytið hefur ráðist í margvíslegar aðgerðir til að styðja með markvissum hætti við börn og ungmenni á tímum Covid-19 faraldursins. Sérstaklega hefur verið horft til barna í viðkvæmri stöðu. Má þar nefna sérstakan íþrótt- og tómstundastyrk fyrir börn á grunnskólaaldri, þar sem markmiðið er að jafna tækifæri þeirra til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Þá var bætt í aðgerðir gegn heimilisofbeldi á Íslandi og ofbeldi gegn börnum, en röskun á rútinu getur reynst börnum sérstaklega erfið og rannsóknir hafa sýnt að ofbeldi eykst þar sem álag er mikið á fjölskyldur.



Varðmenn Steinunnar Þórarinsdóttur á þaki Arnarhvals.
Ljósm. Gólli.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið starfar samkvæmt lögum nr. 115 frá 2011, um Stjórnarráð Íslands, forsetaúrskurði um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti nr. 14 frá 7. apríl 2017 og forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 84 frá 30. nóvember, 2017. Skipulag Stjórnarráðs er í meginatriðum þannig að ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra sem setur honum erindisbréf. Með ráðherra starfa einn til tveir aðstoðarmenn. Skrifstofu stýrir skrifstofustjóri sem skipaður er af ráðherra. Sérstakri starfseiningu eða ráðuneytisstofnun stýrir embættismaður en að auki geta verið starfræktir til lengri og skemmri tíma sérstakir verkefnahópar eða -teymi til að vinna að málefnum og verkefnum sem varða verksvið fleiri en einnar skipulagseiningar ráðuneytisins.

Fjármála- og efnahagsráðherra er Bjarni Benediktsson. Starfsfólk ráðuneytisins er um 100 talsins og sinnir fjölbreyttum verkefnum í takti við meginhlutverk ráðuneytisins. Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með yfirstjórn opinberra fjármála og efnahagsmála, málefni fjármálamarkaðarins, ber ábyrgð á bættum stjórnunarháttum og áætlanagerð, hefur með höndum virka stjórn mannauðsmála ríkisins og er leiðandi í umbótum og nýsköpun í rekstri ríkisins.

Innan vébanda ráðuneytisins eru sjö skrifstofur, ein ráðuneytisstofnun og sérstök eining sem vinnur að stafrænum umbótum. Skrifstofur ráðuneytisins eru eftirtaldar; skrifstofa efnahagsmála, skrifstofa fjármálamarkaðar, skrifstofa opinberra fjármála, skrifstofa skattamála, skrifstofa stjórnunar og umbóta, skrifstofa yfirstjórnar og skrifstofa rekstrar og innri þjónustu. Að auki starfar Kjara- og mannauðssýsla ríkisins sem skrifstofa í ráðuneytinu og telst hún vera ráðuneytisstofnun í skilningi 17. gr. laga um Stjórnarráð Íslands.

Umbrá, þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins, er ráðuneytisstofnun sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Umbrá sinnir upplýsingatækni málum og ýmsum sameiginlegum rekstrarþáttum ráðuneytanna, að hluta eða í heild, með það að markmiði að stuðla að hagkvæmni í rekstri.

Þá starfar í ráðuneytinu sérstök eining, Stafrænt Ísland, sem vinnur að því að aðstoða opinberar stofnanir við að bæta stafræna þjónustu við almenning með því að gera þjónustuna skýrari, einfaldari og hraðvirkari.

Helstu verkefni fagskrifstofa

Skrifstofa rekstrar og innri þjónustu styður við innra starf ráðuneytisins og þróun þess, í nánú samstarfi við yfirstjórn. Hún annast rekstur og fjármál ráðuneytisins, mannauðsmál, innra eftirlit, stoðþjónustu og áætlanagerð og fer með rekstrarlegt eftirlit með stofnunum ráðuneytisins. Skrifstofan hefur umsjón með upplýsingamiðlun, fjölmiðlasamskiptum og útgáfumálum.

Skrifstofa efnahagsmála hefur umsjón með undirbúningi og eftirfylgni með efnahagsstefnu



Bjarni Benediktsson fer yfir fjárlagafrumvarpið 2021. / Ljós. Góli.

Framhald á næstu opnu →

ríkisstjórnarinnar, samhæfingu opinberrar hagstjórnar og kynningu á efnahags- og hagstjórnarmálum. Í því skyni annast skrifstofan mat á þróun og horfum í efnahagsmálum og samskipti við Hagstofu Íslands um gerð þjóðhagsspár. Skrifstofan annast gerð hagfræðilegra athugana, sviðsmynda- og frávikagreiningar, vöktun hagstærða og samskipti við erlend matsfyrirtæki og ýmsar alþjóðlegar stofnanir á sviði efnahagsmála. Að auki fer skrifstofan með málefni Seðlabanka Íslands að því marki sem þau heyra undir ráðuneytið.

Skrifstofa opinberra fjármála undirbýr stefnumörkun í opinberum fjármálum og leiðir gerð fjármálastefnu, fjármálaáætlunar, fjárlaga og fjárlagatala. Einnig undirbýr skrifstofan ráðstafanir í ríkisfjármálum og fylgir eftir áherslum ráðherra og ríkisstjórnar varðandi fjármál ríkissjóðs og yfirfer mat ráðuneyta á fjárhagsáhrifum stjórnarfrumvarpa, reglugerða, samkomulaga og annarra stjórnvaldsráðstafana og leggur mat á samninga og aðrar skuldbindingar sem ná yfir lengri tíma en fjárlagaárið. Skrifstofan hefur forystu um gerð útgjaldagreininga (e. spending reviews) til að meta skilvirkni og árangur og skýra forgangsröðun varðandi ráðstöfun opinberra fjármuna. Skrifstofan greinir horfur og þróun í fjármálum hins opinbera til lengri tíma í samræmi við ákvæði laga.

Skrifstofa skattamála mótar stefnu í skattamálum og eftir atvikum fyrir aðra tekjuöflun ríkisins. Skrifstofan annast mótun og undirbúning skattalöggjafar og gerð lagafrumvarpa og reglugerða á sviði skattamála með hliðsjón af stefnumótun ríkisfjármála og efnahagsmálum almennt. Þar með talin er löggjöf um tolla og vörugjöld. Skrifstofan annast mat á forsendum og áhrifum skattabreytinga sem telst vera hluti af gerð lagafrumvarpa og tekjuáætlunar ríkissjóðs. Skrifstofan undirbýr setningu heildarmarkmiða fyrir tekjuöflun ríkissjóðs og setur fram langtímaáætlanir um þróun tekna. Þá hefur skrifstofan umsjón með gerð tekjuáætlunar fjárlaga ár hvert og sinnir samtímaeftirliti með innheimtu og þróun einstakra skatt- og tekjustofna. Einnig annast skrifstofan undirbúning tvísköttunar- og upplýsingaskiptasamninga við önnur ríki.

Skrifstofa stjórnunar og umbóta sinnir fjárstýringu og rekstrarmálefnum ríkisins, lánamálum, umbótastarfi, eigna- og framkvæmdamálum og stefnumörkun í mannauðs- og kjaramálum. Það felur í sér fjármálastjórnun og fjárstýringu, lánsfjárflyflun og skuldastýringu ríkissjóðs, eftirlit með framkvæmd fjárlaga, mat á afkomu ríkissjóðs og einstakra ríkisaðila, ásamt þróun rekstraráætlauna og reikningskila. Skrifstofan vinnur að umbótum og nýsköpun í rekstri og stofnanakerfi ríkisins, stefnumótun og árangursstjórnun, þróun stafrænna innviða, notkun upplýsingatækni í opinberri þjónustu og stjórnsýslu, innkaupamál, ríkisaðstoðarmál og samskipti við einkamarkaðinn. Skrifstofan fer með eigna- og framkvæmdamál ríkisins, þ.m.t. eignarhald félaga, og undirbúning og framkvæmd eigendastefnu hluta- og sameignarfélaga í ríkiseigu. Skrifstofan fer með eignarráð ríkisins í fast- og jarðeignum og samninga vegna nýtingar auðlinda þeirra. Undir skrifstofuna fellur stefnumörkun varðandi mannauðsmál ríkisins og málefni er varða réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, kjarasamninga, launa- og lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna, og greiningar á mannaflapörf og launum.



Ljós. Hari.



Ljós. Hari.



Arnarhvoll. / Ljósmynd. Hari.

Kjara- og mannauðssýsla ríkisins (KMR) er sérstök ráðuneytisstofnun, sbr. 17. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Hún er hluti af fjármála- og efnahagsráðuneytinu og sinnir verkefnum á sviði mannauðsmála ríkisins, þ. á m. ráðgjöf og stuðningi við ráðuneyti og aðrar ríkisstofnanir varðandi mannauðsstjórnun, ákvæði starfsmannalaga og framkvæmd kjarasamninga. Kjara- og mannauðssýsla ríkisins sinnir einnig starfsþróun og fræðslumálum ríkisstarfsmanna og málefnum forstöðumanna og stjórnenda. Hún er í samstarfi við samtök launafólks og samtök sveitarfélaga um launa- og kjaramál sem og umbætur á vinnumarkaði.

Kjara- og mannauðssýsla hefur leitt samninganefnd ríkisins við gerð kjarasamninga. Ráðuneytisstofnuninni stýrir skrifstofustjóri, sem er embættismaður í skilningi laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Skrifstofa yfirstjórnar fer með samhæfingu í starfsemi ráðuneytisins, undirbýr og fylgir eftir settum áherslum í starfsemi þess. Skrifstofan fer með mál er varða dagskrá ráðherra, undirbúning fundna og mál sem varða þingstörf ráðherra. Hún ber meginábyrgð á samskiptum við Alþingi og stofnanir þess og þróun stjórnsýsluhátta innan ráðuneytisins almennt. Skrifstofan sinnir sérstökum og tímabundnum úrlausnarefnum og áherslumálum sem ráðuneytið fæst við í samstarfi við aðrar skrifstofur ráðuneytisins og önnur ráðuneyti eftir atvikum.

Helstu verkefni ársins 2020

Árið 2020 mörkuðust verkefni ráðuneytisins mjög af heimsfaraldri kórónuveiru en það gegndi leiðandi hlutverki við mótnun aðgerða til að bregðast við efnahagslegum afleiðingum faraldursins fyrir einstaklinga og rekstraraðila og undirbúning viðspyrnu í kjölfar hans.

Í því sambandi má nefna að unnin voru fimm frumvörp til fjárlagala á árinu 2020 sem voru lögð fram á Alþingi og höfðu að meginmarkmiði að bregðast við afleiðingum faraldursins, í stað eins í venjulegu árferði. Einnig átti ráðuneytið ríkan þátt í að undirbúa mál sem Alþingi afgreiddi um ýmsar ráðstafanir til að létta undir með fólki og fyrirtækjum vegna faraldursins.

Unnið að ýmsum áherslumálum

Utan þess sem sneri að heimsfaraldrinum var unnið að reglubundnum verkefnum og ýmsum áherslumálum. Má þar nefna eflingu stafrænna innviða, en Stafrænt Ísland fer fyrir því verkefni, aukna áherslu á opinbera nýsköpun og stóraukið viðhald og endurbætur á opinberum fasteignum í samræmi við fjárfestingaráttak stjórnvalda. Þá leiddi Kjara- og mannauðssýsla, í samstarfi við aðra, vinnu við verkefnið Betri vinnutími, sem miðar að breyttri tilhögum á vinnutíma sem samið var um í kjarasamningum 2020.

Í Arnarhvoli frá 1939

Árið 2020 var starfsemi fjármála- og efnahagsráðuneytisins í Arnarhvoli, sem þjónað hefur ýmissi starfsemi á vegum ríkisins allt frá árinu 1930, þegar starfsemi hófst í húsinu. Er fjármálaráðuneytið það ráðuneyti sem lengst hefur haft aðsetur í Arnarhvoli en þar hefur það verið til húsa óslitið



Útidyrahurðin í Arnarhvoli, skorin út af Ríkarði Jónssyni. / Ljós. Hari.

frá 1939. Arnarhvoll er í húsverndarflokki 20. aldar bygginga með byggingarsögulegt, menningarlegt eða listrænt gildi, en húsið var teiknað af húsameistara ríkisins, Guðjóni Samúelssyni. Það prýðir einnig vegleg útidyrahurð listamannsins Ríkarðs Jónssonar. Í hurðina eru skornar tvær myndir og sýnir önnur Ingólf Arnarson varpa öndvegissúlum sínum fyrir borð. Á hinni má sjá þræla Ingólfs þegar þeir fundu öndvegissúlurnar og er Esjan í baksýn. Haustið 2013 hófst vinna að gagngerum endurbótum utanhúss á Arnarhvoli í kjölfar ítarlegrar ástandsskoðunar húsanna sem leiddi í ljós ríka þörf á lagfæringum. Með endurbótunum var aukin verðskulduð virðing hússins, sem og gamla Hæstaréttarhússins, sem einnig var lagfært. Í kjölfarið var hafist handa við heildstæðar endurbætur innanhúss í Arnarhvoli. Unnið var að endurbótunum í áföngum og var full starfsemi í húsinu á meðan. Þeim lauk að fullu árið 2019 og var árið 2020 var því fyrsta starfsár ráðuneytisins í endurnýjuðu húsnæði sem lagað hafði verið að nútímalegu vinnuumhverfi með áherslu á opin vinnurými.



Arnarhvoll með Þjóðleikhúsið í baksýn. / Ljós. Gollí.



Starfsmenn forsætisráðuneytisins við Óxarárfoss á Þingvöllum.

Forsætisráðuneytið



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra.

Í forsætisráðuneytinu er fengist við verkefni sem varða undirstöður íslenskrar stjórn-skipunar, bættu stjórnsýslu og samræmingu verklags, m.a. hvað varðar gæði lagasetningar. Þá vinnur ráðuneytið að því að treysta stöðu íslensku þjóðarinnar í víðum skilningi og er gjarnan í fyrirsvari fyrir Ísland gagnvart umheiminum. Af öðrum verkefnum má nefna málefni ríkisráðs og þjóðaröryggisráðs og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Skilvirkni og vönduð vinnubrögð eru lykilatriði í forsætisráðuneytinu og skipta miklu til að ráðuneytið geti sinnt forystuhlutverki sínu og skapað breiða samstöðu um forgangsmál í samfélaginu. Hér verður fjallað nánar um tvö slík forgangsmál.

Jafnrétti

Jafnréttismál heyrja undir forsætisráðuneytið. Sérstök ráðherranefnd um jafnréttismál er starfandi en hlutverk hennar er að samhæfa störf ráðherra og ríkisstjórnar á sviði jafnréttismála. Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á jafnréttismál og í stefnuýfirlýsingu hennar kemur fram það markmið að Ísland verði í fremstu röð hvað varðar málefni hinsegin fólks. Ísland mælist nú í efsta sæti á kynjajafnréttislista Alþjóðaeftahagsráðsins, (e; World Economic Forum) tólfta árið í röð og hækkaði á árinu 2020 um fjögur sæti á milli ára á Regnbogakortinu sem mælir stöðu og réttindi hinsegin fólks í Evrópu. Undanfarin ár hafa stór skref verið stigin að því er varðar jafnréttismál. Tvö frumvörp forsætisráðherra til nýrra jafnréttislaga voru samþykkt á Alþingi 17. desember 2020. Annars vegar frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og hins vegar frumvarp til laga um stjórnsýslu jafnréttismála. Frumvörp forsætisráðherra, sem tryggja eiga rétt fólks með kynhlutlausu skráningu og transfólks auk barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni voru samþykkt á Alþingi í lok desember 2020. Frumvörpin, sem voru þrjú talsins, koma til vegna bráðabirgðaákvæðis í lögum um kynrænt sjálfræði sem samþykkt voru á Alþingi sumarið 2019. Í fyrsta lagi var um að ræða frumvarp um breytt aldursviðmið til að breyta opinberri skráningu kyns samhliða nafni. Þar var lagt til að miða við 15 ára aldur í stað 18 ára. Í öðru lagi var frumvarp sem tryggir rétt barna, sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni, gegn ónauðsynlegum skurðaðgerðum og þannig er staðið vörð um líkamlega friðhelgi þeirra. Í þriðja lagi frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum til að tryggja lagaleg réttindi fólks með kynhlutlausu skráningu og trans fólks. Í fyrsta skiptið í íslenskum rétti er kveðið á um bann við fjölþættri mismunun en slíkt ákvæði veitir meðal annarra fötludum konum og konum af erlendum uppruna aukna vernd. Þá er í fyrsta skiptið gert ráð fyrir þremur hópum fólks með mismunandi kynskráningu, þ.e. konum, körlum og fólki með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá.

Jafnlaunavottun

Lög um jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu ná til fyrirtækja og stofnana með 25 starfsmenn eða fleiri að jafnaði á ársgrundvelli. Markmið með jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu er að tryggja sömu laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og vinna þannig gegn kynbundnum launamun. Þann 31. desember 2020 höfðu 275 fyrirtæki og



Jafnréttismál heyrja undir forsætisráðuneytið.



Forsætisráðuneytið er til húsa í Stjórnarráðshúsinu en hluti starfseminnar fer fram í nærliggjandi húsum. / Ljós. Hari.



Fundarherbergi ríkisstjórnar er í Stjórnarráðshúsinu en ríkisstjórnarfundir eru einnig haldnir í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. / Ljós. Hari.

stofnanir öðlast jafnlaunavottun. Hjá þessum aðilum starfa um 60% þess starfsfólks sem ákvæði laga um jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu ná til.

Hlutverk gervigreindar

Gervigreind er hluti af samfélagsbreytingum sem oft eru kenndar við fjórðu iðnbyltinguna. Til þess að skilgreina hugtakið á einfaldan máta má segja að gervigreind sé leið okkar til að fá vélar til að vinna mannanna verk. Sé mannleg greind skilgreind sem hæfileikinn til að öðlast og nota þekkingu og hæfni þá er gervigreind sá hæfileiki að búa til tölvukerfi sem getur öðlast og notað þekkingu og hæfni. Þetta á sérstaklega við um verkefni sem aðeins maðurinn gat gert áður en gervigreind kom til sögunnar.

Stefnumörkun um gervigreind miðar að því að hámarka samfélagslegan og efnahagslegan ábata og lágmarka kostnað og áhættu. Markmið stefnu Íslands um gervigreind sem lögð var fyrir Alþingi þann 6. maí 2021 er að stuðla að því að Ísland hafi sterkan og sameiginlegan siðferðislegan grundvöll fyrir þróun og nýtingu gervigreindar, byggðan á góðri þekkingu á tækninni og þeim öryggisáskorunum sem henni fylgja.

Til þess að svo megi verða þurfa eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

- Íbúar landsins þurfa að vera í stakk búnir til að athafna sig í umhverfi þar sem gervigreind er nýtt
- Grunnstoðir lýðræðis þurfa að vera styrkar
- Mannréttindi þurfa ávallt að vera höfð að leiðarljósi við þróun, innleiðingu og notkun gervigreindar
- Huga þarf vel að tæknilegum áskorunum gervigreindar, ekki síst er varða öryggi

Grunnstoðir stefnu Íslands um gervigreind eru þrjár:

Í **fyrsta lagi** þarf gervigreind að vera í allra þágu: Settar eru fram tillögur að þeim gildum sem Ísland ætti að byggja þróun, innleiðingu og notkun tækni gervigreindar á og lögð til umgjörð um hvernig megi meta siðferðisleg álitamál sem óhjákvæmilega munu koma upp.

Í **öðru lagi** þarf atvinnulíf að vera samkeppnishæft: Fjallað er um mögulegar aðgerðir og áherslur hins opinbera sem stutt geta við stafræn umskipti atvinnulífsins með áherslu á stafræna færni, uppbyggingu þekkingar, tæknifyrfærslu og hvatakerfi.

Í **þriðja lagi** þarf menntun að vera í takt við tímann: Bent er á þau atriði sem mikilvægust eru til að tryggja að menntakerfi styðji við uppbyggilega og siðferðislega þróun við innleiðingu og notkun gervigreindar á komandi árum og áratugum. Áhersla er á læsi og gagnrýna hugsun, uppbyggingu sérhæfingar, fjölgun tæknimenntaðra og möguleika í notkun gervigreindar til kennslu. Tækifærin sem notkun gervigreindar skapar þurfa að standa öllum til boða og segja má að Ísland sé í sérstaklega góðri stöðu til að nýta þau. Gervigreind byggist á hugviti og þekkingu. Fyrirtæki og nýsköpun sem byggjast á slíkrri tækni geta oftar en ekki starfað og veitt þjónustu þvert á landamæri og heimsálfur. Þetta gæti skapað ný og áður óséð tækifæri hér á landi.



Ísland mælist í efsta sæti á kynjajafnréttislista Alþjóðaeftirlitshúsið. / Ljós. Gollí.



Heilbrigðisráðherra heimsækir Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Heilbrigðisráðuneytið



Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra.

Saga heilbrigðisráðuneytisins í núverandi mynd nær aftur til 1. janúar 1970 þegar lög um Stjórnarráð Íslands tóku gildi og ráðuneyti heilbrigðis- og tryggingamála varð til. Þótt ýmsar breytingar hafi orðið á verkefnum ráðuneytisins frá stofnun þess eru þau enn í grundvallaratriðum þau sömu.

Núverandi heilbrigðisráðherra er Willum Þór Þórsson og tók hann við embættinu í nóvember 2021. Ráðuneytisstjóri er Ásta Valdimarsdóttir. Stöðugildi starfsfólks í heilbrigðisráðuneytinu eru tæplega 60. Í lögum um heilbrigðisþjónustu er kveðið á um grunnskipulag heilbrigðisþjónustunnar og að heilbrigðisráðherra fari með yfirstjórn heilbrigðismála og stefnumörkun. Verkefni ráðuneytisins varða einnig sjúkratryggingar, almannatryggingar, lífvísindi, lífsiðfræði, lýðheilsu og forvarnir. Þingsályktun um heilbrigðisstefnu til ársins 2030 var samþykkt á Alþingi í júní 2019. Þar er sett fram sýn og markmið í þessum viðamikla málaflokki. Til að hrinta stefnunni í framkvæmd leggur ráðherra árlega fyrir Alþingi aðgerðaáætlun til næstu fimm ára.

Skipulag heilbrigðisþjónustunnar

Landinu er skipt upp í sjö heilbrigðisumdæmi og í hverju þeirra starfa heilbrigðisstofnanir og í sumum þeirra eru sjúkrahús. Heilbrigðisþjónusta fer einnig fram á starfsstofum heilbrigðisstarfsfólks, hjúkrunarheimilum og fjölmörgum öðrum stöðum. Rekstrarformið er fjölbreytt og áhersla er lögð á samvinnu milli heilbrigðistengdra úrræða og annarra úrræða utan heilbrigðiskerfisins. Mikilvægt er að öll ákvarðanatáka og veitt þjónusta sé með þarfir einstaklingsins sem þarfnast þjónustunnar í forgrunni.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu er þjónustunni í megin atriðum skipt í þrjú stig. Markmiðið er að almenn grunnheilbrigðisþjónusta skuli veitt á fyrsta stigi innan heilsugæslunnar sem sé jafnan fyrsti viðkomustaður þeirra sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda. Annars stigs heilbrigðisþjónusta er nokkru sérhæfðari og er m.a. veitt á sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsfólks. Þriðja stigs heilbrigðisþjónusta er veitt á sjúkrahúsum og krefst sérstakrar kunnáttu, háþróaðrar tækni, dýrra og vandmeðfarinna lyfja og aðgengis að gjörgæslu.

Stofnanir heilbrigðisráðuneytisins

Fimmtán stofnanir heyra undir heilbrigðisráðuneytið. Þar af eru heilbrigðisstofnanir í hverju heilbrigðisumdæmanna sjö. Landspítali er aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús. Landspítali annast kennslu nema í grunn- og framhaldsnámi, veitir háskólamenntuðum starfsmönnum sérmenntun í heilbrigðisgreinum og stundar rannsóknir á heilbrigðissviði. Sjúkrahúsið á Akureyri veitir annars og þriðja stigs heilbrigðisþjónustu, það er kennslusjúkrahús og hefur einnig það hlutverk að vera varasjúkrahús Landspítala.

Sjúkratryggingar Íslands annast meðal annars samninga um kaup á heilbrigðisþjónustu fyrir sjúkratrygðga fyrir hönd heilbrigðisráðuneytisins og framkvæmd sjúkratrygginga. Embætti



Heilbrigðisráðherra heimsækir Heilbrigðisstofnun Austurlands.



Heilbrigðisráðherra gefur blóð. / Ljós. MOTIV, Jón SEM



Heilbrigðisráðherra skoðar skurðstofur á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

landlæknis annast eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsfólki, sinnir forvörnum og heilsueflingu og vinnur að gæðapróun auk margra annarra verkefna. Lyfjastofnun gefur út markaðsleyfi fyrir lyf á Íslandi, hefur eftirlit með lyfjaiðnaðinum á Íslandi og sinnir upplýsingagjöf til heilbrigðisstarfsfólks og neytenda. Aðrar stofnanir ráðuneytisins eru Geislavarnir ríkisins, Heyrnar- og talmeinstöð Íslands og Vísindasiðanefnd.

Áskoranir og áherslur

Verkefni á sviði heilbrigðismála eru margvísleg og viðamikil. Þróun heilbrigðisþjónustunnar, fjármögnun og mönnun hennar til framtíðar eru viðvarandi verkefni. Tæpur þriðjungur af árlegum heildarútgjöldum ríkissjóðs rennur til heilbrigðismála. Því skiptir máli hvernig þeim fjármunum er varið. Í heimsfaraldri COVID-19 kom berlega í ljós hversu öflug heilbrigðisþjónusta er á Íslandi og hversu miklu máli skiptir fyrir almenna velferð að stoðir heilbrigðiskerfisins séu traustar. Þjóðin eldist, landsmönnum fjölgar og þörf fyrir heilbrigðisþjónustu heldur áfram að aukast.

Heilbrigðisráðuneytið hefur sett nýsköpun, vísindi og tækninýjungar í forgrunn. Einnig stendur yfir uppbygging nýs Landspítala við Hringbraut sem er eitt stærsta uppbyggingarverkefni sem ráðist hefur verið í hér á landi. Unnið er að byggingu nýrra hjúkrunarheimila til að mæta vaxandi þörf fyrir hjúkrunarrými en samhliða er unnið að því að fjölga úrræðum sem auka möguleika fólks á að búa sem lengst heima í sjálfstæðri búsetu.

Til framtíðar

Eitt af meginmarkmiðum heilbrigðisráðuneytisins er að gera fólki betur kleift að huga að eigin heilsu með því að nýta alla þá þekkingu og úrræði sem eru fyrir hendi í samfélaginu. Líkt og bent er á í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eru það sameiginlegir hagsmunir þjóðarinnar, efnahags- og félagslegir, að aukin áhersla sé lögð á lýðheilsu, forvarnir og geðheilbrigðismál. Aukin áhersla heilbrigðisráðuneytisins á lýðheilsu mun bæði endurspeglast í aðgerðaáætlun í lýðheilsuáætlun og hinu árlega heilbrigðisþingi í nóvember 2022 sem verður helgað lýðheilsu. Þá er ekki síður mikilvægt að markviss áætlun um aðgerðir í geðheilbrigðismálum hefur verið mótuð og mun koma fyrir þingið sem þingsályktun. Að lokum má nefna aukna áherslu á endurhæfingu og tengd úrræði því fátt er verðmætara en að aðstoða einstaklinga við að ná upp tapaðri færni til að geta haldið sjálfstæði sínu, lífsgæðum og virkni í samfélaginu.



Heilbrigðisráðherra og innviðaráðherra dansa við lagið Höfuð, herðar, hné og tær í Melaskóla við opnun átaksins: Göngum í skólann 2022.



Heilbrigðisráðherra á fundi með Tedros Ghebreyesus, framkvæmdastjóra Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar í Genf.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra er fædd 4. október 1973. Hún tók sæti á Alþingi árið 2016 sem þingmaður Framsóknarflokksins og hefur verið varaformaður flokksins frá árinu 2016. Hún tók við sem mennta- og menningarmálaráðherra 1. desember 2017.

Stofnun mennta- og menningarmálaráðuneytis er oftast miðuð við 1. júní 1947 þegar formlega var staðfest að málefni á sviði forsætisráðherra og menntamálaráðherra skyldu heyra undir sama ráðuneytisstjóra. Sú skipan hélst til 1970 að ráðuneytin voru aðskilin. Heiti ráðuneytisins var breytt 1. október 2009 í mennta- og menningarmálaráðuneyti. Mennta- og menningarmálaráðuneyti starfar samkvæmt lögum nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum. Samkvæmt lögnum kveður ráðherra á um skiptingu ráðuneytisins í skrifstofur og starfsdeildir eftir verkefnum. Aðsetur ráðuneytisins er við Sölvhólgötu 4 í Reykjavík og eru starfsmenn um 70. Mennta- og menningarmálaráðherra er Lilja Alfreðsdóttir og ráðuneytisstjóri er Páll Magnússon.

Ráðuneytið starfar sem ein heild og skiptist í sex skrifstofur; skrifstofu ráðuneytisstjóra, skrifstofu menningarmála og fjölmiðla, skrifstofu fjármála og rekstrar, skrifstofu háskóla og vísinda, skrifstofu framhaldsskóla- og fræðslu og skrifstofu skóla-, íþrótta- og æskulýðsmála. Helstu verkefni ráðuneytisins eru stefnumótun um margvísleg málefni á sviðum þess, gerð lagafrumvarpa og reglugerða, úrskurðir og samstarf við stofnanir auk afgreiðslu fjölbreyttra erinda frá almenningi og stofnunum.

Menningarmál

Helsta hlutverk stjórnvalda á sviði menningarmála er að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði, stuðla að rannsóknum og miðlun á menningararfri þjóðarinnar auk þess að standa vörð um íslenska tungu. Þá er lögð áhersla á að efla menningu barna og ungmenna á landinu öllu og að þau séu virkir þátttakendur í menningarlífinu.

Meginhluti þess menningarstarfs sem unnið er í landinu er í höndum einstaklinga eða samtaka þeirra, án opinberrar íhlutunar um inntak og tilhögun starfseminnar. Hlutverk ríkisins á sviði lista og menningarmála er rekstur stofnana og stuðningur við margvíslega menningarstarfsemi, ýmist með lögbundnum framlögum eða styrkjum á grundvelli fjárveitinga á fjárlögum hverju sinni. Sjóðir til stuðnings lista- og menningarstarfsemi veita einkum verkefnastyrki nema launasjóðir listamanna og höfunda fræðiritra, sem veita starfslaun. Hefð er fyrir miklu sjálfstæði menningarstofnana ríkisins og miklu samráði við fagfélög og aðra hagsmunaaðila um flest er viðkemur þeim lista- og menningarmálum, sem ríkið styður.

Höfundaréttarmál eru á verksviði ráðuneytisins og felast einkum í stöðugri endurskoðun laga vegna örra breytinga við miðlun höfundaréttarvarnis efnis.

Fjölmiðlamál

Afskipti ráðuneytisins af fjölmiðlamálum lúta meðal annars að málefnum Ríkisútvarpsins ohf. og fjölmiðlanefnd. Hlutverk hennar er m.a. að veita lögaðilum og einstaklingum tímabundið leyfi til fjölmiðlarekstrar auk almenns eftirlits með að fjölmiðlar starfi í samræmi við lög. Þá fylgist ráðuneytið með þróun á fjölmiðlamarkaði, m.a. með þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.



Íþróttá- og æskulýðsmál

Ráðuneytið fer með yfirstjórn íþróttá- og æskulýðsmála að því leyti er ríkið lætur þau til sín taka. Í því skyni aflar það upplýsinga um iðkun íþróttá í landinu og aðstöðu til íþróttastarfs. Einnig stuðlar það að rannsóknum á sviði íþróttamála, tekur þátt í aðgerðum til að sporna gegn lyfjamisnotkun í íþróttum og alþjóðlegu samstarfi stjórnvalda á ýmsum sviðum íþróttá- og æskulýðsmála.

Menntamál

Ráðuneytið mótar menntastefnu og fjallar um málefni allra skólastiga. Það gefur út aðalnámskrár fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, listdansskóla og tónlistarskóla. Einnig sér það um greiningu og miðlun upplýsinga, styður við nýjungar og þróunarstarf í skólum og sér um mat og eftirlit með skólastarfi. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er frjálst val foreldra. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla. Allir sem hafa lokið grunnskóla, eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun, eiga rétt á að hefja nám á framhaldsskólastigi. Þar eru skilgreind námslok; framhaldsskólapróf, próf til starfsréttinda, stúdentspróf, viðbótarnám við framhaldsskóla og önnur lokapróf. Tónlistarskólar bjóða nemendum kennslu frá leikskólaaldri fram á fullorðinsár. Námið skiptist í grunnstig, miðstig og framhaldsstig. Framhaldsfræðsla er meðal annars í boði hjá símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni og ýmsum fræðsluaðilum á höfuðborgarsvæðinu.

Hlutverk háskóla er að veita nemendum menntun til þess að sinna vísindalegum verkefnum, nýsköpun og listum á sjálfstæðan hátt og til þess að gegna störfum í þjóðfélaginu sem krefjast æðri menntunar. Ráðuneytið hefur eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna sem háskólar veita og veitir háskólum viðurkenningu eftir fræðasviðum.

Vísindamál og rannsóknir

Stefna stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum er mörkuð af Vísinda- og tækniráði til þriggja ára í senn. Hlutverk ráðsins er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu til að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Í ráðuneytinu er almenn stjórnsýsla á sviði vísinda, rannsókna og nýsköpunar og hefur það umsjón með starfi Vísinda- og tækniráðs og vísindanefndar ráðsins. Rannsóknir eru framkvæmdar á vegum háskóla, rannsóknastofnana, sjálfseignarstofnana og fyrirtækja, auk sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti fer með mál er varða:

Kennslu og skóla á leikskóla-, grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi, auk sérskóla, sem eigi ber undir annað ráðuneyti.

Símenntun, almenna fræðslustarfsemi og námsefnisgerð.

Námslán og námsstyrki.

Rannsókná- og vísindastarfsemi, sem eigi ber undir annað ráðuneyti.

Söfn og menningarminjar.

Listir, stuðning við þær og kynningu innan lands og utan.

Menningarstarfsemi hvers konar, stuðning við hana og kynningu innan lands og utan.

Málefni höfundaréttar.

Málefni íslenskrar tungu og tákn máls.

Málefni fjölmiðla.

Íþróttá- og æskulýðsstarfsemi.



Hlutverk

Traust, leiðandi og framsækid stjórnvald.

Gildi

Framsýni – Árangur – Traust

Framtíðarsýn

Ísland er í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengir byggðir og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.

Meginmarkmið

- Þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins.
- Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um land allt.

Markmið – Mælikvarðar – Aðgerðir

Stefnumið ráðherra, áætlanir ráðuneytisins og dagleg verkefni.

Stefnupírámídi ráðuneytisins

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Ráðuneytið

Verkefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins ná til fjölmargra sviða þjódfélagsins og varða meðal annars samgöngu, fjarskipti, grunnskólar, pósthjónustu, netöryggi og sveitarstjórnar- og byggðamál. Verkefni ráðuneytisins eru skilgreind í forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Ráðherra fer með yfirstjórn og ber ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum ráðuneytisins. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu í umboði ráðherra. Sigurður Ingi Jóhannsson hefur verið samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra frá 2017 og jafnframt verið samstarfsráðherra Norðurlanda. Ragnhildur Hjaltadóttir er ráðuneytisstjóri.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið er í nánú samstarfi við ýmsar alþjóðlegar stofnanir. Þar má nefna Norrænu ráðherranefndina, Evrópuráðið, stofnanir sem tengjast EES-samstarfinu, samgöngustofnanir, OECD og fleiri. Sex stofnanir og tvö opinber hlutafélög heyra undir fagsvið samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipar forstöðumenn stofnananna, sem eru Byggðastofnun, Fjarskiptastofa, Rannsóknarnefnd samgönguslysa, Samgöngustofa, Vegagerðin og Þjóðskrá Íslands. Hlutabréf í opinberu hlutafélagunum Isavia ohf. og Íslandspósti ohf. eru á hinn bóginn í höndum fjármála- og efnahagsráðuneytis og skipar fjármála- og efnahagsráðherra stjórnir þeirra. Starfsemi og áherslur endurspeglast í stefnupírámídi ráðuneytisins. Þar er að finna hlutverk og gildi ráðuneytisins sem og sameiginlega framtíðarsýn og meginmarkmið allra málaflokka. Pírámíðinn sýnir einnig tengsl mála við stefnumið ráðherra, áætlanir ráðuneytisins og dagleg verkefni.

Stórir áfangar á síðustu árum

Á síðustu árum og á kjörtímabilinu 2017-2021 hafa verið stigin stór skref í málaflokkum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Framlög til samgöngumála hafa aldrei verið jafn há og á síðustu árum og íbúar allra landshluta finna fyrir miklum framkvæmdum á vegum, við hafnir og á flugvöllum. Samgöngusáttmáli ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu var tímamótaverkefni en í honum er framtíðarsýn og framtíðaráætlun um blandaða uppbyggingu stofnbrauta, almenningsgangna og umferð gangandi og hjólandi. Á árinu 2020 var lagður grunnur að nýrri og enn öflugri byggðáætlun en hún felur í sér mikla samvinnu milli ríkisins og landshlutanna um framtíðarsýn fyrir landið allt. Fyrsta stefna sinnar tegundar um málefni sveitarfélaga var samþykkt á Alþingi en með samþykkt hennar var stigið stórt skref.

Unnið hefur verið af krafti við að efla fjarskiptainnviði og er Ísland í hópi fremstu ríkja heims í fjarskiptainnviðum. Ljósleiðaravæðing landsins hefur verið á fullri ferð með verkefninu Ísland ljóstengt sem lýkur árið 2021. Samþykkt hefur verið ný stefna í fjarskiptum til fimmtán ára og veigamikil frumvarp lagt fram á Alþingi til nýrra heildarlaga um fjarskipti.

Tímamót urðu með nýrri löggjöf um öryggi net- og upplýsingakerfa en með henni var umgjörð



Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra frá 2017.



Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.



Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri 112 og Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra.



Við undirritun samkomulags um stuðning við atvinnulíf á Seyðisfirði eftir hamfarirnar í desember 2020.



Sigurður Ingi Jóhannsson.

Framhald á næstu opnu →

fyrir netöryggi stórefld. Loks var hafist handa við að móta nýja opinbera netöryggisstefnu á þessu ári. Mikilvæg endurnýjun átti sér stað á löggjöf um skráningu einstaklinga en þrenn heildarlög á því sviði voru færð til nútímans.

Mannauður

Það er stefna ráðuneytisins að hafa ávallt á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki sem sýnir frumkvæði í störfum, veitir góða þjónustu og bregst við síbreytilegum þörfum samfélagsins. Í mannauðsstefnu ráðuneytisins er lögð rík áhersla á starfsánægju og heilbrigði starfsfólks, jafnvægi milli vinnu og einkalífs, jafnrétti, góðan aðbúnað á vinnustað, jákvæð samskipti, faglega og styðjandi stjórnun og tækifæri fyrir starfsfólk til símenntunar og þróunar í starfi. Í byrjun október 2021 voru samtals 48 einstaklingar í starfi hjá ráðuneytinu. Þar af voru 42 í föstu starfi og 6 í tímabundnu starfi, alls 47,05 stöðugildi, auk ráðherra og tveggja aðstoðarmanna. Í fæðingarorlofi voru tveir og í námsleyfi einn. Kynjahlutfall í ráðuneytinu er nokkuð jafnt en hjá ráðuneytinu starfa 21 kona og 21 karl í föstum stöðugildum. Í tímabundnum störfum eru fjórar konur og tveir karlar.

Skrifstofur og málaflokkar

Skrifstofur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins eru fjórar; skrifstofa samgangna, skrifstofa stafrænna samskipta, skrifstofa stefnumótunar og fjárlaga og skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála.

Skrifstofa samgangna

Meginhlutverk skrifstofu samgangna felst í að stuðla að því að skapa trausta og örugga innviði til að mæta þörfum samfélagsins. Skrifstofan hefur umsjón með stefnumótun á sviði samgöngumála, þróun löggjafar og regluverks og margvíslegri framkvæmd laga sem varða málaflokkinn í samræmi við stefnu stjórnvalda og alþjóðlegar skuldbindingar. Undir skrifstofuna falla helstu málaflokkar samgöngumála svo sem flugmál, siglingamál, umferðarmál, vegamál, almenningsamgöngur og flutningamál. Einnig falla rannsóknir samgönguslysa undir skrifstofuna. Skrifstofan ber ábyrgð á stefnumótun stjórnvalda á sviði samgöngumála og heldur utan um gerð samgönguáætlunar. Hún ber einnig ábyrgð á löggjöf um samgöngumál, regluverki og þróun löggjafar í samræmi við stefnu stjórnvalda og á alþjóðlegum skuldbindingum, þ.m.t. framkvæmd EES-samningsins.

Skrifstofa stafrænna samskipta

Meginhlutverk skrifstofu stafrænna samskipta er að stuðla að því að tengja fólk, byggðir og samfélög með öryggum, stafrænum samskiptum. Skrifstofan hefur umsjón með stefnumótun, þróun löggjafar og regluverks og margvíslegri framkvæmd laga sem varða málaflokkinn í samræmi við stefnu stjórnvalda og alþjóðlegar skuldbindingar.



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Sigurður Ingi Jóhannsson undirrita viljayfirlýsingu um Sundabraut.



Sigurður Ingi Jóhannsson og Bergþóra Þorkelsdóttir, vegamálastjóri.



Fyrsta skóflustunga tekin fyrir nýja flugstöð á Akureyri



Samgönguáætlun



Fjarskiptaáætlun



Byggðaáætlun



Stefna um sveitarstjórnarmál

Áætlanir ráðuneytisins.



Sigurður Ingi í heimsókn í húsaeynum Ljóssins, endurhæfingarmiðstöðvar.



Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, við opnun á nýrri tvíbreiðri brú við Steinavötn.



Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa er haldinn árlega í nóvember.

Skrifstofa stafrænna samskipta fer með málefni sem varða rafræn samskipti í víðum skilningi. Tilurð skrifstofunnar má rekja til mikilvægis netsins í nútíma samfélagi, samruna upplýsinga- og fjarskiptatækni og aukins þunga í öryggismálum sem m.a. kemur til af því að samskipti, þjónusta og hvers kyns viðskipti eru nú stunduð í miklum mæli á netinu. Skrifstofan vinnur að því markmiði að tengja fólk, byggðir og samfélög með öruggum, rafrænum samskiptum þar sem persónuverndar er gætt í hvívetna. Skrifstofan hefur umsjón með stefnumótun, mótun löggjafar og innleiðingu gerða á viðkomandi málefnasviðum.

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála

Meginhlutverk skrifstofunnar felst í að stuðla að eflingu sveitarstjórnarstigsins og sjálfbærni byggða um land allt. Skrifstofan hefur umsjón með stefnumótun í sveitarstjórnar- og byggðamálum, þróun löggjafar og regluverks og margvíslegri framkvæmd laga sem varða málaflökkana. Jafnframt annast skrifstofan eftirlit og umsjón með stjórnsýslu og skipulagi sveitarfélaga. Önnur lykilverkefni skrifstofunnar eru póstmál og málefni Þjóðskrár Íslands. Þá hefur skrifstofan umsjón með starfsemi Jöfnunar sjóðs sveitarfélaga. Hlutverk sjóðsins er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Skrifstofa stefnumótunar og fjárlaga

Skrifstofa stefnumótunar og fjárlaga hefur viðtæka aðkomu að verkefnum ráðuneytisins og krefjast nánast öll verkefni samvinnu þvert á skrifstofur. Gegnir því skrifstofan miklu samhæfingarhlutverki. Skrifstofan ber ábyrgð á gerð og eftirfylgni fjármálaáætlunar og fjárlaga og samþættingu og samræmingu stefna og áætlana. Þá ber skrifstofan ábyrgð á að þróa vinnubrögð og stuðla að árangri og gæðum, faglegri meðferð stjórnsýslukæra, miðlun upplýsinga inn á við og út á við og stuðla að hæfni, vellíðan og þróun starfsmanna. Skrifstofan ber einnig ábyrgð á innri rekstri ráðuneytisins..

Nefndir og ráð

Undir málefnasvið ráðuneytisins teljast 19 lögbundnar nefndir og ráð, tvær lögbundnar úrskurðarnefndir og tvær lögbundnar stjórnir. Í þeim eru 166 aðalmenn og 76 varamenn. Þá eru starfandi 16 tímabundnar nefndir og starfshópar um ákveðin verkefni. Í þeim eru 111 aðalmenn og 5 varamenn. Samkvæmt jafnréttislögum hlutfall kvenna og karla vera sem jafnast og ekki minna en 40%. Hlutfall kynja í lögbundnum nefndum og ráðum er 41% konur og 59% karlar. Í tímabundnum nefndum er hlutfall kvenna 52% og karla 48%.



Vegvísir.is - gagnvirkur upplýsingavefur um samgöngur, byggðamál og fjarskipti.



Sigurður Ingi kynnir sér ræktun og nýtingu repjuolíu sem nýst getur sem orkugjafi í samgöngum.

Stefnumótun og samhæfing áætlana

Stefnumótun í ráðuneytinu byggir á langri hefð og rík áhersla er lögð á að samhæfa áætlanir í málaflokkum ráðuneytisins til að ná sem bestum árangri til lengri tíma. Um málaflokka ráðuneytisins eru gildar vandaðar áætlanir sem leggja grunn að innviðum samfélagsins. Þetta eru byggðaáætlun, samgönguáætlun, stefna í fjarskiptum og stefna í sveitarstjórnarmálum. Þær eiga það sameiginlegt að vera unnar eftir samræmdum vinnubrögðum og ráðherraskipuð ráð stýra vinnslu þeirra. Stefnur og áætlanir ráðuneytisins eru unnar eftir skilgreindu stefnumótunarferli Stjórnarráðsins, svokölluðum sporbaug stefnumótunar. Í upphafi er tilefni stefnumótunar metið og verkefnið kortlagt. Að því búnu hefst stöðumat málaflokka í grænbók og mótun stefnu í hvítbók, í vel skilgreindu ferli í víðtæku samráði. Þegar stefna hefur verið samþykkt er henni hrint í framkvæmt og fylgt vel eftir með mælikvörðum og reglulegu mati. Unnið hefur verið markvisst að samhæfingu áætlana, að þær séu unnar á samræmdan hátt og á svipuðum tíma. Öll stefnumótun og áætlanagerð hefur verið færð yfir í sporbaug stefnumótunar. Málaflokkarnir eru samofnir á margan hátt og því hefur starfsemi á einu sviði áhrif á hin. Fátt hefur til að mynda meiri áhrif á þróun byggðar og samgöngur; ljósleiðaravæðingin er stærsta byggðamálið og samgöngubætur hafa áhrif á sameiningu sveitarfélaga. Við samhæfingu af þessu tagi þarf einnig að gæta að samspili við aðrar áætlanir í Stjórnarráðinu, svo sem aðgerðaáætlun um loftslagsmál, heilbrigðisstefnu og landsskipulagsstefnu. Ráðherra skipar samgönguráð, byggðamálaráð, fjarskiptaráð og starfshóp um stefnu í sveitarstjórnarmálum. Ráðin leggja fram tillögu að 15 ára stefnu og fimm ára aðgerðaáætlun fyrir hvern málaflokk með forgangsröðun, að fengnum áherslum ráðherra. Endurskoðun fer fram á allt það þriggja ára fresti. Með hverju ráði starfar verkefnisstjóri og í stefnumótunarhópi ráðuneytisins vinna þeir enn fremur að samhæfingu stefna og áætlana. Unnið er eftir samræmdu skipulagi og með verkfærum Stjórnarráðsins í stefnumótun.

Vegvísir að lykilupplýsingum

Nýr gagnvirkur upplýsingavefur ráðuneytisins - vegvísir.is - var opnaður vorið 2021. Vefnum er ætlað að vera mælaborð um samgöngur, fjarskipti og byggðamál og leiðarvísir almennings að lykilupplýsingum um þessa málaflokka. Verkefnið er mikilvægt nýsköpunar- og umbótaverkefni sem greiðir aðgang almennings að upplýsingum og hvetur til samtals um málefni og áætlanir ráðuneytisins. Þrjár af áætlunum ráðuneytisins; samgönguáætlun, byggðaáætlun og fjarskiptaáætlun eru settar fram á vefnum með mun aðgengilegri hætti en áður. Á Vegvísi er hægt að skoða markmið, einstök verkefni, raunstöðu þeirra og þá mælikvarða sem notaðir eru til að meta árangurinn. Á einfaldan hátt er hægt að sjá að hverju er verið að vinna í ráðuneytinu og fagstofnunum sem undir það heyra.

Kraftur í stafrænni þróun

Ráðuneytið og fagstofnanir hafa unnið að því að efla stafræna þjónustu á sínum vegum. Unnið er að mörgum ólíkum verkefnum sem miða öll að því að því að auka árangur og bæta þjónustu. Allar skrifstofur ráðuneytisins vinna að umbótaverkefnum og setja reglulega ný umbótaverkefni á dagskrá. Þjónusta Loftbrúar, sem veitir íbúum landsbyggðarinnar fjarri höfuðborgarsvæðinu lægri flugfargjöld til borgarinnar, er að fullu stafrænt og gagnsætt á þjónustuvefnum Ísland.is. Þar er hægt að kanna réttindi sín og sækja afsláttarkóða til að nota við bókanir. Stafræn ökuskírteini í snjallsímum voru tekin árið 2020 ákveðið hefur verið að gera umgjörð fyrir almennt ökunám stafræna frá upphafi til enda fyrir árslok 2021. Tekur það til umsókna, ökunámsbóka, upplýsingagáttar fyrir nemendur og ökukennara, ökuskóla, prófa og útgáfu ökuskírteina. Tilkynningagátt um öryggisatvik er mikilvæg stafræn þjónusta sem auðveldar stofnunum og fyrirtækjum að tilkynna um öryggisatvik sem upp kunna að koma í rekstri þeirra. Öryggisatvikin geta verið netatvik tengd netárásam eða netglæpum, en geta einnig varðað vernd persónuupplýsinga.



Starfsfólk umhverfis- og auðlindráðuneytisins.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra.

Umhverfis- og loftslagsmál eru með mikilvægustu málafnum samtímans. Umhverfisráðuneytið var stofnað árið 1990, en fyrir þann tíma höfðu málefni umhverfis og náttúru heyrt undir ólík ráðuneyti. Árið 2012 varð ráðuneytið að umhverfis- og auðlindaráðuneyti með flutningi málefna úr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.

Umhverfismálin hafa öðlast aukið vægi undanfarna áratugi ekki síst á undanförunum árum. Ráðuneytið hefur stækkað umtalsvert frá stofnun og málaflökkum þess fjölgað. Í dag er verkefnum þess skipað á sex skrifstofur: skrifstofu ráðuneytisstjóra, skrifstofu alþjóðamála og samþættingar, skrifstofu loftslagsmála, skrifstofu landgæða, skrifstofu umhverfis og skipulags og skrifstofu fjármála og rekstrar.

Loftslagsmál

Verkefni ráðuneytisins ná til fjölmargra sviða þjóðfélagsins. Þau eru skilgreind í forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Baráttan við loftslagsbreytingar af mannavöldum er meðal þeirra viðfangsefna sem ber hvað hæst í umhverfismálum og fer ráðuneytið með umsjón með stefnumótun, framkvæmd og eftirfylgni loftslagsmála. Í júní 2020 kom út önnur útgáfa aðgerðaáætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum, en þar eru settar fram 48 aðgerðir sem hafa það markmið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu. Aðgerðirnar ná til alls samfélagsins og er þeim skipt í níu flokka: samgöngur á landi, skip og hafnir, orkuframleiðslu og smærri iðnað, F-gös og efnanotkun, landbúnað, úrgangur og sóun, hvata til umskipta, ETS (flug og iðnað) og landnotkun. Starfshópur skipaður af umhverfis- og auðlindaráðherra vinnur að fyrstu stefnu Íslands vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum.

Úrgangur

Úrgangsförvarnir, meðhöndlun úrgangs og myndun hringrásarhagkerfis er annar málaflökkur ráðuneytisins sem hefur öðlast aukið vægi. Í hringrásarhagkerfi halda vörur, hlutir og efni verðmæti sínu og notagildi eins lengi og mögulegt er. Verði vara að úrgangi tekur við skilvirk flokkun, söfnun og endurvinnsla sem heldur hráefnum í hringrás. Skrifstofa umhverfis og skipulags hefur umsjón með þeim málaflökkum, en markmið hringrásarhagkerfis er að draga úr auðlindanotkun, lengja líftíma auðlinda jarðar og koma í veg fyrir að efni og hlutir hverfi úr hagkerfinu sem úrgangur.

Náttúruvernd

Unnið er markvisst að eflingu náttúruverndar, meðal annars með friðlýsingu svæða sem Alþingi hefur ályktað að skuli friðlýsa, bæði á náttúruverndaráætlunum og í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar. Einnig hefur verið unnið að því síðustu ár að efla innviði á friðlýstum svæðum með Landsáætlun um uppbyggingu innviða, landvörslu og vöktun á



Látrabjarg.



Goðafoss.

náttúruverndarsvæðum og að verndun vistkerfa, búsvæða og tegunda, sem tryggja eiga líffræðilega fjölbreytni.

Önnur verkefni

Meðal annarra verkefna ráðuneytisins má nefna loftgæðamál, landskipulag og landnýtingu, skógrækt, landgræðslu, fráveitumál, vernd hafs og vatns, veður og náttúruvá, mengunarvarnir og hollustuhætti, mat á umhverfisáhrifum, upplýsingarétt, veiðistjórnun villtra dýra og landupplýsingar.

Alþjóðlegt samstarf

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið er í nánú samstarfi við ýmsar alþjóðlegar stofnanir og tekur ráðuneytið virkan þátt í norrænu og evrópsku samstarfi, auk samvinnu alþjóðlegra stofnana á borð við Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) og hefur skrifstofa alþjóðamála og samþættingar umsjón með þeirri vinnu. Ráðuneytið fer einnig með umsjón fjölda alþjóðasamninga á sviði umhverfismála á borð við Loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna, Samninginn um líffræðilega fjölbreytni og OSPAR-samninginn um vernd NA-Atlantshafsins.

Stofnanir

Fjórtán stofnanir heyra undir fagsvið umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Það eru: Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR), Landgræðslan, Landmælingar Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn (RAMÝ), Skipulagsstofnun, Skógræktin, Stofnun Vilhjálmssonar, Umhverfisstofnun, Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, Úrvinnslusjóður, Veðurstofa Íslands, Vatnajökulsþjóðgarður og Þingvallabjörggarður.

Langisjór.





Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ávarpar mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna árið 2019.

Utanríkisráðuneytið



Utanríkisráðuneytið við Rauðarárstíg.

Íslendingar fengu forræði utanríkismála árið 1918 og heyrði málaflokkurinn í upphafi undir forsætisráðherra. Frá árinu 1929 var starfrækt sérstök utanríkismáladeild við forsætisráðuneytið en stofnun utanríkisþjónustunnar er miðuð við 10. apríl 1940. Þá ákvað Alþingi að Ísland tæki meðferð utanríkismála að öllu leyti í eigin hendur. Það ár var utanríkismáladeild breytt í ráðuneyti en lög um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis voru sett árið 1941.

Utanríkisráðuneytið starfar eftir lögum nr. 39 frá 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands en samkvæmt þeim greinist utanríkisþjónustan í ráðuneyti, sendiráð Íslands, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur. Ráðuneytið skiptist í átta skrifstofur: skrifstofu ráðuneytisstjóra, alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu, laga- og stjórnsýsluskrifstofu, prótókollskrifstofu, rekstrar- og þjónustuskrifstofu, skrifstofu tvíhliða samstarfs og svæðisbundinna málefna, viðskiptaskrifstofu og öryggis- og varnarmálaskrifstofu. Ísland starfrækir að auki 26 sendiskrifstofur í 21 ríki, þar af sextán sendiráð, fjórar aðalræðisskrifstofur og sex fastanefndir hjá alþjóðastofnunum. Aðsetur ráðuneytisins er við Rauðarárstíg 25 og starfsmenn eru um 300, þar af um helmingur erlendis. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra er Guðlaugur Þór Þórðarson og ráðuneytisstjóri er Martin Eyjólfsson.

Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu Stjórnarráðsins í ráðuneyti nr. 118 frá 2018 er utanríkisráðuneytið eitt af tíu ráðuneytum Stjórnarráðsins. Það sem greinir utanríkisráðuneytið frá öðrum ráðuneytum er að það er með varanlegar starfsstöðvar eða starfsfólk erlendis. Samkvæmt lögum um utanríkisþjónustuna gætir hún hagsmuna Íslands, þar með talið íslenskra ríkisborgara og fyrirtækja, gagnvart öðrum ríkjum. Hún styður við íslensk fyrirtæki sem vilja hasla sér völl erlendis, vinnur að því að tryggja aðgang að alþjóðamörkuðum og efla fríverslun. Þá kynnir hún íslenska menningu og listir um víða veröld. Utanríkisþjónustan sinnir pólitískum og diplómátskum samskiptum Íslands við erlend ríki og gætir hagsmuna þess innan alþjóðastofnana, allt frá mannréttindum til öryggismála, og annast auk þess gerð samninga við önnur ríki og alþjóðastofnanir í umboði forseta Íslands. Alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands er ætlað að skila mælanlegum árangri við að uppræta fátækt, bæta lífsskilyrði og skapa jafnrétti, frelsi og hagsæld í heiminum. Utanríkisráðuneytið gætir hagsmuna og öryggis íslenskra ríkisborgara erlendis og veitir þeim ýmis konar aðstoð, s.s. þegar slys, veikindi eða andlát ber að höndum á erlendri grundu.

Alþjóðamál

Virðing fyrir þjóðarétti og fjölþjóðasamvinna eru smáum herlausum ríkjum eins og Íslandi afar mikilvæg. Hlutverk utanríkisþjónustunnar er að viðhalda traustum alþjóðatengslum, gæta hagsmuna Íslands í hvívetna og tryggja að rödd Íslands heyrist á alþjóðavettvangi. Ýmsar skyldur felast í aðild Íslands að alþjóðasamningum, alþjóðlegu regluverki og dómstólum



Frá heimsókn Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, til Íslands árið 2019.

Framhald á næstu opnu →

en jafnframt réttindi sem geta skipt miklu um þjóðarhag. Utanríkisstefnan byggist á grundvallargildum um frið, lýðræði, mannréttindi, kynjajafnrétti og sjálfbæra þróun. Að undanförunu hefur verið vegið að fjölþjóðakerfinu sem reist er á þessum sömu gildum og skipa Ísland og Norðurlöndin sér í framvarðasveit þeirra ríkja sem standa vilja vörð um þann árangur sem náðst hefur. Stjórnvöld láta mjög til sín taka á sviði mannréttinda og hafa í auknum mæli sett kynjajafnrétti og réttindi hinsegin fólks á oddinn í málafylgju á alþjóðavettvangi. Ísland var í fyrsta sinn kosið til fullrar aðildar að mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í júlí 2018 og sat þar til loka ársins 2020. Seta Íslands í ráðinu er eitt veigamesta hlutverk sem Ísland hefur gegnt á alþjóðavettvangi. Framganga Íslands vakti athygli sem sýndi að fámenn ríki geta haft afgerandi áhrif og jafnframt að íslenska utanríkisþjónustan ráði fyllilega við verkefni af þessum toga. Í samræmi við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og framgang heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna er aukin áhersla lögð á þátttöku á alþjóðavettvangi í auðlinda- og umhverfismálum. Í þeim málaflokkum fer saman mikilvægi þess að verja rétt Íslands til auðlindanýtingar með sjálfbærum hætti og ábyrg stefna í loftslagsmálum og umhverfisvernd. Vaxandi alþjóðleg eftirspurn er eftir því að Íslendingar miðli af þekkingu sinni og reynslu á sviði orkumála, sérstaklega hvað varðar jarðhitanytingu. Í maí 2019 tók Ísland við formennsku í Norðurskautsráðinu undir yfyrskriftinni „Saman til sjálfbærni“ en aðildarríkin fara með þetta hlutverk til skiptis tvö ár í senn. Norðurskautsráðið er mikilvægasti samráðsvettvangurinn um málefni norðurslóða og hefur alþjóðapólitískt vægi formennskunnar aukist til muna á undanförunum árum. Í formenskutið Íslands er lögð áhersla á málefni hafsins, loftslagsmál og endurnýjanlega orku, og fólk og samfélög á norðurslóðum ásamt því að efla enn frekar starfsemi Norðurskautsráðsins.

Utanríkisviðskipti

Öflug viðskipti við útlönd er mikilvæg undirstaða hagvaxtar og velferðar á Íslandi. Á viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins er unnið að því að gæta hagsmuna íslenskra ríkisborgara og atvinnulífs með því að tryggja þeim bestu viðskiptakjör og aðgang að alþjóðamörkuðum auk þess að stuðla að jákvæðu orðspori og alþjóðlegri samkeppnishæfni. Viðskiptaskrifstofa annast samskipti og samstarf Íslands við erlend stjórnvöld, alþjóðleg viðskiptasamtök og stofnanir við gerð og framkvæmd alþjóðlegra og tvíhliða viðskiptasamninga og annan erindrekstur á sviði utanríkisviðskipta. Skrifstofan vinnur einnig náið með innlendum stjórnvöldum, sendiráðum og fastanefndum Íslands, stofnunum og hagsmunasamtökum á sviði utanríkisviðskipta. Viðskiptaskrifstofa annast framkvæmd EES-samningsins, málefni Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), viðskiptasamninga við önnur ríki, ýmsa samningargerð í sambandi við Schengen-samstarf, auk málefna Efnahags og framfarastofnunarinnar (OECD) og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Hálf öld er liðin frá því að Ísland gerðist aðili að EFTA en fríverslunarnet EFTA nær nú til 40 ríkja og landsvæða utan ESB. Aðildin að EFTA hefur alla tíð verið einn mikilvægasti þáttur



Frá kaþbátaeftirlitsæfingu Atlantshafsbandalagsins,
Dynamic Mongoose, árið 2017.

í utanríkisviðskiptastefnu Íslands og átt mikilvægan þátt í hagsæld hér á landi. EFTA-aðild Íslands leiddi til gerðar tvíhliða fríverslunarsamnings við Efnahagsbandalag Evrópu (EEC) árið 1972 og aðildar Íslands að EES-samningnum. Kjarninn í starfsemi EFTA er fríverslun og eitt af meginverkefnum samtakanna undanfarin ár hefur snúist um gerð nýrra fríverslunarsamninga ásamt því að viðhalda og uppfæra þá sem fyrir eru. Auk fríverslunarsamninga á vettvangi EFTA-samstarfsins hefur Ísland gert tvíhliða fríverslunarsamninga við Kína og Færeyjar. Bretland gekk formlega úr Evrópusambandinu 31. janúar 2020 og þar með úr EES-samstarfinu. Við tók svokallað aðlögunartímabil sem endaði í árslok 2020. Í desember 2020 undirrituðu íslensk og bresk stjórnvöld loftferðasamning og bráðabirgðafríverslunarsamning þar til nýr fríverslunarsamningur getur tekið gildi. Sameiginlegar fríverslunarviðræður EFTA-ríkjanna innan EES og Bretlands hófust sumarið 2020 og áætlað er að þeim ljúki árið 2021. Ný lög um Íslandsstofu voru samþykkt árið 2018 sem í kjölfarið var endurskipulögð með það að markmiði að hún gæti sinnt hlutverki sínu enn betur gagnvart fyrirtækjum á sviði útflutnings, fjárfestinga og ferðaþjónustu. Fagleg stjórn tólf viðskiptafulltrúa sem eru við störf á ellefu sendiskrifstofum Íslands erlendis, hefur verið færð undir Íslandsstofu. Haustið 2019 kynnti Íslandsstofa langtímastefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs fyrir íslenskan útflutning þar sem samstaða var um að sjálfbærni væri samnefni yfir áherslur Íslands í markaðsstarfi. Forgangsmál utanríkisþjónustunnar eftir að COVID-19 heimsfaraldurinn breiddist út á fyrri hluta ársins 2020 hefur verið stuðningur við íslenskar útflutningsgreinar. Má þar m.a. nefna upplýsingagjöf og aðstoð við ferðalög starfsfólks í brýnum viðskiptaerindum og sérstaka sólarhrings viðskiptavakt fyrir íslenskan útflutning sem sett var upp að fyrirmynd borgaraþjónustunnar. Utanríkisþjónustan hefur þannig ásamt Íslandsstofu lagt sig fram um að aðstoða íslensk útflutningsfyrirtæki að fóta sig við gjörbreyttar aðstæður og vinnur áfram að því að kortleggja hindranir og greiða úr þeim eftir því sem hægt er.

Öryggis- og varnarmál

Ísland sem herlaust ríki tryggir öryggi sitt og varnir með virku samstarfi við önnur ríki og eru aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningur við Bandaríkin hornsteinar þess. Ísland tekur virkan þátt í borgaralegum hluta norræna varnarsamstarfsins (NORDEFECO) sem hefur vaxið frá upphafi þess árið 2009. Þá skiptir máli í þessu tilliti tvíhliða samstarf við grannríki og þátttaka í starfi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og Sameinuðu þjóðanna. Þjóðaröryggisstefnan er leiðarljós en hún nær til virkrar utanríkisstefnu, varnarstefnu og almannaöryggis.

Ísland leggur áherslu á pólitíska samstöðu um eflingu öryggis, stöðugleika og sameiginlegar varnir á vettvangi Atlantshafsbandalagsins samhliða því að leita leiða til að draga úr spennu og byggja upp traust. Öryggismál og viðbúnaður á Norður-Atlantshafi, vopnatakmarkanir og afvopnunarmál, auk virkrar þátttöku kvenna í öryggismálum eru forgangsmál. Sem bandalagsríki ber Ísland ábyrgð á rekstri íslenska loftvarnakerfisins, eftirlitskerfa með

hafsvæðum, samskiptakerfa, og annarra varnarmannvirkja og -búnaðar á Íslandi.

Í takt við þróun öryggismála í Evrópu hefur reglubundin viðvera Bandaríkjanna og annarra Atlantshafsbandalagsríkja aukist á Íslandi einkum vegna kaþbátaeftirlits og loftrýmisgæslu. Ráðist hefur verið í nauðsynlegar endurbætur og viðhald á varnarmannvirkjum og eru framkvæmdirnar að mestu fjármagnaðar af Bandaríkjunum og Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Fleiri varnaræfingar eru nú haldnar hér við land á vegum Atlantshafsbandalagsins og í samstarfi við Bandaríkin og tekur Ísland virkari þátt en áður í undirbúningi og framkvæmd þeirra.

Þá er sjónum í auknum mæli beint að fjölþáttaógnum á borð við falsfréttir, upplýsingaóreiðu og netógnir, sem geta m.a. grafið undan alþjóðakerfinu og lýðræðislegum ferlum. Örar tækniframfarir hafa að sama skapi haft í för með sér nýjar ógnir og áskoranir og sett öryggi lykilinnviða og fjarskiptakerfa í forgrunn.

Próunarsamvinna

Ný stefna um alþjóðlega próunarsamvinnu var samþykkt af Alþingi í maí 2019. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru leiðarljós stefnunnar sem hefur það að yfirmarkmiði að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli mannréttinda, kynjajafnréttis og sjálfbærrar þróunar.

Malaví og Úganda eru tvíhliða samstarfsþjóðir Íslands í próunarsamvinnu en þar vinna íslensk stjórnvöld að mestu leyti í samstarfi við héraðsyfirvöld og stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Alþjóðabankinn, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women), og Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) eru áherslustofnanir Íslands í fjölþjóðlegri próunarsamvinnu. Ísland á reglulega sæti í stjórnnum þessara stofnana og frá 2019-2021 gegnir Ísland samræmingar- og forystuhlutverki í kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í stjórn Alþjóðabankans.

Vopnuð átök, loftslagsbreytingar og fátækt hafa leitt til þess að þörfin fyrir neyðar- og mannúðaraðstoð fer stöðugt vaxandi. Ísland leggur þar sitt af mörkum einkum í samstarfi við stofnanir Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaráð Rauða krossins. Þá er lögð áhersla á samstarf og stuðning við þátttöku atvinnulífsins og frjálsra félagasamtaka í þróunar- og mannúðarmálum. Undir lok ársins 2019 hófst nýr kafli í sögu skólanna fjögurra sem starfað hafa hér á landi um langt árabil; Jarðhitaskólans, Sjávarútvegsskólans, Landgræðsluskólans og Jafnréttisskólans. Tekið var upp samstarf við Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og í tengslum við það stofnuð sjálfstæð miðstöð með eigin stjórn sem nefnist GRÓ - Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu.

Borgaraþjónusta

Borgaraþjónustan veitir Íslendingum vernd og aðstoð erlendis og er ein af grunnstöðum utanríkisþjónustunnar. Umfang verkefna hefur vaxið mjög samfara efnahagsþróun og hröðum tæknilegum breytingum, en nær 50 þúsund Íslendingar höfðu skráða búsetu erlendis 2020. Þegar heimsfaraldur kórónuveirunnar skall á heimsbyggðina snemma árs 2020 reyndist nauðsynlegt að umbylta störfum utanríkisþjónustunnar tímabundið til að bregðast við þessum fordæmalausu aðstæðum. Sveigjanleiki þjónustunnar, sem lögð hefur verið rík áhersla á að hlúa að og efla, reyndist vel þegar um helmingur allra starfsmanna tók þátt í því að aðstoða hátt í tólf þúsund Íslendinga erlendis. Norrænt samstarf um borgaraþjónustu reyndist einnig ómetanlegt til að kortleggja verustaði og heimferðaleiðir strandaglópa erlendis vegna faraldursins.



Fjallastaður að vetri.




Haust á Finnbogastaðafjalli í Arneshreppi.

112 Neyðarlínan

112, Tetra og Vaktstöð siglinga



Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri.



Elva B. Björnsdóttir, varðstofustjóri.



Þyrla LHG aðstoðar við mastur á Þorbirni.

112, Tetra og Vaktstöð siglinga

Fyrsta símtali í nafni Neyðarlínunnar eða 112, var svarað hér á landi á miðnætti aðfaranótt 1. janúar 1996. Með gildistöku EES samningsins hafði Ísland skuldbundið sig til að taka upp hið samræmda Evrópska neyðarnúmer, einn – einn – tveir, og voru lög þess efnis samþykkt í apríl 1995, og fyrirtækið opnað um áramótin þar á eftir. Við það tækifæri voru 146 númer áframsend á nýja stjórnstöð Neyðarlínunnar. Svarað skyldi fyrir öll neyðarnúmer, allstaðar af á landinu á einum stað, og viðeigandi viðbragð ræst eftir því sem tilefni væri til. 2003 tók félagið yfir rekstur og vöktun sjófarskipta með samningi við Siglingastofnun um rekstur Vaktstöðvar Siglinga (VSS). Mannskapur til vöktunarinnar var síðar leigður af Landhelgisgæslunni, þegar þeir fluttu sína stjórnstöð í sama húsnæði 2005. Rekstur 40 fjarskiptastaða fyrir sjófarendur kallaði á sérhæft starfsfólk, og það á fleiri verkefni, og árið 2006 tók félagið yfir rekstur allra Tetra staða tveggja fjarskiptakerfa (í eigu Stiklu og Irju/Tetralínu. Net sem höfðu skömmu áður sameinast í félaginu Tetra Ísland), og sameinaði í eitt landsdekkandi Tetra kerfi árið 2007. Í dag rekur félagið fjarskiptabúnað á rúmlega 200 stöðum á landinu, og þar af eru tæplega 100 í eigu félagsins.

Eigendur og stjórnendur

Í upphafi var félagið sjálfstætt hlutafélag, í eigu opinberra aðila til hálfis en öryggisfyrirtækja til hálfis á móti. Þetta fyrirkomulag reyndist ekki nógu vel og frá 2008 hafa eigendur einungis verið opinberir aðilar, fyrst um sinn Ríkið, Reykjavíkurborg, Orkuveitan og Landsvirkjun, en síðan 2019 hafa eigendur verið tveir. Ríkið með 81,6% og Reykjavíkurborg með 18,4%.

Vorið 2020 er stjórn Neyðarlínunnar skipuð eftirfarandi aðilum:

Jón Gunnar Vilhelmsson, sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu, formaður stjórnar
Ingilín Kristmannsdóttir, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu
Ebba Schram, borgarlögmaður
Bryndís Þorvaldsdóttir, sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu
Ragna Bjarnadóttir, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu
Sigríður Björk Guðjónsdóttir, Ríkislögreglustjóri, varamaður.
Framkvæmdastjóri er Þórhallur Ólafsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Tómas Gíslason, rekstrarstjóri Magnús Hauksson og skrifstofustjóri Hugufrún Ósk Guðmundsdóttir.
Fyrirtækið er deildarskipt og eru 24 starfsmenn (neyðarverðir) í 112 deildinni, en 12 í tæknideildinni sem sér um rekstur fjarskiptakerfanna, bæði Tetra og VSS auk kerfis löggæslumyndavéla.

Neyðarsvörun

Á hverju ári koma tæplega 200 000 erindi inn á símtöð 112, og verða tæp 130 000 þeirra að erindum hjá neyðarsveitum landsins. Um 65% enda hjá lögreglu, 30% hjá sjúkraflutningaaðilum og þá um 5% hjá öðrum eins og t.d. slökkviliðum, björgunarsveitum,



Fjallastaður að sumri.

barnaverndarnefndum og landhelgisgæslu, svo þeir helstu séu nefndir. Hröð þróun í fjarskiptum almennings undanfarin ár hefur orðið til þess að sífelld þróun þarf að verða í tækniumhverfi 112 og eru ekki líkur til annars en að sú þróun haldi áfram. Þannig er ekki ólíklegt að hlutur símtala í erindum til 112 eigi eftir að minnka talsvert á næstu árum.

Tæknideild

Tæknideildin rekur tvö talsvert ólík kerfi, annars vegar fjarskiptakerfi fyrir sjóinn, talrásir (MF, VHF og UHF), staðsetningarkerfi (AIS), sjálfvirka tilkynningarskyldu (STK) og veðurskeytakerfi (Navtex), og svo talstöðvakerfið Tetra fyrir allan neyðargeirann. Það sem þau eiga helst sameiginlegt er að útstöðvavarnar (sendarnir) þurfa að vera út um allt land, og þar sem þær eru settar niður þarf að vera hús, mastur, rafmagn og gagnasamband. Oft tekst að hýsa bæði kerfin í sama húsi, en þó hentar það ekki alltaf. Víða eru þessir staðir mjög hrjóstrugir og erfitt að komast í rafmagn eða gagnatengi. Þar sem þess er kostur leigir félagið húsnæði af öðrum en á hrjóstrugustu stöðunum er slíku yfirleitt ekki til að dreifa og á því félagið sjálft um 90 staði þar sem aðrir hafa ekki séð fjárhagslegan ávinning í að setja sig niður. Iðulega er erfitt að koma upp gagnasambandi og nær ómögulegt að tengjast veiturfagnu. Af þessum sökum hefur það verið eitt aðalverkefni tæknideildarinnar undanfarin ár að byggja smávirkjanir og leggja jarðstrengi til að hætta rekstri rúmlega 10 díselstaða sem áður brenndu yfir 100 000 lítrum árlega, en eru nú komnir niður fyrir 10 000 lítra, sem bæði minnkar kolefnisfótsporið og útgjöldin. Einn mesti samfélagslegi ávinningurinn af þessu brólti er svo að eftir að staður hefur verið byggður og þjónusta við hann tryggð hafa farsímafyrirtækin leigt þar aðstöðu fyrir sína senda og þannig náð að auka aðgengi almennings að sínu helsta öryggistæki, farsímanum, svo um munar. Stöðugt þarf svo líka að vera vakandi fyrir því að þetta fjarskiptanetið um landið allt, og bæta þekjuna þar sem fjöldadreifing hefur verið talsvert að breytast með tilkomu aukins ferðamannastraums. Neyðarlínan er í mjög viðamiklu samstarfi við önnur fjarskiptafyrirtæki til að auka aðgengi almennings að neyðaraðstoð, og rekur í því skyni tæplega 90 fjarskiptastaði á erfiðum stöðum. Í dag eru um 8000 notendur í Tetra kerfinu og eitthvað tæplega 1800 skip með AIS staðsetningarbúnað.

Einnig rekur Neyðarlína umfangsmikið kerfi myndavéla fyrir löggæslu og er sífellt unnið að stækkun þess.



Ferill neyðarsímtala til 112.



Tæknimenn mæta til viðhalds á Laufafelli að Fjallabaki.



Barnahús.

Barnaverndarstofa



Heiða Björg Pálmadóttir, forstjóri Barnaverndarstofu.

Um barnavernd er fjallað í barnaverndarlögum. Markmið laganna er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldislutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við.

Barnaverndarstofa er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra og annast stjórnslu á því sviði sem barnaverndarlög ná til. Stofan vinnur að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og veitir barnaverndarnefndum fræðslu og ráðgjöf og hefur eftirlit með starfi þeirra. Stofan veitir einnig almenningi upplýsingar og fræðslu um starfsemi barnaverndaryfirvalda með sérstakri áherslu á að kynna þær skyldur sem hvílir á almenningi samkvæmt barnaverndarlögum.

Barnaverndarstofa hefur yfir fjölbættum úrræðum að ráða sem barnaverndarnefndir geta sótt um:

MST er meðferðarúrræði fyrir fjölskyldur barna á aldrinum 12-18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda. Meðferðin felst fyrst og fremst í að auka færni foreldra til að takast á við vanda barna sinna og fer fram á heimili fjölskyldunnar.

Meðferðarheimilið Stuðlar skiptist í tvær deildir meðferðardeild og lokaða deild. Á meðferðardeild fer fram greining á vanda barna og meðferð. Starfsfólk barnaverndar eða lögregla í samráði við starfsfólk barnaverndar getur vistað börn á lokaðri deild í allt að 14 daga. Á lokaðri deild fer fram gæsla og mat á stöðu barns.

Meðferðarheimili Barnaverndarstofu eru tvö, staðsett á landsbyggðinni, Laugaland í Eyjafjarðarsveit og Lækjarbakki á Rangárvöllum. Á meðferðarheimilunum eru vistað börn á aldrinum 13-18 ára og geta ástæður vistana verið hegðunarröskun, afbrotahegðun, ofbeldi og vímuefnaneysla.

SÓK-meðferð er sálfræðiþjónusta fyrir börn vegna óviðeigandi kynhegðunar.

Barnahús sinnir málefnum barna sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi.

Sérfræðingateymi vegna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir skal vera sveitarfélögum til ráðgjafar um viðeigandi þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.

Þjálfun fósturforeldra fer fram hjá Barnaverndarstofu.

Á heimasíðu Barnaverndarstofu, bvs.is, má lesa nánar um úrræðin.

Skýrslur Barnaverndarstofu

Barnaverndarstofa gefur reglulega út skýrslur með tölulegum upplýsingum um barnavernd sem birtar eru á heimasíðu Barnaverndarstofu á bvs.is. Þar má nálgast upplýsingar um fjölda tilkynninga, fjölda barnaverndarmála, fjölda barna í úrræðum og fleira. Tölulegar upplýsingar um barnavernd eru afar mikilvægar til að fylgjast með þróuninni í málaflokknum á hverjum



Aðsetur Barnaverndarstofu í Borgartúni.



Barnahús, meðferðarherbergi.



Stuðlar.

tíma og þannig að hægt sé að bregðast breytingum. Þess má geta að Barnaverndarstofa hefur fylgst vel með þróun mála hjá barnaverndarnefndum frá því covid 19 faraldurinn hófst, en tilkynningum til barnaverndarnefnda hefur fjölgað mikið á tímabilinu.

Mannauður

Við lok árs 2020 störfuðu hjá Barnaverndarstofu alls 107 starfsmenn í 99,5 stöðugildum. Framkvæmdastjórn stýrir daglegum rekstri Barnaverndarstofu og ber ábyrgð á að móta og innleiða stefnu í málefnum stofunnar en forstjóri Barnaverndarstofu er Heiða Björg Pálmadóttir.

Einkunnarorð Barnaverndarstofu eru: Stöndum vörð um öll börn

Grunnþjónustan í barnaverndarstarfi fer fram hjá barnaverndarnefndum í sveitarfélögum. Sveitarfélög eru með fjölbreytt stuðningsúrræði en geta einnig sótt um sérhæfð meðferðarúrræði til Barnaverndarstofu.

Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Það sama á við ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófæddis barns sé stefnt í hættu. Tilkynna skal til barnaverndarnefndar þar sem barn býr eða hafa samband við neyðarlínuna í síma 112. Upplýsingar um allar barnaverndarnefndir má nálgast á heimasíðu Barnaverndarstofu bvs.is.

Í barnaverndarstarfi skal beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að séu barni fyrir bestu og skal taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Barnaverndaryfirvöld skulu leitast við að hafa góða samvinnu við börn og foreldra. Tilteknum ákvörðunum barnaverndarnefnda má skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála en ákvarðanir um alvarlegar ráðstafanir í lífi barns fara fyrir dómstóla.

COVID-19

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 20% á árinu 2020 síðan kórónuveirufaraldurinn hófst. Forstjóri Barnaverndarstofu segir að það sé langtímaverkefni fyrir barnaverndarkerfið að vinna ofan af þeim áhrifum sem faraldurinn hefur haft á börn.

Í árslok 2020 sagði Heiða Björg Pálmadóttir forstjóri Barnaverndarstofu fyllstu ástæðu til að hafa áhyggjur af mikilli fjölgun tilkynninga til barnaverndarnefnda. Hún sagði kórónuveirufaraldurinn spila þar stórt hlutverk og að bætt hafi verið við starfsfólki barnaverndarnefnda undanfarna mánuði og starfsemi þeirra styrkt.



Barnahús, biðherbergi fyrir yngri en 2ja ára.



Agnes Sigurðardóttir biskup Íslands heimsækir mosku Stofnunar múslima á Íslandi í mars 2019. Með henni eru Karim Askari framkvæmdastjóri trúfélagsins og Abdul-Vakhed Niyazov forseti European Muslim Forum.

Biskupsstofa

Þjóðkirkjan og Samráðsvettvangur trúfélaga og lífsskoðunarfélaga á Íslandi



Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands ásamt Einari Skúlásyni framkvæmdastjóra Alþjóðahúss og forystumönnum og fulltrúum þeirra trúfélaga sem tóku þátt í að stofna Samráðsvettvang trúfélaga og lífsskoðunarfélaga 24. nóvember 2006.

Samráðsvettvangur trúfélaga og lífsskoðunarfélaga á Íslandi var stofnaður í Ráðhúsi Reykjavíkur 24. nóvember 2006. Að stofnun samráðsvettvangsins stóðu 13 trúfélög í samvinnu við Alþjóðahús en Trúarbragðafraeðistofa Hugvísindasviðs Háskóla Íslands kom þar sömuleiðis að öllu undirbúningsferlinu. Ávörp fluttu Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, Marsibil J. Sæmundsdóttir formaður mannréttindanefndar Reykjavíkurborgar og Einar Skúlason framkvæmdastjóri Alþjóðahúss en Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, var fundastjóri. Undir stefnulýsingu samráðsvettvangsins skrifuðu forystumenn og fulltrúar allra þeirra trúfélaga sem stóðu að stofnun hans en síðan þá hafa nokkur félög sem skilgreina sig ýmist sem trúfélög eða lífsskoðunarfélög bæst við með fulla aðild.

Aðdragandinn

Það var íslenska þjóðkirkjan sem átti frumkvæðið að stofnun Samráðsvettvangs trúfélaga og lífsskoðunarfélaga en áhugi á þvertrúarlegum málefnum hafði farið vaxandi innan hennar fyrir aldamót og voru dæmi um að fulltrúar annarra trúarbragða væru boðnir á málþing eða sem gestafyrirlesarar hjá henni. Önnur trúfélög af ýmsum trúarbrögðum sem höfðu þvertrúarlegt samstarf á stefnuskrá sinni höfðu sömuleiðis stöku sínum frumkvæði að slíkum fundum á eigin forsendum.

Árið 1980 hafði þjóðkirkjan tekið upp samstarf við nokkur af fjölmennustu trúfélögum landsins sem játa kristna trú í Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga. Enn lengra var gengið árið 1996 þegar Toshiki Toma, lútherskur guðfræðingur frá Japan sem flust hafði hingað til lands árið 1992, var ráðinn sem prestur innflytjenda en þjónusta hans nær til allra óháð trúarbrögðum. Starfshópur um samskipti þjóðkirkjunnar við önnur trúarbrögð var stofnaður af sr. Sigurði Árna Þórðarsyni á Biskupsstofu árið 2002 og var þegar í stað farið að kanna hvernig þessum málum væri háttað hjá systur kirkjunum á Norðurlöndunum og Englandi. Vorið 2005 var í samvinnu við Alþjóðahús haft samband við öll fjölmennustu trúfélögin hér á landi, sem myndað höfðu tengsl við ríkið, til að kanna hvort grundvöllur væri fyrir stofnun samráðsvettvangs. Eftir allmarga undirbúningsfundi í eitt og hálf ár með fulltrúum og forystumönnum þessara og nokkurra annarra smærri trúfélaga var sameiginleg stefnulýsing samráðsvettvangs loks samþykkt og stofnfundur haldinn.

Stefnulýsingin

Í stefnulýsingu samráðsvettvangsins kemur fram að markmiðið sé „að stuðla að umburðarlyndi og virðingu milli fólks með ólík lífsviðhorf og af ólíkum trúarhópum og trúarbrögðum og standa vörð um trúfrelsi og önnur mannréttindi.“ Tekið er fram að slíkt náist „ekki með því að samsinna hverju sem er eða láta hvað sem er gagnrýnilaust heldur með því að vera reiðubúinn til að hlusta á sjónarmið annarra, setja sig í spor þeirra og virða sjálfsákvörðunarrétt sjálfráða einstaklinga og trúfélaga.“ Áhersla er lögð á að virða beri „að aðildarfélögin árétti sérstöðu sína í kenningarlegum efnum, boðun og starfsháttum“ og tekið fram að tilgangurinn sé hvorki sameining trúarbragða né sameiginlegt helgihald aðildarfélaganna í nafni samráðsvettvangsins.



Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargóði og sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir á fundi samráðsvettvangsins á heimili biskups þjóðkirkjunnar vorið 2012.



Fundur með Dalai Lama í Hallgrímskirkju 2009.



Bjarni Randver Sigurvinsson trúarbragðafræðingur, Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og Ahmad Seddeeq, imam Menningarseturs múslima á Íslandi, á 10 ára afmælisfundi samráðsvettvangsins í Ráðhúsi Reykjavíkur 2016.

Enda þótt sérhverju aðildarfélagi sé frjálst að efna til sameiginlegs helgihalds með öðrum þegar tilefni gefst og aðstæður leyfa, megi aðeins gera það í nafni viðkomandi félaga en ekki vettvangsins. Þá er einnig tekið fram að óheimilt sé að gefa út yfirlýsingar í nafni samráðsvettvangsins sem ekki hafi verið samþykktar af öllum aðildarfélagunum og geti hvorki fulltrúarnir skuldbundið eigin trúfélög né samráðsvettvangurinn aðildarfélagin. Þetta þýðir að fyrst og fremst er um að ræða vettvang þar sem leiðtogar trúfélaganna eða fulltrúar þeirra fá tækifæri til að kynna, skiptast á upplýsingum og bregðast við vandamálum sem upp kunna að koma milli þeirra eða í þjóðfélaginu.

Aðildarfélag

Öll trúfélög og sambærileg lífsskoðunarfélög með formleg tengsl við ríkið geta fengið sjálfkrafa aðild að samráðsvettvanginum ef þau óska þess. Alls eru 22 félög með slíka aðild núna en þar er um að ræða félög sem skilgreina sig sem kristin (Fríkirkjan í Hafnarfirði, Fríkirkjan í Reykjavík, Hjálpræðisherinn, Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu [mormónar], Kirkja sjöunda dags aðventista, Óháði söfnuðurinn, Rómversk-kaþólska kirkjan, Rússneska rétttrúnaðarkirkjan, Smáarakirkjan [áður Krossinn], Vegurinn og Þjóðkirkjan), íslömsk (Félag múslima á Íslandi, Menningarsetur múslima á Íslandi og Stofnun múslima á Íslandi), bahá'ía (Bahá'í samfélagið), búddhísk (Búddistafélag Íslands, Búddistasamtökin SGI á Íslandi og Zen á Íslandi: Náttthagi), ástatrú (Ástatrúarfélagið), sameiningarsinnuð (Heimsfriðarsamband fjölskyldna og sameiningar [moonistar]) og guðlaus (DíaMat og Siðmennt). Að auki hefur Trúarbragðafræðistofa Hugvísindasviðs Háskóla Íslands samstarfsaðili án atkvæðisréttar en Alþjóðahúsið var samstarfsaðili þar til það var endurskipulagt sem Alþjóðasetur árið 2010.

Starfsemin

Talsmaður samráðsvettvangsins fyrstu árin var Einar Skúlason framkvæmdastjóri Alþjóðahúss en frá 2011 hefur sr. Jakob Rolland frá Rómversk-kaþólsku kirkjunni gegnt því hlutverki. Fulltrúar þjóðkirkjunnar hjá samráðsvettvanginum hafa frá upphafi verið Bjarni Randver Sigurvinsson og sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir en fyrstu árin var þriðji fulltrúinn sr. Toshiki Toma. Fjöldi funda hefur að jafnaði verið haldinn á hverju ári allt frá upphafi, a.m.k. eitt málþing skipulagt annað hvert ár og margvíslegt kynningarefni gefið út, svo sem upplýsingabæklingur um mikilvæg atriði í tengslum við andlát og greftranir í ólíkum trúarhefðum og dagatal með hátíðisdögum trúar- og lífsskoðunarfélaga sem dreift hefur verið til m.a. mennta- og heilbrigðisstofnana um land allt. Málþing hafa m.a. varðað trúarsíði, trúarbragðafræðslu í skólum, trú í opinberu rými, skoðanafrelsi, mannréttindi, umhverfismál og frumvarp sem lagt var fram á Alþingi árið 2018 gegn umskurn drengja en í því tóku þátt m.a. fulltrúar frá fjölda samtaka gyðinga og múslima víðsvegar að úr heiminum og var víða fjallað um það í alþjóðlegum fjölmiðlum.

Það hefur sýnt sig að ekki er vanþörf á þessum samráðsvettvangi og hefur hann átt mikilvægan þátt í því að auka skilning og virðingu milli aðildarfélaganna og stuðla þar að bættum samskiptum.



Forystumenn og fulltrúar aðildarféлага samráðsvettvangsins á 10 ára afmæli hans í Ráðhúsi Reykjavíkur 2016. Á myndinni eru m.a. Ögmundur Jónasson fyrrverandi innanríkisráðgjafi og Ólafur Ragnar Grímsson fyrrverandi forseti Íslands.



Frá matarfundi samráðsvettvangsins hjá bahá'íum 4. febrúar 2013. Frá vinstri: Sr. Jakob Rolland frá Rómversk-kaþólsku kirkjunni, Óttar Óttósson frá Ástatrúarfélaginu, sr. Eric Guðmundsson frá Sjöunda dags aðventistum og Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði.



Frá afhendingu Landstólþans.



Borgarfjörður eystri. / Ljós. Kristján Þ. Halldórsson.

Byggðastofnun



Sauðárkrúkur. / Ljós. Hjalti Árnason.

Byggðastofnun starfar eftir lögum nr. 106/1999 og heyrir undir innviðaráðuneytið. Ráðherra skipar sjö manna stjórn til eins árs í senn. Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggða og atvinnulífs í landsbyggðunum. Skrifstofa stofnunarinnar er á Sauðárkróki.

Úttektir og greiningar

Byggðastofnun heldur úti þjónustukorti sem sýnir aðgengi landsmanna að almennri þjónustu hins opinbera og einkaaðila í þeim tilgangi að bæta yfirsýn og skapa grundvöll fyrir aðgerðir sem miða að því að tryggja íbúum þjónustu og jafna kostnað. Stofnunin hefur látið gera þjónustukannanir í öllum landshlutum til að kanna hvert og hversu oft íbúar sækja margvíslega þjónustu. Stofnunin vinnur skýrslur um búsetuáform íbúa á Íslandi, allt frá dreifbyli og minni bæjum að höfuðborgarsvæðinu. Mælaborð Byggðastofnunar er hluti af metnaðarfullum áformum hennar í stafrænni vegferð og sýnir á aðgengilegan hátt, m.a. fasteignagjöld, atvinnutekjur og orkukostnað heimila. Mælaborðunum er ætlað að gefa einfalt og fljótlegt yfirlit yfir ýmis byggðatengd gögn.

Byggðaáætlun

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, rannsakar forsendur byggðapróunar og leggur fram tillögur um aðgerðir. Stofnunin vinnur að stefnumótandi byggðaáætlun fyrir landið allt í samráði við innviðaráðherra. Í áætluninni skal gera grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggða í landinu og lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum. Meginmarkmið byggðaáætlunar er að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum og efla menntun, menningu, samfélög og samkeppnishæfni byggða og bæja landsins með margvíslegum aðgerðum. Stofnunin var ábyrgðaraðili tíu aðgerða í byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 og samstarfsaðili í mörgum öðrum. Þá tóku starfsmenn þátt í endurskoðun byggðaáætlunar 2022-2036 og mótun fimm ára aðgerðaáætlunar.

Samstarfsverkefni

Mikið og gott samstarf er á milli Byggðastofnunar og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Samstarfið er afar mikilvægt þar sem aðilar vinna í sameiningu að þróun byggðar og mannlífs í landsbyggðunum. Byggðastofnun tekur auk þess þátt í ýmsum samstarfsverkefnum á sviði atvinnu- og byggðamála, bæði innlendum og fjölþjóðlegum. Meðal fjölþjóðlegra verkefna eru ESPON, Nordregio og NPA.



Höfuðstöðvar Byggðastofnunar á Sauðárkróki.



Skiðafólk að ganga á Eyjafallajökul. / Ljós. Kristján Þ. Halldórsson.



Vitinn í Grímsey. / Ljós. Kristján Þ. Halldórsson.

Önnur helstu verkefni

- Þar sem framleiðendur fjarri innflutningshöfnum eða mörkuðum glíma við mun hærri flutningskostnað en aðrir, veitir stofnunin þeim sérstaka flutningsjöfnunarstyrki í samræmi við lög nr. 160/2011, auk styrkja til söluaðila olíuvara vegna flutningsjöfnunar til dreifðari byggða.

- Byggðastofnun sinnir eftirliti með póstmálum í samræmi við lög um póstpjónustu nr. 98/2019 en verkefnið var flutt til Byggðastofnunar 1. júlí 2021 með lögum nr. 76/2021. Hlutverk stofnunarinnar er að annast framkvæmd laganna, hafa eftirlit með póstpjónustu, stuðla að samkeppni á póstmarkaði ásamt því að eiga í samstarfi við aðrar eftirlitsstofnanir.

- Brothættar byggðir er verkefni sem hleypt var af stokkunum árið 2012 með það að markmiði að styðja við byggðir og stöðva fólksfækkun í smærri byggðakjörnum.

- Byggðastofnun hefur frá árinu 2013, með breytingum á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, úthlutað og haft eftirlit með sértækum byggðakvóta í viðkvæmum sjávarbyggðum til þess að sporna við viðvarandi fólksfækkun.

- Stofnunin veitir viðurkenningar til framfaraverkefna í byggðum landsins. Eyrarrósín er veitt framúrskarandi menningarverkefnum utan höfuðborgarsvæðisins og Landstólpinn er veittur þeim sem vakið hafa athygli á byggðamálum eða styrkt samfélög í landsbyggðunum. Frá árinu 2015 hefur Byggðastofnun einnig veitt styrki til meistaranema sem vinna að lokaverkefnum á sviði byggðapróunar.

Lánastarfsemi

Byggðastofnun veitir langtímalán til fjárfestinga fyrirtækja í landsbyggðunum í þeim tilgangi m.a. að bæta búsetuskilyrði í einstökum byggðarlögum og draga úr óæskilegri byggðaröskun. Takmarkað aðgengi atvinnulífs í landsbyggðunum að fjármagni og þá ekki síst lánsfjármagni er þekkt alþjóðlegt vandamál á svæðum sem eiga undir högg að sækja. Útlánastarfsemi á vegum Byggðastofnunar hefur þann megin tilgang að leitast við að tryggja atvinnulífi á veikari svæðum landsins lágmarksaðgengi að lánsfé. Í árslok 2021 námu útlán Byggðastofnunar rúmum 20 milljörðum króna og voru lántakar um 450 einstaklingar og fyrirtæki í atvinnurekstri í landsbyggðunum. Fram til ársins 2013 var aðeins einn lánaflokkur í boði hjá Byggðastofnun, almenn lán í íslenskum krónum eða erlendri mynt. Síðan þá hafa fimm lánaflokkar bæst við og þjónustuframboð því aukist verulega. Um er ræða lán til jarðakaupa eða endurbóta í landbúnaði, lán til stuðnings atvinnurekstri kvenna, sérstök lán til nýsköpunarverkefna, græn lán til verkefna sem stuðla að umhverfisvernd og lán til fiskvinnslu eða útgerða í viðkvæmum sjávarbyggðum. Segja má að framboð stofnunarinnar á lánamöguleikum spanni vítt svið og sé vel til þess fallið að þjóna landsbyggðunum með fjölbreyttu og góðu aðgengi að lánsfjármagni á samkeppnishæfum kjörum.



Hólmavík. / Ljós. Kristján Þ. Halldórsson.



Íbúðaping á Hólmavík. / Ljós. Kristján Þ. Halldórsson.



Fangelsið á Hólmsheiði.

Fangelsismálastofnun ríkisins



Páll Winkel, fangelsismálastjóri.



Aðsetur Fangelsismálastofnunar ríkisins.

Heildarföldi afplánunarfangaplássna í fangelsunum í byrjun árs 2021 var samtals 171 og verða 177 þegar hús 1 á Litla Hrauni kemst aftur í fulla notkun.

Ekki er æskilegt að nýta fangelsi meira en 95%
Fangelsið Litla-Hrauni: 83 afplánunarpláss
Fangelsið Hólmsheiði: 52 afplánunarpláss
Fangelsið Sogni: 21 afplánunarpláss
Fangelsið Kvíabryggju: 21 afplánunarpláss

Hér á eftir verður fjallað um Fangelsismálastofnun og helstu breytingar á refsivist sem orðið hafa undanfarna áratugi. Refsivistarkerfið er sérstakt, svóltið afmarkaður kimi íslenskrar stjórnarsýslu, hluti samfélagslegrar þjónustu sem nauðsynleg er hverju réttarríki. Frelsisvipting einstaklinga er ekkert grín og ekki má gleyma að stór hluti verkefna Fangelsismálastofnunar og fangelsanna snýst um að draga úr hugsanlegum skaða sem fangavist getur valdið. Hlutverk Fangelsismálastofnunar er grundvallað á lögum um fullnustu refsinga nr. 15/2016 og stofnunin heyrir undir dómsmálaráðuneytið.

Fjögur fangelsi eru starfrækt á Íslandi. Tvö lokuð, Fangelsið Hólmsheiði og Fangelsið Litla-Hrauni og tvö opin, Fangelsið Kvíabryggju og Fangelsið Sogni. Fangar hefja afplánun á Hólmsheiði. Fangelsið er gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi með deild fyrir kvenfanga og aðstöðu fyrir afplánun styttri fangelsisrefsinga og vararefsinga. Á Litla-Hrauni eru vistaðir karlfangar með langa dóma fyrir alvarleg brot og fangar sem teljast hættulegir umhverfi sínu. Í opnu fangelsunum, Kvíabryggju og Sogni, eru vistaðir fangar sem afplána refsingar fyrir vægari brot, fangar sem eru komnir á seinni hluta afplánunar og hafa hegðað sér vel og ungir fangar sem hafa litla brotasögu að baki. Fangar í opnu fangelsi þurfa að vera tilbúnir til að takast á við vímuefnavanda sinn, taka þátt í endurhæfingu, stunda vinnu eða nám og skrifa undir samning við fangelsið þar um. Fangelsismálastofnun tók til starfa 1. janúar 1989 skv. lögum um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 og tók við af fangelsismáladeild dómsmálaráðuneytis og Skilorðseftirliti ríkisins. Samkvæmt núverandi lögum er hlutverk Fangelsismálastofnunar: Að sjá um fullnustu refsinga og önnur verkefni í samræmi við ákvæði laga um fullnustu refsinga og reglugerða settum samkvæmt þeim. Að hafa umsjón með rekstri fangelsa.

Í reglugerð nr. 240/2018 er nánar kveðið á um hlutverk stofnunarinnar, m.a.:

Að annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið og gert að sæta eftirliti, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar.

Að sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta svo sem kveðið er á um í lögum og öðrum reglugerðum. Að annast önnur verkefni í samræmi við ákvæði laga og reglugerða, svo sem að halda utan um tölulegar upplýsingar á sviði stofnunarinnar og stuðla þar með að rannsóknnum á sviði fangelsismála. Tilgangur með rekstri fangelsa er að fullnusta refsinga fari fram með öruggum og skilvirkum hætti og að sérstök og almenn varnaðaráhrif refsinga séu virk. Ennfremur að draga úr líkum á itrekun brota og stuðla að farsælli aðlögun dómpöla að samfélaginu. Til að ná fram þessum markmiðum vinna sérfræðingar Fangelsismálastofnunar meðferðar- og vistunaráætlanir fyrir fanga. Í byrjun árs 2020 tók geðheilsuteymi til starfa innan fangelsanna en heilbrigðisráðuneytið ber ábyrgð á allri heilbrigðisþjónustu fanga. Þessi þjónusta hefur bætt meðferðarstarf og geðhjálp í fangelsum.

Undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar á húsnæðismálum fangelsanna sem löngum voru í ólestri. Þetta stafar af markvissu starfi Fangelsismálastofnunar til að bæta aðstöðu fanga og starfsfólks. Segja má að í dag standi þau mál í eðlilegum farvegi, þótt nokkuð sé eftir varðandi Litla-Hraun.

Í upphafi var Fangelsismálastofnun til húsa að Sölvhólgötu 4 í Reykjavík. Síðan var skrifstofan flutt í Borgartún 6 en 2015 flutti stofnunin að Austurströnd 5 á Seltjarnarnesi. Í byrjun störfuðu 8 starfsmenn á skrifstofunni en núna eru starfsmenn 19 talsins. Fyrsti forstjóri var Haraldur Johannessen. Núverandi forstjóri Fangelsismálastofnunar er Páll E. Winkel en hann var skipaður frá 1. janúar 2008. Tilkoma Fangelsismálastofnunar hafði í för með sér verulegar umbætur í fangelsismálum á Íslandi. Í samræmi við lög og reglugerðir var mörkuð stefna m.a. varðandi öryggismál, verkefni, verklagsreglur, starfsmannamál, umönnun fanga, fullnustumál, samskipti við lögreglu, dómstóla, aðstandendur og lögmenn.

Nútímavæðing íslenskra fangelsismála tók stór skref á 8. og 9. áratug síðustu aldar. Það má að hluta rekja til tengsla við yfirstjórn fangelsismála á hinum Norðurlöndunum. Fullyrða má að umfangsmestu breytingarnar verði samfara setningu laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist. Þar var kveðið á um að stofnsett skyldi sérstök stjórnáskilningur, Fangelsismálastofnun, til að fullnusta refsingar og sjá um rekstur fangelsa. Þá opnaðist farvegur fyrir háskólamenntaða einstaklinga, lögfræðinga, sálfræðinga, félagsráðgjafa, afbrotfræðinga, ásamt öðru sérhæfðu fagfólki, til að starfa í málaflokki sem áður hafði ekki verið hátt skrifaður. Benda má á ákveðna hugarfarsbreytingu varðandi viðmót og umhyggju í garð þeirra sem sæta fangavist. Áður fyrr var það í besta falli áhugaleysi en í versta falli andúð sem almenningur og jafnvel starfsfólk fangelsa bar til fanga. Markvisst hefur verið unnið að því að breyta viðhorfinu til jákvæðari vegar. Ekki má gleyma að afplánun er refsing sem þar til bær dómstóll kveður á um og einstaklingur, sem hefur framið afbrot, þarf að lúta. Hins vegar er alls ekki við hæfi að refsingin verði þyngri vegna illrar meðferðar eða framkomu þeirra sem fullnusta hana eða starfa við fangelsin. Ekki frekar en að það er við hæfi að fangar þjáist vegna lélegs aðbúnaðar í fangavist. Stjórnvöld bera ábyrgð í þessu samhengi, þeim ber skylda til að vernda skjólstæðinga sína og búa þeim atlati sem sómi er að. Þessi breyting í jákvæða átt hefur fengið byr í seglin með faglegri vinnubrögðum Fangelsismálastofnunar og þar með starfsfólks fangelsanna. Tvö önnur lykilatriði er vert að minnast á varðandi starfsemi Fangelsismálastofnunar. Hið fyrra er þrepaskipting afplánunar. Með henni má segja að áhersla hafi verið lögð á að draga eins og unnt er úr vistun fanga í lokuðum fangelsum og nýta fremur opnu fangelsin, vistun á Verndarheimilinu og rafrænt eftirlit. Þessi þróun er snar þáttur í að nútímavæða refsivörsluferð og gera það mannúðlegra. Það síðara varðar húsakost fangelsanna. Þar hafa orðið gífurlegar breytingar frá fyrri tíð. Gömul og óhentug fangelsi hafa verið aflögð og nýtt húsnæði eða endurbætt aðstaða tekið við.

Um áramótin 2020 voru samtals 132 skilgreind ársverk hjá stofnuninni. Þar af 18 skilgreind ársverk á aðalskrifstofu. Í fangelsunum voru samtals 108 ársverk, þ.e. 71 ársverk almennra fangavarda, 26 ársverk yfirmanna og 6 ársverk starfsfólks á skrifstofum fangelsanna. Flest starfsfólk fangelsanna eru einkennisklæddir fangaverðir sem ganga vaktir, daga og nætur. Hlutverk þeirra er að gæta reglu og öryggis og halda uppi aga, auk þess sem þeir sjá um stóran hluta af þjónustu við fanga. Aðrir starfsmenn eru forstöðumenn, varðstjórar, deildarstjórar, verkstjórar, skrifstofufólk og fangaflutningsmenn í dagvinnu. Fangelsismálastofnun ákvarðar vistunarstað fanga í fangelsum landsins. Stofnunin getur heimilað fanga að ljúka afplánun utan fangelsis, annað hvort á Verndarheimilinu eða undir rafrænu eftirliti. Fangelsismálastofnun veitir heimild og hefur umsjón með samfélagsþjónustu. Skilyrði samfélagsþjónustu eru m.a. að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum þar sem hann er grunaður um refsiverðan verknað.

Fangelsismálastofnun ber ábyrgð á fjármálastjórn og mannauðsstjórn fangelsiskerfisins. Einnig ber stofnunin ábyrgð á skjalavörslu, tölfraði, rannsóknnum endurkoma í fangelsi, samstarfi við önnur lönd, ráðningum starfsmanna, menntun fangavarda og svo mætti áfram telja. Fangelsismál á Íslandi hafa tekið gífurlegum framförum undanfarna áratugi og einsýnt er að sú þróun heldur áfram. Varðandi starfsemi Fangelsismálastofnunar má nefna að áfram er unnið að umbótum á fangelsunum, verið er að endurskoða vaktakerfi fangavarda, samningar hafa verið gerðir við heilbrigðisráðuneyti um geðræna aðstoð við fanga og unnið er að endurskipulagningu á menntun fangavarda. Enn fremur, í samráði við dómstólaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti, er unnið að því að efla menntun og vinnu fanga, efla meðferð vegna vímuefnavanda og stuðning varðandi atvinnuleit, húsnæðismál og endurkomu fanga út í samfélagið.



Vinnustofa á Litla Hrauni.



Fangadeild á Hólmsheiði.



Loftmynd af Litla Hrauni.



Fangelsið á Kvíabryggju.



Íslenskir hestar. / Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.

Ferðamálastofa



Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri.

Hlutverk Ferðamálastofu samkvæmt lögum

Ferðamálastofa er ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra. Stofnunin fer með stjórnábyrgð ferðamála samkvæmt sérstökum lögum sem um hana gilda og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir. Ráðherra skipar ferðamálastjóra til fimm ára í senn og veitir hann Ferðamálastofu forstöðu. Ferðamálastjóri ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar. Ferðamálastofa skal með starfsemi sinni fylgjast með og stuðla að þróun ferðaþjónustu sem mikilvægar og sjálfbærar grunnstoðar í íslensku samfélagi að teknu tilliti til þolmarka íslenskrar náttúru og samfélags ásamt því að vinna að samræmingu, greiningum og rannsóknum í ferðaþjónustu með hliðsjón af stefnu stjórnvalda.

Vinnustaðurinn

Ferðamálastjóri frá ársbyrjun 2018 er Skarphéðinn Berg Steinarsson en hjá Ferðamálastofu starfa rúmlega 20 starfsmenn að fjölbreyttum verkefnum. Ferðamálastofa er með tvær megin starfsstöðvar, í Reykjavík og á Akureyri. Jafnframt er lögð áhersla að auglýsa störf án staðsetningar og þannig geti starfsfólk verið með starfsstöðvar hvar sem það býr. Fjölpætt eðli ferðaþjónustunnar leiðir af sér að mikil nauðsyn er á náinni samvinnu Ferðamálastofu við aðrar stofnanir og samtök, t.d. Íslandsstofu, Samtök ferðaþjónustunnar, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, áfangastaðastofur landshlutanna, atvinnuþróunarfélög og samtök sveitarfélaga. Alþjóðlegt samstarf er t.d. á vettvangi Ferðamálaráðs Evrópu (ETC) og North Atlantic Tourism Association (NATA), ásamt sértækari og tímabundinna samstarfsverkefna.

Rannsóknir og gagnaöflun

Öflun, miðlun, samræming, greining og úrvinnsla upplýsinga, þar á meðal tölfræðilegra gagna og annarra upplýsinga um viðfangsefni ferðaþjónustu, hefur verið vaxandi þáttur í starfsemi Ferðamálastofu. Þetta er enda afar mikilvægur þáttur í ljósi þess hlutverks sem stofnunni er falið. Ferðamálastofu er ætlað að meta þörf fyrir gagnaöflun, greiningar og rannsóknir, ásamt því móta rannsóknaráætlun og láta framkvæma rannsóknir samkvæmt henni. Rannsóknaráætlun er unnin árlega, til þriggja ára í senn, í samvinnu við atvinnugreinina og rannsóknastofnanir á sviði ferðaþjónustu. Kveðið er á um að vinna stofnunarinnar að gagnaöflun og rannsóknum skuli styðja við ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni samkvæmt stefnu stjórnvalda.

Sum af þeim verkefnum sem eru í vinnslu á hverjum tíma eru ótímabundin í þeim skilningi að reiknað er með að þau séi hluti af reglulegri starfsemi Ferðamálastofu. Þetta á ekki hvað síst við um öflun, varðveislu, greiningu og miðlun grundvallargagna, svo sem talningu farþega kannanir á ferðahegðun o.fl. Önnur verkefni eru tímabundin og ætlað að ljúka með tiltekinni afurð eða afurðum sem nýtast munu bæði í starfi Ferðamálastofu og til að ná samfélagslegum markmiðum ferðaþjónustunnar.



Vitinn á Malarrífi á Snæfellsnesi. Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.



Hverarönd í Mývatnssveit. / Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.



Ferðamenn við Gullfoss. / Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson.

Miðlun upplýsinga

Gögnum er miðlað eftir fjölbreyttum leiðum og leitast við að nýta nýjustu lausnir í stafrænni tækni. Þetta er meðal annars gert í gegnum Mælaborð ferðabjónustunnar þar sem flóknum tölfraeðiupplýsingum er safnað saman, unnið úr þeim og þær birtar með aðgengilegum hætti. Óhætt er að segja að hjá Ferðamálastofu sé í viðum skilningi stærsti gagnabanki hér á landi um ferðabjónustu. Stofnunin heldur utan um og birtir á vef sínum með reglubundnum hætti fjölbættar upplýsingar um þróun greinarinnar. Vefurinn ferðamalastofa.is hefur að geyma ógrynni upplýsinga um starf stofnunarinnar og er um leið gagnaveita um ferðabjónustu á Íslandi, umfang hennar og þróun.

Leyfisveitingar og stjórnsýsla

Eitt af viðameiri verkefnum Ferðamálastofu snýr að leyfisveitingum og málefnum þeim tengdum. Allir sem bjóða upp á ferðir af einhverju tagi skulu sækja um leyfi til Ferðamálastofu. Auk útgáfu leyfa fellur hér undir eftirlit með leyfisskyldri starfsemi, þar á meðal öryggisáætlunum. Þessu fylgir m.a. umsjón og eftirlit með tryggingaútreikningi og tryggingarskyldu seljenda samkvæmt lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun og reglum um bókhald og reikningsskil ferðaskrifstofa. Allir handhafar ferðaskrifstofuleyfa, þ.e. seljendur pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar, skulu vera aðilar að Ferðatryggingasjóði og er hann í umsjón Ferðamálastofu. Þetta starf er ekki síst mikilvægur liður í aukinni neytendavernd. Stjórnsýsluleg meðferð mála, umsagnir og álitserðir eru einnig á verkefnasviði stofnunarinnar.

Nýsköpun, þróun og gæðamál

Ferðamálastofa hefur látið til sín taka á sviði nýsköpunar, þróunar og gæðamála í ferðabjónustu með margvíslegum hætti undanfarin ár, enda í samræmi við það hlutverk hennar samkvæmt lögum. Stafræn væðing ferðabjónustu er eitt af áherslumálum Ferðamálastofu þessi misserin enda mat stofnunarinnar að aukin og betri nýting innan atvinnugreinarinnar á stafrænni tækni sé lykilkáttur í að bæta afkomu hennar til lengri tíma litið.

Gæðamál í ferðabjónustu hafa einnig verið áherslumál en að þeim er meðal annars unnið á vettvangi Vakans, gæða og umhverfiskerfis ferðabjónustunnar, sem Ferðamálastofa heldur utan um, og tímabundinna verkefna á borð við Hreint & öruggt / Clean & Safe. Því er ætlað er að hjálpa ferðabjónustuaðilum að taka á ábyrgan hátt á móti viðskiptavinum sínum þannig að þeir upplifi sig örugga um leið og þeir skapa góðar minningar.

Áfangastaðáætlanir, sem Ferðamálastofa hafði forgöngu um að láta vinna, eru eitt stærsta þróunar- og skipulagsverkefni sem ráðist hefur verið í hér á landi á sviði ferðabjónustu. Þær voru unnar í samvinnu við áfangastaðastofur sem fara með verkefnisstjórn áætlanagerðar á sínum svæðum. Um er að ræða heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði eða áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis.

Skipulags-, umhverfis- og öryggismál á ferðamannastöðum

Stórstígar framfarir hafa átt sér stað í umhverfis og öryggismál um á ferðamannastöðum eftir að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða tók til starfa á árinu 2011 en sjóðurinn er í vörslu Ferðamálastofu sem annast rekstur hans. Markmið og hlutverk sjóðsins að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða og ferðamannaleiða um land allt og styðja með því við þróun ferðabjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærar stoðar í íslensku atvinnulífi, að teknu tilliti til þolmarka íslenskrar náttúru og samfélags. Það er jafnframt markmið sjóðsins að stuðla að jafnari dreifingu ferðamanna um landið og styðja við svæðisbundna þróun. Hér er ekki síst horft til framkvæmda sem snúa að öryggi ferðamanna, náttúruvernd og uppbyggingu, viðhaldi og vernd mannvirkja.

Þá hefur Ferðamálastofa virku hlutverki að gegna þegar vör steðja að, svo sem eldgos eða annað það sem íslensk náttúra býður upp á.



Fjársýsla ríkisins uppfyllir kröfur um jafnlaunavottun.

Fjársýsla ríkisins



Ingþór Karl Eiríksson, fjársýslustjóri.

Fjársýsla ríkisins (FJS) er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála og veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Stofnunin heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra. Lögð er áhersla á skilvirka, hraða og áreiðanlega þjónustu ásamt því að stöðugt sé unnið að framþróun í vinnubrögðum. Helstu þjónustupættir eru bókhaldsþjónusta, greiðsluþjónusta, launavinnsla og launaþjónusta, fjárstýring, innheimtumál, uppgjörsþjónusta, ásamt rekstri og þróun fjárhagsupplýsingakerfa. Lögð er áhersla á sterka liðsheild, ánægju starfsfólks, gagnkvæma virðingu og gott starfsumhverfi. www.fjs.is

Sögulegt ágríp

FJS á rætur að rekja allt aftur til ársins 1910 þegar ráðinn var aðalbókari á skrifstofu Stjórnarráðsins til að annast bókhald Landsjóðs. Fyrstu löggin um starfsemi Ríkisbókhalds voru sett árið 1931. Árið 1997 varð Ríkisbókhald sérstök ríkisstofnun með lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Embætti ríkisfóhírðis var fært undir Ríkisbókhald frá 1. mars 2002 og var þá nafni stofnunarinnar breytt í „Fjársýsla ríkisins“. Lög um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF) tóku gildi 1. janúar 2016 og leysa af hólmi eldri lög um fjárreiður ríkisins. Með tilkomu LOF hefur talsverð breyting orðið á umhverfi ríkisaðila og auknar kröfur til starfsemi FJS með aðkomu að útfærslu, aukinni upplýsingagjöf og sérfræðiþjónustu.

Verkefni

FJS er ætlað að tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins m.a. með útgáfu ríkisreiknings, ársfjórðungs- og mánaðaryfirlita. Stofnuninni er ætlað að vera leiðandi fyrir aðrar stofnanir ríkisins á sviði bókhalds og reikningshalds, ber ábyrgð á að tryggja samræmingu á þessu sviði og tryggja fylgni við reikningsskilastaðla.

Verkefni FJS eru fjölbreytt og umfangsmikil en um 110 stofnanir ríkisins eru í bókhalds- og greiðsluþjónustu stofnunarinnar. Auk þess sér FJS um launakerfi og útgreiðslu launa allra ríkisstarfsmanna að meðaltali um 24 þúsund í hverjum mánuði. Þá sinnir FJS aukinni launaþjónustu við tæplega 80 stofnanir. Tekju- og bókhaldskerfi ríkisins (TBR) heldur utan um útsendar kröfur og eru þær um 2,6 milljónir á ári.

FJS hefur yfrumsjón með rekstri og þróun sameiginlegra upplýsingakerfa sem tengjast fjármálum hjá ríkisaðilum. Þá er fræðsla og ráðgjöf til notenda kerfanna stór þáttur í starfi FJS.

Skipulag

Starfsemi FJS er skipt upp í sex svið. Hverju sviði er stjórnað af forstöðumanni sem ber ábyrgð gagnvart fjársýslustjóra. Fjársýslustjóri ber ábyrgð á stefnu og rekstri stofnunarinnar gagnvart ráðherra og samþættir og leiðir starfsemina. Undir fjársýslustjóra heyrja innra eftirlit, mannauður og gæða- og ferlamál. Ingþór Karl Eiríksson var skipaður fjársýslustjóri af fjármála- og efnahagsráðherra í lok árs 2015.



Alfreð Erlingsson, forstöðumaður bókhaldssviðs.



Vilhjálmur Örn Sigurhjártarson, forstöðumaður fjárreiðusviðs.



Lára Hansdóttir, forstöðumaður launasviðs.

Bókhaldssvið

Hlutverk þess er yfirumsjón með bókhaldi fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir sem eru í bókhaldsþjónustu hjá FJS. Þjónustan nær annars vegar til bókkunar aðsendra reikninga og hins vegar frágangs á rafrænum reikningum til greiðslu. Forstöðumaður er Alfreð Erlingsson.

Fjárreiðusvið

Hlutverk þess er rekstur og þróun Tekjubókhaldskerfis ríkisins (TBR), viðskiptakrafna í Orra (AR-kerfishluti) og Innheimtuskilakerfis. Sjá um greiðsluþjónustu fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og þær ríkisstofnanir sem þess óska. Sviðið sér um móttöku á innheimtufé frá innheimtuembættum ríkisins og innheimtu á skuldabréfum og kröfum fyrir ríkissjóð. Forstöðumaður er Vilhjálmur Örn Sigurhjártarson.

Launasvið

Hlutverk þess er að hafa umsjón með launaafgreiðslu ríkisins sem FJS annast fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Starfsemin tekur til þjónustu við ráðuneyti og ríkisstofnanir við launaafgreiðslu svo og til umsjónar með mannauðshluta Orra og Vinnustund. Forstöðumaður er Lára Hansdóttir.

Rekstrarsvið

Hlutverk þess er einkum að stýra verkefnum sem snúa að daglegum rekstri stofnunarinnar, fjármálum ásamt innri og ytri þjónustu hennar. Forstöðumaður er Ragnheiður Gunnarsdóttir.

Uppgjörssvið

Hlutverk uppgjörssviðs er að tryggja að reikningshald/reikningsskil stofnana ríkisins og ríkissjóðs sé tímanlegt og í samræmi við gildandi lög, reglur og góða reikningsskilavenju. Uppgjörssvið hefur yfirumsjón með gerð ríkisreiknings. Forstöðumaður er Þórir Ólafsson.

Þróunar- og þjónustusvið

Hlutverk þess er ráðgjöf og stefnumótun í hugbúnaðar- og vélbúnaðarmálum stofnunarinnar. Nær það til allra þeirra kerfa sem stofnunin hefur umsjón með sem og eigin þarfa. Forstöðumaður er Stefán Kjærnested sem gegnir jafnframt stöðu varafjárslustjóra.

Mannauður

Mannauðsstefna FJS veitir yfirsýn yfir starfsumhverfið og er ætluð starfsmönnum til leiðbeiningar um ábyrgð sína, réttindi og skyldur. Hjá FJS njóta allir sömu möguleika til endurmenntunar, starfsþjálfunar, starfsframa og launa. FJS beitir sér fyrir því að starfsmenn geti samræmt starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu eins vel og kostur er. Heildarfjöldi starfsmanna er 86. Mannauðsstjóri er Pétur Ó. Einarsson.



Ragnheiður Gunnarsdóttir, forstöðumaður rekstrarsviðs.



Þórir Ólafsson, forstöðumaður uppgjörssviðs.



Stefán Kjærnested, varafjárslustjóri og forstöðumaður þróunar- og þjónustusviðs.



Pétur Ó. Einarsson, mannaúðsstjóri.



Fangelsið á Hólmsheiði. / Ljós. Karl Petersson.

Framkvæmdasýsla ríkisins




Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri.

Eigendur og stjórnendur

Framkvæmdasýslan heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Engin stjórn er yfir stofnuninni og er forstjóri hennar því ábyrgur gagnvart fjármála- og efnahagsráðherra. Framkvæmdasýslan fer með stjórn ákveðins hluta verklegra framkvæmda af hálfu ríkisins og veitir ráðuneytum og ríkisstofnunum ráðgjöf um byggingatæknileg málefni og undirbúning framkvæmda. Viðskiptavinir Framkvæmdasýslunnar eru ráðuneyti og stofnanir ríkisins. Núverandi forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins er Guðrún Ingvarsdóttir. Samkvæmt lögum situr forstjóri í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Framkvæmdastjórn FSR skipa forstjóri og sviðsstjórar. Hlutverk framkvæmdastjórnar er að stýra daglegum rekstri FSR, móta og innleiða stefnu í málefnum stofnunarinnar og fylgja eftir mælingum tengdum innleiðingu stefnu.

Vinnulag og framleiðsluferli

FSR hefur verið í fararbroddi við innleiðingu gæðastjórnunar í byggingariðnaði á Íslandi ásamt því að hvetja til innleiðingar á nýjum aðferðum við undirbúning og hönnun. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur á undanförunum árum unnið samkvæmt alþjóðlegum gæðastjórnunarstaðli ISO 9001. Gæðastjóri sér um og ber ábyrgð á gæðastjórnunarkerfi FSR í samræmi við gæðastjórnunarstefnu stofnunarinnar.





Veröld – Hús Vigdísar. / Ljósm. Vigfús Birgisson.

Stofnunin er í fararbroddi við innleiðingu á vistvænum áherslum í byggingariðnaði. FSR styðst við breska vistvottunarkerfið BREEAM í stærstu verkefnum stofnunarinnar. FSR er einnig aðili að Nordic Built Cities sem er norrænt samstarfsverkefni sem hefur það að markmiði að hvetja til og þróa samkeppnishæfar lausnir í vistvænni mannvirkjagerð. FSR er aðili að PuReNet - Public Real Estate Network. PuReNet eru samtök sambærilegra stofnana í Evrópu. Markmið samtakanna er að safna saman og deila reynslu í uppbyggingu og rekstri á fasteignum opinberra aðila.

FSR hefur um árabíl unnið ötullega að innleiðingu BIM (stafrænar upplýsingar um mannvirki) í opinberum framkvæmdum. BIM opnar dyrnar að möguleikum til hagræðingar og minni sóunar í byggingarferli og rekstri fasteigna.

Árið 2019 setti FSR í gang verkefnið VÖR - Vistkerfi, Öryggi, Réttindi. Verkefni felst í því að safna saman bestu vinnuaðferðum á þessum þremur mikilvægu sviðum og innleiða þær til að byrja með í stærri verkefni stofnunarinnar. Markmið verkefnisins er að lágmarka sóun, að engin slys verði á vinnustöðum, að heilsa starfsfólks sé ávallt í öndvegi og að réttindi séu aldrei brotin á starfsfólki í verkefnum stofnunarinnar.

Aðsetur, mannauður og starfsmannafjöldi

Framkvæmdasýsla ríkisins er til húsa í Borgartúni 7a í Reykjavík en starfsstöðvar á landsbyggðinni fara eftir verkefnum hverju sinni. Fjöldi starfsfólks í byrjun árs 2021 var 42, hefur fjölgað umtalsvert í takt við fjölgun verkefna. Starfsmannastefna FSR miðar að því að ráða til sín hæft starfsfólk og viðhalda hæfni þess. FSR hefur sett sér að vinna eftir jafnréttisstefnu ríkisstjórnarinnar og er vinnutími starfsmanna sveigjanlegur. FSR leggur áherslu á endurmenntun starfsmanna sinna með það að markmiði að viðhalda hæfni þeirra.

Starfsmannafélag og félagslíf

Starfsmannafélagið Auðvitað tók til starfa í ársbyrjun 2000.

Markmið félagsins er að stuðla að kynningu félagsmanna og fjölskyldna þeirra, efla samhug og samvinnu þeirra á félagslegum grunni, t.d. með skemmtunum, ferðalögum, fræðslu, tómstundaiðju og öðrum félagslegum athöfnum.



Skipurit FSR.



Í júlí 2019 strönduðu 50 grindhvalir á Lönguförum á Snæfellsnesi. Starfsmenn Hafrannsóknastofnunar fóru og rannsökuðu dýrin. Reynt er að rannsaka alla strandaða hvali.



Framkvæmdastjórn Hafrannsóknastofnunar. Frá vinstri: Guðmundur J. Óskarsson, sviðsstjóri uppsjávarsviðs, Sigvaldi Egill Lárusson, sviðsstjóri fjárlmála og reksturs, Þorsteinn Sigurðsson, forstjóri, Hrönn Egilsdóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri feskvatns- og eldis, Berglind Björk Hreinsdóttir, mannauðsstjóri og Guðmundur Þórðarsson sviðsstjóri botnsjávarsviðs.

Ljósmyndir: Svanhildur Egilsdóttir, Hafrannsóknastofnun.



Þorsteinn Sigurðsson, forstjóri.



Árlega er farið í leiðangra til að meta stofnstærð botnfiska. Hér er trollið tekið í leiðangri í febrúar 2020.

Hafrannsóknastofnun

Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna - hafogvatn.is
Rannsóknir og vöktun á lífríki hafs og vatna er grundvöllur sjálfbærar nýtingar auðlinda. Íslensk þjóð á mikið undir þegar kemur að lifandi auðlindum hafs og vatna og árið 2020 voru um 40% útflutningstekna þjóðarinnar frá fiskveiðum og fiskeldi. Fyrir þjóð sem á stóran hluta lífsafkomu sinnar undir auðlindum hafsins er mikilvægt að stunda öflugar rannsóknir og vöktun á umhverfispáttum og lífríki. Hafrannsóknastofnun er leiðandi í rannsóknum á vistkerfum hafs og vatna og veitir ráðgjöf um sjálfbæra nýtingu til stjórnvalda og hagsmunaaðila.

Hlutverk stofnunarinnar er skilgreint í lögum nr. 112/2015

Helstu lögbundnu verkefni eru að:

- **afla með rannsóknum alhliða þekkingar á hafinu, ám og vötnum landsins og lífríki þeirra, með áherslu á hvernig nýta megi lifandi auðlindir með sjálfbærum hætti**
- **treysta undirstöður vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu og ræktun nytjastofna sjávar, áa og vatna.**
- **veita stjórnvöldum og hagsmunaaðilum ráðgjöf og þjónustu varðandi sjálfbæra nýtingu á grundvelli sjálfbærra viðmiða og nýtingarstefnu stjórnvalda.**
- **stunda rannsóknir sem miða að aukinni nýsköpun og fjölbreytni í öflun sjávarfangs og nýtingu ferskvatnsvistkerfa.**
- **rannsaka hvernig fiskeldi og fiskrækt megi best stunda í sátt við íslenska náttúru og villta stofna.**

Saga og uppbygging

Hafrannsóknastofnun hefur starfað frá árinu 2016 en með lögum nr. 115/2015 voru Hafrannsóknastofnun og Veiðimálastofnun sameinaðar. Báðar stofnanirnar voru rótgrónar og höfðu verið starfræktar um langt skeið, Veiðimálastofnun frá árinu 1946 og Hafrannsóknastofnun frá 1965. Fyrsti forstjóri sameinaðrar stofnunar var Sigurður Guðjónsson en hann lét af störfum í mars 2021 og við starfinu tók Þorsteinn Sigurðsson. Á vormánuðum 2020 flutti stofnunin í nýtt húsnæði að Fornubúðum 5 í Hafnarfirði en hafði frá sameiningu verið til húsa í Sjávarútvegshúsinu að Skúlagötu 4 í Reykjavík þar sem Hafrannsóknastofnun hafði verið frá árinu 1965. Í júní var formleg vígsla og því fagnað að starfsemi á höfuðborgarsvæðinu er nú sameinuð á einum stað. Af tæplega 190 starfsmönnum stofnunarinnar starfa um 130 manns í húsinu og aðstaða öll til fyrirmyndar enda var húsið hannað með þarfr Hafrannsóknastofnunar í huga og þá leggjast nú rannsóknaskipin að bryggju við hlið aðalstöðvanna. Auk starfseminnar í Hafnarfirði er stofnunin, í árslok 2020, með 8 starfsstöðvar á landbyggðinni. Starfsstöðvarnar sinna m.a. nauðsynlegri sýnatöku úr afla auk þess sem hver stöð er einnig sérhæfð á ákveðnum sviðum rannsókna og vöktunar og er mikilvægur hlekkur í starfsemi stofnunarinnar. Starfsemi hafrannsóknastofnunar er skipt í fjögur megin rannsóknasvið, þ.e. botnsjávarsvið,



5. júní 2020 flutti Hafrannsóknastofnun höfuðstöðvar sínar frá Skúlagötu 4, Reykjavík í Fornubúðir 5, Hafnarfirði. Frá vinstri: Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands, Bjarni Sveinsson háseti á Árna Friðrikssyni og Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi, sjást hér við komuna í Hafnarfirði.



Fornubúðir 5, Hafnarfirði og rannsóknaskipin Árna Friðriksson HF 200 og Bjarni Sæmundsson HF 30.

uppsjávarsvið, fiskeldissvið og ferskvatnssvið. Þá rekur stofnunin Sjávarútvegsskóla Þróunar-samvinnumiðstöðvar UNESCO sem er hluti af GRÓ og eru nú 28 nemendur við skólann. Heildar velta stofnunarinnar á árinu 2020 var 4,2 milljarðar en þar af var 3,2 framlag ríkissjóðs. Framkvæmdastjórn stofnunarinnar er skipuð 7 einstaklingum, þ.e. forstjóra ásamt sviðsstjórn rannsóknasviða, fjármálastjóra og mannauðsstjóra. Alþingi samþykkti árið 2018 smíði nýs rannsóknaskips fyrir stofnunina sem skyldi leysa af hólmi rs. Bjarna Sæmundsson sem kominn er til ára sinna eftir þjónustu í hafrannsóknum við Ísland allt frá árinu 1970. Unnið er að hönnun en gert er ráð fyrir að smíði skipsins geti hafist á vormánuðum 2022 og að skipið verði komið í rekstur vorið 2024. Við hönnun skipsins er horft til ýmissa leiða til að draga úr notkun á jarðefnaeldsneyti enda fara þar vel saman umhverfissjónarmið og hagkvæmari rekstur skipa.

Kjarnastarfsemi stofnunarinnar

Viðfangsefni rannsóknasviða stofnunarinnar eru mörg og spanna mörg fræðasvið. Viðfangsefnið er allt frá hafsbotni, allar lífverur á og ofan hans sem og fjörur, ár og vötn á landi. Þannig er t.d. unnið að kortlagningu hafsbotnsins í lögsögu Íslands sem áætlað er að verði lokið um 2030. Vöktunarrannsóknir á ástandi lífríkisins, eðlis- og efnafræði er eitt af mikilvægum verkefnum stofnunarinnar. Niðurstöður þessara rannsókna eru ekki aðeins mikilvægar fyrir hinar ýmsu umhverfis- og vistfræðirannsóknir heldur einnig til að auka skilning og þekkingu á breytingum í m.a. á súrnun sjávar. Miklar breytingar hafa orðið í umhverfisþáttum á undanförunum áratugum og hafa þær m.a. haft áhrif á útbreiðslu og dreifingu tegunda. Skýr dæmi um slíkar breytingar eru varðandi loðnu og makríl. Stofnstærð loðnu hefur minnkað og útbreiðsla færst vestar og norðar en áður og makrill gekk um tíma í miklum mæli inn í íslenska lögsögu. Þá hafa bleikjustofnar minnkað mikið. Rannsóknir á lífríkinu beinast að stórum hluta að mati á stofnstærðum nytjastofna, viðgangi, atferli og samspili lífrænna og ólífrænna þátta innan vistkerfisins sem og mati á áhrifum athafna manna á það. Vöktun nytjastofna er viðamesti þátturinn í starfsemi stofnunarinnar og er undirstaða mats á stofnstærðum og veiðipoli stofna. Árlega er stjórnvöldum veitt ráðgjöf um veiðar á um 40 nytjastofnum auk ráðgjafar um ýmis málefni vaðandi vernd og nýtingu hafs og vatna. Þá veitir stofnunin umsagnir og ráðgjöf um ýmis málefni, m.a. vaðandi framkvæmdir í sjó og á landi sem áhrif geta haft á vatn og vatnsgæði. Vaxandi eldi sjávarvára kallar á ýmsar nýjar rannsóknir og vöktun svo það megi stunda í sátt við samfélag og náttúru. Laxeldi í sjókvíum er lang viðamesta eldið sem hér er stundað á Vest- og Austfjörðum. Hafrannsóknastofnun styður við þá uppbyggingu með rannsóknum á fiskeldi og áhrifum þeirra á umhverfi. Til þeirra rannsókna hefur stofnunin yfir að ráða fullkominni rannsóknastöð að Stað við Grindavík en stöðin hefur verið starfrækt í um 30 ár. Þá hefur umfang rannsókna vegna eldis í fjörðum aukist undanfarin ár en þær rannsóknir eru grundvöllur ráðgjafar um burðarþol og þar með sjálfbæra nýtingu eldissvæða. Hafrannsóknastofnun tekur þátt í umfangsmiklu samstarfi innan ýmissa alþjóðastofnanna en viðamesta samstarfið er við Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES). Auk þess er gott samstarf við stofnanir, háskóla og einstaklinga á fræðasviði stofnunarinnar.



Starfsmenn Hafrannsóknastofnunar um borð í Árna Friðrikssyni á leið í nýja starfsstöð í Hafnarfirði.



Hér má sjá sýnishorn úr alla flotvörpu. Marglyttan *Periphylla* sp. er áberandi sem og langa laxsild (*Notoscopelus kroeyeri*).



Hermann Jónasson, forstjóri ávarpar Húsnæðisþing.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun



Frá Húsnæðisþingi.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun tók til starfa 1. janúar 2020 með sameiningu Mannvirkjastofnunar og Íbúðalánasjóðs. Um starfsemi stofnunarinnar gilda lög nr. 137/2019. Stofnunin er sjálfstæð ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn en heyrir stjórnarframslegu undir félags- og barnamálaráðherra.

Stjórn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar skipa Sigurjón Örn Þórðarson, formaður, Ásta Pálmadóttir, varaformaður, Elín Oddný Sigurðardóttir, Karl Björnsson og Björn Gíslason. Forstjóri stofnunarinnar er Hermann Jónasson.

Stofnunin hefur aðsetur annars vegar í Borgartúni 21 í Reykjavík og hins vegar að Ártorgi 1 á Sauðárkróki og hjá henni starfa alls um 100 manns. www.hms.is

Verkefni

Hin sameinaða stofnun starfar að stjórnásluverkefnum á sviði húsnæðismála, mannvirkjamála og mála er varða byggingarvörur og brunavarnir. Markmiðið með sameiningunni var að efla stjórnáslu, stefnumótun og framkvæmd húsnæðis- og mannvirkjamála hér á landi ásamt því að skerpa á stjórnáslu byggingarframkvæmda og auka samstarf hagsmunaaðila á sviði húsnæðismála. Þá er ætlunin að stuðla að auknu húsnæðisöryggi landsmanna og stöðugleika á húsnæðismarkaði.

Helstu verkefni stofnunarinnar eru eftirfarandi:

Eftirlit með mannvirkjagerð og mannvirkjaskrá

Húsnæðisáætlanir og íbúðaþarfagreining

Brunavarnaáætlanir og slökkvilið

Fjármögnun hagkvæms húsnæðis og stefnumótun á sviði húsnæðismála

Eftirlit með rafmagnsöryggi og markaðseftirlit

Húsnæðisbætur og leigumarkaður

Rannsóknir og fræðsla

Hlutverk

Hlutverk Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er tvíþætt, annars vegar að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með gæðum, öryggi og heilnæmi og hins vegar að stuðla að stöðugleika á húsnæðismarkaði og tryggja almenningi aðgengi að viðunandi húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort sem er til eignar eða leigu.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn HMS er að vera leiðandi í opinberri þjónustu við almenning, nýsköpun og stafrænum lausnum. Að auka samstarf og samræmingu á sviði húsnæðis- og mannvirkjamála og stuðla að minnkun vistspors í byggingaiðnaði.



Frá afhendingu nýrra íbúða á Drangnesi.

Stefna

Stefna HMS er að stuðla að samfélagslegum árangri með því að:

Tryggja aðgengi að öruggu húsnæði fyrir alla, fylgjast með og meta framtíðarþörf og áætla framboð húsnæðis út frá upplýsingum um hvað er í byggingu á hverjum tíma.

Stefna að lágmarkun slysa og tjóna og leggja áherslu á að vernda fólk, eignir og umhverfi, með því að lágmarka hættu af völdum rafmagns og elds.

Gera stjórnvöldum kleift að taka markvissar ákvarðanir byggðar á rannsóknum og traustum upplýsingum úr rafrænum gagnasöfnum.

Stuðla að því að aðgerðir á húsnæðismarkaði séu unnar með hagsmuni allra haghafa að leiðarljósi; almennings, byggingariðnaðarins og stjórnvalda, þ.m.t. sveitarfélaga og fólks með sérstakar þarfir.

Leggja áherslu á að koma í veg fyrir sóun tíma, fjármuna og annarra gæða með skilvirkri stjórnsýslu og vandaðri áætlanagerð.

Minnka vistspor á málefnasviðum stofnunarinnar.

Taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði húsnæðis- og mannvirkjamála til að efla þekkingu og miðla reynslu.

Stefnumótun HMS tekur mið af áherslum ríkistjórnarinnar sem mælir velsæld þjóðar sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjármálaáætlunar og fjárlaga um öryggi í húsnæðismálum óháð efnahag og búsetu, kolefnishlutlausu framtíð, grósku í nýsköpun og betri samskipti við almenning, auk stuðnings ríkisstjórnarinnar við lífskjarasamninginn um vinnslu tillagna í húsnæðismálum, þ.m.t. um einföldun stjórnsýslu mannvirkjamála sem og stefnu stjórnvalda í nýsköpun og um stafræna opinbera þjónustu.

Briet

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun á einnig leigufélagið Brieti sem á og rekur leiguhúsnæði á landsbyggðinni m.a. í samstarfi við sveitarfélögin með það að markmiði að stuðla að virkum leigumarkaði á landinu öllu.



Afhending leiguibúðar í eigu Brietar á Drangnesi.



Gestir á Húsnæðisþingi.



Isavia

Tengjum heiminn í gegnum Ísland



Isavia ohf. er opinbert hlutfélag í eigu íslenska ríkisins. Félagið annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar. Dótturfélög þess annast síðan rekstur áætlunarflugvalla í innanlandsflugi og landingarstaða á Íslandi, fríhafnarverslana og flugleiðsöguþjónustu í innanlandsflugi og alþjóðaflugi yfir norðanverðu Norður-Atlantshafi á 5,4 milljóna ferkílómetra svæði. Isavia samstæðan gegnir því mikilvæga hlutverki að annast rekstur og uppbyggingu á innviðum sem leggja grunn að flugsamgöngum Íslands, tengingum við umheiminn og flugi á milli heimsálfa.

Stjórnarhættir Isavia ohf. taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutfélög, samþykktum félagsins og starfsreglum þeim sem stjórn félagsins setur sér. Isavia ohf. fylgir einnig almennri eigendastefnu ríkisins og sérstökum viðauka þar um sem snýr að Isavia ohf. Þá hefur félagið sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð.

Stjórn og framkvæmdastjórn Isavia ohf.

Í stjórn Isavia sitja Kristján Þór Júlíusson, formaður stjórnar, Matthías Páll Imsland, varaformaður stjórnar, Hólmfríður Árnadóttir, Jón Steindór Valdimarsson og Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir. Varafólk í stjórn eru Tómas Ellert Tómasson, Dóra Sif Tynes, Ingveldur Sæmundsdóttir, Sigrún Traustadóttir og Valdimar Halldórsson. Stjórnarfolk er kosið á hluthafafundi til eins árs í senn. Stjórnin setur sér ítarlegar starfsreglur þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar og forstjóra eru skilgreind. Starfsreglurnar eru endurskoðaðar og samþykktar á ári hverju. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda samkvæmt lögum og samþykktum. Stjórn metur störf sín með reglubundnum hætti, verklag og starfshætti, framgang félagsins, frammistöðu forstjóra og skilvirkni undirnefnda. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga félagsins og dótturfélaga þess.

Í framkvæmdastjórn Isavia ohf. sitja forstjóri, aðstoðarforstjóri, framkvæmdastjóri þjónustu og rekstrar, framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar og upplýsingatækni, framkvæmdastjóri viðskipta og þróunar og framkvæmdastjóri fjármála og mannauðs.

Isavia ohf. – móðurfélag samstæðunnar

Forstjóri Isavia ohf. hefur með höndum stjórn allrar daglegrar starfsemi félagsins samkvæmt stefnu og fyrimælum stjórnar. Rekstur móðurfélags Isavia grundvallast á tveimur kjarnaviðum Keflavíkurflugvallar, þ.e. annars vegar Viðskipti og þróun og hins vegar Þjónusta og rekstur, og tveimur stoðsviðum ásamt skrifstofu forstjóra. Stoðsviðin eru Fjármál og mannauður og Stafræn þróun og upplýsingatækni.

Forstjóri Isavia er Sveinbjörn Indriðason.

Aðstoðarforstjóri Isavia er Elín Árnadóttir.

Viðskipti og þróun annast samskipti við flugfélög og leiðaþróun, viðskipti og markaðsmál, rekstur og uppbyggingu innviða og mannvirkja ásamt flugvallarþróun og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar. Framkvæmdastjóri viðskipta og þróunar er Guðmundur Daði Rúnarsson.





Framhald á næstu opnu →

Þjónusta og rekstur annast öryggisstjórnun, flugvernd, þjónustu við farþega, flugvallarþjónustu og rekstur flugturnsins á Keflavíkflugvelli. Framkvæmdastjóri þjónustu og rekstrar er Anna Björk Bjarnadóttir.

Fjármál og mannauður annast mannauðsmál, reikningshald, fjárstýringu, áhættustýringu, hagdeild, fjármögnun, lögfræðileg málefni og innkaup. Framkvæmdastjóri fjármála og mannauðs er Ingibjörg Arnarsdóttir.

Stafræn þróun og upplýsingatækni annast upplýsingatæknirekstur félagsins og leiðir stafræna þróun. Framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar og upplýsingatækni er Bjarni Örn Kærnested. Heimilisfang Isavia ohf. er Dalshraun 3, 220 Hafnarfirði. Vefsíða: www.isavia.is

Dótturfélög Isavia ohf.

Dótturfélög Isavia ohf. eru þrjú – Isavia ANS ehf., Isavia innanlandsflugvöllir ehf. og Fríhöfnin ehf. Félögin eru í 100% eigu Isavia ohf. Þau eru rekin í takt við eigendastefnu fyrir dótturfélög Isavia ohf., samþykktir þeirra og starfsreglur stjórna.

Isavia ANS ehf. sinnir flugleiðsöguþjónustu í innanlands- og alþjóðaflugi í flugleiðsögusvæði yfir Norður-Atlantshafi. Isavia ANS rekur sértæka þjálfunardeild fyrir flugumferðarstjóra, flugfjarskipti, fluggagnafræði og flugupplýsingaþjónustu, ásamt því að sinna flugþrófunarverkefnum á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum. Heimilisfang félagsins er Nauthólsvegur 66, 102 Reykjavík. Framkvæmdastjóri er Kjartan Briem.

Isavia innanlandsflugvöllir ehf. annast rekstur innanlandsflugvalla og lendingarstaða á Íslandi. Heimilisfang félagsins er Reykjavíkflugvöllur, 102 Reykjavík. Framkvæmdastjóri er Sigrún Björk Jakobsdóttir.

Fríhöfnin ehf. rekur fjórar verslanir á Keflavíkflugvelli, þrjár fyrir brottfararfarþega og eina fyrir komufarþega. Verslanirnar eru opnar þegar áætlunarflug er um flugvöllinn. Fríhöfnin leggur áherslu á fjölbreytt úrval innlendra og alþjóðlegra vörumerkja. Heimilisfang félagsins er Keflavíkflugvöllur, 235 Keflavíkflugvelli. Framkvæmdastjóri er Þorgerður Þráinsdóttir.

2020-2022 hjá Isavia

Árið 2020 var krefjandi fyrir rekstur flugvalla og flugleiðsögu um allan heim. Heimsfaraldur COVID-19 tók völdin í daglegum athöfnum fólks og fór Isavia ekki varhluta af því. Fækkun farþega á árinu nam um 81 prósentu. Áhersla var lögð á yfirveguð viðbrögð og að standa vörð um störf hjá félaginu og innviðina sem það rekur. Lykilatriði var að ganga ekki nærri rekstrinum í niðurskurði. Ekki var þó hægt að komast hjá uppsögnum sem náðu til um 300 starfsfólks, aðallega á Keflavíkflugvelli. Fjármögnun félagsins var tryggð og fé til framkvæmda.

Þrátt fyrir að árið 2021 hafi áfram borið einkenni kórónuveirufaraldursins þá mátti engu að síður sjá skýr batamerki á rekstri flugvalla og flugleiðsögu frá árinu þar á undan. Síðasta ársfjórðung ársins 2020 þá fóru að meðaltali um 600 farþegar um Keflavíkflugvöll á degi hverjum. Á sama tímabili 2021 var þessi meðaltalstala komin í um 9.064 farþega á





dag sem er um 58% af daglega meðaltalinu á seinasta ársfjórðungi ársins 2019. Árið 2022 var endurheimtin í júlí og ágúst orðin ríflega sá fjöldi sem var sömu mánuði 2019 fyrir heimsfaraldurinn. Flest flugfélög sem flugu til Keflavíkurflugvallar fyrir kórónuveirufaraldurinn hafa snúið aftur. Framkvæmdir hafa verið miklar og verða það áfram á næstu árum enda Keflavíkurflugvöllur að stækka þannig að bjóða megi enn betri þjónustu fyrir farþega og flugfélög sem er grunnurinn að fjölgun flugtenginga. Tengistöðin á Keflavíkurflugvelli er drifkrafturinn þegar kemur að flugtengingum og því þarf að tryggja að hún standi undir þeim tækifærum sem fylgja tengiflugfélögunum á Keflavíkurflugvelli. Það er bein fylgni milli fjölda flugtenginga og hagvaxtar, lífsgæða og velsældar á Íslandi þannig að þessi áhersla á tengistöðina er ekki bara mikilvæg fyrir Ísavia og tengiflugfélögin heldur fyrir alla landsmenn. Til viðbótar við rekstur Keflavíkurflugvallar fór rekstur Fríhafnarinnar ekki varhluta af áhrifum kórónuveirufaraldursins enda mjög háður ferðalögum til og frá Keflavíkurflugvelli. Vel tókst til við að aðlaga reksturinn að breyttu umhverfi og því til viðbótar hefur félagið verið vel í stakk búið til að takast á við þær áskoranir sem hafa fylgt endurheimtinni.

Tekjur Isavia Innanlandsflugvalla ehf. koma að stærstum hluta úr þjónustusamningi við íslenska ríkið um rekstur þeirra. Kórónuveirufaraldurinn hefur haft mikil áhrif á reksturinn en íslenska ríkið, sem þjónustukaupandi, tók þá ákvörðun að draga ekki úr þjónustustigi í innanlandsflugvallakerfinu og mætti þeirri ákvörðun með sérstökum viðbótargreiðslum til félagsins til að mæta tekjufalli frá notendum. Þá hefur verið ráðist í framkvæmdir á flugvöllum á Akureyri og Egilsstöðum.

Stærsti hlutinn af tekjum Isavia ANS kemur úr samningi um yfirflugsþjónustu yfir Norður-Atlantshafið. Sá samningur gerir ráð fyrir sveiflujöfnun tekna og gjalda þannig að áhrif kórónuveirufaraldursins jafnast að stórum hluta út.

Stefna Isavia

Tilgangur Isavia ohf. er að leiða flugvallarsamfélag sem eykur lífsgæði og velsæld á Íslandi og framtíðarsýnin er að tengja heiminn í gegnum Ísland. Stefnuhringurinn er áttaviti um áherslur félagsins til framtíðar. Hann hefur það að markmiði að tengja stefnuáherslurnar saman til að leiða félagið að framtíðarsýninni. Allar sjö stefnuáherslurnar í stefnuhringnum endurspeгла megináherslur félagsins til framtíðar.

Nýjasta stefnuáherslan er áherslan á flugvallarsamfélagið. Isavia er aðeins eitt af þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem starfa á Keflavíkurflugvelli þar sem allir þurfa að vinna saman sem ein heild til að veita farþegum skilvirka og góða þjónustu. Félagið leiðir flugvallarsamfélagið og lætur hlutina gerast, tekur frumkvæði að því að vinna markvisst með viðskiptafélögum sínum að sameiginlegum árangri. Áhersla er á að viðskiptavinir séu í fyrirrúmi og þeim sé boðið upp á einstaka upplifun m.a. með snjöllum lausnum.





Framhald á næstu opnu →

Keflavíkurlugvöllur er einn af lykilinnviðum landsins og því er lögð áhersla á að byggja upp og viðhalda innviðum hans til lengri tíma og bæta stöðugt nýtingu auðlinda með arðsemi og langtímahagsmuni að leiðarljósi. Um leið er stuðlað að nýsköpun og stöðugri framþróun í starfsemi. Áhersla er á að vera til fyrirmyndar í öryggis- og verndarmálum og hefur félagið sjálfbærni að leiðarljósi í öllu sem það gerir.

Hjá Isavia starfar samheldinn hópur starfsfólks sem leggur áherslu á uppbyggileg samskipti og samvinnu. Öflug liðsheild starfsfólks skilar sér í bættri fyrirtækjamenningu og meiri starfsánægju. Skýr stefna og framtíðarsýn er lykillinn að því að starfsfólk geti tengt störf sín við stefnuna og unnið eftir henni.

Isavia fylgir fjórum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sérstaklega í stefnu sinni, þ.e. heimsmarkmiðum 8 um góða atvinnu og hagvöxt, heimsmarkmiði 9 um nýsköpun og uppbyggingu, heimsmarkmiði 13 um aðgerðir í loftslagsmálum og heimsmarkmiði 17 um samvinnu um markmiðin.

Sjálfbærnistefna Isavia

Í nýrri sjálfbærnistefnu Isavia er sjálfbærni höfð að leiðarljósi í öllu sem félagið gerir. Hún er ein af stuðningsstefnum félagsins og er sjálfbærni einnig ein af sjö stefnuáherslum í stefnu Isavia. Stefnan, markmiðin, mælikvarðarnir og aðgerðaáætlunin sem henni fylgir styðja við það að félagið nái árangri í sjálfbærni.

Sjálfbærnistefnan lýsir jafnvæginu milli umhverfis, samfélags og efnahags. Sjálfbærni-ferningurinn skiptist upp í fjóra þætti sem skipta mestu máli fyrir Isavia að leggja áherslu á miðað við heildarstefnuna og þá starfsemi sem félagið er í. Umhverfisþættinum var skipt í tvennt til að draga loftslagsmálin sérstaklega fram þar sem minnkun kolefnisspors þarf sérstaka athygli. Á árinu setti félagið það að markmiði að Keflavíkurlugvöllur væri orðinn kolefnalaus árið 2030. Í framhaldinu var unnið með stjórnendum að metnaðarfullri aðgerðaáætlun til næstu ára.

Mannauður hjá Isavia

Hjá Isavia starfar fjölbreyttur hópur fólks sem leggur sig fram við að skila vel unnu verki á hverjum degi. Félagið vinnur eftir mannauðsstefnu sem leggur áherslu á að stuðla að góðum starfsanda, almennri ánægju í starfi, góðri þjónustu við samstarfsfólk, farþega, flugfélög og aðra samstarfsaðila. Samhliða aukningu á flugi á ný eftir tímabil heimsfaraldursins fór starfsfólki félagsins að fjölga aftur á árinu.

Í árslok 2021 var fjöldi starfsfólks hjá Isavia og dótturfélögum 1153, sem skiptist þannig að 63% voru karlar og 37% voru konur. Meðalaldur starfsfólks var 42 ár og meðalstarfsaldur 8,6 ár. Þrátt fyrir að COVID-19 faraldurinn hafi sett sinn svip á starfsemi Isavia má segja að starfsfólki





MENNINGARSÁTTMÁLINN

Við sýnum hvert öðru virðingu og erum heiðarleg gagnvart sjálfum okkur og öðrum. Við gætum þess að viðhalda gleðinni, erum hugrökk, uppbyggileg og tökum ábyrgð á eigin frammistöðu.

Saman náum við árangri.

og stjórnendum hafi tekist að halda í gleðina og litið á þær áskoranir sem fylgdi faraldrinum sem tækifæri fremur en ógn. Í ljósi mikilvægis þeirra innviða sem félagið ber ábyrgð á ríktu miklar sóttvarnarkröfur og var t.d. grímuskyldu starfsfólks á farþegasvæðum og í návist farþega. Allar aðgerðir Isavia í sóttvörnum voru gerðar með öryggi starfsfólks að leiðarljósi, en það er markmið Isavia að leita allra leiða til að vernda starfsfólk gegn smitum og um leið vernda þannig starfsemi félagsins. Stjórnendur og sérfræðingar sinntu starfi sínu að mestu í fjarvinnu en með hækkandi sólu árið 2022 og tilslökunum á sóttvarnaraðgerðum hóf fólk að mæta aftur á starfsstöðvar sínar. Starfsfólki stendur þó enn til boða að nýta sér kosti fjarvinnu í samráði við stjórnendur og hafa flestir nýtt sér þann sveigjanleika reglulega.

Í stjórnendapjálfun var lögð áhersla á teymisvinnu, jafningjastjórnun og það að taka á málunum á uppbyggilegan og skýran hátt.

Öll félög innan Isavia samstæðunnar leggja áherslu á að efla starfsmhverfið og vinnustaðamenninguna með það að leiðarljósi að byggja upp góðan vinnustað þar sem ríkir menning sem styður bæði við árangur félagsins en tryggir ekki síður öryggi og vellíðan fólks í starfi.

Menningarvegferð Isavia

Móðurfélag Isavia hefur hafið vegferð til að bæta vinnustaðamenningu þess. Vegferðin hefur fengið yfirskriftina „saman á nýrri vegferð“ þar er vísað til þess að breyting á menningu fyrirtækja er vegferð sem hefur hvorki upphaf né endi og mun standa yfir í nokkur ár. Vegferðin er einnig liður í því að innleiða uppfærða stefnu Isavia sem stjórn félagsins samþykkti í lok árs 2021. Isavia hefur gert menningarsáttmála innan fyrirtækisins í stað þess að fyrirtækið setji sér sérstök gildi eins og algengt er.

Menningarsáttmálinn er leiðarljós og leiðarstef í hegðun starfsfólks Isavia og á að lýsa þeirri kjörmenningu sem er verið að innleiða. Sú ákvörðun var tekin af stjórnendum að greina þá vinnustaðamenningu sem er til staðar hjá félaginu og í framhaldinu hófst sú vegferð að komast í æskilega vinnustaðamenningu sem var ákvörðuð út frá skoðanakönnun meðal starfsmanna. Menningin er miðuð út frá einstaklingnum og horft er til þess að greina hegðun fólks, hvernig hegðun byggir upp samskipti og bæti þau og hvernig hegðun brjóti þau niður og skemmi fyrir. Þannig er einstaklingunum og fyrirtækinu gefið tækifæri til að vaxa og dafna. Síðan vegferðinni var hrundið af stað hefur verið unnið í stórum og smærri hópum með vinnustofum í hverri einingu og þvert á fyrirtækið, til að greina það sem telst vera uppbyggjandi, drottnandi og óvirk menning. Markmiðið er að þróa uppbyggjandi hegðun meðal starfsfólks, auka sjálfsþroska þess og efla tengsl milli fólksins í fyrirtækinu. Starfsfólk fyrirtækisins er í sameiningu að móta og innleiða heilbrigða og uppbyggjandi fyrirtækjamenningu sem verði öllum til góðs.





Mikil aukning hefur orðið í innlendri netverslun og pakkasendingum.

Íslandspóstur



Þórhildur Ólöf Helgadóttir, forstjóri.

Íslandspóstur gegnir veigamiklu hlutverki í því að tengja saman fólk, fyrirtæki og samfélög með því að miðla mikilvægum upplýsingum, gögnum og vörum til allra landsmanna og viðskiptavina þeirra hvar sem þeir eru á landinu. Dreifikerfi Póstsins nær til allra heimila og fyrirtækja landsins. Pósturinn starfar á alþjóðavísu með öðrum póstpjónustu- og samstarfsfyrirtækjum um vörusendingar til og frá Íslandi og myndar þannig sterka tengingu við erlend dreifikerfi um allan heim. Framtíðarsýnin er að vera fyrsta val viðskiptavina með því að veita framúrskarandi þjónustu og bestu dreifingar- og flutningslausnir á hverjum tíma.

Þróun í starfsemi félagsins

Þróun samskiptahátta síðustu ára hefur kallað á breytta viðskiptahætti. Undanfarin misseri hefur netverslun aukist til mikilla muna á sama tíma og dregið hefur mjög úr bréfasendingum. Íslandspóstur hefur gengið í gegnum umfangsmiklar breytingar á síðustu árum en segja má að árið 2020 hafi haft í för með sér áskoranir í rekstri félagsins sem eiga sér enga hliðstæðu í sögu félagsins. Þó gert hafi verið ráð fyrir hluta áskorananna voru þær sem tengdust heimsfaraldrinum af völdum Covid-19, algjörlega ófyrirséðar og höfðu viðtæk áhrif á rekstur félagsins.

Íslandspóstur hefur í gegnum árin gegnt stóru hlutverki í íslensku samfélagi og á liðnu ári kom berlega í ljós hversu mikilvæg þjónusta fyrirtækisins er fyrir landsmenn. Félagið gegndi lykilhlutverki í að koma sendingum til skila um land allt og gerði þar með öllum landsmönnum kleift að fá sendar vörur á sem öruggastan máta á þessum miklu óvissutímum.

Íslandspóstur, líkt og önnur póstfyrirtæki víða um heim, stendur nú á miklum tímamótum í gjörbreyttu starfsumhverfi. Með samþykkt nýrra póstlaga sem tóku gildi um áramótin 2020, hefur sömuleiðis verið sköpuð ný umgjörð um póstpjónustu á Íslandi. Íslandspóstur hefur ekki lengur einkarétt á að dreifa almennum bréfum en þann rétt hafði Íslandspóstur farið með fyrir hönd ríkisins allt frá stofnun félagsins. Árið 2020 var því fyrsta árið sem fyrirtækið starfaði á samkeppnismarkaði að öllu leyti.

Breyttir tímar kalla á nýjar lausnir við nýjum áskorunum. Breytingum fylgja ekki síður tækifæri til að tryggja þjónustu og mæta þörfum samfélagsins með hagfelldum hætti. Mikill viðsnúningur hefur átt sér stað í rekstri Íslandspóst á undanförunum árum. Viðtækar breytingar í rekstri og hagræðing birtast meðal annars í jákvæðum rekstri árið 2020. Þess er að vænta að fyrirtækið haldi áfram að styrkjast á næstu misserum.

Mannauður

Mannauðurinn er stærsta auðlind Íslandspósts. Á árinu 2020 störfuðu um 800 starfsmenn hjá félaginu, í 601 stöðugildi, ásamt þó nokkrum fjölda verktaka. Alls voru starfstöðvar félagsins 56 talsins, víðsvegar um landið, bæði í eigin rekstri og í samstarfi með öðrum.

Mannauðsstefna Póstsins tekur mið af ferðalagi hvers og eins frá upphafi ráðningar til



Áhersla á stafræna þróun.



Mannauður og liðsheid.

Framhald á næstu opnu →

starfsloka og er leiðarljós Póstsins við að móta gott starfsumhverfi sem stuðlar að ánægju og vellíðan starfsfólks þar sem allir eru leiðtogar. Stefnan hverfist um meginmarkmið Póstsins um bættu þjónustu og hagkvæmni í rekstri og nær til allra þátta mannauðsmála. Sterk ímynd laðar að rétta fólk, hvetjandi leiðtogar stuðla að vellíðan og starfsfólk heldur hvert öðru ábyrgu og tækifæri gefast til stöðugar starfsþróunar. Sterk liðsheid og lausnamiðað hugarfar starfsmanna Íslandspósts kom bersýnilega í ljós þegar leysa þurfti óvænt og krefjandi verkefni sem féllu til á árinu 2020.

Nýr forstjóri

Þórhildur Ólöf Helgadóttir tók við starfi forstjóra Íslandspósts í desember 2020 en hún hafði áður gegnt stöðu framkvæmdastjóra fjármálasviðs frá því í lok sumars 2019. Hún tók við af Birgi Jónssyni sem sagði starfi sínu lausu í lok október.

Samfélagsleg ábyrgð

Íslandspóstur gerir sér grein fyrir samfélagslegri ábyrgð sinni og leggur ríka áherslu á jafnvægi milli umhverfismála, samfélags og stjórnarháttá. Sýn fyrirtækisins er að sjálfbærni verði samofin menningu Íslandspósts og hluti af allri ákvarðanatöku. Því hefur umgjörð málaflöksins verið endurskipulögð.

Hafinn er undirbúningur að fyrstu loftslagsstefnu Íslandspósts, ásamt markmiðum og aðgerðum, meðal annars kolefnisjöfnun starfseminnar. Kolefnisfótspor fyrirtækisins liggur að miklu leyti í sjálfum rekstrinum, það er flokkun, flutningi og dreifingu pósts. Íslandspóstur fylgist grannt með tækniþróun í samgöngumálum, orkuskiptum og innviðum auk þess að leita tækifæra til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni.

Heimsfaraldur setti mark sitt á starfsemina

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 setti mark sitt á Íslandspóst á árinu líkt og mörg önnur fyrirtæki. Ekki einungis hvað varðar tekju- og magnbreytingar, heldur einnig hvað varðar allar þær takmarkanir sem fyrirtækið þurfti að vinna samkvæmt. Pósturinn fékk undanþágu frá fjöldatakmörkunum að einhverju marki í Póstmiðstöð en þær settu samt sem áður stórt strik í reikninginn og höfðu viðamikil áhrif á hraða í vinnslu sendinga. Fyrirtækið fylgdi settum reglum í hvívetna og lagði kapp á að vera til fyrirmyndar hvað varðar sóttvarnir meðal starfsmanna, hvort sem er í vinnslu, útkeyrslu eða á pósthúsum.

Heimsfaraldurinn hafði gríðarlega mikil áhrif á flutninga milli landa og eitt af verkefnum starfsmanna Íslandspósts var að finna farveg fyrir sendingar til og frá landinu. Sendingar frá Kína hættu til dæmis að berast til Íslands í lok júní 2020 og þurfti að bregðast við því. En þrátt fyrir að COVID-19 hafi haft mikil áhrif á árinu má segja að Íslandspósti hafi tekist vel til miðað við aðstæður og að starfsmenn félagsins hafi dregið mikinn lærdóm af einstöku ári í sögu þess.



Hjólapóstur.



Póstbox á Selfossi.



Netlúgan á Akureyri.



Pakkaport á Orkuni.



Póstmiðstöð í desember 2020.

Umbreyting Íslandspósts úr bréfafyrirtæki í pakkafyrirtæki

Mikill samdráttur hefur orðið í bréfasendingum og árið 2020 dróst fjöldi bréfa saman um 22%, sem er í takt við það sem verið hefur undanfarin ár. Áfram er búist við þróun í sömu átt á næstu árum en blikur eru á lofti um að bréfadreifing muni dragast hratt saman til framtíðar. Á meðan erlendrar pakkasendingar til og frá landinu áttu undir högg að sjækja á tímum heimsfaraldursins, varð mikil aukning á innlendum pakkasendingum á árinu 2020 eða 39%. Þess má geta að pakkasendingar jukust um 87% á síðasta ársfjórðungi ársins. Aukninguna má rekja til aukinna umsvifa innlendra vefverslana.

Þessi gríðarlega aukning setti mark sitt á starfseminu en þetta er mesta magn innlendra pakkasendinga frá upphafi. Aukningin var mest seinni hluta árs en í október, nóvember og desember var aukningin 112% frá fyrra ári. Mikið álag var á dreifikerfi og afhendingarleiðir auk þess sem segja má að reynt hafi á allt fyrirtækið, ekki síst starfsmenn sem stóðu sig frábærlega við þröngur og oft erfiðar aðstæður.

Fleiri afhendingarstaðir og einfaldari póstlagning

Póstbox voru fyrst kynnt til sögunnar árið 2014 og hafa verið sú afhendingarleið sem best hefur komið út úr þjónustumælingum allar götur síðan. Á haustmánuðum voru sett upp ný Póstbox víðsvegar um landið.

Á árinu 2020 var kynnt til sögunnar ný afhendingarleið sem nefnist Pakkaport. Pakkaportin eru staðsett hjá samstarfsaðilum sem sjá um að afhenda sendingar fyrir hönd Póstsins. Á árinu voru opnuð sex Pakkaport á höfuðborgarsvæðinu og fer fjöldi þeirra vaxandi á komandi misserum úti um allt land. Pakkaport eru álitin mikilvægur hluti af dreifikerfi fyrirtækisins til framtíðar. Mikil ánægja hefur verið með þessa fjölgun afhendingarstaða, sérstaklega á svæðum sem ekki hafa áður átt möguleika á að nota Póstbox.

Netlúgan var einnig kynnt til sögunnar á árinu 2020. Um er að ræða staði þar sem netverslanir og önnur fyrirtæki geta skilað af sér sendingum með einföldum hætti, utan hefðbundins opnunartíma og án þess að þurfa að bíða í röð. Nýjungin var þróuð í kjölfar samtala við innlendar netverslanir sem kölluðu eftir þjónustu sem hentaði þeirra þörfum og hefur hún notið mikilla vinsælda meðal notenda.

Stafræn umbreyting

Stjórn og stjórnendur Íslandspósts hafa markað þá stefnu að félagið skuli vera þátttakandi í fjórðu iðnbyltingunni og hefur Pósturinn nýtt árið 2020 til þess að minnka stafræna skuld og gera gangskör í stafrænni umbreytingu. Markmiðið er að þróa tækni sem gerir viðskiptavinum kleift að eiga viðskipti við Íslandspóst með stafrænum hætti í gegnum smáforrit og á endurbættari þjónustusíðu. Smáforritið (e. app) var sett í loftið á vormánuðum 2021 og gengur hugmyndafræðin út á að viðskiptavinir geti í raun haft „Póstinn í vasanum“. Áfram verður unnið að því að þróa og bæta þær þjónustuleiðir sem viðskiptavinum standa til



boða, enda má segja að stafræn umbreyting geri Póstinum kleift að veita samtímis betri og kostnaðarminni þjónustu. Nýr vefur fór í loftið í byrjun árs 2020 en meðal markmiða með nýjum vef var að einfalda viðskiptavinum aðgang að öllum þeim upplýsingum sem þeir þurfa, bæta notendaupplifun og auðvelda þeim að finna út gjöld af erlendum sendingum. Vefurinn hefur hlotið lof viðskiptavina og var meðal annars tilnefndur til íslensku vefverðlaunanna. Íslandspóstur lagði einnig mikla áherslu á að einfalda netverslunum að eiga viðskipti við fyrirtækið. Viðbætur fyrir Shopify og Woocommerce voru þróaðar á árinu 2020 með það að augnamiði. Eitt af stóru verkefnum ársins 2020 var að tengja sjálfvirka kennitöluleit við erlendar sem og innlendar sendingar, samhliða þessu hefur einnig verið þróuð lausn sem gerir viðskiptavinum mögulegt að velja þann afhendingarstað sem þeim hentar fyrir allar sínar sendingar. Viðskiptavinir hafa lengi kallað eftir þessari breytingu en hingað til hefur einungis verið hægt að velja afhendingarstað fyrirfram fyrir sendingar frá útlöndum.

Rafrænt númerakerfi á pósthúsum

Í lok árs var tekið í notkun rafrænt númerakerfi á stærstu pósthúsum Íslandspósts en þannig geta viðskiptavinir farið á vef fyrirtækisins og tekið sér númer áður en þeir mæta á svæðið. Þannig minnkar biðtími á staðnum og viðskiptavinir geta sparað sér dýrmætan tíma. Númerakerfið hjálpaði einnig til hvað varðar sóttvarnir í heimsfaraldrinum en það gerði viðskiptavinum mögulegt að fylgjast með röðinni í símanum, bíða eftir afgreiðslu úti í bíl og lágmarka þann tíma sem það eyddi inni á pósthúsinu sjálfu.

Útgáfu frímerkja hætt

Þau tímamót urðu á árinu 2020 að Pósturinn tók ákvörðun um að hætta útgáfu frímerkja. Áður hafði fyrirtækið haldið úti öflugri frímerkjaútgáfu í áratugi en minnkandi eftirspurn og tilheyrandi tap gerðu það að verkum að útgáfa var lögð af eftir haustið 2020.

Dreifingu fjölpósts hætt á suðvesturhorninu

Á árinu var ákveðið að hætta að dreifa fjölpósti á höfuðborgarsvæðinu, Akranesi, Reykjanesi og Selfossi. Ástæður þess voru að eftirspurn var sífellt að minnka, magn hafði dregist mikið saman og fækkun almennra bréfa gerði það að verkum að ekki voru lengur sömu samlegðaráhrif á dreifingu fjölpósts og almenns bréfapósts. Þá ber einnig að taka fram að ört vaxandi hluti viðskiptavina vildi einfaldlega ekki lengur fá fjölpóst, meðal annars með tilliti til umhverfissjónarmiða. Forsendur þess að halda úti þessari þjónustu voru því ekki lengur til staðar og ákveðið að hætta dreifingu.



Nýtt app á árinu 2021.



Starfsfólkið, myndin tekin í september 2018. Frá vinstri: Katrín Björg Ríkarðsdóttir, Úlfhildur Jóna Þórarinsdóttir, Hugrún R. Hjaltadóttir, Hjalti Ómar Ágústsson, Arnfríður Aðalsteinsdóttir, Friða Rós Valdimarsdóttir, Jón Fannar Kolbeinsson, Kristín Ólafsdóttir og Trygvi Hallgrímsson.

Jafnréttisstofa



Veggspjald Jafnréttisstofu 2019 var sent fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum í þeim tilgangi að minna á skyldur atvinnurekenda til að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi.



Veggspjald Jafnréttisstofu 2020 var ætlað til þess að vekja athygli á jafnréttislöggjöfnni.

Jafnréttisstofa hóf starfsemi í september árið 2000. Stofnunin annast stjórnábyrgð á sviði jafnréttismála og heyrir undir yfirstjórn forsætisráðherra. Jafnréttisstofa hefur eftirlit með framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna utan vinnumarkaðar nr. 85/2018 og laga um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu nr. 86/2018.

Markmið

Samandregið má segja að markmið jafnréttislöggjafarinnar sé að vinna gegn mismunun og koma á og viðhalda jafni meðferð, jöfnum tækifærum og jafnrétti. Öll lögin kveða á um skýrt bann við mismunun og gera kröfur til atvinnurekenda um markvissa vinnu innan fyrirtækja og stofnana sem og samfélagsins alls.

Hlutverk Jafnréttisstofu skv. lögum er að: Hafa eftirlit með framkvæmd ofantalinna laga.

Sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi á sviði jafnréttismála.

Veita ráðgjöf og aðstoð á sviði jafnréttismála.

Koma á framfæri við ráðherra og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að stuðla að auknu jafnrétti, t.d. um sértækar aðgerðir á sviði jafnréttismála.

Hvetja til virkrar þátttöku á sviði jafnréttismála, m.a. aukinnar aðkomu karla að kynja- og jafnréttisstarfi.

Fylgjast með þróun jafnréttismála í samfélaginu, svo sem með upplýsingaöflun og úttektum og hafa frumkvæði að því að gerðar verði skýrslur, kannanir eða rannsóknir á sviði jafnréttismála. Vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á vinnumarkaði; sérstök áhersla skal lögð á að vinna gegn launamisrétti á grundvelli kyns, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofa berast og varða ákvæði laganna, ef Jafnréttisstofa telur tilefni til.

Vinna gegn neikvæðum kynjaímyndum og neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla sem og neikvæðum staðalímyndum byggðum á kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu.

Hafa umsjón með umsýslu jafnlaunavottunar og jafnlaunastaðfestingar, sbr. 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, annast eftirlit með jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu, sbr. 10. gr. sömu laga, og veita jafnlaunastaðfestingu, sbr. 8. gr. sömu laga.

Vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Aðsetur og mannaúður

Í árslok 2020 voru starfsmenn Jafnréttisstofu átta talsins, fimm konur og þrjú karlar. Jafnréttisstofa er til húsa að Borgum við Norðurslóð á Akureyri. Framkvæmdastjóri er Katrín Björg Ríkarðsdóttir.



Frá vinstri: Páll Gunnar Pálsson, forstjóri, Ásgeir Einarsson, aðstoðarforstjóri, Valur Þráinsson, aðalhafgræðingur og Hulda Hákonardóttir og Eva Ómarsdóttir, verkefna- og teymisstjórar.

Samkeppniseftirlitið

Heildstæð samkeppnislög tóku fyrst gildi á Íslandi 1. mars 1993 samhliða gerð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þegar lögín tóku gildi voru Verðlagsstofnun og verðlagsráð lögð niður en Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð sett á lagginnar. Síðan þá hefur samkeppnislögunum verið breytt allnokkrum sinnum en veigamesta breytingin tók gildi 1. júlí 2005. Þá voru Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð lögð niður og Samkeppniseftirlitið varð til. Samkeppniseftirlitið er A-hluta stofnun sem heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og er rekstur hennar greiddur af ríkissjóði.

Hlutverk

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum samfélaginu öllu til heilla. Samkeppniseftirlitinu ber að ná markmiðum samkeppnislaga með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Eftirlit Samkeppniseftirlitsins tekur til hvers konar atvinnustarfsemi án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Alþjóðlegt samstarf

Samkeppniseftirlitið kappkostar að eiga í alþjóðlegu samstarfi með það fyrir augum að efla tengsl samkeppnisyrvalda innbyrðis. Þannig má auka þekkingu þeirra sem starfa við samkeppnismál. Erlenda samstarfið felst aðallega í þátttöku í nefndum og hópum sem fjalla um samkeppnismál og reglur auk verkefnavinnu í vinnuhópum sem fjalla um afmarkaða þætti samkeppnismála. Samkeppnisyrfirvöld á Norðurlöndum eiga í reglubundnu samstarfi og þá tekur Samkeppniseftirlitið þátt í samstarfi á grundvelli EES samningsins auk annars alþjóðlegs samstarfs.

Framtíðarsýn

Samkeppniseftirlitið byggir starfsemi sína á stefnumótun sem er reglulega tekin til endurskoðunar og byggir á skýrum markmiðum. Öll snúa þau að sama lokatakmarkinu sem er að stuðla að virkri samkeppni almenningi til hagsbóta. Stjórn Samkeppniseftirlitsins fjallar á hverju ári um áherslur eftirlitsins og endurskoðar þær með hliðsjón af fenginni reynslu og mati á því hvaða áskoranir séu framundan.

Mannauður

Samkeppniseftirlitið byggir afl sitt og getu fyrst og fremst á mannaúði, þ.e. hæfu og reyndu starfsfólki og jafnframt aðgangi að hæfustu sérfræðingum á hverju sviði, t.d. með góðum tengslum við háskóla- og fræðasamfélagið. Mikil áhersla er lögð á að Samkeppniseftirlitið sé í aðstöðu til að laða að sér og halda í gott starfsfólk. Skrifstofur Samkeppniseftirlitsins eru í Borgartúni 26 en þar starfa 29 starfsmenn. Forstjóri Samkeppniseftirlitsins er Páll Gunnar Pálsson, aðstoðarforstjóri er Ásgeir Einarsson og aðalhafgræðingur er Valur Þráinsson. Nánari upplýsingar um Samkeppniseftirlitið má finna á vefsíðunni: www.samkeppni.is.



Samkeppniseftirlitið er í Borgartúni.



Alþjóðlegt samstarf.



Sólfarið á Sæbraut.



Eftirlit á sjó. / Ljós. Árni Sæberg.

Landhelgisgæsla Íslands



Georg Kr. Lárússon, forstjóri Landhelgisgæslunnar.

Landhelgisgæsla Íslands var stofnuð þann 1. júlí 1926 og síðan þá hefur starfsemin vaxið og dafnað. Saga Landhelgisgæslunnar hefur verið samofin sögu íslensku þjóðarinnar á síðustu öld. Á fyrstu áratugum lýðveldissögunnar börðust Íslendingar fyrir yfirráðum yfir auðlindum hafsins og þar fór Landhelgisgæslan í broddi fylkingar. Síðan þá hefur margt breyst og Landhelgisgæslan aðlagð sig að breyttri heimsmynd með tilkomu fleiri verkefna og öflugra alþjóðasamstarfs. Þrátt fyrir það eru grunngildin ætíð þau sömu: Að standa vörð um fullveldisrétt Íslands á hafsvæðinu í kringum landið. Hjá Landhelgisgæslunni starfar samheldinn og fjölbreyttur hópur starfsfólks sem hefur margvíslega menntun og reynslu að baki. Starfsmenn Landhelgisgæslunnar eru um 200 talsins. Georg Kr. Lárússon er forstjóri Landhelgisgæslunnar.

Löggæsla á hafi

Verkefni Landhelgisgæslunnar á sjó eru margvísleg og mikilvæg. Þeirra á meðal er umfangsmikið löggæslu- og eftirlitshlutverk; með farartækjum, fiskveiðum, mengun og öðru því sem að hafinu kemur. Þá fara skipverjar á varðskipum einnig reglulega um borð í skip til eftirlits með veiðum, afla, mönnum og öryggisbúnaði. Til að framfylgja skyldum sínum á sjó reiðir Landhelgisgæslan sig á tækjakost í fremstu röð. Varðskipin leika þar lykilhlutverk enda vel útbúin; jafnt til löggæslu-, björgunar- sem og slökkvistarfa. Þau hafa mikla dráttargetu og eru grunnstöð þegar kemur að aðstoð og björgun stærri skipa við landið. Varðskipið Þór er flaggskip Landhelgisgæslunnar, enda eitt það fullkomnasta sinnar tegundar. Varðskipið Týr hefur staðið sína plikt sem varð- og björgunarskip við Íslandsstrendur frá árinu 1975 en það er systurskip varðskipisins Ægis sem tekið var úr virkri þjónustu Landhelgisgæslunnar árið 2015.

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar (LHG) gegnir viðamiklu hlutverki við samhæfingu og skipulagningu leitar- og björgunarþjónustu á hafinu umhverfis Ísland og vegna loftfara. Sérstaða stjórnstöðvarinnar er ekki síst fólgin í því að þar fer í raun fram samræming aðgerða Landhelgisgæslunnar. Verkefni stjórnstöðvar LHG eru margþætt: Hún er fjarskiptastöð fyrir varðskip og gæsluloftför, björgunarstjórnstöð og hlekkur í hinu almenna öryggiskerfi landsins, fjareftirlits- og fiskveiðieftirlitsstöð, landamæraeftirlitsstöð, móttökustöð tilkynninga erlendra skipa vegna siglinga þeirra um lögsöguna, komu þeirra til hafnar á Íslandi vegna Schengen-samkomulagsins og siglingaverndar og þá er Vaktstöð siglinga starfrækt innan stjórnstöðvarinnar. Þá gegnir hún veigamiklu hlutverki vegna almennrar löggæslu og eftirlits á hafinu.

Leit og björgun

Leitar- og björgunargeta á hafinu við Ísland byggir á þremur meginstöðum: Fyrirnefndum varðskipum og stjórnstöð sem og loftförum Landhelgisgæslunnar. Flugvél og þylur eru þannig órjúfanlegir hlekkir í þeirri keðju er mótar viðbragðsgetu LHG á íslenska leitar- og björgunarsvæðinu, sem alls spannar 1,9 milljónir ferkílómetra. Þylur Landhelgisgæslunnar geta sinnt leitar-, björgunar- og sjúkraflugi innan efnahagslögsögunnar. Þær eru sérstaklega útbúnar





Þyrlubjörgunaræfing. / Ljós m. Árni Sæberg.

til björgunarstarfa og sinna jafnframt leit, björgunar- og sjúkraflugi á landi. Landhelgisgæslan rekur þrjár björgunarþyrlur af gerðinni Super Puma. Eftirlits- og björgunarflugvélin TF-SIF er lykileining þegar kemur að leit að nauðstöddum, sérstaklega á ytri mörkum lögsögunnar, rétt eins og utan hennar en innan leitar- og björgunarsvæðisins. Hún er búin fullkomnum ratsjám og hitamyndavél. Úr vélinni má einnig varpa björgunarbátum til nauðstaddir. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir svæðið utan drægi þyrlanna þar sem aðeins er hægt að sinna leit og björgun með flugvélum og skipum.

Sjómælingar og sjókortagerð

Landhelgisgæslan sér um útgáfu íslenskra sjókorta. Í því verkefni felst margt og ber þar fyrst að telja skipulegar dýptarmælingar. Sjómælinga- og siglingaöryggisdeild hefur það hlutverk. Deildin annast gerð og útgáfu sjókorta af hafinu umhverfis landið. Þá eru gefin út siglingarit, s.s. sjávarfallatöflur og vitaskrá. Auk þessa er ritið Tilkynningar til sjófarenda gefið út með reglulegum hætti með efni er varða breytingar á sjókortum eða siglingahættum. Mikilvægi þessarar vinnu, sem miðar að því að auka öryggi sjófarenda á Íslandsmiðum, verður seint ofmetið. Landhelgisgæslan gerir út eftirlits- og sjómælingaskipið Baldur sem hefur verið í þjónustu Gæslunnar frá árinu 1991.

Varnarmálsvið

Landhelgisgæslan annast daglega framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna sem og framkvæmd gistiríkjastuðnings fyrir liðsafla Atlantshafsbandalagsins (NATO) hér á landi. Þá er það í verkahring starfsmanna Landhelgisgæslunnar að sjá um rekstur loftvarnakerfisins og mannvirkja Atlantshafsbandalagsins, þ.m.t. ratsjár- og fjarskiptastöðvar héraendis. Sá rekstur er eitt veigamesta framlag Íslands til sameiginlegra varna ríkja NATO. Varnarmálsvið Landhelgisgæslunnar sinnir jafnframt fjölda annarra verkefna; s.s. þátttöku í samræmdu loftrýmisefirliti og loftrýmisgæslu NATO, undirbúningi og umsjón varnaræfinga sem haldnar eru héraendis sem og úrvinnslu upplýsinga úr kerfum NATO og undirstofnanna þess.

Séraðgerða- og sprengjueyðingarsveit

Starfsmenn séraðgerða- og sprengjueyðingarsveitar sinna margvíslegum verkefnum, allt frá öryggisgæslu til köfunar og kennslu í vopnaburði fyrir áhafnir Landhelgisgæslunnar. Þá taka þeir jafnframt að sér þjálfun friðargæsluliða og þátttöku í friðargæslustörfum. Hin svonefnda sprengjueyðingarsveit Landhelgisgæslunnar sér um að gera þær sprengjur óvirkar og eyða sem finnast í og við landið.

Aljóðlegt samstarf

Landhelgisgæslan tekur þátt í fjölmörgum verkefnum erlendis á sviði öryggisgæslu, landamæragæslu, leit og björgun og öðrum sviðum tengt starfsemi. Má þar nefna æfingar á sviði leitar og björgunar í samstarfi við strandgæslur nágrannaríkja Íslands, norðurslóðasamstarf og verkefni á vegum NATO.





Landlæknir hafði aðsetur í Nesstofu fyrstu 70 ár embættisins. Síðar flutti embættið til Reykjavíkur.



Á árinu stækkaði enn í hópi heilsueflandi samfélagi þegar Rangárbíng ytra slóst í hópinn. Langflestir Íslendingar búa nú í heilsueflandi samfélagi.

Landlæknisembættið



Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir og annað starfsfólk embættisins þurfti að sinna margvíslegum og flóknum verkefnum í tengslum við heimsfaraldur COVID-19.



Skrifstofur embættis landlæknis eru nú á 6. hæð í Katrínartúni 2 í Reykjavík.



Þó svo að lítið hafi verið um samkomur árið 2020 þá náði starfsfólk embættisins að gera sér glaðan dag með börnum og barnabörnum í Guðmundarlundi í júní.

Saga embættis landlæknis

Embætti landlæknis er ein elsta stofnun Íslands. Með konungsúrskurði var læknirinn og náttúrufræðingurinn Bjarni Pálsson skipaður fyrsti landlæknir Íslendinga þann 18. mars árið 1760. Árið 2020 fagnaði embættið því 260 ára starfsafmæli. Upphaflegt aðsetur landlæknis var í Nesstofu við Seltjörn en árið 1834 flutti embættið til Reykjavíkur og er nú til húsa að Katrínartúni 2. Þó svo að hlutverk embættisins hafi sannarlega tekið breytingum frá stofnun þess og mótast í takt við breytta tíma og þekkingu á læknavísindum og lýðheilsu, þá hefur megin hlutverk þess frá upphafi verið að gæta að heilbrigðismálum landsins og lýðheilsu.

Þann 1. september 2007 tóku gildi lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Í lögnum er skýrt kveðið á um stöðu og hlutverk landlæknis sem eftirlits- og stjórnýslustofnunar. Einnig eru skilgreind megin markmið landlæknis, sem eru viðtæk ráðgjafarhlutverk ásamt því að stuðla að gæðum og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og efla heilbrigði landsmanna. Lög þessi, ásamt öðrum er varða rétt sjúklinga, sóttvarnir, heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmenn o.fl., mynda þann grunn sem embættið starfar á. Alls hafa átján landlæknar starfað hér á landi. Alma D. Möller er núverandi landlæknir og er hún jafnframt fyrsta konan til að gegna því starfi. Embættið er starfrækt undir yfirstjórn ráðherra sem árið 2020 var Svandís Svavarsdóttir.

Sex svið starfa innan embættisins. Þau eru eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu, heilbrigðisupplýsingar, lýðheilsa, miðstöð rafrænna heilbrigðislausna, rekstur og öryggi og að lokum sóttvarnir. Sviðsstjórar mynda framkvæmdastjórn embættisins ásamt landlækni en hana skipa í sömu röð Jóhann M. Lenharðsson, Sigríður Haraldsd. Elínardóttir, Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, Ingi Steinar Ingason, Þórgunnur Hjaltadóttir og að endingu Þórólfur Guðnason (sóttvarnalæknir).

Starfsemi embættis landlæknis árið 2020

Árið 2020 var eitt annasamasta ár í langri sögu embættisins og sem aldrei fyrr reyndi á ráðgjafahlutverk þess gagnvart stjórnvöldum. Í ársbyrjun bárust fregnir af nýrri kórónaveiru í Kína og fljótlega kom á daginn að í uppsiglingu væri heimsfaraldur af stærðargráðu sem ekki hafði sést í 100 ár, eða þegar spænska veikin gekk yfir heimsbyggðina.

Heimsfaraldur

Heimsfaraldur COVID-19 tók yfir nánast allt innra starf embættisins. Samhliða miklum áskorunum sem fylgdu faraldrinum tókst starfsfólki embættisins með góðum árangri að framfylgja skyldum þess í samræmi við lög, þrátt fyrir að það þyrfti að auki að takast á við sömu áskoranir og aðrir í ljósi samkomutakmarkana, sóttkvíar og einangrana vegna smita. Á þessum tíma var mikið álag á sviði sóttvarna hjá embættinu. Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir, lagði til mikinn fjölda tillagna um sóttvarnaaðgerðir í formi minnisblaða



Bólusetning fyrir COVID-19 hófst í desember 2020. Fyrstir til að fá bólusetningu voru heilbrigðisstarfsmenn og aldraðir með undirliggjandi sjúkdóma. Hér er Alma D. Möller í pontu ásamt heilbrigðisstarfsmönnum sem fengu sprautu í beinni útsendingu.

í takti við lög nr. 19/1997 um sóttvarnir. Á grundvelli þessara tillagna, og annarra þátta sem taka þurfti tillit til, gripu íslensk stjórnvöld til fordæmalausra aðgerða í þeirri von að hægja á útbreiðslu COVID-19 og forðast þannig ofurálag á heilbrigðiskerfið, það sem kallað var „að fletja kúrvuna“. Samtakamáttur þjóðarinnar var forsenda þess að þetta heppnaðist að mestu, en faraldurinn átti eftir að dragast á langinn. Landlæknir og sóttvarnalæknir voru meðal annars heilbrigðisráðherra og ríkisstjórn til ráðgjafar og starfsfólk sóttvarnasviðs vann náið með vísindasamfélaginu og almannavörnum, að viðbragði og upplýsingamiðlun, meðal annars með útgáfu ótal leiðbeininga. Starfsfólk allra sviða embættisins lagðist á eitt við að leysa fjölda flókinnar verkefna, sem tengdust faraldrinum. Má þar nefna eftirlit með heilbrigðisþjónustu, bæði vegna COVID-19, en ekki síður með annarri þjónustu. Þar komu rafrænar heilbrigðisskrár embættisins sér vel. Mikil vinna var við þróun og innleiðingu ýmissa rafrænna lausna, til dæmis skimunarkerfis og í Heilsuveru þar sem miðlað var niðurstöðum úr sýnatökum og mótefnaþælingum, svo fátt eitt sé nefnt. Þótt hraði væri á, var lögð ofuráhersla á öryggi lausna og persónuvernd. Þá var rafrænni útgáfu starfsleyfaskrár hraðað, til að auðvelda ráðningar úr bakvarðasveit heilbrigðisþjónustu. Embættið gaf út ráðleggingar um hvernig landsmenn gætu best tekist á við þær áskoranir sem faraldurinn var fyrir andlega líðan. Loks má nefna aðkomu starfsmanna embættisins að smitrakningu og ýmiss konar utanumhaldi.

Þau umfangsmiklu umbóta- og gæðaverkefni sem embættið hefur ráðist í á undanförunum árum komu að góðum notum í þeim áskorunum sem starfsfólk tókst á við í tengslum við heimsfaraldurinn, einkum varðandi rafrænar heilbrigðislausnir. Hægt verður að draga margvíslegan lærdóm af faraldrinum og því er mikilvægt að reynsla ársins 2020 verði nýtt til að efla enn frekar starfsemi embættisins. Á haustmánuðum var haldið áfram þróun rafrænnar stjórnsýslu sem fresta þurfti á fyrri hluta árs vegna COVID-19 faraldursins. Mikill ávinningur mun skapast í formi bættrar þjónustu við viðskiptavinum þegar rafrænar lausnir verða innleiddar. Embættið leggur áherslu á skýra, skráða verkferla og einföldun verklags, til að gera starfsemi og afgreiðslu erinda og alla starfsemi embættisins eins skilvirka og mögulegt er.

Fjölbreytt starfsemi

Öll svið embættisins tókust á við krefjandi verkefni tengd heimsfaraldrinum á árinu. En um leið var haldið áfram með mikilvæg langtíma verkefni. Má þannig nefna útgáfu lýðheilsuvísa sem varpa ljósi á stöðu mismunandi lýðheilsuástanda í heilbrigðisumdæmum landsins. Lýðheilsuvið hélt einnig áfram vinnu við Heilsueflandi samfélag sem er heildræn nálgun sem embættið vinnur í samstarfi og samráði við sveitarfélög, opinberar stofnanir, félagasamtök o.fl. Í árslok 2020 bjuggu um 93,5% Íslendinga í Heilsueflandi samfélagi.

Álag í tengslum við hið hefðbundna eftirlitshlutverk embættisins hélt áfram að aukast á árinu og meðal annars var farið í umfangsmikla úttekt á mannskæðu hópsemi COVID-19 á Landakoti. Áfram var unnið að áætlun um gæðapróun en líklegt er að notkun hennar verði til þess að bæta enn frekar gæði, öryggi og framþróun heilbrigðisþjónustu hér á landi.

Starfsmenn í fullu starfi hjá embættinu voru 59 á árinu. Embætti landlæknis hefur á að skipa góðu og reynslumiklu starfsfólki, sem hefur fjölbreyttan bakgrunn bæði í menntun og starfi. Mannauður í menntun er mikill og hafa 88% starfsmanna háskólapróf. Þar af eru tólf starfsmenn með doktorsgráðu og 31 starfsmaður með meistaraþróf.

Á árinu fékk embætti jafnlaunavottun og sýndi jafnlaunagreining ekki marktækan kynbundinn launamun innan embættisins.

Það sem tekur við

Þrátt fyrir að heimsfaraldur COVID-19 muni líði undir lok, mun verkefnum embættis landlæknis aðeins fjölga og þau verða flóknari. Í dag gerir almenningur réttmæta kröfu um að njóta góðs af þeim stórkostlegu framförum sem átt hafa sér stað á sviði læknavísinda. Þrýtt er að viðhafa stöðugt og öflugt eftirlit með veitingu heilbrigðisþjónustu, enda á almenningur, lögum samkvæmt, rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tók á að veita.



Leitarhundurinn Kæja og lögreglustöðin á Akureyri.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra



Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri.

Umdæmið og íbúafjöldi

Embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra varð til með sameiningu lögreglu-embættanna í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum árið 2015. Þá var settur sérstakur lögreglustjóri yfir embættið en áður höfðu sýslumenn farið með lögreglustjórn, hvor í sínu umdæmi. Fyrsti lögreglustjóri hins nýja embættis var Halla Bergþóra Björnsdóttir. Þann 13. júlí 2020 tók Páley Borgþórsdóttir við starfi lögreglustjóra við embættið. Umdæmið er eitt það stærsta á Íslandi og þekur tæplega 23.300 ferkílómetra landsins, allt frá miðjum Tröllaskaga austur að Bakkafirði og upp að Hofsjökli og Vatnajökli. Íbúafjöldi á svæðinu er yfir 30.000, þar af um 19.000 á Akureyri.

Lögreglustöðvar og mannaflí

Í umdæminu eru lögreglustöðvar á Siglufirði, Dalvík, Akureyri, Húsavík og Þórshöfn. Á Akureyri er sólarhringsvakt og eru 6 lögreglumenn á útkallsvakt hverju sinni. Lögð er áhersla á að fjölga lögreglumönnum sem sinna útköllum á Akureyri upp í 7 á vakt enda hefur mannfjöldapróun og aukin verkefni kallað eftir því. Á Húsavík eru 9 lögreglumenn, 1 á Þórshöfn og 5 á Tröllaskaga (Dalvík og Siglufirði). Við embættið starfar 9 manna rannsóknardeild, 3 lögfræðingar á ákærsviði, 2 rannsakendur sem sinna útlendingamálum og landamæralöggæslu, 2 lögreglumenn og 1 sérfræðingur í eftirliti með þungaflutningum, skrifstofustjóri, málaskrárritari, boðunarmaður og valdbeitingapjálfi. Einn starfsmaður í rannsóknardeild er jafnframt umsjónarmaður fíkniefnaleitarhunds. Yfirlögregluþjónn embættisins er Kristján Kristjánsson en aðstoðaryfirlögregluþjónar eru yfir útkallsdeild og rannsóknardeild. Árið 2015 störfuðu 7 konur við löggæslu hjá embættinu en árið 2019 er sú tala komin upp í 16. Um tíma var erfitt að fá menntaða lögreglumenn í stöður sem losnuðu en með tilkomu lögreglunáms við Háskólann á Akureyri og mikilli aðsókn í það nám, hefur sú staða breyst mjög til batnaðar. Lögreglustöðin á Akureyri var tekin í notkun árið 1968. Með sameiningu embættanna 2015 fjölgaði starfsmönnum í húsinu til muna og er svo komið nú að húsrýmið rýmir vart þá starfsemi sem þar fer fram. Það er því knýjandi að ráða bót þar á og er sú vinna nú farin af stað. Aðrar lögreglustöðvar embættisins hafa allar fengið andlitslyftingu undanfarin ár og henta starfseminni ágætlega.



Fyrsti lögreglustjóri embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, Halla Bergþóra Björnsdóttir.

Starfsemin

Skráð verkefni hjá embættinu á árinu 2018 voru 10.466 og stefnir í að þau verði talsvert fleiri á árinu 2019. Um er að ræða fjölbreytta flóru verkefna, sem vissulega draga dóm af þjóðfélagsbreytingum, sprengingu í ferðamannaiðnaði og sífellt „smækkandi heimi“, sem veldur því að skipulögð glæpastarfsemi er nú orðin ein helsta ógnin sem steðjar að íslensku samfélagi. Lögreglan á Norðurlandi eystra heldur úti sérstöku eftirliti á þjóðvegum umdæmisins en er einnig með skipulagt eftirlit á hálendinu yfir sumarmánuðina. Mikill fjöldi ferðamanna leggur leið sína gegnum umdæmið og voru t.d. yfir 200 komur skemmtiferðaskipa



Horft á Kaldbak í Eyjafirði.

til Akureyrar 2019. Þá er Akureyrarflugvöllur skilgreindur Schengen-millilandaflugvöllur og varaflugvöllur fyrir Keflavík. Þar hefur á undanförunum árum verið talsverð uppbygging í áætlunarflugi en með því hefur orðið sú breyting að landamæralöggæsla er orðin mun fyrirferðarmeiri en áður í störfum lögreglunnar. Skipulögð brotastarfsemi hefur birst í því að vart hefur orðið við hópa erlendra aðila sem fara um landið og stunda fjársvik og þjófnaði í híbýlum manna. Einnig hefur verið aukning í rannsóknum á vændi og vinnumansali auk þess sem netglæpir ýmiss konar verða sífellt algengari. Allt kallar þetta á sérstakt viðbragð lögreglunnar og meiri tækjabúnað og sérþekkingu. Þjálfun lögreglumanna hefur einnig aukist mjög undanfarin ár. Er þar um að ræða bæði æfingar í handtökuaðferðum og meðferð vopna og annarra valdbeitingartækja. Einnig eru æfð reglulega viðbrögð við meiriháttar atvikum, s.s. skotárásum og glæpum í flugvélum. Í umdæminu eru virk jarðskjálftasvæði og eldstöðvar og því eru æfingar og áætlanagerð vegna viðbragða lögreglu í almannavarnarástandi snar þáttur í starfseminni.

Tilraunaverkefni

Frá því að embættið var stofnað þann 1. janúar 2015 hefur mikil áhersla verið lögð á vandaða málsmeðferð og liður í því hefur verið að leita leiða til að bæta upplifun brotþola af réttarvörslukerfinu. Fljótlega eftir að embættið var stofnað var farið að vinna að sérstökum umbótaverkefnum í samstarfi við hina ýmsu aðila. Eitt þeirra var að innleiða nýtt verklag við kynningar á niðurfellingu kynferðisbrotamála. Þessi tilhögun hefur mælst vel fyrir og árangurinn af verkefninu vakið athygli þannig að önnur embætti hafa síðar tekið upp verklagið. Síðara umbótaverkefnið fól í sér að brotþolum í alvarlegum kynferðisbrotamálum var boðið viðtal við sálfræðing, sér að kostnaðarlausu, strax að lokinni skýrslutöku hjá lögreglu, einkonar sálræn fyrsta hjálpi. Þá hefur embættið leitt vinnu við að koma á fót miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi, í samstarfi við fleiri. Miðstöðin sem fékk nafnið Bjarmahlíð var formlega opnuð á vormánuðum 2019. Einnig kom embættið að vinnu við að koma á fót útibúi frá Barnahúsi á Norðurlandi, því fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og var útibúið opnað formlega þann 1. apríl 2019.

Framtíðin

Til framtíðar telur lögreglustjóri að nauðsynlegt sé að styrkja enn frekar löggæslu á svæðinu, m.a. með fjölgun í útkallsliði lögreglu. Markmiðið er einnig að halda áfram að jafna kynjahlutföll innan lögreglunnar og að halda áfram að efla starfsemina almennt. Þá stefnir embættið enn fremur á að halda áfram að vera í fararbroddi með þróun á verklagi til hagsbóta fyrir þá sem til lögreglu leita. Í starfsemi hvernar stofnunar er mannauðurinn hvað mikilvægastur, þekking og reynsla þeirra sem við embættið starfa er lykilþáttur í árangursríku starfi. Það er markmið embættisins að vera áfram eftirsóknarverður vinnustaður og að halda áfram að efla þá mikilvægu þjónustu sem embættið veitir, samfélaginu til heilla.



Hálendiseftirlit að sumri til.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra



Gunnar Örn Jónsson, lögreglustjóri Norðurlands vestra.

Um áramótin 2014 og 2015 gengu í gildi einar umfangsmestu breytingar í sögu lögreglunnar á Íslandi, þegar fullur aðskilnaður varð á milli sýslumanna og lögreglunnar í landinu. Lögregluliðin á Blönduósi og Sauðárkróki voru sameinuð í Lögregluna á Norðurlandi vestra með aðalaðsetur lögreglustjóra á Sauðárkróki en lögreglustöð er jafnframt á Blönduósi. Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra er með aðsetur á Blönduósi. Lögreglustjóri hjá þessu nýja sameinaða embætti var skipaður Páll Björnsson sem áður hafði gengt embætti sýslumanns á Höfn í Hornafirði. Þann 1. apríl 2017 lét Páll af störfum og við tók Gunnar Örn Jónsson sem áður starfaði sem staðgengill lögreglustjórans á Suðurlandi. Gunnar gegnir enn störfum lögreglustjórans á Norðurlandi vestra, þegar þetta er ritað. Fastir starfsmenn embættisins eru 22 sem að skiptast í yfirstjórn, rannsóknar-, umferðar-, og almenna deild. Að auki starfa hjá embættinu 6 héraðslögreglumenn.

Verkefni lögreglunnar á Norðurlandi vestra

Í störfum lögreglunnar á Norðurlandi vestra sem og verkefnum hafa umferðarmál ávallt skipað stóran sess, og er meðal annars rekin sérstök umferðardeild hjá embættinu sem að sinnir þeim málum nánast eingöngu en er til styrkingar öðru starfi ef þörf krefur. Umferðardeildin sem og vaktin hverju sinni, sjá um eftirlit í umdæminu með áherslu á umferðarmál eðli málsins samkvæmt og er eftirlitinu sinnt alla daga vikunnar. Þessi áhersla embættisins á umferðarmál hefur skilað sér í mikilli fækkun umferðarslysa og er lögreglan á Norðurlandi vestra sérstaklega stolt af því.

Með ákvörðun dómsmálaráðherra í júní 2018 var embætti lögreglustjórans á Norðurlandi vestra falið að sjá um þjálfun á öllum fíkniefnahundum lögreglunnar í landinu, sem og kaupum á hundum, úttektum og prófum lögreglumanna sem að sjá um hundana. Síðar bættust í hópinn hundar tollgæslunnar og fangelsismálastofnunar. Hjá lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra er einn starfsmaður sem hefur sérstaklega með þessi mál að gera. Hundarnir sem og þjálfarar þeirra eru sér valdir, þeir þurfa að undirgangast stífa þjálfun sem endar með prófum hvar gefin eru út svokölluð starfsleyfi sem hundateymin þurfa svo að endurnýja á hverju ári með prófum eða úttekt að nýju. Æfingar og próf hafa farið fram víða á landinu. Prófdómarar hafa gjarnan komið erlendis frá og þá frá Bretlandi aðallega. Sama á við um kaup á hundum að flestir þeirra hafa komið frá Bretlandi. Hefur lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra verið í góðu samstarfi við Metropolitan Police of London um þessi mál. Árið 2020 hófst eins og hvert annað ár, en það átti eftir að breytast. Fréttir fóru að berast af skæðum sjúkdómi sem að breiddist um heimsbyggðina og þann 28. febrúar greindist fyrsta tilfellið af þessum sjúkdómi sem síðar fékk nafnið Covid 19, á Íslandi og allt breyttist í störfum lögreglunnar. Fljótlega var staða almannavarna sett á neyðarstig og lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra ákvað að virkjuð yrði aðgerðastjórn almannavarna í héraði. Fundir voru



Aðgerðarstjórn að störfum.



Fíkniefnahundur að störfum.

haldnir með almannavarnanefndum héraðsins og í framhaldi af því var aðstaða fengin fyrir aðgerðastjórnina í húsnæði Fjölbrautarskólans á Norðurlandi vestra. Aðgerðastjórnin var jafnframt skipuð og í henni tóku sæti, tveir fulltrúar lögreglustjórans á Norðurlandi vestra, fulltrúi björgunarsveitanna í umdæminu, fulltrúi Rauða krossins og slökkviliðsstjórnin í Skagafirði. Skiptu þessir aðilar með sér verkum eftir svokölluðu SÁBF kerfi almannavarna. Verkefnin voru strax mörg því að farið var í undirbúning fyrir komu þessa vágests sem talið var að ekki væri hægt að komast hjá að fá inn í umdæmið. Aðgerðastjórnin fór í það að uppfæra allar viðbragðsáætlanir, hafa samband við allar stofnanir og helstu fyrirtæki í umdæminu og setja þeim þau verkefni að gera sínar eigin áætlanir, skipta vinnustöðum upp í sóttvarnahólf og svo framvegis, svo að atvinnulífið myndi ekki lamast ef upp kæmu veikindi. Sama gerði aðgerðastjórnin sjálf svo hún gæti unnið áfram ef veikindi kæmu upp.

Þess má geta að Norðurland vestra er stórt landbúnaðarhérað og því mikilvægt að búskapur geti gengið áfallalaust. Skipaðar voru vettvangsstjórnir í Skagafirði, á Blönduósi fyrir austur-Húnavatnssýslu og á Hvammstanga fyrir Húnaþing vestra. Fyrsta tilfelli covid-19 í umdæminu greindist svo 17. mars.

Á aðgerðastjórnina reyndi töluvert er upp komu smit í þó nokkrum mæli í Húnaþingi vestra. Voru samskipti mikil á milli aðgerðastjórnarinnar og vettvangsstjórnar Húnaþings vestra á þeim tíma. Farið var í að setja á tímabundna úrvinnslusóttkví á sveitarfélagið á meðan unnið var að því að skipuleggja aðgerðir og koma böndum á ástandið. Einungis var íbúum heimilt að sækja sér nauðsynjar og þá einn frá hverju heimili sem og á var sett 5 manna samkomubann. Með þessum aðgerðum sem voru býsna stórtækar telur aðgerðastjórnin að tekist hafi að koma í veg fyrir frekara samfélagssmit. Fundir voru reglulega haldnir með félagsþjónustustarfsmönnum, áfallahjálparhópum o.s.frv. Með vorinu fækkaði smitum á landinu og í maí var aðgerðastjórnin sett í frí en klár að koma aftur til starfa ef að á þyrfti að halda.

Í september byrjuðu að koma upp smit á landinu aftur í svokallaðri bylgju tvö. Var þá aðgerðastjórnin virkjuð að nýju með tveim starfsmönnum lögreglustjórans á Norðurlandi vestra en aðrir meðlimir aðgerðastjórnarinnar voru í viðbragðsstöðu ef að á þyrfti að halda. Var aðgerðastjórnin starfandi út árið 2020. Smit voru nokkur í umdæminu en ekki jafn mörg og í fyrri bylgjunni. Verkefnin voru sambærileg og í fyrri bylgjunni, eða skipulagning aðgerða, upplýsingamiðlun til almennings o.s.f. Meðal annars sá aðgerðastjórnin um að koma á framfæri upplýsingum til almennings í umdæminu um stöðu mála, með svokallaðri stöðutöflu. Var það gert nokkrum sinnum í viku eða eftir þörfum.

Framundan eru bólusetningar og vonandi batnandi tíð fyrir landsmenn og þessir undarlegu tímar taki brátt enda. Það er farið að sjást til strandar í þessu óvenjulega verkefni.



Afhending nys fíkniefnahunds á Suðurnesjum.



Almenn umferðarlöggæsla.



Almenn umferðarlöggæsla.



Yfirstjórn. Frá vinstri: Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri, Sveinn Kristján Rúnarsson, yfirlögregluþjónn almennu deildar, Gróa Hermannsdóttir, fjármálastjóri, Margrét Harpa Garðarsdóttir, staðgengill lögreglustjóra, Oddur Árnason yfirlögregluþjónn rannsóknardeildar og Björn Ingi Jónsson verkefnastjóri almannavarna.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi



Aðgerðarstjórn á Selfossi. / Ljós. Frimann Birgir Baldursson.



Kjartan Þorkelsson. / Ljós. úr safni Lögreglu.



Höfuðstöðvar lögreglunnar á Suðurlandi, Hvolsvelli. Ljós. úr safni Lögreglu.

Hinn 1. janúar 2015 tók til starfa nýtt embætti Lögreglustjórans á Suðurlandi. Embættið nær yfir víðáttumikið landsvæði og er að flatarmáli um 30.970 km². Það nær til Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Austur-Skaftafellssýslu. 14 sveitarfélög eru innan umdæmisins. Lögreglan á Suðurlandi er með lögreglustöðvar á Selfossi, á Hvolsvelli, þar sem lögreglustjóri situr, í Vík í Mýrdal, á Kirkjubæjarklaustri og á Höfn. Lögreglustjóri frá stofnun embættisins hefur verið Kjartan Þorkelsson. Staðgengill lögreglustjóra er Margrét Harpa Garðarsdóttir en hún fer með stjórn lögfræði- og ákærusviðs. Við stofnun embættisins var framlag á fjárlögum 2015 kr. 642.663.000,- en á árinu 2020 var það kr. 1.144.800.000. Fjöldi starfsmanna við stofnun embættisins var 43 þar af 36 lögreglumenn. Starfsmenn eru nú í árslok 2020, 62 þar af 53 lögreglumenn. Almannaþingarnir eru veigamikill þáttur í starfsemi embættisins vegna mikillar náttúruvár innan umdæmisins, bæði vegna eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta sem og vegna hópslysa í umferðinni. Almannaþingarnefndir í sameinuðu umdæmi eru þrjár. Ein fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð, önnur fyrir Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu og sú þriðja í Árnessýslu. Lögreglustjóri situr í nefndum þessum eins og ákvæði almannavarnarlaga áskilja. Í lok árs 2015 tókst samkomulag milli sveitarstjórna í umdæminu og lögreglustjóra um ráðningu starfsmanns til þess að sinna almannavarnarmálum í umdæminu. Kostnaður við embættið er greiddur til helminga af sveitarfélögnum annarsvegar og af lögreglustjóraembættinu hins vegar. Til starfsins valdist Víðir Reynisson er þá hafði nýlega hætt störfum hjá almannavarnardeild ríkislögreglustjóra. Eftir að hann lét af störfum hjá embættinu hefur Björn Ingi Jónsson gegnt starfinu. Markmið með skipun hans var að hrinda í framkvæmd og hafa umsjón með viðbragðsáætlanagerð í umdæminu, halda utan um menntun og þjálfva viðbragðsaðila innan umdæmisins og styrkja samstarf þeirra. Allt þetta með það í huga að auka við áfallapol umdæmisins og gera viðbragðsaðila og samfélagið allt betur í stakk búið til þess að takast á við áföll og afleiðingar þeirra.

Almenn deild

Lögreglumenn á Selfossi ganga sólarhringsvaktir, en á öðrum stöðum er unnið á stöðnum vöktum yfir mesta álagstíma dagsins og svo á bakvöktum á milli. Árið 2018 fékkst viðbótarfjármagn þannig að hægt var að bæta verulega í löggæsluna á svæðinu. Fjölgað var á vöktum á Selfossi úr sextán í tuttugu og fjóra. Vorið 2019 var lögreglumönnum á Hvolsvelli fjölgað úr fjórum í sex og þar með lengdur viðverutími lögreglumanna. Einnig var tímabundið bætt við tveimur lögreglumönnum á Vík og Kirkjubæjarklaustri þannig að á því svæði eru ávallt þrjú lögreglumenn við störf hverju sinni, en voru áður tveir. Aukið hefur verið í eftirlit í Örefum á sumrin. Á árinu 2016 fékk lögreglan til sín verkefni sem Samgöngustofa og Vegagerðin höfðu haft með höndum um langan tíma og í góðri samvinnu við lögregluna, en það er eftirlit með umferð stórra bíla og atvinnutækja. Þetta verkefni dreifðist á þrjú lögregluembætti, Suðurland, Vesturland og Norðurland eystra. Embættið á Suðurlandi fékk



Umferðarlöggæsla á Mýrdalssandi. / Ljós. Sigurður Sigurbjörnsson.

til sín tvær stöður lögreglumanna. Tveir aðalvarðstjórar eru starfandi við deildina og hafa þeir með daglega umsjón með starfi vaktanna. Á vordögum 2019 var skipaður við embættið lögreglufulltrúi sem sér um alla þjálfun lögreglumanna, umsjón með búnað lögreglunnar og með rafrænum sönnunargögnum. Auk þessa starfsfólks er yfirlögregluþjónn sem er deildarstjóri yfir almennu deildinni. Yfirlögregluþjónn almennu deildarinnar er Sveinn Kristján Rúnarsson.

Rannsóknardeild

Frá stofnun embættis Lögreglustjórans á Suðurlandi þann 1. janúar 2015 hefur orðið umtalsverð þróun í starfsemi rannsóknardeildar og þeirrar vinnu sem þar er unnin. Rannsóknarlögreglumönnum hefur fjölgað og eru nú 7 rannsóknarlögreglumenn starfandi á Selfossi auk lögreglufulltrúa. Tekin hefur verið upp staða rannsóknarlögreglumanns á Höfn og heyrir hann einnig, eins og hinir, undir lögreglufulltrúa í rannsóknardeild sem stýrir verkefnum deildarinnar. Lögreglan á Suðurlandi hefur tekið fullan þátt í því að innleiða tækninýjungar við rannsóknir mála og átti m.a. stóran þátt í því að nokkur embætti sameinuðst með stuðningi rannsóknarnefndar samgönguslysa um kaup á þrívíddarskanna sem staðsettur er hjá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og gerir kleift að skanna upp og skila málsettum teikningum af vettvangi í kvarða þar sem skekkjumörk eru talin í millimetrum á hverja 100 metra. Skönnun vettvangs umferðarslyss má að jafnaði ljúka á innan við klukkustund. Jafnframt hefur embættið komið sér upp þremur drónum til myndatöku á vettvangi og e.a. leitarvinnu og eru í notkun þeirra fólgin gríðarleg tækifæri til einföldunar. Hjá lögreglunni á Suðurlandi er starfrækt bíltæknirannsóknarsetur sem sett var á stofn á Selfossi með samningi dómsmálaráðuneytisins, samgönguráðuneytisins og rannsóknarnefndar samgönguslysa við embættið á árinu 2009. Sá samningur var nýverið framlengdur með samkomulagi við samgönguráðuneytið. Í bíltæknirannsóknarsetrinu eru rannsökuð ökutæki úr alvarlegum umferðarslysum fyrir landið í heild. Nýverið var keyptur vandaður tölvubúnaður til aflesturs af tölvum ökutækja en þau eru, ekki síður en annað í þessum heimi, uppfyll af tölvum sem skrá ítarlegar upplýsingar um ökuhraða, hemlun, stöðu stýris o.fl. sem nýtist við slysarannsóknir. Lögregla og löglærðir fulltrúar á ákærusviði vinna þétt saman að rannsóknum máls frá upphafi þess. Þannig styttist í raun málsmeðferðartíminn hjá báðum einingum því ekki þarf að endursenda mál með frekari rannsóknarbeiðnum frá ákærusviði til rannsóknardeildar nema í örfáum málum og á ákærusviði er þekking á málunum þegar þau koma þar inn og því styttri tími sem fer þar í afgreiðslu þeirra. Umfangsmestu rannsóknir deildarinnar eru á sviði kynferðisbrota, heimilisofbeldis og ýmisskonar bruna og slysa. Yfirlögregluþjónn rannsóknardeildar er Oddur Árnason.



Umferðarefirlit við Selfoss um verslunarmannahelgi.



Lögregluæfing. / Ljós. Þorsteinn Jónsson.



Flateyri í kvöldroðanum.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum



Karl Ingi Vilbergsson, lögreglustjóri.

Þann 1. janúar 2007 voru lögregluliðin fjögur á Vestfjörðum sameinuð í eitt, undir stjórn sýslumannsins á Ísafirði, sem þá var Kristín Völundardóttir. Úlfar Lúðvíksson, þáverandi sýslumaður á Patreksfirði tók síðan við sýslumannsembættinu 1. júlí 2010 og jafnframt lögreglustjórninni. Áfram voru lögreglustöðvarnar á Hólmavík, Patreksfirði og Ísafirði. En lögreglustöðin í Bolungarvík var aflögð síðla árs 2009. Jarðgöngin milli Hnífsdals og Bolungarvíkur voru tekin í notkun um ári síðar.

1. janúar 2015 varð sú grundvallarbreyting að verkefni sýslumanna og lögreglustjórn voru aðskilin um land allt og umdæmunum fækkað úr fimmtán í níu. Þann 1. janúar 2015 var Karl Ingi Vilbergsson, aðstoðarsaksóknari hjá ákærusviði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, skipaður lögreglustjóri á Vestfjörðum, hann hefur aðsetur á Ísafirði.

Umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum

Sveitarfélög í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum, sem eru alls 9 talsins, eru Bolungarvíkurbær, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð, Reykhólahreppur, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur.

Íbúar í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum eru 7108 (1. jan. 2021) 70% íbúanna búa á norðanverðum Vestfjörðum.

Vestfirðir skiptust áður í fimm sýslur: Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu en í dag er venja að tala fremur um Barðastrandarsýslur, Ísafjarðarsýslur og Strandir.

Barðastrandarsýslur ná frá syðsta hluta Vestfjarðarkjálkans, frá botni Gilsfjarðar að austanverðu út á Látrabjarg að vestan og norður að Langanesi í Arnarfirði. Margar eyjar Breiðafjarðar tilheyra sýslunni.

Ísafjarðarsýslur taka yfir landsvæðið frá Langanesi í Arnarfirði allt norður í Horn og þaðan í Geirólfsnúp við sunnanverðan Reykjafjörð, þar sem sýslumörk Ísafjarðar- og Strandasýslu eru. Þannig nær umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum yfir allan Vestfjarðakjálkann að undaskildum Bæjarhreppi í Strandasýslu, en hann sameinaðist Húnaþingi Vestra þann 1. janúar 2012. Umdæmið nær norður Strandir og fyrir Hornbjarg, suður fyrir Látrabjarg til Gilsfjarðar. Sýslumörk eru áfram við Vestur-Húnavatnssýslu í austri og Dalasýslu í suðri.

Sólarhringsvakt hefur verið á lögreglustöðinni á Ísafirði allt frá árinu 1982. Lögreglumenn á Patreksfirði og Hólmavík standa vaktir, alla daga vikunnar, allt árið um kring, en þess utan eru þeir á bakvakt.

Starfsfólk og aðsetur

Fjöldi lögreglumanna á Vestfjörðum er 24 og héraðslögreglumenn eru 9 talsins. Yfir lögregluþjónn er með aðsetur á lögreglustöðinni á Ísafirði og aðstoðaryfir lögregluþjónninn með aðsetur á Patreksfirði. Í rannsóknardeild lögreglunnar á Vestfjörðum starfa, auk lögreglufulltrúa, tveir rannsóknarlögreglumenn.



Hlynur Hafberg Snorrason, yfir lögregluþjónn.



Undir Dynjanda.



Frá vinstri: Hlynur Hafberg Snorrason, Þórir Guðmundsson, sem heldur í hundinn Tind og Jónatan Guðbrandsson.

Embættið á leitarhundinn Tind sem er sérþjáfaður til fíkniefnaleitar. Lögreglustjórinn er með skrifstofu sína á Ísafirði en þar starfa löglærður fulltrúi og ritari.

Vestfirðir, stærð og náttúra

Flatarmál Vestfjarða er 9.356 ferkílómetrar. Þar af eru eyjar og sker 21.5 ferkílómetrar. Til samanburðar er flatarmál Íslands, með eyjum og skerjum, 102.712 ferkílómetrar. Embættinu tilheyrir ein lengsta strandlengja landsins eða rúmlega 2000 km. Strandlengja Íslands er í heild 4970 km. Stofn- tengi- og landsvegir, auk héraðsvega að öllum byggðum bæjum sem hafa ábúendur (lögheimili) í umdæminu, eru samtals 1553 km.

Margar af náttúruperlum Íslands eru í umdæminu. Má þar nefna Flatey á Breiðafirði, Rauðasand, Vatnsfjörð, Látrabjarg, fossana sex í Dynjanda, eyjarnar Vigur og Grímsey og Hornstrandafriðlandið. Ár hvert sækja um 6000 manns friðlandið á Hornströndum. Komur skemmtiferðaskipa hafa aukist ár frá ári og fyrir kórónufaraldurinn nam fjöldi slíkra skipakoma, til Ísafjarðar, yfir 100 árlega. Samanlagður fjöldi farþega slíkra skipa nam um 120.000.

Samstarf

Lögreglan á Vestfjörðum á samstarf við margar stofnanir og aðila. Má þar nefna Umhverfisstofnun vegna friðlanda í umdæminu. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Veðurstofu Íslands og Vegagerðina þegar kemur að ofanflóðahættu og varúðarráðstöfnunum, s.s. rýmingu húsa og lokun vegakafla vegna hættu á ofanflóðum.

COVID-19

COVID-19 reyndi mjög á samstarf margra aðila, innan og utan umdæmisins, undir merkjum almannavarna í héraði. Þannig voru tvær aðgerðastjórnir almannavarna skipaðar og þrjár vettvangsstjórnir.

Markmið

Það er markmið lögreglunnar á Vestfjörðum að auka öryggi íbúanna og annarra þeirra sem um umdæmið fara.



Jónatan Guðbrandsson, aðstoðaryfir lögregluþjónn.



Ljósma Jónas.



Kirkjufell. / Ljósma Jónas.

Lögreglustjórinn á Vesturlandi



Jón Haukur Hauksson, settur lögreglustjóri frá 2020, þegar Úlfar fór á Suðurnes.



Úlfar Lúðvíksson, lögreglustjóri 2015-2020.



Jón S. Ólason, yfirlögregluþjónn.

Um áramótin 2014 og 2015 sameinuðust þrjú lögregluembætti, lögreglan á Akranesi, lögreglan í Borgarfirði og Dölum og lögreglan á Snæfellsnesi, í embætti Lögreglustjórans á Vesturlandi. Við sameininguna varð til víðfemt embætti með mörgum þéttbýliskjörnum og fjölda sumarhúsabyggða sem í dvelja þúsundir um hverja helgi. Lögreglustöðvar eru á Akranesi, í Borgarnesi, Búðardal, Stykkishólmi og Ólafsvík og Grundarfirði. Við embættið er starfandi almenn deild sem sinnir öllum helstu útkalls- og eftirlitsverkefnum, umferðardeild sem annast sértækt eftirlit með umferð stærri ökutækja auk annarra verkefna, myndavéladeild sem annast úrvinnslu hraðabrota úr hraðamyndavélum um land allt og rannsóknardeild sem annast rannsóknir alvarlegri brota í umdæminu. Rannsóknardeildin starfar í nánú samstarfi við aðstoðarsaksóknara embættisins sem sér um saksókn fyrir hönd embættisins.

Við sameiningu embættanna þriggja í upphafi árs 2015 var lögreglustjóri Úlfar Lúðvíksson sem tók við taumunum af þremur sýslumönnum, Höllu Bergþóru Björnsdóttur á Akranesi, Ólafi K. Ólafssyni sýslumanni á Snæfellsnesi og Stefáni Skarphéðinssyni sýslumanni í Borgarnesi.

Á árinu 2020 fór Úlfar Lúðvíksson til starfa hjá lögreglunni á Suðurnesjum og Jón Haukur Hauksson tók tímabundið við sem settur lögreglustjóri. Við embættið starfa um 40 lögreglumenn í almennri deild, umferðardeild og rannsóknardeild, þrír starfsmenn í myndavéladeild, tveir aðstoðarsaksóknarar auk tveggja starfsmanna á skrifstofu embættisins. Höfuðstöðvar embættisins eru í Borgarnesi þar sem lögreglustjóri hefur aðsetur. Almenn deild skiptist í fjögur varðsvæði með aðsetur á Akranesi, Borgarnesi, Búðardal og á Snæfellsnesi, umferðardeild og rannsóknardeild eru gerðar út frá Akranesi og myndavéladeild er með aðsetur í Stykkishólmi.

Verkefni Lögreglustjórans á Vesturlandi

Frá upphafi hefur megináhersla Lögreglustjórans á Vesturlandi verið á fagmennsku, sveigjanleika og viðbragðsflyti, samvinnu á milli deilda og góða og faglega þjónustu varðandi öll þau fjölbreyttu verkefni sem inn á borð lögreglunnar berast á degi hverjum. Embættið hefur ávallt starfað í nánú samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu og þá sérstaklega félagsþjónustu sveitarfélaganna. Mikil áhersla hefur verið á að samþætta viðbrögð við heimilisofbeldi og í barnaverndarmálum, en slíkt samstarf er í stöðugri þróun í viðleitni embættisins að þjónusta þolendur og gerendur í slíkum málum á sem skilvirkastan og bestan máta.

Vegna þess hversu víðfemt embættið er og byggðir dreifðar þarf lögreglan að dreifa kröftum sínum í þeirri viðleitni að þjónusta alla íbúa á viðunandi hátt. Meginþungi löggæslunnar er á svæðinu frá Akranesi upp í Borgarfjörð þar sem byggð er þéttust og verkefni eru flest. Í Dölum og á Snæfellsnesi er byggðin dreifðari en straumur ferðafólks um þessi svæði er hins vegar alltaf að aukast og þá sérstaklega á Snæfellsnesi þar sem ásókn er mikil í náttúruþerlur á borð við Snæfellsjökul og Djúpálón.



Ljós. Jónas.



Ljós. Jónas.

Aðsetur og deildir

Á Akranesi, þar sem íbúafjöldinn er mestur og flestir lögreglumenn starfa, er sólarhringsvakt hjá almennri deild. Umferðardeild sem sinnir sérstöku umferðareftirliti á Vesturlandi og víðar um landið hefur einnig þar aðsetur auk rannsóknardeildar sem þjónustar allt embættið við rannsóknir sakamála og alvarlegra atvika. Í Borgarnesi eru höfuðstöðvar embættisins þar sem lögreglustjóri hefur aðsetur, skrifstofa embættisins er þar til húsa og almenn deild er einnig gerð þar út. Á Snæfellsnesi eru þrjár lögreglustöðvar, í Stykkishólmi þar sem myndavéladeild hefur aðsetur en hún vinnur úr myndum úr hraðamyndavélum á landsvísu. Almenn deild á Snæfellsnesi hefur svo einnig til umráða lögreglustöðvar í Grundarfirði og í Ólafsvík. Í Búðardal er starfrækt lögreglustöð og þar hefur einn lögreglumaður aðsetur. Í svo dreifðu embætti hefur reynst nauðsynlegt að hafa starfandi héraðslögreglumenn sem eru til taks þegar nauðsyn krefur og eru þeir þá til stuðnings starfandi lögreglumönnum.

Íbúar á svæðinu eru á 17. þúsund og er langmestur fjöldi á suðursvæði embættisins. Í sveitarfélögunum á suðursvæði embættisins, frá Borgarbyggð að Akranesi búa rúmlega 12.000 manns og tæplega 5000 manns á Snæfellsnesi og í Dalabyggð. Að auki sækja nokkur þúsund manns sumarhúsabyggðir á svæðinu allt árið um kring og straumur erlendra ferðamanna til að skoða náttúruperlur svæðisins, sem eru óteljandi, hefur aukist ár frá ári og slíkri ásókn fylgir töluvert af verkefnum af öllum stærðum og gerðum.

Stefnan

Fjölbreytni byggðar á svæðinu eykur litróf mannlífsins og hefur stefna lögreglunnar á Vesturlandi ávallt miðað að því að láta þjónustuna mæta þörfum samfélagsins. Fjölbreytni í samfélagi kallar á sífella endurskoðun starfseminnar og hvernig þjónusta má íbúanna með sem bestum og faglegustum hætti.




Ljós. Jónas.



Ljós. / Jónas.



Oddur Már Gunnarsson, forstjóri Matís, flakar fisk með myndarbrag.



Sjávarfang er eitt umfangsmesta rannsóknæfni Matís.

Matís



Stjórn Matís ásamt forstjóra Matís. Efri röð frá vinstri: Oddur Már Gunnarsson, forstjóri Matís, Hákon Stefánsson, stjórnarformaður, Sigmundur Einar Ófeigsson, Arnar Árnason, Helga Sigurrós Valgeirsdóttir, Sindri Sigurðsson, Sigrún Traustadóttir, á myndina vantar Drífu Kristínu Sigurðardóttur stjórnarkonu.

Matís ohf. er framsækið og öflugt þekkingarfyrirtæki sem sinnir fjölbreyttum rannsókna- og nýsköpunarverkefnum í þágu atvinnulífsins, einkum fyrir matvæla- og líftækniöðnaðinn í landinu. Með samstarfi við stofnanir og fyrirtæki innanlands og utan eru niðurstöður rannsókna og þróunar á matvælum og öðrum auðlindum lífríkisins nýttar til að auka þekkingu og skapa verðmæti í samfélaginu. Þannig skipar Matís stóran sess í verðmætaaukningu innan lífhagkerfisins, eflir matvælaframleiðslu og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og afurða – og stuðlar um leið að sjálfbærni og umhverfisvernd.

Matís er leiðandi í efna- og örverurannsóknum matvæla á Íslandi. Til að tryggja matvælaöryggi neytenda og verðmæti útflutningsafurða vinnur Matís náið með opinberum eftirlitsaðilum við ráðgjöf, mælingar, vöktun og áhættumat. Með rannsóknum og vöruþróun á matvælum og innihaldsefnum í matvælum stuðlar Matís að bættri lýðheilsu landsmanna og áhersla er lögð á þróun fjölbreyttra næringarríkra matvæla sem hafa heilsuþætandi áhrif.

Meginaðsetur fyrirtækisins er að Vínlandsleið 12 í Reykjavík og starfsstöðvar eru fjórar, á Akureyri og Ísafirði, í Neskaupstað og Vestmannaeyjum. Starfsemi er margvísleg með sérstaka áherslu á samvinnu fyrirtækja og einstaklinga í nærumhverfi. Starfsmannafjöldi Matís telur í dag um 90 manns. Innan þess hóps eru margir af helstu sérfræðingum landsins í matvæla- og líftækni auk fjölda M.Sc. og Ph.D. nema sem stunda rannsóknatengt nám hjá fyrirtækinu í tengslum við atvinnulífið. Vinnuumhverfið er krefjandi og spennandi og býr að fyrsta flokks aðstöðu og tækjabúnaði.

Matís í áranna rás

Árið 2006 voru sett lög á Alþingi sem heimiluðu stofnun opinbers hlutafélags sem sameinaði undir einn hatt þrjár ríkisstofnanir sem sérhæfðu sig í rannsóknum og þróun í matvælaöðnaði. Þetta voru Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknir Keldnaholti og Rannsóknastofna Umhverfisstofnunar. Við stofnun Matís rann líftækniyrirtækið Prokaria einnig inn í fyrirtækið. Sömu lög kváðu á um nýja stofnun Matvælarannsóknna hf. en starfræksla þess sem opinbers hlutafélags hófst þann 1. janúar 2007 undir nafninu Matís. Starfsemi þess í dag heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Fyrrum forstjóri Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins, Dr. Sjöfn Sigurgísladóttir, tók við starfi forstjóra hins nýstofnaða fyrirtækis, Matís. Hún stýrði fyrirtækinu í þrjú ár þar til Dr. Sveinn Margeirsson var ráðinn í hennar stað. Oddur Már Gunnarsson tók við af Sveini árið 2019 og er hann forstjóri fyrirtækisins í dag. Dr. Anna Kristín Daníelsdóttir er aðstoðarforstjóri og rannsóknastóri. Stjórn Matís skipa í dag þau Hákon Stefánsson, stjórnarformaður, Arnar Árnason, Drífa Kristín Sigurðardóttir, Helga Sigurrós Valgeirsdóttir, Sigmundur Einar Ófeigsson, Sigrún Traustadóttir og Sindri Sigurðsson.

Sameining fyrri eininga, undir merkjum Matís, hefur haft jákvæð samlegðaráhrif í för með sér. Stefnumótun er markvissari og skilar sér í árangursríku starfi. Fyrirtækið sinnir



Hvers kyns mælingar er mikilvægar í matvælaöðnaðinum innan lands sem utan. Matís veitir atvinnugreininni þjónustu, m.a. með örveru- og efnamælingum.



Starfsfólk Matís notar ýmis tæki og tól í rannsóknum sínum.

Framhald á næstu opnu →

fjölpættum verkefnum og á allra síðustu árum hefur sérstök áhersla verið lögð á að efla samstarf við fyrirtæki og stofnanir, sem og að auka umsvif Matís um allt land í samræmi við uppbyggingaáætlun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um eflingu starfsemi stofnana á landsbyggðinni. Nýsköpun hefur verið eflid með því að auka samstarf við iðnfyrirtæki og samvinnu milli landsvæða, tengjast menntastofnunum og byggja upp rannsóknnaðstöðu í nábýli við atvinnulífið. Að auki er skipulega unnið að því að byggja upp samstarf við erlendar rannsóknastofnanir og fyrirtæki sem róa á sömu mið. Áform eru um að efla til muna starfsemina víða um landsbyggðina og fjölga samstarfsverkefnum með fyrirtækjum til sjávar og sveita. Þannig skilar Matís íslensku samfélagi verðmætum afurðum og þjónustu.

Starfsemin

Í samræmi við lög um hlutverk Matís er rannsóknum innan fyrirtækisins skipt upp eftir þremur áherslum; verðmætasköpun, lýðheilsu og matvælaöryggi. Samhliða rannsóknum og þjónustu stendur fyrirtækið fyrir margvíslegri útgáfu og miðlun upplýsinga á formi almenns kynningarefnis, skýrslna, greina í tímaritum og ýmsum fagbókum. Matís sinnir einnig ráðgjöf við stjórnvöld, þróunarsamvinnu og menntun og þjálfun sem fellur undir áherslur fyrirtækisins.

Verðmætasköpun

Matís vinnur markvisst að því að auka verðmætasköpun, efla samkeppnishæfni íslenskra afurða og atvinnulífs og nýsköpunarhæfni Íslands. Markmiðið er sjálfbær og arðsöm nýting auðlinda til sjávar og sveita, í nánu samstarfi við fyrirtækin í landinu. Matís hefur unnið með atvinnulífina að rannsóknum og þróun til að ná sem mestum verðmætum úr lífauðlindunum, til að mæta kröfum neytenda og auka sjálfbærni. Helstu áherslur Matís hafa verið á þróun nýrra afurða og vinnsluferla, sem og úrbætur í virðisæðju matvæla til að tryggja gæði, auka verðmæti eða draga úr kostnaði við framleiðsluna. Verðmætasköpun úr hliðarafurðum hefur verið eitt af forgangsverkefnum Matís og fyrirrennara þess í samstarfi við atvinnulífið. Náið samstarf hefur verið við landbúnaðar- og sjávarútvegsfyrirtæki í gegnum tíðina, þar sem unnið hefur verið að því að auka verðmæti samfélaginu til hagsbóta. Einnig hefur Matís átt í góðu samstarfi við þá aðila sem þjónusta matvælaíðnaðinn, s.s. tækjaframleiðendur, hugbúnaðarfyrirtæki og menntastofnanir.

Undanfarin ár hefur Matís einnig í auknum mæli beint sjónum að sjávarlíftækni sem felur í sér rannsóknir og þróun á vinnslu lífvirkra efna úr íslensku sjávarfangi, svo sem á fæðubótarefni, lyfja, snyrtivara og lífplasts. Einnig hafa rannsóknir á nýjum, sjálfbærari og umhverfisvænni próteingjöfum hlotið aukið vægi í umræðunni í heiminum og er Matís á meðal fremstu rannsóknafyrirtækja í heimi við þróun nýrra próteina í matvæli og fóður. Sérstaklega hefur fyrirtækið verið framsækið í þróun nýrra próteingjafa fyrir fiskeldi og rekur Matís tilraunaeldisstöð þar sem framleitt er fóður og það prófað á ýmsum fiskeldistegundum.



Höfuðstöðvar Matís eru á Vinlandsleið 12, Reykjavík.



Gestir á Vísindavöku heimsækja bás Matís til þess að fylgjast með matar-þrívíddarprentara reida fram kræsingar.



Þrívíddarprentari sem prentar út mat vekur athygli ungra sem aldinna á Vísindavöku.



Vísindafólk hjá Matís í Reykjavík að störfum.



Vísindakona hjá Matís sinnir rannsóknum.

Lýðheilsa

Matís stuðlar að því að bæta lýðheilsu á Íslandi með rannsóknum og vöruþróun. Mikilvægt er að þekkja eiginleika íslenskra afurða og eru haldgóð gögn forsenda umræðna um hvernig við bætum líf og heilsu. Matís hefur á grundvelli rannsóknaniðurstaðna sinna byggt upp gagnvirka gagnagrunninn ÍSGEM, um efnainnihald matvæla sem eru á íslenskum markaði. Gagnagrunnurinn stuðlar að því að neytendur geti tekið upplýstar ákvarðanir um sína neyslu og heilsu. Auk þess nýtist ÍSGEM framleiðendum, seljendum, kaupendum, rannsóknaaðilum, stjórnvöldum, skólum og öðrum hagsmunaaðilum.

Matís hefur komið að fjölmörgum rannsóknaverkefnum á sviði lýðheilsu svo sem með þróun á nýjum matvælum sem bæta heilsu og velferð almennings og viðkvæmra hópa á borð við aldraða og barnshafandi kvenna og stuðlað þannig að lækun útgjalda til heilbrigðismála á Íslandi. Einnig hefur Matís stutt við matvælaíðnaðinn með því að auka þekkingu og áhuga ungu kynslóðarinnar á málefnum tengdum mat. Þannig er leitað nýrra og vænlegra leiða til að efla þekkingu og vitund um mat og matvælaframleiðslu, sérstaklega á staðbundinni íslenski frumframleiðslu. Þannig tók Matís nýverið þátt í Háskóla unga fólksins, í samstarfi við Háskóla Íslands, um mat í geimnum, þar sem nemendur fengu fræðslu um meðferð og eiginleika matvæla á nýstárlegan hátt. Einnig hefur Matís í samstarfi við Matarauð Íslands, unnið að því að vekja athygli og áhuga íslenskra barna á betri nýtingu matarafurða og þar með minni matarsóun, nýtingu staðbundinna íslenskra afurða í matreiðslu og nýsköpun í matreiðslu úr hefðbundnum íslenskum afurðum.

Matvælaöryggi

Matís styður íslaensk yfirvöld í að tryggja öryggi og heilnæmi matvæla. Styrkur fyrirtækisins á sviði matvælaöryggis liggur í breiðum grunni getu, þekkingar og innviða ásamt tengslum við iðnaðinn og landsbyggðina. Matvælarannsóknir Matís hafa verið yfirgripsmiklar þar sem nýjustu og bestu tækni sem völ er á hverju sinni hefur verið beitt í mismunandi og fjölbreyttum verkefnum. Aukinn skilningur á eðli, uppruna og smitleiðum sjúkdómssvaldandi örvera er til dæmis mikilvægur til að tryggja öryggi matvæla og koma í veg fyrir faraldra og efla öryggi neytenda. Miðlun þekkingar til almennings og vísindasamfélagsins með útgáfu kynningarefnis og skrifum í tímarit er mikilvægur liður í þeirri vinnu sem Matís sinnir ötullega. Lögð er áhersla á að hafa tiltæk vönduð og vel skilgreind vísindaleg gögn um óæskileg efni og örverur í íslenskum matvælum til að sýna fram á öryggi og heilnæmi þeirra ef hættu staðjar að þeirri jákvæðu ímynd sem íslensk matvæli hafa áunnið sér í gegnum tíðina. Haldgóð gögn eru nauðsynleg á hverjum tíma og því þarf stöðuga vöktun á ástandi íslenskra matvæla og samanburð við sambærileg erlend matvæli sem seld eru hérlandis. Slík gögn geta einnig liðkað til fyrir markaðssetningu og sölu íslenskra afurða á krefjandi erlendum mörkuðum þar sem kröfur um gæði og öryggi endurspeglast í afurðaverðinu. Rannsóknir og sívirk vöktun miða að því að auka öryggi neytenda og vernda ímynd íslenskra afurða.



Hjá Matis fara fram matvælarannsóknir af ýmsu tagi.



Starfsfólk Matis við mælingar og rannsóknarstörf.



Ekki „Hjólað í vinnuna“ af hálfkæringi hjá MAST.



Verkefni dýralæknis dýravelferðar hjá Matvælastofnun eru fjölbreytt – himbrima bjargað úr neti.

Matvælastofnun

Matvælastofnun hóf störf 1. janúar 2008 þegar Landbúnaðarstofnun, matvælasvið Umhverfisstofnunar og matvælasvið Fiskistofu voru sameinuð undir einn hatti. Stofnunin starfar undir yfirstjórn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Jón Gíslason var forstjóri Matvælastofnunar frá 2008 til 2020 þegar Hrönn Ólína Jörundsdóttir tók við.

Umfang starfseminnar hefur aukist jafnt og þétt á s.l. áratugi með flutningi verkefna til Matvælastofnunar:

2010: Eftirlit með búfjárafurðum - Eftirlit með kjötvinnslum og mjólkurbúum fært frá sveitarfélögum til MAST

2011: Eftirlit með fiskvinnslum - Matvælastofnun tók yfir verkefni Skoðunarstofa í sjávarútvegi

2013: Eftirlit með dýravelferð - Stjórnsýsla og eftirlit flutt frá Umhverfisstofnun til MAST

2014: Búfjárefntirlit - Fært frá sveitarfélögum til MAST samhliða endurskipulagi eftirlits með dýravelferð

2015: Eftirlit með fiskeldi - Fært frá Fiskistofu til MAST auk verkefna sem MAST vinnur fyrir Umhverfisstofnun

2016: Búnaðarstofa - Stjórnsýsluverkefni flytjast frá BÍ til MAST

2018: Lífræn ræktun - Stjórnsýsla og eftirlit færð frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu til MAST

Vinnulag og framleiðsluferli

Matvælastofnun stundar áhættumiðað eftirlit með matvælum, dýravelferð og fóðri. Umfang eftirlitsins tekur mið af áhættunni sem fylgir hráefninu, afurðinni og framleiðsluaðferðinni og umfangi framleiðslunnar, og hve viðkvæmur markhópurinn er. Umfangið er einnig reiknað út frá frammistöðu matvæla- og fóðurfyrirtækja í eftirliti og áreiðanleika þess innra eftirlits sem þau sinna. Þetta gerir stofnuninni kleift að beita þunga eftirlitsins þar sem áhættan er mest og frammistaðan verst. Á hverju ári framkvæmir Matvælastofnun vöktun á óæskilegum efnum í matvælum og sjúkdómum í búfé.

Helstu verkefni Matvælastofnunar eru:

Matvælalöggjöf og matvælaeftirlit

Neytendavernd og fræðslumál

Heilbrigði og velferð dýra

Plöntuheilbrigði og sáðvara

Fóður og áburður

Sóttvarnir og viðbragðsáætlanir

Kjötmat og fiskeldi

Inn- og útflutningseftirlit, rekstur landamærastöðva

Yfirumsjón og eftirlit: Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, heilbrigðisþjónusta við dýr

Stjórnsýsluverkefni: Lögfræði, alþjóðamál, samræming og úttektir



Eftirlit dýralækna með slátrun til að tryggja dýravelferð og matvælaöryggi.



Eftirlit dýralækna með sláturfé til að tryggja dýravelferð og matvælaöryggi.

Mikil áhersla er á rafræna stjórnábyrgð og er móttaka og vinnsla gagna orðin sjálfvirk að miklu leyti. Faraldur kórónaveiru leiddi til enn frekari aukningar á nýtingu rafrænna lausna í samskiptum og eftirliti. Verkefni eru unnin með gildi stofnunarinnar, fagmennsku, gagnsæi og traust, að leiðarljósi til þess að stofnunin geti uppfyllt hlutverk sitt:

„Við verndum heilsu manna, dýra og plantna og aukum þannig velferð og verðmætasköpun í þágu þjóðarinnar.“

Skipulag og sérstaða

Árið 2020 var ár breytingu hjá Matvælastofnun. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gaf út nýja reglugerð um Matvælastofnun. Skipulagsbreytingar voru gerðar með sameiningu sviða og brotthvarfi búnaðarstofu til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Nýr vefur var tekinn í notkun og stofnunin hlaut jafnlaunavottun. Síðar um árið tók nýr forstjóri við stjórnartaumunum. Nýtt skipurit var gefið út í samræmi við lög og reglugerð um Matvælastofnun. Fagsvið og stoðsvið eru undir daglegri stjórn sviðsstjóra undir yfirstjórn forstjóra, sem fer með faglega og rekstrarlega ábyrgð á stofnuninni. Yfirstjórn vinnur að áætlanagerð og samhæfingu starfa og verkefna sem stofnunin er ábyrg fyrir og annast einnig samskipti við samstarfsráð, sem starfar við stofnunina samkvæmt ákvæðum laga um Matvælastofnun. Skipuritið gerir ráð fyrir nánu og virku samstarfi milli starfseininga vegna faglegra og rekstrarlegra þátta. Þetta á jafnt við um svið, umdæmi og starfseiningu forstjóra, þar sem starfa upplýsingafulltrúi, gæða-, mannauðs- og fjármálastjóri. Umdæmissstofur eru undir stjórn yfirdýralæknis (sviðsstjóra Dýraheilsu), en daglegur rekstur þeirra er í höndum héraðsdýralækna.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Matvælastofnunar er að eftirlit á landinu sé samræmt og sanngjarnt ásamt því að styðja við öflugna matvælaframleiðslu og landbúnað. Samtal eftirlitsaðila og eftirlitsþega verði virkt og að viðhorf iðnaðarins á eftirliti verði með öðrum hætti eftir fimm ár en það er í dag þar sem iðnaðurinn sjái möguleika og tækifæri í sterku, skilvirku og sanngjörnu eftirliti sem er unnið í sátt milli eftirlitsaðila og eftirlitsþega. Eftirlit hefur það að markmiði að bæta framleiðsluhætti og er styrkur fyrir öflugna matvælaframleiðslu og landbúnað og verður einnig að styðja við nýsköpun. Til að tryggja traust almennings á íslenskri framleiðslu og tryggja útflutningsverðmæti Íslands, þá er lykilatriði að eftirlitið sé framkvæmt með réttum hætti. Matvælaöryggi er forsenda öflugs og lifandi nýsköpunar í landbúnaði og matvælaframleiðslu í landinu.

Aðsetur, mannauður og starfsmannafjöldi

Aðalskrifstofa Matvælastofnunar er á Selfossi og markaðsstofa stofnunarinnar, sem annast inn- og útflutningsmál, er í Hafnarfirði. Stofnunin rekur einnig umdæmisskrifstofur og landamærastöðvar víðs vegar um landið. Fjöldi starfsmanna hefur aukist samhliða aukningu verkefna og starfa tæplega 100 manns hjá stofnuninni. Um 90% starfsmanna er með háskólapróf, einkum á sviði dýralækninga, matvæla-, næringar- og líffræði.





Starfsmenn Minjastofnunar við gamla bæinn að Grænavatni í Mývatnssveit.

Minjastofnun

Minjastofnun Íslands er stjórnsýslustofnun sem annast framkvæmd minjavörslu í samræmi við ákvæði laga um menningarmínjar nr. 80/2012 (minjalög). Með þeim lögum voru tvær stofnanir sameinaðar, Fornleifavernd ríkisins og Húsafríðunarnefnd ríkisins. Minjastofnun heyrði undir mennta- og menningarmálaráðuneytið þar til 1. febrúar 2022 er hún var færð undir umhverfis, loftslags og auðlindaráðuneyti.



Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands.

Hlutverk

Hlutverk Minjastofnunar Íslands er að tryggja vernd og varðveislu jarðfastra menningarmínja, þ.e.a.s. byggingararfs (hús og mannvirki) og fornleifa í eigin umhverfi, auðvelda aðgang að minjunum og miðla upplýsingum um þær. Stofnunin hefur umsjón með skráningu menningarmínja og gefur umsagnir vegna skipulagsvinnu, umhverfismats og breytinga á friðuðum og friðlýstum húsum. Minjastofnun sér einnig um leyfisveitingar vegna útflutnings menningarverðmæta sem teljast til menningarmínja sbr. upptalningu í 45. gr. minjalaga.

Í skipulagsvinnu sveitarfélaga þarf að gera ráð fyrir menningarmínjum og hvernig mætti nýta þær til góðs fyrir sveitarfélagið, íbúa þess og gesti. Skrá þarf allar mínjar og senda skýrslu til Minjastofnunar til samþykkis áður en skipulagið tekur gildi.

Á Íslandi eru allar fornleifar 100 ára og eldri friðaðar, auk þess sem rúmlega 800 fornleifar eru sérstaklega friðlýstar. Umgengni um friðaðar og friðlýstar fornleifar er háð ákveðnum reglum og óheimilt er að raska þeim á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar.

Til byggingararfs teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra. Auk þess eru um 500 byggingar á Íslandi friðlýstar. Óheimilt er að raska friðuðum eða friðlýstum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Framkvæmdir við hús og mannvirki sem byggð voru árið 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru 1940 eða fyrr eru umsagnarskyldar. Hafa skal samband við Minjastofnun með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en framkvæmdir hefjast. Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á eignina og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarmínja.

Minjastofnun heldur utan um umsýslu og úthlutun úr tveimur sjóðum, fornminjasjóði og húsafríðunarsjóði.

HÚSAFRÍÐUNARSJÓÐUR veitir styrki til viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum og sérstökum verndarsvæðum í byggð. Einnig er heimilt að veita styrki til viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja og miðlun upplýsinga um þær.

FORNMINJASJÓÐI ber að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum. Úthlutað er styrkjum til fornleifauppgrafta og -skráningar, varðveislu, viðhalds og miðlunar upplýsinga



Steinahellir undir Eyjafjöllum.



Viðgerð á Hvalsneskirkju á Reykjanesi. Minjavörður Reykjanes fylgist með.



Flatey á Breiðafirði. Verndarsvæði í byggð.

um fornminjar og rannsókn á forngrípum. Einnig er heimilt að veita styrkjum til viðhalds annarra menningarminja sem teljast hafa varðveislugildi, þótt þær njóti ekki friðunar á grundvelli aldurs.

Minjastofnun Íslands er jafnframt falið að annast framkvæmd laga um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011 og framkvæmd laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Stofnunin leggur tillögur fyrir ráðherra um heildarstefnu og langtímaáætlun um verndun og varðveislu menningarminja í samráði við söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarminja.

Minjastofnun Íslands nýtur ráðgjafar fornminja- og húsafriðunarnefnda vegna friðlýsingarmála og úthlutunar styrkja. Tillögur að friðlýsingu og afnámi friðlýsingar fornleifa og byggingararfs sem og breytingar á þegar friðlýstum byggingum og mannvirkjum eru jafnframt kynntar nefndunum og óskað eftir umsögnum þeirra. Sé um að ræða nýja friðlýsingu gerir stofnunin tillögu til ráðherra um friðlýsinguna og tekur hann endanlega ákvörðun. Umsóknir um styrki úr fornminja- og húsafriðunarsjóðum eru lagðar fyrir nefndirnar og óskað eftir mati þeirra og umsögnum, en endanlegar ákvarðanir um styrkúthlutunir eru teknar af stofnuninni.

Starfsmenn og starfsstöðvar

Á Minjastofnun starfa 23 starfsmenn á sex starfsstöðvum, Reykjavík, Stykkishólmi, Sauðárkróki, Akureyri, Djúpavogi og Selfossi.

Minjaverðir eru starfsmenn Minjastofnunar Íslands og fulltrúar stofnunarinnar í héraði. Þeir sinna margþættum verkefnum og stýra m.a. fundum og starfsemi minjaráða.

Landinu er skipt upp í átta minjasvæði og starfar minjaráð á hverju svæði fyrir sig sem skipað er sex aðilum auk minjavarðar, sem stýrir starfi ráðsins.

Minjaráðin eru samráðsvettvangur um varðveislu og nýtingu menningarminja á hverju minjasvæði. Þau beita sér fyrir uppbyggilegum verkefnum á sviði minjavörslu til eflingar byggðar og atvinnusköpunar, meðal annars með ályktunum sem beint er til sveitarstjórna eða annarra stjórnvalda. Minjaráðin eru vettvangur fyrir íbúa til að hafa áhrif á þróun minjaverndar í heimabyggð.

Framtíðarsýn Minjastofnunar Íslands

Verndun menningarminja er órjúfanlegur hluti af íslensku samfélagi. Minjarnar eru uppspretta innblásturs og upplifunar og viðfangsefni rannsókna. Íbúar landsins eru virkir þátttakendur í minjavernd, menningarminjar eru nýttar á sjálfbæran hátt og þekkingu um þær er miðlað á fjölbreyttan máta til allra landsmanna.

Vefsíða: www.minjastofnun.is



Bogabrá á Bragðavöllum 2, Djúpavogshreppur.



Borgarvirki í Húnaþingi vestra. Friðlýstar fornleifar.



Minjavörður Norðurlands vestra skoðar minjar sem eru við það að brotna í sjó á jörðinni Höfnum í Skagabyggð.



Magnús Guðmundsson skjalavörður, Þorvaldur Þór Björnsson hamskeri, Kristinn Haukur Skarphéðinsson dýravistfræðingur og Svenja N.V. Auhage umhverfis- og vistfræðingur þrifa haförn sem fannst í Miðfirði með grút í fiðri. Í ljós kom að um elsta haförn sem vitað var um hér á landi var að ræða. Honum var sleppt á sama stað aftur fjórum dögum síða.



Borgþór Magnússon plöntuvistfræðingur og Sigmar Metúsalemsson landfræðingur kanna gróður í Landeyjum. / Ljós. Erling Ólafsson.

Náttúrufræðistofnun Íslands



Járngerður Grétarsdóttir gróðurvistfræðingur, Erling Ólafsson skordýrafræðingur og Rannveig Thoroddsen plöntuvistfræðingur ræða um hraunavistir í Skaftáreldahrauni við Karl Sigtryggsson myndatökumann hjá RÚV. / Ljós. María Harðardóttir.



Ester Rut Unnsteinsdóttir spendýravistfræðingur hlúir að snæuglu sem fannst föst í neti og sködduð á vængjum Ljós. Magnús Guðmundsson.



Starfsstöð Náttúrufræðistofnunar Íslands í Urriðaholti í Garðabæ. / Ljós. Erling Ólafsson.

Náttúrufræðistofnun Íslands er ríkisstofnun sem heyrir til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Hún á rætur að rekja til Náttúrugripasafnsins sem var stofnað 16. júlí 1889 um leið og Hið íslenska náttúrufræðifélag. Fyrsti forstöðumaður safnsins var Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson ritstjóri og skáld. Megintilgangur safnsins og félagsins var söfnun náttúrugripa í þeim tilgangi að sýna þá almenningi og var blómaskeið safnsins var á fyrstu áratugum 20. aldar þegar það var til húsa í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Ríkið yfirtók Náttúrugripasafnið formlega árið 1947, en hafði áður greitt laun starfsmanna þess frá árinu 1926 og útvegað því húsnæði leigulaust í Safnahúsinu við Hverfisgötu frá 1908. Fyrstu lög um Náttúrugripasafn Íslands voru sett 1951 og endurskoðuð árið 1965 þegar nafni þess var breytt í Náttúrufræðistofnun Íslands og kveðið á um skylduna „að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsóknna á náttúru landsins“.

Skipulag, aðsetur, stjórnendur og mannaúður

Náttúrufræðistofnun Íslands starfar eftir lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, og reglugerð númer 229/1993, um Náttúrufræðistofnun Íslands. Aðalstarfsstöð stofnunarinnar er í Garðabæ en einnig er starfsstöð á Akureyri, auk borkjarnasafns sem vistað er á Breiðdalsvík. Hjá stofnuninni starfa 50–60 manns og er meirihlutinn (64%) með háskólagráðu í líffræði, jarðfræði eða landfræði og heildarhlutfall háskólamenntaðra starfsmanna er 87%. Náttúrufræðistofnun Íslands er deildarskipt í samræmi við meginhlutverk stofnunarinnar eins og þau eru mótuð í lögum, stefnumótun og starfi. Þvert á deildirnar ganga helstu fagsvið sem stofnunin fæst við, þ.e. jarðfræði, grasafræði, dýrafræði og landupplýsingar. Framkvæmdastjórn 2020 var skipuð Jóni Gunnari Ottóssyni forstjóra, Lárusi Svanlaugssyni fjármálastjóra og forstöðumönnum deilda: Guðmundi Guðmundssyni (safna- og flokkunarfræðideild), Trausta Baldurssyni (vistfræði- og ráðgjafardeild) og Önnu Sveinsdóttur (upplýsingadeild).

Hlutverk og sérstaða

Meginhlutverk stofnunarinnar er að stunda undirstöðurannsóknir í jarðfræði, grasafræði og dýrafræði landsins, annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands og varðveita niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum. Stofnunin býr yfir gögnum um náttúru landsins og hlutverk hennar er að hafa yfirsýn og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um verndun og skynsamlega nýtingu náttúrunnar. Hún hefur einnig viðtækt vöktunar og fræðsluhlutverk. Sérstaða Náttúrufræðistofnunar Íslands felst í lögboðinni skyldu hennar til að skrásetja íslenska náttúru kerfisbundið og byggja upp aðgengilega gagnabanka fyrir almenning, fyrirtæki, sveitarfélög, ráðuneyti og aðrar stofnanir ríkisins. Engin önnur stofnun hefur sambærilegar skyldur á landsvísu og gerir þessi sérstaða stofnunina að einni af helstu grunnstofnunum þjóðfélagsins.

Í langtímasterfsáætlun Náttúrufræðistofnunar Íslands er starfssviði hennar skipt í þrjá meginflokka:

1. Að skrá, varðveita, flokka, rannsaka og kortleggja lífríki og jarðmyndanir landsins og skrá upplýsingar um þessa þætti í gagnagrunna

Að efla vísindaleg náttúrugripasöfn

Að byggja upp gagnagrunna yfir íslenskar tegundir lífvera, steingervinga og steina

Að kortleggja útbreiðslu lífvera, gróðurfélaga og vistgerða landsins

Að kortleggja berggrunn og laus jarðlög landsins (jarðgrunn), þ.m.t. ofanflóð

Að stunda grunnrannsóknir í flokkunarfræði lífvera, steingervingafræði og bergfræði

2. Að vakta náttúru landsins, meta verndargildi og verndarstöðu náttúruminja og leiðbeina um hóflega nýtingu náttúruauðlinda

Að fylgjast með stofnbreytingum mikilvægra tegunda og stofna. Gera áætlun um og bera ábyrgð á kerfisbundinni vöktun lífríkis sem taki til lykilorða líffræðilegrar fjölbreytni

Að meta verndargildi og verndarstöðu tegunda, vistgerða og jarðminja og gefa út valista

Að annast skráningu náttúruminja og mat á verndargildi þeirra, hafa umsjón með náttúruminjaskrá og gera tillögur um skráningar í framkvæmdaáætlun um friðlýsingar og friðun og aðrar mikilvægar náttúruminjar sem ástæða er til að friðlýsa eða friða. Endurskoða gildandi náttúruminjaskrá

Að meta veiðipól stofna, þörf á veiðistýringu og veita ráðgjöf til stjórnvalda þar að lútandi

3. Að afla, taka við og miðla upplýsingum um íslenska náttúru

Að gefa út vandað ritað efni og kort

Að miðla upplýsingum og fræðsluefni á netinu

Að halda úti vandaðri safna- og upplýsingaþjónustu

Að vera ráðgjafi, álitgjafi og umsagnaraðili í málum er varða nýtingu náttúruauðlinda, landnotkun og náttúruvernd

Að fylgjast með nýjungum, stefnum og straumum á fræðasviðum stofnunarinnar og kynna störf hennar innanlands og á alþjóðavettvangi

Verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands eru af margvíslegum toga. Oft er um að ræða verkefni til langs tíma þar sem lykilorðir íslenskrar náttúru eru vaktaðir með skipulegum og skilvirkum hætti, þar á meðal tegundir plantna og dýra, jarðmyndanir og vistgerðir. Önnur verkefni eru styttri og afmarkaðri. Kröfur til stofnunarinnar um upplýsingar og ráðgjöf eru miklar og vaxandi því samfélagið þarfnast áreiðanlegra gagna til að byggja á skynsamlegar ákvarðanir, til dæmis við nýtingar- og skipulagsáætlanir sveitarfélaga og til að meta áhrif framkvæmda á villta náttúru og ásynd lands. Þörfin er mikil fyrir náttúrufræðisöfnun af ýmsu tagi, svo sem útbreiðslukort dýra og plantna, gróðurkort, vistgerðakort, jarðhitakort, jarðminjakort, jarðfræðikort og valista. Krafa er gerð um áreiðanlegt mat á veiðistofnum fugla til að tryggja vernd þeirra og sjálfbæra nýtingu og þá þarf gögn til að meta líkur á skriðföllum og hættu af þeirra völdum. Náttúrufræðistofnun Íslands gegnir þar að auki veigamiklu hlutverki þegar horft er til náttúruverndar. Þannig er það hlutverk stofnunarinnar að skapa góð gagnasöfn til að byggja á framkvæmdaáætlun í náttúruvernd, sem tryggir vernd líffræðilegrar fjölbreytni með neti verndarsvæða. Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á náttúruna eru leiðandi í vöktunarverkefnum stofnunarinnar. Starf og hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands nýttist í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi á sviði náttúrufræðisöfnun og náttúruverndar sem stofnunin tekur þátt í fyrir Íslands hönd.

Rekstrargjöld

Samkvæmt ársreikningi Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir árið 2019 voru rekstrargjöld stofnunarinnar það ár tæplega 900 milljónir króna.

Framtíðarsýn

Markmið Náttúrufræðistofnunar Íslands er að uppfylla lagaskyldur sínar, fylla í eyður þekkingar á náttúru Íslands og að tryggja að sú þekking sé öllum aðgengileg. Stofnunin leitast við að vera ábyrg og vönduð rannsókn- og fræðastofnun sem er stjórnvöldum til stuðnings og sem rannsóknasamfélagið jafnt sem almenningur leitar til.



Lovísa Ásbjörnsdóttir jarðfræðingur rannsakar trjáholur í Ófeigsfirði. / Ljós. Anna Sveinsdóttir.



Kristján Jónasson jarðfræðingur mælir yfirborðsjarðhita í Surtsey. / Ljós. Lovísa Ásbjörnsdóttir.



Erling Ólafsson skordýrafræðingur setur upp fiðrildagildru á Tumastöðum í Fljótshlíð. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur vaktað fiðrildi frá árinu 1995. / Ljós. Matthías Svavar Alfreðsson.



Járngerður Grétarsdóttir gróðurvistfræðingur kannar gróður í Skaftafelli. / Ljós. María Harðardóttir.



Stjórn NTÍ. Frá vinstri: Jóna Björk Guðnadóttir, Ragnar Þorgeirsson, Hulda Ragnheiður Árnadóttir forstjóri, Sigurður Kári Kristjánsson stjórnarformaður, Lína Björg Tryggvadóttir varaformaður og Steinar Harðarson. / Ljósmynd: Silla Páls.

Náttúruhamfaratrygging Íslands, NTÍ



Hulda Ragnheiður Árnadóttir, forstjóri.

Náttúruhamfaratrygging Íslands tók til starfa 1. september 1975 skv. lögum nr. 52/1975, en þá hét stofnunin Viðlagatrygging Íslands. Þann 1. júlí 2018 tók gildi breyting á lögum nr. 55/1992 þar sem nafni stofnunarinnar var breytt í Náttúruhamfaratrygging Íslands (NTÍ).

Sagan

Umræða hafði staðið í talsverðan tíma um mikilvægi þess að stofna einhvers konar sjóð eða váttryggingarfélag til að standa undir kostnaði sem kynni að verða af völdum meiri háttar náttúruhamfara hérlendis. Eldgosið í Heimaey 23. janúar 1973 og mannskætt snjóflóð sem varð á Neskaupsstað 20. desember 1974, urðu til þess að koma þessari hugmynd til framkvæmda. Strax þann 30. desember 1974 skipaði tryggingamálaráðherra nefnd sem skipuð var Ásgeiri Ólafssyni þáverandi forstjóra Brunabótafélags Íslands, Benedikt Sigurjónssyni, hæstaréttardómara og Bjarni Þórðarsyni, tryggingastærðfræðingi til að „gera tillögur um fyrirkomulag skyldutrygginga er bæti tjón á húseignum og lausafé af völdum náttúruhamfara“. Þeim var einnig falið að semja frumvarp til laga um slíkar tryggingar. Ásgeir Ólafsson var formaður nefndarinnar. Nefndin samdi frumvarp til laga um Viðlagatryggingu Íslands sem tóku gildi þann 27. maí 1975. Viðlagatrygging Íslands tók við eignum og skuldum Viðlagasjóðs sem settur var á fót vegna eldgossins í Vestmannaeyjum árið 1973 og bætti einnig tjón sem varð í snjóflóðinu á Neskaupsstað. Viðlagasjóður hætti endanlega starfsemi árið 1978. Samkvæmt greinargerð nefndarinnar sem samdi fyrstu lögini um stofnunina, var tilgangurinn með því að koma á fót sérstakri náttúruhamfaratryggingu einkum sá „að vera fyrirfram viðbúin með fjármagn og reglur hvernig bæta skuli, ef menn verða fyrir eignatjóni af völdum náttúruhamfara, og um leið að tryggt sé, að allir sitji við sama borð í þessu efni“.

Fyrsti framkvæmdastjóri stofnunarinnar var Ásgeir Ólafsson sem sinnti starfi framkvæmdastjóra meðfram því að vera stjórnarformaður fram til ársins 1985 en hann lét af störfum framkvæmdastjóra á árinu 1986. Þá tók Geir Zoega við framkvæmdastjórn stofnunarinnar fram til ársins 2000, þá Ásgeir Ásgeirsson til ársins 2010 og frá þeim tíma hefur Hulda Ragnheiður Árnadóttir verið framkvæmdastjóri NTÍ. Stjórnarformenn, aðrir en Ásgeir Ólafsson, hafa verið Einar B. Ingvarsson frá 1985-1991, Guðmundur Þ. B. Ólafsson 1991-1995, Jón Ingi Einarsson 1995-2007, Torfi Áskelsson 2007-2011, Guðrún Erlingsdóttir 2011-2015 og Sigurður Kári Kristjánsson frá árinu 2015.

Starfsemi NTÍ

Meginhlutverk NTÍ er að váttryggja húseignir og lausafé á Íslandi gegn náttúruhamförum. Allar húseignir eru váttryggðar en lausafé aðeins ef það er brunatryggt hjá almennu váttryggingafélagnum. Starfsemi stofnunarinnar hefur þó að mestu verið óbreytt frá upphafi. Almennu váttryggingafélagin sjá um að innheimta iðgjöld fyrir hönd NTÍ samhliða innheimtu á iðgjöldum vegna brunatrygginga. Einungis er tryggt gegn beinu tjóni á hinu váttryggða af



Sigurður Kári Kristjánsson, stjórnarformaður.



Aðsetur NTÍ að Hlíðasmára 14, Kópavogi. / Ljós. Silla Páls.



Frá vinstri: Jónína Pálsdóttir, bókar- og þjónustufulltrúi, Jón Órvar Bjarnason sviðsstjóri á váttryggingasviði, Vignir Jónsson sérfræðingur á váttryggingasviði, Hulda Ragnheiður Árnadóttir forstjóri og Tinna Hallbergsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs. / Ljós. Silla Páls.

völdum eldgos, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Ekki er váttryggt gegn afleiddu tjóni eða tjóni af völdum truflunar á starfsemi í kjölfar náttúruhamfara. Iðgjald er 0,25% af váttryggingarfjárhæð sem er jafnhá brunatryggingarfjárhæð á húseignum, innbúi og lausafé. Frá árinu 1982 hafa verið í gildi ákvæði sem skylda eigendur ýmissa mannvirkja sem ekki er venja að brunatryggja, svo sem ýmiss orku- og veitumannvirki, brýr og hafnir. Ekki er skylda að váttryggja þessar eignir hjá NTÍ, heldur er eigendum skylt að sjá til þess að slíkar váttryggingar séu fyrir hendi hjá einhverju váttryggingarfélagi. Algengt er að stærstu orkufyrirtækin váttryggi beint hjá erlendum váttryggingarfélögum, mannvirki sem tengjast orkuframléiðslu. Iðgjald vegna slíkra mannvirkja er 0,2% af váttryggingarfjárhæð. NTÍ endurtryggir áhættur vegna stórra váttryggingaáburða á alþjóðlegum vettvangi, en á hverjum tíma eru á milli 20 og 30 erlend endurtryggingafélög aðilar að samningi við NTÍ vegna náttúruhamfara. Starfsemi NTÍ hefur verið til húsa í Hlíðasmára 14 í Kópavogi frá árinu 2014. Að jafnaði starfa fjórir til fimm starfsmenn í föstu starfi hjá stofnuninni, m.a. í sérhæfðum verkefnum sem tengjast áhættumati vegna náttúruhamfara og þróun og viðhaldi upplýsingakerfa sem þurfa ávallt að vera í stakk búin til að þjóna hlutverki sínu ef til stórra tjónsáburða kemur.

Helstu tjónsáburðir í sögu NTÍ

Að meðaltali verða sjö áburðir á ári sem valda tjóni á váttrygðum eignum og falla undir skilgreiningu eldgoss, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða eða vatnsflóða. Eftirfarandi eru helstu tjónsáburðir sem átt hafa sér stað eftir að Viðlagatrygging Íslands var stofnuð árið 1975. Jarðskjálfti við Kópasker í janúar 1976, krapaflóð á Patreksfirði í janúar 1983, sjávarflóð á Akranesi í janúar 1984, sjávarflóð á Eyrbakka, Stokkseyri og víðar í janúar 1990, snjóflóð á Súðavík í janúar 1995, snjóflóð á Flateyri í október 1995, Jökulhlaup á Skeiðarársandi í nóvember 1996, tveir jarðskjálftar á Suðurlandi í júní árið 2000, jarðskjálfti á Suðurlandi í maí 2008.

Eldgos varð í Eyjafjallajökli í apríl 2010 sem olli talsverðu öskufalli og minniháttar tjóni á allmörgum húseignum. Eldgos í Grímsvötnum í maí 2011 olli einnig minniháttar tjóni á allmörgum húseignum vegna öskufalls.

Í janúar 2020 féll snjóflóð á Flateyri. Flóðið fór yfir snjóvarnargarðinn og olli miklu tjóni á einu húsi beint fyrir neðan varnargarðinn. Snjóflóðið fór að miklu leyti í smábátahöfnina og talsvert tjón varð á hafnarmannvirkjum og öðrum verðmætum.

Í desember 2020 féllu miklar aurskriður á Seyðisfirði. Um er að ræða stærstu aurskriður sem fallið hafa í byggð á Íslandi. Þær orsökkuðu gríðarlegt tjón, m.a. á elsta hluta Seyðisfjarðar þar sem ríflega tugur húsa gjöreyðilagðist ásamt því sem mikið tjón varð á lausamunum.



Starfsmenn Náttúrustofu Norðausturlands. Frá vinstri: Sesselja Guðrún Sigurðardóttir, Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Yann Kolbeinsson, Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir og Aðalsteinn Örn Snæþórsson fyrir framan aðsetur Náttúrustofunnar að Hafnarstétt á Húsavík.



Vatnafuglatalning síðsumars við Múlavatrni í Aðaldal.

Náttúrustofa Norðausturlands



Þorkell Lindberg með nýsnaraða stuttnefju í miðnæturþökunni í Grímsey.

Náttúrustofa Norðausturlands er ein af átta náttúrustofum sem staðsettar eru víðsvegar um landið. Hún var stofnuð þann 27. ágúst 2003 og opnuð formlega 10. ágúst 2004 og er rekin af sveitarfélögum Norðurþingi, Skútustaðahreppi og Tjörneshreppi samkvæmt samningi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Rekstur hennar byggir á tekjum sem uppruna eiga í opinberum grunnfjárveitingum, samningsbundnum verkefnastyrkjum og útseldum þjónustuverkefnum. Stjórn Náttúrustofunnar er skipuð þeim Margréti Hólm Valsdóttur stjórnarformanni og Bjarna Páli Vilhjálmsyni skipuðum af Norðurþingi og Jóhönnu Katrínu Þórhallsdóttur skipaðri af Skútustaðahreppi.

Náttúrustofan er staðsett á Húsavík, með starfssvæði frá Ólafsfirði í vestri og austur á Langanes. Hún starfar innan veggja Þekkingarsetursins á Húsavík, sem staðsett er að Hafnarstétt 3 en þar starfa einnig Þekkingarnet Þingeyinga, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

Starfsemin

Náttúrustofan sérhæfir sig í rannsóknum á fuglum ásamt almennri dýravistfræði en einnig tekur hún að sér ýmis þjónustuverkefni, t.d. náttúrufræðisúttæktir og ráðgjöf. Meðal fuglarannsókna sem unnið var að árið 2020 voru sjófuglarannsóknir mest áberandi, líkt og mörg undanfarin ár. Rannsóknirnar eru nokkuð víðtækar og beinast að stofnþróun nokkurra tegunda sjófugla, fæðuvistfræði þeirra, svæðanotkun bæði á varptíma og utan hans og mengunarálagi (plasti og kvikasílfri). Rannsóknir þessar eru unnar í samstarfi við fjölmarga aðila, bæði innlenda og erlenda. Aðrar fuglarannsóknir árið 2020 snéru helst að stofnvöktun vatna- og mófugla í Þingeyjarsýslum en þær rannsóknir eru unnar fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið og hafa verið hluti af starfsemi Náttúrustofunnar allt frá árinu 2004.

Samhliða vöktunarrannsóknum á fuglum hóf Náttúrustofan snemma að fylgjast með vatnalífi í nokkrum lífríkum láglandisvötnum fyrir botni Skjálfanda og Öxarfjarðar. Þeim rannsóknum var í upphafi ætlað að styðja við vöktun vatnafugla og hafa staðið óslitið í fjölmörg ár. Vöktun fíðrilda er annað verkefni sem lengi hefur verið meðal árlegra verkefna Náttúrustofunnar en það tengist vöktun á landsvísu sem er samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa ásamt fleirum.

Þjónusturannsóknir hafa frá upphafi verið áberandi í starfsemi Náttúrustofu Norðausturlands og spanna þær nokkuð vítt svið þó flestar hafi þær tengst fuglum og fyrirhuguðum framkvæmdum, s.s. byggingu háspennulína, vegagerð og orkuframleiðslu. Auk fuglarannsókna hafa gróðurannsóknir og rannsóknir á vatnalífi verið nokkuð áberandi í gegnum tíðina. Árið 2020 voru þjónusturannsóknir unnar á öllum þessum sviðum en sumar þeirra ná til lengri tíma sem hluti vöktun tiltekinna svæða. Má þar t.d. nefna vöktun gróðurfrars og vatnalífs á háhitasvæðum í Suður-Þingeyjarsýslu sem unnin er fyrir Landsvirkjun og vöktun blaðgrænu í tengslum við fiskeldi í Lónunum í Kelduhverfi sem unnið er fyrir Rífós hf.



Mývatnssveit. Bláfjall og Sellandafjall í fjarska og á milli þeirra glittir í Óskju.



Stuttnefjuveiðar í Grímsey undirbúnað, fylgst er með ferðum þeirra utan varptímans með aðstoð dægurríta sem festur er á fót þeirra.

Árið 2020 fór af stað nýtt og nokkuð umfangsmikið verkefni á Náttúrustofunni sem snýr að vöktun náttúruverndarsvæða, með sérstakri áherslu á álag af völdum ferðamanna. Verkefnið er hluti stærra verkefnis á landsvísi sem náttúrustofur landsins sinna í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarð. Náttúrufræðistofnun hefur umsjón með verkefninu á landsvísi en náttúrustofurnar sjá um vöktun á sínum starfssvæðum.

Mannauður

Árið 2020 störfuðu fimm fastráðnir starfsmenn hjá Náttúrustofunni auk eins sumarstarfsmanns. Fastráðnir starfsmenn voru: Þorkell Lindberg Þórarinnsson líffræðingur (M.Sc.) hefur starfað sem forstöðumaður Náttúrustofunnar frá því hún hóf starfsemi 2003.

Sesselja Guðrún Sigurðardóttir líffræðingur (B.Sc.) hefur starfað hjá Náttúrustofunni frá 2004. Aðalsteinn Örn Snæþórsson líffræðingur (M.Sc.) og kennari hefur starfað hjá Náttúrustofunni frá 2006. Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir líffræðingur (M.Sc.) hefur starfað hjá Náttúrustofunni frá 2008. Yann Kolbeinsson líffræðingur (B.Sc.) hefur starfað hjá Náttúrustofunni frá 2009.



Flugnagiltra sett upp við Vikingavatn.

Svífsýni tekið úr tjörn á Þeistareykjum.



Sjófuglabýggð við Font á Langanesi.



Fjórir af sex starfsmönnum Náttúrustofu Suðausturlands 2020. Frá vinstri: Snævarr Guðmundsson, Lilja Jóhannesdóttir, Kristín Hermannsdóttir og Pálína Pálsdóttir.



Björn Gísli Arnarson og Lilja Jóhannesdóttir tendra fiðrildagildru í Einarslundi við Höfn, eina af fjórum gildrum á vegum stofunnar á Suðausturlandi sem reknar eru í samstarfi við Fuglaathugunarstöð Suðausturlands.

Náttúrustofa Suðausturlands



Lilja Jóhannesdóttir opnar ljósmyndasýninguna Tjarnarsýn í Nýheimum á Höfn.

Sagan, stofnendur, eigendur og stjórnendur

Náttúrustofa Suðausturlands var stofnuð árið 2013. Hún er rannsóknastofnun á sviði náttúrufræða og ein af átta náttúrustofum landsins sem starfa samkvæmt lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Starfssvæði Náttúrustofu Suðausturlands nær frá Mýrdalssandi og austur í Hvalnesskriður og að henni standa Sveitarfélagið Hornafjörður og Skaftárhreppur. Stofan er með skrifstofur í Nýheimum á Höfn í Hornafirði og í Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri.

Stjórn stofunnar er skipuð þeim Dr. Rögnvaldi Ólafssyni, dósent í eðlisfræði við Háskóla Íslands stjórnarformanni, Matthildi Ásmundardóttur bæjarstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Evu Björku Harðardóttur oddvita Skaftárhrepps.

Starfsemi árið 2020

Starfsemi stofunnar er fjölbreytt og spanna viðfangsefnin allt frá loftslagsbreytingum og jöklum til fugla- og smádyrarannsóknna. Öll verkefni stofunnar tengjast einstakri náttúru svæðisins. Á Suðausturlandi er auðugt fuglalíf enda eru á svæðinu ríkuleg votlendi og vatnasvæði. Frá stofnun Náttúrustofunnar hafa verið unnar fuglarannsóknir, einkum með áherslu á tegundir sem eru einkennandi fyrir Suðausturland, s.s. skúm og helsingja. Jöklarannsóknir spila stórt hlutverk í starfsemiinni enda aðgengi að jöklum óviða betra. Rauði þráður rannsóknanna er kortlagning breytinga á jöklum og umhverfi þeirra en þeir eru stórvirkir í að rjúfa og móta landslag. Stofan er með samstarfssamninga um nokkur verkefni til lengri eða styttri tíma. Stofan á m.a. í samstarfi við Veðurstofu Íslands um vöktun á jöklum landsins, Hörfandi jöklar, en árlega er gefið út fréttabréf með upplýsingum um jöklabreytingar. Einnig er samstarf við Landgræðsluna vegna þriggja verkefna; Bændur græða landið, Hættumat á síðkominni dreifingu fokfna frá eðju eftir Skaftárhlaup (Grógos) og Kolefnisforði og CO2 flæði úr jarðvegi – vöktun á völdum landgerðum. Árið 2020 var verkefni unnið fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um Náttúruvernd og eflingu byggða, en verkefnið var unnið að frumkvæði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð vinna starfsmenn stofunnar að þolmarkarannsókn og stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand. Samningur til fimm ára var gerður árið 2020 við Náttúrufræðistofnun Íslands um Vöktun náttúruverndarsvæða en þar eru vöktuð friðlýst svæði og aðrir fjölsóttir ferðamannastaðir.

Mannauður, starfsmannafjöldi og framtíðarsýn

Náttúrustofur skapa tækifæri fyrir háskólamenntað fólk til að starfa nærri viðfangsefnum sínum og styrkja um leið byggð og mannlíf. Góðar og sterkar náttúrustofur eru framtíðin og það er mikill styrkur að sjá að ríki og sveitarfélög fela þeim aukin verkefni, hvort heldur er með verkefnasamningum eða öðrum leiðum til að fjármagna þau. Náttúrustofa Suðausturlands hefur verið starfrækt í átta ár og hefur starfsemi hennar vaxið og dafnað. Hver starfmaður á svona lítilli stofnun er mikilvægur og skiptir miklu að samspil menntunar



Kristín Hermannsdóttir og Snævarr Guðmundsson við vettvangskonunnun, vöktun náttúruverndarsvæða við Múlagljúfur í Öreæfum.



Rannveig Ólafsdóttir, Pálína Pálsdóttir og Lilja Jóhannesdóttir við vettvangskönnun, vöktun náttúruverndarsvæða við Strútslaug að Fjallabaki.



Lilja Jóhannesdóttir og Brynjólfur Brynjólfsson sækja sýni í flugnagildru við Þveit í Nesjum.

og þekkingar starfsmanna sé gott því fjölbreyttur bakgrunnur eflir starfið til framtíðar. Árið 2020 voru sex starfsmenn hjá stofunni. Kristín Hermannsdóttir veðurfræðingur (Cand. Scient) er forstöðumaður og hefur starfað hjá stofunni frá stofnun hennar árið 2013. Snævarr Guðmundsson jarðfræðingur (M.Sc) hefur einnig starfað hjá Náttúrustofunni frá 2013. Rannveig Ólafsdóttir náttúru- og umhverfisfræðingur (M.Sc.) hefur starfað með hléum frá 2016. Pálína Pálsdóttir með B.Sc próf í búvísindum hefur starfað hjá stofunni frá 2017. Dr. Lilja Jóhannesdóttir með doktorspróf í vistfræði hefur starfað hjá stofunni síðan 2018. Sumarið 2020 var Brynjólfur Brynjólfsson fuglaáhugmaður við störf hjá stofunni, en iðulega eru ráðnir sumarstarfsmenn til ýmissa náttúrutengdra verkefna.

Velta og hagnaður

Náttúrustofur hljóta fjármagn samkvæmt fjárlögum ríkisins og með rekstrarsamingum við aðildarsveitarfélög. Einnig afla stofurnar sértekna frá samkeppnissjóðum og með samstarfssamningum. Helstu sjóðir sem stofan hefur hlotið styrki frá eru; Atvinnu- og rannsóknarsjóður Sveitarfélagssins Hornafjarðar, Kvískerjasjóður, Loftslagssjóður, Náttúruverndarsjóður Pálma Jónssonar, Uppbyggingarsjóður Suðurlands og Vínir Vatnajöklu. Árið 2020 kostaði ríkið 38% af fjármagni stofunnar, aðildarsveitarfélögin tvö, Sveitarfélagið Hornafjörður og Skaftárhreppur lögðu til 17% og styrkir og sértekjur námu 45% tekna.



Livia Pokorny býskur Erasmus+ nemandi, við Fláajökul. Hún vann að jarðfræðiverkefni hjá stofunni í upphafi COVID-19 en þurfti að stytta dvöl sína hérlendis vegna heimsfaraldurs.



Starfsmenn í vettvangsrannsókn við Skútafoss í Þorgeirstaðadal, Lilja Jóhannesdóttir og Snævarr Guðmundsson.



Fuglatalning – Kristín Hermannsdóttir horfir eftir helsingjum í Skógey.



Neytendastofa



Starfsmenn Neytendastofu í stafrófsröð:
Amar Halldórsson, Benedikt G. Waage, Bjarni Bentsson,
Brynjar Örn Ragnarsson, Guðmunda Áslaug Geirsdóttir,
Guðrún Lárusdóttir, Helen Hreiðarsdóttir,
Reynir Ingi Reinhardsson, Skarphéðinn Grétarsson,
Teitur Atlason, Tryggvi Axelsson, Þórunn Anna Árnadóttir.
Á myndina vantar: Karenu Björnsdóttur,
Sigrínu Sæmundssóttur og Svövu G. Ingimundardóttur.

Neytendastofa tók til starfa 1. júlí 2005 að undagengnum ítarlegum greiningum um nauðsyn þess að setja á stofn stofnun sem myndi efla starf að neytendamálum og þar með auka neytendavernd. Meginhlutverk stofnunarinnar má skipta upp í eftirfarandi flokka: 1) Gæta að og hafa eftirlit með neytendarétti og öryggi vöru. 2) Hafa eftirlit með viðskiptaháttum og stuðla að gagnsæi markaðarins. 3) Yfirumsjón með lögmælifræði og hagnýtri mælifræði og framkvæmd sem að því lýtur. 4) Miðla upplýsingum til aðila á markaði um réttindi þeirra og skyldur.

Hlutverk

Neytendastofa hefur undanfarin 15 ár sinnt hlutverki sínu af kostgæfni og ljóst er að ávinningur hefur verið mikill fyrir samfélagið, jafnt fyrir neytendur sem og aðila í atvinnulífinu. Fjöldi mála sem áður fengu ekki úrlausn hafa verið tekin til stjórnsýslumeðferðar eins og sést af ákvörðunum stofnunarinnar. Samtímis hefur stofnunin áunnið sér traust jafnt neytenda sem og aðila í atvinnulífi sem hafa getað byggt aðgerðir sínar á úrlausnum stofnunarinnar og án mikils kostnaðar eða þurft að leita til dómstóla með ágreining í tengslum við löggjöf um réttindi og skyldur neytenda. Viðhorfskannanir hafa staðfest að traust til Neytendastofu og þekking almennings hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin 15 ár. Þá hefur Neytendastofa verið framarlega meðal opinberra stofnana í rafrænni þjónustu við viðskiptavinum stofnunarinnar auk þess sem vefasíða stofnunarinnar hefur sl. tíu ár verið í verðlaunasæti yfir vefsíður ríkisstofnana.

Starfsemin

Leiðarljós í starfsemi stofnunarinnar hefur verið að tryggja þekkingu og virðingu fyrir réttindum neytenda. Mikið brautryðendastarf hefur verið unnið á starfssviðum stofnunarinnar sem skiptast í þrjú megin svið; þ.e. öryggi vöru, réttindi neytenda og eftirlit með mælitækjum og mælingum.

Landsmæligrunnar Íslands eru varðveittir hjá Neytendastofu og eru þar aðgengilegir fyrir atvinnulífið í landinu og önnur stjórnvöld. Þeir skipta miklu máli fyrir ýmis hátækniyrirtæki sem verða að hafa greiðan aðgang að kvörðun viðkvæmra mælitækja svo sem nákvæmnisvogir í lyfjaiðnaði eða faggiltum rannsóknarstofum sem hér starfa. Kvörðunarþjónusta Neytendastofu hefur verið í hæsta gæðaflokki við kvörðun mælitækja og starfsemi hennar verið faggilt af bresku faggildingarstofunni (UKAS) allt frá árinu 2006 sem tryggir að kvörðunarþjónusta hennar fyrir íslensk fyrirtæki nýtur alþjóðlegar viðurkenningar.

Réttar mælingar og rétt notkun mælitækja er grunnstoð í heiðarlegum viðskiptum við neytendur. Átak hefur verið gert í að tryggja að vegið magn í forpökkuðum vörum sé rétt þannig að neytendur fái ávallt þá þyngd vöru sem tilgreind er á umbúðum vörunnar.

Neytendastofa hefur tekið tímamótaákvörðanir í málum varðandi neytendalán þar sem upplýsingagjöf lánveitenda var ekki í samræmi við lög eða ákvæði um vexti í lánasamningum við neytendur. Lánastofnanir hafa í kjölfar slíkra ákvæðana endurgreitt neytendum hundruða



milljóna króna vegna gallaðra lánaskilmála. Þá hefur stofnunin tekið ákvarðanir vegna villandi og óréttmætra viðskiptahátta, m.a. vegna sölu í vefverslunum og notkunar á íslenska fánanum við markaðssetningu á vörum. Auk þess hafa komið upp mörg mál vegna pakkaferða á síðustu árum.

Markaðseftirlit

Mikil áhersla hefur verið á að auka öryggi á barnavörum og hefur stofnunin gerbreytt barnavörumarkaðnum í þeim tilgangi að tryggja að slíkar vörur uppfylli ávallt öryggiskröfur sem lög og gildandi reglur mæla fyrir um. Á markaðnum finnast oft vörur sem geta reynst hættulegar fyrir öryggi barna, s.s. leikföng, barnabílstólar, barnarúm og allskyns umönnunarvörur ætlaðar börnum. Neytendastofa hefur byggt upp öflugt markaðseftirlit með öryggi neytendavöru og hefur innkallað eða lagt sölubann á mörg hundruð vörur árlega í samstarfi við systurstjórnvöld sín á Evrópska efnahagsvæðinu. Sem dæmi má nefna að Neytendastofa tók frumkvæðið og var fyrsta stofnunin í Evrópu til að athuga öryggi snjallúra en rannsókn stofnunarinnar leiddi í ljós að unnt var að staðsetja og fylgjast með öllum ferðum notenda úranna enda barnaleikur að komast inn í staðsetningarbúnað þeirra. Sölubann var sett á úrin á EES-svæðinu og aukin meðvitund er nú á að framleiðendur á snjalltækjum verða að tryggja persónulegt öryggi notenda og koma í veg fyrir óheftan aðgang að persónuupplýsingum.

Neytendastofa hefur gengt mikilvægu hlutverki í að upplýsa neytendur og atvinnulífið um réttindi þeirra og skyldur í viðskiptum með vörur og þjónustu. Kannanir sýna að þekking neytenda og seljenda hefur aukist ár frá ári um helstu kröfur sem sameiginleg EES-löggjöf setur varðandi viðskipti við neytendur.



Neytendastofa tekur m.a. þátt í alþjóðlega samstarfi sem felst í að athuga hvort hættulegar vörur séu markaði. Hér er verið að prófa klifurvörur á prófunarstofu.



Neytendastofa Borgartúni 21.



Orkustofnun við Grensásveg í Reykjavík.

Orkustofnun



Sigurður Thoroddsen, sjálfsmynd.

Raforkumálaskrifstofan og Orkustofnun

Árið 2017 voru 70 ár liðin frá stofnun Raforkumálaskrifstofu og 50 ár frá því Orkustofnun tók til starfa 1967. Af því tilefni flutti Sveinbjörn Björnsson, fyrrum starfsmaður þessara stofnana, yfirlit yfir upphafsár starfseminnar á ársfundi Orkustofnunar 2017. Stuðst er við hans erindi um söguna fram til 2020. Lýsing á starfseminni 2020 er byggð á ársskýrslu það ár, sem flestir starfsmenn stóðu að. Samantekt og ritstjórn annaðist Baldur Pétursson og yfirllestur og ráðgjöf Þórunn Erla Sighvats og Kristinn Einarsson hjá Orkustofnun.

Lykilhlutverk á sviði orkumála

Raforkumálaskrifstofan og Orkustofnun gegndu lykilhlutverki á sviði orkumála og hagþróunar á meðan Ísland var að mörgu leyti sem þróunarland. Með þeim var lagður grunnur að virkjun vatnsfalla landsins og byggð upp frá grunni ein fremsta vísindastofnun heims í jarðhitarannsóknunum. Orkustofnun var hagnýt jarðfræðistofnun en ekki síður miðstöð rannsókna í jarðvísindum þar til kennsla eflidist hjá HÍ á þessu sviði.

Þessar stofnanir skiluðu gríðarlegu framlagi til þjóðfélagsins á sviði orkumála, s.s:

- Rafmagn inn á öll heimili landsins.
- Jarðhita til húshitunar 90% landsmanna.
- Grundvelli virkjana fyrir stóriðju.
- Grundvelli um verndun náttúru og nýtingu orkulinda.
- Jarðhitaskóla og alþjóðlegri ráðgjöf um nýtingu jarðhita.
- Grunnögnum fyrir rétt Íslendinga á hafsbotni.
- Grundvelli fyrir þróun orkumála og hagþróun á Íslandi.

Gas frekar en rafmagn

Upp úr aldamótunum 1900 var frekar notað gas en rafmagn í Reykjavík til eldunar. Tímabilið 1904 til 1933 mætti nefna frumbýlingsár í raforkubúskap þjóðarinnar. Á þeim tíma voru aðeins byggðar smáar rafstöðvar. Elliðaárvirkjun var tekin í notkun 1921 og í fyrstu mest nýtt til raflýsingar á götum, en eldað var með gasi og hitað með koxi. Raforkumálaskrifstofan og Orkustofnun áttu mikinn þátt í að leggja grundvöll að rafvæðingu alls landsins, stærri vatnsaflsvirkjunum, stóriðju, eflingu iðnaðar, hagþróunar og bættra lífskjara á Íslandi.

Frumkvöðull um vatnsafl

Sigurður Thoroddsen lauk verkfræðiþrófi árið 1927 og stofnaði eigin verkfræðistofu 1932. Sigurður vann fyrstu yfirlitsáætlun um vatnsafl á Íslandi 1952 og lagði þar með grunninn að flestum virkjunarhugmyndum í vatnsafl. Í áætlun 1962 taldi hann að virkjanleg vatnsorka í meðal vatnsári næmi 35 þúsund GWh á ári.



Gasstöðin við Hlemm, starfrækt 1910-1956.

Raforkulög 1947

Með raforkulögum 1947, var komið á heildarskipan raforkumála í stað fjölda smárra rafstöðva án samtengingar. Samkvæmt lögunum var ríkinu einu heimilt að reisa og reka raforkuver sem voru stærri en 75 kW. Raforkumálastjóri hafði yfirumsjón með rafmagnsveitum ríkisins og héraðsrafmagnsveitum, var ráðunautur ríkisstjórnarinnar í raforkumálum og lét meta hvernig heppilegast væri að fullnægja raforkuþörf héraðs eða landshluta og sendir tillögur til ráðherra.

Raforkumálastjóri

Jakob Gíslason var forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins frá 1933, varð raforkumálastjóri 1947 og síðar orkumálastjóri 1967-1972. Jakob var farsæll stjórnandi, frumkvöðull um rafvæðingu og orkurannsóknir. Hann var ætíð vel undirbúinn fyrir breytingar í stjórn málum.

Vatnamælingar

Sigurjón Rist var forstöðumaður Vatnamælinga frá 1947 og í áratugi. Hann kom á kerfisbundnum rennismælingum í vatnsföllum landsins, kortlagningu stöðuvatna og sá um útgáfu árlegra rennismælingagna. Hann lagði grunninn að þekkingu á vatnsafla og vatnafari landsins.

Jarðfræðikortlagning

Elsa G. Vilmundardóttir varð fyrst íslenskra kvenna til að ljúka háskólanámi í jarðfræði. Hún kom til starfa hjá Raforkumálaskrifstofunni þegar rannsóknir vegna virkjunar Þjórsár við Búrfell byrjuðu upp úr 1960. Ritgerð Elsu um Tungnaárhraun var mikið tímamótaverk og er enn hin merkasta heimild.

Mannvirkjajarðfræði

Haukur S. Tómasson var sérfræðingur í mannvirkjajarðfræði hjá Raforkumálastjóra frá 1959 til 1966, deildarstjóri á Orkustofnun frá 1966 til 1980, og síðan forstjóri Vatnsorkudeildar Orkustofnunar 1980 til 1997. Haukur kom að undirbúningi og frumhönnun allra helstu vatnsaflsvirkjana.

Landmælingar og borholuskrá

Landmælingar á vegum Raforkumálaskrifstofunnar hófust skömmu fyrir 1950 og héldu áfram allt til ársins 2003 þar til gögn voru afhent Landmælingum Íslands. Þorgils Jónasson, sagnfræðingur, hóf árið 1970 störf hjá Jarðborunum ríkisins en færðist á Orkubúskapardeild Orkustofnunar 1991. Hann safnaði heimildum um boranir og borholur frá upphafi.

Teiknistofan

Teiknistofan var mikilvæg á Raforkumálaskrifstofunni og síðar Orkustofnun. Petrína K. Jakobsson stjórnaði teiknistofunni allt til ársins 1977, þá tók Helga B. Sveinbjörnsdóttir við stjórn til æviloka árið 2000.

Bókasafn

Stjórnendur lögðu mikla áherslu á að afla tímarita og fræðibóka vegna rannsókna stofnananna og undir stjórn Guðrúnar Gísladóttur varð bókasafn Raforkumálaskrifstofunnar og síðar Orkustofnunar lykilsafn þjóðarinnar í þessum fræðum.

Rafvæðing strjálbýlis

Árið 1953 lagði Jakob Gíslason raforkumálastjóri fram 10 ára áætlun um rafvæðingu strjálbýlisins með rafveitum, sem kosta átti um 50 milljónir króna á ári, jafngildir nú tveimur milljörðum. Verkefnið var sett í framkvæmd og til ársins 1970 náðist að rafvæða 95% býla í landinu. Helstu rafveitur landsins voru þó ekki samtengdar. Byggðalínan var lögð 1974-84 en hún tengdi saman raforkukerfi landsins til að auka öryggi og hagkvæmni.

Landsvirkjun

Fram að árinu 1965 hafði rafvæðing á Íslandi verið rekin af ríki og sveitarfélögum en rekstur veitufyrirtækja stóð ekki undir nýframkvæmdum í orkumálum. Með stofnun Landsvirkjunar

Skipurit Raforkumálaskrifstofu 1947



Jakob Gíslason, raforkumálastjóri.



Haukur S. Tómasson.



Petrína K. Jakobsson, Helga B. Sveinbjörnsdóttir og Guðrún Gísladóttir, starfsmenn 1958-2000.

Framhald á næstu opnu →

Afsprengrí Raforpumálaskrifstofu og Orkustofnunar, að hluta eða í heild



Guðmundur Pálmason og Gunnar Böðvarsson.

1. júlí 1965 höfðu stjórnvöld hug á að nýta orkulindir landsins betur með því að draga að erlenda fjárfesta í orkufrekan iðnað innanlands og ná þannig fram hagkvæmni stórrækstrar í virkjunum, sem gætu selt raforku til stóriðju og séð almennum markaði fyrir raforku á hagkvæmu verði. Nokkrir starfsmenn Raforpumálaskrifstofunnar fóru yfir til Landsvirkjunar, m.a. Eiríkur Briem, rafmagnsveitustjóri, sem varð forstjóri.

Jarðboranir ríkisins og Jarðhitadeild

Jarðboranir ríkisins fóru undir hatt raforpumálastjóra 1947. Gunnar Böðvarsson var forstöðumaður Jarðborana fyrstu árin og síðar Jarðhitadeildar þegar hún var skilin frá Jarðborunum árið 1956. Hann varð þekktur sem fræðimaður og ráðgjafi um jarðhita á erlendum vettvangi. Árið 1964 fluttist hann til Bandaríkjanna. Þá tók Guðmundur Pálmason við forstöðu og gegndi henni til ársins 1996 að skipulag breyttist. Undir stjórn Guðmundar óx deildin og lyfti Grettistaki í jarðhitaleit sem leiddi til stórauðinnar nýtingar jarðhita í húshitun og framleiðslu raforku.

Orkulög 1967

Árið 1967 voru raforkulögin endurskoðuð og kölluð Orkulög. Umsjá jarðvarmans og annarra orkugjafa svo sem olíu var sett undir ákvæði laganna. Þá voru veitur ríkisins lagðar beint undir Rafmagnsveitur ríkisins, sem urðu sjálfstæð ríkisstofnun. Raforkusjóður frá 1947 og Jarðhitasjóður frá 1961 voru sameinaðir í Orkusjóði. Ný stofnun, Orkustofnun, tók við rannsóknarhlutverki Raforpumálaskrifstofunnar á virkjunarskilyrðum vatnsorku og jarðvarma. Hún var rannsóknar- og ráðgjafarstofnun fremur en stjórnsýslustofnun. Kjarni Orkustofnunar var í Raforkudeild, Skrifstofu- og hagdeild og Jarðhitadeild. Rafmagnseftirlitið og Jarðboranir voru áfram undir Orkustofnun og einnig Jarðvarmaveitur ríkisins sem ráku m.a. gufuveitu í Bjarnarflagi fyrir Kísiliðjuna og gufufarstöð.

Ný og krefjandi verkefni - húshitun með jarðvarma

Á árabílinu 1970 – 1980 komu mörg ný verkefni til Orkustofnunar. Þar má nefna Laxárdeíluna, undirbúning að Byggðalínu, byggingu Sigölduvirkjunar, gosið á Heimaey, gufuöflun fyrir Kröfluvirkjun og vöktun eldsumbrota í Kröflu og hækkun á húshitun með olíu vegna hækkunar á heimsmarkaðsverði olíu um 1970. Öll þessi atriði höfðu mikil áhrif hér á landi. Húshitun með olíu var enn mikil árið 1973 og alls fóru þá 160 þús. tonn af olíuinnkaupunum í þá hitun. Olíuhækkunin hafði þau áhrif að sett var opinber stefna að allir stærri þéttbýlisstaðir nytu jarðhita til húshitunar þar sem hægt væri. Verkefni Jarðhitadeildar og Jarðborana ríkisins urðu fleiri og meiri en áður og hitun húsa með jarðhita jókst mikið 1970-1980 sem gerði hitun með olíu að mestu óþarfa. Þjóðhagslegur sparnaður af hitun húsa með jarðhita í stað olíu síðan 1968, er metinn að meðaltali um 65 milljarða á ári eða um 2,6% af landsframleiðslu. Jarðkönnunardeild var stofnuð 1971 og var henni ætlað að stunda rannsóknir vegna öflunar neysluvatns og hagnýtra jarðefna. Ársverk Orkustofnunar voru 150 árið 1982.

Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna, hefur frá stofnun árið 1979 og til 2021 heyrð undir Orkustofnun. Ingvar Birgir Friðleifsson var forstöðumaður frá upphafi til starfsloka 2013 en þá tók Lúðvík S. Georgsson við. Skólinn hefur útskrifað 670 nemendur frá 60 löndum. Síðan árið 2000 hafa 56 þeirra lokið meistaranámi og tveir doktorsnámi í jarðhitafræðum. Auk þess heldur skólinn árleg námskeið í Afríku og Mið-Ameríku. Þessir nemendur eru nú leiðandi í málefnum jarðhita í heimalöndum sínum. Starfsemi skólans er eitt mikilvægasta framlag okkar til þróunarlanda. Það hefur einnig skilað sér í tækifærum fyrir íslenska ráðgjafa og fyrirtæki í nýtingu jarðhita um heim allan. Frá 2021 er Jarðhitaskólinn vistaður hjá ISOR. Forstöðumaður Jarðhitaskólans frá 2019 er Guðni Axelsson.

Breytt verksvið

1. jan. 1997 urðu skipulagsbreytingar þannig að rannsóknirnar voru reknar sem fjárhagslega sjálfstæð starfsemi en orkumálahluta fengið aukið hlutverk í stjórnsýslu. Stofnunin skiptist nú auk Jarðhitaskólans í skrifstofu orkumálastjóra, Orkumálasvið með orkubúskapardeild og auðlindadeild og Orkurannsóknir með deildirnar vatnamælingar og rannsóknasvið. Jakob Björnsson lét af störfum orkumálastjóra fyrir aldurs sakir 1996 og við starfi hans tók Þorkell Helgason. Árni Snorrason varð forstöðumaður Vatnamælinga og Ólafur G. Flóvenz forstöðumaður Rannsóknasviðs.

Lög um Orkustofnun og ný raforkulög 2003

Með lögum 2003 voru gerðar viðamiklar breytingar á stofnuninni. Rannsóknasviðið var gert að nýrri stofnun, Íslenskar orkurannsóknir (ISOR) og starfsemi Vatnamælinga var gerð að sjálfstæðri einingu. Báðum stofnunum var ætlað að standa undir rekstri sínum með sölu þjónustu án fjárveitinga. Stjórn Orkustofnunar var felld niður en stjórnsýsluhlutverk aukið með nýjum verkefnum. Vatnamælingar voru svo sameinaðar Veðurstofu Íslands 2008. Við það einfaldaðist skipurit Orkustofnunar í það sem nú gildir og sinnir stofnunin einkum stjórnsýslu.

Afsprengrí Raforkumálaskrifstofunnar

Með lögum um Landsvirkjun nr. 59/1965 og Orkulögum nr. 56/1967 færðist bygging virkjana fyrir stóriðju og rekstur stærri háspennulína til Landsvirkjunar og rekstur smærri virkjana og héraðsveitna til Rafmagnsveitna ríkisins. Þessi starfsemi er nú í höndum Landsvirkjunar, Landsvirkjunar Power, Landsnets, Rarik og Orkusölnunar. Segja má að Landsvirkjun sé einnig afsprengrí Raforkumálaskrifstofunnar.

Afsprengrí Orkustofnunar

Rafmagnseftirlit ríkisins fylgdi Orkustofnun 1967 en varð að sjálfstæðri stofnun 1979, rann í Löggildingarstofu 1996 og varð hluti Neytendastofu árið 2005. Jarðboranir voru undir Orkustofnun til ársbyrjunar 1986 að þær voru gerðar að hlutafélagi. Jarðvarmaveitur voru undir Orkustofnun til ársins 1986 að þær runnu inn í Landsvirkjun. Orkustofnun átti frumkvæði að virkjun jarðhita í Svartsengi með tilraunastöð árin 1974-1976 sem leiddi til Hitaveitu Suðurnesja, sem nú heita HS Veitur og HS Orka. Orkustofnun var einnig með töluverða ráðgjafarstarfsemi erlendis. Hún var um tíma rekin sem hlutafélagið Orkustofnun erlendis hf. (Orkint). Það hlutafélag sameinaðist Virki hf. 1988, sem síðar varð Virkir Orkint hf. Árið 1996 voru gerð skil á milli rannsóknarstarfsemi Orkustofnunar og stjórnsýslu hennar í orkumálum. 2003 voru jarðfræði- og jarðhitarannsóknir Orkustofnunar gerðar að sjálfstæðri rannsóknarstofnun ÍSOR.

Raforkusjóður, Jarðhitasjóður og Orkusjóður

Raforkusjóður var settur á stofn 1942 til að styðja við rafvæðingu landsins. Hann var felldur undir raforkumálastjóra 1947. Jarðhitasjóður sem stofnaður var með lögum nr. 55/1961 starfaði einnig undir hatti raforkumálastjóra. Hann sameinaðist Raforkusjóði í Orkusjóði með lögum nr. 58/1967. Sá sjóður er enn í daglegri umsýslu Orkustofnunar í útibúi hennar á Akureyri sem stofnað var árið 1999. Þar er einnig rekið Orkusetur á vegum Orkustofnunar.



Guðni Axelsson, forstöðumaður Jarðhitaskólans frá 2019.



Lúðvík S. Georgsson og Ingvar Birgir Friðleifsson.



Árni Snorrason og Ólafur G. Flóvenz.



Framhald á næstu opnu →



Jakob Gíslason 1947-1972



Jakob Björnsson 1973-1996



Þorkell Helgason 1996-2007



Guðni A. Jóhannesson 2008-2021



Halla Hrund Logadóttir frá 2021

Orkumálastjórar

Jakob Gíslason varð fyrsti orkumálastjóri, eins og áður sagði og Jakob Björnsson þar á eftir. Á eftir Þorkeli Helgasyni tók Guðni A. Jóhannesson við starfi orkumálastjóra frá ársbyrjun 2008 til ársins 2021. Ráðinn hefur verið nýr orkumálastjóri, Halla Hrund Logadóttir, sem er fyrsta konan til að gegna þessu embætti frá og með 19. júní 2021.

Núverandi hlutverk Orkustofnunar er fjölbreytt

Orkustofnun heyrir undir ferðamála-, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Sem fagstofnun á sviði auðlinda- og orkumála gegnir Orkustofnun víðtæku stjórnsýsluhlutverki og skyldum.

Stefnumarkandi hlutverk er m.a:

- vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orku- og auðlindamál.
- standa fyrir rannsóknnum á orkubúskap, orkulindum hafsbotnsins og öðrum jarðrænum auðlindum landsins, til að unnt sé að veita stjórnvöldum ráðgjöf um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra.
- safna og miðla gögnum um orkulindir, jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna.
- vinna að áætlanagerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda.
- stuðla að samvinnu þeirra sem sinna orkurannsóknum og samræmingu slíkra verkefna.
- að fylgjast í umboði ráðherra með framkvæmd opinberra leyfa sem gefin eru út til rannsóknar og nýtingar jarðrænna auðlinda og reksturs orkuvera og annarra meiri háttar orkumannvirkja.
- að annast umsýslu Orkusjóð.
- að annast önnur verkefni er stofnuninni eru falin.

Leyfisveitingar

Orkustofnun veitir opinber leyfi til:

- rannsókna og nýtingar á jarðrænum auðlindum.
- breytinga á vatnsfarvegum og söfnunar vatns í miðlunarlón.
- reksturs orkuvera og flutningsvirkja raforku og fylgist með framkvæmd þessara leyfa.

Raforkueftirlit

Raforkueftirlitið hefur eftirlit með fyrirtækjum á raforkumarkaði, en þar fjölga verkefnum og umfang eykst, í samræmi við aukið hlutverk. Samkvæmt raforkulögum hefur Orkustofnun eftirlit með raforkumarkaði og er sjálfstæð í sínum ákvörðunum.

Eftirlitið skiptist í í aðalatriðum í eftirtalda þætti:

- Almennt eftirlit með framkvæmd raforkulaga.
- Eftirlit með Kerfisáætlun flutningsfyrirtækis.
- Eftirlit með aðskilnaði rekstrarþátta í bókhaldi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna.
- Setning tekjumarka.
- Eftirlit með gjaldskrár fyrir flutning og dreifingu raforku.
- Eftirlit með afhendingaröryggi og gæðum raforku.
- Eftirlit með neytendavernd á raforkumarkaði.
- Sinna ábendingum notenda sem telja að raforkufyrirtækin hafi brotið á sér.

Kerfisáætlun. Frá árinu 2015 hefur Orkustofnun haft það hlutverk að staðfesta hvort kerfisáætlun Landsnets um framtíðaruppbyggingu flutningskerfisins samræmist ákvæðum raforkulaga.

Tekjumörk. Raforkueftirlitið hefur m.a. það hlutverk að ákvarða tekjumörk sérleyfisfyrirtækja á raforkumarkaði, sérleyfisfyrirtækin ákvarða breytingar á gjaldskrá í samræmi við uppgjör tekjumarka ársins.

Upprunaábyrgðir. Samkvæmt lögum nr. 30/2008 um upprunaábyrgðir vegna raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum og reglugerð nr. 757/2012 um birtingu upplýsinga sem eru tengdar upprunaábyrgðum raforku, er Orkustofnun falið ákveðið eftirlitshlutverk varðandi útgáfu á upprunaábyrgðum.

Orkuspá. Eitt af reglubundnum verkefnum raforkueftirlits er þátttaka í Orkuspárnefnd.

Árlega er gefinn út endurreikningur á spá um raforkunotkun.

Raforkuöryggi, afhendingaröryggi og gæði raforku. Raforkueftirlitið hefur eftirlit með

raforkuöryggi landsins og afhendingaröryggi og einnig gæðum raforku.

Nordber. Raforkueftirlit tekur þátt í norrænu samstarfi, um neyðarstjórnun raforkukerfa Norðurlandanna

NordREG. Raforkueftirlitið tekur þátt í samstarfi norrænna eftirlitsaðila sem heitir NordREG ACER. Ísland gerist aðili 2019 að svokölluðum þriðja orkupakka innan EES, en með honum tók Orkustofnun að sér umfangsmeira starf og eftirlit á raforkumarkaði, sem miðar að aukinni markaðsvirkni, gæðum, öryggi, neytendavernd og sjálfstæði raforkueftirlitsins í ákvörðunum.

Hagskýrslur um orkumál

Orkustofnun gegnir hlutverki sem hagtöluframleiðandi ásamt Hagstofunni, Seðlabanka Íslands, Umhverfisstofnun, Samgöngustofu og embætti ríkislögreglustjóra. Verkefnið er fólgið í umfangsmikilli söfnun talnagagna um orkuframleiðslu, orkunotkun og orkuverð.

Annað eftirlit

Orkustofnun fer einnig með leyfisveitingarvald samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990 svo og laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001.

Niðurgreiðslur

Samkvæmt lögum um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar nr. 78/2002 og reglugerð um framkvæmd laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar nr. 660/2009 þurfa allir notendur sem vilja njóta niðurgreiðslu að sækja um það sérstaklega til Orkustofnunar sem hefur eftirlit með framkvæmd laganna. Eigandi/leigjandi íbúðarhúsnæðis sem ekki hefur kost á fullri hitun með jarðvarma getur sótt um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar til Orkustofnunar sem metur á grundvelli umsóknar hvort skilyrði þessara laga fyrir niðurgreiðslum sbr. 4. grein séu uppfyllt. Mest fer til að niðurgreiða beina rafhitun og hitun frá kyntum hitaveitum sem hita vatn með skerðanlegri orku, olíu og afgangorku t.d. frá fiskimjölsverksmiðjum.

Helstu áherslur eru:

- Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis
- Eingreiðslur til hitaveitna og einstaklinga
- Orkusparnaður
- Hitaveituframkvæmdir
- Jöfnun kostnaðar við dreifingu orku í dreifbýli
- Notendur utan samveitna

Upplýsingamiðlun - bókasafn

Orkustofnun sinnir þess utan leiðbeiningarskyldu sinni og upplýsingagjöf gagnvart almenningi og innlendum og erlendum aðilum. Fjöldi skráðra titla Bókasafns Orkustofnunar í Gegni - samskrá íslenskra bókasafna er nú 20.027. Um 50% þessara titla eru nú rafræn skjöl.

Með skráningu í Gegni opnast möguleikinn á aðgengi að efninu fyrir almenning og á heimsvísu. Leitarmöguleikar eru þar margvíslegir, sem fást ekki með vistun efnis eingöngu á vef stofnunar. Þannig er mætt upplýsingaskyldu stjórnvalda og því markmiði að veita aðgang að opinberum gögnum. Útgefið efni Orkustofnar og nýtt efni er skráð og tengt jafnóðum og það kemur út, og rafrænu eintaki skilað í Rafhlöðuna - rafrænt varðveislusafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Gagnamál

Orkustofnun hefur aflað gagna um orkurannsóknir og orkunýtingu landsins á löngum tíma. Stór hluti þeirra gagna sem hafa orðið til í starfsemi Orkustofnunar er stafrænn og vistaður í gagnagrunnum og/eða landupplýsingakerfum. Gögn sem eru staðtengjanleg falla undir málaflökkinn landupplýsingar. Gagnasett Orkustofnunar á því sviði eru byggð á efni nokkurra ólíkra gagnagrunna. Birting landfræðilegu gagnasettanna var um árabíl í Gagnavefsjá, Náttúruvefsjá, Landgrunnsvefsjá og Orkuvefsjá, en þær kortasjár byggðu á eldri hugbúnaði sem hefur verið lokað. Núverandi kortasjár stofnunarinnar eru Kortasjá OS, Landgrunnssjá og Kortasafn OS. Gagnasöfn sem hafa verið afrituð og gerð aðgengileg á vef stofnunarinnar eru kortasöfn Orkustofnunar, Teikningasafn og Borskýslusafn, ásamt Borholuskrá, sem er tengd kortasjá og sýnir hnit borhola ásamt tengingum við ýmsar heimildir um borholur.

Skipurit Orkustofnunar 2009



Skipurit Orkustofnunar 2021



Gagnamál.

Framhald á næstu opnu →



Sjálfbær þróun orkumála.



Jarðvarmvirkjun á Azor-eyjum, heimild Exergy SpA á vegum Uppbyggingarsjóðs EES, þar sem Orkustofnun veitir ráðgjöf og fyrirtæki frá Íslandi komu að uppbyggingu.



Smávirkjanir.



Fjöldi viðburða er á ári hverju með innlendum og erlendum aðilum.

Auðlindanýting

Árið 2008 tók Orkustofnun við því hlutverki að gefa út virkjunarleyfi en fyrir þann tíma sá iðnaðarráðuneytið um útgáfu leyfanna og framan af síðustu öld grundvölluðust leyfin á sérlögum. Fyrir sumar virkjanir finnast leyfisbréf ráðherra með vísan til laganna en ekki finnast leyfi fyrir allar virkjanir. Stofnunin fer með stjórnsýslu- og leyfisveitingarvald, eins og fyrr greinir. Til að sinna þessu umfangsmikla hlutverki Orkustofnunar leggur stofnunin áherslu á þverfaglega vinnu sérfræðinga stofnunarinnar áður en endanleg ákvörðun er tekin í hverju máli fyrir sig. Á árinu 2017 var lögð mikil vinna í það að afla gagna um allar vatnsaflsvirkjanir á Íslandi sem skila raforku inn á flutnings- og dreifikerfi raforku. Markmiðið með þessari gagnaöflun er að ná heildaryfirsýn yfir vatnsaflsvirkjanir á Íslandi og draga saman þau ákvæði sem kalla á eftirlit af hendi Orkustofnunar. Í desember 2016 kynnti Orkustofnun fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti hugmynd að smávirkjनावerkefni sem hafði það að markmiði að stuðla að aukinni raforkuframleiðslu á landsbyggðinni. Mikið starf hefur verið unnið á þessu sviði á umliðnum árum til 2020. Orkustofnun tekur við og setur fram hugmyndir um virkjunarkosti í vatnsorku og jarðhita yfir 10 MW að aflu og gætir þess að þeir séu nægilega vel skilgreindir, þannig að hægt sé að fjalla um þá á vettvangi Rammaáætlunar sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Virkjunarkostir eru áfram til umfjöllunar innan rammaáætlunar á grundvelli nýjustu upplýsinga þar til þeir annað tveggja koma til framkvæmda eða viðkomandi svæði er friðlýst gagnvart orkunýtingu. Lagaleg óvissa ríkir enn um meðhöndlun vindorku í rammaáætlun þegar þetta er ritað 2021.

Olíuleit

Í upphafi árs 2018 óskaði Ithaca Petroleum ehf. ásamt samstarfsaðilunum Kolvetni ehf. og Petoro Iceland ehf. eftir eftirgjöf á sérleyfi þeirra, nr. 2013/02, sem gefið var út 4. janúar 2013. Leyfishafarnir söfnuðu 1.000 km af endurkastsgögnum á leyfissvæðinu sumarið 2016, í samræmi við ákvæði leyfisins. Tulkun gagnanna leiddi til þeirrar ályktunar rekstraraðilans að ekki væri ástæða til að halda áfram rannsóknum og skuldbinda sig til að takast á við rannsóknaráætlun samkvæmt öðrum áfanga þess leyfis. Líkur á að finna olíu og/eða gas á afmörkuðu svæði sérleyfissvæðis sem rannsakað var, gæfi, að mati tulkunar Ithaca Petroleum á gögnunum, ekki tilefni til að takast á við næsta áfanga rannsóknaráætlunar sérleyfisins. Af áðurnefndum ástæðum var leyfi fyrirtækisins til olíuleitar afturkallað í ársbyrjun 2018 og því er ekki lengur stunduð olíuleit við Ísland.

Orkuskipti

Orkunotkun í heiminum byggir að mestu á eldsneyti hvort sem um ræðir samgöngur, húshitun, iðnað eða raforkuframleiðslu. Á Íslandi er raunin önnur enda er heildarhlutdeild endurnýjanlegrar orku í orkubúskap landsins með því hæsta sem gerist í heiminum. Á Íslandi er eldsneyti að langstærstum hluta notað til samgangna á láði, legi og í lofti. Samkvæmt þingsályktun um aðgerðaráætlun um orkuskipti, sem samþykkt var 31. maí 2020 er stefnt að því að Ísland verði framarlega í notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum á öllum sviðum. Í orkuskiptaáætluninni er stefnt að því að auka hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngum á landi frá 6% árið 2016 í 10% fyrir árið 2020 og 40% árið 2030. Einnig er stefnt að því að auka hlutfall endurnýjanlegrar orku í haftengdri starfsemi í 10% árið 2030, en hlutfallið fyrir innlend fiskiskip var 0,1% árið 2016

Alþjóðlegt samstarf

Stofnunin sinnir auknu alþjóðlegu samstafi svo sem á grunni EES samningsins vegna Uppbyggingarsjóðs EES, Geothermica og öðru alþjóðlegu samstarfi. Þar er veigamikill þáttur aukinn alþjóðlegur áhugi á að nýta reynslu frá Íslandi af rannsóknum og nýtingu á jarðhita.

Uppbyggingarsjóður EES

Frá árinu 2010 hefur Orkustofnun, að beiðni utanríkisráðuneytisins, haft aðkomu að og tekið þátt í verkefnum Uppbyggingarsjóðs EES í nokkrum löndum Austur- og Suður-Evrópu og er starfið kostað af sjóðnum, sem er hluti af EES samningnum. Vinna Orkustofnunar hefur verið í formi aðstoðar við mótun, framkvæmd, útboð og eftirlit áætlana á sviði endurnýjanlegrar orku í viðkomandi löndum.

Önnur orkuverkefni innan EES, Set Plan, ERA-NET, Geothermica

Orkustofnun hefur einnig stýrt Geothermal ERA-NET verkefninu sem náði til 11 landa í Evrópu og framkvæmdastjórnar ESB, en það var rannsóknarverkefni á tímabilinu 2012 – 2016. Markmið Geothermal ERA-NET var að efla hlut jarðvarma í Evrópu og var það gert með auknu samstarfi rannsóknaraðila, einkaaðila og stjórnsýslustofnana í þessum löndum og var það fjármagnað af rannsóknaráætlunum ESB / EES. Í framhaldi af ERA-NET verkefninu byggðu sömu samstarfslönd upp stærra rannsóknarverkefni sem kallast GEOTHERMICA árið 2017, en það er samstarfsverkefni Evrópusambandsins og 16 stjórnsýslu- og rannsóknarmiðstöðva í 13 löndum Evrópu.

Íslandsdeild Alþjóða orkuráðsins

Íslandsdeild Alþjóða orkuráðsins hefur verið starfrækt á umliðnum árum, vegna aðildar að Alþjóða orkuráðinu (WEC). Orkustofnun hefur annast umsjón starfseminnar, en einstök fyrirtæki á orkumarkaði hafa verið aðilar að starfinu. Starfsemi er m.a. fólgin í miðlun upplýsinga frá WEC til aðildarfyrirtækja, þátttöku í alþjóðlegum greiningum og skýrslum er varða Ísland og orkumarkaðinn, fundum o.fl. Ísland er m.a. aðili að World Energy Issue Monitor þar sem greind er samkeppnisstaða greinarinnar í viðkomandi löndum. Einnig tekur Ísland þátt í World Energy Trilemma Index skýrslunni sem greinir stöðu einstakra landa hvað varðar orkuöryggi, orkugæði og sjálfbært umhverfi.

Orkusjóður

Sjóðurinn er í eigu ríkisins og er hlutverk hans að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Sér stjórn er yfir Orkusjóði.

Helstu verkefni:

- Jarðhitaleitarlán
- Jarðhitaleitarstyrkir
- Sérstakir styrkir Orkusjóðs
- Tímabundið verkerfi í umsýslu Orkusjóðs - styrkir til uppbyggingar innviða fyrir rafbíl
- Aukin verkefni Orkusjóðs og þingsályktun um aðgerðaáætlun um orkuskipti

Kolvetnisrannsóknasjóður

Kolvetnisrannsóknasjóður er mennta- og rannsóknasjóður í tengslum við kolvetnisstarfsemi á Íslandi í samræmi við lög nr. 13/2001 og reglugerð nr. 39/2009. Einnig hafa verið settar verklagsreglur um starfsemi sjóðsins. Stjórn sjóðsins er skipuð einum fulltrúa hvers rannsóknar- og vinnsluleysis auk fulltrúa íslenska ríkisins sem fer með formennsku í sjóðnum. Orkustofnun annast daglega umsýslu sjóðsins en hann er ekki virkur eins og er.

Orkusetur

Orkusetur staðsett á Akureyri, er óháð og sjálfstæð eining sem vinnur að markmiðum sínum sem eins konar tengiliður milli stjórnvalda, almennings, fyrirtækja og stofnana. Orkustofnun annast daglega umsýslu Orkuseturs. Sér stjórn er yfir Orkusetri. Orkuskipti í samgöngum er eitt af viðfangsefnum Orkuseturs. Rafvæðing samgangna hefur að mestu verið í sviðsljósinu enda margt að gerast á því sviði og bjart framundan. En orkuskipti snúast um fleira en rafbíl og innlend eldsneytisframleiðsla er hluti af möguleikum Íslands til að minnka notkun jarðefnaeldsneytis í samgöngum.

Mannauður

Markmið Orkustofnunar er að hjá stofnuninni starfi fólk sem hefur hæfileika sem nýtast stofnuninni, er áhugasamt og tilbúið að miðla þekkingu sinni. Orkustofnun leggur áherslu á traust og heiðarleika og vill að starfsmenn séu sjálfstæðir, tilbúnir til að sýna frumkvæði og taka ábyrgð. Fjöldi starfsmanna á árinu 2017 var 39 og fækkaði um þrjá frá fyrra ári, þrátt fyrir aukið umfang stofnunarinnar. Árið 2021 eru starfsmenn 30 talsins.



Hluti af starfsfólki Orkustofnunar 2019.



Landsfundaherferð Persónuverndar í tengslum við nýja persónuverndarlöggjöf 2018. Myndin er tekin í Reykjavík.

Persónuvernd

Upphafsar verndar persónuupplýsinga

Fyrstu íslensku lögin um skráningu og vernd persónuupplýsinga tóku gildi 1. janúar 1982. Með lögnum var forvera Persónuverndar, Tölvunefnd, komið á fót. Nafnið ber með sér hversu ríkjandi tölvan var í bakgrunni laganna sem fengu fljótlega heitið tölvulögin í daglegu tali. Tölvunefnd hafði eftirlit með framkvæmd laganna og starfaði allt þar til Persónuvernd var sett á laggirnar með lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem lögfestu tilskipun nr. 95/46/EB. Persónuvernd tók formlega til starfa 1. janúar 2001 og voru starfsmenn stofnunarinnar þá sex að forstjóra meðtöldum.

Starfsemi Persónuverndar

Í upphafi árs 2020 voru starfsmenn Persónuverndar 17 talsins í fullu starfi. Helga Þórisdóttir lögfræðingur var skipuð forstjóri Persónuverndar frá og með 1. september 2015. Auk hennar starfa hjá Persónuvernd þrjú sviðsstjórar, átta lögfræðingar, tveir sérfræðingar í upplýsingaöryggi, skrifstofustjóri rekstrar, skjalastjóri og bókasafns- og upplýsingafræðingur. Persónuvernd er til húsa að Rauðarárstíg 10 í Reykjavík. Áhersla er lögð á góðan aðbúnað starfsmanna og tækifæri þeirra til símenntunar. Persónuvernd hefur verið útnefnd stofnun ársins þrjú ár í röð, þ.e. árin 2017, 2018 og 2019. Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og eru úrlausnir stofnunarinnar endanlegar á stjórnsýslustigi.

Vitundarvakning um persónuvernd

Óhætt er að segja að mikið vatn hafi runnið til sjávar frá því að Persónuvernd var sett á laggirnar og hefur þörfin fyrir öflugri vernd persónuupplýsinga sjaldan verið jafn mikil og nú. Tækninni fleygir fram á ógnarhraða og löggjafinn sem og eftirlitsstofnanir takast á sífelli á við nýjar áskoranir. Persónuverndarlöggjöfin gildir um alla vinnslu persónuupplýsinga á Íslandi. Hún gildir því um starfsemi hins opinbera, fyrirtækja, sveitarfélaga og annarra sem vinna með persónuupplýsingar. Helstu málaflokkar þjóðfélagsins hafa þannig snertiflöt við persónuverndarlöggjöfina, svo sem heilbrigðismál og vísindarannsóknir, fjármálaþjónusta, fjarskipti og netöryggi, skólastarf, ferðaþjónusta, verslun og þjónusta, vinnsla persónuupplýsinga á vinnustöðum, Schengen-samstarfið og samkeppnismál. Viðamestu breytingar á lagaumhverfi á sviðinu í áramótum voru gerðar með almennu persónuverndarreglugerðinni, (ESB) 2016/679, sem innleidd var í íslenskan rétt með setningu laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Lögini tóku gildi þann 15. júlí 2018. Með þeim voru auknar skyldur lagðar á þá sem vinna með persónuupplýsingar og einstaklingum veitt aukin réttindi. Mikil vitundarvakning hefur orðið á Íslandi um mikilvægi verndar persónuupplýsinga og hefur Persónuvernd lagt lóð sín á vogarskálarnar til að stuðla að aukinni umræðu þar að lútandi, meðal annars með landsfundaherferð haustið 2018, útgáfu fræðslubæklinga og þátttöku í ýmsum fundum og ráðstefnum.



Helga Þórisdóttir, forstjóri.



Landsfundaherferð Persónuverndar í tengslum við nýja persónuverndarlöggjöf 2018. Á myndinni sem tekin er á Akureyri eru frá vinstri: Vigdís Eva Líndal, sviðsstjóri erlends samstarfs og fræðslu, Helga Þórisdóttir, forstjóri og Þórður Sveinsson, sviðsstjóri úttekta.

Persónuvernd á tímamótum

Ljóst má vera að Persónuvernd stendur á miklum tímamótum, þar sem vægi persónuverndar í þjóðfélaginu er að aukast og almenningur krefst þess að vita meira um hvernig persónuupplýsingar eru unnar. Rúmlega fjórfalt fleiri mál berast nú Persónuvernd en á upphafsárum hennar. Þannig voru nýskráð mál árið 2018 hjá Persónuvernd 2.413, á árinu 2019 2.454 og á árinu 2020 voru þau 2.518, en til samanburðar voru málin 1.917 árið 2017 og um 600 talsins árið 2002. Rúmlega 3.000 málum var lokið á árinu 2019 og rúmlega 2.500 á árinu 2020. Verkefni stofnunarinnar eru margvísleg. Auk þess að annast eftirlit með því að farið sé að lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, úrskurðar Persónuvernd í ágreiningsmálum um vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd veitir jafnframt leiðbeiningar, afgreiðir leyfisumsóknir, tekur við tilkynningum um öryggisbresti og mælir fyrir um ráðstafanir varðandi vinnslu persónuupplýsinga. Þá veitir Persónuvernd álit um álitæfni um meðferð persónuupplýsinga og umsagnir við setningu laga og annarra reglna.

Hvað er framundan?

Með tilkomu nýrrar tækni er nær allt sem við gerum frá morgni til kvölds rekjanlegt og skráð, hvort sem um ræðir ferðir okkar, viðskipti, starfsumsóknir, greiðslusögu eða lífstíls- og heilsusögu. Allt okkar daglega líf fer orðið fram með aðstoð nettengdra tækja sem skrá athafnir okkar með ítarlegri hætti en flestir gera sér grein fyrir. Við þetta bætist gagnagnótt (e. Big Data), sjálfvirk ákvarðanatataka véla og gervigreind. Persónuvernd fagnar framþróun tækni, en bendir að sama skapi á að gæta þarf að ákvæðum persónuverndarlaga til að hægt sé að taka á móti tækniframförum með mannlegri reisn. Með aðstoð tækninnar er hægt að greina mynstur í mannlegri hegðun sem einstaklingar koma ekki auga á. Hægt er að greina svipbrigði, tilfinningar, hugsanir og margt fleira. Þetta getur bæði orðið til góðs og ills fyrir okkur. **Því er mikilvægt að til staðar sé sterk Persónuvernd, sem stendur vörð um ein mikilvægustu réttindin sem við eigum sem manneskjur – persónuréttindin okkar og persónuupplýsingarnar – það sem gerir okkur að því sem við erum.**



Starfsmenn Persónuverndar þegar stofnunin varð stofnun ársins 2019.

Fremsta röð frá vinstri:

Þórður Sveinsson, Helga Sigríður Þórhallsdóttir, Helga Þórisdóttir, Vigdís Eva Líndal.

Miðjuröð frá vinstri:

Svava Björg Kristjánsdóttir, Arndís Bragadóttir, Rebekka Rán Samper, Inga Amal Hasan, Valborg Steingrimsdóttir.

Aftasta röð frá vinstri:

Helgi Briem Magnússon, Páll Heiðar Halldórsson, Steinunn Birna Magnúsdóttir, Bjarni Freyr Rúnarsson, Ásbjörn Unnar Valsteinnsson, Gunnar Ingi Ágústsson.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa



Þorkell Ágústsson,
verkfræðingur -
rannsóknarstjóri flugsviðs og
rekstrarstjóri nefndarinnar.



Jón Arilius Ingólfsson, skipstjóri
- rannsóknarstjóri sjósviðs.



Sævar Helgi Lárusson,
 vélaverkfræðingur -
rannsóknarstjóri á umferðarsviði.



Ragnar Guðmundsson,
flugvélaverkfræðingur -
rannsakandi á flugsviði.



Einar Ingi Einarsson, vélfræðingur
- rannsakandi á siglingarsviði.



Hinrik Jóhannsson,
bilaverkfræðingur - rannsakandi
á umferðarsviði.



Hulda Lilja Guðmundsdóttir,
móttökuritari.

Þann 1. júní 2013 voru rannsóknarnefndir flugslysa, sjóslysa og umferðarslysa sameinaðar í eina rannsóknarnefnd samgönguslysa og tóku lög um Rannsóknarnefnd samgönguslysa nr. 18/2013 þá gildi. Innan Rannsóknarnefndar samgönguslysa voru þrjú rannsóknarsvið: *Flugsvið - Sjósvið - Umferðarsvið - Árið 2018 bættist köfunarsvið við.*

Sameiginleg rannsóknarnefnd samgönguslysa hélt sem fyrr áfram að starfa sjálfstætt að rannsóknum samgönguslysa og störfuðu sameiginlega í einu húsnæði. Fljótlega eftir að nefndin hóf störf var ráðist á stefnumótun þar sem stofnunin setti sér meðal annars eftirfarandi gildi: **Sjálfstæði – Fagmennska – Öryggi**

Sjálfstæði rannsóknarnefndar samgönguslysa er sem fyrr, forsenda óháðra rannsókna. Fagmennska er eitt lykilatriði rannsóknarnefndarinnar og leitast nefndin við að dragast ekki aftur úr hvað varðar rannsóknartæki og búnað ásamt því að leggja áherslu á síþjálfun rannsakenda. Rannsóknir á vegum nefndarinnar stuðla að auknu öryggi í samgöngum gegnum rannsóknir og er það eitt helsta markmið þeirra. Þá er öryggi starfsfólks við rannsóknarstörf ekki síður mikilvægt sem og öryggi þeirra gagna sem nefndin vinnur með. Rannsóknarnefndin fer með um það bil 200 mál á hverju ári og eru þau misjöfn í umfangi. Málafjöldi mestur á sjósviði þar sem atvik um borð eru einnig tekin til meðferðar.

Við hefðbundna rannsókn á samgönguátvikum er tillögur í öryggisátt og tilmæli gerð í þeim tilgangi að koma í veg fyrir endurtekningu slysa eða alvarlegra atvika. Að jafnaði gefur nefndin út um 20-30 tillögur eða tilmæli á ári hverju. Öll mál sem RNSA tekur til rannsókna eru gerð skil á vefsvæði hennar og eru því birt opinberlega.

Saga rannsókna á flugslysum

Ný lög um loftferðir nr. 34/1964, tóku gildi 21. maí 1964, sem leystu gömlu loftferðalögin frá 1929 af hólmi. Kafli um rannsóknir flugslysa var þá saminn með sérstakri hliðsjón af alþjóðareglum um þetta efni.

1968 - Hiinn 2. september 1968 skipaði Hannibal Valdimarsson þáverandi samgönguráðherra fyrstu þriggja manna rannsóknarnefnd flugslysa og þrjá til vara, í samræmi við þessi lög. Eins og augljóst var, þá var Flugmálastjórnin mjög tengd setningu og annaðist eftirfylgni laga og reglna. Því var augljóst að renna þyrfti stoðum undir trú manna á hlutleysi og réttlátari málsmeðferð við rannsókn mála.

1996 - Í nóvember árið 1994 gaf Evrópusambandið (ESB) út tilskipun sem nefnd var „Grundvallaratriði er varða rannsóknir flugslysa og flugatvika“. Ásamt Annex 13, varð þetta skjal grunnur að sameiginlegum vinnubrögðum og skipulagi þessara mála í aðildarlöndum ESB. Þetta skjal var einnig hluti af EES og því leiðbeiningar um sameiginleg vinnubrögð og skipulag rannsókna á flugslysum og alvarlegum flugatvikum í aðildarlöndum EES. Íslenska ríkið varð því óhjákvæmilega nauðugt/viljugt að hlíta því sem þar kom fram og ekki síðar en 21. nóvember 1996. Í tilskipuninni stóð meðal annars, að sérhvert aðildarríki skyldi tryggja að rannsókn flugslysa og alvarlegra flugatvika væri framkvæmd af fastskipuðum aðila sem starfaði óháður, einkum og sér í lagi þó hlutaðeigandi flugmálayfirvöldum, sem beri ábyrgð á útgáfu lofthæfiskirteina, útgáfu leyfisbréfa, flugrekstrareftirliti, viðhaldi loftfara, útgáfu skirteina, flugumferðarstjórn eða flugvallastarfrækslu, við verkefni það sem rannsóknaraðilanum er



Geirprúður Alfreðsdóttir,
formaður nefndarinnar.



Ingi Tryggvason,
varaformaður.



Hilmar Snorrason,
nefndarmaður.



Ásdís J. Rafnar,
nefndarmaður.



Gestur Gunnarsson,
nefndarmaður.



Bryndís Torfadóttir,
nefndarmaður.

trúað og treyst fyrir af öllum aðilum málsins. Lagafrumvarpið varð síðan að lögum nr. 59/1996 um rannsókn flugslysa, hinn 21. maí 1996.

2004 - Hinn 3. maí 2004 samþykkti Alþingi enn ný lög nr. 35/2004 um rannsóknir flugslysa. Þessi nýju lög tóku gildi hinn 1. september 2004 og jafnframt féllu þá eldri lög nr. 59/1996 úr gildi. Skipulaginu var nú breytt og skilið var á milli forstöðumanns stofnunarinnar RNF og nefndarinnar sjálfar. Með breytingu á lögnum var sjálfstæði nefndarinnar aukið frá því sem það var áður þar sem formaður nefndarinnar hafði jafnframt verið forstöðumaður auk þess að sinna almennum störfum á hennar vegum. Með lögnum sem sett voru 2004 þótti það geta tryggt enn frekar sjálfstæði og hlutleysi nefndarinnar að formaður nefndarinnar sé ekki um leið forstöðumaður/rannsóknarstjóri.

Saga rannsókna á sjóslysum

1963 - Alþingi samþykkti árið 1963 þingsályktunartillögu um að fela ríkisstjórninni að láta fara fram opinbera rannsókn á orsökum hinna fjölmörgu skipstapa, er orðið höfðu næstu 2-3 árin á undan. Skipaði samgönguráðherra nefnd til að vinna að þessum rannsóknum og starfaði hún frá 1963 til 1965 og þá leyst upp.

1971 - Sérstakar rannsóknir lágu niðri þar til lög nr. 52/1970 um eftirlit með skipum voru sett og skipaði ráðherra 5 menn í rannsóknarnefnd sjóslysa, til 6 ára í senn. Hlutverkið var að fylgjast með starfi sjódoma, safna upplýsingum og miðla þeim til sjómannaskóla, sjó- og útgerðarmanna ásamt því að gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr slyshættu á sjó. Nefndin starfaði frá 1971 til 1985 en þá lögð niður samkvæmt lögum um siglingar

1986 - Vegna mikillar óánægju var gerð breyting á 230 gr. Siglingalaga 1986 og ný nefnd skipuð án tilnefninga frá hagsmunasamtökum.

2000 - Árið 2000 varð sú mikilvæga breyting að rannsóknir á sjóslysum urðu algjörlega sjálfstæðar og nefndin óháð stjórnvöldum, öðrum rannsóknaraðilum, ákærvaldi og dómstólum. Fyrstu heildarlögin um rannsóknir sjóslysa á Íslandi 1. september 2000. RNS hefur ekki farið fram á sjópróf síðan 2000. Óheimilt var þá að nota skýrslur RNS í opinberum málarekstri og í dómsmálum frá árinu 2013.

Saga rannsóknar á umferðarslysum

Rannsóknarnefnd umferðarslysa var stofnuð með reglugerð nr. 681/1998 gefin út af þáverandi dómismálaráðherra þann 23. nóvember 1998. Reglugerðin var sett á grundvelli 3. mgr. 114. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ný lög tóku gildi um Rannsóknarnefnd umferðarslysa hinn 1. september 2005. Í nýju lögnum var starfsemi Rannsóknarnefndarinnar betur skilgreind en áður var. Umsvif hennar urðu meiri og aðsetur nefndarinnar fluttist í hús Flugbjörgunarveitarinnar á Flugvallaveg, en þar var fyrir Rannsóknarnefnd flugslysa.

Dómismálaráðherra skipaði sérstaka rannsóknarnefnd eftir alvarlegt hópbífreidislys sem varð í Hrútafirði haustið 1995. Nefndin skilaði inn nefndaráli til ráðherra í árslok 1995 þar sem m.a. var lagt til að starfrækt yrði sérstök rannsóknarnefnd umferðarslysa, sem var svo stofnuð með reglugerð nr. 681/1998 gefin út af þáverandi dómismálaráðherra þann 23. nóvember 1998. Reglugerðin var sett á grundvelli 3. mgr. 114. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ný lög tóku gildi um Rannsóknarnefnd umferðarslysa hinn 1. september 2005. Í nýju lögnum var starfsemi Rannsóknarnefndarinnar betur skilgreind en áður var. Umsvif hennar urðu meiri og aðsetur nefndarinnar fluttist í hús Flugbjörgunarveitarinnar á Flugvallaveg, en þar var fyrir Rannsóknarnefnd flugslysa. Hóf nefndin m.a. útgáfu skýrslna um einstök slys sem var mikil breyting.



Guðmundur Freyr
Úlfarsson, nefndarmaður.



Kristín Sigurðardóttir,
varamaður.



Pálmi Kr. Jónsson, varamaður.



Tómas Davíð Thorsteinnsson,
varamaður.



Guðrún Nína Petersen,
varamaður.



Hörður Vignir Arilíusson,
varamaður.



Hjörtur Emilsson,
varamaður.



Stjórnendateymi Ríkiskaupa. Frá vinstri: Stefán Þór Helgason, Sara Lind Guðbergadóttir, Ingólfur Björn Guðmundsson, Björgvin Víkingsson og Davíð Ingi Danielsson.


Ríkiskaup

Ríkiskaup

Ríkiskaup er miðlæg innkaupastofnun sem annast framkvæmd útboða, innkaup, rammasamninga og eignasölu. Ríkiskaup nýtir krafta sína í að skapa virði í gegnum nýskapandi, sjálfbær og hagkvæm innkaup fyrir alla opinbera aðila.

Framtíðarsýn: Ríkiskaup 2.0

Ríkiskaup hefur tekið miklum breytingum á síðasta ári en umbreytingarstefnumótun átti sér stað við tilkomu nýs forstjóra haustið 2020. Um áramót 2020/2021 var svo kynnt ný sýn Ríkiskaupa eða Ríkiskaup 2.0



Ríkiskaup ætla að vera í fararbroddi með því að styðja og leiða, nýsköpunar- og umbótastarf hjá stofnanakerfi ríkisins í heild. Innkaup á vörum og þjónustu hjá stofnunum ríkisins þurfa að vera markvissari, hagkvæmari og vistvænni. Til að ná þessum markmiðum leggja Ríkiskaup áherslu á betri nýtingu gagna til rýni, aðhalds og stefnumótunar hjá stofnunum og eftir atvikum öðrum opinberum aðilum. Með betri gögnum, sér í lagi sameiginlegu innkaupakerfi og aukinni innsýn inn í rekstur stofnana, geta Ríkiskaup stuðlað að aukinni samhæfingu



Starfsmenn Ríkiskaupa í „Lifshlaupinu“.

og samrekstri í kjarnastarfsemi. Markmiðið er að Ríkiskaup verði fyrirmyndarstofnun og raunverulegt hreyfiafl í samfélaginu sem leiði verkefni sín áfram með nýsköpun og umbætur að leiðarljósi. Til að ná þessum markmiðum hafa verið gerðar umfangsmiklar skipulagsbreytingar og 4 ný svið stofnuð.

Framkvæmd útboða – Stefnumótandi innkaup - Nýsköpun & viðskiptaþróun – Stjórnun & umbætur

Nýtt skipurit fangar breyttar áherslur í rekstri og lagðar eru lykiláherslur á greiningu, ráðgjöf og nýsköpun. Skipulag er einfaldað til að tryggja betra flæði verkefna og áherslu á sérþekkingu. Hjá Ríkiskaupum er sérþekking á opinberum innkaupum, nýsköpun og greiningarfærni sem unnt er að miðla til stofnana og auka áhuga þeirra á fyrirmyndar innkaupum sem skilar að lokum auknu virði til samfélagsins

Samkvæmt stefnufirlýsingu Ríkiskaupa 2.0

- Ríkiskaup eru eftirsótt fyrir virðisaukandi ráðgjöf
- Aukin verðmætasköpun í gegnum sérþekkingu, miðlun fræðslu og nýskapandi þjónustu
- Ríkiskaup ætla að verða leiðandi afl í opinberum innkaupum

Aukið virði, aukin sérþekking, aukin nýsköpun og meiri ánægja starfmannna og viðskiptavina eru okkar lykilorð í þessari vegferð.

Ný sýn Ríkiskaupa byggir á mjög traustum grunni og mun Ríkiskaup 2.0 leggja áherslu á eftirfarandi þjónustu:

Ráðgjöf við útboð og samninga - Helsti tilgangur opinberra útboða er að ná fram mesta virði á vörum og þjónustu til kaupenda. Í leiðinni er hvatt til virkar samkeppni, vistvænna innkaupa og nýsköpunar í rekstri. Einnig er verið að tryggja að seljendur fái aðgang að opinbera markaðnum, óháð því hvaða tengsl þeir kunna að hafa í stjórnkerfinu

Vörflokka- og rammamningastjórnun - Mikilvægur þáttur í nýrri þjónustu og ráðgjöf Ríkiskaupa er uppsetning á vörflokkastjórnun þar sem áhersla er lögð á að greina innkaup ríkisins þvert á allar stofnanir og með því komið auga á nýsköpunar-, hagræðingar- eða vistvæn tækifæri sem geta komið öllum til bóta. Í kjölfarið á vörflokkastjórnun geta myndast rammamningar sem er einfalt og þægilegt innkaupatól fyrir opinbera kaupendur sem stuðlar að því að mesta virði sé sótt fyrir heildina með lítilli fyrirhöfn eða aðkomu sérfræðinga

Lögfræðiráðgjöf - Innkaup fyrirtækja og stofnana eru háð opinberum lagasetningum og ýmsum reglugerðum. Stundum geta komið upp álitamál og vafaatriði sem krefjast túlkunar lögfræðinga. Í slíkum tilfellum veitir Ríkiskaup sérhæfða, lagalega ráðgjöf.

Sala opinberra eigna og muna - Ríkiskaup annast söluferli jarða, fasteigna og lausamuna í eigu ríkisins

Fræðsla - Eitt af hlutverkum Ríkiskaupa er að fræða og upplýsa kaupendur jafnt sem seljendur um allt sem viðkemur opinberum innkaupum, útboðum, rammamningum og eignasölum. Innan Ríkiskaupa er verið að þróa fræðslusetur sem mun bjóða uppá margvísleg námskeið og fræðsluefni.

Nánari upplýsingar og fréttir af Ríkiskaupum er hægt að nálgast inná www.rikiskaup.is



COVID-19 setti strik í reikninginn árið 2020 en léttleikinn kom öllum heilum á húfi í gegnum baráttuna.



Starfsmenn ríkissaksóknara. Aftari röð: Jenný Heiða Björnsdóttir skrifstofustjóri, Guðrún Sveinsdóttir, settur saksóknari, Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari, Hulda María Stefánsdóttir saksóknari, Óli Ingi Ólason saksóknari, Marín Ólafsdóttir saksóknari, Jón H. B. Snorrason saksóknari, Kristín Bjarnadóttir ritari. Fremri röð: Sigríður E. Laxness ritari sakaskrár, Stefánía G. Sæmundsdóttir saksóknari, Sólrún Guðmundsdóttir ritari, Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari, Einar Tryggvason saksóknari, Hrafnhildur M. Gunnarsdóttir saksóknari, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir saksóknari.

Ríkissaksóknari



Myndin er tekin í heimsókn ákæranda ríkissaksóknara til ríkissaksóknara Frakklands, sem var hluti af námsferð starfsmanna ríkissaksóknara í september 2019.

Snemma á 20. öldinni hófst umræða um nauðsyn þess að gera saksókn og ákvörðun um hana sjálfstæða og óháða stjórnámálum og stjórnámálamönnum og var fyrsta lagafrumvarpið í þá veru lagt fram á þingi hér á landi árið 1934. Embætti ríkissaksóknara var hins vegar ekki sett á fót fyrr en með lögum frá 1961 og tók til starfa það ár. Eftir að Ísland fékk heimastjórn árið 1904 fór ráðherra Íslands með ákærvaldið en frá árinu 1917 og fram að stofnun embættis ríkissaksóknara var yfirstjórn ákærvaldsins í höndum dómsmálaráðherra og var því flokkspólitískur ráðherra æðsti handhafi ákærvaldsins á því tímabili.

Ríkissaksóknari er lögum samkvæmt sjálfstæður í störfum sínum og tekur ekki við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum, samtökum eða hagsmunaaðilum um meðferð ákærvalds. Frá stofnun embættis ríkissaksóknara hefur krafan um sjálfstæði ríkissaksóknara verið áréttuð í lögum í samræmi við þær hugmyndir og kröfur sem Ísland er bundið af samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum og sáttmálum sem ætlað er að tryggja réttaröryggi og réttláta málsmeðferð.

Frá 1. janúar 2016 fara ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögreglustjórar, að undanskildum ríkislögreglustjóra, með ákærvaldið í landinu. Ákærvaldið er á tveimur stigum og er ríkissaksóknari æðsti handhafi ákærvalds. Handhafar ákærvalds á lægra eru héraðssaksóknari og lögreglustjórar.

Hlutverk og verkefni

Hlutverk og verkefni ákærvaldsins í samfélaginu almennt er að annast um og beita refsirétti ríkisins á grundvelli þeirra laga- og valdheimilda og með þeim mannafla sem lagður er til refsímála á hverjum tíma, allt í því skyni að gæta að og tryggja almanna- og einstaklingshagsmuni.

Um hlutverk, skipan og skyldur ríkissaksóknara og annarra ákæranda er fjallað í III. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Nánari umfjöllun um efnið er á vefsíðu ríkissaksóknara <https://www.ríkissaksoknari.is/um-akaerualdid/um-akaerualdid/> Þar er m.a. að finna siðareglur fyrir ákærundur á Íslandi.

Ríkissaksóknari gefur út almenn fyrirmæli um meðferð ákærvalds og getur jafnframt gefið öðrum ákærendum fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Ríkissaksóknari endurskoðar ákvarðanir lögreglustjóra og héraðssaksóknara um að fella mál niður (þ.e. hættta rannsókn eða ákæra ekki) ef ákvörðun þar að lútandi er kærð af hálfu þess sem á hagsmuna að gæta í viðkomandi máli. Ríkissaksóknari getur einnig endurskoðað ákvarðanir lögreglustjóra eða héraðssaksóknara að eigin frumkvæði. Það felst í stöðu og hlutverki ríkissaksóknara að hafa eftirlit með störfum ákæranda og rannsóknum sakamála hjá lögreglu. Þá hefur ríkissaksóknari sérstakt eftirlit með framkvæmd hlustana lögreglu og svokölluðum sérstökum rannsóknaraðferðum lögreglu sem heimilt er að beita við tilteknar aðstæður og í samræmi við reglur ráðherra þar um.



Myndin er tekin í haustferð ríkissaksóknara í Þórsörök í september 2018.

Ríkissaksóknari hefur eftirlit með meðferð sakamála m.a. með tilliti til málshraða og samræmis/jafnræðis við afgreiðslu mála. Fylgst er með meðferð mála hjá ákærvaldsembættunum á lægra stigi og niðurstöðum dómstóla í þeim málum sem þar eru rekin af hálfu ákærvaldsins. Ríkissaksóknari gerir árlega embættisathugun hjá hverju og einu embætti en þau eru tíu talsins; embætti héraðssaksóknara og níu lögreglustjóraembætti.

Ríkissaksóknari tekur afstöðu til þess af hálfu ákærvaldsins hvort rétt sé að una við niðurstöðu dóms frá héraðsdómstólunum í sakamálum eða áfrýja málinum með kröfu um sakfellingu og/eða þyngingu refsinga, en einnig til refsimildunar ef fni þykja til þess. Ríkissaksóknari annast um allt það sem varðar áfrýjun mála, tekur við áfrýjunaryfirlýsingum og beiðnum um áfrýjunarleyfi frá dómþolum sem óska eftir að áfrýja málum, gefur út áfrýjunarstefnur og sér um að þær verði birtar ákærðum. Einnig sjá starfsmenn ríkissaksóknara um að taka saman þau málsgögn sem lögð eru fyrir Landsrétt og Hæstarétt í svonefndu ágripi málsgagna. Ríkissaksóknari og saksóknarar við embætti hans annast málflytningu og rekstur sakamála fyrir Landsrétti og Hæstarétti.

Ríkissaksóknari heldur sakaskrá fyrir landið allt þar sem skráðar eru niðurstöður sakamála og birtast þær niðurstöður á sakavottorði hins skráða í tiltekinn tíma. Ríkissaksóknari veitir upplýsingar úr sakaskrá til opinberra aðila og einkaaðila.

Ríkissaksóknari sinnir réttarbeiðnum frá erlendum yfirvöldum og málum vegna kröfu um framsal/afhendingu erlendra og íslenskra ríkisborgara. Ríkissaksóknari annast öll alþjóðleg samskipti á sviði ákærvalds fyrir hönd íslenskra yfirvalda.

Ríkissaksóknari heldur utan um og gefur út tölfraði ákærvaldsins í ársskýrslum sínum sem finna má á vefsíðu embættisins <https://www.ríkissaksoknari.is/um-embættid/utgefid-efni/arsskyrslur/>

Námskeið og endurmenntun

Ríkissaksóknari heldur námskeið fyrir lögfræðinga sem koma til starfa hjá ákærvaldinu til þess að búa þá undir starf sem ákærhendur og málflytjendur/sækjendur fyrir hönd ákærvaldsins. Ríkissaksóknari skipuleggur og heldur endurmenntunarnámskeið fyrir alla starfandi ákærhendur í samræmi við þá kröfu sem embætti ríkissaksóknari gerir um að þeir sækji sér a.m.k. 30 kennslustundir á ári í endurmenntun sem ríkissaksóknari viðurkennir.

Mannauður

Við embætti ríkissaksóknara starfa tíu ákærhendur, þ.e. ríkissaksóknara, vararíkissaksóknari og átta saksóknarar. Þá starfa við embættið fjórir starfsmenn á skrifstofu, þ.e. skrifstofustjóri, tveir almennir ritarar og ritari sakaskrár.



Sjúkratryggingar Íslands

Hlutverk, markmið og verkefni

Sjúkratryggingar annast framkvæmd laga um sjúkratryggingar sem sett voru árið 2008. Markmið laganna er að tryggja sjúkratryggðum aðstoð til verndar heilbrigði og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Jafnframt að stuðla að rekstrar- og þjóðhagslegri hagkvæmni heilbrigðisþjónustu og hámarksgæðum hennar, styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og kostnaðargreina heilbrigðisþjónustuna. Heilbrigðisráðherra skipar fimm manna stjórn Sjúkratrygginga en í henni sitja bæði einstaklingar með mikla reynslu og þekkingu á sviði heilbrigðismála og aðilar með mikla yfirsýn og reynslu af atvinnulífnum.

Starfsemi Sjúkratrygginga fellur í þrjú meginflokk. Í fyrsta lagi semur stofnunin, samkvæmt samningsfyrirmælum heilbrigðisráðherra, um heilbrigðisþjónustu bæði við einka- og opinbera aðila. Í öðru lagi annast stofnunin afgreiðslu sjúkratrygginga, þ.e. að greiða veitendum fyrir þá heilbrigðisþjónustu sem þeir veita. Greiðslurnar byggjast á mati á réttindum notenda til greiðsluþátttöku hins opinbera í kostnaði við þjónustu, lyf eða hjálparkæki. Undir þetta fellur einnig umsýsla um slysa- og sjúklingatryggingar, þ.e. bótagreiðslur til sjúklinga, svo sem vegna skaða er tengist heilbrigðisþjónustu.

Í þriðja lagi annast stofnunin umsýslu hjálparkækja þ.e. búnað og vörur sem ætlað er að auka og viðhalda færni, efla þátttöku einstaklings í daglegu lífi auk þess að efla sjálfstæði og auka lífsgæði hans. Sjúkratryggingar semja við birgja um kaup á búnaði og úthluta honum til notenda. Algeng hjálparkæki eru t.d. hjólastólar og sykursýkisbúnaður. Einnig fellur hér undir mjög flókinn búnaður svo sem til tjáskipta.

Þessu þríþætta hlutverki Sjúkratrygginga var áður sinnt af Tryggingastofnun en með lögunum frá 2008 var þetta hlutverk flutt til nýrrar stofnunar, Sjúkratrygginga Íslands. Verkefni sem eru á hendi félagsmálaráðuneytis urðu eftir hjá Tryggingastofnun en þau sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið flutt yfir til Sjúkratrygginga. Verkefni Sjúkratrygginga hafa vaxið verulega á þeim rúma áratug sem stofnunin hefur verið við lýði. Aukningin er annars vegar vegna skipulagsbreytinga, t.d. voru samningar við hjúkrunarheimili fluttir frá heilbrigðisráðuneyti til Sjúkratrygginga árið 2016. Einnig var hlutverk stofnunarinnar aukið og skýrt í heilbrigðisstefnu sem Alþingi setti árið 2019. Hins vegar hafa verkefni stofnunarinnar vaxið í takt við þá heilbrigðisþjónustu sem stofnunin semur um og greiðir fyrir. Fjárframlög til heilbrigðisþjónustu, og þar með framboð á þjónustu, hefur vaxið síðustu ár til að bregðast við aukinni eftirspurn. Aukning eftirspurnar er af mörgum orsökum, svo sem vegna fjölgunar landsmanna, hækkandi meðalaldurs, aukinnar byrði langvinnra sjúkdóma, nýrrar þekkingar og tækni.



Stjórn SÍ. Fremri röð frá vinstri: Vilborg Hauksdóttir, formaður og María Heimisdóttir, forstjóri. Aftari röð frá vinstri: Gunnar Sær Ragnarsson, Bryndis Gunnlaugsdóttir, Jónína Guðmundsdóttir og Guðmundur Magnússon.



Framkvæmdastjórn SÍ. Fremri röð frá vinstri: Júlíana H Aspelund, María Heimisdóttir og Ingibjörg K Þorsteinsdóttir. Aftari röð frá vinstri: Kristján Þorvaldsson, Kristín Hrunn Whitehead og Anna María Bjarnadóttir.



Þróun Sjúkratrygginga

Sjúkratryggingar hafa á síðustu árum tekið verulegum breytingum til að geta tekist á við þau veigamiklu verkefni sem stofnuninni er trúað fyrir. Stofnunin setti sér sína fyrstu langtímastefnu árið 2020 og er unnið að innleiðingu hennar. Skref í því ferli er t.d. stofnun sérstakrar hagdeildar til að vinna þekkingu úr gögnum; þekkingu sem síðan er nýtt til að bæta og efla þá þjónustu sem stofnunin ber ábyrgð á. Þá hafa nútímalegri vinnubrögð verið innleidd við kaup á heilbrigðisþjónustu, s.s. með samningum við Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri um svokallaða þjónustutengda fjármögnun en með því hugtaki er átt við að fjármögnun þessara stofnana taki í vaxandi mæli mið af umfangi og eðli þeirrar þjónustu sem þar er veitt. Sérstök eftirlitsdeild var sett á laggirnar og er henni ætlað að hafa eftirlit með samningsaðilum og þjónustuveitendum. Upplýsingatækni hafa verið í brennidepli síðustu ár enda burðarás í allri starfsemi og þjónustu við viðskiptavinum. Sívaxandi hluti erinda og samskipta fer fram í gegnum gáttir á netinu og vefur stofnunarinnar hefur verið þróaður með aðgengi óháð færni að leiðarljósi. Svona mætti lengi telja og því ljóst að á stuttu æviskeiði stofnunarinnar hefur hún tekist á við mikil og fjölpætt verkefni sem skilað hafa sér í bættri heilbrigðisþjónustu fyrir landsmenn.


Vinnustaðurinn Sjúkratryggingar

Starfsemi Sjúkratrygginga er á tveimur stöðum á Vínlandsleið. Meginhluti starfseminnar fer fram í rúmgóðu, sérhönnuðu skrifstofuhúsnæði við Vínlandsleið 16 en hjálpartækjalagerinn er á Vínlandsleið 6-8. Sjúkratryggingar voru fyrsta ríkisstofnunin hérlandis til að hverfa frá hefðbundnum skrifstofurýmum. Þess í stað var innleitt svokallað verkefnamiðað vinnuumhverfi (VMVU). Í því felst að aðstaða starfsmanna er í opnu rými sem hannað er til að nýtast sem best við ólík verkefni og hafa allir starfsmenn aðgang að sömu aðstöðu. Engar skrifstofur er að finna á Vínlandsleið heldur geta starfsmenn valið t.d. hefðbundna vinnustöð með rafdrifinni hæðarstillingu, hópvinnumborð þar sem teymi getur rýnt sameiginlega í skjöl á veggskjá, notalega sófa til að ræða málin eða lesa skýrslur, eða svokallað kyrrðarrými þar sem ríkir andrúmsloft áþekkt því sem þekkt á bókasöfnum. Fartölvur og heyrnartól eru staðalbúnaður starfsmanna og mikil áhersla hefur verið lögð á góða hljóðvist og aðgengi að fjölbreyttum fundarherbergjum þannig að starfsmenn geti haft algert næði ef svo ber undir.

Flestir eru sammála um að vel hafi tekist til með hönnun og nýtingu húsnæðisins þó vissulega geti það falið í sér áskoranir, einkum fyrir nýliða. Með verkefnamiððu vinnuumhverfi þarf færri fermetra og það sem sparast í leigukostnaði má nýta til að bæta starfsaðstöðu enn frekar. Það að allir hafi aðgang að sameiginlegri vinnuástöðu eflir líðsheild, eykur flæði hugmynda og upplýsinga og vinnur gegn stéttaskiptingu.

Sjúkratryggingar bjóða starfsfólki sínu upp á mikinn sveigjanleika í vinnu. Stefna stofnunarinnar er að starfsmenn geti unnið fjarvinnu hluta vikunnar og jafnvel til lengri tíma. Sú stefna byggist að hluta til á góðri reynslu af slíku fyrirkomulagi meðan á COVID faraldrinum stóð en nær öll starfsemi stofnunarinnar fór fram í fjarvinnu vikum og mánuðum saman meðan COVID 19 herjaði sem mest á landsmenn. Sjúkratryggingar hafa verið framarlega í innleiðingu fjarvinnu og hefur það skilað sér bæði í ánægju starfsmanna en einnig í því að hægt er að bjóða störf án staðsetningar, enda býr hluti starfsmanna utan höfuðborgarsvæðisins og jafnvel erlendis. Fjarvinna í einhverju formi er einnig umhverfsvænn kostur og kallast því vel á við grænar áherslur stofnunarinnar almennt.

Á landsbyggðinni eru umboð stofnunarinnar rekin af sýslumannsembættum og einnig eru starfandi umboð fyrir afgreiðslu hjálpartækja. Hjá Sjúkratryggingum starfa um 135 manns, 7 af hverjum 10 eru konur og gildir það hlutfall jafnt um stjórnendur sem almenna starfsmenn. Stefna Sjúkratrygginga er að bjóða sveigjanlegan og fjölbreyttan vinnustað þar sem allir geta fundið sig velkomna. Hjá stofnuninni starfar fólk á öllum aldri, með ólíkan bakgrunn og frá ýmsum þjóðlöndum. Sá elsti er um áttætt og þeir yngstu í kringum tvítugt. Styrkurinn felst í fjölbreytninni.



Sýslumenn

Saga sýslumanna er samofin sögu samfélags og þjóðar á Íslandi og embættin teljast rótgrónar þjónustustofnanir ríkisins í héruðum landsins. Í dag eru sýslumannsembættin níu talsins og starfrækja 27 starfsstöðvar um land allt. Embættin hafa á að skipa reynslumiklu og fjölhæfu starfsfólki sem nú telur um 240 manns. Sýslumanna er fyrst getið hérlendis í handriti að sáttmála sem Íslendingar gerðu við Noregskonung á árunum 1262 til 1264. Síðar var sáttmálinn nefndur Gamli sáttmáli, en með honum má segja að Íslendingar hafi gerst þegnar Noregskonungs. Sýslumenn eru því elstu veraldlegu embættismenn sem enn starfa á Íslandi og hafa alla tíð verið mikilvægur hluti stjórnsýslunnar.

Hlutverk sýslumanna og verkefni

Sýslumannsembættin fara með framkvæmdavald ríkisins í héraði eftir því sem lög og reglur mæla fyrir um. Starfsfólk embættanna veitir borgurum, lögaðilum og hinu opinbera margháttða þjónustu sem lýst er í lögum. Verkefni teljast öll á sviði einkamálaréttar og opinberrar stjórnsýslu og heyra undir flest fagráðuneyti stjórnarráðsins. Sérstaða sýslumannsembættanna er því fólgin í fjölbreytileika verkefna sem hafa margþætta lagastoð. Hlutverk sýslumanna hefur breyst í tímans rás. Verkefni á borð við dómssýslu, tollgæslu og löggæslu töldust lengst af til sýslumannsembættanna, en tilheyra nú öðrum stofnunum. Samhliða hafa mörg kjarnaverkefni sýslumanna vaxið að umfangi og kröfur um vandaða málsmeðferð einnig. Helstu verkefni sýslumanna nú snúa að barna- og fjölskylduréttarmálum, lögræðismálefnum, þinglýsingum, dánarbússkiptum, setu í óskiptu búi o.fl., fullnustugerðum á borð við fjárnám, nauðungarsólar, kyrrsetningu, lögbann, útburðargerðir o.fl., ökuréttindum, lögbókandagerðum, leyfisútgáfu svo sem rekstar- og tækifærileyfum, löggildingum vegna ýmissa starfsréttinda, sáttamiðlun í einkamálum, útgáfu ýmissa vottorða og fleira. Innheimta opinberra gjalda er mikilvægt viðfangsefni átta sýslumannsembætta. Umboð Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga eru mörg og eru því vistuð hjá embættunum. Sérverkefni sýslumanna eru nú 35 talsins. Um er að ræða sérsök verkefni sem einstök sýslumannsembætti sinna á landsvísu og spanna mikilvæg og fjölbreytt opinber verkefni, eins og nánar má sjá í umfjöllun um sérhvert embætti.

Framtíðarsýn

Sýslumenn hafa mótað framtíðarsýn þar sem áhersla er lögð á skýrar og aðgengilegar upplýsingar um þjónustu embættanna. Með auknu aðgengi landsmanna að þjónustu sýslumanna, svo sem rafrænum umsóknum og notendavænni stafrænni umgjörð, er stefnt að eflingu starfseminnar og framúrskarandi þjónustustigi í samræmi við lög og reglur. Fyrirsjáanlegt er að þjónusta embættanna verður í sífellt minni mæli háð viðveru einstaklinga og aukið aðgengi landsmanna telst vera langtímamarkmið. Að sama skapi mun landfræðileg staðsetning vinnslu, greiningar og þjónustu hafa æ minni minni þýðingu. Gildir það jafnt um sérfræðilegt vinnuframlag eða hvort verkefni eru unnin á höfuðborgarsvæði eða landsbyggðinni. Sýslumannsembættin taka því fullan þátt í þróuninni og keppast við að svara kalli tímans.



Framhald á næstu opnu →

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu er Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Kópavogsbær, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur. Starfsstöð embættisins er að Hlíðasmára 1 í Kópavogi og íbúar umdæmisins eru rúmlega 235.000. Sérverkefni embættisins á landsvísu eru: Sáttameðferð og vinna sérfræðinga í málefnum barna á grundvelli barnalaga, veiting leyfa til ættleiðinga, löggilding fasteigna-, fyrirtækja og skipasala, afgreiðsla nauðungarvistana á grundvelli lögræðislaga, skráning heimagistingar og eftirlit samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, réttindaskrá loftfara samkvæmt lögum um skrásetningu réttinda í loftförum. Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins er Sigríður Kristinsdóttir og hjá embættinu starfa rúmlega 100 starfsmenn.



Sigríður Kristinsdóttir, sýslumaður höfuðborgarsvæðisins.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Í umdæmi sýslumannsins á Vesturlandi eru tíu sveitarfélög með um 16.700 íbúa. Vesturland er ríkt af sérstæðri náttúru til lands og sjávar, náttúrufergurð, veiðiám og frjórri jörð. Svæðið afmarkast af Hvalfjarðarsveit í suðri (Hvalfjarðarbotni), Dalabyggð í norðri (Gilsfjarðarbotni) og Snæfellsbæ vestast, yst á Snæfellsnesi. Starfsstöðvar embættisins eru fimm; skrifstofur á Akranesi, í Borgarnesi og í Stykkishólmi og útíbú í Búðardal og í Snæfellsbæ. Auk hefðbundinna verkefna sem embætti sýslumanna fara með, fer sýslumaðurinn á Vesturlandi með umsjón gjafsóknarmála og allsherjarskrá um kaupmála á landsvísu. Sýslumaður á Vesturlandi er Ólafur K. Ólafsson og við embættið starfa nú, að honum meðtöldum, 19 starfsmenn í 16,7 stöðugildum.



Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður á Vesturlandi.

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum SMV

Íbúar á Vestfjörðum 1. desember 2020 voru 7.100 í níu sveitarfélögum. Helstu atvinnugreinar eru fiskveiðar og vinnsla og síðustu ár hefur fiskeldi farið mjög vaxandi svo og ferðamennska. Auk hefðbundinnar þjónustu sem sýslumenn veita, annast embættið álagningu og innheimtu vanrækslugjalds sem þeir sæta sem ekki færa ökutæki sín til skoðunar á réttum tíma. Um 30 til 40.000 eigendur ökutækja hafa sætt álagningu gjaldsins ár hvert. Þá er við embættið unnið að því að skanna eldri þinglýsingarskjöl inn á viðeigandi eignir í tölvufærri landskrá fasteigna. Erfiðar samgöngur og langar vegalegdir hafa sett svip sinn á samskipti íbúa og rektur embættisins. Með opnun Dýrafjarðarganga í október 2020 ætti leiðin milli norðan- og sunnanverðra Vestfjarða að verða fær flesta daga ársins. Framundan eru töluverðar breytingar á starfsumhverfi sýslumanna með aukinni stafrænni þjónustu, rafrænum þinglýsingum og fleiru slíku og búseta manna og staðsetning starfsstöðva skipta minna máli en áður. Ýmsar áskoranir kunna að felast í þessu og einnig tækifæri ekki síst fyrir embættin utan höfuðborgarsvæðisins til að taka að sér verkefni óháð staðsetningu. Við embættið eru þrjár skrifstofur, á Patreksfirði, Ísafirði og Hólmavík og starfsmenn eru 19 í 17,8 stöðugildum. Sýslumaður er Jónas B. Guðmundsson.



Jónas B. Guðmundsson, sýslumaður á Vestfjörðum.



Starfsfólk hjá sýslumanninum á Norðurlandi vestra.



Starfsfólk hjá sýslumanninum á Norðurlandi eystra.



Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra með viðurkenninguna „Hástökkvari ársins“ 2019.



Sýslumaðurinn á Austurlandi er Lára Bjarnason.



Starfsfólk hjá sýslumanninum á Austurlandi.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra fer með framkvæmdarvald og stjórnábyrgð ríkisins innan umdæmis síns og sinnir þar þjónustu við einstaklinga og lögaðila. Sveitarfélög innan umdæmisins eru 7 talsins; Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbaer, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur. Íbúar eru rúmlega 7.000. Auk hefðbundinna kjarnaverkefna sýslumanna sinnir embættið viðamiklum sérverkefnum á landsvísu, annars vegar sérhæfðri innheimtu fyrir hönd ríkissjóðs, m.a. á sektum og sakarkostnaði, og hins vegar framkvæmd laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Starfsstöðvar embættisins eru tvær, aðalskrifstofa á Blönduósi og sýsluskrifstofa á Sauðárkróki, en þessir staðir eru jafnframt stærstu þéttbýliskjarnar umdæmisins. Þá hefur sýslumaður viðveru á Hvammstanga fyrsta þriðjudag hvers mánaðar milli kl. 13-15 þar sem íbúar geta fengið afgreiðslu erinda sinna. Umsjón með málaflokkum, og úrlausn verkefna er þeim tilheyra, er skipt milli starfsstöðvanna á Blönduósi og Sauðárkróki í anda aukinnar skilvirkni og sérhæfingar starfsmanna, en tekið er á móti gögnum og öll almenn þjónusta veitt á báðum skrifstofum. Sýslumaður á Norðurlandi vestra er Birna Ágústsdóttir og hjá embættinu starfa 23 starfsmenn í fullu starfi.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Umdæmi Sýslumansins á Norðurlandi eystra spannar Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur. Íbúar eru ríflega 30.000 og eru búsettir í 13 sveitarfélögum frá Fjallabyggð í vestri að Langanesbyggð í austri. Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf einkennir samfélagin í umdæminu. Embættið hefur nú á að skipa 26 reyndum og hæfum starfsmönnum í 25,2 stöðugildum og starfrækir fimm skrifstofur. Á Akureyri starfa fjórtán starfsmenn, á Húsavík sex starfsmenn, á Siglufirði eru fimm starfsmenn og á Þórshöfn er einn starfsmaður. Á Dalvík er reglubundin viðvera löglærðs fulltrúa. Almenn afgreiðsla er aðgengileg á öllum starfsstöðvum en sérstök málsmeðferð og vinnsla byggir á innri sérhæfingu á milli skrifstofa. Auk kjarnaverkefna sýslumanna og þjónustu vegna Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga sinnir embættið fjölbreyttum sérverkefnum, en þau varða rekstur bótanefndar, lögmannsleyfi, sanngirnisebætur, trúfélög- og lífsskoðunarfélög, kvaðaaarf, öskudreifingu og flutning líka. Þau eru öll staðsett á Siglufirði utan málaskrárverkefnis í fjölskyldumálum á landsvísu sem unnið er að á Þórshöfn. Þá eru útíbu Vinnueftirlitsins og Persónuverndar til húsa á skrifstofu embættisins á Húsavík og sérfræðingur í málefnum barna á Akureyri. Sýslumaður á Norðurlandi eystra er Svavar Pálsson.

Sýslumaðurinn á Austurlandi

Embætti sýslumansins á Austurlandi tók til starfa 1. janúar 2015 með því að embætti sýslumanna á Eskifirði og Seyðisfirði voru sameinuð. Embætti Sýslumansins á Austurlandi er með skrifstofur á Egilsstöðum, Eskifirði, Vopnafirði og Seyðisfirði. Lögræðingar embættisins eru þrjár. Aðrir starfsmenn eru níu í 7,82 stöðugildum. Samtals eru stöðugildi því 10.82. Nokkuð er um að starfsmenn komi saman sér til skemmtunar. Miklar vonir eru nú bundnar við rafrænar lausnir og hafa sýslumannsembættin verið í samstarfi við Verkefnastofuna Island.is um þróun tölvulausna. Viðskipavinir leita helst þjónustu vegna vegabréfa, öskuskírteina og þinglýsinga. Vegna leyfamála veitinga- og gististaða er embættið í miklum samskiptum við umsækjendur, sveitarfélög og aðra umsagnaraðila. Sameining embætta á Austurlandi telst hafa tekist vel og reynslan af fimm fyrstu árunum hefur verið jákvæð. Margt er þó óunnið. Hugmyndir eins og sameiginlegt þjónustuver, rafrænar þinglýsingar og fleiri á sviði rafrænna lausna eiga eftir að breyta tilvist embættanna umtalsvert. Eftir sem áður þarf að efla embættin og finna þeim fleiri verkefni og styrkja rekstrargrundvöll þeirra til framtíðar. Sýslumaður er Lára Bjarnason.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Á Suðurlandi búa um 27.000 manns. Landbúnaður og matvælaframleiðsla eru stærstu atvinnugreinar á svæðinu, þá hefur ferðaþjónusta vaxið hratt í umdæminu enda eru þar margir af eftirsóttustu ferðamannastöðum landsins. Talsverð útgerð er einnig í umdæminu, einkum á Höfn og Þorlákshöfn, og stórskipahöfn er í Þorlákshöfn að auki. Starfsstöðvar embættisins eru fjórar; höfuðstöðvar eru á Selfossi, útibú eru á Hvolsvelli og í Vík og sýsluskrifstofa er starfrækt á Höfn. Verkefnum er skipt á milli starfsstöðva og stuðlar það að aukinni skilvirkni í störfum og sérhæfingu starfsfólks. Þannig fara þinglýsingar fram á Hvolsvelli, umsýsla dánarbúa og leyfamála er á Höfn, o.s.frv. Á öllum starfsstöðvum eru umboð almannatrygginga og móttaka gagna og unnt að rækja öll almenn erindi. Auk kjarnastarfsemi sýslumanna og að veita þjónustu fyrir hönd Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands eru unnin nokkur sérverkefni hjá embættinu. Þau eru: Útgáfa Lögbirtingablaðsins, útgáfa stærri happdrættisleyfa, útgáfa leyfa til rekstrar útfararþjónustu, útgáfa leyfa til opinberra fjársafnana, eftirlit með spilakössum, auk færslu bókhalds fyrir fjögur íslensk sendiráð og sendiskrifstofu.

Sýslumaður á Suðurlandi er Kristín Þórðardóttir og hjá embættinu starfa 25 starfsmenn í 23,7 stöðugildum.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Í dag starfa 9 starfsmenn hjá embætti sýslumanns í Vestmannaeyjum í 8,26 stöðugildum. Starfsemin er rekin í einni starfsstöð og þar eru þjónustaðir um 4300 íbúar Vestmannaeyja. Auk kjarnastarfsemi sýslumanna er veitt þjónusta Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands. Í stjórnsýsluhúsinu svokallaða er einnig dómssalur Héraðsdóms Suðurlands en dómþing eru haldin reglulega í Vestmannaeyjum. Embætti sýslumanns í Vestmannaeyjum fer með nokkur sérverkefni, s.s. rafræna vinnslu reglugerðasafns, löggildingu skjalapýðenda og dómtúlka og auðkennahreinsun og birting úrskurða dómsmálaráðuneytis á sviði fjölskyldumála á innri vef sýslumanna. Þá sinnir sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum útgáfu staðfestinga fyrir þá sem hyggjast stofna til hjúskapar erlendis. Með tilkomu aukinnar rafrænnar stjórnsýslu hefur embættið í Vestmannaeyjum aðstoðað embætti sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu við úrvinnslu ýmissa fjölskyldamála. Sýslumanninum í Vestmannaeyjum var árið 2020 falið að stýra tilraunaverkefni um að efla og bróa samvinnu barnaverndar, félagsþjónustu, lögreglu og sýslumanna á landsvísi í málum er lúta að velferð og högum barna, með áherslu á vernd barna sem búið hafa við ofbeldi á heimili.

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Sýslumannsembættið á Suðurnesjum nær yfir Reykjaneskagann vestan Hafnarfjarðar og Kleifarvatns. Sveitarfélög í umdæminu eru Grindavíkurborg, Reykjanesbær, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar. Íbúar svæðisins eru nú um 28.000.

Aðalskrifstofa embættisins er í Reykjanesbæ og útibú í Grindavík, þar sem opið er hluta úr degi. Sérstaða embættisins er m.a. fjölmennir byggðakjarnar og góðar samgöngur. Nálægð við alþjóðaflugvöllinn einkennir svæðið og hefur atvinna verið nokkuð sveiflukennnd milli ára. Gífurleg fólksfjöldun hefur verið á svæðinu undanfarin ár.

Við embættið starfar nú að meðtöldum sýslumanni 21 starfsmaður í 20,68 stöðugildum. Þar af eru þrjú löglærðir fulltrúar, skrifstofustjóri/aðalbókari, auk almennra starfsmanna, en einn þeirra sinnir útibúinu í Grindavík. Þá er einn starfsmaður í tímabundnu starfi við skáningu skjala og skil til Þjóðskjalasafns og er það verkefni styrkt af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum í tengslum við sóknaráætlun svæðisins. Embættið hefur frá árinu 2011 haft það sérstaka verkefni að vera miðlægt stjórnvald á grundvelli Haagsamnings um birtingar á stefnum o.fl., á grundvelli Haagsamnings um öflun sönnunargagna og Norðurlandasamnings um gagnkvæma dómsmálaaðstoð. Verkefninu er sinnt af einum starfsmanni. Sýslumaður á Suðurnesjum er Ásdís Ármannsdóttir.



Kristín Þórðardóttir, sýslumaður á Suðurlandi.



Arndís Soffía Sigurðardóttir, sýslumaður í Vestmannaeyjum.



Starfsfólk hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum.



Starfsfólk hjá sýslumanninum á Suðurnesjum.



Guðlaugur G. Sverrisson við umbúðir hjá Sagaplast.



Flokkun úrgangs.

Úrvinnslusjóður



Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri.

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér það markmið að draga skipulega úr myndun úrgangsefna og koma úrgangi í endurnotkun og endurnýtingu. Til þess að vinna að þessu markmiði hafa m.a. verið sett lög um úrvinnslugjald nr. 162/2002 og samkvæmt þeim er Úrvinnslusjóði falið að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs, draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

Starfsemin

Úrvinnslusjóður innheimtir úrvinnslugjald af vöru áður en hún fer á markað. Gjaldið stendur undir kostnaði við endurnýtingu úrgangs sem verður eftir þegar líftíma vöru lýkur. Kostnaðurinn felst í meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutning frá söfnunarstöð til móttökustöðvar, endurnýtingu eða förgun úrgangsins og greiðslu skilagjalds eftir því sem við á. Hugmyndafræði framleiðendaábyrgðar var ofarlega á blaði við undirbúning sjóðsins auk ákvæða um að sá borgar sem mengar (polluter pays principle). Framleiðendaábyrgð felur m.a. í sér að framleiðendum er falin ábyrgð á fjármögnun og/eða framkvæmd söfnunar og ráðstöfunar á ákveðnum úrgangsflokkum. Horft var til þess að framleiðendaábyrgð yrði hvati til að koma í veg fyrir myndun úrgangs, ýta undir umhverfsvæna hönnun og stuðla að aukinni söfnun og endurvinnslu.



Guðlaugur G. Sverrisson, rekstrarstjóri vöruflokka.

Mannauður

Það má segja að sjóðurinn sé samstarfsverkefni opinberra aðila og atvinnulífs um hagræna hvata til að auka endurvinnslu og endurnýtingu. Atvinnulífið fer með meirihluta í stjórn sjóðsins, þá eiga sveitarfélögin fulltrúa í stjórn og umhverfis- og auðlindaráðherra skipar formann. Stjórn sjóðsins skipa: Laufey Helga Guðmundsdóttir, formaður skipaður af ráðherra og meðstjórnendur eru: Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður, skipaður af Samtökum iðnaðarins, Bryndís Gunnlaugsdóttir og Eygerður Margrétardóttir skipaðar af Samtökum íslenskra sveitarfélaga, Hlíðar Þ. Hreinsson skipaður af Félagi atvinnurekenda, Benedikt S. Benediktsson skipaður af Samtökum verslunar- og þjónustu og Hildur Hauksdóttir skipuð af Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi.

Guðmundur G. Þórarinnsson, verkfræðingur leiddi undirbúningsvinnu fyrir stofnun sjóðsins og var formaður stjórnar frá 2003-2019.

Starfsmenn sjóðsins eru fjórir, Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri og rekstrarstjórnarnir: Ása Hauksdóttir sem sér um fjármál og rekstur skrifstofu, Íris Gunnarsdóttir og Guðlaugur G. Sverrisson sem sjá um rekstur vöruflokka.

Þjónustan

Fjöldmargir vöruflokkar falla undir sjóðinn og skiptast í spilliefni, umbúðir, raftæki og rafhlöður, hjólbarða, ökutæki og veiðarfæri. Verkefni sjóðsins eru mismunandi fyrir hina ýmsu vöruflokka.

HLUTVERK ÚRVINNSLUSJÓÐS ER AÐ BEITA FJÁRHAGSLEGUM HVÖTUM TIL AÐ LÁGMARKA SÓUN HRÁEFNA

GILDI ÚRVINNSLUSJÓÐS

FRAMSÆKNI

Við leitum stöðugt að tækifærum til þróunar á nýjum lausnum.

JAFNRÆÐI

Við leggjum áherslu á gagnsæi og skýrar leikreglur.

SAMVINNA

Við eigum virkt samtal við okkar samstarfsaðila.



STEFNA ÚRVINNSLUSJÓÐS 2020 TIL 2025

- Hráefni og orka til vöruframleiðslu eru oft takmarkaðar auðindir sem ber að fara eins sparlega með og kostur er.
- Við öflun hráefna og orku er oft gengið á náttúruleg gæði og sama gildir um úrgang sem verður til við vörunotkun og þegar vörur hafa þjónað tilgangi sínum.
- Hér síðari ár hefur verið lögð áhersla á að vöruferlin sé eins þakúð og kostur er og að notkun hráefnis og orku sé í lágmarki, þ.e. að sammiðast falli úr hringrásinni í form úrgangs sem verður að farga.
- Úrvinnslugjald er hagrænn hvati til að stuðla að sem mestri endurvinnslu og endurnýtingu.
- Vöruflokkar með úrvinnslugjaldi.

| | | |
|------------------|------------------|--------------|
| SKURDULA | FRENTLITI | RAFTEKI |
| LEYSIFNI | FRAMKÖLLUNAREFNI | HJÓLBAREIÐ |
| ÖLUMÁLING | KVAKSILFUR | ÖNUTEDI |
| HALÓGENERUÐ EPHI | KJELMIDLAR | PAPPALUMBÚÐI |
| VARNAREFNI | RAFGEYMA | PLASTUMBÚÐI |
| ÍSÓLÁHÖT | RAFHLÓÐUR | HEYRULUPLAST |

Úrvinnslujóður og hringrásarhagkerfi
Úrvinnslugjald á vörum nýst til að
fjármæga söfnun og endurvinnslu



Þau geta falist í að ná tilteknum markmiðum um söfnun og endurvinnslu. Þetta á við um umbúðir úr pappa og plasti, raftæki og rafhlöður og rafgeyma. Verkefni geta einnig falist í að tryggja innsöfnun og rétta ráðstöfun eins og í tilviki spilliefna og hjólbarða. Að lokum má nefna skilgjaldskerfi fyrir úrsérgengin ökutæki og samning um endurnýtingu veiðarfæra. Fyrirkomulag Úrvinnslusjóðs felur í sér að þjónustuaðilar safna úrgangi frá söfnunarstöðvum, fyrirtækjum eða heimilum, meðhöndla hann og koma honum til ráðstöfunaraðila. Ráðstöfunaraðili getur verið, eftir atvikum, endurvinnslu/endurnýtingaraðili eða förgunaraðili. Úrvinnslujóður eignast aldrei úrganginn.

Úrvinnslujóður gerir samninga við þjónustuaðila en samþykkir ráðstöfunaraðila á grundvelli skilmála fyrir hvern vöruflokk. Þjónustuaðilar eru í samkeppni um úrganginn, taka þátt í útboðum sveitarfélaga um að þjóna söfnunarstöðvum og semja við fyrirtæki. Þegar þeir hafa meðhöndlað úrganginn og komið honum til ráðstöfunaraðila teljast þeir hafa lokið sínum verkþáttum og fá þá greitt frá Úrvinnslusjóði.

Þjónustuaðilar semja við ráðstöfunaraðila um greiðslur hvort sem greiða þarf með efninu eða það er selt. Þeir eru einnig í viðskiptasambandi við úrgangshafa, hvort sem um er að ræða sveitarfélög, fyrirtæki eða heimili.

Til að jafna aðstöðu sveitarfélaga og fyrirtækja um allt land til að safna úrgangi og koma til ráðstöfunar greiðir Úrvinnslujóður flutningsjöfnun. Flutningsjöfnunin er ákveðin greiðsla sem tekur mið af nauðsynlegri flutningsvegalengd til næsta staðar þar sem hægt er að meðhöndla úrganginn og koma honum til ráðstöfunar.

Það má segja að Úrvinnslujóður auki verðgildi úrgangsins með þessum greiðslum og láti síðan markaðinn um að sjá um framkvæmdina.

Framtíðarsýn

Frá því að Úrvinnslujóður tók til starfa hefur átt sér stað mikil þróun í úrgangsmálum á Íslandi. Úrvinnslujóður hefur gert sér far um að laga framkvæmdina að þessari þróun eins og hægt er innan ramma laga um úrvinnslugjald.

Á árinu 2020 var unnið að stefnumótun Úrvinnslusjóðs þar sem hlutverk, gildi og framtíðarsýn voru dregin fram. Liður í þessari stefnumótun var undirbúningur fyrir vinnu við innleiðingu hringrásarhagkerfis.

Framundan eru krefjandi og spennandi verkefni sem kalla á gott samstarf allra sem koma að umhverfismálum.



Ása Hauksdóttir, rekstrarstjóri skrifstofu.



Íris Gunnarsdóttir hjá Hringrás.



Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi og Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar klippa á borða í Berufirði og opna þar með formlega nýjan vegarkafli sem stýttir hringveginn um 3,6 km. Með tilkomu hins nýja vegar náðist það markmið að koma bundnu slitlagi á allan hringveginn.



Starfsmenn Vegagerðarinnar setja niður stikur á Hellisheiði.

Vegagerðin



Vaktstöðvar Vegagerðarinnar eru tvær, í Reykjavík og á Ísafirði. Starfsmenn fylgjast með færð og veðri, ræsa út bíla til að moka og hákruverja og meta hvenær þarf að loka vegum. Einnig fylgjast þeir með aðstæðum í jarðgöngum.



Reglulega eru haldnir morgunverðarfundir fyrir áhugasama um ýmis málafni. Hér er til umfjöllunar ferðamenn á þjóðvegum landsins.



Vegagerðin sér um að láta moka vegi og halda þeim greiðfærum eins og kostur er. Hér er unnið að snjómokstri á Vatnaleið (56).

Vegagerðin er einn helsti burðarásinn í samgöngukerfi Íslands og mikilvægur hlekkur í starfsemi fjöldamargra fyrirtækja hér á landi. Stofnunin heyrir undir samgönguráðgjafi sem skipar forstjóra en auk hans er yfirstjórn Vegagerðarinnar skipuð framkvæmdastjórum fjögurra sviða og forstöðumanni lögfræðideildar. Fjáframlög til rekstursins eru ákveðin á fjárlögum með hliðsjón af samgönguáætlun sem er skipulögð til fimmtán ára og fimm ára. Umsvif Vegagerðarinnar hafa meiri áhrif í landinu heldur en marga grunar. Starfsemin fer fram í miðstöð og á fimm svæðum. Flestir í miðstöð eru með aðsetur í Borgartúni 5-7 í Reykjavík en þar fer fram stjórnun, stefnumótun og rannsóknavinna stofnunarinnar. Svæðin skiptast í Suðursvæði, Vestursvæði, Norðursvæði, Austursvæði og Höfuðborgarsvæði. Hvert þeirra annast framkvæmdir, viðhald og rekstur vegakerfisins innan sinna marka og hafa umsjón með þjónustu við vegfarendur. Hjá Vegagerðinni starfa um 330 manns.

Hlutverk

Vegagerðin er veghaldari og því opinber umsjónaraðili yfir meginhluta íslenska vegakerfisins. Helsta hlutverk Vegagerðarinnar er að þróa og annast samgöngukerfi, á sjó og landi, á sem hagkvæmasta hátt með þarfrir samfélagsins að leiðarljósi, með áherslu á að samgöngur séu tryggar allt árið með eins litlum tilkostnaði og eins miklum þægindum og hægt er fyrir vegfarendur. Sérstök áhersla er lögð á samgöngur innan þjónustusvæða og að leiðarvísun sé eins skilmerkileg og frekast er kostur. Við gerð vega og viðhald þeirra er lögð sérstök áhersla á að slys verði sem færast á vegfarenda ekki síst hinum óvarða eða gangandi vegfaranda. Reynt er að taka sem mest tillit til óska vegfaranda og að sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa sé sem best. Vegagerðin leggur áherslu á að standa vel að umhverfismálum og stýra áhrifum starfseminnar í þann farveg að hún valdi sem minnstu jarðraski eða mengun í náttúrunni. Stofnunin hefur sett sér umhverfisstefnu þar sem helstu áherslur þeirrar eru skilgreindar. Sjö umhverfisnefndir starfa á landsvísu auk þess sem Vegagerðin styrkir mörg rannsóknaverkefni. Mat á umhverfisáhrifum er unnið vegna einstakra framkvæmda en ferlið er breytilegt eftir því hvort framkvæmdin er lögformlega háð slíku mati eða ekki. Vegagerðin stýrir hafnabótasjóði og ýmsu er snýr að hönnun og byggingu hafna fyrir hafnarfélögin, sinnir sjóvörnum og Landeyjahöfn sem er eina höfnin í eigu ríkisins. Almenningsamgöngum er sinnt hjá Vegagerðinni er snýr að ferjurekstri, landsamgöngum á landsbyggðinni og flugi á þá staði þar sem ekki er hægt að halda úti tryggum heilsársamgöngum á vegakerfinu. Vegagerðin stefnir að því að starfrækja virkt gæðakerfi sem tekur mið af ISO 9001 og beitir aðferðum gæða- og árangursstjórnunar til þess að ná sem bestum árangri í öllum sínum verkefnum.

Flokkun vegakerfisins

Vegakerfið á Íslandi á mark sameiginlegt með æðakerfi mannlíkamans, þar sem starfseminni er viðhaldið með tryggri blóðstreymi um alla hluta líkamans. Með sama hætti er traust vegakerfi og greiðar samgöngur forsenda þess að mannlíf geti vaxið og dafnað, í þéttbýli eða dreifbýli, hvor heldur er á sjó eða landi. Vegakerfi landsins er skipt upp í þjóðvegi og sveitarfélagavegi sem eiga að mynda samfellda tengingu um byggðir landsins. Með



Vegagerðin hefur umsjón með stofnvegum á Höfuðborgarsvæðinu, m.a. Sæbraut sem hér sést. / Ljós m. Baldur Ragnarsson.



Framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar (41) frá Kaldárselsvegi að Krýsvíkurvegi lauk í nóvember 2020. Ljós m. Baldur Ragnarsson.

Þjóðvegur er átt við vegi sem taldir eru upp í vegaskrá og ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af ríkisfé. Þjóðvegakerfið er flokkað í stofn-, tengi-, héraðs- og landsvegi, auk stofnvega á hálendi. Með sveitarfélagavegum er átt við vegi innan þéttbýlis sem eru í umsjón viðkomandi sveitarfélaga. Með flokkast einnig göngu-, hjóleiða- og reiðstígar. Einkavegir teljast hvorki þjóðvegir né sveitarfélagavegir og eru ýmist í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila.

Rannsóknar- og þróunarstarf

Til að uppfylla markmið sín á hverjum tíma vinnur Vegagerðin stöðugt að því að afla nýrrar þekkingar á sínu sérsviði. Af þeim sökum hefur rannsóknar- og þróunarstarf ávallt verið nokkuð stór þáttur í starfsemi. Jafnhliða rekstrinum stendur stofnunin fyrir viðamiklum jarðfræðirannsóknum til þess að afla efnis til vegagerðar auk jarðvegs- og bergkönnunar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum. Vegagerðin vinnur að söfnun upplýsinga og kortlagningu náma en einnig hefur verið hrint af stað átaksverkefni um frágang aflagðra efnistökusvæða sem eru á ábyrgð stofnunarinnar. Á hverju ári veitir Vegagerðin styrki til vísindaverkefna sem, að stærstum hluta, eru fjármögðuð af svo nefndu tilraunafé sem nú er 1,5% af tekjum stofnunarinnar. Mikil áhersla er lögð á að afrakstur rannsóknar- og þróunarstarfs geti skilað af sér nýjum reglum og leiðbeiningum þar sem t.d. er kveðið á um hagkvæma efnisnotkun og vinnuáðferðir. Vegagerðin á einnig þátt í margvíslegu erlendu samstarfi á sviði rannsókna og þróunar. Í þessu skyni hafa starfsmenn tekið þátt í ýmsum ráðstefnum og fundahöldum erlendis og þangað verið sótt þekking sem miðlað er áfram innan stofnunarinnar. Árið 2008 tók Vegagerðin við forsæti Norræna Vegasambandsins (NVF) og er það í fyrsta sinn í 75 ára sögu þess. Því tímabili lauk árið 2012 með 960 manna ráðstefnu, Via Nordica, í Reykjavík.

Vefsíða Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is gegnir sérlega veigamiklu hlutverki. Þar er t.d. hægt að nálgast ítarlegar upplýsingar um veður og færð á landinu, ástand hálendisleiða og fjarlægðir á milli áfangastaða ásamt tengingum við vefmyndvélur í öllum landsfjórðungum. Samskonar upplýsingar fyrir hafsvæðið umhverfis Ísland má finna á sjolag.is, einnig er hægt að nálgast fróðleik um yfirstandandi og fyrirhugaðar framkvæmdir. Upplýsingar um færð og ástand vega má einnig fá í þjónustusíma Vegagerðarinnar 1777. Vegagerðin er einnig fyrirferðarmikil á Twitter og Facebook.



Söguágríp

Um miðbik 19. aldar voru troðningar og reiðgötur helstu samgönguæðar Íslendinga og flutningar fóru fram á klyfjastestum. Fyrsta tilskipun um vegalagningu var staðfest af Danakonungi árið 1861. Með henni var búið í haginn fyrir ferðir hestvagna á sérstökum flutningabrautum sem skiptust í þjóðvegi og aukavegi. Árið 1893 tók Sigurður Thoroddsen við sem landsverkfræðingur, en hann var fyrstur Íslendinga til að mennta sig í faginu. Sigurður mældi t.d. fyrir akvegi yfir Helliðshéið og niður Kamba.

Fyrsta bifreiðin kom til Íslands árið 1904, en eins og að líkum lætur markaði sá viðburður mikil tímamót í vegagerð á Íslandi. Skipulegur bifreiðainnflutningur fór þó ekki í fullan gang fyrr en á öðrum áratug 20. aldar og árið 1913 var í fyrsta skipti ekið frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu. Ný vegalög voru samþykkt árið 1924 og kváðu þau á um skipun Vegamálastjórnar auk sérstaks embættis vegamálastjóra. Í beinu framhaldi var farið af stað með ýmsar samgöngubætur með það fyrir augum að tengja betur saman einangraðar byggðir landsins. Fyrsti veghefill var tekinn í notkun árið 1926 og ári síðar komst bíll í fyrsta skipti yfir Holtavörðuhéið. Vegur frá Reykjavík og norður í land opnaðist um Kaldadal árið 1929. Fyrsti vegur um Hvalfjörð var lagður árið 1932 þó svo að Holtavörðuhéiði væri ekki opnuð fyrir almenna umferð fyrr en árið 1939.

Á árum seinni heimsstyrjaldarinnar tók hið eiginlega íslenska vegakerfi á sig mynd. Með hernámsliðunum fylgdu stórvirk vinnutæki og nýmóðins jarðýtur, sem ruddu betri og breiðari vegi og með meiri afköstum en áður hafði tíðkast. Tengingu Vestfjarða við aðalvegakerfi landsins lauk ekki fyrr en árið 1959 en með henni höfðu allar helstu byggðir náð veltengingu. Þegar vegur yfir Skeiðarársand var opnaður árið 1974 var miklum áfanga náð í samgöngumálum Íslendinga en þá var í fyrsta skipti hægt að aka Hringveginn óslitið. Á sama tíma hófust viðamiklar endurbætur á öllum helstu þjóðbrautum íslenska vegakerfisins og þær lagðar bundnu slitlagi. Þessar framkvæmdir hafa staðið yfir alveg fram á síðustu ár og er svo komið í dag að eingöngu 86% stofnvega er lagður bundnu slitlagi en 28% tengivega.

Geir Zoega, fyrsti vegamálastjóri Vegagerðarinnar tók fjölda mynda á starfsferli sínum. Hér eru tveir menn á valtara í upphafi tuttugustu aldar, líklega á Eyrarbakkevegi.



Þróstur Ólafsson, fyrirtækjaeftirlitsmaður á öryggis- og tæknisviði (með hvítan hjálm á höfði). Þeir eru þarna að heimsækja fyrirtækið Framtak Blossi og sést einnig í starfsmenn þess

Vinnueftirlitið




Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, forstjóri.

Saga vinnuverndar á Íslandi

Þegar vélvæðing og iðnaður hófst á Íslandi urðu einstaklingar og þjóðfélagið í heild að grípa til aðgerða til að forða starfsfólki frá slysum og hafa augun opin gagnvart óhollustu við störf eftir því sem þekking og þróun jókst. Lög um eftirlit með verksmiðjum og vélum voru fyrstu lög in vinnuvernd sem öðluðust gildi 1. júlí 1928. Þessi lög voru ekki efnismikil og var því véltækniþræðingurinn Þórður Runólfsson fenginn til að semja allsherjar reglugerð fyrir skoðunarmenn til að starfa eftir ásamt reglugerð um eftirlit með lyftum. Eftirlitinu var komið á laggirnar 9. júní 1929 þegar tveir skoðunarmenn voru settir til starfa, annar var sá fyrrnefndi og hinn var fyrrverandi kaupmaður. Skrifstofa eftirlitsins var í einu herbergii að Vesturgötu 17. Skoðunarmennirnir fóru í fyrstu eftirlitsferðina um miðjan júní 1929 með strandferðaskipi, vestur um land til Akureyrar. Farið var í stærstu fyrirtækin og fyrst um sinn var eftirlitinu ekki tekið vel af eigendum fyrirtækjanna þar sem þeim fannst þetta óþarfi en með tímanum vöndust eigendur á skoðanir eftirlitsmanna. Fljótlega varð Þórður einn eftir sem skoðunarmaður og var hann fenginn til að taka að sér að reka eftirlitið sem einskona einkastofnun undir yfirumsjón Geirs Zoëga vegamálastjóra. Með óbreyttu fyrirkomulagi var eftirlitið starfrækt næstu árin. Tala fyrirtækja sem skoðuð voru á árunum 1932-35 var frá 130 upp í 150. Í lok ársins 1939 var tala skoðaðra og eftirlitsskyldra fyrirtækja orðin 248. Starfið var því orðið fremur viðamikil fyrir einn mann og var skoðunarstjóri skipaður og auk þess skoðunarmenn í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Vestfjörðum, Siglufirði, Ólafsfirði, Akureyri og Austfjörðum. Skrifstofunni var komið fyrir í Austurstræti 12 síðla árs 1942. Kröfurnar til eftirlitsins fóru ört vaxandi og var því skrifstofan höfð opin alla virka daga.

Öryggiseftirlit ríkisins sem varð síðar Vinnueftirlit ríkisins

Árið 1947 var skipuð nefnd af ráðherra sem hafði það hlutverk að semja ný lög fyrir eftirlitið og tók nefndin saman frumvarp til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum sem var staðfest af forseta Íslands 1. febrúar 1952. Samkvæmt þeim átti eftirlitið að kallast Öryggiseftirlit ríkisins og forstöðumaður þess öryggismálastjóri. Þann 1. janúar 1981 tóku lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gildi. Þau leystu af hólmi eldri lög frá árunum 1952 og 1928. Með þessum nýju lögum var Vinnueftirlit ríkisins sett á laggirnar og síðan þá hefur það tekið við allri starfsemi og aðstöðu Öryggiseftirlits ríkisins og hluta af verkefnum heilbrigðisnefnda auk nýrra verkefna sem lög in hafa kveðið á um. Aðalskrifstofa Vinnueftirlitsins var flutt að Bíldshöfða 16 í október 1986 og síðar var aðsetur hennar flutt að Dvergshöfða 2 í maí 2017. Á öðrum landssvæðum, þ.e. Akranesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Selfossi og Reykjanesbæ, rekur Vinnueftirlitið einnig skrifstofur. Í ársbyrjun 2018 eru skoðunarskyld fyrirtæki orðin tæplega 14.000 og eru starfsmenn Vinnueftirlitsins þá orðnir 77 talsins.



Skipunir tók gildi 2019. Þarna sjást sviðin þrjú, deildarskipting undir sviðum og stoðeildir.

Hlutverk Vinnueftirlits ríkisins

Vinnueftirlitið er stofnun ríkisins. Verkefni þess eru m.a. að leiðbeina fyrirtækjum, stofnunum, félögum og starfsmönnum um hvað þurfi að bæta í vinnuumhverfinu. Þá sér Vinnueftirlitið um að afla og viðhalda þekkingu á tæknilegri og félagslegri þróun í þeim tilgangi að efla öryggi og bæta hollustuhætti og aðbúnað í starfsumhverfinu. Hlutverk Vinnueftirlitsins er að tryggja að allir komi heilir heim úr vinnu. Við vitum að slysin gera boð á undan sér og það er hægt að hanna burt hættur í vinnuumhverfinu. Vinnueftirlitið sinnir í dag eftirliti með vinnuumhverfi vinnustaða og með vinnuvélum og tækjum. Vinnueftirlitið ber ábyrgð á að viðeigandi fyrirmæli um úrbætur séu gefin og eftir atvikum að þvingunaraðgerðum sé beitt sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt eða bráð hætta er yfirvofandi. Vinnueftirlitið stendur fyrir margþættu fræðslustarfi og veitir upplýsingar um það sem snýr að vinnuvernd og er þekkt fyrir að vera bæði leiðandi og leiðbeinandi á þeim vettvangi. Rannsóknir og skráningar á vinnuslysum og á sviði atvinnusjúkdóma og atvinnutengdrar heilsu hafa beint athyglinni að þeim þáttum sem líklegastir eru til að skila árangri. Áhersla er á forvarnir og heilsueflingu á vinnustöðum og hefur Vinnueftirlitið með aðgerðum sínum lagt lóð á vogarskálarnar við að draga úr atvinnutengdu heilsutjóni og þar með stuðlað að aukinni framleiðni á innlendum vinnumarkaði. Samvinna við stjórnendur hefur leitt til þess að þeir taka í auknum mæli ábyrgð á að bæta öryggismenningu og stuðla að góðu, öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi í daglegum rekstri vinnustaða sinna. Með skráningu vinnuslysa hefur fengist betri sýn á orsakir þeirra og umfang og þar með tækifæri til forvarna. Skráningu atvinnusjúkdóma hefur til skamms tíma verið áfátt og er þar áskorun til framtíðar að bæta hana til að efla möguleika til forvarna enn frekar. Með öflugum áskorunum og öflugu samstarfi við hagsmunaaðila hefur árangur náðst í að fyrirbyggja slys og sjúkdóma sem eiga sér rætur í starfsumhverfinu. Þetta er eilífðar samstarf allra vinnandi manna, sem kallar á samstarf margra aðila til að tryggja þau sjálfsgöðu mannréttindi að allir komi heilir heim úr vinnu.



Ágúst Ágústsson, sérfræðingur á öryggis- og tæknisviði, í eftirlitsheimsókn.



Yfirstjórn Vinnumálastofnunar: Unnur Sverrisdóttir, forstjóri (efst), Hrafnhildur Tómasdóttir, sviðsstjóri ráðgjafasviðs (miðja t.h), Margrét Kr. Gunnarsdóttir, sviðsstjóri Upplýsinga- og tæknisviðs (neðst t.h), Pétur Szklenár, fjármálastjóri (miðja t.v.) og Vilmar Pétursson, mannaútskjórnari (neðst t.v.)



Höfuðstöðvar Vinnumálastofnunar.

Vinnumálastofnun



Starfsfólk Vinnumálastofnunar á höfuðborgarsvæðinu á starfsmannafundi.

Vinnumálastofnun heyrir undir félagsmálaráðuneytið og fer m.a. með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu og daglega afgreiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs, Fæðingarorlofs-sjóðs, Ábyrgðasjóðs launa auk fjölmargra annarra vinnumarkaðstengdra verkefna. Starfsemi stofnunarinnar hófst formlega 1. júlí 1997. Vinnumálastofnun rekur níu þjónustuskrifstofur í kringum landið þar sem veitt er öll almenn þjónusta við atvinnuleitendur, skráning, mat á færni, ráðgjöf og úrræði og vinnumiðlun auk samvinnu við aðra þjónustuaðila um úrræði og vinnumarkaðsaðgerðir.

Félags- og barnamálaráðherra skipar tíu manna stjórn Vinnumálastofnunar að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Stjórn stofnunarinnar skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Þá skipar ráðherra svæðisbundin vinnumarkaðsráð sem skulu vera hlutaðeigandi þjónustustöðvum Vinnumálastofnunar til ráðgjafar um skipulag og val á vinnumarkaðsúrræðum.

Helstu verkefni Vinnumálastofnunar:

Atvinnuleysistryggingasjóður

Samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar skal Vinnumálastofnun halda skrá yfir laus störf sem í boði eru á landinu öllu, miðla upplýsingum um laus störf til atvinnuleitenda og veita þeim aðstoð við að finna störf við hæfi. Jafnframt er atvinnurekendum veitt aðstoð við ráðningu starfsfólks og þeim veittar upplýsingar um framboð á vinnuafli hverju sinni. Stofnunin er hluti af evrópsku samstarfsneti opinberra vinnumiðlana, EURES og getur stofnunin því ekki aðeins aðstoðað atvinnurekendur við leit að hæfu starfsfólki innanlands heldur í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins kjósi atvinnurekendur þess. Vinnumálastofnun sér einnig um útreikning og greiðslu atvinnuleysistrygginga til atvinnuleitenda, annast skipulag vinnumarkaðsúrræða, s.s. námskeiða, starfsúrræða, ráðgjöf, námsúrræða og atvinnutengdrar endurhæfingar.

Vinnumálastofnun ber að leggja mat á vinnufærni atvinnuleitanda þegar hann sækir um greiðslur atvinnuleysisbóta og þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum. Á grundvelli matsins er gerð áætlun um atvinnuleit hans og þátttöku í viðeigandi úrræðum hjá stofnuninni eða honum leiðbeint um aðra þjónustu ef þörf er talin á. Þjónusta ráðgjafa Vinnumálastofnunar miðast því við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins atvinnuleitanda eins og unnt er.

Þá heldur stofnunin utan um margvíslegar greiningar og tölfræði er snýr að innlendum vinnumarkaði, framboði og samsetningu vinnuafls, mannaflapörf innanlands, framtíðarhorfur og þróun atvinnuástands. eru greiningar stofnunarinnar birtar með reglubundnum hætti á vef stofnunarinnar. eru slíkar greiningar veigamikill þáttur við mat á framboði úrræða á vegum stofnunarinnar hverju sinni og hvernig þjónusta stofnunarinnar er hagað til samræmis við þarfir vinnumarkaðarins á hverjum tíma.



Starfsfólk Vinnumálastofnunar.

Fæðingarorlofssjóður

Fæðingarorlofssjóður er í vörslu Vinnumálastofnunar sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins í umboði félags- og barnamálaráðherra. Megin verkefni Fæðingarorlofssjóðs er að ákvarða og annast greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi og fæðingarstyrk samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 sem og að veita ráðgjöf og upplýsingar um réttindi foreldra til greiðslna. Þá hefur sjóðurinn umsjón með ættleiðingarstýrkjum og veitir upplýsingar um foreldraorlof. Hægt er að sækja um greiðslur með rafrænum hætti á vefslóðinni: www.vinnumalastofnun.is/faedingarorlofssjodur.

Ábyrgðasjóður launa

Ábyrgðasjóður launa er sjálfstæður sjóður í vörslu Vinnumálastofnunar sem sér um daglega afgreiðslu sjóðsins í umboði félags- og barnamálaráðherra. Megin verkefni sjóðsins er ábyrgð á kröfum launamanna um vangoldin laun í kjölfar gjaldþrots vinnuveitanda. Þá greiðir sjóðurinn, í tengslum við gjaldþrot vinnuveitanda, bætur vegna slita á ráðningarsamningi, ógreitt orlof, bætur vegna vinnuslysa og lífeyrissjóðsiðgjöld. Ábyrgð sjóðsins er háð því skilyrði að kröfurnar hafi verið viðurkenndar sem forgangskröfur samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti. Hægt er að sækja upplýsingar um afgreiðslu sjóðsins á vefslóðinni: www.vinnumalastofnun.is/abyrgdarsjodur-launa

Önnur verkefni

Vinnumálastofnun sinnir ýmsum öðrum verkefnum er snúa að innlendum vinnumarkaði. Má þar nefna úrvinnslu og útgáfu atvinnuleyfa til erlendra ríkisborgara utan Evrópska efnahagssvæðisins auk eftirlits með atvinnuþáttöku þeirra hér á landi. Þá hefur stofnunin umsjón og eftirlit með starfsemi starfsmannaleigna, útsendra starfsmanna og erlendra þjónustufyrirtækja hér á landi. Heldur stofnunin utan um skráningar slíkrar starfsemi og hvort að réttindi starfsmanna á þeirra vegum séu virt. Skráning slíkrar starfsemi fer fram með rafrænum hætti á vefslóðinni www.posting.is

Atvinnumál kvenna

Loks má nefna að Vinnumálastofnun sér um framkvæmd verkefnisins Atvinnumál kvenna auk vörslu Svanna – lántryggingasjóðs til kvenna. Verkefnið Atvinnumál kvenna miðar að því að auka þátttöku kvenna í viðskiptum og auka aðgengi kvenna að fjármagni. Nánari upplýsingar um verkefnið má sækja á vefslóðinni www.atvinnumalkvenna.is. Þá hefur stofnunin séð um framkvæmd Evrópuverkefna sem hafa haft það að markmiði að efla atvinnuþáttöku og frumkvöðlastarf kvenna af erlendum uppruna og frumkvöðlastarf kvenna í smærri byggðalögum.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS





Afhending skjalasafns.



Úr skjalageymslum Þjóðskjalasafns Íslands.

Þjóðskjalasafn Íslands

Skjalasafn allra landsmanna

Þjóðskjalasafn Íslands er samkvæmt lögum nr. 77/2014 skjalavörslustofnun íslenska ríkisins og skjalasafn þeirra sveitarfélaga sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni. Safnið fer með yfirstjórn skjalamálefna ríkisins, setur reglur fyrir alla opinbera skjalavörslu, veitir ráðgjöf og hefur eftirlit með skjalavörslu stjórnvalda, miðlar safnkostinum með ýmsum hætti og heldur námskeið um skjalavörslu. Í Þjóðskjalasafni eru frumheimildir um sögu íslensku þjóðarinnar frá miðöldum fram á okkar daga. Elsta skjalið er frá 12. öld. Hvergi annars staðar eru til meiri heimildir um íslenska sögu. Safninu er ætlað að varðveita heimildir um sögu þjóðarinnar, svo sem ákvarðanir stjórnvalda og mikilvægar upplýsingar um þegnana til þess að tryggja hagsmunum þeirra. Almennir aðgangur opin að gögnum í Þjóðskjalasafni þó með undantekningum er varða persónuvernd. Þannig eru viðkvæm persónuleg gögn opin almenning þegar 80 ár eru liðin frá tilurð gagnanna og 100 ár þurfa að líða uns almenningur fær aðgang að sjúkragögnum. Þó fær einstaklingur ávallt aðgang að gögnum sem varða hann sjálfan. Aðgang að skjölum í safninu fá menn á lestrarsal sem er öllum opin, en einnig er talsvert magn skjala aðgengileg með stafrænum hætti á vefsvæðinu www.heimildir.is

Þjóðskjalasafn tekur bæði við pappírsgögnum og stafrænum gögnum til varðveislu. Nú varðveitir það tæplega 45.000 hillumetra af pappírsskjölum og um 1 terabæti af rafrænum gögnum. Það miðlar upplýsingum um safnkost sinn á vefnum (www.skjalasafn.is) og á vefnum www.heimildir.is eru birtar valdar heimildir um sögu þjóðarinnar. Í Þjóðskjalasafni starfa að jafnaði ríflega þrjátíu manns. Þjóðskjalavörður er Hrefna Róbertsdóttir.

Upphaf og saga

Stofnun Þjóðskjalasafns Íslands miðast við auglýsingu um landsskjalasafn sem Hilmar Finsen landshöfðingi gaf út 3. apríl 1882. Þar var mælt fyrir um, að skjalasöfn helstu embætta skyldu geymd hvert í sínu herbergi á dómkirkjuloftinu í Reykjavík, og áttu forsvarsmenn viðkomandi embætta að gæta hver síns skjalasafns svo sem verið hafði. Sérstakt herbergi var ætlað til að geyma skjöl frá embættismönnum úti á landi.

Safnið flutti í Alþingishúsið árið 1900 og var þá opnað almenningi. Stórhuga heimastjórn reisti sérstaka byggingu, Safnahúsið við Hverfisgötu, yfir helstu söfn landsins árin 1906 – 1909. Þar var Þjóðskjalasafnið næstu áratugi. Árið 1985 var hús Mjólkursamsölunnar að Laugavegi 162 keypt fyrir safnið enda húsakostur þess löngu orðinn of lítill. Flutningi þangað lauk árið 1998. Í upphafi 20. aldar miðaðist starfsemi safnsins einkum við varðveislu og skráningu skjalasafna frá helstu embættum landsins. Með tímanum hafa hlutverk og skyldur Þjóðskjalasafns aukist verulega, einkum hlutverk þess að setja reglur um skjalavörslu og hafa eftirlit með skjalavörslu stjórnvalda. Löggin, sem sett voru um starfsemi opinberra skjalasafna árið 2014 mörkuðu tímamót í því efni.



Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður.



Karen Sigurkarlsdóttir, forvörður við vinnu sína.



Kristín Svavarsdóttir, fulltrúi í framleiðsluteymi.

Þjóðskrá



Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár.

Þjóðskrá hefur starfað í núverandi mynd síðan 1. júlí 2010 eftir sameiningu Fasteignaskrár Íslands og Þjóðskrár. Þjóðskrá er stofnun sem heyrir undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og hefur það hlutverk að halda fasteignaskrá landsins og þjóðskrá, ákveða fasteigna- og brunabótamat og annast grunnrannsóknir á fasteignamarkaðinum. Stofnunin sér einnig um rekstur starfs- og upplýsingakerfa fyrir sýslumenn og sveitarfélög, gefur út vegabréf og nafnskirteini, veitir rafrænan aðgang að þjóðskrá, fasteignaskrá, veðbandayfirlitum fasteigna og kjörskrárstofni í aðdraganda kosninga. Þá sendir stofnunin reglulega frá sér upplýsingar sem snertir starfsemi stofnunarinnar eins og um fasteignir, fasteignamarkaðinn, kosningar og lýðfræði.

Framtíðarsýni Þjóðskrár er að veita fyrsta flokks þjónustu sem sparar viðskiptavinum sporin hvar sem er og hvenær sem er. Þessi rafræna vegferð endurspeglast í ýmsum umbótaverkefnum sem ráðist hefur verið í síðustu ár. Eitt verkefna eru rafrænar þinglýsingar en fyrsta áfanga var náð haustið 2020 þegar rafrænar aflýsingar voru innleiddar í samstarfi við dómismálaráðuneytið, sýslumannsembætti og Stafrænt Ísland. Á seinni hluta árs 2020 innleiddi Þjóðskrá snjallmenni á skra.is en í byrjun árs 2021 var nýr vefur settur í loftið ásamt nýju merki stofnunarinnar. Mikil áhersla er lögð á sjálfvirkni sem sést meðal annars í nýju talnaefni sem uppfærir sjálfkrafa á hverjum degi. Fasteignagáttin fór í loftið í mars 2021 sem veitir ýmsar upplýsingar um fasteignaviðskipti og skráðar fasteignir í fasteignaskrá.

Nýtt skipurit tók gildi 1. janúar 2021 sem ætlað er að styðja enn betur við stefnu og áherslur stofnunarinnar, þar með talið aukna áherslu á þjónustu við viðskiptavini og samþættingu annarrar starfsemi.

Erindi viðskiptavina eru af margvíslegum toga og skipta nokkur hundruð þúsunda ár hvert og varða t.a.m. skráningu upplýsinga um einstaklinga í þjóðskrá, upplýsingar úr grunnskrám, vegabréf og rafræna þjónustu. Í nýja skipuritinu er lögð áhersla á enn frekari samþættingu í starfsemi stofnunarinnar. Fólk og fasteignir fer með skráningu og mat fasteigna, þjóðskrá, sífjamál og útgáfu vottorða og vegabréfa. Þjónusta og samskipti annast öll helstu samskipti og þjónustu við viðskiptavini og aðra hagaðila. Þar er þjónustuver stofnunarinnar auk verkefna á borð við vefmál, almannatengsl, sérvinnsla og útgáfa gagna og öll kynningarmál. Hjá upplýsingatækni má svo finna hugbúnaðarþróun, tölvurekstur, gagnastýringu og landupplýsingar. Að lokum fer skrifstofa forstjóra með mannauðsmál, fjármál, verkefnastýringu, lögfræði og öryggismál stofnunarinnar.

Þjóðskráin

Sagt er að Íslendingar hafi allt frá landnámi verið öðrum þjóðum iðnari við að skrá ættfræðiupplýsingar. Fyrsta heildarmanntal á Íslandi var tekið árið 1703 af Árna Magnússyni og Páli Vídalín, og segja má að tekin hafi verið nokkuð regluleg manntöl eftir það og fram á 20. öld. Þjóðskráin sjálf eins og við þekkjum hana í dag er byggð á manntali sem gert var



Haraldur Kristinnsson, verkefnastjóri í verkefnastofu.



Jóhann V. Gíslason, sérfræðingur í gagnastýringu.

Framhald á næstu opnu →

Þann 16. október 1952 og telst sú dagsetning vera stofndagsetning Þjóðskrárinnar. Þjóðskrá Íslendinga á sér fáar hliðstæður í veröldinni og í mörgum ríkjum er í raun ekki til nein miðlæg þjóðskrá. Uppbygging rafrænnar þjónustu er því auðveldari því grunnupplýsingarnar sem þarf eru þegar til staðar. Þjóðskrá sér um útgáfu á kennitölum fyrir nýja íbúa, alla skráningu á persónulegum högum, útgáfu vottorða, skilríkja og vegabréfa auk þróunar þjóðskrárinnar. Segja má að starfsfólk fylgi flestum íbúum landsins frá vöggu til grafar. Mikil þróun hefur átt sér stað undanfarin ár í rafrænni þjónustu. Notendur geta nú tilkynnt flestar breytingar á högum sínum alfarið rafrænt, auk þess sem stærsti hluti beiðna um vottorð koma nú inn á rafrænu formi. Nú er einnig hægt að afhenda vottorð með rafrænni undirritun. Aukinni rafvæðingu fylgir aukin skilvirkni og stytting afgreiðslutíma, í samræmi við markmið stofnunarinnar um að bæta þjónustu við borgarana með snjöllum, rafrænum lausnum. Ýmis önnur umbótaverkefni hafa verið á döfnni undanfarin ár. Nafnasvæði þjóðskrár var lengt árið 2013 úr 31 bókstöfum í ótakmarkaðan fjölda bókstafa. Átak hefur verið gert í skráningu vensla barna við foreldra og forsjáupplýsinga og töluverðum árangri hefur verið náð í að skrá einstaklinga í íbúðir. Þessar upplýsingar eru afar mikilvægar, sérstaklega með tilliti til upplýsingamiðlunar til neyðar- og viðbragðsaðila og þeirra lögaðila sem þurfa að vita nákvæmlega hvar einstaklingur býr og hverjum hann tengist. Nýtt framleiðsluferfi vegabréfa var tekið í notkun 1. febrúar 2019 ásamt nýjum vegabréfabókum sem auka verulega öryggi og áreiðanleika íslenskra vegabréfa. Afgreiðslutími vegabréfa var áður 14 virkir dagar, en er í dag að jafnaði 2 virkir dagar. Covid-19 setti strik í reikninginn í útgáfu vegabréfa árið 2020 en þá voru gefin út 8.503 vegabréf sem er mikil fækkun frá árinu 2019 þegar 24.238 vegabréf voru gefin út. Búast má við mikilli aukningu í vegabréfaútgáfu þegar ferðalög Íslendinga fara að aukast á ný. Verndun gagna og persónuupplýsinga er í algjörum forgangi hjá Þjóðskrá. Þróun og endurnýjun þjóðskrár og nútímavæðing kerfa eru meðal þeirra verkefna sem verða í forgangi á næstu árum.

Fasteignaskrá

Í fasteignaskrá Þjóðskrár er haldið utan um allar fasteignir, landeignir og öll mannvirki. Fasteignaskráin byggir, líkt og þjóðskráin, á gömlum merg og á rætur að rekja til Landnámu sem gerir hana að elstu og heildsteyptustu fasteignaskrá Norðurlandanna. Tölvuvæðing fasteignaskrár hófst uppúr 1970 og var lögð áhersla á mannvirkjaskráningu og kostnaðarútreikninga sem urðu undirstaða fasteigna- og brunabótamats. Stöðugar breytingar og viðbætur hafa verið gerðar til þess að uppfylla þarfir þjóðfélagsins á hverjum tíma. Uppúr aldamótum var hafist handa við að samþætta þáverandi fasteignaskrá og þinglýsingabækur sýslumanna og eru þinglýsingabækur nú færðar með rafrænum hætti.

Mikil samræmingarvinna hefur átt sér stað og á árinu 2018 var fasteignanúmer tekið í notkun sem eina auðkenni fasteigna í stað fastanúmera og landeignanúmera. Fasteignaskráin er grunnskrá landsmanna og nýttist í öllum fasteignaviðskiptum, útreikningum fasteigna- og



Tryggvi Már Ingvarsson, fagstjóri landupplýsinga á Akureyri.



Jónas Pétur Ólason deildarstjóri hjá Fasteignum.



Rögnvaldur Harðarson, byggingafræðingur og Sigþór Harðarson, sérfræðingur hjá Fasteignum.



Þorvaldur Ríkharðsson, kerfisstjóri í tölvurekstrardeild.



Jóna Ósk Garðarsdóttir, fulltrúi í þjónustu.



Guðrún Margrét Jónsdóttir, fulltrúi í þjónustudeild á Akureyri.

brunabótamats, álagningu fasteignagjalda, tölfræðivinnslu, áætlanagerðar og margt fleira. Eitt af verkefnum fasteignaskrársviðs er að reikna út fasteignamat og brunabótamat fasteigna. Fasteignamat á að endurspeglar gangverð fasteignar miðað við staðgreiðslu í viðskiptum í febrúarmánudögi ár hvert. Það er fyrst og fremst stofn fasteignagjalda og erfðafjárskatts, þ.e. viðmiðun vegna álagningar opinberra gjalda. Fasteignamat er birt í júní ár hvert til að sveitarfélögum gefist tími til þess á síðari hluta ársins að taka tillit til niðurstöðu matsins við gerð fjárhagsáætlunar komandi árs. Frá 2009 hefur stofnunin verið að færa sig yfir í nútímalegri aðferðir sem endurspeglar markaðsmat fasteigna. Við árlegt endurmat fasteigna er annars vegar stuðst við tugi þúsunda kaupsamninga og leigusamninga árunna þar á undan um sambærilegar eignir og hins vegar við upplýsingar um eiginleika og gerð viðkomandi eigna. Mat á íbúðarhúsnæði, sumarhúsum og stór hluti atvinnuhúsnæðis fer nú fram með nýjum matsaðferðum. Brunabótamat lýsir verðmæti húseignar á þann veg að tekið er saman í eina heildarupphæð hve mikið myndi kosta að reisa nýtt sambærilegt húsnæði á ný ef það eyðilegðist í eldi. Brunabótamat tekur með öðrum orðum til byggingarkostnaðar en einnig til aldurs, slits, viðhalds, ástands mannvirkisins ásamt kostnaði við hreinsun brunarústa. Brunabótamatið er váttryggingarupphæð lögbundinnar brunatryggingar húseignar og iðgjaldsstofn og uppfærast mánaðarlega í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Landeignaskrá Ísland hefur lengi verið eftirbátur nágrannaríkjanna hvað varðar nákvæma afmörkun landeigna á korti og skráningu henni samkvæmt. Viða er bestu heimildir um eignamörk aðeins að finna í þinglýstum landamerkjabréfum frá því um aldamótin 1900 og ekki var haldið sérstaklega utan um afmörkun eigna er komu til á síðari stigum. Í lögum um skráningu og mat fasteigna kemur fram að: „Kjarni fasteignaskrár eru upplýsingar um lönd og lóðir og hnitsett afmörkun þeirra ...“. Hnitsettur uppdráttur er forsenda skráningar nýrra landeigna og síðan 1. janúar 2013 hefur landupplýsingadeild Þjóðskrár Íslands yfirfarið allar nýskráningar með tilliti til landfræðilegra þátta svo sem nákvæmni mælinga, skörunar og stærðarskráningar. Stofnunin heldur utan um landfræðilegan gagnagrunn, landeignaskrá (e. Cadaster), sem hefur að geyma hnitsetta afmörkun landeigna. Landeignaskrá inniheldur nú afmörkun fyrir yfir helming skráðra landeigna í fasteignaskrá og unnt er að nálgast gögnin í vefsíðu landeigna sem stofnunin heldur úti. Áreiðanleg landeignaskrá tryggir örugga ráðstöfun eigna í framtíðinni og fækkar ágreiningsmálum um eignamörk.

Staðfangaskrá

Staðfang inniheldur upplýsingar um staðsetningu mannvirkja og annarra áfangastaða, s.s. heimila, aðseturs fyrirtækja, frístundahúsa, áningarstaða, veitumannvirkja og opinna svæða. Staðfang er þýðing á enska hugtakinu address og nær í sinni einföldustu mynd yfir götuheiti, húsnúmer og landfræðilega staðsetningu. Þjóðskrá heldur og miðlar landsþekjandi staðfangaskrá og sinnir samræmingarhlutverki við skráningu sveitarfélaga. Aðgengi að samræmdum gögnum verður sífellt mikilvægara þar sem ólíkir aðilar treysta á einkvæmar



Magnús Björn Sveinsson gagnagrunnstjóri og Ásgeir Helgi Ásgeirsson, deildarstjóri í tölvurekstardeild.



Björg Finnbogadóttir, lögræðingur á skrifstofu forstjóra.

niðurstöður við uppflettingu, leit og rötun. Staðfangaskrá er til að mynda notuð við neyðar- og viðbragðsþjónustu, skráningu lögheimila, í leiðsögutækjum, af fjarskipta- og veitufyrirtækjum og við skipulagsvinnu sveitarfélaga. Gögn staðfangaskrár og landeignaskrár eru opin gögn, aðgengileg öllum til niðurbætur á vef Þjóðskrár Íslands, skra.is, endurgjaldslaust.

Skipulag

Aðalstöðvar Þjóðskrár Íslands eru við Borgartún 21 í Reykjavík ásamt starfsstöð við Hafnarstræti 107 á Akureyri. Starfsmenn eru um 106 talsins, þar af 14 á Akureyri. Hlutfall kvenna er 52% og karla 48%, meðalaldur starfsmanna er 46,4 ár og 66% starfsmanna eru háskólamenntaðir. Þjóðskrá velti um 2 milljörðum kr. á árinu 2020. Stofnunin hafði um helming tekna sinna af sölu á þjónustu og upplýsingum úr gagnasöfnun sínum en hinn helmingur kemur með fjárveitingum úr ríkissjóði í samræmi við fjárlög. Viðskiptavinir eru fyrirtæki, sveitarfélög og almenningur. Margrét Hauksdóttir er forstjóri Þjóðskrár. Hildur Ragnars er framkvæmdastjóri skrifstofu forstjóra, Júlía Þorvaldsdóttir framkvæmdastjóri fólks og fasteigna, Dagbjört M. Pálsdóttir framkvæmdastjóri þjónustu og samskipta og Halldór Benjamín Hreinsson er framkvæmdastjóri upplýsingatækni.



Guðni Rúnar Gíslason, deildarstjóri Miðlun og samskipti.



Skrifstofur Þjóðskrár í Borgartúni 21 í Reykjavík.

Stjórn SSH 2018-2022 og framkvæmdastjóri ásamt oddvitum ríkisstjórnarinnar á stofnfundi Betri samgangna ohf. í Hörpu haustið 2020. Frá vinstri: Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri Kópavogs, Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri Hafnarfjarðar, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar og Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu SSH

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) eru pólitískur samstarfsvettvangur sveitarfélaganna Reykjavík, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarnes, Mosfellsbæjar og Kjalarneshrepps. SSH starfar á grundvelli sveitarstjórnarlaga og ákvæða samþykktu SSH. Framkvæmdastjóri SSH er Páll Björgvin Guðmundsson.

Verkefni SSH

Verkefni á vettvangi SSH eru margvísleg. Starfandi eru formlegar nefndir um svæðisskipulag og skólamál. Þá eru starfandi samráðs- og verkefnahópar um velferðarmál, vatnsvernd og vatnsnýtingu, svæðisskipulag, uppbyggingu skíðasvæðanna, sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins og önnur verkefni. Stjórn SSH fundar reglulega með utanaðkomandi aðilum um málefni sem tengjast sameiginlegum hagsmunum svæðisins. Þá stendur SSH fyrir kynningar- og umræðufundum með þingmönnum og kjörnum sveitarstjórnafulltrúum á höfuðborgarsvæðinu og lykilstarfsfólki sveitarfélaganna í hlutaðeigandi málaflökkum.

Sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2020-2024

Sóknaráætlun er stefnuskjal eða stöðumat höfuðborgarsvæðisins og felur í sér framtíðarsýn og markmið í tilgreindum málaflökkum ásamt skilgreindum leiðum að markmiðunum. Hluti af framfylgd sóknaráætlunar er að vinna að ákveðnum áhersluverkefnum fyrir hvert ár yfir tímabilið. Má þar t.d. nefna verkefni sem tengjast samgöngumálum, samræmingu í úrgangsmálum, loftlagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið, stofnun áfangastaða- og markaðsstofu, forvarnarmálum o.fl.

Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk

Sveitarfélögin hafa haft með sér samstarf um verkefnið frá 2014. Sett var á laggirnar rekstrarstjórn fulltrúa sveitarfélaganna og Strætó bs. sem fylgir eftir þjónustu- og fjárhagslegum þáttum akstursþjónustunnar.

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Verkefnahópur var settur í gang 2017 til að undirbúa mótun stefnu um framtíðarstaðsetningu skíðasvæðanna til ársins 2030. Mótað var deiliskipulag fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum og skrifað undir samkomulag sveitarfélaganna um fjármögnun á fyrri hluta uppbyggingarinnar. Er uppbygging á skíðlyftunum Gosa og Drottningu í fullum gangi. Í dag annast ÍTR rekstur síðasvæðanna. Sömu aðilar og mynda stjórn SSH mynda jafnframt eigendavettvang skíðasvæðanna.

Efling almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu

Í gildi er samningur milli SSH f.h. aðildarsveitarfélaganna, Vegagerðarinnar, fjármálaráðuneytisins og innanríkisráðuneytisins um tilraunaverkefni er varðar eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Markmiðið er að tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, minnka útblástur kolefnislofttegunda, draga úr þörf fyrir fjárfrekar



Framkvæmdastjóraskipti SSH 2019. Páll Guðjónsson fráfarandi framkvæmdastjóri afhendir Páli Björgvini Guðmundssyni lykklana að skrifstofum SSH sem staðsettar eru í Hamraborg 9 í Kópavogi.



Formannsskipti á aðalfundi SSH 2020 sem haldinn var í fjarfundi frá ráðhúsi Reykjavíkurborgar. Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar SSH 2018-2020 og Gunnar Einarsson formaður stjórnar SSH 2020-2022.

framkvæmdir í umferðamannvirkjum, lækka kostnað samfélagsins vegna umferðar og umferðarslysa og auka umferðaröryggi.

Gildandi svæðisskipulag

Höfuðborgarsvæðið 2040 er sameiginleg stefna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um samstarf, skipulagsmál og hagkvæman vöxt svæðisins. Starfandi er svæðisskipulagsnefnd sem byggir á ákvæðum skipulagslaga og er skipuð tveimur fulltrúum frá hverju aðildarsveitarfélagi. Hryggjarstykkið í skipulaginu er Borgarlínan, afkastamikið kerfi almenningsgangna. Borgarlínan er forsenda þess að sveitarfélögin geti þétt byggð í miðkjörnum og við línuna og vaxið án þess að brjóta nýtt land undir byggð utan skilgreindra vaxtarmarka.

Byggðasamlögin

SSH er sameiginlegur vettvangur sveitarfélaganna um byggðasamlög sem sveitarfélögin reka sameiginlega. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eiga og reka SORPU bs., Strætó bs. og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt samþykktri eigendastefnu er gert ráð fyrir að sameiginleg umræða eigenda um málefni þessara byggðasamlaga fari fram á eigendafundum sem á sitja handhafa eigendavalds byggðasamlaganna, stjórnir þeirra og framkvæmdastjórnar. Unnið er að þróun og breytingum á stjórnarsýslu byggðasamlaganna.

Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Verkefnið var sett fram í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins þar sem skoðuð var þörf fyrir áfangastaðastofu, með það að markmiði að efla samstarf og nýsköpun. Samhliða starfaði ráðgjafahópur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og fyrirtækja í ferðaþjónustu. Markmiðið með stofnun áfangastaða- og markaðsstofu er að höfuðborgarsvæðið bjóði með samræmdum hætti fram þá möguleika sem í boði eru fyrir ferðamenn.

Fjárheld girðing um höfuðborgarsvæðið

Frá árinu 1987 hefur SSH annast rekstur og viðhald á fjárheldri girðingu um höfuðborgarsvæðið. Lausaganga búfjár er bönnuð utan girðingarinnar, og markmið með henni er að koma í veg fyrir ágang búfjár í útjaðri byggðar á höfuðborgarsvæðinu.

Söguágrip

SSH var stofnað 4. apríl 1976. Stofnaðilar voru sveitarfélögin Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellshreppur, Bessastaðahreppur og Kjalarneshreppur. Meginþungi starfsins fyrstu árin snerist um skipulagsmál og tengd viðfangsefni, umferðar- og samgöngumál, holræsamál, rekstur Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins og gerð fyrsta svæðisskipulagsins fyrir höfuðborgarsvæðið. Árið 2008 hófst vinna á vettvangi SSH að samstilltum viðbrögðum við afleiðingum efnahagshruns. Síðan þá, til dagsins í dag, hefur starf SSH einkennst af öflugri samvinnu sveitarfélaganna. **Vefsíða: ssh.is**



Frá fundi um samgöngumál sem haldinn var í Fagralundi 2019. Á fundinum voru kjörmir fulltrúar á höfuðborgarsvæðinu ásamt fulltrúum Vegagerðarinnar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.



Vinna við sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins skipar stóran sess í starfsemi SSH. Myndin er tekin haustið 2019 á fundi sem haldinn var með ýmsum hagaðilum á höfuðborgarsvæðinu vegna sóknaráætlunar 2020-2024.



Ragnheiður Guðjónsdóttir, Gísli Hrafn Karlsson og Steingrímur Örn Kristjánsson, slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn, sýna rúmgóða aðstöðu í nýjum sjúkrabílum sem SHS fékk afhenta árið 2020.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins



Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) er öflugt björgunarlið sem gegnir margþættu hlutverki gagnvart almenningi, fyrirtækjum og stofnunum á starfssvæðinu. Tilgangur liðsins er að vinna að forvörnum og veita fyrstu viðbrögð til að vernda líf, heilsu, umhverfi og eignir þeirra sem búa, starfa og dvelja á höfuðborgarsvæðinu.

Byggðasamlag

SHS var stofnað 1. júní árið 2000 með sameiningu slökkviliða Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Þannig varð til nýtt byggðasamlag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Hið nýja slökkvilið gerði jafnframt þjónustusamning um rekstur slökkviliðs á Reykjavíkurflugvelli og sinnti þeirri þjónustu fyrsta áratuginn. Tilgangurinn með stofnun byggðasamlagsins var að ná fram jákvæðum samlegðaráhrifum í krafti stærðarinnar og efla með því þjónustustigið á öllu svæðinu. Menntun og þjálfun mannaflans yrði skilvirkari, auk þess sem fjármunir til rekstrarins nýttust betur. Aukinn slagkraftur næðist með stærri einingu og því meiri möguleikar á að kalla inn aukinn fjölda starfsmanna í neyðartilfellum. Jafnframt var mörkuð sú stefna að nýta liðsstyrkinn enn frekar til almennra björgunarstarfa, til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins.

Hlutverk og skyldur stjórnar

Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes. Stjórnin er skipuð framkvæmdastjórum aðildarsveitarfélaganna og situr slökkviliðsstjóri fundi hennar. Fulltrúi fjölmennasta sveitarfélagsins er formaður stjórnar. Helstu verkefni stjórnarinnar eru að móta stefnu liðsins, hafa eftirlit með rekstrinum og sjá um að lögum, reglugerðum, brunavarnaáætlun, samþykktum og markaðri stefnu sé fylgt.

Starfssvæði og starfsstöðvar

Á starfssvæði SHS búa 64% landsmanna. Það nær til sveitarfélaganna sex sem standa sameiginlega að rekstri liðsins, sem og Kjósarhrepps, en liðið veitir hreppnum þjónustu samkvæmt samningi. Starfssvæðið nær því frá Hvalfjarðarbotni í norðri, til Straumsvíkur í suðri og Bláfjallasvæðisins í austri. Slökkvi- og sjúkrabílar eru staðsettir á starfsstöðvum í Skógarhlíð og á Tunguhálsi í Reykjavík, á Skarhólabraut í Mosfellsbæ og í Skútahreuni í Hafnarfirði. Á hverri stöð eru fjórir til sex slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn allan sólarhringinn, auk innri stjórnanda í Skógarhlíð, sem sér um samskipti við Neyðarlínu og hefur yfirsýn með staðsetningu bifreiða og mannafla og umfangi aðgerða. Á daginn og fram á kvöld þegar mesta álagið er í sjúkraflutningum eru einn til fjórir sjúkrabílar mannaðir til viðbótar við sólarhringsvaktina. Í náinni framtíð verður stöðin á Tunguhálsi lögð niður og ný, betur staðsett stöð byggð í hennar stað. Á Kjalarnesi er útkallseining mönnuð hlutastarfandi fólki.

Mannaflinn

Hjá SHS starfa um 190 manns, þar af um 160 í varðliði og er hlutfall kvenna sífellt að aukast.



Heimsfaraldur COVID-19 árið 2020 kallaði á aukinn viðbúnað í sjúkraflutningum.



Af vettvangi eldsvoða í húsnæði Iceware og Geymslna í Miðhrauni 4 í Garðabæ 5. apríl 2018.

Margþætt hlutverk

Slökkvistörf

Helsta kjölfesta starfsemi SHS eru slökkvistörf. Verkefni geta verið af ýmsum stærðargráðum og spannað allt frá litlum ruslatunnuíkveikjum yfir í stórbruna. Aðstoð við önnur slökkvilið er veitt sé þess óskað.

Sjúkraflutningar

SHS sinnir sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu í verktöku fyrir ríkið og skipa þeir veigamikinn sess í starfinu. Allt starfsfólk á vöktum er sérþjálfað sjúkraflutningafólk sem hlýtur reglulega endurmenntun og fræðslu um nýjungar í bráðabjónustu.

Viðbrögð við mengunaróhöppum

Á hverjum degi er töluvert magn hættulegra efna notað eða flutt til á höfuðborgarsvæðinu. Þegar slys ber að höndum í meðhöndlun slíkra efna, bregðast starfsmenn SHS við með sérhæfðum búnaði til að koma í veg fyrir að fólki eða umhverfi stafi hættu af.

Björgun á fastklemmdu fólki

Stundum er þörf á því að bjarga fastklemmdu fólki úr mannvirkjum eða farartækjum, t.d. við umferðarslys. Slökkviliðsmenn nota til þess sérhæfðan búnað og eru þjálfaðir til þess.

Köfun

SHS sinnir tilfallandi björgunaraðgerðum úr sjó og vatni. Kafarar SHS eru slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn og standa vaktir sem slíkir en eru ávallt viðbúnir í köfun.

Fjallabjörgun

Hluti slökkviliðs- og sjúkraflutningafólks SHS er með menntun og reynslu í fjallamennsku og björgun fólks utan alfaraleiða. Fjallamennska og útivist á þjónustusvæðinu eykst stöðugt og því mikilvægt að vera með viðbúnað við slysum utan alfaraleiða. Mikil samvinna er við björgunarsveitir á svæðinu í slíkum verkefnum..

Verðmætabjörgun

Slökkviliðið sinnir verðmætabjörgun og verndun eigna ef svo ber undir. Það felst í því að koma í veg fyrir og/eða draga úr eignatjóni með viðeigandi ráðstöfunum, s.s. hreinsunarstarfi eftir vatnsleka.

Forvarnir og eldvarnaeftirlit

Forvarnasvið SHS veitir íbúum, fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu ráðgjöf um öryggi gegn eldsvoðum ásamt því að sinna lögbundinni eftirlitsskyldu. Forvarnasviðið sinnir fjölbreyttum forvarnaverkefnum á ýmsum sviðum samfélagsins.

Almannavarnir

Slökkviliðsstjóri SHS er einnig framkvæmdastjóri almannavarnarnefndar höfuðborgarsvæðisins. Nefndin mótar stefnu og skipuleggur starf að almannavörnum á svæðinu. Hún vinnur að gerð og endurskoðun áhættumats fyrir höfuðborgarsvæðið, gerir viðbragðsáætlanir og framkvæmir prófanir á þeim í samvinnu við ríkislögreglustjóra.



Frá æfingu í notkun flotbúninga vegna sjöbjörgunar á námskeiði fyrir atvinnuslökkviliðsmenn.



Af vettvangi elds í tanki við malbikunarstöðina Höfða 5. apríl 2020.



Ljósmynd. Ragnar Th. Sigurðsson.

Reykjavík



Ljósmynd. Ragnar Th. Sigurðsson.

Í Reykjavík, höfuðborg Íslands, bjuggu rúmlega 133.000 manns í árslok 2020. Á undanförunum áratug hefur geysimikil uppbygging átt sér stað í borginni, atvinnulíf er fjölbreytt og mannlífið fjölmenningslegt. Yfirbragð borgarsamfélagsins í Reykjavík verður sífellt alþjóðlegra líkt og í öðrum borgum Norðurlanda. Reykjavík hefur fest sig í sessi sem lífsgæðaborg á heimsmeðalvarða en hún var í fimmta sæti af 174 borgum árið 2019 samkvæmt mælikvörðum IESE <https://blog.iese.edu/cities-challenges-and-management/2019/05/10/iese-cities-in-motion-index-2019/>

Samkeppnishæfni Reykjavíkur felst m.a. í grænni raforku, hitaveitu og tækniinnviðum eins og ljósleiðaratengingum og nethraða. Áform um Borgarlínu – hágæða almennings-samgöngur, sem öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu taka þátt í ásamt ríkinu, eru mikilvægir samgönguinnviðir í þessu tilliti en einnig hefur sýnt sig að góð nærþjónusta, framúrskarandi leikskólar og grunnskólar á heimsmeðalvarða auka samkeppnishæfni Reykjavíkur. Fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu hefur verið mikil á síðustu árum en nú búa tæplega 237.000 manns á svæðinu eða um 2/3 hluti fólksfjölda Íslands. Þetta býður upp á fleiri tækifæri, þéttari byggð og fjölbreytni í atvinnulífi og hefur skapað færi á auknu samstarfi milli sveitarfélaganna á svæðinu.

Borgarlínan

Borgarlínan er hágæða almennings-samgöngukerfi sem ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa sammælt um að ráðast í með samgöngusáttmála sem skrifað var undir 2020. Fyrsti áfangi Borgarlínu mun m.a. ganga um Ártúnshöfða, Vogabyggð, Suðurlandsbraut, Hverfisgötu og fara yfir nýja Fossvogsbrú yfir á Kársnes í Kópavogi. Borgarlínunni er ætlað að draga úr umferðarpunga á höfuðborgarsvæðinu og bjóða almenningsi upp á alvöru valkost með hröðum samgöngum á milli borgarhluta. Fyrirhuguð er mikil uppbygging íbúða og atvinnuhúsnæðis meðfram samgönguásum Borgarlínunnar, t.d. meðfram Suðurlandsbraut en þar verða byggðar yfir 1000 nýjar íbúðir á næstu árum. Að auki stendur til að færa Miklubraut í stökk að hluta til og þetta byggð þar í miðju borgarinnar.

Vöxtur ferðaþjónustu

Áratugurinn 2010-2020 einkenndist af miklum vexti ferðaþjónustunnar sem er orðin stærsta atvinnugrein Íslands og sú sem skapar mestar gjaldeyristekjur. Árið 2012 komu 600 þúsund ferðamenn til Íslands en metárið 2018 voru þeir orðnir 2,3 milljónir. Mikill meirihluti ferðamanna gistir í Reykjavík á meðan dvöl stendur eða rúmlega 70%.

Margföldun í komu ferðamanna hefur kallað á stórkostlega uppbyggingu innviða í ferðaþjónustu í borginni, t.a.m. hótela, veitingahúsa og afþreyingar af ýmsu tagi.

Allan síðasta áratug hefur Miðborg Reykjavíkur iðað af ferðamönnum og heimafólki. Heimsfaraldur kórónuveiru SARS-COV-2, sem veldur sjúkdómnum COVID-19, sló sér niður á Íslandi í lok febrúarmánaðar 2020. Faraldurinn hefur haft mikil neikvæð áhrif á



Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.

Framhald á næstu opnu →

ferðapjónustufyrirtæki, veitingahús og ýmsa aðra þjónustu og viðburði á árinu 2020 og 2021. Enn sér ekki fyrir endann á faraldrinum í heiminum þegar þetta er skrifað á vormánuðum árið 2021 þótt bólusetningar gegn veirunni skæðu séu hafnar.

Þétting byggðar

Þrátt fyrir COVID-19 hefur framkvæmdastig verið hátt í Reykjavík allan farsóttartímann. Byggðar hafa verið að meðaltali 1.000 íbúðir á ári í Reykjavík á undanförunum árum. Ný hverfi og borgarhlutar hafa risið. Byggt hefur verið samkvæmt nýju aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030 sem samþykkt var af Skipulagsstofnun árið 2014. Megináhersla aðalskipulagsins er þétting byggðar vestan Elliðaána en skipulagið gerir ráð fyrir að meginþungi uppbyggingar eða 90% sé á því svæði og að mestu meðfram svokölluðum samgönguás Borgarlínu. Með þéttingu nýtast innviðir betur og skilvirkara borgarsamfélag myndast með ýmis konar nærþjónustu. Á sama tíma er hlúð að grænum svæðum og útivistarsvæðum í borginni enda stefnir aðalskipulagið að því að skapa borg fyrir fólk.

Samkvæmt þessu skipulagi hefur verið byggt á þéttingarreitum víða um borgina, m.a. hafa risið hundruð íbúða á reitum við Hverfisgötu. Nýbyggingar hafa risið á bílastæðaplönunum á Hafnartorgi og stórhýsi við Austurhöfn sem liggja að Hörpu, eru að klárast en þar hefur verið byggt fimm stjörnu Marriott hótél og íbúðir. Nýjar höfuðstöðvar Landsbankans eru að rísa eins og áformað var.

Heilt hverfi með yfir 1.000 íbúðum hefur risið við rætur Öskjuhlíðar, bæði á Hlíðarenda og við Nauthólsveg. Háskólinn í Reykjavík hyggur á frekari uppbyggingu þar á meðan Vísindagarðar hafa risið vestan megin við Reykjavíkflugvöll. Þar eru jafnframt stærstu stúdentagarðar landsins auk fjölda framsækinna fyrirtækja. Rammaskipulag Háskólans gefur vonir um spennandi uppbyggingu á svæðinu. Þá er uppbygging Nýja Landspítalans við Hringbraut komin á gott skrið en allir þessir stóru vinnustaðir verða tengdir saman af Borgarlínunni.

Við útvarpshúsið í Efstaleiti hafa risið fjölmörg fjölbýlishús. Uppbygging á Kirkjusandi er langt komin og framkvæmt er af miklum krafti í nýjum hverfishluta í Vogabyggð við Elliðaárósa þar sem iðnaðarhverfi breytist í íbúðabyggð. Hinum megin við Elliðaárósa er einnig fyrirhuguð mikil uppbygging en þar er verið að byggja íbúðir í stækkuðu Bryggjuhverfi. Í Vesturbæ hefur verið byggt við sjávarsíðuna á reitum sem liggja við Eiðisgranda og hafin er uppbygging á 500 íbúðum á tveimur reitum sem liggja að Ánanaustum.

Næstu stóru uppbyggingarsvæði Reykjavíkur verða í Skerjafirði, Ártúnshöfða og Gufunesi þar sem uppbygging mun m.a. haldast í hendur við lagningu Borgarlínunnar. Gert er ráð fyrir um 20.000 manna byggð á Ártúnshöfða og Bryggjuhverfi og er stefnt að því að hverfið verði grænasta hverfi borgarinnar. Í nýjum hverfum er leitast við að nota sjálfbærar lausnir í skipulagi og byggingarframkvæmdum, t.d. eru notaðar svokallaðar blágrænar ofanvatnslausnir sem miða að því að veita regnvatni í náttúrlega farvegi eða á græn grasþök í stað þess að leiða það í holræsakerfi.



Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.



Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.



Ljósmynd. Ragnar Th. Sigurðsson.



Ljósmynd. Ragnar Th. Sigurðsson.



Ljósmynd. Ragnar Th. Sigurðsson.

Ný úthverfi borgarinnar í Úlfarsárdal og Reynisvatnsáasi eru að verða fullbyggð en þar hófst uppbygging á fyrsta áratugi nýrrar aldar. Þar hefur Reykjavíkurborg staðið í miklum framkvæmdum á undanförunum árum við skólabyggingar, sundlaug, menningarhús og íþróttamannvirki Fram, auk hefðbundinnar innviðaupbyggingar á götum og gangstéttum.

Félagsleg húsnæðisstefna

Húsnæðisstefna Reykjavíkurborgar hefur það sem meginmarkmið að á öllum uppbyggingarsvæðum í Reykjavík sé unnið að því að viðhalda félagslegum fjölbreytileika til að koma í veg fyrir einsleitni í íbúahverfum. Bygging félagslegs húsnæðis í nýjum hverfum er því eitt af samningsmarkmiðum borgarinnar þegar kemur að því að skipuleggja byggð í borginni. Lögd hefur verið áhersla á sókn í uppbyggingu fjölbreytts félagslegs húsnæðis fyrir tekjulágar fjölskyldur og einstaklinga, námsmenn, fatlað fólk og eldri borgara. Ennfremur hefur verið ráðist í byggingu á hagkvæmu húsnæði til að mynda í Gufunesi á vegum Þorpsins vistfélags. Borgin mun leggja alls 86 milljarða króna til uppbyggingar á félagslegu húsnæði á næstu fimm árum 2021-2025 og er það í samræmi við öfluga fjárfestingaráætlun Græna plansins sem kynnt var sem áætlun borgaryfirvalda í lok árs 2020 til að bregðast við neikvæðum áhrifum heimsfaraldurs COVID-19. <https://graenaplanid.reykjavik.is/>

Fjölbreytni í samgöngum

Í tengslum við loftslagsstefnu borgarinnar og hjólréiðaáætlun hefur einnig verið ráðist í viðamikla uppbyggingu á göngu- og hjólastígum en sannkölluð vakning hefur átt sér stað í hjólréiðum í borginni á undanförunum árum. Stefna borgarinnar er að gera sem flestum samgöngumátum hátt undir höfði til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, bæta lýðheilsu og auka lífsgæði íbúanna. Borgin stefnir á að verða kolefnishlutlaus árið 2040.

Í tengslum við orkuskipti hefur borgin unnið að því að koma fyrir hleðslustöðvum fyrir rafbíla víðs vegar um borgina í samvinnu við Veitur og Orku náttúrunnar en rafbílavæðing er komin á fullt skrið hér á landi eins og annars staðar. Verið er að LED-væða alla götulýsingu í borginni sem mun hafa umtalsverðan orkusparnað í för með sér.

Deilihagkerfið hefur sett mark sitt á borgina á undanförunum árum. Fjölmarginir hafa kosið að leigja húsnæði sitt til ferðamanna á deilisíðum eins og Airbnb. Einnig hafa spöttið upp deilihjólaleigur og sjá má fólk þeysast um borgina á leiguhjólum og rafskútum sem einkafyrirtæki leigja út með leyfi borgaryfirvalda.

Endurreisn miðborgarinnar

Miðborg Reykjavíkur hefur verið í stöðugri endurnýjun síðasta áratug. Í gömlu Reykjavík ægir saman gömlum, litríkum bárujárnsklæddum húsum, nútíma arkitektúr og byggingarstíl frá ýmsum tímum. Aðalskipulag 2010-2030 leitast við að vernda þessi sérkenni og hefur götumynd Laugavegs verið styrkt með friðun og endurnýjun gömlu timburhúsanna þar.



Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.

Framhald á næstu opnu →

Erlendir gestir kunna vel að meta hina litríku og fjölbreyttu miðborg og sýna kannanir að hún er mest sóttí ferðamannastaður Íslands. Reykjavíkurborg prýðir miðborgina alls konar árstíðabundnum skreytingum vetur, sumar, vor og haust og styrkir viðburðahald á göngugötum og torgum. Til stendur að gera Laugavegin og neðsta hluta Skólavörðustígs að varanlegri göngugötu og verða göturnar endurgerðar í samræmi við þá breytingu til að þjóna gangandi og hjólandi vegfarendum enn betur ásamt bættu aðgengi fyrir fatlað fólk. Kannanir hafa sýnt eindreginn stuðning borgarbúa við þessar breytingar en göngugötur hafa notið mikilla vinsælda borgarbúa. Sjálfur miðborgarkjarninn hefur stækkað bæði til austurs og vesturs. Öflug uppbygging við eystri hluta Hverfisgötu og á svæðinu austan við Hlemm hefur hleypt nýju lífi í það svæði. Vestur á Granda við gömlu höfnina hefur hlutverk gömlu verbúðanna smám saman breyst úr hafntengdri starfsemi í veitingahús, sérverslanir og hönnunarbúðir. Á Hafnartorgi hefur síðan risið öflugur kjarni með lúxusíbúðum og atvinnuhúsnæði með glæsilegum verslunum, veitingahúsum og þjónustu á jarðhæðum með 1.100 bílastæðum neðanjarðar.

Unnið hefur verið gagngert að endurnýjun á götum, gangstéttum og torgum í tengslum við endurreisn miðborgarinnar. Búið er að taka Hverfisgötu í gegn að mestu, Klapparstíg, Norðurstíg og Nýlendugötu ásamt nýju torgi við gömlu höfnina sem heitir Boðatorg. Þá hefur Pósthússtræti verið endurnýjað ásamt hluta Hafnarstrætis og gamla Steinbryggjan endurgerð í götumyndinni ásamt nýju torgi við Pósthússtræti og Tryggvagötu sem nefnist Borgartorg. Nýtt og glæsilegt torg, Hjartatorg, er einnig komið á milli Hverfisgötu og Laugavegs, á milli Klapparstígs og Smiðjustígs. Framkvæmdir standa yfir við endurnýjun Tryggvagötu frá Pósthússtræti að Geirsgötu en eftir þær mun hið þekktu mósaikverk Gerðar Helgadóttir á Tollhúsinu njóta sín vel á skjólgóðu og sólríku torgi. Torg hafa einnig gengið í endurnýjun lífdaga í Þingholtunum en þar hafa Óðinstorg og Freyjutorg verið gerð myndarlega upp með það að markmiði að hlúa að fólki frekar en bifreiðum. Fyrirhuguð er mikil endurnýjun á svæðinu í kringum Hlemmtorg en þar í nágrenninu hafa risið hundruð nýrra íbúða, við Hverfisgötu, í Holtunum og einnig á Höfðatorgi sem er nú í síðasta uppbyggingaráfangnum. Mathöllin á Hlemmi sem opnuð var fyrir nokkrum árum í gömlu strætisvagnabiðstöðinni hefur notið mikilla vinsælda, sem varð til þess að mathallir hafa einnig verið opnaðar á Granda, Ártúnshöfða og Borgartúni. Í mathöllum eru reknir margir litlir veitingastaðir og verslanir með sameiginlegu setrymi og aðstöðu fyrir gesti.

Grænt plan fyrir snjalla borg

Reykjavíkurborg markar stefnu í flestum málaflokkum til margra ára í senn. Græna planið sem kynnt var í loks árs 2020 er áætlun borgarinnar um efnahagslega endurreisn eftir heimsfaraldur kórónuveirunnar. Megináherslur Græna plansins ganga út á umhverfislega, fjárhagslega og félagslega sjálfbærni.

Við stjórn borgarinnar er lögð áhersla á velferðarmál, umhverfismál, gegnsæja stjórnsýslu,



Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.



Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.



Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.

íbúalýðræði, atvinnuöryggi og trausta fjármálastjórnun. Markmiðið er ætíð að bæta þjónustu og þar með lífsgæði allra íbúa. Græna planið hefur það sem meginmarkmið að auka sjálfbærni borgarinnar á öllum sviðum. Græna planið er öflugt fjárfestingarplan sem miðar að því láta borgina vaxa inn á við og þróast í þágu loftslagsmála, loftgæða og lýðheilsu. Reykjavík er vænlegur kostur fyrir þá sem kjósa að búa í nútímalegri borg með háu þjónustustigi. Þjónusta við barnafjölskyldur er ein sú besta og ódýrasta sem fyrirfinnst í heiminum. Reykjavík stefnir nú að því að öll eins árs börn fái leikskólapláss samkvæmt stefnunni Brúum bilið sem miðar að því að leikskólinn geti tekið við börnum strax eftir fæðingarorlof. Þá hefur ný menntastefna Látum draumana rætast lítið dagsins ljós en unnið er eftir henni í grunn- og leikskólum borgarinnar.

Útivist og grænar samgöngur

Íbúar Reykjavíkur njóta þess að búa í nálægð við náttúruna - hafið, fjöllin og fjölbreytileg útivistarsvæði í borgarlandinu. Skipulag borgarinnar miðar að því að hlúa að grænum útivistarsvæðum og auðvelda aðgengi íbúa og gesta að þeim. Unnið hefur verið að því að skipuleggja ný útivistarsvæði á svokölluðum Austurheiðum upp af Rauðavatni. Á þessum svæðum ásamt Heiðmörk er stunduð umtalsverð skógrækt. Þá er það stefna Reykjavíkurborgar að tryggja líffræðilega fjölbreytni eins og kostur er og endurheimta votlendi í landi borgarinnar þar sem það er mögulegt. Slík endurheimt hefur t.d. átt sér stað fyrir ofan byggðina í Úlfarsárdal. Sérstakt stígakerfi fyrir hjólræðar er í uppbyggingu í borginni og bætast fáeinir tugir kílómetra við það á hverju ári. Bætt aðstaða fyrir hjólræðafólk hefur leitt til þess að margfalt fleiri hjóla nú en áður. Hjólaborgin Reykjavík er því óðum að verða að veruleika en á vormánuðum 2021 var lögð fram endurskoðuð hjólræðaaætlun Reykjavíkur.

Reykvíkingar búa við hreinan sjó og er strandlengjan orðin að útivistar- og hjólræðaparadís sem margir nýta árið um kring til heilsuræktar og samverustunda.

Ylströndin í Nauthólsvík hefur slegið í gegn og hefur fólki sem þar stundar sjóhöð sér til ánægju og heilsuþótar fjölgað ár frá ári. Aðstaðan þar hefur verið bætt talsvert og er rætt um að skapa aðstöðu til sjósunds á fleiri stöðum, m.a. í Gufunesi og Laugarnesi.

Elliðaárdalurinn sem hefur verið skilgreindur sem borgargarður og Heiðmörk eru afar vinsæl útivistarsvæði með miklum gróðri sem fólk nýtir allan ársins hring.

Sund og íþróttir

Ekki má gleyma sundlaugunum sem eru sannkallaðar heilsulindir. Á síðustu árum hefur verið bætt við fallegu pottasvæði við Vesturbæjarlaug. Ný útisundlaug var byggð við Sundhöll Reykjavíkur og önnur útisundlaug er síðan að bætast við sundstaði í borginni í Úlfarsárdal. Þessar nýjungar hafa leitt til mikillar fjölgunar sundgesta í laugunum.

Borgin styrkir starfsemi íþróttafélaga í borginni en hjá þeim fer fram mikilvægt starf fyrir börn og ungmenni. Þannig hafa allir gervigrasvellir til knattspyrnuíðkunar í borginni verið endurnýjaðir, byggt hefur verið nýtt fjölnota íþróttahús í S-Mjódd hjá ÍR auk nýs



Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.

Framhald á næstu opnu →

frjálsíþróttavallar. Í Úlfarsárdal er verið að byggja íþróttamannvirki fyrir Fram en þar verður stórt íþróttahús fyrir inniþróttir, keppnisvöllur fyrir knattspyrnu ásamt áhorfendastúku og æfingavöllum. Þá er fyrirhugað að endurnýja búnað og lyftur á skíðasvæðunum sem rekin eru sameiginlega af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Mikil endurnýjun hefur orðið á skólalóðum í borginni bæði við leikskóla og grunnskóla en þar hefur verið lagt upp úr skemmtilegum útsvæðum með leiktækjum við allra hæfi og bættri aðstöðu fyrir reiðhjól.

Kraftmikið menningarlíf

Reykjavík býr yfir sérstæðu, kraftmiklu og fjölbreyttu menningarlífi. Árið 2000 var Reykjavík útnefnd menningarborg Evrópu. Tuttugu árum síðar stendur menningarlíf í borginni með miklum blóma. Árlegir menningarviðburðir sem borgin stendur fyrir eða styrkir með fjárframlögum vekja mikla athygli og draga að gesti frá öllum heimshornum. Má þar nefna Vetrarhátíð, Listahátíð, Hinsegin daga (Reykjavík Pride), Menningarnótt, alþjóðlegu kvikmyndahátíðina RIFF og tónlistarhátíðirnar Iceland Airwaves, Jazzhátíð, Blúshátíð og Myrka músíkdaga. Reykjavík var útnefnd bókmenntaborg UNESCO árið 2011. Lögð er áhersla á að efla frásagnar- og ritlist og halda á lofti rithöfundum og skáldum auk góðrar samvinnu við þá sem starfa að bókmenningu í borginni. Reykjavík er aðili að Icorn-samtökunum en þau sameina borgir sem veita landflötta rithöfundum skjól, sem sætt hafa hótunum og ofsóknum. Þrír rithöfundar hafa notið skjóls í Reykjavík.

Reykjavíkurborg veitir umtalsverðu fjármagni í styrki til menningarlífsins. Borgin styrkir Sinfóníuhljómsveit Íslands og er stærsti styrktaraðili Borgarleikhússins og Tjarnarbiós þar sem sjálfstæðir leikhópar starfa. Borgin rekur einnig mjög metnaðarfull söfn sem tugþúsundir sækja á hverju ári. Listasafn Reykjavíkur er rekið í Hafnarhúsi, Kjarvalsstöðum og Ásmundarsafni. Borgarsögusafn rekur hins vegar Árbæjarsafn, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Sjóminjasafnið og Landnámssýninguna í Aðalstræti. Borgarbókasafnið heldur úti sex Menningarhúsum í borginni og það sjöunda mun bætast við í Úlfarsárdal á næstunni. Fyrirhugað er að safn Nínu Tryggvadóttur opni á næstu árum í Hafnarhúsinu. Borgin styrkir enn fremur starfsemi Nýlistasafnsins og Kling og Bang í Marshall húsinu á Grandagarði sem HB Grandi gerði upp af miklum myndarskap. Þar rekur Ólafur Elíasson einnig stúdíó með breytilegri listsýningu. HB Grandi kom einnig upp útilistaverkinu Þúfunni eftir Ólöfu Nordal við mynni gömlu hafnarinnar. Verkið nýtur mikilla vinsælda og er forvitnilegt kennileiti við gömlu höfnina. Reykjavíkurborg á Perluna í Öskjuhlíð og beitti sér fyrir því að þar yrði sett á stofn sýning um náttúru Íslands sem vakið hefur mikla athygli.

Borgin stendur einnig fyrir Músiktilraunum á vegum Hins hússins en hljómsveitir sem unnið hafa þá keppni hafa margar hverjar náð langt á alþjóðavettvangi, má nefna þar nefna t.d. hljómsveitirnar Of Monsters and Men, Vök og fleiri.



Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.



Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.



Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.

Ferðamannavæn borg

Reykjavík státar af fjölmörgu sem gerir hana að eftirsóknarverðum áfangastað fyrir erlenda ferðamenn. Listaverkið Friðarsúlan (Imagine Peace Tower) í Viðey sem Reykjavíkurborg setti upp 2007 í samstarfi við Yoko Ono, ekkju Johns Lennons, hefur vakið heimsathygli en fjölmargir leggja leið sína út í Viðey þegar kveikt er á listaverkinu 9. október ár hvert, á afmælisdegi Lennons. Nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa við gömlu höfnina hefur vakið athygli fyrir sérstæðan arkitektúr og glerhjúp sem hannaður var af Ólafi Elíassyni myndlistarmanni og hefur fengið virt arkitektaverðlaun. Húsið hefur reynst mikil lyftistöng fyrir tónlistarlíf í landinu en þar eiga Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska óperan aðsetur. Í Hörpu er fullkomin aðstaða fyrir ráðstefnur, fundi og ýmis konar viðburði og hefur aðsókn að húsinu á því sviði aukist jafnt og þétt. Nýtt fimm stjörnu Marriott hótel sem opnar senn í Austurhöfn er talið styrkja ráðstefnuhald í Hörpu til muna en húsið er nú þegar orðið miðstöð ráðstefnuhalds á Íslandi. Reykjavíkurborg og ríkið eiga Hörpu.

Atvinnulíf í sókn

Framsækið atvinnulíf sem einkennist af nýsköpun hefur vakið athygli á Reykjavík, s.s. á sviði skapandi greina, tónlistar, líftækni, lyfjaþróunar, tölvuleikjagerðar, matvælaframleiðslu og stoðtækjaþjónustu.

Yfirgnæfandi meirihluti Reykvíkinga, um 80%, starfar við ýmis konar þjónustu. Aðrir starfa við framleiðslustarfsemi eða 18% en fiskveiðar, fiskvinnsla og landbúnaður eru aðeins stunduð af 2% vinnuafnsins. Þjónustugeirinn hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum í tengslum við hraða uppbyggingu ferðaþjónustu í landinu. Unnið er því að móta nýja atvinnustefnu fyrir Reykjavíkurborg þar sem farið er yfir helstu sóknarfæri í uppbyggingu atvinnulífs. Nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi er þar í öndvegi. Á undanförunum árum hefur orðið til þekkingarþorp í Vatnsmýri á vegum Reykjavíkurborgar og Vísindagarða Háskóla Íslands. Öflug hátækniyrirtæki hafa nú þegar komið sér fyrir í Vatnsmýri, m.a. Íslensk erfðagreining, Alvotech og CCP tölvuleikjafyrirtækið. Nú er verið að leggja lokahönd á Grósku en þar eru höfuðstöðvar CCP ásamt frumkvöðla- og nýsköpunarsetri. Fleiri fyrirtæki munu byggja upp starfsemi sína þar. Á áhrifsvæði Háskóla Íslands hafa einnig risið merkar og sérstæðar byggingar m.a. Veröld, stofnun Vigdísar Finnbogadóttur forseta og Hús Íslenskra fræða við Suðurgötu sem enn er í smíðum. Þá hefur undirbúningshópur um Norðurlóðahús Ólafs Ragnars Grímssonar í Vatnsmýri hafið störf. Reykjavíkurborg stuðlar að fjölbættu og framsæknu atvinnulífi með fjárfestingu í atvinnuskapandi verkefnum, t.a.m. með því að styrkja skapandi greinar. Þannig hefur nú þegar orðið til kvikmyndaþorp á heimsmælikvarða í kringum byggingar gömlu Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi sem voru í talsverðri niðurniðslu. Þar er einnig hafin öflug uppbygging íbúðabyggingar við ströndina. Borgin styrkir enn fremur rekstur FabLab í Fjölbrotaskólanum í Breiðholti en aðsókn í það hefur margfaldast síðan það var stofnsett.



Ljósmynd. Ragnar Th. Sigurðsson.

Framhald á næstu opnu →

Græn og sjálfbær borg

Reykjavík hefur markað sér þá stefnu að skapa fallegt og heilnæmt umhverfi fyrir íbúana þar sem mannlíf og umhverfi er haft í fyrirrúmi. Borgin vill vera leiðandi í umhverfisvænum áherslum. Verkefnið Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar hvetur starfsfólk til að flokka úrgang og ástunda grænan lífsstíl. Rafrænt greiðslufyrirkomulag hefur nánast eytt útprentuðum pappírreikningum í starfsemi borgarinnar og vistvæn innkaup eru ástunduð í öllum rekstri. Reykjavíkurborg reynir eftir fremsta megni að sýna gott fordæmi með vistvænum rekstri. Þannig aka sorpbílar borgarinnar og fjölmörg önnur ökutæki á metangasi og borgin hefur tekið rafbíla í sína þjónustu. Sorphirða hefur tekið stórstígum framförum en endurvinnsla úrgangsefna hefur aukist á undanförunum árum og þykir sjálfsögð. Íbúar flokka nú pappírsefni og plast frá almennu sorpi í sérstakar tunnur eða gáma. Grenndarstöðvar fyrir flokkuð úrgangsefni eru á fjölmörgum stöðum og safna m.a. gleri og fatnaði. Með nýtilkominni gas- og jarðgerðarstöð hjá Sorpu sem nefnist GAJA verður hafin söfnun á lífrænum úrgangi frá heimilum. Sorpa hefur þegar samið um visthæfa notkun metangass sem verður til við vinnsluna í stöðinni en GAJA breytir lífrænum úrgangi í metangas og moltu. Þannig verður metangas notað til að brenna kaffibaunir og kynda vörubíla svo eitthvað sé nefnt.

Orkuveita Reykjavíkur sem er móðurfélag Veitna og Orku náttúrunnar hefur staðið fyrir verkefninu Carbfix við Hellisheiðarvirkjun. Verkefnið felst í því að koltvísýringi sem verður til við jarðhitavinnsluna er dælt niður í berg þar sem hann breytist í holufyllingar. Verkefnið hefur vakið mikla alþjóðlega athygli þar sem það er vísindaleg aðferð til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Við Hellisheiðarvirkjun er einnig starfrækt fyrirtæki sem framleiðir þörunga með jarðvarma sem fellur til við virkjunina. Faxaflóahafnir, enn eitt fyrirtæki borgarinnar, vinna að því að koma upp raftengingum við gámaskip og skemmtiferðaskip sem brenna að öðrum kosti olíu í höfn.

Blómlegt mannlíf í hverfunum

Hverfi borgarinnar eru tíu talsins og hafa þau byggst upp í takt við aukna ásókn til búsetu í borginni. Í hverfunum er fjölbætt starfsemi og þjónusta við íbúa. Skólar og íþróttafélög setja mikinn svip á hverfalífið með hverfishátíðum, mótum og öðrum uppákomum. Íbúarð starfa nú í öllum hverfum borgarinnar, fylgjast með þróun þeirra og hafa áhrif á verkefni sem borgin vinnur að í hverfunum. Undanfarin ár hefur Reykjavíkurborg staðið fyrir íbúalýðræðisverkefninu Hverfið mitt. Verkefnið er tvíþætt. Fyrst er kallað eftir hugmyndum frá íbúum í hverfunum. Síðan er farið yfir hugmyndirnar og þeim stillt upp til rafræna kosninga. Mörg hundruð verkefni sem íbúar hafa komið með hugmyndir að hafa verið framkvæmd síðan verkefnið hófst 2012. Íbúar hafa tekið vel í þessa aðferð til að hafa áhrif á framkvæmdir í hverfunum og á þessu ári sendu íbúar inn metfjöld hugmynda eða 1.300. Önnur sveitarfélög hafa tekið upp aðferðir Reykjavíkur til íbúalýðræðis og verkefnið hefur vakið athygli víða fyrir utan landsteinana.



Ljósmynd. Ragnar Th. Sigurðsson.



Ljósmynd. Ragnar Th. Sigurðsson.



Ljósmynd. Ragnar Th. Sigurðsson.



Ljósmynd. Ragnar Th. Sigurðsson.

Í skipulagsmálum hefur verið unnið að viðauka á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030. Unnið er að hverfisskipulagi fyrir öll hverfi borgarinnar með víðtæku samráði við íbúa í hverfunum. Hverfisskipulag er nú þegar tilbúið fyrir Árbæ og nánast tilbúið fyrir Breiðholt. Það er í vinnslu fyrir önnur hverfi borgarinnar. Hverfisskipulagi er ætlað að styrkja innviði hverfanna með aukinni þjónustu en um leið gera allar breytingar sem íbúar vilja gera á eignum sínum auðveldari viðfangs.

Aukin rafræn þjónusta

Með aukinni rafrænni þjónustu hefur upplýsingaflæði borgaryfirvalda til íbúa aukist til muna. Að sama skapi hafa kröfur íbúa um gæði upplýsinga og rafræna þjónustu aukist. Það er stefna borgaryfirvalda að upplýsa borgarbúa eins vel og kostur er um þá þjónustu sem í boði er hverju sinni og um allar ákvarðanir er snúa að hag þeirra.

Aðal upplýsingaveita Reykjavíkurborgar er á vefnum reykjavik.is. Vefurinn miðar að því að fólk finni allt um þjónustu borgarinnar á einum stað og geti sótt um þjónustu í gegnum vefinn. Þar er einnig að finna fréttir af starfsemi, viðburðadagatal, mælaborð borgarbúa og opin fjármál borgarinnar. Allar helstu upplýsingar um þjónustu borgarinnar og stjórnsýslu eru einnig á ensku og möguleikar á þýðingum yfir á önnur tungumál. Allt vefefni er nú unnið samkvæmt nýjum hönnunarstaðli sem tekinn hefur verið í notkun fyrir Reykjavíkurborg. Vefurinn hefur verið vottaður fyrir gott aðgengi.

Reykjavíkurborg rekur einnig ferðamannavefinn Visit Reykjavík. Borgin heldur úti sambærilegum vef á íslensku sem nefnist borginokkar.is fyrir innlenda gesti. Höfuðborgarstofa sinnir einnig alþjóðlegri miðlun á samfélagsmiðlunum Facebook, Twitter og Instagram undir merkjum Visit Reykjavík.

Reykjavíkurborg stundar gagnvirka upplýsingamiðlun fyrir íbúa og gesti á samfélagsmiðlunum Facebook, Instagram og Twitter. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar heldur úti samfélagsmiðlun á ensku og pólsku á Facebook síðunni Living in Reykjavík og pólsku síðunni. <https://www.facebook.com/Reykjavik.Nasze.miasto>

Unnið er að því að efla stafræna þjónustu borgarinnar til að einfalda umsóknarferli um þjónustu fyrir íbúa borgarinnar og spara þeim sporin. Á næstu árum verður lögð mikil áhersla á að hraða þessari stafrænu umbreytingu til að snjallvæða borgina enn frekar.

Árið 2015 var samþykkt aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttismálum. Markmiðið var að stuðla að auknu jafnrétti. Árið 2019 hlaut Reykjavíkurborg jafnlaunavottun. Markmiðið er að enginn óútskýrður kynbundinn launamunur sé til staðar hjá borginni.

Reykjavíkurborg hóf nýlega styttingu vinnuvikunnar í 36 stundir samkvæmt kjarasamningum. Innleiðingin hófst 1. janúar 2021 fyrir þá sem vinna í dagvinnu og verður innleidd 1. maí hjá vaktavinnufólki.



Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson.

Erlent samstarf

Samstarf borga um allan heim hefur aukist mikið á undanförunum árum í takt við aukinn styrk þeirra og áskoranir sem steðja að. Reykjavík á aðild að hátt í 40 alþjóðlegum samtökum auk þess að taka þátt í fjölda annarra verkefna á alþjóðavettvangi.

Reykjavík hefur lengi átt í miklu samstarfi við aðrar höfuðborgir á Norðurlöndum. Í því samhengi er vert að nefna tengslanetið Nordic Safe Cities sem vinnur að öryggi íbúa í víðu samhengi og tekst á við hvers kyns öfgahyggju og ofbeldi.

Í Evrópusamstarfi á borgin aðild að sveitastjórnarvettvangi EFTA. Þá er borgin virk í samstarfi Eurocities sem er öflugt tengslanet 140 stærstu borga Evrópu auk 45 samstarfsborga í 39 löndum. Systra- og samstarfsborgir Reykjavíkur eru Winnipeg í Kanada, Seattle í Bandaríkjunum, Vilnús í Litháen, Moskva í Rússlandi og Wrocław í Póllandi en sá samningur var gerður árið 2017.

Þá hefur Reykjavík átt samstarf við borgir á norðurslóðum eða svokallaðar Vetrarborgir. Nuuk á Grænlandi, Þórshöfn í Færeyjum og Reykjavík eiga sameiginlegan sjóð, Vestnorræna höfuðborgarsjóðinn, sem var stofnaður til að auka samskipti þessara borga.

Núverandi borgarstjórn

Borgarstjórnarkosningar fóru fram í vorið 2018. Þá voru í fyrsta sinn kosnir 23 borgarfulltrúar en höfðu áður verið 15 talsins. Kjörnir fulltrúar frá eftirfarandi flokkum náðu kjöri; Sjálfstæðisflokknum (8), Miðflokknum (1), Flokki Fólksins (1), Sósíalístaflokknum (1), Viðreisn (2), Samfylkingu (7) og Pírötum (2). Eftir kosningar mynduðu Samfylkingin, Viðreisn, Píratar og Vinstri græn (1) nýjan meirihluta. Núverandi borgarstjóri er Dagur B. Eggertsson (Samfylking) og er þetta annað kjörtímabil hans sem borgarstjóri, forseti borgarstjórnar er Pawel Bartozsek (Viðreisn) og formaður borgarráðs er Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (Viðreisn).

Starfsfólk, framtíðarsýn og frekari upplýsingar

Hjá Reykjavíkurborg starfa ríflega 10.000 starfsmenn í um 7.500 stöðugildum árið 2020. Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar er að skapa borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugum atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir. Nánari upplýsingar um Reykjavíkurborg, stjórnkerfi hennar, stjórnsýslu og fjárhag er að finna á vefsvæðinu www.reykjavik.is



Í forgrunni er Bollasteinn, útlitstaverk eftir Ólöfu Nordal staðsett við Kisuklappir. Verkið er unnið úr heilum grágrýtissteini sem í er sorfin hringlaga fótbáðsvaðlaug. Í fjarska er Gróttuviti og sólarlagið. Ljós. Kristján U. Kristjánsson.

Seltjarnarnesbær



Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra klippa á borða við vigslu á Hjúkrunarheimilinu Seltjörn á Seltjarnarnesi þann 2. febrúar 2019. / Ljós. Jón Svavarsson.

Seltjarnarnesbær er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu. Seltjarnarnes á sér langa og merka sögu allt frá Þjóðveldisöld. Hinn forni Seltjarnarneshreppur náði yfir allt Nesið sem liggur á milli Kollafljarðar og Skerjafjarðar og allt til fjalla. Jarðir voru síðan smám saman teknar út úr hreppnum og þegar Seltjarnarnes fékk kaupstaðarréttindi 1974 voru 160-170 hektarar eftir af hinum forna hreppi og íbúar tæplega 2500. Þann 1. janúar 2020 voru íbúar bæjarins 4.726. Sjö manna bæjarstjórn fer með stjórn Seltjarnarnesbæjar. Í sveitastjórnarkosningum í maí 2018 fékk Sjálfstæðisflokkurinn 4 menn kjörna í bæjarstjórn, Samfylkingin 2 menn og Viðreisn/Neslistinn 1 mann. Bæjarstjóri er Ásgerður Halldórsdóttir oddviti Sjálfstæðisflokksins. Nýtt skipurit bæjarins tók gildi 1. mars 2020. Starfsemi er þar skipt í fjögur svið: Fjölskyldusvið, skipulags- og umhverfissvið, þjónustu- og samskiptasvið og fjármálasvið. Bærinn hefur sett sér stefnu í fjölskyldu-, skóla-, starfsmanna-, umhverfis- og menningarmálum. Bæjarfélagið hefur ákveðið í erfiðri stöðu vegna veirufaraldursins COVID-19 að standa vörð um grunnþjónustu bæjarfélagsins svo sem fræðslustarfsemi, æskulýðs- og íþróttastarf og félagslega þjónustu.



Morgunverður á Eiðistorgi fyrir bæjarbúa á Menningarhátíð Seltjarnarnesbæjar. / Ljós. Jón Svavarsson.



Karlalið Gróttu í knattspyrnu deildarmeistarar 2019 og fagna því að komast í fyrsta sinn upp í efstu deild. / Ljós. Eyjólfur Garðarsson.

Skólar og félagsstarf

Í Seltjarnarnesbær er leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli. Fjöldi nemenda í leikskóla árið 2020 var 224, 562 nemendur stunduðu nám í grunnskólanum og nemendur í tónlistarskólanum voru 299. Félagsmiðstöðin Selið og Íþróttamiðstöð Seltjarnarness eru ramminn utan um æskulýðs- og íþróttastarf bæjarins. Sundlaug Seltjarnarness er 25 m löng og staðsett í Íþróttamiðstöðinni. Það eru heitir og kaldir pottar, gufubað og vatnsrennibraut. Trimmklúbbur TKS hefur aðsetur í sundlauginni og þar er kennd sundleikfimi fyrir eldri borgara. Íþróttfélagið Gróttu starfar í bænum en félagið hefur innan sinna raða knattspyrnu-, fimleika- og handknattleiksdeildir. Gervigrasvöllur er við Suðurstönd. Íþróttfélagið Gróttu lék í fyrsta sinn í sögunni í efstu deild karla í knattspyrnu sumarið 2020 auk þess sem karlaliðið í handknattleik spilaði í efstu deild sömuleiðis. Kvinnalið Gróttu í handknattleik lék einnig í efstu deild. Golfklúbbur Ness er níu hól golfvöllur ásamt æfingasvæði við Suðurnes. Í Nesklúbbnum eru nú árið 2020 um 800 félagsmenn og fjöldi á biðlista.

Félagsstarf aldraða er í þjónustukjarna við Skólabraut 3-5 en dagvistun aldraðra fluttist haustið 2019 í Seltjörn hjúkrunarheimili sem tekið var í notkun fyrr það sama ár. Seltjörn er sérlega glæsilegt og fullkomið hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi. Seltjarnarnesbær á einnig hlut í hjúkrunarheimilinu Eir og hafa aldraðir Seltirningar val um að dvelja þar sem og hjá Hrafnistu þar sem bærinn á einnig nokkur rými.

Lista- og menningarlíf

Tilgangur menningarstefnu bæjarins er að íbúar bæjarins fái notið lista- og menningarstarfs. Leiðarljós stefunnar er að efla áhuga, löngun og möguleika bæjarbúa til að njóta menningar. Bókasafn Seltjarnarness lánar út bækur og ýmis gögn, býður aðgang að tölvum og fjölbreyttri



Mikið fjölmenni og fjör á Safnanótt 2020 á bókasafni Seltjarnarness.
Ljós. Kristín Arnþórsdóttir



Seltjarnarnesið sýnt frá skemmtilegu sjónarhorni sumarið 2019. / Ljós. Árni Geirsson.

dagskrá og viðburði fyrir alla aldurshópa, en bókasafnið er jafnframt menningarmiðstöð Seltirninga. Sýningarsalur Seltjarnarness, Gallerí Gróttu er fjölnota salur inni á bókasafninu þar sem að haldnar eru fjölbreyttar myndlistarsýningar og ýmsir viðburðir. Á Seltjarnarnesi eru einnig náttúrugripasafn, stjörnuskoðunarfélag, lyfjafræðasafn og fræðasetur í Gróttu. Nesstofa hið sögufræga hús er enn fremur staðsett á Seltjarnarnesi. Auk þessa starfa í bænum kórar, lúðrasveit, björgunarsveit og ýmis félög og klúbbar.

Sveitarfélagið

Seltirningar eiga sína eigin hitaveitu, Hitaveitu Seltjarnarness. Seltjarnarnesbær er aðili að byggðasamlögunum Sorpu, Strætó og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins auk þess sem hann á aðild að Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis. Seltjarnarnes er þátttakandi í samstarfi Sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu SSH og situr Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri þar í stjórn.

Náttúra

Innan bæjarmarka Seltjarnarness eru tvö friðlönd, Gróttu sem friðlýst var árið 1974 og Bakkatjörn árið 2000. Þar er einkum verið er að vernda fjölskrúðugt fuglalíf. Valhúshæðin er náttúruvætti og þar er að finna rákað berg eftir ísaldarjökul, sem og herminjar frá stríðsárunum. Hún var friðlýst 1998. Seltjarnarnesbær á einnig aðild að fólkvanginum Bláfjöllum frá 1985. Við gerð aðalskipulags hefur bærin sett sér að tekið verði mið af varðveislu náttúrugæða og menningarverðmæta. Íbúum verði auðveldað að njóta náttúru, sögu og menningarminja.

Starfsmannastefna og aðsetur

Í árslok 2020 voru 238 stöðugildi hjá Seltjarnarnesbæ og 350 starfsmenn.

Seltjarnarnesbær leggur rækt við menntunarmál starfsfólks þannig að hagnýt og fræðileg þekking þess sé ætíð í samræmi við kröfur tímans. Starfsmannastefna bæjarins er í 20 liðum þar sem meðal annars eru sett fram markmið og siðareglur fyrir starfsfólk. Bæjarstjórnin hefur m.a. samþykkt eineltisáætlun, fjölskyldustefnu, jafnréttisstefnu og siðareglur fyrir kjörna bæjarfulltrúa.

Fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2020 var unnin sameiginlega af öllum bæjarfulltrúunum. Niðurstaða ársreiknings Seltjarnarness fyrir árið 2019 ber vott um sterka fjárhagsstöðu bæjarins. Skrifstofur Seltjarnarnesbæjar eru Austurströnd 2, síminn er 595-9100 og netfang postur@seltjarnarnes.is



Sólsetur við smábátahöfnina. / Ljós. María Björk Óskarsdóttir.



Spiderman sýnir listir sínar og klífur upp Gróttuvita á fjölskyldudegi Gróttu. / Ljós. Erling Ó. Aðalsteinsson.



Bæjarskrifstofur Kópavogs Digranesvegi 1.



Blómstrandi rósur í Rósagarðinum sem finna má í Tjáfafinu í Meltungu í Fossvogsdal.

Ljósmynd. / Kópavogsbær.

Kópavogsbær



Sumarstarfsmenn mála regnbogatröppur í tilefni hinsegin daga 2020.

Kópavogur er annað fjölmennasta sveitarfélag landsins á eftir Reykjavík en íbúar þess voru 1. janúar 2020 - 37.959 talsins. Bærinn nær frá ysta hluta Kársness austur undir jaðar Heiðmerkur og alla leið til Bláfjalla sem eru innan landamerkjanna Kópavogs.

Kópavogshreppur var stofnaður árið 1948 og voru íbúar þá um 900 en skömmu síðar eða árið 1955 hlaut Kópavogur svo kaupstaðarréttindi og nú búa hátt í 40.000 manns í Kópavogi.

Svæðið sem nú telst til gamla bæjarins tók að byggjast upp á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar þegar fólk flyktist úr sveitum landsins í höfuðstaðinn í leit að vinnu og vantaði hagstætt húsnæði.

Bæjarstjórn

Bæjarstjóri Kópavogs er Ármann Kr. Ólafsson sem hefur gengt því starfi frá 2012 en setið í bæjarstjórn frá árinu 1998. Ármann er oddviti Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn Kópavogs. Ellefu bæjarfulltrúar sitja í bæjarstjórn Kópavogs. Við sveitarstjórnarkosningar 2018 náðu fimm flokkar fulltrúum í bæjarstjórn Kópavogs. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur skipa meirihluta í bæjarstjórn en bæjarfulltrúar eru eftirfarandi kjörtímabilið 2018-2022: Ármann Kr. Ólafsson, Guðmundur Gísli Geirdal, Hjördís Ýr Johnson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Friðriksdóttir, Sjálfstæðisflokkur, Birkir Jón Jónsson, Framsóknarflokkur, Bergljót Kristinsdóttir, Pétur Hrafn Sigurðsson, Samfylkingu, Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, Pírötum, Einar Þorvarðarson, Theodóra S. Þorsteinsdóttir, Bjartri framtíð/ Viðreisn.

Starfsemin

Kópavogsbær er afar stór atvinnurekandi með á þriðja þúsund manns í fjölbreyttum störfum. Á sumrin bætist stór hópur ungmenna við starfsmannahópinn en þá tekur til starfa Vinnuskóli Kópavogs. Að auki fara ungmenni 18 ára og eldri í margvísleg störf fyrir bæinn. Fjöldi á launaskrá í árslok 2020 var 2.747 en meðal stöðugildi á árinu voru 2.160 að undanskildum Vinnuskóla og vinnuframlagi í nefndum. Stjórnsýsla Kópavogsbæjar hefur höfuðstöðvar að Digranesvegi 1 en er einnig til húsa í Fannborg 6 og Hamraborg 8. Árið 2017 var húsnæði Bæjarskrifstofa Kópavogs, Fannborg 2, 4 og 6 selt og flutti þá meirihluti stjórnsýslunnar í númerandi húsnæði. Í tengslum við flutning stjórnsýslunnar var nýr fundarsalur bæjarstjórnar Kópavogs innréttaður í húsnæði bæjarins að Hábraut 2. Starfsemi stjórnsýslunnar skiptist í stjórnsýslusvið, menntasvið, umhverfissvið og velferðarsvið. Árið 2020 var samþykkt að fjármálasvið yrði sett á laggirnar.

COVID-19

Heimfaraldur COVID-19 kórónaveirunnar setti mikinn svip sinn á starfsemi Kópavogsbæjar árið 2020. Neyðarstjórn Kópavogsbæjar var virkjuð þegar faraldurinn skall á Ísland í febrúarlok og fundaði reglulega frá marsþriðjun og út árið með sumarhléi í júní og meirihluta júlí.



Hluta haustsins 2020 var grímuskýlda í grunnskólum eins mynd úr Salaskóla sýnir.



Vegna samkomutakmarkana var fámennit þegar tendrað var á jólatréi Kópavogs 2020.

Framhald á næstu opnu →

Aðgerðir neyðarstjórnar Kópavogs voru samræmdar aðgerðum neyðarstjórna höfuðborgar-svæðisins og mikið samstarf og samráð var á meðal stjórnenda í helstu málaflokkum á borð við menntamál, velferðarmál, menningarmál og íþróttir, en grípa þurfti til ýmis konar takmarkana árið 2020 á velflestum sviðum í samræmi við tilmæli stjórnvalda. COVID-19 hafði áhrif á rekstur bæjarins, en þó minni en búist var við þegar faraldurinn skall á. Þar skipti sköpum traustur rekstrargrundvöllur bæjarins auk stuðningsaðgerða ríkisins vegna faraldursins. Rekstrarafgangur ársins 2020 var 325 milljónir króna.

Skólasamfélagið

Bærinn rekur nítján leikskóla og auk þess eru tveir þjónustureknir og tveir einkareknir leikskólar í bæjarfélaginu. Leikskólar Kópavogsbæjar starfa eftir aðalnámskrá leikskóla. Í henni kemur fram fagleg stefnumörkun og lýsing á sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Hver og einn leikskóli vinnur svo eftir sinni skólanámskrá. Áhersla er á tengingu milli leik- og grunnskóla og er væntanlegum fyrstu bekkjum boðið til sumardvalar á fristundaheimilum grunnskólanna í ágúst, með það að leiðarljósi að þau kynnist sínu skólaumhverfi. Í Kópavogi eru reknir níu grunnskólar og tveir sjálfstætt starfandi skólar. Leiðarljós skólastarfs í Kópavogi er að veita nemendum alhliða menntun og stuðla að þroska þeirra í samstarfi við heimilin. Áhersla er lögð á að skólastarf og kennsluhættir séu í takt við tímann án þess þó að slá af gæðum og alúð. Kópavogur var fyrsta bæjarfélagið á landinu til þess að innleiða spjaldtölvur í alla grunnskóla og hófst það verkefni haustið 2015. Markmiðið með spjaldtölvuvæðingunni er að breyta kennsluháttum og bæta skólastarf í takt við nýja tíma.

Velferðarmálin

Öflug velferðarþjónusta er í Kópavogi. Ýmis konar þjónusta er fyrir aldraðra svo sem félagsmiðstöðvar, heimþjónusta og ferðþjónusta. Þá standa til boða stuðningsúrræði fyrir fjölbreytta hópa samfélagsins. Börn og unglingar sem glíma við félagslega erfiðleika fá aðstoð í gegnum barnavernd. Þá er fjárhagslegur stuðningur veittur íbúum að uppfylltum skilyrðum. Félagslegar leiguíbúðir bæjarins voru um 420 árið 2020. Þá rekur bærinn áfangaheimili, skammtíamavistun fyrir fatlað fólk, heimili fyrir heilabílaða og heimili fyrir fatlað fólk.

Íþróttabærinn

Kópavogur hefur lengi verið þekktur íþróttabær og aðstaða til íþróttaiðkunar til fyrirmyndar, innandyra sem utan. Tvær almenningssundlaugar eru í Kópavogi, Kópavogslaug við Álfhólsveg og Salalaug í Salahverfi. Þá er sundlaug í Boðanum, þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar fyrir aldraða í Boðapingi, en hún er einnig nýtt fyrir skólasund. Tvær knattspyrnuhallir eru í Kópavogi, Fífan og Kórinn. Þrjú stór íþróttafélög eru í bænum, Breiðablik og HK sem bjóða bæði upp á fjölbreytta íþróttaiðkun og taka þátt í keppnisíþróttum á landsvísi, og fimleikafélagið Gerpla



Skólahljómsveit Kópavogs 17. júní.



Herra Hnetusmjör, bæjarlistamaður Kópavogs 2020, tekur lagið á 17. júní.



Pieta samtökin sem sinna forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða hlutu viðurkenningu jafnréttis- og mannréttindaráðs árið 2020.



Skokkað í Kópavogsdal í vetrarhörkum.



Himnastiginn í Kópavogi er vinsæll til heilsbótar.

sem státar af Evrópumeistaratitli í hópfimleikum. Þá er einnig úrvalsaðstaða í bænum til að iðka tennis, siglingar, golf og bogfimi og félög starfrækt í tengslum við þessar íþróttagreinar.

Umhverfi og útivist

Bæjarland Kópavogs er kjörið til útivistar og er þar finna fjöldann allan af fjölbreyttum og skemmtilegum opnum svæðum, gönguleiðum og hjólastígum. Má þar nefna strandlengjuna á Kársnesi, Kópavogsdalinn, Fossvogsdalinn og Borgarholtið. Af garðsvæðum má nefna Rútstún, Hlíðargarð, trjásafnið í Meltungu í Fossvogsdal og Guðmundarlund. Þá er á sjötta tug opinna leiksvæða í bænum. Áhersla hefur verið lögð á að endurnýja og bæta útivistar- og leiksvæði í bænum undanfarin ár, bæði þau sem eru við leik- og grunnskóla og þau sem eru utan þeirra svæða. Um 650 hektarar landssvæðis í Kópavogi er skilgreint fyrir skógrækt og uppgræðslu og eru þau svæði að finna í Vatnsendalandi og Lækjarbotnum. Árið 2020 tók Kópavogsbær þátt í landsöfnum birkifræja en fræjum sem safnast á höfuðborgarsvæðinu verður sáð í land Kópavogs.

Menningarlíf

Hjarta menningarstarfs Kópavogsbæjar slær í menningarhúsunum sem samanstanda af Gerðarsafni, sem byggt var til minningar um myndlistarkonuna Gerði Helgadóttur, Salnum sem er fyrsti sérhannaði tónleikasalur landsins, hinu rótgróna og ástsæla Bókasafni Kópavogs, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Héraðskjalasafni. Tilgangur menningarstarfseminnar er að auka lífsgæði Kópavogsbúa á öllum aldri með fjölbreyttu menningar- og listalífi, fræðslu og miðlun. Í Menningarhúsunum er einnig metnaðarfullt starf fyrir leik- og grunnskólanema. Þá eru fastir viðburðir fyrir fjölskyldur á laugardögum, foreldramorgnar eru einu sinni í viku og í Menningu á miðvikudögum er boðið upp á viðburði af fjölbreyttum toga í hádeginu. Ýmis önnur menningarstarfsemi á sér stað í bænum, kórastarf, leikfélag, gallerí, myndlistarskóli og fleira.

Hátíð í bæ

Fimm hátíðir sem haldnar eru yfir árið setja svip sinn á bæjarbrag Kópavogs. Ljóðahátíð kennd við skáldið Jón úr Vör, fyrsta bókavörð Bókasafns Kópavogs, er haldin í janúar. Vetrarhátíð er í byrjun febrúar og barnamenningarhátíð í apríl. Þjóðhátíðardegi er fagnað 17. júní og loks er aðventuhátíð í upphafi adventu. Árið 2020 voru ljóðahátíðin og vetrarhátíð með hefðbundnu sniði en heimsfaraldur kórónaveirunnar setti svip sinn á hinar hátíðirnar.

17. júní sem um árabíl hefur verið fagnað á Rútstúni var að þessu haldinn hátíðlegur á fimm hverfishátíðum, við Kórin, Salalaug, Fagralund, Smárann og við Menningarhúsin. Breytingin, sem var gerð vegna fjöldatakmarkana, mæltist afar vel fyrir hjá íbúum bæjarins sem nutu þess að sækja skemmtan í grennd við heimili sitt. Aðventuhátíð féll niður í hefðbundinni mynd og sömuleiðis barnamenningarhátíð.



Gosbrunnur við Gerðasafn.

Bétting byggðar

Í skipulagsmálum hefur verið lögð áhersla á þéttingu byggðar undanfarin ár sem er í samræmi við aðalskipulag bæjarins og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Meðal helstu þéttingarsvæða undanfarinna ára er bryggjuhverfið á Kársnesi og vestasti hluti Kársness, Glaðheimar og 201 Smári. Meðal svæða sem lokið hefur verið við er Lundur í Kópavogi og Kópavogstúnið. Uppbygging og þróun á sér stað í Auðbrekkunni og í hinum gamla miðbæ Kópavogs, Hamraborginni. Árið 2020 komu fram tillögur um skipulagsbreytingar sem fela í sér mikla þéttingu byggðar.

Lífsgæði tryggð

Í stefnu Kópavogsbæjar segir að hlutverk sveitarfélagsins sé að tryggja lífsgæði íbúanna með góðri og fjölbreyttri þjónustu og er áhersla lögð á gott mannlíf, skilvirkan og ábyrgan rekstur ásamt öflugum atvinnulífi. Kópavogur verður fyrsta sveitarfélag á Íslandi til þess að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna með formlegum hætti. Kópavogur er heilsueflandi samfélag. Haustið 2020, á alþjóða geðheilbrigðisdeginum 10. október, var kynnt að hressingarhælið í Kópavogi yrði nýtt í þágu lýðheilsu og geðræktar, með áherslu á börn og ungmenni fyrst um sinn.

Barnvænt samfélag

Auk Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna hefur verið samþykkt að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og komast þannig í alþjóðlegan hóp barnvænna sveitarfélaga. Barnvænt sveitarfélag er bær, borg eða samfélag sem stýrt er af sveitar- eða bæjarstjórn þar sem markmiðið er að bæta aðstæður barna og tryggja að ávallt sé tekið tillit til réttinda barna svo sem við gerð stefnu, verkefna eða við aðra ákvarðanatöku. Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er unnin í samstarfi við Unicef á Íslandi.

Mælingar og gögn

Áhersla hefur verið lögð á að setja og fylgja eftir mælanlegum markmiðum í Kópavogi. Í því skyni hefur verið þróuð lausn, Nightingale, sem heldur utan um mælingar. Þá hefur verið í tengslum við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í Kópavogi þróað mælaborð sem hefur að geyma safn mælinga úr rannsóknum á velferð og stöðu barna og ungmenna í Kópavogi. Mælingarnar eru 80 talsins en auk yfirlits yfir einstakar mælingarnar hefur verið reiknuð vísitala barnvæns sveitarfélags á grundvelli mælinganna. Bókhalð bæjarins hefur verið opið frá árinu 2016 og má nálgast það í gegnum vef Kópavogsbæjar.



Bryggjuhverfið á Kársnesi hefur byggst upp undanfarin ár.



Hátiðahöld 17. júní.



Í Guðmundarlundi er meðal annars að finna minigolfvöll.



Bæjarstjórn Garðabæjar fundar í fyrsta sinn í Sveinatungu, nýjum fjölnota sal Garðabæjar á Garðatorgi, 19. mars 2019. Bæjarskrifstofur Garðabæjar voru um árabíl til húsa í Sveinatungu, litlu húsi sem var staðsett þar sem Litlatún er í dag, áður en starfsemin fluttist í nýja ráðhúsið við Garðatorg árið 1998. Frá vinstri: Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari, Sigríður Hulda Jónsdóttir bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason bæjarfulltrúi, Harpa Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi, Ingvar Arnarson bæjarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Sara Dögg Svanhildardóttir bæjarfulltrúi, Guðfinnur Guðjón Sigurvinsson varabæjarfulltrúi, Sigurður Guðmundsson bæjarfulltrúi, Aslaug Hulda Jónsdóttir bæjarfulltrúi, Jóna Sæmundsdóttir bæjarfulltrúi og Gunnar Einarsson bæjarstjóri. /Ljós. Valdimar Kristófersson.

Garðabær



Nýtt aðkomutákn Garðabæjar sem markar aðkomu að bænum hefur verið sett upp vestan megin við Hafnarfjarðarveg á Arnarneshálsi. Aðkomutáknið var valið í hugmyndasamkeppni árið 2016 þegar Garðabær fagnaði 40 ára kaupstaðarafmæli. /Ljós. Vigfús Birgisson.



Loftmynd af minjagarðinum á Hofsstöðum þar sem eru minjar af næst stærsta landnámskála sem fundist hefur á Íslandi. /Ljós. Vigfús Birgisson.



Búrfellsgjá var friðlýst í júní 2020. /Ljós. Garðabær.

Garðabær er fallegur bær á miðju höfuðborgarsvæðinu, landssvæði sveitarfélagsins nær frá Álftanesi til suðausturs inn á austurhluta Reykjaneseskaga, þar sem eru Reykjanesfólkvangur og Heiðmörk. Í dag er Garðabær fimmta stærsta sveitarfélag landsins með um 18 þúsund íbúa árið 2021. Heildarflatarmál Garðabæjar er rúmlega 46 km². Vegvísir Garðabæjar er að bærinn sé ávallt í fararbroddi um skipulag byggðar og verndun umhverfis og náttúru. Í Garðabæ er lögð áhersla á góða þjónustu við íbúa á öllum aldri, á sviði fræðslumála, umhverfismála, velferðarmála, menningarmála og íþrótt- og tólmundamála. Upplýsingar um starfsemi bæjarins er að finna á vef Garðabæjar, gardabaer.is.

Umhverfismál í brennidepli

Náttúruvernd í bænum er umfangsmikil enda nálægð við haf og uppland eitt af helstu einkennum sveitarfélagsins. Viðamiklar fjörur og strandsvæði einkenna Álftanes og miklar hraunbreiður og merkar jarðmyndanir eru innan bæjarlandsins. Í júní 2020 var staðfest friðlýsing Búrfells, Búrfellsgjár, Selgjár og nágrennis ofan Garðabæjar. Búrfellsgjá og umhverfi hennar er vinsæl útivistarparadís í tünfæti höfuðborgarsvæðisins þar sem ungir sem aldnir geta meðal annars gengið, skokkað, hjólað og riðið út í stórbrotnu landslagi. Fólkvangurinn á Hliði á Álftanesi var einnig stækkaður og friðlýstur á árinu 2020 og markmiðið að tryggja landsvæði til útivistar og almenningsnota. Önnur friðlýst svæði í Garðabæ eru Kasthúsátjörn og aðliggjandi fjara, Gálgahraun, Skerjafjörður, Garðahraun efra og neðra, Víflsstaðahraun, Maríuhellar, Víflsstaðavatn og nágrenni, Reykjanes- og Bláfjallafólkvangur. Áformað er að allt að 40% af landssvæði Garðabæjar verði friðlýst sem er einstakt á landsvísu.

Á vorin hefur Garðabær staðið fyrir árlegu hreinsunarátaki og vorhreinsun meðal bæjarbúa. Í hreinsunarátakinu hafa hópar verið hvattir til að hreinsa svæði í nærumhverfi sínu og þar hafa íþróttafélög, skólahópar, kórar, félagasamtök og nágrennar tekið höndum saman og fegrað bæinn. Á sumrin hafa ungmenni verið í sumarvinnu hjá bænum og fjölmargir hópar hafa þar unnið að hreinsun og fegrun bæjarins.

Saga byggðar

Garðabær hlaut kaupstaðarréttindi árið 1976 og þá voru íbúar um 4.100. Saga byggðar í landi Garðabæjar nær þó allt aftur á landnámsöld. Þéttbýlismyndun í Garðabæ hófst ekki að verulegu leyti fyrr en um 1950 þegar byggðakjarni fór að myndast við Silfurtún. Árið 2013 sameinuðust sveitarfélögin Garðabær og Álftanes og við það urðu íbúar sveitarfélagsins tæplega 14 þúsund. Árið 2018 voru íbúar 15.700, árið 2020 voru íbúar orðnir 17.700 og komnir yfir 18 þúsund árið 2021. Bygðin í Garðabæ er nokkuð fjölbreytt, að mestu er þetta lágrest byggð en í seinni tíð hafa verið byggð fleiri fjölbýlishús og þéttleikinn aukist sér í lagi í kringum þjónustukjarna miðbæjarins við Garðatorg. Mikil áhersla hefur verið lögð á vandað skipulag og nýtt aðalskipulag Garðabæjar sem gildir til ársins 2030 var undirritað að



Horft í austurátt yfir Garðabæ með ráðhústurninn í fjarlægð. / Ljós. Vigfús Birgisson.

Framhald á næstu opnu →

vori 2018. Í takt við uppbyggingu einkennist arkitektúr sveitarfélagsins af áherslum hvers tíma og í sveitarfélaginu má finna mörg þekkt kennileiti og fallegar byggingar og má þar nefna ráðhústurninn við Garðatorg, Garðakirkju í Garðahverfi, Vífilstaði, Bjarnastaði og forsetasetrið á Bessastöðum. Sögu sveitarfélagsins hefur verið gerð góð skil í ritverkinu Saga Garðabæjar eftir Steinar J. Lúðvíksson sem kom út í fjórum bindum árið 2015.

Uppbygging í Garðabæ

Lega Garðabæjar á höfuðborgarsvæðinu og stór óbyggð svæði eru mikilvægar forsendur uppbyggingar fyrir atvinnustarfsemi og íbúðarbyggð. Í aðalskipulagi Garðabæjar er áætlað að árið 2030 geti íbúafjöldi nálgast 25 þúsund og undanfarið ár hefur íbúafjölgun í Garðabæ verið hlutfallslega meiri en á landsvísi og á höfuðborgarsvæðinu. Töluvert atvinnulíf er í Garðabæ og fjöldi öflugra fyrirtækja, smá sem stór. Helstu atvinnusvæðin í Garðabæ eru í Molduhrauni og Kaupúni en einnig eru þjónustu- og verslunarsvæði víðs vegar um bæinn. Mikil og fjölbreytt byggingaráform, íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, eru fyrirhuguð í Garðabæ næstu árin, þar má nefna svæði eins og miðsvæði Álftaness, Eskíás, Lyngásvæðið, Urriðaholt, Þorraholt, Hnoðraholt, Vetrarmýri og Arnarland.

Miklar framkvæmdir hafa átt sér stað á vegum Garðabæjar á undanförunum árum samhliða uppbyggingu nýrra hverfa, svo sem gatnaframkvæmdir, endurbætur á leik- og grunnskólum, uppbygging á nýju skólahúsnæði og uppbygging búsetuúrræða fyrir fatlað fólk. Á árinu 2020 var stærsta einstaka framkvæmdin áframhaldandi bygging fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri. Fjölnota íþróttahúsið verður með rými fyrir knattspyrnuvöll í fullri stærð og klifurvegg innanhúss auk upphitunaraðstöðu ásamt tilheyrandi stoðrymum og verður mikil lyftistöng fyrir íþrótt- og heilsueflandi starfsemi í bænum. Á árinu 2020 var einnig haldið áfram að klára smærri verkefni víðs vegar um bæinn sem íbúar bæjarins kusu í rafrænni íbúakosningu í lýðræðisverkefninu Betri Garðabæ. Með stækkandi bæ er mikilvægt að uppbygging þjónustu og atvinnulífs haldist í hendur við gæði mannlífs. Íbúar í Garðabæ eru almennt ánægðir með sveitarfélagið sem stað til að búa á skv. árlegri þjónustukönnun Gallup og í sömu könnun hefur mælst mikil ánægja með þjónustu sveitarfélagsins á heildina litið.

Góður bæjarbragur og fjölbreytt menningarlíf

Á Garðatorgi hefur mikil þróun átt sér stað með uppbyggingu nýs miðbæjar þar sem þjónusta, veitingastaðir, kaffihús og verslanir hafa bæst við þá starfsemi sem var fyrir. Veitingastaðir og kaffihús hafa einnig opnað á fleiri stöðum í bænum, s.s. á Álftanesi, Sjálandi og Urriðaholti. Í Garðabæ er mikið félagslíf og á fáum stöðum jafn mikill félagsauður samankominn þar sem íbúar á öllum aldri taka þátt í fjölbreyttu starfi hjá félagasamtökum, íþrótt- og tómsundafélögum. Bæjarbúar sem og aðrir gestir eru duglegir að sækja söfnin heim í Garðabæ. Hönnunarsafn Íslands er með aðsetur á Garðatorgi og er rekið af Garðabæ. Í safninu hafa verið fjölbreyttar sýningar og í anddyri safnsins hafa hönnuðir verið með vinnustofur þar



Við strandlengju Álftaness, Kasthúsatjörn í forgrunni. Fjaran og aðliggjandi sjávarsvæði eru sérstaklega áhugaverð til náttúruskoðunar svo sem fugla- og fjöruskoðunar. Ljós. Vigfús Birgisson.



Urriðaholt er eitt nýjasta hverfi Garðabæjar þar sem mikil uppbygging á sér stað. Hverfið er vistvottað með sjálfbærar ofanvatnslausir sem tryggja hringrás vatnsins í hverfinu svo lífríkið í kring raskist ekki og haldi áfram að dafna. Ljós. Vigfús Birgisson



Fjölnota íþróttahús í byggingu í Vetrarmýri. Ljós. Gunnar Richardson



Fólkvangurinn Hlið á Álftanesi var stækkaður og friðlystur í júní 2020. / Ljós. Umhverfisstofnun.



Bessastaðakirkja og forsetasetrið á Bessastöðum. / Ljós. Vigfús Birgisson.



Golf nýtur sífellt vaxandi vinsælda og í Garðabæ eru þrjú golfvelli. Hér eru börn og ungmenni við æfingar hjá GKG Ljós. Hulda Hauksdóttir.

sem hægt hefur verið að fylgjast með þeim að störfum. Bókasafn Garðabæjar er til húsa á Garðatorgi og í Álftanesskóla er útibú safnsins sem er rekið með skólasafninu og í undirbúningi er opnun útibús safnsins í Urriðaholtsskóla. Safnið hefur á undanförunum árum staðið fyrir fjölmörgum fræðslu- og menningarviðburðum sem hafa dregið aukinn fjölda Garðabæinga í safnið allan ársins hring. Fastir menningarviðburðir í Garðabæ á liðnum árum hafa meðal annars verið Jazzhátíð Garðabæjar, Menningaruppskeruhátíð Garðabæjar, Jónsmessugleði myndlistarfélagsins Grósku, Tónlistarveisla í skammdeginu, þátttaka í Vetrarhátíð, hátíðarhöld á sumardaginn fyrsta og 17. júní og aðventudagskrá. Á tímum COVID-19 var lögð sérstök áhersla á menningardagskrá fyrir leikskóla- og grunnskólanemendur með vinnusmiðjum og tónleikum og fjölmargir menningarþættir voru teknir upp og streymt af samfélagsmiðlum til íbúa sem sannarlega kunnu að meta það.

Metnaðarfullt skóla-, íþrótt- og tómstundastarf

Í Garðabæ eru átta grunnskólar, þar af eru tveir einkareknir. Urriðaholtsskóli er nýjasti skólinn en þar er samrekin leik- og grunnskóli. Garðabær hefur lagt áherslu á fjölbreytni í skólastarfi og foreldrar geta valið sjálfir þann skóla sem þeir telja að henta barni sínu best. Félagsmiðstöðvar fyrir elstu ungmenni grunnskólanna eru þrjár. Garðahraun er nýtt frístundaúrræði sem tók til starfa árið 2019 fyrir börn með sérþarfir í 5.-10. bekk þar sem markmiðið er að bjóða upp á fjölbreytt og skapandi tómstundastarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Mikilvægt er að hlúa að samstarfi skóla og foreldrasamfélagsins í Garðabæ og Grunnstöðir sem er skipað fulltrúum foreldrafélaga grunnskólanna í bænum hefur eftir rödd foreldra og tekið virkan þátt í að stuðla að betra skólasamfélagi. Fjöldi leikskóla í Garðabæ er 12 þar af eru 3 einkareknir. Nýjasti leikskólinn er ungbarnaleikskólinn Mánahvoll sem tók til starfa á árinu 2021 en einnig er í undirbúningi bygging nýs leikskóla í Urriðaholti. Í Garðabæ hefur verið unnið markvisst að því að geta boðið börnum leikskólaláss allt niður í 12 mánaða aldur við upphafi hvers skólaárs. Þróunarsjóðir leik- og grunnskóla voru settir á laggirnar fyrir nokkrum árum síðan og markmið þeirra er að stuðla að framþróun og öfluglu innra starfi skóla í Garðabæ. Í Tónlistarskóla Garðabæjar fer fram öflug tónlistarfræðsla þar sem boðið er upp á hljóðfæra- og söngnám við klassískar og rytmískar deildir. Starfsemi skólans fer fram við Kirkjulund, við Breiðmýri og einnig innan grunnskóla bæjarins. Einn framhaldsskóli er í bænum, Fjölbrotaskólinn í Garðabæ.

Öflugt íþrótt- og tómstundastarf er í bænum með fjölmörgum félögum, þar má nefna Ungmennafélagið Stjörnuna, Ungmennafélag Álftaness, Skátafélagin Vífill og Svanir, Klifið, golfklúbbana, hestamannafélög og mörg fleiri. Börn og ungmenni á aldrinum 5-18 ára í Garðabæ geta fengið árlega hvatapeninga til að lækka kostnað við skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf. Í Garðabæ eru reknar tvær sundlaugar fyrir almenning, Ásgarðslaug og Álftaneslaug, en auk þess eru kennslusundlaugar í Sjálandsskóla og í Mýrinni. Fjölmörg



17. júní hátíðarhöld í Garðabæ. Lúðrasveit Tónlistarskóla Garðabæjar leikur fyrir gesti og gangandi fyrir utan Hönnunarsafn Islands á Garðatorgi. / Ljós. Stefán Pálsson.



Í Garðabæ eru tvær almenningssundlaugar, Ásgarðslaug hér á mynd og Álftaneslaug. Við enduroppun Ásgarðslaugar eftir miklar endurbætur árið 2019 var skrifað undir samstarfssamning við embætti landlæknis um að Garðabær verði „Heilsuefandi samfélag“ og frá þeim tíma hefur verið ókeypis aðgangur í sund fyrir börn yngri en 18 ára í sundlaugar bæjarins. / Ljós. Vigfús Birgisson.



Íþróttamenn Garðabæjar árið 2020 voru Hilmar Snær Örvarsson skíðamaður og Ágústa Edda Björnsdóttir, hjólréiðakona. Þau eru fyrir miðju á mynd ásamt Gunnari Einarssyni bæjarstjóra og Björgu Fenger formanni íþrótt- og tólmundaráðs Garðabæjar.



Menningaruppskeruháttíð Garðabæjar. Frá vinstri: Gunnar Valur Gíslason, formaður menningar- og safnanefndar, Bjarnís Lárusdóttir nefndarmaður í menningar- og safnanefnd, Bjarni Thor Kristinsson óperusöngvari og bæjarlistamaður Garðabæjar 2020, Gunnar Einarsson bæjarstjóri og Hrannar Bragi Eyjólfsson nefndarmaður í menningar- og safnanefnd. Ljós. Leifur Wilberg Orrason.

Íþróttamannvirki eru í bænum með aðstöðu fyrir íþróttakennslu skólanna og starfsemi íþróttafélaga.

Velferð íbúa – heilsueflandi og barnvænt samfélag

Velferð íbúa á öllum aldri er eitt mikilvægasta verkefni sveitarfélagsins. Á árinu 2018 var undirritaður samstarfssamningur við Embætti landlæknis um að Garðabær verði „Heilsueflandi samfélag“. Verkefninu er ætlað að ná til allra aldurshópa í samfélaginu og stuðla að góðri heilsu, vellíðan og auknum lífsgæðum. Velferð barna í Garðabæ er verkefni sem hófst árið 2013 og stuðlar að samvinnu allra skólastofnana og íþrótt- og tólmundafélaga um heildstæða stefnu er varðar jafnrétti, kynheilbrigði og velferð barna. Á árinu 2020 bættist Garðabær í hóp sveitarfélaga sem ætla að verða „Barnvæn sveitarfélög“ með því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með markvissum hætti inn í starf sitt. Garðabær vinnur einnig að innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og hefur valið sér 38 undirmarkmið til að fylgja eftir. Forvarnavika Garðabæjar hefur verið haldin árlega í samvinnu skóla, félagsmiðstöðva og fleiri aðila þar sem boðið er upp á fjölbreytta dagskrá með mismunandi þemu hverju sinni. Götuvaktin er tilraunaverkefni félagsmiðstöðva Garðabæjar sem var nýlega sett af stað til að vera með virkt vettvangsstarf og mynda tengingar við unglingahópa utan hins hefðbundna starfsumhverfis

Garðabær og mannaúdurinn

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur haft viðtæk áhrif á starfsemi Garðabæjar frá upphafi árs 2020. Reynt hefur mikið á starfsfólk bæjarins við að halda úti órofinni þjónustu í mikilvægum málaflokkum á sviði velferðar- og félagsþjónustu og fræðslumála, s.s. þjónustu við fatlað fólk, barnavernd, þjónustu við eldri borgara og aðra stoðþjónustu auk leik- og grunnskólastarfs. Hjá Garðabæ eru um 1200 starfsmenn að jafnaði en yfir sumarmánuðina tvöfaldast sú tala með sumarstarfsfólki bæjarins. Í Ráðhúsi Garðabæjar starfa um 55 manns á bæjarskrifstofum Garðabæjar á fjórum sviðum, fjármála- og stjórnsýslusviði, fjölskyldusviði, fræðslu- og menningarsviði og tækni- og umhverfissviði. Bæjarstjóri Garðabæjar frá árinu 2005 er Gunnar Einarsson. Bæjarstjórn Garðabæjar er skipuð 11 fulltrúum og fer með stjórn bæjarins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Í sveitarstjórnarkosningum 2018 fékk D-listi Sjálfstæðisflokks 8 fulltrúa og G-listi Garðabæjarlistans 3 fulltrúa í bæjarstjórn Garðabæjar.

Garðabær er bær í vexti sem leggur mikið upp úr góðri þjónustu og traustum fjárhag. Bærinn hefur upp á margt að bjóða innan bæjarmarkanna, í verslun og þjónustu í nærumhverfi, afþreyingu og menningu og góðri aðstöðu til útivistar með göngustígum innanbæjar sem og stutt í náttúruperlur við sjávarsíðuna, við vötnin, í hrauninu og í upplandinu í Heiðmörk.



Hallfríður Ólafsdóttir (d. 2020), flautuleikari og höfundur bókanna um Maximús Músíkús, hlaut sérstaka heiðursviðurkenningu fyrir mikilvægt framlag til menningar og lista á menningaruppskeruháttíð Garðabæjar árið 2020. Ljós. Leifur Wilberg Orrason.



Sumarfjör á Garðatorgi, Ásgeir Ásgeirsson og félagar flytja jazzlög. / Ljós. Ólöf Breiðfjörð.



„Liðum liði og eflum styrk“ nefndist heilsueflandi verkefni fyrir eldri borgara í Garðabæ sumarið 2021. Ljós. Hulda Hauksdóttir



Bæjarstjórn Hafnarfjarðar 2018-2022. Efri röð frá vinstri: Kristín María Thoroddsen, Sigurður Þ. Ragnarsson, Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Jón Ingi Hákonarson, Adda María Jóhannsdóttir, Ólafur Ingi Tómasson og Friðbjófur Helgi Karlsson. Neðri röð frá vinstri: Ágúst Bjarni Garðarsson, Kristinn Andersen og Rósa Guðbjartsdóttir. Ljós. Lárus Karl Ingason.

Hafnarfjarðarbær



Hafnarfjörður er fallegur sjávarbær byggður í skeifu fyrir botni fjarðarins. / Ljós. Andri Þór Unnarsson.

Hafnarfjörður er fallegur sjávarbær með sérstæða og áhugaverða sögu. Í dag er Hafnarfjörður þriðja stærsta sveitarfélag landsins með rétt um 30.000 íbúa og hefur þrátt fyrir að hafa margfaldast í íbúafjölda síðustu áratugina haldið sínum einstaka bæjarbrag sem einkennist af hlýleika, iðandi mannlífi, blómstrandi menningu og atvinnublæ sem hefur þróast í takti við sköpun, þarfir og tækifæri tíðarandans. www.hafnarfjordur.is

Heillandi hafnarsvæði og lifandi miðbær

Eitt af sérkennum Hafnarfjarðar er heillandi hafnarsvæðið, allt frá Suðurbakka og Óseyrarsvæði til Flensborgarhafnar. Þar er vinsæl smábátahöfn, siglingaklúbbur og á bökkunum umhverfis höfnina blómstra einrykjar og lítil fyrirtæki í gömlum verbúðum við Fornubúðir og allt upp í fyrirtæki með fjölda manns í vinnu eins og Hafrannsóknarstofnun. Þar er einnig heimahöfn rannsóknaskipa stofnunarinnar og Hafnarfjarðarhafnar sem er ein helsta þjónustuhöfn landsins fyrir skip, útgerðir og fyrirtæki í hafsækinni starfsemi. Atvinnustarfsemi bæjarins er afar fjölbreytt og teygist út í öll hverfi bæjarins, enda hefur uppbygging innan ólíkra hverfa verið hröð og kallað á aukna þjónustu. Má þar t.d. nefna Hellnahverfið við hlið Vallahverfis sem er að koma sterkt inn með fjölbreytta og ólíka starfsemi.

Lifandi miðbærinn og blómstrandi Norðurbakkinn eru kjarninn sem faðmar Fjörðinn og þar má m.a. sjá mörg falleg hús teiknuð af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, frá fyrri hluta 20. aldar. Jafnframt státar Hafnarfjörður af stærstu samfelldu byggð bárujárnsklæddra timburhúsa á Íslandi. Í miðbænum hefur verslun og þjónusta vaxið mikið á skömmum tíma með tilkomu m.a. sérvöruverslana og smákaupmanna sem leggja áherslu á umhverfisvernd og plastlausan lífstíl. Einnig eru þar rótgróin áratuga gömul og vinsæl fyrirtæki þar sem eigendurnir eru í nánast öllum tilfellum sjálfir við þjónustu og afgreiðslu. Þessi bæjarhluti iðar af mannlífi allan ársins hring, enda margt fallett að sjá og njóta, með Hamarinn sem gnæfir yfir byggðinni, skrudgarðinn Hellisgerði og fuglalíf á Hamarskotslæk. Þá hafa ný hverfi sprottið upp og/eða stækkað samhliða mikilli uppbyggingu og fjölgun íbúa.

Sérstæð og áhugaverð saga

Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi 1. júní árið 1908 og þá voru íbúar 1469 talsins. Þá var ekkert skipulag á byggðinni og fáar götur í bænum, aðallega Strandgata og Reykjavíkurvegur. Að öðru leyti voru slóðar og stígar. Byggð varð til í kringum sjósókn, verslun og siglingar og bærinn varð snemma á öldum einn helsti verslunar- og hafnarbær landsins. Fyrsta almennings-rafveitan á Íslandi var sett upp árið 1904 í Hafnarfirði af Jóhannesi Reykdal. Íslenskur kaupmaður, Bjarni riddari Sívertsen, átti drýgstan þátt í uppgangi Hafnarfjarðar í kringum aldamótin 1800 og rak þar mikla verslun, gerði út mörg þilskip og setti á stofn skipasmíðastöð. Talað hefur verið um hann sem föður Hafnarfjarðar.

Hafnarfjörður er byggður að miklum hluta til á hrauni sem rann fyrir 8.000 árum úr Búrfellsgíg skammt norðaustur frá Kaldárseli til suðurs og suðvesturs. Veigamesti hraunstraumurinn er



Hafnarfjörður státar af stærstu samfelldu byggð bárujárnsklæddra timburhúsa á Íslandi. Ljós. Andri Þór Unnarsson.



Sundlaugarnar í Hafnarfirði eru þrjár talsins og allar hafa bær sín sérkenni og sjarma. / Ljós. Hjörleifur Jónsson.

Framhald á næstu opnu →

kallaður Hafnarfjarðarhraun og landslag sveitarfélagsins er umlukið mosagrónu hrauni sem setur sterkan svip á byggðina. Lengi hafa menn trúað því að í Hafnarfjarðarhrauni leynist huliðsvættir sem ekki er öllum gefið að sjá en hafa lifað í sátt og samlyndi við menn og dýr. Að flatarmáli er landsvæði Hafnarfjarðar 143,3 km².

Heilsubærinn - andleg og líkamleg vellíðan

Heilsubærinn Hafnarfjörður er falletgur bær frá náttúrunnar hendi og óspillt náttúra bæjarlandsins er nýtt til útivistar, hreyfingar og fræðslu. Stakstæð fell eru áberandi kennileiti og má þar nefna Helgafell, Valahnjúka og Ásfjall, sem stendur næst byggðinni. Landslagið er afar fjölbreytilegt og þar finnast sérstæð náttúrufyrirbrigði og áhugaverðir staðir, s.s. Krýsuvík, Valaból, Hvaleyrarvatn, Höfðaskógur og Kleifarvatn. Einnig er vinsæl gönguleið umhverfis Ástjörn og Viðistaðatún nýtt á marga vegu, enda nægt pláss þar og góð aðstaða.

Árið 2015 gekk Hafnarfjarðarbær til samninga við Embætti landlæknis um að gerast Heilsueflandi samfélag. Sveitarfélagið ásetti sér að stuðla að aukinni andlegri og líkamlegri vellíðan íbúa á öllum aldri með heilsueflandi aðgerðum til frambúðar, s.s. að efla opin svæði og göngu- og hjólastíga, jafna aðgengi allra og hvetja íbúa til að neyta hollrar fæðu. Samstarf var aukid við félagasamtök, fagfólk, áhugafólk og heilsugæslu og byggður upp samstarfsvettvangur viðkomandi aðila þar um, með þátttöku ungmennaráðs, öldungaráðs, ráðgjafaráðs og fjölmenningsráðs. Lífsgæðasetur St. Jó var opnað í september 2019 í því reisulega húsnæði sem áður hýsti St. Jósefsspítala. Þar starfar fjöldi fyrirtækja sem á það sammerkt að bjóða upp á þjónustu sem eflir og eykur heilsu og lífsgæði. Þetta fallega hús hefur þannig fengið nýtt og mikilvægt hlutverk í að skapa Hafnarfirði sérstöðu sem heilsueflandi samfélag. Frítt er í sund fyrir börn og ungmenni 17 ára og yngri auk þess sem veittir eru styrkir til frístundastarfs fyrir 6-17 ára og eldri borgara. Rík áhersla er einnig lögð á andlega hressingu og félagsleg tengsl og þar spila menningarstofnanir sveitarfélagsins stórt hlutverk með heilsueflandi viðburðum og sýningum.

Í Hafnarfirði eru þrjár sundlaugar, um 25 íþróttafélög og 64 leik- og sparkvellir. Bærinn er búinn fjölda falletgra göngu-, hlaupa- og hjólaleiða víða í bæjarlandinu og hefur áhugi á útivist aukist hratt á undanförunum árum. Árið 2019 gekk Hafnarfjarðarbær til liðs við Grænni byggð, samstarfsvettvang fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga sem vilja stuðla að sjálfbærni í hinu byggða umhverfi og vistvænum áherslum í uppbyggingu. Leiðanet Strætó Bs. í Hafnarfirði var breytt og bætt á árinu 2020 og þar með stigið fyrsta skrefið í átt að nýju leiðaneti Strætó og Borgarlínu.

Skólabærinn - skapandi skólastarf

Í Hafnarfirði eru 2 framhaldsskólar, 11 grunnskólar, 18 leikskólar, tónlistarskóli og Tæknifræðisetur Háskóla Íslands. Hafnirskt skólastarf einkennist af krafti og samheldni skapandi starfsfólks á öllum skólastigum og öflugu samstarfi skólasamfélagsins. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar



Í lok árs er hvert er íþróttafólk Hafnarfjarðar valið. Guðrún Brá Björgvinsdóttir kyllingur frá Keili og Anton Sveinn McKee sundmaður úr SH voru íþróttafólk Hafnarfjarðar 2020. Ljós. Andri Ómarsson.



Heilsuleikar í Kaplarkrika árið 2017 mörkuðu formlegt upphaf heilsueflandi samfélags í Hafnarfirði. / Ljós. Árdís Ármannsdóttir.



Skapandi skólastarf fer fram innan allra skólastiganna í Hafnarfirði með virkri þátttöku alls skólasamfélagsins. Ljós. Árdís Ármannsdóttir.



Vikingahátíð hefur verið haldin dagana í kringum 17. júní í rúm 20 ár. / Ljós. Andri Ómarsson.



Árlega er bæjarlistamaður Hafnarfjarðar valinn. Björk Jakobsdóttir fjöllistakona hlaut titilinn 2019. Ljós. Árdís Ármannsdóttir.



Menningarstofnanir bjóða upp á skemmtun og upplifun m.a. í formi tónlistar. / Ljós. Andri Þór Unnarsson.

skipa mikilvægan sess í skólalífi bæjarins. Ungmennahúsið Hamarinn starfar fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára í gömlu skattstofunni að Suðurgötu 14. Þar er starfað eftir gildum jafnréttis, vináttu og vellíðunar og boðið upp á fjölbreytta fræðslu, hvatningu og samveru í jákvæðu félagslegu umhverfi og aðstoðað með viðeigandi ráðgjöf og þjónustu fagaðila, t.d. sálfræðinga ef þess er óskað. Eilítið sérhæfðara ungmennahús, Músík og Mótor, er starfrækt að Dalshrauni 10. Félagsmiðstöð fyrir 13-20 ára sem snýst annars vegar um viðgerðir á hvers kyns tækjum og tólum og hins vegar aðstöðu fyrir tónlist og æfingar. Þá fer það fram skipulagt starf fyrir ungt fólk á flóttu og ungt fólk af erlendum uppruna.

Í Hafnarfirði eru íþróttir og tómsundur stundaðar af kappi og talað hefur verið um að a.m.k. helmingur bæjarbúa æfi ýmist með einhverjum af þeim 25 íþróttafélögum sem starfandi eru innan sveitarfélagsins eða leggi stund á einhvers konar tómsundur, s.s. tónlist, skátastarf og fleira. Bæjaryfirvöld og starfsfólk sveitarfélagsins eru mjög meðvituð um að öflugt íþróttastarf sé um leið mikilvægt forvarnarsurf og markvisst hefur m.a. verið lögð áhersla á að reyna að ná til barna af erlendu bergi brotnu og þeirra sem koma frá tekjulægri heimilum. Foreldrarölt út frá hverjum skóla spilar einnig mikilvægt hlutverk í stóra samhenginu, sem og allt gott samstarf skóla og forráðamanna nemenda.

Velferðarþjónusta - öflugt og aðlagð samfélag

Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á öfluga velferðarþjónustu. Tekur þjónustan mið af þörfum einstaklinga hverju sinni og koma notendaráð að mótun hennar. Hafnarfjarðarbær hefur verið leiðandi í mótun þjónustu við fjölskyldur og börn og hefur verklag Brúarinnar verið þróað sem felur í sér snemmtækan stuðning við börn, samþættingu og stigskiptingu þjónustunnar. Samvinna sviða, skóla, stofnana og fagfólks sem kemur að vinnu með börnum og fjölskyldum er þar lögð til grundvallar. Hafnarfjarðarbær og UNICEF á Íslandi skrifuðu undir samstarfssamning í mars 2019 um innleiðingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stefnir að því að hljóta viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag UNICEF.

Sólvangsreiturinn er að verða vettvangur nýsköpunar og framþróunar í þjónustu við eldri borgara og hefur mikil uppbygging verið í þjónustu á svæðinu. Þar hófst rekstur nýs hjúkrunarheimilis sumarið 2019. Í eldra húsnæði Sólvangs er rekin almenn dagdvöl fyrir eldri borgara og dagþjálfun fyrir heilabílaða tekur til starfa í byrjun sumars 2021. Unnið er að nýrri tegund þjónustu í eldra húsnæði Sólvangs en þar verða 11 hjúkrunarrými og 39 endurhæfingar- og skammtímarými. Þannig má segja að í hjarta bæjarins er að verða til fjölþætt þjónusta fyrir eldri borgara þar sem stutt er við íbúa til að lifa sjálfstæðu lífi á eigin heimili. Mikil áhersla hefur einnig verið á heilsuefingu fyrir 65 ára og eldri íbúa og er komin góð reynsla á svokallað Janusarverkefni sem eykur lífsgæði eldra fólks. Hafnarfjarðarbær hefur skrifað undir samkomulag við Alzheimersamtökin um að gerast Styðjandi samfélag sem felur í sér að vinna saman að innleiðingu á samfélagi sem er vinveitt, styðjandi og meðvitað um þarfir fólks með heilabilun. Á árinu 2021 munu hvorutveggja Alzheimersamtökin og Parkinsonsamtökin flytja



Hellisgerði er skruðgarður Hafnirðinga. Skemmtilegur heim að sækja að sumri jafnt sem vetri. Ljós. Andri Þór Unnarsson.

Framhald á næstu opnu →

starfsemi sína í Lífsgæðasetur St. Jó og byggja þar upp þjónustumiðstöð og dagdvalarrými. Markviss uppbygging hefur verið í þjónustu við fatlað fólk frá því að málaflokkurinn kom til sveitarfélagsins. Búsetukjarnar hafa risið, vinnu- og virkniúrræði bæði fyrir börn og fullorðna verið sett á laggirnar, dagþjónusta fyrir geðfatlaða verið eflað o.fl. Nýsköpun í þjónustu hefur verið einkennandi fyrir uppbygginguna og sveitarfélagið tekið á móti viðurkenningum bæði hérlendis og erlendis vegna þeirra úrræða.

Menningarbærinn - listin auðgar andann

Hafnarfjörður er vinsæll meðal Íslendinga og aðsókn erlendra ferðamanna til bæjarins hefur aukist jafnt og þétt. Byggt hefur verið upp fjölbreytt verslun og þjónusta fyrir heimafólk og vini Hafnarfjarðar, s.s. fjöldi veitingastaða og kaffihúsa um allan bæ með sinn sjarma og sérstöðu. Boðið er upp á fjölda viðburða og skemmtana sem laða að fjölda gesta sem kunna vel að meta fjölbreytileikann í menningarlífi bæjarins. Ýtt er undir einstaklingsframtakið og fjölbreytileikann með veitingu menningarstyrkja til verkefna og viðburða á heimavelli. Bæjarbío, Gaflaraleikhúsið, Leikfélag Hafnarfjarðar, Lúðrasveit Hafnarfjarðar og fjöldi kóra skipa stóran sess í menningarlífi bæjarins. HEIMA hátíðin er haldin síðasta vetrardag, Sönghátíð í Hafnarborg að sumri og Hjarta Hafnarfjarðar, lengsta tónlistarhátíð landsins er haldin í Bæjarbío yfir hásumarið. Bygðasafn Hafnarfjarðar, Hafnarborg og Bókasafn Hafnarfjarðar eru vinsælir viðkomustaðir þeirra sem vilja drekka í sig sögu og menningu Hafnarfjarðarbæjar, en frítt er inn á öll söfn. Fornri menningu landnámsmanna og víkinga má kynnst í víkingaveislum Fjörukrárinnar og á víkingahátíðum. Þá er lista- og menningarhátíðin Bjartir dagar haldin ár hvert í tengslum við Sumardaginn fyrsta og á aðventunni heimsækja fjölmargir jólaborpið sem hefur notið sívaxandi vinsælda og Hafnarfjörður stimplað sig inn sem jólabærinn í hug og hjörtu Hafnirðinga og vina Hafnarfjarðar. Ekki má heldur gleyma alþjóðlega höggmyndagarðinum á Víðistaðatúni.

Snjallbærinn - snjallar og nýjar lausnir

Árið 2020 voru tekin ákveðin skref í að gera Hafnarfjarðarbæ enn snjallari en lögð hefur verið mikil áhersla á að umbylta rafrænni þjónustu sveitarfélagsins. Upplýsingatækni er nýtt til að bæta gæði og skilvirkni þjónustunnar, stytta boðleiðir og afgreiðslutíma og koma á enn betri samskiptum við íbúa og fyrirtæki. Vefur bæjarins tekur á allri starfsemi sveitarfélagsins og er áhersla lögð á einfalt aðgengi að mikilvægum og hagnýtum upplýsingum á mörgum tungumálum m.a. með öflugri leitarvél, reiknivélum, kortavef og greiðum aðgangi að starfsfólki í gegnum síma, tölvupóst, netspjall og samfélagsmiðla.

Snjöll innleiðing nær líka til umhverfisins. Þannig hefur t.a.m. veðurstöð verið komið upp í miðbæ Hafnarfjarðar sem birtir rauntíma upplýsingar um úrkomu, vindátt, vindhraða, svikryksmengun, uppgufun, sólargeislun og loftþrýsting auk veðurspár. Færanlegir loftgæðamælur eru nýttir innanhúss svo að hægt sé að bregðast fljótt og örugglega við



Jólaborpið í Hafnirði er orðið ómissandi og hlýlegur hluti af aðventunni hjá mörgum. / Ljós. Andri Ómarsson.



Smákaupmenn með umhverfisvænar áherslur eru meðal þeirra sem hreiðrað hafa um sig í Hafnirði undanfarnar ár. Ljós. Andri Þór Unnarsson.



Afleysa, fresta og/eða endurskipuleggja þurfti nær alla viðburði ársins 2020. Á þjóðhátíðardaginn 17. júní voru íbúar hvattir til að halda sína eigin heimahátíð. / Ljósm. Ólafur Már Svavarsson.



Í gömlu verbúðunum fer nú fram sköpun, hönnun, verslun og þjónusta í námunda við sjávarlíminn. / Ljósm. Olga Björt Þórðardóttir.



Hvaleyjarvatn býður upp á mikla möguleika og er mikið notað af Hafnirðingum og vinum Hafnarfjarðar til útivistar. Ljósm. Árdís Ármannsdóttir.

aðstæðum sem kynnu að hafa áhrif á loftgæði auk þess sem skynjurum hefur verið komið fyrir í völdum ruslatunnum sem lið í tilraunaverkefni. Öll þessi snjalla innleiðing felur í sér hagræðingu og sparnað og er til þess fallin að auka skilvirkni og bæta þjónustu.

COVID-19 og Hafnarfjarðarbær

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur haft víðtæk áhrif á Hafnarfjarðarbær og reynt mikið á framvarðasveit sveitarfélagsins m.a. í félagsþjónustu og menntamálum og þannig á nærþjónustuna, þ.m.t. þjónustu við eldri borgara, fatlað fólk og barnavernd svo fátt eitt sé nefnt. Hjá bænum lögðust allir á eitt við að forgangsraða verkefnum, verja grunnstoðir samfélagsins og halda úti samfélagslega mikilvægri þjónustu og starfsemi á öllum viðbragðsstigum. Stjórnendur og starfsfólk búsetukjarna, skóla, heimila og stofnana virkjuðu sínar viðbragðsáætlanir og gripu til samræmdra aðgerða í takt við tilmæli og leiðbeiningar Landlæknis, sóttvarnalæknis og almannavarna. Einnig var brugðist við afleiðingum COVID-19 faraldursins með aðgerðaáætlun þar sem heilsa og velferð íbúa og starfsfólks Hafnarfjarðarbæjar var sett í forgang og létt á greiðslubyrði íbúa og fyrirtækja. Áhersla var lögð á að hraða skipulagsvinnu á uppbyggingarsvæðum og að auka viðhald, framkvæmdir og uppbyggingu innviða. Komið var til móts við íþrótt- og tómstundafélög í bænum til að verja rekstur þeirra og starfsemi. Leitað var leiða til þess að standa vörð um menningar- og listalíf bæjarins og að efla skapandi greinar á fordæmalausum tímum.

Fjölbreytni í mannauði og verkefnum

Hafnarfjarðarbær er langstærsti vinnustaður Hafnarfjarðar. Þar starfa um 2.200 manns, þar af um 850 háskólamenntaðir starfsmenn í um 100 grunnstarfsheitum á um 70 starfsstöðvum auk fjölda sumarstarfa. Fjölbreytnin er mikil, bæði í mannauði og verkefnum. Hafnarfjarðarbær er áhugaverður og góður vinnustaður sem dregur að, eflir og heldur í hæft og áhugasamt starfsfólk. Þar er lögð áhersla á að skapa starfsumhverfi með tækifærum til aukinnar þekkingar, þróunar og að starfsfólk fái hvatningu til að sýna frumkvæði og njóta sín í starfi. Um árabíl hefur starfsfólk í leikskólum bæjarins fengið námsstyrki frá bænum til að stunda nám í leikskólakennarafræðum og mikil áhersla lögð á að styðja vel við nýliðun og nám í faginu. Þannig eru tækifæri og möguleikar opnir ófaglærðu starfsfólki. Ákveðin fríðindi fylgja því að starfa hjá bænum, s.s. frítt í sund, bókasafnskort, líkamsræktarstyrkur og samgöngusamningar. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skipa 11 fulltrúar. Frá árinu 2018 skipa meirihluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Markmið Hafnarfjarðarbæjar er og hefur ávallt verið að standa við vörð um velferðar- og grunnþjónustu samhliða því að standa við félagslegar og fjárhagslegar skuldbindingar.



Hraun setur sterkan svip á byggðina í Hafnarfirði. / Ljósm. Andri Þór Unnarsson.

Huggulegasti heimabær höfuðborgarsvæðisins

Hafnarfjörður er huggulegur bær sem hefur allt til alls. Innan bæjarmarkanna er í boði fjölbreytt verslun og þjónusta, menningarlíf og afþreying og fullkomin aðstaða til útivistar bæði miðsvæðis og í upplandinu. Undanfarin ár hefur fjöldi nýrra þjónustuaðila og verslana séð tækifæri til opunar og vaxtar í stækkandi samfélagi sem mun eflast og stækka enn frekar á komandi árum með uppbyggingu byggðar m.a. í Skarðshlíðarhverfi og Hamranesi, við Hraun-vestur, á hafnarsvæðinu og víðar. Heim til Hafnarfjarðar eru allir velkomnir.



Á hafnarsvæðinu er vinsæl smábátahöfn og siglingaklúbbur auk einyrkja, smærri og stærri þjónustufyrirtækja. Ljósm. Árdís Ármannsdóttir.





Gamli barnaskólinn Ásgarður og veiðhúsið við Laxá í Kjós.

Kjósarhreppur

Kjósarhreppur er sveitarfélag á suðvesturlandi og er um 302 ferkílómetrar að stærð og liggur í norðanverðri Kjósarsýslu. Hreppurinn liggur að Reykjavík, Mosfellsbæ, Bláskógabyggð og Hvalfjarðarsveit. Kjósarsýsla var á öldum áður minnsta sýsla á Íslandi mæld 664 í ferkílómetrum. Á árinu 1754 var Kjósarsýsla sameinuð Gullbringusýslu og nefnd Gullbringu- og Kjósarsýsla. Með stjórnun hreppsins fara fimm kjörnir hreppsnefndarmenn og hafa sér til ráðgjafar fimm starfsnefndir. Finna má allar helstu upplýsingar um sveitarfélagið á www.kjos.is

Um sveitarfélagið

Íbúar í Kjósarhreyppi voru um 450 um aldamót 19. og 20. aldar, um 144 um síðustu aldamót en nú eru þeir um 250 í lok árs 2020. Stundum er talað um Kjósina sem „sveit í borg“ vegna nálægðarinnar við höfuðborgarsvæðið. Fjárhagsleg staða sveitarfélagsins er góð og hefur hreppurinn með ágætum sinnt skyldum sínum við íbúa í samræmi við lög og reglur. Hreppurinn er í samstarfi við Mosfellsbæ um félagsþjónustu og við Reykjavíkurborg um skólaþjónustu. Fyrir um tólf árum var hafist handa í Kjósarhreyppi við leit að heitu vatni fyrir hitaveitu í hreppnum. Heitt vatn fannst í landi Möðruvalla, jörð í eigu hreppsins. Á árinu 2015 var byrjað á umfangsmiklum framkvæmdum við lagningu hitaveitu og ljósleiðara í sveitarfélaginu. Þessum framkvæmdum er nú að mestu lokið en nýjir notendur tengjast reglulega veitukerfunum. Notendur eru nú um 600 á lögbýlum og íbúðarhúsum, í frístundahúsum og atvinnurekstri. Fjárfesting sveitarfélagsins í veituf framkvæmdunum nam um 1,3 milljörðum.

Börnin í hreppnum sækja Klébergsskóla á Kjalarnesi. Ásgarður, gamli barnaskólinn, var lagður niður sem skóli á árinu 2002 en hýsir nú m. a. skrifstofur hreppsins og bókasafn. Félagshemili sveitarinnar er Félagsgarður. Þar eru haldnir viðburðirnir „Kátt í Kjós og Aðventumarkaðurinn“. Sveitarfélagið Kjós er landbúnaðarhérað með landbúnað sem aðalatvinnugrein. Nautgripærækt, mjólkurframleiðsla, sauðfjárrækt, hrossarækt, alifulgarækt og skógrækt hefur um áronna rás verið stunduð í sveitarfélaginu. Mikil gróska á sér nú stað í sveitarfélaginu. Uppbygging í ferðaþjónustu hefur átt sér stað og áform er um frekari metnaðarfullar framkvæmdir. Á veitingastaðnum Kaffi Kjós er einnig rekin lítill verslun. Kirkja og kirkjugarður er á Reynivöllum og dýrkirkjugarður er á Hurðarbaki. Kristilegu félagsamtökin KFUK eru með aðsetur í Vindáshlíð og þar er einnig lítill kirkja.

Það var feegurðin ein, fjöllin, vötnin, árnar, fossar og fyrnindi sem horfðu við Ingólfi Arnarsyni er hann nam land í Kjósinni fyrir mörgum öldum eftir að öndvegissúlurnar vísuðu honum leið. Frá þeim tíma hefur mannlífið þróast í Kjósinni í aldanna rás, oftast við kraft, ánægju og gleði.



Kjós.



Lagning hitaveitu.



Hátiðarhöld á 17. júní og Meðalfellsvatn.



Uppbyggingarsjóður Vesturlands úthlutar styrkjum.
Frá úthlutunarhátið uppbyggingarsjóðs Vesturlands.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi SSV



50 ára afmæli SSV sem fagnað var í nóvember 2019.
Á myndinni er Páll Snævar Brynjarsson núverandi framkvæmdastjóri SSV og Guðjón Ingví Stefánsson fyrsti framkvæmdastjóri SSV.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) voru stofnuð á grundvelli sveitarstjórnarлага árið 1969 á svæði hins gamla Vesturlandskjördæmi. Starfssvæðið nær því frá Hvalfirði í suðri að Gilsfirði í norðri. Við stofnun samtakanna stóðu 39 sveitarfélög að SSV, en eru nú 10. Þau eru; Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Dalabyggð, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur. Íbúaföldi á Vesturlandi árið 2020 var 16.662.

Stjórn SSV er skipuð 12 fulltrúum, sveitarfélögin á Vesturlandi eiga öll einn fulltrúa í stjórn en fjölmennustu sveitarfélögin tvö, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð, eiga tvo fulltrúa. Í árslok 2020 eru 12 starfsmenn hjá SSV í 10 stöðugildum.

Starfsemin

SSV hefur frá stofnun unnið að ýmsum hagsmunamálum fyrir Vesturland, auk þess að sinna ýmiskonar hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi. Í auknum mæli hefur SSV orðið sameiginlegur vettvangur sveitarfélaganna fyrir stefnumótun. Á vettvangi SSV hefur t.a.m. verið unnin sameiginleg samgönguáætlun þar sem sveitarfélögin hafa forgangsraðað helstu framkvæmdum og talað einum rómi um þær, unnin hefur verið velferðarstefna og menningarstefna og svo mætti áfram telja.

Atvinnuráðgjöf, Áfangastaðastofa og Sorpurðun Vesturlands

Árið 1981 var Atvinnuráðgjöf Vesturlands stofnuð undir hatti SSV og hefur verið rekin sem slík síðan. Starfsemi atvinnuráðgjafar byggir á samningi við Byggðastofnun sem kveður á um hlutverk hennar hvað viðkemur byggðaþróun og þjónustu við atvinnulíf á Vesturlandi. Atvinnuráðgjöfin hefur því veitt sveitarfélögum, fyrirtækjum og íbúum á Vesturlandi ýmiskonar þjónustu og ráðgjöf í gegnum árin. Árið 2020 var gerð sú breyting á starfsemi SSV að markaðsmál og annar stuðningur við ferðaþjónustu á Vesturlandi sameinaðist starfsemi SSV við stofnun Áfangastaðastofu Vesturlands. Helstu verkefni hennar eru; gerð og framkvæmd áfangastaðáætlunar Vesturlands, aðkoma að stefnumótun fyrir ferðaþjónustuna á landsvísu, stuðla að vörupróun og nýsköpun, sinna svæðisbundinni markaðssetningu í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila og veita þessum aðilum liðsinni í ýmsum málum. Frá stofnun Sorpurðunar Vesturlands árið 1998, sem er í eigu sveitarfélaganna á Vesturlandi, hefur SSV þjónustað stjórn fyrirtækisins og starfsmaður á vegum SSV veitt starfseminni forstöðu. Sorpurðun Vesturlands rekur urðunarstað fyrir landshlutann í Fiflholtum á Mýrum og sinnir úrgangsmálum í samstarfi við sorpsamlög á suðvesturhorni landsins.

Sóknaráætlun Vesturlands

Sóknaráætlanir landshluta hafa próast á undanförunum 10 árum yfir í að verða eitt helsta stuðningstæki fyrir byggðaþróun í landshlutunum ásamt byggðaáætlun. Í lögum um byggða- og sóknaráætlanir frá árinu 2015 er kveðið á um hlutverk landshlutasamtaka varðandi vinnu



Frá tónlistarviðburði í Einkunum við Borgarnes, sem styrktur var af Sóknaráætlun Vesturlands.



Guðlaug á Akranesi.

og framkvæmd sóknaráætlunar, en SSV ber ábyrgð á framkvæmd Sóknaráætlunar Vesturlands. Segja má að verkefni sóknaráætlunar séu þrjúþætt; stefna til sóknar fyrir Vesturland, umsjón með Uppbyggingarsjóði Vesturlands sem veitir styrki til menningarmála og nýsköpunar í atvinnulífi og framkvæmd sérstakra áhersluverkefna sem eiga að yta undir jákvæða þróun byggðar.

Framtíðin

Þegar lítið er yfir farinn veg er ljóst að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa verið þátttakendur í mörgum mikilvægum verkefnum fyrir framþróun landshlutans. Það er von okkar að svo verði áfram og við erum reiðubúin til þess að taka við verkefnum framtíðarinnar.



Fræðsluferð sveitarstjórnarmanna af Vesturlandi til Danmerkur 2019. Frá vinstri: Linda B. Pálsdóttir, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveit, Silja Steingrímsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi Borgarbyggð Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, forseti bæjarstjórnar í Stykkishólmi, Bára Daðadóttir, bæjarfulltrúi á Akranesi, Júniana Óttarsdóttir, formaður bæjarráðs í Snæfellsbæ, Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri í Grundarfirði, Svandís Sigurðardóttir, bæjarfulltrúi í Snæfellsbæ, Einar Brandsson, bæjarfulltrúi á Akranesi, Magnús Smári Snorrason, sveitarstjórnarfulltrúi í Borgarbyggð, Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akranesi, Brynja Þorbjarnardóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Hvalfjarðarsveit, Vífill Karlsson, atvinnuráðgjafi SSV, Steinunn Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi í Stykkishólmi, Guðveig Eyglóardóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Borgarbyggð, Kristján Sturluson, sveitarstjóri í Dalabyggð, Björn Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar í Snæfellsbæ, Lijja B. Ágústsdóttir, forseti sveitarstjórnar í Borgarbyggð og núverandi formaður SSV, Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ, Eggert Kjartansson, oddviti í Eyja- og Miklaholtshreppi, Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV, Elsa Lára Arnardóttir, formaður bæjarráðs á Akranesi.



Starfsfólk Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.
Frá vinstri: Árni Gunnarsson, heilbrigðisfulltrúi,
Ása Hólmarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi og
Þorsteinn Narfason, framkvæmdastjóri.



Viðbragðsaðilar á vettvangi mengunarslyss á Akranesi.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands



Helgi Helgason, fyrrverandi framkvæmdastjóri.



Sjósýnataka á Langasandi á Akranesi vegna bláfánaverkefnis.



Sýnataka og mæling á gæðum neysluvatns.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands sem er eitt af tíu heilbrigðiseftirlitssvæðum á landinu var stofnað árið 1999 af sveitarfélögum á Vesturlandi. Árið 2020 er því 21. starfsár stofnunarinnar. Starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins sjá um daglegan rekstur heilbrigðiseftirlitsins og vinna þeir í umboði heilbrigðisnefndarinnar. Þeir sinna m.a. reglubundnu eftirliti og eftirfylgni með þeim úrbótum sem krafist er. Hlutverk heilbrigðiseftirlits er mjög fjölbreytilegt og spannar löggjöf sem snýr að matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum í landi og að stórstraumsfjörumörkum. Einnig sinna starfsmenn eftirliti skv. löggjöf sem snýr að veitinga- og gististarfsemi og tóbaksvörnum.

Heilbrigðisnefnd og starfsfólk

Heilbrigðisnefnd er staðbundið yfirvald á sínu sviði. Ákvarðanir nefndarinnar eru endanlegar í stjórnslunni sem þýðir að þær eru ekki bornar undir sveitarstjórnir. Í Heilbrigðisnefnd Vesturlands eru sjö fulltrúar, þar af fimm kosnir af sveitarstjórnnum og einn tilnefndur af samtökum atvinnulífs á svæðinu. Auk þess á fulltrúi náttúruverndarnefnda áheyrnarrétt til setu á fundum nefndarinnar. Í Heilbrigðisnefnd Vesturlands sitja: Karítas Jónsdóttir, formaður, Auður Kjartansdóttir, Brynja Þorbjörnsdóttir, Jakob Björgvin Jakobsson og Silja Eyrún Steingrímsdóttir tilnefnd af sveitarstjórnnum, Trausti Gylfason tilnefndur af atvinnulífi og Ragnhildur Sigurðardóttir tilnefnd af náttúruverndarsamtökum. Starfsmenn eftirlitsins eru þrír, Árni Gunnarsson heilbrigðisfulltrúi, Ása Hólmarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi og Þorsteinn Narfason, framkvæmdastjóri sem hóf störf í byrjun september 2020. Helgi Helgason, framkvæmdastjóri lét af störfum í lok apríl 2020 eftir 36 ára starf.

Staða heilbrigðisnefnda í stjórnslunni

Verkefni heilbrigðisnefnda sem snúa að matvælum falla undir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og hefur Matvælastofnun yfirumsjón með málaflöknum. Mengunarvarnir og hollustuháttamál heyra undir Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og hefur Umhverfisstofnun yfirumsjón með þeim málum. Víðtækt samstarf er á milli aðila sem koma að borðinu m.a. til að samræma vinnubrögð og móta stefnu.

Starfsleyfi

Alls er 771 starfsleyfisskilt fyrirtæki á skrá hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Í starfsleyfum fyrirtækjanna er settur rammi utan um starfsemina eins og við á með tilvísun í löggjöf sem fyrirtækjunum ber að starfa eftir. Á bak við hvert fyrirtæki getur verið margþætt starfsemi sem þarf að fá eftirlit. Í leikskóla þarf til að mynda að taka út skólahúsnæði, mötuneyti og útileiksvæði. Heilbrigðiseftirlitið hefur einnig eftirlit með tímabundinni starfsemi, s.s. niðurrífi húsa og með færanlegri starfsemi eins og gæti átt við um malbikunarstarfsemi og matarvagna. Þá hefur heilbrigðiseftirlitið með höndum skoðun húsnæðis, s.s. vegna heilsuspillandi aðstæðna.



Drónaflug við Grímsá vegna fráveitumála.

Eftirlitsverkefni

Lögbundnu eftirliti er sinnt skv. eftirlitsáætlun þar sem tíðni eftirlits með fyrirtækjum er fyrir fram ákveðin og fer hún eftir áhættumati. Í eftirlitsferðum ársins 2020 voru skilgreind 325 frávik þar sem fyrirtækjum var gefinn frestur til úrbóta. Heilbrigðisnefnd getur beitt tilteknum þvingunarúrræðum til þess að knýja á um framkvæmd í samræmi við lög um matvæli og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þeim aðilum sem ekki sætta sig við kröfur heilbrigðiseftirlits er heimilt að vísa málum til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál.

Eftirlit með matvælum

Til að gefa hugmynd um verkefni eftirlitsins þá má nefna að matvælaeftirlit felst í eftirliti skv. löggjöf um matvæli. Það felur í sér eftirlit með framleiðslu, flutningi, dreifingu, sölu og merkingu matvæla í þeim tilgangi að tryggja að matvæli séu örugg til neyslu og að upplýsingar um þau séu fullnægjandi fyrir neytendur. Eftirlit fer t.d. fram í matvöruverslunum, veitingahúsum og í vatnsveitum en neysluvatn er skilgreint sem matvæli. Vatnsveitur á svæðinu eru skoðaðar og reglulega eru tekin sýni af neysluvatni til að kanna gæði þess.

Eftirlit með hollustuháttum og öryggismálum

Eftirlit með hollustuháttum fer fram á hinum ýmsu stöðum þar sem almenningur leitar þjónustu. Á sundstöðum er haft eftirlit með aðstöðu og heilnæmi sundlaugarvatns og aðstöðu og búnaði skóla, leikskóla og íþróttamannvirkja. Öryggismál þessara stofnana eru tekin út og m.a. kannað að leiktæki uppfylli kröfur sem gerðar eru. Einnig má nefna eftirlit með gístiaðstöðu, s.s. gístihúsum, sumarbúðum og starfsmannabúðum, aðstöðu og sóttvörnum í heilbrigðisþjónustu, s.s. á sjúkrahúsum, heilsugæslu, tannlæknastofum og snyrtistofum.

Eftirlit með starfsemi sem getur valdið mengun

Eftirlit með mengandi starfsemi felst m.a. í úttekt á að mengunarvarnabúnaður séu til staðar og virki. Að losun sé innan heimilda og að umgengni sé ásættanleg. Heilbrigðiseftirlitið hefur jafnframt aðkomu vegna loftgæða, hávaða og mengunar í umhverfi, s.s. í ám og vötnum, sem á við strandlengjuna.

Fræðsluhlutverk

Hlutverk heilbrigðisnefnda er að veita almenningi fræðslu á sínu sviði sem getur falist í að miðla leiðbeiningum og upplýsingum á útgefnu efni og af vef eftirlitsins. Unnið er í samvinnu við stjórnvöld og íbúa að því að uppfylla markmið laga og reglugerða. Stór hluti af verkefnum heilbrigðisfulltrúa er að veita umsagnir um nýja löggjöf, skipulagsmál og leyfisveitingu annarra stjórnvalda, s.s. sýslumanna og lögreglu. Almennig getur leitað til heilbrigðiseftirlits ef grunur er um að íbúðarhúsnæði sé heilsuspillandi og á hverju ári er farið í nokkrar slíkar heimsóknir. Helstu ástæður fyrir að húsnæði er metið heilsuspillandi er ef raki er til staðar í húsnæðinu sem getur verið grundvöllur fyrir myglu. Oftast er um að kenna lélegri loftræstingu þar sem loftun er gölluð, gluggar eru of litlir eða ekki opnaðir, ofnar bilaðir, loftræstikerfi er ekki til staðar eða bilað eða húsnæðið er ekki samþykkt til búsetu, t.d. með gluggalausum rýmum. Á vef Umhverfisstofnunar er að finna leiðbeiningar um raka og myglu.

Árið 2020 var unnið að því að útbúa áhættumatskerfi fyrir lítill vatnsból og tengja við gagnagrunn heilbrigðiseftirlitsins. Verkefnið var samstarfsverkefni nokkurra heilbrigðiseftirlitssvæða og Vatnaverkræðistofu Háskóla Íslands. Verkefnið er aðkallandi þar sem talsvert algengara er að vatnsgæði lítilla vatnsbóla sé ábótavant. Algengustu áhættuþættir sem komið hafa í ljós í litlum vatnsbólum eru að þau eru ekki aðgengileg (t.d. niðurgrafín), yfirfallsrör vantar á vatnstökubrunn, dýraskítur finnast í næsta nágrenni við vatnsból og að meindýr geta mögulega komist í vatnsból. Það síðastnefnda á til dæmis við ef músanet vantar á útloftun. Ef brunnar sitja of neðarlega í landinu getur einnig við vissar aðstæður verið hættu á að ofanvatn komist í brunninn, t.d. í leysingum. Einnig er algengt að vatnsból séu óafgirt en gerð er krafa um að brunnsvæði sé afgirt með fjárheldri girðingu.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands heldur úti vefsetrinu www.hev.is, þar sem veittar eru upplýsingar um starfsemi eftirlitsins.



Hvalfjörður.

Hvalfjarðarsveit



Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar.

Hvalfjarðarsveit nær yfir um 494 ferkílómetra landssvæði, frá Hvalfjarðarbotni í austri, Skorradal í norðri, Borgarfjarðarbrú í vestri og Akranesi í suðri. Íbúar eru um 650 og er 2/3 hluti þeirra í dreifbýlinu og 1/3 hluti í þéttbýliskjörnum sem eru þrír, Melahverfi, Hlíðarbær og Krossland. Að auki er mikill fjöldi sumarhúsasvæða í sveitarfélaginu.

Stjórnsýslan

Í sveitarstjórnarkosningum 2018 voru þrjár listar í framboði, Á, H og Í listi. Meirihluta sjö manna sveitarstjórnar skipa Á og H listi en í sveitarstjórn kjörtímabilið 2018-2022 sitja Björgvin Helgason, oddviti, Daníel A. Ottesen, varaoddviti, Guðjón Jónasson, vararitari, Helga Harðardóttir, Brynja Þorbjörnsdóttir, ritari, Ragna Ívarsdóttir og Elín Ósk Gunnarsdóttir. Sveitarstjóri er Linda Björk Pálsdóttir.

Skólarnir

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar er starfræktur á tveimur stöðum með samtals um 130 börn og um 40 starfsmenn. Leikskólinn Skýjaborg í Melahverfi er tveggja deilda leikskóli með um 40 börn. Grunnskólinn Heiðarskóli við Leirá með um 90 nemendur í 1.-10. bekk. Skólinn er Grænfánaskóli með áherslu á umhverfismennt og útinám. Íþróttamiðstöðin Heiðarborg, staðsett við Heiðarskóla, er opin fyrir almenning að undanskildu sumrinu þegar sundlaugin að Hlíðum er opin. Á sumrin er rekinn vinnuskóli þar sem að jafnaði starfa um 20 ungmenni. Hvalfjarðarsveit tekur þátt í rekstri Tónlistarskólans á Akranesi. Kennsla fer einnig fram í Heiðarskóla fyrir þá nemendur sem þar eru.

Menningin

Í Hvalfjarðarsveit er góð þjónusta við aldraða og öflugt félagsstarf tvisvar sinnum í mánuði yfir vetrartímann. Áhersla er lögð á fjölbreytni auk fastra liða, s.s. þorrablóts og vorferðar auk sundleikfimi tvisvar sinnum í viku í Heiðarborg. Hvalfjarðarsveit á 10% eignarhlut í Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili, sem staðsett er á Akranesi. Félagsheimili í eigu sveitarfélagsins eru þrjú, Miðgarður, Fannahlíð og Hlaðir. Að Hlíðum er rekið Hernámssetrið, vandað safn minja og minninga um einstaka og merkilega sögu hernáms árána 1940 til 1945. Sveitarfélagið heldur árlega Hvalfjarðardaga. Hvalfjarðarsveit á merka sögu og margir kunnir einstaklingar úr Íslandssögunni koma við í sveitarfélaginu. Hallgrímskirkja í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd er tileinkuð minningu sálmaskáldsins Hallgríms Péturssonar sem var sóknarprestur þar árin 1651-1669. Talið er að þar hafi hann ort Passíusálmána. Leirá er fornt höfðingjasetur og kirkjustaður, þar bjó Magnús Stephensen landshöfðingi sem var áhugamaður um framfarir og rak hann m.a. prentsmiðju á Leirá, þá einu á landinu á þeim tíma. Jón Thoroddsen sýslumaður bjó einnig á Leirá þegar hann skrifaði íslensku skáldsöguna Pilt og stúlku. Innri-Hólmur er stórbýli, kirkjustaður og fornt höfuðból skammt frá gangamunna Hvalfjarðarganga. Í Landnámu segir um Innra-Hólm að þar hafi verið reist



Glymur í Hvalfirði.



Botnsdalur.



Efri mynd: Melahverfi, neðri mynd: Hafnarfjall.

kirkja nokkuð löngu fyrir kristnitöku. Brúin yfir Bláskeggssá í Hvalfirði er fyrsta steinsteypta brúin utan Reykjavíkur og ein elsta steinbrú landsins, byggð árið 1907.

Umhverfið

Náttúru- og útivistarperlur, fjölbreytt landslag og fjölda áhugaverðra staða er víða að finna í Hvalfjarðarsveit. Hvalfjörðurinn skartar mörgum fallegum gönguleiðum eins og í Botnsdal, Brynjudal, upp að fossinum Glym í Botnsá, hæsta fossi landsins með fallhæðina 198 metra. Síldarmannagötur er vinsæl gönguleið úr Hvalfirði yfir í Skorradal og fjallið Þyrill þar sem fundist hafa sjaldgæfir geislasteinar er í Hvalfirði. Álfholtsskógur nær yfir 75 ha. svæði. Þar getur almenningur notið útivistar í yndisskógi þar sem markmiðið er að bæta gönguleiðir, auka fjölbreytni, vekja athygli á sérstökum plöntum með merkingum og sérkennum í náttúrunni og útsýni. Aðstaða er í skóginum til að setjast niður, hvíla, borða nesti og una sér. Yfirlitskort, merkingar stíga og göngukort af gönguleiðum gera gönguferðir enn meira aðlaðandi. Grunnafjörður sem friðlýstur var árið 1994 í þeim tilgangi að vernda landslag og lífríki svæðisins, sérstaklega fuglalíf sem er þar mjög auðugt. Fjörðurinn er Ramsar svæði, það eina á Íslandi sem liggur að sjó, verndað skv. samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi.

Atvinnulífið

Í Hvalfjarðarsveit eru landbúnaður, iðnaður og ferðaþjónusta helstu atvinnugreinarnar. Margskonar landbúnaðarstarfsemi er í sveitarfélaginu, kúa- og sauðfjárbú eru allmörg og hrossarækt víða stunduð ásamt rekstri eins svínauppeldisbús og tveggja kjúklingabúa. Ferðaþjónusta er víðsvegar um sveitarfélagið, hótél eru rekin á Glym í Hvalfirði, Laxárbakka við Leirá og undir Hafnarfjalli. Á Bjarneyjarsandi má fá leiðsögn um búið, veitingar og gistingu. Hernámssetrið er einstök upplifun í Hvalfirði og yfir laxveiðitímann er veiðihúsið við Leirá þéttsetið. Sumarbúðir eru reknar af KFUM og K bæði í Ölver og Vatnaskógi, á Hvítanesi er boðið upp á sveitánámskeið fyrir börn á sumrin. Á Grundartanga er öflugt atvinnusvæði með fjölpætta starfsemi og eina stærstu höfn landsins, Grundartangahöfn. Fyrirtækjum á svæðinu fer fjölgandi, eru nú um 20 og starfsmenn um 1.100 auk þess sem nærri sami fjöldi hefur atvinnu af þjónustu sem tengist starfseminni með óbeinum hætti. Svæðið er eitt best vaktada iðnaðarsvæði í heimi. Lögð er áhersla á uppbyggingu fyrirtækja sem stuðla að framhaldsvinnslu afurða sem falla til á Grundartanga og endurnýtingu afgangsortku. Norðurál er stærsta fyrirtækið á Grundartanga með um 600 starfsmenn, fyrirtækið er eftirsóttur vinnustaður með fjölbreytt störf. Norðurál fyrirhugar enn frekari uppbyggingu á svæðinu. Elkem, járnblendiverksmiðjan á Grundartanga er með rúmlega 200 starfsmenn en þar er framleitt hágæða málmblendi. GT tækni sinnir margskonar þjónustu og framleiðslu, þar vinna um 80 manns. Gámaflutningafyrirtækið Klafi ehf., fóðurverksmiðja Líflands, Vélsmiðjurnar Héðinn og Hamar eru á svæðinu svo eitthvað sé nefnt af þeim fjölda fyrirtækja sem þar eru. Hvalstöðin í Hvalfirði, var reist árið 1948 og er öllum húsakosti henni viðkomandi, m.a. bryggju og bröggum frá stríðsárunum, vel við haldið af Kristjáni Loftssyni og fjölskyldu.

Niðurlag

Hvalfjarðarsveit er öflugt sveitarfélag með góða innviði og grunnþjónustu. Samfélagið er fjölskylduvænt með fjölbreyttu atvinnulífi, menningu, stórbrotinni náttúru og landslagi. Nægt lóðaframboð er til staðar, bæði í þéttbýliskjörnum og á atvinnusvæðinu á Grundartanga auk þess sem sumarhúsalóðir og aðrar lóðir í dreifbýli eru til staðar. Hvalfjarðarsveit býður alla velkomna í sveitarfélagið, þar sem lífið er ljúft. www.hvalfjardarsveit.is



Löngufjörur og glæsilegur Snæfellsjökull.

Eyja- og Miklaholtshreppur



Töfrandi sólarlag.

Sveitarfélag Eyja- og Miklaholtshrepps nær yfir suðaustanvert Snæfellsnes. Í austri liggja hreppsmörkin við Haffjarðará, að Borgarbyggð. Í norðaustri eru mörkin dregin við Dalabyggð og skiptast þau við Vatnaleið í norðvestri við Helgafellsveit. Í vestri tengjast mörkin við sveitarfélag Snæfellsbæjar og í suðri blasa síðan við hinar víðfemu Löngufjörur fram eftir strandlengjunni.

Eyja- og Miklaholtshreppur er dreifbýlt og friðsælt landbúnaðarsvæði með íbúafjölda í kringum 130 manns. Þar er hefðbundinn búskapur stundaður á um 20 lögbýlum en á nokkrum þeirra fer fram blómleg bygg- og kornrækt. Einnig eru reknar tvær stórar hestamiðstöðvar þar sem umsvifamið ræktunarstarf er stundað. Á svæðinu eru tveir stórir þéttbýliskjarnar. Annar þeirra er við Miðhraun II þar sem mikil uppbygging hefur átt sér stað undanfarin ár í ferðapjónustu. Hinn þéttbýliskjarninn hefur myndast við Laugagerðisskóla sem rekin er grunn- og leikskóli. Félagsheimili sveitarfélagsins er Breiðablik sem stendur steinsnar frá hinni vinalegu og fallegu Fáskrúðarbakkakirkju en í Breiðabliki er rekin gestamóttaka fyrir Snæfellsnes þar sem ferðamenn eru upplýstir um það sem er að gerast á Snæfellsnesi.

Öll innri málefni sveitarfélagsins eru í höndum fimm manna hreppsnefndar sem kosin er á 4 ára fresti.

Útvist og náttúrufar

Snæfellsnesið hefur löngum þjónað dyggilega hlutverki sínu sem einstök útivistarparadís í seilingarfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Þar er Eyja- og Miklaholtshreppur enginn eftirbátur hvað varðar aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Í heildina má segja að náttúrufarið einkennist af grösugum og búsaðlarlegum sveitum, þar sem stutt er á milli fjalls og fjöru. Á svæðinu má finna gjöfular veiðár eins og Haffjarðar- og Straumfjarðará þar sem renna má fyrir laxi og bleikju. Um Löngufjörur liggur síðan alkunn og mögnuð hestamannaleið en þar er nú hægt að komast í útreiðtúra undir leiðsögn. Athyglisverðar náttúruminjar eru nokkrar í sveitarfélaginu og telst þar frægastur stuðlabergshamar Gerðubergs í Hnappadal, sem nú er á náttúruminjaskrá. Snæfellsnesið býr að þeim náttúrkostum að hafa innan sinna marka flestar ölkeldur á Íslandi. Þar er um að ræða heilnæmar vatnssuppsprettur sem eiga uppruna sinn í iðandi kviku í iðrum jarðar og innihalda því töluvert meiri koltvísýring heldur en hefandi lindarvatn. Innan marka Eyja- og Miklaholtshrepps má finna svonefnda Rauðamelsölkeldu sem staðsett er við samnefndan kirkjustað. Fyrir ferðalanga sem leið eiga um sveitarfélagið skal bent á að rétt við vestari hreppsmörkin, þar sem beygt er til norðurs yfir Vatnaleið, má finna hina rótgrónu þjónustumiðstöð Vegamót. Þar hefur verið rekin ferðamannaþjónusta og veitingasala alveg frá árinu 1930.



Náttúruperlurnar eru margar.



Hrossarækt er í blóma.

Fjölbreyttur landbúnaður

Eins og fyrr greinir er fjölbreyttur landbúnaður stundaður í Eyja- og Miklaholtshreppi. Þar sem Snæfellshólfíð er hreint hólfi hefur veirð mikið sótt í gripi héðan til kynbóta en jafnframt hefur í samfélaginu verið markvisst stunduð góð ræktun grípa sem sótt er í bæði í sauðfjárrækt og nautgriparækt.

Hrossarækt stendur einnig í miklum blóma en í sveitarfélaginu eru reknar tvær hestamiðstöðvar í stærri kantinum. Í Söðulsholti og Hrísdal standa nýreistar og myndarlegar reiðhallir þar sem stundaðar eru tamningar á milli þess sem sýningar fara fram. Óhætt er að segja að helsti vaxtarbroddurinn í landbúnaðinum liggir í umfangsmikilli ræktun og þurrkun á byggi og korni. Í því skyni hafa nokkrir bændur stofnað með sér einkahlutafélagið Yrkjar sem einbeitt sér að tæknivæðingu framleiðslunnar og hagkvæmri nýtingu afurðanna. Þess ber að geta að í sveitarfélaginu eru starfræktar tvær litlar hitaveitur sem hafa stutt við uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.

Ferðapjónusta

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í ferðapjónustu í sveitarfélaginu eins og víða á landinu undanfarin ár. Ljóst er að mörg tækifæri eru í þeirri grein til framtíðar.

Hreppsnefnd frá 2018 til 2022

Eggert Kjartansson bóndi á Hofsstöðum, oddviti

Halldór Jónsson bóndi á Þverá

Katrín Gísladóttir bóndi á Minni Borg

Gísli Guðmundsson hrossa og ferðapjónustubóndi á Hömluholti

Atli Sveinn Svansson bóndi á Dalsmynni, varaoddviti.



Mikið fjór í réttum.



Ungviðir fylgist með.



Hestamaður við sólarlag.




Brugðir á leik með jólasveininum.



Skorradalsvatn að vetri.

Skorradalshreppur

*Í hreppsnefnd Skorradalshrepps sitja:
Árni Hjörleifsson, oddviti, Horni.
Jón Eiríkur Einarsson, varaoddviti og bóndi,
Mófellsstaðakoti.
Ástríður Guðmundsdóttir, leiksskólastjóri,
Neðra-Hreppi.
Sigrún Guttormsdóttir Þormar, sviðstjóri,
Dagverðarnesi 72.
Pétur Davíðsson, bóndi, Grund.*



Séð yfir á frístundabyggðina á Indriðastöðum.



Falleg sólarupprás við Skorradalsvatn.

Skorradalshreppur nær yfir svæði sem er 216 km² og hefur verið sveitarfélag frá því hreppafyrirkomulagi var komið á hér landi, fyrir meira en 1000 árum. Eins og nafnið ber með sér nær hreppurinn yfir allan Skorradal sem í dag hefur innan sinna marka eina fjölmennustu frístundabyggð landsins á nokkrum jörðum. Reikna má með að þar dvelji á góðum dögum um 2-3000 manns. Þrátt fyrir það eru eingöngu tæplega 60 manns sem eru með lögheimili í sveitarfélaginu.

Umhverfið

Skorradalur er syðstur þeirra dala sem ganga upp frá undirlendi Borgarfjarðar. Norðan hans er Lundarreykjadalur og liggja hreppamörkin við Borgarbyggð eftir vatnaskilum á hálsinum milli dalanna. Að sunnan deilir hreppurinn merkjum með Hvalfjarðarsveit, en þau liggja um Botnsheiði, Dragafell og Skarðsheiði. Að suðvestan ná merkin yfir í Brekkufjall og þaðan í Andakílsá og úr henni upp á Hesthál. Kennileiti svæðisins eru þessi helst: Skarðsheiði með Skessuhorn og Heiðarhorn vestast á heiðinni, hæst (1054 mys). Skorradalsvatn (57 mys) er um 15km². Vatnið er stærsta stöðuvatn á Vesturlandi og hefur verið miðlunarlón Andakílsarvirkjunar í 60 ár. Eiríksvatn (278 mys) er 0,77 km² á eystri mörkum hreppsins. Fitjaá er útfall Eiríksvatns í Skorradalsvatn. Andakílsá er útfall Skorradalsvatns í Borgarfjörð. Áin er röskuð frá 1948 með stíflu í ósi Skorradalsvatns og stýringu Andakílsarvirkjunar, sem staðsett er þar sem áður voru Andakílsárfossar, um 5 km fra upptökum árinna. Vatnhornsskógur á landnámsjörðinni Vatnshorni er hávaxnasti og vöxtulegasti birkiskógur á Vesturlandi og friðland skv. náttúruverndarlögum. Sigrænn skógur er víða í dalnum. Elsti reiturinn er frá 1938. Skógrækt ríkisins hefur umráð lands eða landshluta á 7 jörðum í dalnum og hefur unnið að því að opna skógana með merktum gönguleiðum. Lúpínubreiður setja mikinn svip á Skorradal, og er orðin ríkjandi um meirihluta dalsins, og niður með allri Andakílsá. Síldarmannagötur er forn þjóðleið milli Skorradals og Hvalfjarðar, vörðuð og stíkuð. Leiðin er um 15 km og þægileg gönguleið. Skorradalur hefur verið vinsælt frístunda- og útivistarsvæði í 60 ár. Vöxtur frístundabyggðarinnar hófst um miðbik sjöunda áratugarins á Fitjum og Indriðastöðum. Í dag eru í Skorradal tæplega 700 frístundahús. Ef sú tala er margfölduð með þremur er búið að mynda rúmlega 2000 manna samfélag, sem er í sérstakt í samanburði við íbúafjölda Skorradalshrepps. Á síðustu 15 árum hafa sífellt fleiri sumarhús náð því að vera heilsárshús og þeim fer fjölgandi sem nýta sér tvöfalda búsetu eða flytja alfarið í hús í dalnum. Í dag er verið að byggja nýtt aðstöðuhús við Hreppsplaug sem mun bæta alla aðstöðu þar fyrir bæði heimamenn og gesti dalsins.

Meginhlutverk hreppsnefndar Skorradalshrepps er að sinna lögbundnum skyldum sveitarfélaga og eru skipulags- og byggingarmál fyrirferðarmest vegna frístundabyggðarinnar. Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010-2022 var samþykkt á árinu 2012. Stefnt er að endurskoðun aðalskipulagins fyrir lok þessa tíma. Einnig er í gangi vinna við friðlýsingu Fitjaengja og eins hefur verið samþykkt af ráðherra að heimatún nokkurar jarða séu „verndarsvæði í byggð“. Frekari upplýsingar um Skorradalshrepp má nálgast á www.skorradalur.is



Helgafellssveit

Helgafellssveit er á norðanverðu Snæfellsnesi og liggur á milli tveggja fjarða, Hraunsfjarðar og Álftafjarðar. Hreppamörkin í austri eru við Dalabyggð, áður Skógarstrandarhrepp, í suðri Eyja- og Miklaholtshrepp, Grundarfjörð í vestri og Stykkishólmur í norðri. Stykkishólmur var áður hluti Helgafellssveitar en varð sjálfstætt sveitarfélag 1892. Helstu kennileiti eru tignarleg Ljósufjöllin, Drápuhlíðarfjall með sinn sérstaka lit, Helgafell á miðju Þórsnesinu, einn af fyrstu áfangastöðum ferðamanna á Íslandi og með sögn um möguleika á uppfylltum óskum ef farið er að ákveðnum reglum á leiðinni upp. Einnig nokkrar fallega kúlulagaðar eldstöðvar og frá þeim úfin apalhraun.

Atvinnumál

Hefðbundinn landbúnaður hefur í gegnum tíðina verið aðal atvinnuvegurinn en hefur á undanfönum árum látið undan síga og annað tekið við, einkum ferðaþjónusta bæði sem aðal atvinna eða með búskap og öðrum störfum. Fjölbreyttir gistingu- og ferðatæknileikar eru í boði og einnig veitingastaðir. Með bættum samgöngum hafa skapast skilyrði til að sækja atvinnu út fyrir sveitarfélagið. Í Sauraskógi hefur byggst upp sumarþústaðahverfi á hlýlegum stað í miðri sveitinni í náttúrulegum birkiskógi. Nokkrar jarðir eru nýttar sem frístundabyggð. Veitur, dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur nýtir vatn undan Svelgsárhrauni til dreifingar um hluta sveitarinnar og Stykkishólmur og heitt vatn úr borholu við Hofstaði fyrir Stykkishólm. Tvær litlar vatnsaflsvirkjanir eru í sveitinni sem framleiða rafmagn inn á raforkukerfið.

Sveitarfélagið

Íbúar í sveitarfélaginu 1. desember 2020 voru 65. Helgafellssveit tekur þátt í rekstri grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla og íþróttamannvirkja í Stykkishólmi og á aðild að Fjölbrotaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Helgafellssveit er hluti af Svæðisgarðinum Snæfellsnes og tekur ásamt hinum sveitarfélögum á Snæfellsnesi þátt í EarthCheck verkefninu sem er einstakt hér á landi. Sveitarfélagið lagði og rekur ljósleiðarakerfi um alla sveitina.

Eyrbyggja

Íslendingasagan Eyrbyggja gerist að miklu leyti í Helgafellssveit, hún er góð lýsing á lífsbaráttu forfedra okkar fyrr á öldum. Öll örnefni sem koma fram í sögunni eru notuð ennþá og þar að leiðandi mjög gott að glöggva sig á staðháttum sögunnar.

Hreppsnefnd

Hreppsnefnd Helgafellssveitar kjörtímabilið 2018-2022 skipa Guðrún Reynisdóttir oddviti, Sif Matthíasdóttir varaoddviti, Karín Bæringsdóttir ritari, Guðlaug Sigurðardóttir og Guðmundur Hjartarson.





Bæjarlandið allt með Súgandisey og Landey sem veita ómetanlegt skjól. / Ljósm. Sumarliði Ásgeirsson.

Stykkishólmsbær



Regnboginn lýsir upp gamla miðbæinn. Ljósm. Sumarliði Ásgeirsson.

Stykkishólmur er gjarnan kallaður bærinn við eyjarnar en frá Stykkishólmi er fagurt útsýni um óteljandi eyjar Breiðafjarðar. Þar eru „eyjar og varphólmar hið næsta en fjöll allt í fjarska“ svo vitnað sé í Helga Hjörvar rithöfund og útvarpsmann sem þekkti svæðið vel. Bæjarstæðið er af mörgum talið eitt það fegursta á landinu. Eyjarnar og það mikla lífríki sem í Breiðafirði blómstrar, setur mark sitt á allt umhverfið og hefur í gegnum aldirnar verið hluti af því að skapa „matarkistu Breiðafjarðar“ sem um aldir var sótt í og tryggð afkomu þeirra sem bjuggu í eyjunum og næsta nágrenni þeirra.

Saga og þróun verslunarstaðarins Stykkishólms

Stykkishólms er fyrst getið í ritum árið 1274 í máldaga Jónskirkju að Helgafelli. Bæjarinn er oft getið vegna góðrar hafnaraðstöðu þar sem Súgandisey skapar skjól við Stykkið sem bærinn ber nafn sitt af. Árið 1596 deildu Jóhann greifi af Aldinborg og Carsten Bache Brimarkaupmaður um verslunarréttindi í Nesvogi. Af því tilefni fær sá síðarnefndi Friðrik II Danakonung til þess að selja sér leyfi fyrir höfn er hann nefndi Stykkishólm. Þar með hófst verslunarstarfsemi í Stykkishólmi í umboði konungs á tíma einokunar. Síðan verður mikil breyting árið 1768 þegar Magnús sýslumaður Ketilsson lét hella niður möðkuðu mjöli sem konungsverslun seldi í Stykkishólmi. Sá atburður markaði endalok verslunareinokunar á Íslandi. Konungsverslunin var aflögð og seld 1786. Í byrjun 19. aldar hófst þéttbýlismyndun í Stykkishólmi þegar fyrstu íslensku kaupmennirnir settust þar að eftir að innanríkisverslun í Danaveldi var gefin frjálfs. Í Stykkishólmi og nágrenni hafði þó verið verslað frá örófn alda, fyrst í svokölluðum Nesvogi, sem nú þekktist sem Búðanes. Skömmu fyrir 1600 fluttist Stykkishólmsverslunarstaður á kambinn milli „Bóklöðuhöfða“ og „Sýslumannshóls“, þar sem þyrping reisulegra, gamalla íbúða- og verslunarhúsa stendur. Ekki er vitað með vissu hvenær fyrsta verslunarhúsið reis í Hólminum, þó var það talið eigi síðar en um 1630. Fyrsta íbúðarhúsið í Stykkishólmi mun hafa verið svonefnd Stekkjartangahjáleiga, torfhús sem stóð á lóðinni sem nú er Austurgata 9 en það kemur fyrst fyrir í jarðatalinu 1703. Húsum fjölgaði hægt í Stykkishólmi á 18. öldinni og stóðu þar aðeins fjögur timburhús þegar konungsverslunin var aflögð. Árið 1807 hófu tveir íslenskir kaupmenn verslunarrekstur í Stykkishólmi, hvor í sínu lagi. Ólafur Thorlacius keypti Stykkishólmsverslun og jörðina Grunnasundsnes og Jón Kolbeinsen sem áður hafði verið verslunarstjóri í Hólminum reisti sér hús og hóf verslun fyrir eigin reikning. Á þessum tíma var kominn visir að þeirri þjónustu og landshlutamiðstöð sem síðar varð. Árni Thorlacius, sonur Ólafs, tók við staðarforráðum 1827. Hann rak stórbú í Grunnasundsnesi auk verslunar og útgerðar. Hann lét reisa yfir sig fyrsta tvílyfta íbúðarhúsið á Íslandi, Norska húsið árið 1832 sem stendur enn og er bæjarprýði. Árni hafði hlotið góða menntun erlendis og stundaði alla tíð fræðistörf. Hann hóf reglubundnar veðurathuganir árið 1845 og eru það elstu samfelldu veðurathuganir á Íslandi. Einnig ritaði Árni kennslubækur í skipstjórnarfræðum fyrir Bréflögafélagið. Árni Thorlacius var einn helsti styrktaraðili Sigurðar Breiðfjörð og kostaði útgáfu á ljóðabókum hans. Árni seldi Hans Clausen kaupmanni verslun sína og skip árið 1842. Að



Stykkishafnarvæðið og miðbærinn. / Ljós. Sumarliði Ásgeirsson.

Framhald á næstu opnu →

tillögu Bjarna Thorsteinssonar amtmanns og síðar fyrsta forseta hins endurreista Alþingis tók danska stjórnin þá ákvörðun 1850 að staðsetja alla embættismenn í syðri hluta Vesturamtsins í Stykkishólmi. Fljótlega mátti því finna í Hólminum amtmann, sýslumann, prest, lækni og apótekara auk þeirra kaupmanna sem fyrir voru. Þá var Amtsbókasafnið stofnað 1847 í þeim tilgangi að efla menntun og bókmenningu. Bjarni hefur verið nefndur faðir Stykkishólms enda hafði hann mikil áhrif á að Stykkishólmur varð stjórnsýslumiðstöð Vesturamtsins. Þetta samfélag danskmenntaðra manna og fjölskyldna þeirra mótaði bæjarbraginn. Frá teboðum þessa tíma er líklega sprottin sú lífseiga saga um að Hólmarar tali dönsku á sunnudögum. Bæði embættismenn og kaupmenn tóku til við að reisa yfir sig veglegan húsakost sem að mestu leyti var allur í einum hnapp á gömlu verslunarlóðinni frammi á sjávarkambinum, þar sem landeigandinn í Grunnasundsnesi var framan af fastheldinn á tún sín og beitolönd. Mun það einnig vera skýringin á því hvernig byggðin þróaðist upp höfðana lengi framan af. Stykkishólmur varð sérstök sókn 1878. Kirkja var reist 1878, barnaskóli 1896 og samkomuhús 1901. Gamli bærinn í Stykkishólmi eins og hann kemur fyrir sjónir í dag er talsvert mótaður af þeirri atvinnuuppbyggingu er hófst um 1930 en þá reisti Kaupfélag Stykkishólms hús það sem nú er ráðhús Stykkishólms, auk frystihúss sunnan Austurgötu. Norðan Austurgötunnar að Plássinu reis frystihús Sigurðar Ágústssonar og þar var einnig verslun hans í Taang og Ris húsinu er hann hóf að reka 1933. Upp af Austurgötunni á Stekkjartanganum trónir svo kirkja kaþólskra, klaustrið og spítali St. Franciskussystra.

Skipulag miðbæjar og húsafríðun

Stykkishólmur hefur á síðustu árum orðið að einum vinsælasta áningarstað ferðamanna. Þar kemur margt til. Ef til vill vegur þar þungt metnaður bæjarbúa fyrir því að varðveita umhverfi sitt og sögu svo komandi kynslóðir fái notið þeirra á sama hátt og gert er nú. Sú hugsun endurspeglast hvað best í miðbæ Stykkishólms sem gjarnan er lýst sem safni gamalla húsa sem ferðamenn hafa áhuga á að kynna sér. Með gerð húsakönnunar árið 1978 og ákvörðun um friðun og endurbyggingu fjölmargra elstu húsanna markaði bærinn skýra stefnu í skipulagsmálum þar sem húsafríðun ræður ríkjum. Stykkishólmsbær fékk skipulagsverðlaunin 2008. Þau voru veitt af Skipulagsfræðifélagi Íslands, fyrir deiliskipulag miðbæjar, stefnu og framfylgd hennar. Skipulagið og gerð bygginga mótast mjög af þeim ásum, borgum, holtum, höfðum og víkum sem einkenna allt land Þórnessins. Þetta fjölbreytta byggingarland hefur gefið arkitektum og hönnuðum tækifæri til þess að láta byggingalistina setja svip á bæinn og kallast á við fjallahringinn og eyjarnar óteljandi.

Atvinnulíf

Stykkishólmur hefur í gegnum tíðina verið miðstöð verslunar, þjónustu og samgangna yfir Breiðafjörð. Breiðafjarðarferjan Baldur hefur verið forsendan fyrir flutningum yfir fjörðinn og þjónustu við ferðamenn sem eiga leið til og frá Vestfjörðum. Stykkishólmur skartar fjölbreyttu



Stykkishöfn séð frá Þinghúshöfðanum. Ljós. Sumarliði Ásgeirsson.



Horft niður Þverveginn og til hafnarinnar. Ljós. Sumarliði Ásgeirsson.



Skemmtiferðarskip við Hafskipabryggjuna.
Ljósm. Sumarliði Ásgeirsson.



Grásleppusjómenn sækja björg í bú.



UMF Snæfell tefir fram öflugu liði í körfubolta kvenna og karla. / Ljósm. Sumarliði Ásgeirsson.

atvinnulífi en vöxtur ferðapjónustu varð mjög mikill eftir að Stykkishólmsbær byggði Hótel Stykkishólm sem hóf rekstur árið 1977 en er í dag rekið sem Fosshótel. Í tengslum við ferðapjónustuna hefur Hólmurinn vakið athygli fyrir ríka matarmenningu bæjarins, sem sækir einkenni sín ekki síst úr matarkistu Breiðafjarðar, og margrómaða veitingastaði sem bjóða framúrskarandi mat úr firði, fjöru og fjalli. Sú þjónusta er aðdráttarafli fyrir ferðamenn. Nokkrir stórir vinnustaðir með ólíka starfsemi eru í bæjarfélaginu og fjölmörg einkafyrirtæki af ýmsum stærðargráðum með fjölbættan rekstur. Stór hópur iðnaðarmanna sinnir byggingarstarfsemi en iðnmenntun þróaðist hratt á meðan Iðnskóli Stykkishólms var starfræktur. Skipasmíðar hafa í gegnum tíðina verið stór þáttur í atvinnulífinu en bæjarfélagið skapaði þá aðstöðu með byggingu dráttarbrautar og hafnar í Skipavík. Sjávarútvegur hefur verið að vaxa aftur eftir mikið áfall sem varð árið 2003 er sýking varð til þess að hætt var veiðum á hörpudiski sem var stóriðja Stykkishólms. Sjávarútvegsfyrirtækin Agustson ehf. og Þórsnes ehf. voru og eru megin stoðirnar í veiðum og vinnslu en jafnframt eru minni fyrirtæki sem stunda veiðar og vinnslu m.a. á grásleppu, sæbjúgum og ígulkerum. Jafnframt er harðfiskvinnsla. Nú er unnið að því að koma upp vinnslu verðmætra efna úr þangi og þörungum úr Breiðafirði sem gæti orðið umfangsmikil starfsemi er gæti nýtt þá mikilvægu orku sem Veitur með hitaveitunni og Rarik með raforkusölu leggur til. Hitaveitan sem býður uppá hóflegt orkuverð bætir búsetuskilyrðin umtalsvert í bænum.

Opinber þjónusta er og hefur verið verulegur þáttur í atvinnulífinu. Má þar nefna embætti Sýslumanns Vesturlands, þjónustumiðstöð RARIK á Vesturlandi og Sjúkrahúsið sem til skamms tíma var einn stærsti vinnustaður bæjarins. St.Franciskussystur hófu rekstur sjúkrahússins árið 1936 en það var stækkað uppúr 1980 er byggð var heilsugæslustöð og legudeild stækkuð þar sem Háls- og bakdeildin með lækni og hópi sjúkraþjálfara hefur verið starfrækt með miklum ágætum. Þegar kemur að störfum án staðsetninga, sem færast að öllu óbreyttu í aukana á komandi árum, er Stykkishólmsbær góður staður, þar sem allir kostir landsbyggðarinnar fara saman við nálægðina við höfuðborgarsvæðið.

Íþróttastarf

Í Stykkishólmi þrífst blómlegt íþróttalíf sem á rætur að rekja til þess að mjög snemma var byggt lítið íþróttahús, sundlaug og síðan íþróttavöllur. Aðstæður til íþróttaiðkunar eru til fyrirmyndar í Stykkishólmi en mikil uppbygging var á skömmum tíma í þessum eignum. Á einungis níu árum tók Stykkishólmsbær í notkun íþróttahús árið 1990, íþróttavöllurinn var stækkaður árið 1996 og nýja sundlaugin tekin í notkun árið 1999. Golfvöllur var skipulagður á níunda áratugnum en Golfklúbburinn Mostri byggði hann upp af miklum myndarbrag. Þá má geta þess að hestamennska er mikið stunduð og var skipulagt og byggt upp hestaíþróttasvæði í samstarfi bæjarins og hestaeigendafélgsins. Hólmarar hafa verið íþróttasinnaðir í áronna rás og náð merkingum á föngum á hinum ýmsu sviðum íþróttanna. Bærinn er orðinn þekktur



Maðkavík með Gullhólma fyrir miðju.
Ljósmynd. Sumarliði Ásgeirsson.

sem körfuboltaþær, þar sem bæði kvenna og karlalið UMF Snæfells hafa náð frábærum árangri undanfarin ár.

Menningarlíf og skólafsemin

Próttmikið menningarlíf þrífst í Hólminum þar sem áherslan hefur verið lögð á marga smáa viðburði á öllum árstímum, sem þjónustufyrirtæki og veitingastaðir bæjarins geta sinnt og félag atvinnurekanda hefur ásamt öðrum félögum skipulagt. Þetta endurspeglar í raun ímynd Stykkishólms, þar sem kostirnir liggja í smæðinni, allir þekkjast og njóta góðs af því að lifa í samfélagi sem lætur sér annt um sitt heimafolk. Á vettvangi menningarmála hefur Tónlistarskólinn leikið mikilvægt hlutverk með Lúðrasveit og kórastarfi sem og Leikfélagið Grímnir, Kvenfélagið Hringurinn, Lionsklúbburinn og Kirkjukór Stykkishólmskirkju. Kirkjustarf er og hefur verið mjög öflugt en kirkjurnar setja mikinn svip á bæinn. Starfsemi þjóðkirkjunnar er öflug og fer fram bæði í Stykkishólmskirkjunni nýju sem og í gömlu kirkjunni sem var endurbyggð á forsendum húsafriðunar. Þá starfa nunnur kaþólsku kirkjunnar sem og söfnuður Hvítasunnukirkjunnar.

Umhverfismál

Umhverfismál eru í hávegum höfð í Stykkishólmi. Á áttunda áratugnum var gert mikið átak í endurbyggingu gatnakerfisins, opin svæði grædd upp og trjárækt aukin í bæjarlandinu. Árið 2003 fékk höfnin í Stykkishólmi Bláfánann og var það í fyrsta skipti að höfn fékk Bláfánann á Íslandi sem er mikilvæg viðurkenning á sviði umhverfismála hafnanna. Var það vegleg viðurkenning enda er hafnarsvæðið einstakt. Grænfáninn var dregin að hún við leikskólann í Stykkishólmi og við yngri deildir grunnskólans vorið 2007. Í janúar 2008 hófust íbúar handa við að flokka allt sorp, fyrstir landsmanna í svokallað þrjúgjatunnakerfi. Árið 2008 fékk Stykkishólmur ásamt öðrum sveitarfélögum á Snæfellsnesi umhverfsvottun Earth Check og hefur hún verið endurnýjuð árlega síðan þá. Sá áfangi vakti verðskuldaða athygli innan lands sem utan þar sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi voru þau fyrstu í Evrópu til þess að hljóta slíka vottun og fjórða samfélagið í heiminum öllum.

Stjórnsýsla bæjarins

Árið 1892 varð Stykkishólmshreppur sjálfstætt sveitarfélag en hafði áður verið hluti Helgafellssveitar. Árið 1987 fékk Stykkishólmur bæjarréttindi á grundvelli þágildandi laga. Frá því ritið Ísland atvinnuhættir og menning 2010 kom út hafa verið þrennar bæjarstjórnarkosningar. Yfirstjórn Stykkishólmsbæjar hefur verið skipuð svo sem hér segir að loknum þeim kosningum: Aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem voru kjörnir tímabilið 2010-2014. Lárus Ástmar Hannesson, forseti bæjarstjórnar til 1. mars 2014, Gretar D. Pálsson, Berglind Axelsdóttir bæjarfulltrúi og forseti bæjarstjórnar frá 1. mars 2014 til 16. júní 2014. Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, Davíð Sveinsson, Guðlaug Jónína Ágústsdóttir og Egill Egilsson. Bæjarstjórnar þáð kjörtímabil voru Gyða Steinsdóttir og Lárus Ástmar Hannesson sem tók við 1. mars 2014 og var til 16. júní 2014. Bæjarritari Þór Örn Jónsson. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem voru kjörnir tímabilið 2014-2018. Hafdís Bjarnadóttir, forseti bæjarstjórnar, Lárus Ástmar Hannesson, Sigurður Páll Jónsson, Ragnar Már Ragnarsson, Katrín Gísladóttir, Helga Guðmundsdóttir og Sturla Böðvarsson. Bæjarstjóri Sturla Böðvarsson. Bæjarritari Þór Örn Jónsson. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem voru kjörnir tímabilið 2018-2022. Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, forseti bæjarstjórnar, Lárus Ástmar Hannesson, Gunnlaugur Smáráson, Þóra Stefánsdóttir til 10. desember 2020 en þá tók Ásmundur Sigurjón Guðmundsson við, Steinunn I Magnúsdóttir, Haukur Garðarsson, Erla Friðriksdóttir. Bæjarstjóri Jakob Björgvin Jakobsson. Bæjarritari Þór Örn Jónsson.



Stykkishólmskirkja er bæjarþryði. / Ljósmynd. Sumarliði Ásgeirsson.



Loftmynd af Grundarfirði og hinu stórkostlega Kirkjufelli. Ljós. Tómas Freyr Kristjánsson.



Bæjarhátíðin „Á góðri stund í Grundarfirði“. / Ljós. Tómas Freyr Kristjánsson.

Grundarfjarðarbær



Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri.

Grundarfjörður er fallegur bær við Breiðafjörð. Bærinn stendur við samnefndan fjörð á miðju norðanverðu Snæfellsnesi. Staðurinn skartar óvenjulegri náttúru og veðurfari. Þéttbýli byrjaði fyrir alvöru að myndast á núverandi bæjarstæði um og uppúr 1940. Grundarfjörður hefur vaxið jafnt og þétt síðan. Sveitin hefur frá fornu fari heitið Eyrarsveit og eru íbúar um áramótin 2020/2021 862 talsins.

Helsti atvinnuvegur Grundfirðinga er sjávarútvegur og starfar um helmingur vinnuafis við þá atvinnugrein. Ýmis þjónusta og iðnaður hefur verið vaxandi í Grundarfirði. Bærinn þykir einkar fallegur og snyrtilegur og hefur hlotið viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi. Kirkjufell, bæjarfjall Grundarfjarðar, er eitt af þekktustu fjöllum Íslands ef ekki heimsins. Ekki er óalgengt að erlendir ljósmyndarar heimsæki Ísland í þeim tilgangi einum að mynda þetta einstaka fjall. Kirkjufell hefur meira að segja farið með hlutverk í stórum Hollywoodmyndum.

Höfn og sjávarútvegur

Höfnin er lífæð byggðarinnar. Myndarleg hafnarmannvirki og góð aðstaða frá náttúrunnar hendi hafa skapað sjávarútvegi góð vaxtarskilyrði. Öflug sjávarútvegsfyrirtæki eru starfandi í Grundarfirði og hefur sjávarútvegur verið byggður upp af mikilli framsýni og dug. Grundarfjarðarhöfn er með stærri kvótahöfnum landsins og er einnig móttökuhöfn fyrir skemmtiferðaskip, en komur þeirra hafa stóraukist á síðustu árum. Innsigling í Grundarfjarðarhöfn er örugg og einföld, við hafskipabryggjuna er lágmarksdýpi 6,5 metrar á stærstu fjörum og eftir nýjustu hafnarbæturnar 2021, var tekin í notkun 130 metra lenging Norðurgarðs með 10 metra dýpi. Á Norðurgarði er um 10.000 fm vinnurými með steyptri þekju og samhliða lengingu Norðurgarðs 2021 varð til landfylling fyrir lóðir undir hafnsækna starfsemi.

Þjónusta við viðskiptavinum hafnarinnar

Samhliða öflugri uppbyggingu fiskiskipaflotans og auknum umsvifum hafnarinnar hefur verið byggð upp fjölpætt þjónusta við skip. Á Norðurgarði er staðsett ísverksmiðja og er ís dælt beint um borð í skipin. Ragnar og Ásgeir ehf. er öflugt flutningafyrirtæki sem sérhæft hefur sig í fiskflutningum. Löndunarþjónusta Djúpakletts ehf. er starfandi við höfnina með þjónustuhúsi, þar sem er einnig til húsa Fiskmarkaður Íslands, einnig er starfræktur Fiskmarkaður Snæfellsbæjar. Mareind ehf. og Vestan ehf. eru sérhæfð fyrirtæki á sviði siglinga- og fiskileitartækja og Vélsmiðja Grundarfjarðar ehf. veitir alhliða þjónustu. Öflugt netaverkstæði Guðmundar Runólfssonar hf. byggir nú nýtt, sérhæft húsnæði fyrir starfsemi sína við Norðurgarð, en á svæðinu rekur fyrirtækið einnig frystihótelid Snæfrost. Fyrirtækið Saltkaup hefur einnig birgðageymslu á Norðurgarði. Auk þessa má í Grundarfirði nefna kranapjónustu, olíusölu, aðra iðnaðarmenn, s.s. trésmiði, rafvirkja o.fl. Verslun og veitingastarfsemi er sömuleiðis að finna á svæðinu.

Bæjarstjórn

Jósef Ó. Kjartansson, verktafi,
forseti bæjarstjórnar
Unnur Þóra Sigurðardóttir, bókari,
formaður bæjarráðs
Rósa Guðmundsdóttir, framleiðslustjóri
Bjarni Sigurbjörnsson, bóndi
Hinrik Konráðsson, lögregluumaður
Sævör Þorvarðardóttir, fulltrúi og
fangavörður
Garðar Svansson, fangavörður

Bæjarstjóri frá 1. ágúst 2018

Björg Ágústsdóttir



Grundarfjörður heimabær hins stórkostlega Krikiufells. / Ljós. Tómas Freyr Kristjánsson.



Höfnin í Grundarfirði. / Ljós. Tómas Freyr Kristjánsson.

Opinber þjónusta

Í grunnskóla Grundarfjarðar eru um 100 nemendur árið 2021, í Tónlistarskólanum eru um 50 nemendur og í leikskólanum Sólvöllum sem er þriggja deilda leikskóli eru 50-60 nemendur. Fimm ára leikskóladeild, Eldhamrar, er rekin undir stjórn grunnskóla. Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók til starfa haustið 2004 og stunda þar liðlega 200 nemendur nám á haustönn 2021, um þriðjungur þeirra í fjarnámi. Bókasafn, íþróttamiðstöð og sundlaug þjóna nemendum grunnskóla og öðrum íbúum og gestum. Félagsmiðstöðin Eden er starfrækt fyrir unglinga á veturna, en vinnuskóli og leikjanámskeið fyrir yngri börn á sumrin. Í Grundarfirði er Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellaskjól rekið af sjálfseignarstofnun og heilsugæslustöð er rekin af Heilbrigðisstofnun Vesturlands, sem og sjúkrahúsið. Sveitarfélagið rekur vel búið slökkvilið.

Ferðaþjónusta

Náttúran, mannlífið og sagan laða marga ferðamenn, erlenda sem innlenda, til Grundarfjarðar. Margskonar möguleikar eru til afþreyingar og útivistar, s.s. hestaferðir, fuglaskoðun, kajakferðir, veiði og fjöldi gönguleiða er í bænum og nágrenni hans. Fjölbreytt gisting er í boði í Grundarfirði. Veitinga- og kaffihús eru nokkur, hvert með sínum brag, með afbragðs mat, þjónustu og ýmsar upptökur sem krydda mannlífið í Grundarfirði. Grundfirðingar halda árlega sumarhátíð sína „Á góðri stund í Grundarfirði“ síðustu helgina í júlí.

Mannlíf og menning

Menningar- og félagslíf er blómlegt og byggir á öflugu frumkvæði og þátttöku íbúanna. Ungmennafélag Grundarfjarðar (UMFG) býður upp á æfingar í ýmsum íþróttagreinum og vorið 2021 voru rafíþróttir í boði í fyrsta sinn. Hestamenn hafa byggt upp glæsilega aðstöðu í jaðri bæjarins. Golfklúbburinn Vestar gengst fyrir öflugu starfi á 9 holu golfvelli í Suður-Bár. Skotgrund, skotfélag Snæfellsness hefur byggt upp myndarlegt starf og aðstöðu í heppilegu náttúrulegu umhverfi í Kolgrafafirði. Á svipuðum slóðum er einnig mótorkrossbraut. Skátafélagið Örninn heldur úti öflugu skátastarfi. Rétt ofan við bæinn er Skíðasvæði Snæfellsness sem haldið er opnu þegar veðurfar býður og skautasvelli er komið upp í bænum þegar frostakafli gerir. Í Grundarfirði starfar öflugt félag eldri borgara, þjörgunarsveitin Klakkur og slysavarnadeildin Sæbjörg, kvenfélagið Gleymmér-ei, Rauða kross deild, Lionsklúbbur, auk fleiri afþreyingar- og líknafrélaga. Sumarið 2021 fengu ýmis félagsamtök aðstöðu í Sögumiðstöðinni, húsnæði á vegum bæjarfélagsins fyrir menningar- og félagsstarf.

Umhverfis - og skipulagsmál

Í svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026 er mikilvægur grunnur lagður að samstarfi á svæðinu og sett fram sameiginleg sýn á sérstöðu svæðisins, þróun atvinnulífs og samfélags. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes er fjölþætt samstarf sveitarfélaga, atvinnulífs og félagsamtaka og byggir samstarfið á sameiginlegri sýn svæðisskipulagsins. Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 tók gildi 2021 og er stefnumarkandi um mikilvæga þætti sem snerta uppbyggingu atvinnu, umgengni við náttúruauðlindir og gæði búsetu og mannlífs. Eitt af verkefnum í aðalskipulagi er „Grænn og gönguvænn Grundarfjörður“. Á þeim grunni hóf Grundarfjarðarbær umfangsmiklar gatna- og stígaframkvæmdir árið 2021 og er viðbúið að verkefnið muni spanna allmörg komandi ár. Við endurbætur á gangstéttum og göngutengingum er tækifærið nýtt til að breikka og bæta göngusvæði og aðgengi. Í leiðinni er bætt við „blágrænum svæðum“ - þ.e. gróðursvæðum sem taka við regnvatni. Grundfirðingar hafa valið að búa í sátt og samlyndi við íbúa af öðrum víddum og er bærinn líklega sá eini í heiminum þar sem byggingaryfirvöld hafa úthlutað lóð til huldufólks.

Sveitarfélagin fimm á Snæfellsnesi hafa unnið markvisst umhverfisstarf í langan tíma og hlotið umhverfisvottun á starf sitt í þrettán skipti, sjá nsvottun.is. Mikill metnaður er lagður í að halda umhverfinu í bæjarfélaginu snyrtilegu og lagt er uppúr því að bærinn sé vel hirtur.



Í réttum. / Ljós. Valdís Einarsdóttir.

Dalabyggð



Fjara. / Ljós. Jón Trausti Markússon.

Sveitarfélagið Dalabyggð varð til 1994, en síðasta sameining sveitarfélaga var 2006. Flest voru sveitarfélögin 10 á svæðinu; Skógarstrandar-, Hörðudals-, Miðdala-, Haukadals-, Laxárdals-, Hvamms-, Fellsstrandar-, Klofnings-, Skarðs- og Saurbæjarhreppar. Dalabyggð er um 2420 km² og nær yfir landsvæðið frá Álfafirði að Gilsfjarðarbotni. Samkv. Hagstofunni eru 254 íbúar í Búðardal (póstnr. 370) og 385 íbúar í dreifbýli Dalabyggðar (póstnr. 371). Grunnatvinnugreinar eru landbúnaður og ferðaþjónusta ásamt afleiddum störfum. Fjölmennustu vinnustaðirnir eru MS Búðardal, hjúkrunarheimilið Fellsendi og sveitarfélagið. Auðarskóli í Búðardal er samrekin leik-, grunn- og tónskóli með yfir 100 nemendum. Fjölbreyttir gistimöguleikar og þjónusta fyrir ferðamenn er til staðar.

Um Dalabyggð

Dalabyggð liggur fyrir botni Breiðafjarðar og inn af honum eru meðal annars Hvammsfjörður og Gilsfjörður. Breiðafjörður nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum í þeim tilgangi að stuðla að vernd sérstæðs landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Fjöldi eyja er á Breiðafirði og einna þéttastar eru þær við mynni Hvammsfjarðar. Haförn er ekki óalgeng sjón í Dölum.

Jarðhiti

Jarðhitasvæði eru í Laugadal, Reykjadal og Sælingsdal. Hitaveita í Suðurdölum og Búðardal fær vatn úr Reykjadal. Sælingsdalslaug er á Laugum og þar er einnig Byggðasafn Dalamanna. Leir frá síðustu ísöld er að finna við innanverðan Hvammsfjörð og á Skarðsströnd og er hann nýttur af leirlistarfólki.

Laxveiði

Margar laxveiðiar eru í Dölum og er laxveiði talin til hlunninda á um 130 jörðum. Þekktustu laxveiðiarnar eru Laxá í Dölum og Haukadalsá, auk fjölda annarra. Haukadalsvatn er langstærsta stöðuvatnið, en fleiri góð silungsvötn er einnig að finna.

Sagan

Fá héruð eiga sögu sína jafnvel skráða og Dalirnir. Þekktust landnámsmanna eru Auður djúpúðga og Geirmundur heljarskinn. Á Eiríksstöðum er tilgátubær og Vínlandssetur sem stendur við höfnina í Búðardal. Sturlungar áttu ættir sínar að rekja til Hvamms og á Staðarhóli bjó Sturla Þórðarson sagnaritari. Skarðsverjar voru löngum atkvæðamiklir, þekktastur þeirra er Ólöf ríka á 15. öld. Sauðafell var lengi höfðingjasetur og þar var Jón Arason biskup handtekin haustið 1550. Magnús Ketilsson sýslumaður var atkvæðamikill á 18. öld, mikill jarðræktarfrömuður, einn af frumkvöðlum Hrapseyjarprentsmíðu og gaf út fyrsta tímarit landsins. Torfi Bjarnason stofnaði fyrsta búnaðarskóla landsins í Ólafsdal og var einnig frumkvöðull að samvinnuverslun bænda. Staðarfell var mikið höfðingjasetur og þar var rekinn húsmæðraskóli á 20. öld.



Hestar. / Ljós. Ágústa Rut Haraldsdóttir.



Ganga Borgarland.
Ljósm. Sveinn Ragnarsson.



Jóhannes Geir Gíslason Skáleyjarbóndi að sýna rétt handtök á Bata- og hlunnindasýningunni.
Ljósm. Sveinn Ragnarsson.



Í Kinnarstaðarrétt. / Ljósm. Sveinn Ragnarsson.



Ganga á Vaðalfjöllum.
Ljósm. Sveinn Ragnarsson.

Reykhólahreppur

Sveitarfélagið Reykhólahreppur var stofnað 4. júlí 1987 þegar fimm sveitarfélög í Austur- Barðastrandasýslu sameinuðust undir nafni þess fjölmennasta. Það voru Reykhólahreppur, Geiradalshreppur, Gufudalshreppur, Múlahreppur og Flateyjarhreppur. Reykhólahreppur er um 1.100 ferkílómetrar að stærð og nær frá Brekkúá í botni Gilsfjarðar að Skiptá í Kjálkafirði og út yfir fjölda eyja í Breiðafirði þar á meðal Flatey. Staðsetning sveitarfélagsins er á mörkum Vesturland og Vestfjarða. Í upphafi ársins 2020 bjuggu 262 í sveitarfélaginu. Reykhólahreppur eru fjölskylduvænt sveitarfélag þar sem mikil áhersla er lögð á menntun og uppeldi barna bæði í leik- og grunnskóla sem eru undir sameinuðum Reykhólaskóla. Einnig er lögð rík áhersla á æskulýðsstarf. Reykhólahreppur er í góðu samstarfi við nágrennasveitarfélög og eru nokkur verkefni rekin sameiginlega með þeim. Má þar nefna félagsþjónustu, embætti skipulags- og byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra. Reykhólahreppur hefur löngum þótt einstök náttúruperla og er vinsæl útisvistarparadís bæði á landi og sjó. Einkunnarorð sveitarfélagsins er „Unaður augans“.

Náttúra og umhverfi

Gönguleiðir eru víða, ein vinsælasta gönguleiðin er ganga frá Bjarkalundi upp að Vaðalfjöllum. Einnig eru gönguleiðir frá tjaldsvæðinu á Reykhólum, að Langavatni, Einireykjum og Lómatjörn. Jarðhiti finnst víða, sérstaklega á Reykhólum, heitastur hvera er Kraflandi, 101°C. Jarðhitinn er notaður til húshitunar og í laugar og böð, m.a. Grettislaug og Paraböðin á Reykhólum og sundlaugina í Djúpadal. Þá finnst jarðhiti víða í Breiðafjarðareyjum. Reykhólahreppur er höfuból hafarnarins, en eitt helsta varpóðal konungs fuglanna er í Breiðafjarðareyjum. Reykhólahreppur er þekktur fyrir náttúrufegurð og fuglalíf, þorpið Reykhólar er fornt höfuðból og var einhver allra besta bújörð á öldum áður. Strönd sveitarfélagsins er afar vogskorin. Margir firðir skerast norður úr Breiðafirði og ganga múlar fram á milli þeirra inn að fjarðarbotnum. Fjöldi eyja er á Breiðafirði, má þar nefna m.a. Skáleyjar, Svefneyjar, Sviðnur, Hergilsey, Oddbjarnarsker og Flatey. Fyrrum var fjölmenn byggð í þeim flestum en nú eru þær nær allar komnar í eyði.

Atvinna

Reykhólahreppur er landbúnaðarsvæði, stór hluti íbúanna hefur framfæri sitt af landbúnaði. Sérstaða landbúnaðarins byggir á hreinleika svæðisins. Reykhólahreppur er stærsti vinnuveitandinn í sveitarfélaginu og er Hjúkrunarheimilið Barmahlíð og Reykhólaskóli stærstu vinnustaðirnir. Þörlungaverksmiðjan framleiðir mjól úr þangi og þara sem þurrkað er með orku úr jarðhita á Reykhólum. Saltverksmiðjan Norðursalt framleiðir flögusalt úr breiðfirskum sjó og nýtir einnig orku úr jarðhita til framleiðslunnar. Bæði fyrirtækin eru með lífræna vottun. Kræklingarækt er stunduð við Króksfjarðarnes, og nokkur smærri fyrirtæki framleiða vörur m.a. úr þangi og þara. Má þar nefna Gullstein og Glæði. Æðadúnstekja er víða ríkuleg í sveitarfélaginu. Sjósókn var stór stór þáttur á árum áður en nú eru aðeins örfáir sem sækja á strand- eða grásleppuveiðar.

Ferðaþjónusta

Í Reykhólahreppi er víða rekin ferðaþjónusta og hefur sá iðnaður eflst síðustu ár. Upplýsingamiðstöðvar eru reknar yfir sumartímann á Bátasafninu á Reykhólum, handverksmarkaðinum í Króksfjarðarnesi og í gamla frystihúsinu í Flatey. Hótel Bjarkalundur, eitt elsta hótellandsins starfar yfir sumartímann, Hótelíð í Flatey er í uppgerðu og einstöku húsnæði í Flatey, gistiheimili eru rekin á Reykhólum og er bændagisting víða og tjaldsvæði, einnig í Flatey. Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum er opin yfir sumartímann, þar eru til sýningar breiðfirskir súðbyrðingar í bland við atvinnuhætti í tengslum við hlunnindanyttjar. Sjávarböðin eru opin yfir sumartímann, þar er hægt að fara í paraböð. Handverksmarkaður er í Króksfjarðarnesi. Í Reykhólahreppi er eitt mesta safn uppgerðra gamalla dráttavéla, bæði á Grund og á Seljanesi. Frystihúsið í Flatey er samkomustaður eyjabúa yfir sumartímann, þar er tekið á mótin gestum sem sækja eyjuna heim yfir sumartímann.



Eftirlit með sund- og baðstöðum er eitt af verkefnum heilbrigðiseftirlits.



Skipulag og svæðisskiptingu landsins má sjá hér að ofan og á heimasíðu samtaka heilbrigðiseftirlitsvæða á Íslandi, www.shi.is.



Anton Helgason framkvæmdastjóri við sýnatöku úr Pollinum á Ísafirði til að kanna tilvist 100 hættulegra efna.



Handklæði á opinberum stöðum, er hættuleg smitleið.



Númerslausir bílar og bílhræ og járnadót.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur það að markmiði að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í ómenguðu umhverfi og matvælum. Þetta er gert með reglubundnu eftirliti í fyrirtækjum og unnið í samvinnu við stjórnvöld og íbúa. Heilbrigðiseftirlit þjónar þannig almenningi og umhverfi. Stjórnsýslulega er heilbrigðiseftirlit á vegum sveitarfélaga en Vestfjarðasvæði nær yfir Vestfjarðakjálkann, skorinn frá um botn Gilsfjarðar og þvert yfir í Bitruna á Ströndum. Starfssvæði heilbrigðiseftirlits Vestfjarða nær yfir Ísafjarðarbæ, Bolungarvík, Súðavíkurrepp, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhrepp, Reykhólahrepp, Strandabyggð, Kaldrananeshrepp og Árneshrepp. Við eftirlitið starfa tveir heilbrigðisfulltrúar í tveimur stöðugildum, og starfsstöðskrifstofa eftirlitsins er staðsett að Aðalstræti 12 í Bolungarvík. Heimasíða heilbrigðiseftirlits Vestfjarða er www.hevf.is

Starfsemin

Aðaláhersla í störfum eftirlitsins er lögð á fyrirbyggjandi starf, eftirlitsferðir, fræðslu og er haft samráð við aðra eftirlitsaðila og fyrirtæki. Í meginráttum skiptist eftirlitið í þrjú flokka, þ.e. almennt heilbrigðiseftirlit, mengunareftirlit og matvælaeftirlit. Megnið af starfseminni felst í reglubundnu eftirliti þar sem fyrirtæki eru heimsótt og gerðar eru athugasemdir við það sem ekki er í lagi. Athugasemdum eða kröfum um úrbætur er síðan komið á framfæri við viðkomandi aðila. Ef ítrekuðum kröfum er ekki sinnt á viðunandi hátt er málið lagt fyrir heilbrigðisnefnd til meðferðar og heilbrigðisfulltrúi sér síðan um að úrskurði nefndarinnar sé framfylgt. Sýni af matvælum og vatni eru tekin til að kanna ástand þeirrar vöru sem er á boðstólum. Við ræktun er vanalega verið að rækta fram vísibakteríur, þ.e. kólí og saurkólí, en tilvist þeirra gefur til kynna að um óþrifnað eða mengun af sauruppruna sé að ræða. Ef þessar bakteríur finnast er talið að líkur séu á að aðrar og hættulegri sjúkdómsvaldandi bakteríur geti verið til staðar. Handklæði á opinberum stöðum, er hættuleg smitleið því er alltaf gerð athugasemd ef slíkt sést. Bent er á að hægt er að nota handklúta sem þvo má eftir hverja notkun ef fólk er illa við bréppurrkur af einhverjum ástæðum.

Númerslausir bílar, bílhræ og járnadót er það sem helst er lýti á umhverfi sveitarfélaga. Ef þetta er látið óátalið, þá safnast þeir upp. Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum. Á því svæði á Ísafirði, þar sem olíubirgðastöðvar stóðu, á vegum Olíudreifingar, voru grafnar tilraunaholur til að kanna hvernig niðurbrot olíumengunar í jarðvegi gengur. Töluverð lykt og mengun finnst enn.



Á Ísafirði voru grafnar tilraunaholur.



Tálknafjörður.

Tálknafjarðarhreppur

Tálknafjörður er sjálfstætt sveitarfélag á sunnanverðum Vestfjörðum. Eins og títt er um vestfirsku þorpin byggðist Tálknafjörður fyrst og fremst upp í kringum fiskveiðar. Fyrrum var mikið róíð frá verstöðvum beggja vegna fjarðarins og í lok 19. aldar reistu Norðmenn hvalveiðistöð á Suðureyri við sunnanverðan fjörðinn. Fjölgaði þá íbúum á svæðinu talsvert en eiginleg þéttbýlismyndun hófst þó í raun ekki fyrr en um miðja 20. öldina. Fiskveiðar eru enn í dag afar mikilvægar fyrir Tálknfirðinga en þó eru fiskeldi og starfsemi sem því tengist orðin umfangsmest í atvinnulífi staðarins. Þá hefur ferðaþjónusta farið vaxandi á Tálknfirði enda hefur bærinn og nágrenni hans upp á margt að bjóða. Sundlaugin, sem staðsett er alveg við hið frábæra tjaldsvæði Tálknfirðinga, þykir ein sú besta á Vestfjörðum og ekki er síðra að heimsækja Pollinn, heitu pottana í landi Litla-Laugardals, skammt utan við bæinn. Mikið er um fallegar gönguleiðir við Tálknafjörð. Við Arnarstapa er til að mynda einstök kyrrð og náttúrufrægurð og ekki er síðra að ganga að Suðureyri þar sem hvalveiðistöðin stóð forðum.

Sveitarfélagið

Þann 1. janúar 2020 voru íbúar Tálknafjarðarhrepps samtals 251. Í sveitarstjórn eru fimm kjörnir fulltrúar, fjórir af Ó-lista, Óháðra og einn af E-lista, Eflum Tálknafjörð. Bjarnveig Guðbrandsdóttir er oddviti en aðrir fulltrúar í sveitarstjórn eru Guðni Ólafsson, Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir, Björgvin Smári Haraldsson og Lilja Magnúsdóttir. Ólafur Þór Ólafsson hefur verið sveitarstjóri og hafnarstjóri frá árinu 2020. Sveitarfélagið sinnir öllum hefðbundnum verkefnum sveitarfélaga, ýmist eitt og sér eða í samstarfi við önnur sveitarfélög. Lífæð samfélagsins er Tálknafjarðarhöfn sem sveitarfélagið rekur. Skrifstofa sveitarfélagsins er rekin að Strandgötu 38 og þar er Eygló Hreiðarsdóttir skrifstofustjóri. Í Tálknafjarðarskóla er samrekinn grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli undir stjórn Birnu Hannesdóttur skólustjóra. Við hlið skólans stendur Íþróttamiðstöð sveitarfélagsins sem Bjarnveig Guðbrandsdóttir veitir forstöðu ásamt því að stýra tjaldsvæðinu. Félagstarf eldri borgara og félagsmiðstöð unglunga, Tunglið, deila húsnæði í Vindheimum. Á hverjum tíma eru í kringum 30 starfsmenn hjá sveitarfélaginu auk þess sem félagsmálastjóri, íþróttfulltrúi og slökkviliðsstjóri eru sameiginlegir starfsmenn með nágrönnunum í Vesturbyggð.

Tækifæri

Það er ljóst að það eru fjölmörg tækifæri á Tálknafirði og þar mun blómleg byggð verða um langa framtíð. Hin vegar er óljóst hvaða framtíð bíður Tálknafjarðarhrepps sem skipulagseiningar í ljósi umræðna um lágmarksstærð sveitarfélaga og líklegt verður að teljast að einhverjar breytingar séu væntanlegar á næstu árum.



Talið frá vinstri: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri, Björgvin Smári Haraldsson, sveitarstjórnarfulltrúi, Nancy Rut Helgadóttir, varasveitarstjórnarfulltrúi, Guðni Ólafsson, sveitarstjórnarfulltrúi, Bjarnveig Guðbrandsdóttir, oddviti og Lilja Magnúsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi.



Bolungarvíkurkaupstaður



Bolungarvíkurkaupstaður er sjálfstætt sveitarfélag á Vestfjörðum. Þann 10. apríl 1974 fékk sveitarfélagið kaupstaðarréttindi en hét áður Hólshreppur. Kaupstaðurinn dregur nafn sitt af vík sem er yst í Ísafjarðardjúpi. Víkin er ein elsta verstöð landsins og er stutt í góð fiskimið. Upp af víkinni liggja tveir grösugir dalir, Syðridalur og Tungudalur. Syðridalsvatn er í Syðridal og er þar nokkur veiði og eins í Ósá. Samkvæmt Landnámbók settist Puriður sundafyllir að í Bolungarvík um 940 ásamt bróður sínum Þjóðólfi. Sagnir herma að þau hafi orðið ósátt og lagt álög hvort á annað en bæði voru fjölkunnug. Puriður lagði á bróður sinn að hann skyldi verða að klettadrangi sem fuglar drituðu á. Þjóðólfur lagði hins vegar á Puriði systur sína að hún skyldi verða að bergstandi sem vindar gnauduðu mest á. Klettadrangurinn sem sagður var vera Þjóðólfur hrundi haustið 1836. Sagnir herma að sömu nótt hafi einnig hrunið úr Puriði. Framan af öldum var byggðin nær eingöngu í dölunum og í Skálavík. Næst sjónum, á Bolungarvíkurmölum, var búseta hins vegar vertíðarbundin langt fram á 19. öld. Um aldamótin 1900 fjölgaði íbúum mjög og þorp myndaðist við sjávarsíðuna. Þá reis ný kirkja, einnig barnaskóli, stúkuhús, vélsmiðja, bátasmiðaverkstæði, íshús og nokkur fiskverkunarhús. Verslanir voru stofnaðar, svo og sparisjóður og bókasafn. Á þessum tíma var mannlíf allt í miklum blóma og ýmis félagasamtök hófu starfsemi, m.a. stúka, kvenfélag, ungmennafélag, leikfélag og málfundafélag. Eftir að bátarnir stækkuðu með vélvæðingu bátaflotans í upphafi aldarinnar hélt erfið lendingaraðstaða aftur af vexti þorpsins. Með bættri hafnaraðstöðu um miðja öldina varð uppsveifla og íbúum fjölgaði næstu áratugi. Bolungarvík komst í vegasamband við Ísafjörð árið 1950 með opnun vegarins um Óshlíð, sem var stórt framfaraskref. Enn í dag eru sjósókn og fiskvinnsla aðal atvinnugreinar. Önnur störf eru flest í verslunar- og þjónustugeirum. Bolungarvíkurgöng voru opnuð 25. september 2010 og hafa reynst mikil samgöngubót en þá lagðist vegurinn um Óshlíð af.

Þann 1. janúar 2020 voru íbúar 955. Forseti bæjarstjórnar er Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir. Formaður bæjarráðs er Baldur Smári Einarsson og bæjarstjóri er Jón Páll Hreinsson. Fjórir fulltrúar D-lista, Sjálfstæðismanna og óháðra mynda meirihluta bæjarstjórnar en fulltrúar K-lista, Máttar meyja og manna eru þrír. Í síðustu kosningum var Y-listi Framboðs einnig í boði en hlaut engan fulltrúa kjörinn. Árið 2019 voru stöðugildi sveitarfélagsins 77. Bolungarvík er í 473 km fjarlægð frá Reykjavík en einungis 14 km eru til Ísafjarðar. Umhverfi Bolungarvíkur býður upp á marga áhugaverða staði fyrir ferðafólk hvort sem ferðast er á puttunum, hjólandi, akandi, á hestbaki eða til að stunda göngur, golf, sjóstangveiði eða fuglaskoðun. Í Bolungarvík er að finna gistaðstöðu, hraðbanka, pósthús, tvo bari, félagsmiðstöðvar, kjörbúð, kaupmannsverslun, leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, hannyrðaverslun og bókakaffi.

Í Bolungarvíkurkaupstað er að finna eftirtaldar stofnanir: Áhaldahús, Bolungavíkurhöfn, bókakaffi, félagsheimilið, íþróttamiðstöðina Árbæ, sundlaug, náttúrgripasafn og Ósvör.



Hjarta bæjarins

Þrjár bryggjur mynda Bolungarvíkurhöfn. Nyrst og austast er Brimbryjótur, í daglegu tali nefndur Brjóturinn, þar sem fiskilöndun fer fram. Sumarið 2020 hefur verið unnið að endurbótum á Brjótum með bættri þekju og viðlegukanti. Grundargarður lokar höfninni til suðausturs og þar leggjast stærri bátar að. Fyrir miðri höfn er Lækjarbryggja þar sem ferðamannabátar og strandveiðibátar leggjast að og þar suðvestan við eru tvær minni flotbryggjur fyrir smábáta. Bryggjukantar eru alls 560 m og mesta dýpi við kant er 8,7 m, lengd á þeim kanti er 120 m. Snúningssvæði í höfn er 9m á dýpt, 90 m í þvermál og dýpi í innsiglingu er 9,5 m. Heimabátarnir eru handfærabátar, línubátar, netabátar, einn togari, rækjuveiðibátar og sjóstangveiðibátar á sumrin. Aðkomubátar landa einnig oft í Bolungarvíkurhöfn. Einn aðal fiskmarkaður er í Bolungarvík og svo er annar minni í sniðum. Ein öflug fiskvinnsla er í Bolungarvík og svo er harðfiskframleiðsla. Einnig er unnið hágæða lýsi úr lifur sem kemur beint úr slægingu af fiskmarkaðnum í húsnæði við höfnina sem og stórtæk mjólkurvinnsla í fyrirverandi fiskvinnsluhúsnæði.

Lýðheilsa og velferð

Mikil áhersla er lögð á lýðheilsu og íþróttir í Bolungarvík. Íþróttamiðstöðin Árbær gegnir þar lykilhlutverki með sundlaug, íþróttasal, þreksal, vatnsrennibraut, sundlaugargarði, sauna með hvíldaraðstöðu, nuddþjónustu og barnagæslu. Einstakt verkefni sem nefnist Heilsuþæring Bolungarvík heldur úti heilsutengdri dagskrá. Helsta markmiðið verkefnisins er að hver og einn finni til ábyrgðar gagnvart sjálfum sér og eigin heilsu. Einnig er í boði heilsustígur, golfvöllur, hrestivöllur, frísbílgolfvöllur, knattvöllur, ærslabelgur og fjölbreyttar gönguleiðir. Þá er íþróttamaður Bolungarvíkur kjörinn árlega.


Áður var hjúkunarheimili í Skýlinu en heimilið flutti í nýtt húsnæði árið 2015 sem er í eigu Bolungarvíkurkaupstaðar og einkaaðila en kaupstaðurinn leigir sinn hluta til ríkisins undir hjúkunarheimili. Í húsinu eru einnig íbúðir í einkaeigu. Hjúkunarheimilið í Bolungarvík nefnist Berg. Hjúkunarheimilið er í húsnæði sem byggt var við og er samtengt húsnæði sem kallast Árborg en í því húsi eru íbúðir og félagsaðstaða fyrir aldraða auk glæsilegrar aðstöðu fyrir sjúkrapjálfa og safnaðarheimili Hólskirkju.

Félagsmótun

Mikil áhersla er lögð á félagsmótun í Bolungarvík. Bærinn rekur eitt glæsilegasta félagsheimili landsins, sannkallaða perlu Vestfjarða. Sjómannadagur Bolungarvíkur hefur verið í boði í yfir 80 ár og markaðsdagurinn í 30 ár og fleiri árlegir viðburðir eru settir upp. Drymli er handverkshús og fjölmörg félög af ýmsum toga eru starfrækt en þar fara fremst í flokki félög um björgun og slysavarnir og félög sem leggja áherslu á þjónustu við eldri borgara.

Bolafjall og ferðaþjónusta


Unnið hefur verið að eflingu þjónustu við ferðafólk undanfarin ár. Lengi vel hefur Sjóminjasafnið Ósvör verið vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Í samvinnu við Framkvæmdasjóð ferðamannaástaða er nú unnið að uppbyggingu útsýnispalls á Bolafjalli en bjargbrúnin hefur einnig reynst vinsæl meðal ferðafólks. Markmiðið með pallinum er að auka þá upplifun sem ferðamenn sækjast eftir í heimsókn á Bolafjall en ekki síður að tryggja öryggi þeirra sem þar koma og bæta aðgengi fyrir fatlaða. Þá standa vonir til að pallurinn muni auka til muna heimsóknir ferðafólks til Bolungarvíkur.





Brekkusöngur í Raggagarði.

Súðavíkurbreppur



Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri Súðavíkurbrepps.

Súðavíkurbreppur er sveitarfélag við sunnanvert Ísafjarðardjúp um 760 km² að flatarmáli með langa strandlengja um þrönga firði. Mörk hreppsins liggja að botni Ísafjarðar í Djúpi þar sem að honum liggur Strandabyggð að austanverðu en mörk við Ísafjarðarbæ að vestanverðu við Brúðarhamar á Súðavíkurhlíð. Eyvindur kné nam Álftafjörðinn og Seyðisfjörðinn 915-930 en hann og kona hans, Puríður rymgylta, bjuggu á Eyri við Seyðisfjörð. Súðavík er vestan megin Álftafjarðar og eini þéttbýliskjarninn, fyrst nefnt þorp árið 1890. Upphaf þéttbýlismyndunar má líklega rekja í fyrstu til Hansakaupmanna en þeir höfðu aðstöðu við Langeyri, byggðu hús og skip höfðust við að vetri til. Umsvif þeirra voru talsverð á 15. og 16. öld í Álftafirði. Þá komu síðar til hvalveiða Norðmanna á Íslandi á síðari hluta 19. aldar og umsvif þeirra hafa styrkt byggð í Álftafirði. Umsvif við veiðar og því uppgangstími og ástæða þéttbýlismyndunar á svæðinu. Norðmenn höfðu fyrst hvalstöð við Dvergasteinseyri í Álftafirði frá árinu 1896 – 1903, en hvalstöð þeirra á Langeyri við Álftafjörð var stærri og átti að gegna sem nokkurs konar miðstöð veiða þeirra á Íslandi. Með lokun hvalveiðistöðvar í Álftafirði lögðust af veiðar á stórhveli á Íslandi. Súðvíkingurinn Þorlákur Guðmundsson (Hrefnu-Láki) hóf aftur veiðar á hrefnu árið 1914, en hann stundaði hrefnuveiðar til ársins 1950. Fjölskylda hans stundaði áfram hrefnuveiðar frá Súðavík til ársins 1985.

Sagan

Í Súðavíkurbreppi er að finna sögufræga staði og fyrrum bústað áberandi Íslendinga. Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp, er landnámsfjörð Snæbjarnar Eyvindarsonar. Vatnsfjörður er merkur staður í sögu Íslands enda var þar helsta bækistöð Vatnsfirðinga á Sturlungaöld. Ekki verður heldur hjá því komist að nefna Ara Magnússon sýslumann og Jón Ólafsson Indíafara.

Ari Magnússon

Ari Magnússon var sýslumaður á Vestfjörðum á 16. öld. Hann var fæddur árið 1571 og lést árið 1652, jafnan kenndur við Ögur við Ísafjarðardjúp. Ari var umboðsmaður konungsjarða á Íslandi og umsvifamikill sýslumaður, pótti harður í horn að taka og heljarmenni. Ari vann sér helst til frægðar aðför að baskneskum skipbrotsmönnum í Æðey í Djúpi eftir að hafa látið dæma þá rétt dræpa í Súðavík þann 8. október 1615. Í Æðey féllu 18 þeirra basknesku, en ungur sonur Jóns mun hafa unnið á nokkrum þeirra með byssu, enda gekk aðförin illa framan af.

Jón Ólafsson

Jón Ólafsson Indíafari fæddist á Svarthamri í Álftafirði. Hann ferðaðist víða og dregur viðurnefni sitt af því, en hann réð sig um borð í enska skútu árið 1615, síðar byssuskytta og sjóliði hjá danska hernum. Hann sneri aftur í Álftafjörðinn og bjó þar árin 1628-1639 og svo aftur 1649-1654. Jón og Ingibjörg kona hans fluttu til Vestmannaeyja og Jón var ráðinn byssuskytta í Eyjum. Ingibjörgu líkaði illa í Eyjum og sneru þau ári síðar til Álftafjarðar þar sem hún drukkaði haustið 1640. Jón kvæntist aftur og bjó með Jónu Þorbjörgu, um tíma í Uppsölum í Seyðisfirði



Sveitarstjórnarmenn frá vinstri:
Örn Elias Guðmundsson (Mugison), Ásgeir Hólm Agnarsson, Elsa G. Borgarsdóttir, Karl Guðmundur Kjartansson, Samúel Kristjánsson, oddviti og Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri.



Séð yfir byggðina í landi Eyraðalands.

en þau fluttu síðar að konungsjörðinni Eyraðal til æviloka Jóns 1654.

Í hreppnum eru náttúruperlurnar **Vigur** þar sem er að finna fjölskrúðugt fuglalíf, fjallið **Hestur** (536 m) sem er gríðarlega einkennandi í landslaginu og fjallið **Kofri** (640 m) fyrir ofan Súðavíkina. Í mannskæðu snjóflóði í Súðavík þann 16. janúar 1995 létust 14 og 12 slösuðust, en auk þess varð mikið eignatjón, en 16 íbúðarhús skemmdust ásamt fyrirtækjum og stofnunum; m.a. leikskóli og hreppskrifstofa. Margir fluttu úr byggðarlaginu eftir flóðið. Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps kom saman 23. janúar 1995 eftir flóðin og ákvað að halda borgarafund um málefni þorpsins. Niðurstaðan var að færa byggðina og deiliskipuleggja land Eyraðals undir nýja byggð m.t.t. kostnaðar við byggingu snjóflóðavarnargarðs. Fyrsta skóflustunga að nýrri byggð var tekin þann 30. apríl 1995.

Atvinnumál

Atvinnustarfsemi er lengst af sjávarútvegstengd í Súðavíkurhreppi, en það breyttist með lokun Frosta hf. árið 2005 og lokum rækjuvinnslu. Í húsnæði Frosta starfa nú um 2-3 fyrirtæki við verkun harðfisks og lifrar. Útgerð er bundin við sjósókn krókabáta og sjóstangveiði. Þá er í hreppnum kvíaeldi á regnbogasilungi þjónustað frá Súðavík. Framleiðslufyrirtækið Sætt og salt er í Súðavík sem framleiðir handgert súkkulaði og fyrirtækið Saltverk við Reykjanes í Djúpi sem vinnur sjávarsalt. Þá eru verktakarnir Tígur í jarðvinnslu á staðnum og iðnaðarmenn í timbri og lögnum. Stærsti vinnustaður sveitarfélagsins er Súðavíkurhreppur. Nokkur ferðaþjónustufyrirtæki eru í sumarferðaþjónustu, s.s. Vigur, Hvítanes (Litlibær), Ögurtravel, Melrakkasetur Íslands og Icelandi Sea Angling en ferðaþjónustan í Heydal starfar allt árið um kring. Melrakkasetrið var stofnað 15. september 2007 og er í gamla bænum í Eyraðal, fallegu húsi sem var endurgert árið 2011. Melrakkasetrið er eina safn sinnar tegundar með miðstöð þekkingar og rannsóknarstarfa á lifnaðarháttum heimskaufarefsins og sýningu sambýlis refs og manna.

Mannlíf og afþreying

Sveitarfélagið telur um 200 manns í dag. Mannlíf í Súðavíkurhreppi er fjölskrúðugt með eitt hæsta hlutfall innflytjenda á Íslandi, en um þriðjungur íbúa eru af erlendum uppruna. Fjölbreytileikinn er því eitt af aðalsmerkjum sveitarfélagsins svo og barnvænt umhverfi. Súðavíkurskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli, en leikskóli er gjaldfrjáls og því kærkomið barnafjölskyldum að búa í sveitarfélaginu. Meðal fastra viðburða í Súðavíkurhreppi er Gönguhátíðin um verslunarmannahelgina enda er í hreppnum áhugavert umhverfi fyrir göngur, bæði fyrir lengra komna og byrjendur. Eitt helsta aðdráttarafi sveitarfélagsins er þó Raggagarður, fjölskyldugarður stofnaður 6. ágúst 2005 til minningar um Ragnar Frey Vestfjörð sem lést í bílslysi árið 2001 í Súðavík. Móðir hans, Vilborg Arnarsdóttir á veg og vanda að stofnun hans. Skammt frá er líklega minnsta bókasafnið á landinu, **Litla skiptibókasafnið**, en það er staðsett í símaklefa í gömlu byggðinni í Súðavík.



Eyraðalshúsið, Melrakkasetur Íslands.



Heimsókn í Sætt og Salt.



Séð yfir hafnarsvæðið á Patreksfirði og hluta þorpsins.

Vesturbyggð



Rebekka Hilmarisdóttir, bæjarstjóri.

Vesturbyggð er sveitarfélag á sunnanverðum Vestfjörðum og það vestasta á Íslandi og í Evrópu. Til Vesturbyggðar teljast byggðakjarnarnir Birkimelur á Barðaströnd, Bíldudalur, Patreksfjörður og sveitirnar Barðaströnd, Breiðavík, Hænuvík, Ketildalur, Látrar, Rauðisandur og Suðurfirðir. Bæjarstjórn Vesturbyggðar er skipuð 7 bæjarfulltrúum. Forseti bæjarstjórnar er Iða Marsibil Jónsdóttir og bæjarstjóri er Rebekka Hilmarisdóttir. Nýuppgerð Ráðhús Vesturbyggðar var formlega tekið í notkun í desember 2018 en starfsstöðvar sveitarfélagsins eru nokkrar.

Skólastarf í Vesturbyggð

Í Vesturbyggð eru reknir tveir leikskólar, leikskólinn Araklettur á Patreksfirði og leikskólinn Tjarnarbrekka á Bíldudal. Tveir grunnskólar eru í sveitarfélaginu, Patrekskóli og Bíldudalsskóli. Þar að auki rekur sveitarfélagið tónlistarskóla, frístundaheimili og skólaskrifstofu. Þá er rekin framhaldsdeild á Patreksfirði sem er útibú frá Fjölbautarskólanum á Grundarfirði. Á Bíldudal er rekinn sameinaður leik- og grunnskóli með um 40 nemendum. Á Patreksfirði er grunnskóli með um 100 nemendur og þar af eru einnig börn í nýstofnaðri 5 ára deild. Þá sér Fræðslumiðstöð Vestfjarða um ýmis námskeið fyrir fullorðna. Í Vesturbyggð hefur verið lögð áhersla á góða og markvissa skólastefnu og vel hlúð að skólastarfi. Vesturbyggð er með samning við sérfræðinga í skólaþjónustu þar sem þjónustan felst bæði í ráðgjöf og fjarþjónustu, ásamt heimsóknunum.

Íþróttir og tómstundir í Vesturbyggð

Í Vesturbyggð eru starfrækt fjölmörg félagasamtök sem starfa með fólki á öllum aldri. Héraðssambandið Hrafna-Flóki og 8 aðildarfélag þess halda utan um íþróttalíf svæðisins með fjölbreyttri starfsemi. Meðal helstu íþróttagreina sem iðkaðar eru á svæðinu eru knattspyrna, frjálsar íþróttir, körfuknattleikur, fimleikar, blak, golf og skotiþróttir. Aðstaða til iðkunar er góð. Íþróttahúsin Brattahlíð og Bylta hýsa vetrarstarfsemina og íþróttavellirnir Vatneyrarvöllur og Völvöllur eru vettvangur sumarstarfs. Í Vesturbyggð eru tveir 9 hólur golfvöllir sem iða af lífi yfir golfvertíðina, annar í botni Patreksfjarðar og hinn í Bíldudal. Í Vesturbyggð eru þrjár sparkvöllir og fjórar sundlaugar. Sundlaugin á Patreksfirði er starfrækt af Vesturbyggð á meðan sundlaugin í Reykjafirði, sundlaugin við Krossholt og sundlaugin við Flókalund eru reknar af einkaaðilum og/eða félagasamtökum. Möguleikar til útvistar eru óþrjótandi í faðmi fjalla og fjöru um allt sveitarfélagið.

Íþróttaskóli Vesturbyggðar er starfræktur bæði á Patreksfirði og Bíldudal yfir skólamánuði. Í íþróttaskólanum eru börn á yngsta stigi grunnskólanna.

Eyrarsel á Patreksfirði er opið öllum 18 ára og eldri. Starfið er mismunandi eftir dögum og skipulagt og mótað eftir þátttöku. Félagsmiðstöðvarnar Vest-End og Dímon halda utan um félagsstarf ungmenna á elsta stigi grunnskólanna með skipulagðri dagskrá.



Bæjarhátíðin Bíldudals grænar.



Handsaumaðir pokar frá verkefninu - Plastlausir Vestfirðir.




Sjómannadagurinn á Patreksfirði.

Umhverfismál

Vesturbyggð hefur lagt sitt af mörkum hvað varðar áherslur í umhverfismálum. Til að mynda tekur Vesturbyggð þátt í verkefninu umhverfsvottaðir Vestfirðir þar sem áherslan er lögð á starfsemi sveitarfélaganna. Þar eru ýmsir þættir skoðaðir eins og innkaup, orkunotkun og nýting, vatnsnotkun og nýting, sorpförgun og endurvinnsla ásamt fleiri þáttum. Innan umhverfsvottaðra Vestfjarða eru nokkur verkefni á borð við grænt bókhald og svo verkefnið plastpokalausir Vestfirðir, sem sveitarfélagið er einstaklega stolt af. Hópur kvenna í Vesturbyggð hefur komið saman og saumað taupoka í þúsundatali og endurnýta þær gömul efni, s.s. boli, sængurver, gardínur o.fl. Þetta verkefni er gert með það að markmiði að íbúar minnki plastpokanotkun og hefur verið gert í samstarfi við verslanir á svæðinu sem flestar hafa alfarið tekið plastpoka úr umferð, eða hækkad verðið á þeim umtalsvert. Vesturbyggð hefur einnig tekið þátt í átaki um að hreinsa strendur á landsvæðinu, eins og á Rauðasandi. Þar að auki hafa allir skólar Vesturbyggðar tekið þátt í grænfánaverkefni, þar sem þeir fylgja sjö skrefa ferli um umhverfismál og fá að flagga grænfánanum til tveggja ára í senn ef markmiðunum er náð. Einnig eru smábátahafnirnar á Patreksfirði og Bíldudal handhafar bláfánans. Bláfáninn er alþjóðleg umhverfsvottun sem veitt er smábátahöfnum og baðströndum. Meginmarkmið verkefnisins er að vernda lífríki haf- og strandsvæða, draga úr umhverfisáhrifum, bæta öryggi og efla umhverfisvitund.

Atvinnu- og menningarmál

Menningarlífíð í Vesturbyggð er blómlegt og í því nafni má nefna bæjarhátíðirnar sjómannadaginn, sem haldinn er árlega á Patreksfirði og Bíldudals grænar sem Bílddælingar fagna á öðru hverju ári. Einnig er heimildamyndahátíðin Skjaldborg haldin í Skjaldborgarbíói og setur skemmtilegan brag á menningarlífið á sunnanverðum Vestfjörðum. Á haustin er blúshátíð vel sótt af íbúum og gestum þeirra ásamt þeim fjölmörgu tónlistarviðburðum sem dúkka upp á ári hverju. Undanfarin ár hefur fjölbreytileiki lista- og menningarlífs aukist svo um munar. Á svæðinu er einnig Minjasafnið að Hnjóti, Muggsstofa á Bíldudal opnaði árið 2021 en hún þjónar hlutverki samfélagsmiðstöðvar fyrir svæðið. Þar er starfrækt bókasafn Bíldudals, félagsstarf eldri borgara og hún er opin öllu samfélaginu. Skrímslasetrið á Bíldudal sem og Listasafnið í Selárdal. Bókasöfn eru tvö í sveitarfélaginu, á Patreksfirði og á Bíldudal. Sjávarútvegur hefur alla tíð verið hryggjarstykkið í atvinnulífi sunnanverðra Vestfjarða og er það enn. Mikil umsvif hafa verið á undanförunum árum í kringum fiskeldi og hefur það haft mikið að segja varðandi aukin atvinnutækifæri á svæðinu. Meðal stærstu fyrirtækja á svæðinu má nefna Odda hf. fiskvinnsla og útgerð, Íslenska Kalkþörungafélagið, Arnarlax og Arctic Fish. Síðustu ár hefur ferðaþjónusta aukist á svæðinu þar sem vinsælustu áfangastaðirnir eru Látrabjarg, Rauðisandur og Selárdalur, ásamt óteljandi leyndum perlum og náttúrulegum.



Sundlaugin á Patreksfirði.



Norðurland vestra er stærsta sauðfjárhérað landsins. Drangey í Skagafirði í baksýn. / Ljós. Markaðsstofa Norðurlands.



Börn við Hvítserk. Börnin eru Ronja Dís Haraldsdóttir Granquist, Guðni Þór Alfreðsson og Birta Ögn Alfreðsdóttir. / Ljós. SSNV.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra SSNV



Stjórn SSNV 2020-2022. Aftari röð f.v.: Halldór G. Ólafsson, Álfhildur Leifsdóttir og Þorleifur Karl Eggertsson. Fremri röð f.v.: Ingibjörg Huld Þórðardóttir og Anna Margrét Sigurðardóttir. / Ljós. SSNV.



Starfsmenn SSNV í maí 2019. Davíð Jóhannsson, Unnur Valborg Hilmarsdóttir framkvæmdastjóri, Sólveig Olga Sigurðardóttir, Ingibjörg Guðmundsson, Katharina Ruppel og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir. / Ljós. SSNV.



Frá ráðstefnu SSNV um umhverfismál sem haldin var á Húnavöllum í maí 2019. Stefán Gíslason kynnis fyrstu útreikninga á kolefnisspori landshlutans. / Ljós. SSNV.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) eru samstarfs- og þjónustuvettvangur sveitarfélaganna í landshlutanum. SSNV starfar í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra aðila eftir því sem hagsmunir þjóða hverju sinni og við verður komið. Samtökin voru stofnuð árið 1992 þegar Fjórðungssambandi Norðlendinga var skipt í tvennt. **Hlutverk** samtakanna er að vinna að verkefnum sem sveitarfélögin eða löggjafinn fela þeim og hafa samvinnu um tiltekna málaflokka á grundvelli samninga við ríkið. Megináhersla er lögð á eftirfarandi verkefni: Greiningu varðandi sameiginleg hagsmunamál aðildarsveitarfélaganna, þingmál og aðrar stefnumarkandi áætlanir ríkisins og stefnumótun um sóknaráætlun og önnur verkefni sem stjórnvöld fela samtökunum, sbr. gildandi lög og reglugerðir hverju sinni. Hagsmunagæslu um sameiginleg hagsmunamál aðildarsveitarfélaganna, um mál samkvæmt ákvörðunum þinga og mál sem falla að samþykktum SSNV. Þjónustuhlutverk varðandi sameiginleg verkefni aðildarsveitarfélaganna. Stuðla að samvinnu og auka þekkingu sveitarstjórnarmanna á starfssvæðinu. **Markmið** samtakanna eru: Að efla samvinnu sveitarfélaga og auka þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna. Að vinna að hverjum þeim verkefnum sem aðildarsveitarfélög eða löggjafinn kunna að fela þeim. Að styrkja stöðu aðildarsveitarfélaganna á landsvísu. Að stuðla að eflingu atvinnulífs á Norðurlandi vestra.

Sóknaráætlun Norðurlands vestra

Árið 2015 gerðu SSNV og stjórnvöld með sér fimm ára samning um sóknaráætlun landshlutans. Sá samningur hefur síðan verið endurnýjaður fyrir árin 2020-2024. Markmið samningsins er að stuðla að jákvæðri samfélags- og byggðapróun í takt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, treysta stöðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gegnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna.

Samningurinn skiptist í þrjú þætti:

Móta sóknaráætlun Norðurlands vestra sem nær yfir árin 2020-2024. Annast umsýslu uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra sem styður við markmið sóknaráætlunarinnar. Skilgreina áhersluverkefni sem endurspeglar markmið sóknaráætlunar og styðja við framgang hennar.

Norðurland vestra

Norðurland vestra nær frá Stíkuhálsi á Ströndum að Almenningum vestan Siglufjarðar og upp á Öxnadalshéiði, frá Skagatá og upp á miðhálandið. Landshlutinn er 13.091 km² og íbúar 1. janúar 2021 voru alls 7.398. Aðalatvinnugreinar eru landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður en



Sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi vestra í kynnisferð á vegum SSNV í Danmörku í mars 2019. / Ljós. SSNV.

einnig er almenn þjónustustarfsemi veigamikill þáttur. Þá er ferðaþjónusta vaxandi atvinnuvegur. Svæðið er fjölbreytt að náttúrufari og landslagi, gróið land er um 2/3 af heildarflatarmáli og þar eru margar gjöfular laxveiðiár. Ræktun íslenska hestsins á sér einnig ríka hefð. Landshlutinn er ríkur af sögu og var t.d. vettvangur margra stórviðburða á Sturlungaöld, auk Grettissögu og Vatnsdælu. Þá voru Hólar í Hjaltadal annar af tveimur biskupsstólum landsins um aldir. Þjóðvegur 1 liggur í gegnum starfssvæðið og almennt eru samgöngur góðar á landi. Hafnir eru á Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd, Sauðárkróki og Hofsósi. Flugvællir eru á Sauðárkróki og Blönduósi. Hitaveita er í öllum þéttbýlisstöðunum og fer vaxandi í dreifbýli. Stærsta virkjunin er Blönduvirkjun sem framleiðir 150 MW. Einn framhaldsskóli er í landshlutanum, Fjölbautaskóli Norðurlands vestra og þá er háskóli á Hólum í Hjaltadal með ferðamála-, fiskeldis- og hestafræðibrautum.

Menningarlíf

Menningarlíf er í tölverðum blóma á Norðurlandi vestra. Fjöldmörg söfn, setur og sýningar bjóða upp á margvíslega afþreyingu, allt frá hefðbundnum byggðasöfnum til sýninga með sýndarveruleika. Tónlistarlíf er fjölbætt, m.a. eru karla-, kvenna- og blandaðir kórar á hverju strái. Einnig stendur leiklist föstum fótum. Bæjar- og héraðshátíðir eru á sumrin og þá er Sæluvika Skagfirðinga um mánaðamótin apríl/mái ár hvert.



Kort af Norðurlandi vestra.

Skipting sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Frá vestri til austurs. Húnaþing vestra, Húnaþingshreppur, Blönduósibær, Skagabyggð, Skagaströnd, Skagafjörður og Akrahreppur. Mynd. SSNV.



Á Þrjónagleði á Blönduósi 2018 var efnt til samkeppni um fullveldislopapeysuna. Frú Eliza Reid forsetafrú og Jóhanna Pálmadóttir forsvarsaður Þrjónagleðinnar standa hér við vinningspeysuna sem var hönnuð af Kristjönu K. Jónsdóttur. Ljós. SSNV



Drangey Music Festival sem haldin var við Reyki á Reykjaströnd. / Ljós. Óli Arnar Brynjarsson.



Vörur úr héraði. / Ljós. SSNV.

| Sveitarfélög á Norðurlandi vestra | Stærð | Íbúar 1.1.2021 | Oddviti/Sveitarstjóri |
|-----------------------------------|-----------------------|----------------|--------------------------------|
| Akrahreppur | 1.361 km ² | 210 | Hrefna Jóhannesdóttir |
| Blönduósibær | 181 km ² | 950 | Valdimar Hermannsson |
| Húnaþingshreppur | 3.822 km ² | 372 | Einar Kristján Jónsson |
| Húnaþing vestra | 3.017 km ² | 1.220 | Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir |
| Skagabyggð | 494 km ² | 92 | Dagný Rósa Úlfarsdóttir |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 4.168 km ² | 4.084 | Sigfús Ingi Sigfússon |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | 49 km ² | 470 | Alexandra Jóhannesdóttir |



Hólmavíkurhöfn. / Ljósmynd: Þorgeir Pálsson.

Strandabyggð



Galdrasafnið á Hólmavík.

Íbúar í Strandabyggð eru hátt í 460 talsins. Staðsetning sveitarfélagsins er nokkurn veginn miðja veginn milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, en sveitarfélagið samstendur af þéttbýliskjarnanum Hólmavík og sveitunum þar í kring. Strandabyggð er fyrst og fremst þjónustukjarni þar sem boðið er upp á hátt þjónustustig, en meðal þess sem finna má í sveitarfélaginu er heilsugæsla, Vegagerðin, Orkubú Vestfjarða, Krambúðin, Sparisjóður Strandamanna, Pósturinn, Sýslumaðurinn á Vestfjörðum, lögregla, slökkvilið, þjörgunarsveitin Dagrenning, Íþróttamiðstöð, grunn- og leikskóli auk tónlistarskóla. Ferðaþjónusta er rekin í sveitarfélaginu, m.a. hótél, gistiheimili og veitingastaðir, en einnig er þar útgerðarfélag, öflugur landbúnaður og matvælaframleiðsla bæði er varðar landbúnaðarvörur og sjávarafurðir. Einnig er í sveitarfélaginu öflug menningarstarfsemi, starfandi leikfélag, tveir kórar og söfn svo eitthvað sé nefnt.



Galdrasafnið Sigurður Atlason.

Sveitarfélagið

Hólmavík er stærsti þéttbýliskjarninn á Ströndum. Saga þjónustu og verslunar er löng og nær allt aftur til 1895, en talið er að verslun hafi verið stunduð á Hólmavík allt frá þeim tíma. Strandabyggð er umfram allt þjónustukjarni. Hér má finna mjög fjölbreytta þjónustu sem hefur skapað Hólmavík og Strandabyggð vissa sérstöðu. Helstu atvinnuvegirirnir hafa verið verslun og þjónusta, sjávarútvegur og landbúnaður, sérstaklega sauðfjárbúskapur. Rækjuverksmiðjan Hólmadrangur hefur lengi verið í fremstu röð í heiminum, þegar kemur að tæknilegri uppbyggingu og góðri framleiðslueiningu. Hólmadrangur er einn stærsti og mikilvægasti vinnustaður Strandabyggðar og þar starfa rúmlega 20 starfsmenn. En það eru aðrir atvinnurekendur í sjávarútvegi sem einnig skipta miklu máli þegar kemur að atvinnusköpun hjá Strandabyggð, og má þar nefna Hlökk sem rekur tvo stóra báta. Að auki eru minni útgerðarfyrirtæki sem reka sína báta, sum hver mest allan ársins hring. Hólmavíkurhöfn er fyrst og fremst komuhöfn fiskibáta og flutningaskipa en þó er aukinn áhugi skemmtiferðaskipa á að koma til Hólmavíkur.



Galdrasýning á Ströndum.

Sveitarfélagið er stærsti atvinnurekandinn í Strandabyggð og rekur grunnþjónustudeildir eins og; Íþróttamiðstöð, áhaldahús, leikskóla, grunnskóla, tónskóla o.s.frv. Starfsmannafjöldi sveitarfélagsins er milli 70 og 80 í um 40 stöðugildum. Aðrir stórir atvinnurekendur eru Hólmadrangur með um 25 starfsmenn, Krambúðin, Vegagerðin og Orkubú Vestfjarða. Auk þeirra vinnustaða sem hér hafa verið taldir upp má nefna: Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Sýslumanninn á Vestfjörðum, Sparisjóð Strandamanna, Póstinn, Sjóvá, Trésmiðjuna Höfða, Café Riis, Finna Hótel, Steinhúsið, Gistiheimili Hólmavíkur, Strandagaldur, Sauðfjársetur á Ströndum auk fjölda verktaka og einstaklingsfyrirtækja.

Íþróttamiðstöðin og sundlaugin á Hólmavík laða að sér fjölda heimamanna, ferðamanna og gesti á hverju ári, hvort heldur er til að stunda íþróttir eða fara í sund, eða til gistingar á tjaldsvæðinu. Fyrir utan að sinna hefðbundnu íþróttastarfi skólanna, er margt að gerast í íþróttahúsinu á hverjum tíma. Héraðssamband Strandamanna, Ungmennafélagið Geislinn



Séð yfir Hólmavík.

o.fl. eru þar með fjölbreyttar æfingar og má þar t.d. nefna Skíðafélag Strandamanna. Félag eldri borgara hittist þar reglulega og stundar fjölbreytta líkamsrækt, leikskólakrakkar koma í leiki einu sinni í viku og íbúar leigja sér tíma í salnum fyrir badminton, fótbolta og almennan leik. Þá er algengt að salurinn sé leigður út fyrr afmæli og ýmsa aðra viðburði. Sundlaugin er fastur liður í lífi margra á Hólmavík. Menn koma og synda eða hittast í heitu pottunum og ræða málefni dagsins. Íþróttamiðstöðin er þannig í mikilli notkun allan ársins hring. Samkvæmt Fjallskilaseðli Strandabyggðar 2020, hefur fjáreign dregist saman á milli árunna 2018 og 2019 eða úr 9.443 í 9.123. Fjöldi býla sem taka þátt í leitum samkvæmt Fjallskilaseðli er rétt rúmlega 20 bæir í landi Strandabyggðar. Bændur í Strandabyggð hafa hins vegar náð mjög góðum árangri í sauðfjárrækt á undanförunum árum ásamt starfsbræðrum sínum annarsstaðar í sýslunni. Það er einmitt í Strandasýslu þar sem framleitt var mest magn af kjöti eftir hverja á, árið 2018. Þessu til viðbótar ræða bændur með sér möguleika á aukinni slátrun heima fyrir og framleiðslu verðmætari kjötafurða.

Ferðapjónusta

Í seinni tíð hefur ferðapjónusta eflst í Strandabyggð og er þar helst að þakka einu helsta aðdráttarafli í ferðapjónustu á Vestfjörðum og þótt víðar væri leitað; Galdrasafninu á Hólmavík. Galdrasýning á Ströndum, eins og sýningin er kölluð, leitar fanga í þjóðsagnaarfi um galdramenn og seiðkarla á Ströndum, kuklara og aðra kvisti mannlífsins, sem lifðu að mörkum hins sýnilega. Þá mál líka nefna Sauðfjársetur á Ströndum, sem veitir sögulega sýn í landbúnað fyrri ára.

Framtíðin

Öll umræða um framtíðina á sér gjarnan vissan upphafsstað í fortíðinni. Á Hólmavík var einu sinni matarbúð, sem seldi fisk, kjöt og mjólk. Þar var á sama tíma kaupfélag, bókabúð, bakarí og á tímabili mátti finna vídeoleigur, hannyrða- og föndurbúð, úrsmíð o.fl. Þetta hefur breyst. Þetta er í dag áhugaverð saga og sönnun þess að Strandabyggð hefur alltaf verið þjónustukjarni. Stærsta verkefni Strandabyggðar, sveitarfélagsins, íbúa, atvinnulífsins og stjórnvalda er að tryggja að svo verði áfram.

Íbúar Strandabyggðar horfa bjartsýnir og einbeittir til framtíðarinnar, enda mörg tækifæri sem hægt er að nýta, samfélaginu til framdráttar. Í þeirri vinnu gildir bæði að styðja við það sem er fyrir og byggja það upp, en einnig að leita sífellt nýrra lausna, nýrra verkefna og atvinnutækifæra.

Hér er mikil og góð þjónusta, gott skólaumhverfi, góð íþróttaaðstaða og öflugt félagslíf. Þá fer sérlega vel um eldri borgara í Strandabyggð. Strandabyggð á því alla möguleika á að eflast enn frekar sem íbúðar- og þjónustukjarni Stranda og nágrennis.



Rannsóknarsetur HÍ á Ströndum-Þjóðfræðistofa, Hólmavík.



Seiður, útilistaverk á Hólmavík eftir Einar Hákonarson.



Sólarlag við höfnina.



Finnur Ólafsson, oddviti og Soffía Guðmundsdóttir, framkvæmdastóri Bríetar leigufélags "handsala" kaup Bríetar á nýbyggðu parhúsi á Drangnesi.

Yngri deild skólans í fjöruferð, Grímsey í baksýn.

Skarðsrétt í Bjarnarfirði.

Afla dagsins landað.

Kaldrananeshreppur

Kaldrananeshreppur er um 470 ferkílómetrar að flatarmáli og hefur verið sveitarfélag frá því hreppafyrirkomulagi var komið hér á fyrir meira en þúsund árum. Mörk sveitarfélagsins miðast sunnan frá við jörðina Bólstað í botni Steingrímsfjarðar, um Selströnd, Bjarnarfjörð, norður Bala og Kaldbaksvík að Spena. Inn til landsins eru mörkin á vatnaskilum norður undir Reykjarfirði og að Selá í Steingrímsfirði. Í syðri hluta hreppsins er lágur og vel gróinn háls, Bjarnarfjarðarháls, og gróðursælt beggja vegna hans á Selströnd og í Bjarnarfirði. Norður á Böllum er undirlendi lítið en hærrí fjöll, skriðurunnin með hamrabeltum og er Kaldbakshorn þeirra tignarlegast. Þorpið Drangnes er utarlega á Selströnd. Undan ströndum eru víða eyjar og sker og er Grímsey þeirra stærst. Þar verpa tugþúsundir lunda og fjöldi annarra sjófugla. Í eyjunni var reistur viti 1915 og síðan endurbyggður 1949, eftir að sprengjuflugvél eyðilagði hann með skotárás í síðari heimsstyrjöld. Hreppurinn nýtur ýmissa hlunninda, viðarkei er þar talsverður og æðarvarp víða. Jarðhita má finna víða og stutt á fengsæl fiskimið. Í Kaldrananeshreppi er lögð áhersla á gott mannlíf og faglegt skólastarf. Nokkur verkefni eru rekin sameiginlega með nágrennasveitarfélögum, svo sem félagsþjónusta og sorphirða, auk embættis skipulags- og byggingarfulltrúa. Þann 1. janúar 2021 voru íbúar í Kaldrananeshreppi 110 talsins.

Atvinnuhættir

Á Drangnesi er blómleg smábátaútgerð og fiskvinnsla, bæði bolfiskur og grásleppa. Raunar hófst vinnsla á grásleppuhrognum á landinu einmitt þar. Nýlega hófst einnig ræktun og vinnsla á kræklingi sem gengur vel. Í þorpinu er miðstöð sveitarfélagsins sem og skóli og félagsheimili. Þar er einnig önnur af tveimur sundlaugum hreppsins, hin er á Klúku í Bjarnarfirði. Sú laug, Gvendarlaug hins góða, var tekin í notkun árið 1947 og var fyrsta löglega keppnislaug á Vestfjörðum, 25 m löng. Sauðfjárbúskapur var til skamms tíma helsta atvinnugrein til sveita en nú hefur þeim bændum fækkað mikið. Föst búseta er engu að síður á mörgum jörðum þó að nokkrar séu aðeins nýttar til sumardvalar. Ferðaþjónusta hefur byggst upp síðustu áratugin á Bjarnarfirði og á Drangnesi og eru nú tvö hótél í hreppnum auk gistheimila og sumarhúsa. Skógrækt og ylækt er stunduð víða og bætt fjarskipti gera nokkrum af íbúum sveitarfélagsins kleift að stunda vinnu hjá ýmsum opinberum stofnunum og fyrirtækjum.

Athyglisverðir staðir

Ströndin er víðast aðgengileg og fjölbreytt, þar sem klettaborgir ganga í sjó fram. Auðveldar gönguleiðir eru að Goðafossi í Bjarnarfirði og á Bæjarfell ofan við Drangnes. Gvendarlaug er forn baðlaug á Klúku, hún er að sögn vígð af Guðmundi biskup á 12. öld. Hún er friðuð en vatnið úr henni rennur í samnefnda sundlaug. Nokkuð er um áhugaverðar fornleifar. Helstar eru það hvalstöðvar frá 17. öld í Hveravík og á Eyjum. Rústir af verbúðum eru á nokkrum stöðum við ströndina. Þá má nefna forvitnilegar og umfangsmiklar rústir sem enginn veit skil á og engar heimildir eru um. Skarðsrétt í Bjarnarfirði er frá upphafi 20. aldar, mikið mannvirki, hlaðið úr torfi. Vinsæl afþreying ferðamanna eru heitir pottar í fjöruborðinu á Drangnesi, reglulegar siglingar út í Grímsey og Kotbýli kuklarans sem er hluti af Galdrasýningu á Ströndum.

Helstu verkefni sveitarstjórnar

Reglulegir íbúafundir stuðla að samstöðu og veita sveitarstjórn aðhald. Hitaveita hefur verið á Drangnesi frá 1999 og einnig er víða hitað upp með heitu vatni í sveitinni. Unnið er að því að nýta jarðhitann betur og víðar. Í þeim tilgangi hefur sveitarfélagið staðið fyrir viðamiklum rannsóknum á jarðhita á svæðinu. Nokkuð hefur verið um húsbyggingar hin síðustu ár, sérstaklega á Drangnesi, en húsnæðisskortur er þó viðvarandi eins og víða á landsbyggðinni. Á árinu 2021 var lokið við að leggja ljósleiðara í öll íbúðarhús í sveitarfélaginu.

Sveitastjórn Kaldrananeshrepps 2022: Finnur Ólafsson, oddviti, Margrét Ó Bjarnadóttir, varaoddviti, Arnín Óladóttir, Bjarni Þórisson og Halldór Logi Friðgeirsson.



Höfnin á Norðurfirði.



Krossaneslaug / Mynd frá Arinbirni í Urðartindi.



Efri mynd: Kvöldkyrrð.
Neðri mynd: Vegurinn í Árneshreppi.

Árneshreppur á Ströndum

Árneshreppur er eitt fámennasta og afskekktasta sveitarfélag á Íslandi. Sveitin er útvörður Stranda og íbúar eru nú 40 talsins. Hreppamörk Árneshrepps eru í norðri við Geirólfsgnúp sem einnig eru sýslumörk Strandasýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu. Að sunnan eru hreppamörkin við svokallaðan Spena sem skilur á milli Árneshrepps og Kaldrananeshrepps.

Sveitarfélagið

Í hreppsnefnd Árneshrepps sitja; Eva Sigurbjörnsdóttir oddviti/hóteleigandi, Guðlaugur A. Ágústsson varaoddviti, starfsmaður Isavia og fjárbóndi, Arinbjörn Bernharðsson verktaki og ferðapjónustubóndi, Bjarnheiður Júlía Fossdal fjárbóndi, Björn Guðmundur Torfason fjárbóndi. Þrátt fyrir fámenni hefur atvinnulífið verið gott, framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins hafa verið miklar á síðustu kjörtímabilum. Hús í eigu hreppsins voru gerð upp og breytt í kaffihús og fiskmóttöku og eru leigð út til einstaklinga, íbúðum hreppsins fjölgað um eina, grjótgarður gerður til mikilla bóta við Norðurfjarðarhöfn og malbik sett á verslunarplan að mestu leiti á kostnað sveitarfélagsins. Miklar endurbætur standa yfir á grunnskólanum og kennaraíbúð og verður þeim lokið 2021.

Bændum hefur því miður fækkað, en árið 2021 mun þó fjölga í þeirri stétt. Einstaklingar hafa einnig byggt upp ferðapjónustufyrirtæki, söfn og sýningar og stofnað ný fyrirtæki í ferðapjónustu, bæði hvað varðar afþreyingu og aukið gistirými. Sundlaugin í Krossnesi gengur í gegnum miklar endurbætur sem Ungmennafélagið Leifur heppni stendur fyrir (2020 -2021), en á sínum tíma árið 1954, byggði ungmennafélagið laugina í Krossnesi með hjálp sjálfboðaliða.

Sveitarfélagið Árneshreppur sinnir flestum verkefnum sem sveitarfélögum ber að gera, en vegna fámennis er það gert í samstarfi við mörg samlög og sambönd með öðrum sveitarfélögum á Vestfirjörðum og yfir í Dali og Reykhólahrepp. Þau eru: Sorpsamlag Strandasýslu, Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps, Fjórðungssamband Vestfirðinga/Vestfjarðastofa/Markaðsstofa Vestfjarða, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna og Byggðasamlag um þjónustu við fatlað fólk. Ennfremur tekur Árneshreppur þátt í samstarfi um skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa í félagi við Dalabyggð, Reykhólahrepp, Kaldrananeshrepp og Strandabyggð.

Náttúran

Árneshreppur nýtur þess að náttúran er stórbrotin og fögur. Hægt væri að nefna hvert fjallið á fætur öðru sem standa vörð um firði og víkur, klettaborgir, frábæra strandlengju með ýmist malarfjörum eða hömrum í sjó fram. Þar sem dreifbýlið er mikið er nánast alls staðar hægt að finna kyrrð og ró og verða eitt með náttúrinni. Það verður þó að segjast einmitt hérna, að Árneshreppur á við það vandamál að etja að geta eingöngu tekið á móti gestum sínum helming ársins, þar sem vegurinn inn í sveitina býður ekki upp á vetrarferðir. Samfélagið lokast sem sagt af að mestu leiti vetrarlangt. En samt sem áður hefur ferðamönnum fjölgað með hverju ári og árið 2020 var þar engin undantekning þrátt fyrir að vera mjög sérstakt og fordæmalaust ár eins og sagt hefur verið ótal sinnum. Straumur Íslendinga lagði leið sína í sveitina og var ótrúlega gaman fyrir ferðapjóna að taka nánast eingöngu á móti löndum sínum sem virkilega nutu þess að koma og skoða sig um. Margir voru að koma í fyrsta sinn og urðu alveg bit á sjálfum sér að vera ekki löngu búin að sækja Árneshrepp heim. Þegar haustaði tók við kvikmyndaævintýri sem lengdi sumarvertíðina fram eftir hausti og unnu heimamenn að því í góðu samstarfi, hver á sínu sviði, að leysa öll mál sem leysa þurfti. Þar má meðal annars nefna að bændurnir í sveitinni kenndu leikurunum að slá með orfi og ljá, snúa heyi með hrífum og að skera hrút sem auðvitað var bara í plati.

Atvinnutækifæri

Árneshreppur stendur nú á þeim tímamótum að fyrir dyrum stendur að þrífisun og ljósleiðaravæðing ná hingað í sveitina. Þá skapast auknir möguleikar til nýbreytni í atvinnulífi sem ekki hefur verið hægt að sinna fram að þessu. Þar má nefna alls kyns tölvuvinnslu, svörunarþjónustu og að möguleikar bænda til sölu beint frá býli myndu loksins rætast með betri raforku.



Sveitarstjórn. Efri röð frá vinstri: Þorleifur Karl Eggertsson, Magnús Vignir Eðvaldsson, Friðrik Már Sigurðsson og Magnús Magnússon. Neðri röð frá vinstri: Sigríður Ólafsdóttir, Ingveldur Ása Konráðsdóttir og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir.



Hvammstangakirkju.

Húnaþing vestra



Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.

Húnaþing vestra er blómlegt sveitarfélag við Húnaflóa með ríflega 1.200 íbúa. Það var stofnað 7. júní 1998 þegar hinir gömlu hreppar Vestur-Húnavatnssýslu voru sameinaðir. Þann 1. janúar 2012 sameinaðist sveitarfélagið svo Bæjarhreppi í Strandasýslu en hafði áfram nafnið Húnaþing vestra.

Þjónusta, menning, mannlíf og náttúra

Húnaþing vestra einkennist af fjörðunum Hrutáfirði og Miðfirði, sem eftir sameininguna við Bæjarhrepp eru báðir að öllu leyti í Húnaþingi vestra, og Húnafirði, en vesturhluti hans er í sveitarfélaginu. Á milli þeirra eru nesin Heggstaðanes og Vatnsnes. Svæðið er eitt gjöfulasta sauðfjárræktarsvæði landsins, en einn helsti atvinnuvegur sveitarfélagsins er landbúnaður. Sveitarfélagið hefur upp á fjölmargt að bjóða og er fjölskylduvænt samfélag, hvort sem þú ert að leita að góðum stað til að búa á, upplifa einstaka náttúru eða sögu og mannlíf í fögru umhverfi. Metnaðarfullt leik- og grunnskólastig er rekið í sveitarfélaginu, fjölbreytt tónlistarnám og mikið framboð af tómstunda- og íþróttastarfi. Ein af perlunum er Vatnsnesið, en þar má finna aðgengilegustu selaskoðunarstaði Íslands. Helsti þéttbýlisstaður sveitarfélagsins og sá stærsti er Hvammstangi en aðra byggðakjarna er einnig að finna á Laugarbakka, Reykjum í Hrutáfirði og á Borðeyri. Hvammstangi er hlýlegur bær, með ríflega 600 íbúa, sem stendur um 6 km frá þjóðveginum við Miðfjörð á leiðinni út á Vatnsnes. Verslunarsaga staðarins er mikil og nær yfir rúmlega 100 ár og má finna gott dæmi um það hvernig verslað var í krambúðum hér áður fyrr á Verslunarmínjasafninu. Á Hvammstanga er góð höfn og er þaðan gerður út sjóstanga- og selaskoðunarbátur. Hvammstangi er tilvalinn áfangastaður fyrir ferðamenn en þar má finna góða sundlaug, fræðslusýningu um seli í Selasetri Íslands og gott tjaldsvæði með þjónustuhúsi. Eins er finna alla helstu þjónustu á Hvammstanga eins og upplýsingamiðstöð, banka, pósthús, kjörbúð, heilsugæslu, bílaverkstæði og aðra nauðsynlega þjónustu. Nærri þjóðveginum ofan við Miðfjarðará stendur þorpið Laugarbakki. Þar er jarðhiti sem er nýttur fyrir þorpið, Hvammstanga og stóran hluta Miðfjarðar og Víðidals. Á Laugarbakka má finna hótél, tjaldvæði, félagsheimili og handverkshús.



Falleg náttúra með Hvammstangakirkju í baksýn.



Félagsheimilið á Hvammstanga.

Við vestanverðan Hrutáfjörð má finna eitt minnsta og fámennasta þorp landsins, Borðeyri. Fram til ársins 2008 var þar samfelld verslun frá árinu 1846, þegar Borðeyri fékk verslunarréttindi, fyrir sveitirnar í kring. Borðeyri var mikilvæg útskipunarhöfn á tímum vesturferðanna og sauðaútlutnings en flestir vesturfarar fóru um borð í skip þar. Í dag er þar rekinn grunn- og leikskóli ásamt bílaverkstæði, eins er ferðaþjónusta í Tangahúsi. Riis hús er eitt elsta hús staðarins og var reist árið 1862 en það var gert upp að utan og setur mikinn svip á staðinn.

Sveitarstjórn

Þorleifur Karl Eggertsson, símsmiður, Ingveldur Ása Konráðsdóttir, þroskaþjálfari og bóndi, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, atvinnuráðgjafi, Friðrik Már Sigurðsson, hestafræðingur, Magnús Magnússon, sóknarprestur, Sigríður Ólafsdóttir, bóndi og ráðunautur og Magnús Vignir Eðvaldsson, íþróttakennari.



Blönduós.



Sveitarstjórn 2018 með sveitarstjóra

Blönduósbær

Á Norðvesturlandi við ósa Blöndu, einnar bestu laxveiðiar Íslands, er bæjarfélagið Blönduós. Byggðin stendur í kvos báðum megin Blöndu undir bröttum marbökkum, sem eru víðast um 40 m háir, og liggur Þjóðvegur 1 í gegnum bæinn. Í lok árs 2020 bjuggu um 950 manns á Blönduósi. Upphaflega var bæjarfélagið í tveimur sveitarfélögum. En byggðin sunnan ár tilheyrði Torfalækjarhreppi og norðan ár var það Engihlíðarhreppur. Árið 1914 var Torfalækjarhreppi skipt upp og varð byggðin sunnan ár að sérstökum hreppi, Blönduóshreppi. Í febrúar 1936 var byggðin norðan ár sameinuð kaupúinu. 4. júlí 1988 varð hreppurinn að bæjarfélagi og fékk þá nafnið Blönduós bær og hélt það nafn þegar Engihlíðarhreppur var sameinaður bæjarfélaginu 9. júní 2002.

Atvinnulíf og náttúra

Atvinnulíf bærjarins byggist á landbúnaði, iðnaði, verslun og þjónustu við íbúa í nærsveitum og ferðamenn. Á Blönduósi má finna alla helstu þjónustu svo sem bókasafn, kaffihús, veitingastaði, matvöruverslun, vínbúð og alla almenna þjónustu.

Náttúran umlykur bæjarfélagið býður upp á endalaus möguleika. Hrutey, sem varð opin skógur árið 2003, er lítil eyja ofar í ánni sem áhugavert að skoða. Þar má finna góða göngustíga og rjóður með borðum og bekkjum þar sem hægt er að setjast niður. Göngustígur liggur meðfram ánni að sjónum. Það má finna fjölbreytt fuglalíf við ósa árinna og má meðal annars finna næst stærsta straumandarstofn í Evrópu, eins er oft hægt að sjá seli í og við ósa Blöndu. Ekki má gleyma glæsilegri íþróttamiðstöð og sundlaug bærjarins sem er þess virði að heimsækja.

Textílmíðstöðin

Í byrjun árs 2019 var Textílmíðstöð Íslands stofnuð með sameiningu Textílsetursins og Þekkingasetursins á Blönduósi. En meginmarkmið hennar er að vera alþjóðleg miðstöð rannsóknar- og þróunarstarfssemi í textílframleiðslu, textíllistum og handverki í textíl. En býður einnig upp á aðstöðu fyrir háskólanám og fullorðinsfræðslu í samstarfi við aðra háskóla og símenntunarskólur. Textílmíðstöðin leggur áherslu á nýsköpunar-, þróunar- og samstarfsverkefni í tengslum við textíl, menningu og sögu svæðisins sem stuðlar að atvinnuuppbyggingu svæðisins. Textílmíðstöðin opnaði fyrsta Textílab á Íslandi í maí 2021.

Umhverfi

Blönduós bær leggur áherslu á hreint og snyrtilegt umhverfi, en allt umhverfi bærjarins er grasi gróið. Bærinn rekur eigin sorpflokkun og tekur á móti spilliefnum, einnig er starfræktur urðunarstaður fyrir Blönduós og nágrennasveitir. Í samstarfi við Húnavatnshrepp rekur Blönduós bær slökkvilið og hafa þeir yfir að ráða 3 slökkviliðum og þjónustubífeirið, en á útkallsskrá eru að jafnaði 15 manns. Ný slökkvistöð Brunavarna A-Hún., er nú í innréttingu að Efstubraut 2.

Sveitarstjóri:

Valdimar O. Hermannsson

Sveitarstjórn:

Guðmundur Haukur Jakobsson, atvinnurekandi og forseti sveitarstjórnar
Sigurgeir Þór Jónasson, rafmagnsverkfræðingur og formaður byggðaráðs
Anna Margret Sigurðardóttir, kennari
Hjálmar Björn Guðmundsson, rafvirki
Arnrún Bára Finnsdóttir, kennari
Gunnar Tryggvi Halldórsson, gæðastjóri
Jón Örn Stefánsson, sjávarútvegsfræðingur





Efstifoss.

Húnavatnshreppur



Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Hreppsnefnd skipa:

Jón Gíslason, bóndi
Berglind Hlín Baldursdóttir, kennari
Jóhanna Magnúsdóttir, bóndi
Þóra Sverrisdóttir, rekstrarfræðingur
Jón Árni Magnússon, bóndi
Ragnhildur Haraldsdóttir, lögregluþjónn
Sverrir Þór Sverrisson, bóndi/verktaki.

Sveitarfélagið Húnavatnshreppur er í Austur-Húnavatnssýslu á Norðurlandi vestra og snerta suðurlandamæri þess jökla Hofsjökuls og Langjökuls. Húnavatnshreppur er eitt stærsta íslenska sveitarfélagið eða um 3.822 km² að stærð. Í lok árs 2020 voru 372 íbúar skráðir í sveitarfélaginu.

Sameining

Húnavatnshreppur er sjálfstætt stjórnvald sem varð til 1. janúar 2006 við sameiningu Bólstaðahlíðar-, Sveinsstaða-, Svínavatns- og Torfalækjarhrepps sem samþykkt var í sameiningarkosningum sveitarfélaga 20. nóvember 2004. Í mars 2006 var svo samþykkt í kosningum í Húnavatnshreppi og Áshreppi að sameina þá undir nafni Húnavatnshrepps og gekk sú sameining í gildi 10. júní sama ár að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Sveitarstjórn

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps er skipuð 7 fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Náttúra og áhugaverðir staðir

Fjöldmargir áhugaverðir staðir eru innan sveitarfélagsins og má þar nefna Álkugil, Blöndugil, Laxárdal, Vatnsdalshóla og Þrístapa. Hverirnir á Hveravöllum eru staðsettir í suðurhluta sveitarfélagsins.



Undirfellskirkja, byggð 1915.



Víðidalsfjall.



Auðkúlurétt.



Skagaströnd, yfirlitsmynd.



Spákonufell að sumri.

Skagaströnd

Sveitarfélagið Skagaströnd er staðsett á vestanverðum Skaga á Norðurlandi vestra. Stofnað árið 1939 undir nafninu Höfðahreppur en í september 2007 var nafninu breytt, eftir íbúakosningu, í sveitarfélagið Skagaströnd. 31. desember 2020 bjuggu 470 aðilar í sveitarfélaginu. Skagaströnd hefur byggst upp í kringum sjávarútveg, þó svo að þetta sé forn verslunarstaður þá óx ekki byggð í kringum verslunina. Í byrjun 20. aldar fór byggðarkjarni að myndast í kringum fiskverkun og þegar vélvæðingin í sjávarútvegi hófst í kringum 1920 þá kom vöxtur í þéttbýlismyndun bæjarins. Í kringum 1940 var hafnaraðstaða sveitarfélagsins bætt og upp frá því hefur útgerð og fiskvinnsla verið aðalvatnivegur þess, samhliða því fjölgaði íbúum bæjarins. Í byrjun 21. aldarinnar var þó fisk- og rækjuvinnsla staðarins lokað en löndun sjávaraflla og afgreiðsla í gegnum fiskmarkað tók þá við til hliðar við útgerð og sjómennsku. Þó svo að Skagaströnd sé ekki stór bær þá má þar finna alla helstu þjónustu sem íbúar og aðrir gestkomandi gætu þurft á að halda.

Þjónusta, menning, mannlíf og náttúra

Skagaströnd starfar eftir þeim lögum og reglugerðum er gilda almennt um sveitarfélög. Rekur glæsilegt íþróttahús, heildstæðan grunnskóla og í samstarfi við sveitarfélög Austur-Húnavatnssýslu reka þau byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu. Í félagslega húsnæðiskerfinu sér það um rekstur á 28 íbúðum. Auk þess hefur sveitarfélagið stutt vel við atvinnuþróun og ýmis samfélagsmál á svæðinu. Má sem dæmi nefna stuðning við Nes listamiðstöð sem var stofnuð 2008, þar býðst listamönnum að dvelja við listskópun sína og auðgar þetta mannlíf bæjarins sem og menningu. Uppbygging Spákonuhofs og líftæknifyrirtækisins BioPol er hluti af þeim menningar- og atvinnulífsverkefnum sem sveitarfélagið hefur komið að. En sveitarfélagið leitast við það að styrkja þá þjónustuþætti sem geta bætt búsetuforsendur svæðisins. Fjölbreytt landslag og fögur náttúra hvert sem litið er. Spákonufellshöfði, staðsett við sjóinn yst í þéttbýlinu, er ein af náttúruþerlum sveitarfélagsins með ýmsum gönguleiðum og tilvalinn staður fyrir útveru og að njóta útsýnisins. Á toppnum hafa margir göngugarpar upplifað tignarlegan kraft fjallsins. Spákonufell er kennt við Þórdísi spákonu, kvenskörung mikinn, sem var uppi á síðari hluta 10. aldar en hún er fyrsti nafngreindi íbúi Skagastrandar. Í Spákonuhofi er sýning tileinkuð henni sem er partur af menningartengdri ferðaþjónustu Skagastrandar. Menningarfélagið Spákonuhof er einnig með sýningu í elsta hús bæjarins Árnesei, byggt árið 1899, og er þar dæmi um lífnaðarhætti á fyrri hluta 20. aldarinnar. Finna má glæsilegan golfvöll á Skagaströnd en þaðan er stórkostlegt útsýni yfir Húnaflóa og yfir á Strandir. Efst á Bogabraut er að finna tjaldsvæði sem horfir á móti sólu. Það er staðsett í fallegu umhverfi á skjólsælum og rólegum stað, bærinn Höfðahólar stóð í miðju svæðisins. Góð aðstaða er fyrir ferðamenn hvort sem þeir gista í tjöldum, húsbílum, fellihýsum, hjólhýsum eða tjaldvögnum. Eins er umhverfið spennandi og leiktæki fyrir börn á öllum aldri. Höfnin er iðandi af lífi, sjómenn að landa aflla sínnum og fólk á ferðinni í leit að innblæstri. Í gömlu iðnaðarhúsnæði á höfninni má finna veitingastaðinn Harbour en þar geta íbúar og gestir Skagastrandar gert sér glaðan dag og notið matarins um leið og þeir upplifa bryggjulífið



Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Sveitarstjórn:

Halldór Gunnar Ólafsson, framkv.stj., oddviti
Guðmundur Egill Erlendsson, lögfræðingur
Kristín Björk Leifsdóttir, viðskiptafræðingur
Péturína Laufey Jakobsdóttir, skrifstofustjóri
Róbert Kristjánsson, verslunarstjóri.



Spákonufell í vetrarbúningi.



Smábátahöfnin á Skagaströnd.



Skagabyggð



Sveitarfélagið Skagabyggð varð til við sameiningu Vindhælishrepps og Skagahrepps árið 2002. Íbúafjöldi hefur verið á bilinu 85-110 síðan 2002. Kosningar í sveitarstjórn hafa alltaf verið óbundnar, þ.e. ekki hafa komið fram framboð. Í sveitarstjórn 2018-2022 sitja Dagný Rósa Úlfarsdóttir, grunnskólakennari og er hún jafnframt oddviti, Magnús Jóhann Björnsson bóndi og varaoddviti, Magnús Guðmannsson skólabílstjóri og bóndi, Kristján Steinar Kristjánsson bóndi og Karen Helga R. Steinsdóttir leikskólastarfsmaður og bóndi. Sveitarfélagið er með þjónustusamning við Skagaströnd um flestalla þjónustu fyrir íbúa. Á árinu 2020 var tekin ákvörðun hjá öllum sveitarfélögum í Austur-Húnavatnssýslu að fara í formlegar sameiningarviðræður og stefnt er að kosningu 2021.

Vinnulag og framleiðsluferli

Í Skagabyggð er fyrst og fremst stundaður landbúnaður. Það eru rekin 6 kúabú og um 20 sauðfjárbú. Töluverð tækniþróun hefur verið á kúabúunum og eru mjaltþjónar á fjórum þeirra. Þá er hrossarækt töluverð í sveitarfélaginu. Ferðaþjónusta er í litlum mæli. Töluverður fjöldi íbúa vinnur utan heimilis og sækir vinnu á Blönduós eða Skagaströnd.

Skipulag og sérstaða

Yfirbygging stjórnsýslu er ekki mikil og á sveitarfélagið í samstarfi við önnur sveitarfélög í Austur-Húnavatnssýslu varðandi rekstur byggðasamlaga. Börn á leik- og grunnskólaaldri sækja skóla á Skagaströnd. Ekkert þéttbýli er í sveitarfélaginu og engar skipulagðar lóðir fyrir þéttbýlismyndun. Ein skipulögð iðnaðarlóð er í landi Hafursstaða. Íbúafjöldi hefur verið í kringum 90 síðustu ár og barnafjöldi er í kringum 15. Fyrirséð er að íbúum komi til með að fækka á næstu árum, þar sem meðalaldur er frekar hár.

Sveitarfélagið hefur staðið að uppbyggingu í Kálfshamarsvík sem er norðan Skagastrandar. Þar eru rústir byggðar frá upphafi 20. aldar, ásamt ægifygnum stuðlabergsmýndum.

Framtíðarsýn

Þar sem sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu hafa tekið þá ákvörðun að fara í formlegar sameiningarviðræður má gera ráð fyrir því að sú sameining gangi eftir. Ef svo er, verður bjart yfir Skagabyggð næstu árin. Sífelld pressa á sameiningar smærri sveitarfélaga hefur áhrif á Skagabyggð og því mikilvægt að íbúar hafi eitthvað um málið að segja. Komi til farsællar sameiningar verður það heillaskref fyrir alla sýsluna.

Aðsetur

Sveitarfélagið á og rekur félagsheimilið Skagabúð. Oddviti er með aðstöðu þar sem aðalrekstur sveitarfélagsins fer fram frá heimili oddvita. Mörgum verkefnum er útvistað: þjónustusamningi við Skagaströnd um ýmsa þjónustu, bókhaldsþjónustu sem keypt er af fyrirtækinu Lausnamið ehf. á Skagaströnd og skipulags- og þjónusta byggingarfulltrúa er aðkeypt af Blönduósbæ.





Mannauður og starfsmannafjöldi

Athyglisvert getur verið að greina frá því hve margir starfsmenn tengjast starfseminni og um helstu atriði varðandi menntun starfsmanna eftir því sem við á.

Sveitarfélagið er með fáa starfsmenn á sinni launaskrá, þ.e. oddvita og húsvörð Skagabúðar. Nefndarfólk er í heildina um 20 manns. Þetta helgast eins og áður hefur verið minnst á vegna þjónustusamninga og byggðasamlaga.

Velta og hagnaður

Fjárhagur sveitarfélagsins er viðkvæmur og fær sveitarfélagið milli 50 og 60% tekna sinna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Því hafa sveiflur hjá þeim sjóði gríðarleg áhrif á fjárhag Skagabyggðar. Niðursveifla í afurðaverði sauðfjárbænda, allt frá 2016 hefur einnig gríðarlega mikil áhrif vegna samsetningar atvinnuhátta í sveitarfélaginu. Árferði eins og 2020 þar sem mikil niðursveifla er í þjóðfélaginu hefur almennt mikil áhrif á fjárhag sveitarfélagsins.





Sauðárkrúkur.

Sveitarfélagið Skagafjörður



Hólar í Hjaltadal.

Sveitarfélagið Skagafjörður var stofnað árið 1998 við sameiningu 11 hreppa í héraðinu. Heildaríbúafjöldi er rétt rúmlega 4500 og býr rúmlega helmingur þeirra á Sauðárkróki, sem er fjölmennasta bæjarfélag svæðisins og miðstöð stjórnsýslu, verslunar og þjónustu í Skagafirði. Aðrir þéttbýliskjarnar eru Hofsós, sem er elsti verslunarstaður Skagfirðinga og vaxandi ferðamannastaður, Varmahlíð, miðstöð menningar í Skagafirði og hinn sögufrægi kirkjustaður Hólar í Hjaltadal. Sveitarfélagið leggur mikinn metnað í að þjóna og hlúa að íbúum og fyrirtækjum í Skagafirði með fjölbættri þjónustu ásamt því að uppfylla allar lögboðnar skyldur.

Heilbriggt og fjölskylduvænt samfélag

Sveitarfélagið Skagafjörður er fjölskylduvænt samfélag þar sem leitast er eftir því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðu mannlífi þar sem líffleg menning og menntun á öllum skólastigum blómstrar. Í Skagafirði eru reknir leikskólar og grunnskólar auk Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Tónlistarskóla Skagafjarðar, Háskólans á Hólum og Farskólans, miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra. Sveitarfélagið er Heilsuefandi samfélag og lögð er rík áhersla á að börn og fullorðnir geti iðkað fjölbreytt íþróttir og stundað útiveru við sem bestar aðstæður. Á svæðinu eru flott íþróttamannvirki, líkamsræktarstöðvar, sundlaugar, golfvelli, reiðhöll, gervigrasvelli, íþróttavelli, ásamt fyrirtaks skíðasvæði.

Sagan og menningin

Skagafjörður hefur löngum verið margrómaður sem eitthvert glæsilegasta hérað landsins, þar sem náttúran, sagan og menningin eru samofin. Svæðið er annálað hrossaræktarhérað. Sögusetur íslenska hestsins er staðsett á Hólum og mikið lagt upp úr skipulögðum útreiðatúrum víðs vegar í Skagafirði. Safnamening er mjög blómleg, en hún styður vel við ýmis athyglisverð kennileiti ásamt markverðum stöðum sem tengjast t.d. söguviði Grettissögu eða Sturlungu. Í Skagafirði er öflug og fjölbreytt matvælaframleiðsla þar sem vinnsla landbúnaðar- og sjávarafurða mætast undir einu merki. Veitingastaðir í Skagafirði bjóða upp á fjölbreytta rétti þar sem notað er úrvals hráefni beint frá býli undir merkinu Matarkistan Skagafjörður. Markmið verkefnisins, Matarkistan Skagafjörður, er að auka sýnileika skagafirskrar framleiðslu á veitingastöðum og í verslunum héraðsins. Með því geta gestir veitingahúsanna upplifað svæðisbundna matarmenningu með gæða hráefni beint frá býli.

Afþreying og afslöppun

Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein í Skagafirði og er hægt að finna fjölbreytta afþreyingu og huggulega gistingu vítt og breytt um fjörðinn allt árið um kring. Innan um óhamda náttúrfegurð Skagafjarðar má upplifa óþrjótandi afþreyingarmöguleika. Viða er hægt að renna fyrir fisk, halda í gönguferðir í fallettri náttúrunni, fara í sund, heimsækja sýningar



Sundlaugin á Hofsósi.

og söfn og njóta þess sem Skagafjörður hefur upp á að bjóða í mat og drykk. Flúða- og fljótasiglingar á jökulánum eða sigling út í Drangey er einnig upplifun sem seint líður úr minni.

Mannlífið og tíðarandinn

Skagfirðingar hafa löngum verið þekktir fyrir fjölskrúðugt félagslíf og halda úti sérlega öflugri tónlistar- og söngmenningu sem er þeim í blóð borin. Til merkis um það er líflegt kórastarf í firðinum, t.d. hjá Karlakórnum Heimi, Rökkurkórnum og Skagfirska kammerkórnum, Söldisunum og kór eldri borgara auk fjölmargra kirkjukóra og sönghópa víðsvegar um héraðið, en þar eru Álftagerðisbræður hvað þekktastir. Margir frægir tónlistamenn hafa alið manninn í Skagafirði eða eiga ættir sínar að rekja í fjörðinn, konungur skagfirsku sveiflunnar, Geirmundur Valtýsson, er án efa einn sá frægasti. Leiklistarstarf hefur einnig verið mjög atkvæðamikið í héraðinu. Leikfélag Sauðárkróks er eitt öflugasta áhugamannaleikfélag landsins og setur jafnan upp tvö leikrit á ári auk annara viðburða sem félagið kemur að. Síðustu vikuna í apríl á hverju ári blása Skagfirðingar til svonefndrar Sæluviku. Þar er jafnan mikið um dýrðir og boðið upp á fjölbreytta lista- og menningardagskrá á sviði tónlistar, leiklistar og myndlistar í bland við fróðleik og svæðisbundna matargerð. Að auki eru skólar og söfn á svæðinu mjög iðin við að efla menningarlífið árið um kring með alls kyns uppákomum.

Gönguferðir og útivist

Sveitarfélagið hefur gert mikið átak í að skipuleggja aðgengileg göngusvæði með grónum reitum, auk þess sem útsýnisskífur hafa verið settar upp víðsvegar og skiltum bætt við algengar gönguleiðir og fuglaskoðunarstaði. Fjölskylduvænar leiðir er að finna í Litlaskógi og Skógarhlíð við Sauðárkrók, Hólaskógi í Hjaltadal og Reykjarhól í Varmahlíð að ógleymdum Borgarsandinum á Sauðárkróki. Fyrir meðalvant göngufólk er mælt með leið t.d. um Austurdal meðfram hrikalegum gljúfrum Eystri-Jökulsár sem er eitt magnaðasta flúðasiglingasvæði í Evrópu. Vanir göngugarpar geta spreytt sig á Mælifellshnjúk, Molduxa, Tindastól eða Gvendarskál í Hólabyrðu sem öll eru með stikuðum gönguleiðum. Nánari upplýsingar um fleiri gönguleiðir má finna í göngu- og útivistarkortum sem nú eru fyrirliggjandi í upplýsingamiðstöðvunum í Varmahlíð og á Sauðárkróki.

Nánari og ítarlegri upplýsingar um allt það sem Skagafjörður hefur upp á að bjóða má nálgast inn á heimasíðunum: www.skagafjordur.is og www.visitskagafjordur.is.



Flúðasigling, Vestari Jökulsá í Skagafirði.



Sólarlag í Skagafirði.



Smábátahöfnin á Siglufirði. / Ljós. Ingvar Erlingsson.

Fjallabyggð



Siglufjörður. / Ljós. Linda Lea Bogadóttir.



Ólafsfjörður. / Ljós. Linda Lea Bogadóttir.



Skógræktin Siglufirði. / Ljós. Gestur Guðmundsson.

Fjallabyggð varð til við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar árið 2006. Í bæjarfélaginu eru tveir þéttbýliskjarnar, bæirnir Ólafsfjörður og Siglufjörður. Í seinni tíð hefur fjölbreytnin í atvinnulífinu aukist og mikill vaxtarbroddur er í hátækniönaði og ferðaþjónustu. Fjallabyggð býr að stórbrotinni náttúrufegurð þar sem feegurð fjalla og fjarða er stórfengleg og möguleikar á sviði útivistar og tómstunda eru óþrjótandi. Návígið við náttúruna er ávallt innan seilingar. Margar skemmtilegar gönguleiðir eru í Fjallabyggð og Skógræktin í Skarðsdal á Siglufirði er sannkölluð náttúruperla, hvort sem er að vetri eða sumri. Ólafsfjarðarvatn, sem er á náttúruinjaskrá, er mjög sérstakt náttúruferðisgæði. Tvær hafnir eru í Fjallabyggð; Ólafsfjarðarhöfn og Siglufjarðarhöfn. Töluverð umsvif hafa verið hjá höfnunum í Fjallabyggð. Til viðbótar við landanir úr stórum og smáum fiskiskipum koma skemmtiferðaskip reglulega til Siglufjarðar yfir sumarið. Fyrsta skemmtiferðaskipið kom árið 1990. Frá árinu 2015 hefur komum skemmtiferðaskipa farið fjölgandi jafnt og þétt. www.fjallabyggd.is

Öflugt skóla- og íþróttastarf

Fjallabyggð býr við þá sérstöðu að þar er starfandi leik-, grunn- og framhaldsskóli ásamt tónlistarskóla. Í því felast tækifæri til að auka menntunargætt samfélagsins og að tryggja íbúum farsæla búsetu. Grunnskólinn starfar á tveimur starfstöðvum þar sem yngri börn sækja skóla á Siglufirði og eldri börn í Ólafsfirði. Skólarúta ekur á milli bæjarkjarna. Leikskóli Fjallabyggðar er starfandi í báðum bæjarkjörnum og er boðið upp á leikskólavist frá 12 mánaða aldri. Í Fjallabyggð er öflugt íþróttastarf. Íþróttamiðstöðvar eru í báðum byggðakjörnum, í Ólafsfirði er útisundlaug og líkamsrækt. Á Siglufirði er innisundlaug og líkamsrækt. Aðal knattspyrnusæði Fjallabyggðar er í Ólafsfirði en einnig er knattspyrnuvöllur við Hól á Siglufirði. Tveir 9 hlu golfvællir eru í Fjallabyggð. Ólafsfjörður nýtur vaxandi áhuga þeirra sem stunda sjóbretti enda hentar fjörðurinn ákaflega vel fyrir þá tómstundaiðju. Í Fjallabyggð eru einnig tvö skíðasæði, skíðasæðið í Skarðsdal á Siglufirði og skíðasæðið í Tindaöxl í Ólafsfirði.

Blómlegt menningar- og listastarf

Í Fjallabyggð er blómlegt menningarlíf, fjöldi gallería og listamannavinnustofa, safna og setra. Fjöldi félagasamtaka setur svip sinn á bæjarbraginn með öflugum starfi og ýmsum viðburðum. Hér eru haldnar veglegar tónlistar- fjölskyldu- og íþróttahátíðir á hverju ári sem fjöldi gesta sækir.

Söfn og setur

Síldarminjasafn Íslands - Síldarminjasafnið er eitt stærsta sjóminja- og iðnaðarsafn landsins. Í þremur ólíkum húsum kynnumst við síldveiðum og vinnslu á silfri hafnsins. Síldarminjasafnið hlaut Íslensku safnverðlaunin árið 2000 er þau voru veitt í fyrsta sinn og Evrópuverðlaun safna árið 2004, Micheletti verðlaunin, þegar safnið var valið besta nýja iðnaðarsafn Evrópu það árið.



Skarðsdalur, skíðasvæði Siglufirðinga.
Ljós. Linda Lea Bogdóttir.



Gönguferð. / Ljós. Gestur Hansson.



Brimbretti, Ólafsfirði. / Ljós. Guðný Ágústsdóttir.

Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar - Hlutverk Þjóðlagasetursins er að varðveita og kynna íslensk þjóðlög og þjóðdansa með upptökum, útgáfu, sýningum, tónleikum og árlegri þjóðlagahátíð á Siglufirði.

Ljóðasetur Íslands - Á Ljóðasetri Íslands á Siglufirði er hægt að kynna sér strauma og stefnur í íslenskum kveðskap allt frá landnámsöld til okkar tíma.

Listasafn Fjallabyggðar - Fjallabyggð á hátt í 200 listaverk eftir okkar þekktustu listamenn eins og Kjarval, Erró, Þorvald Skúlason, Nínu Tryggvadóttur og Alfreð Flóka auk nokkurra erlendra listamanna og er þar þekktastur Salvador Dalí.

Pálshús - Náttúrugripasafnið í Ólafsfirði - Pálshús hýsir Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar og hina skemmtilegu grunnsýningu „Flugþrá“. Þar má skoða alla íslensku fuglaflóruna ásamt því að fjallað er um flugþrá mannsins og draum hans að geta flogið.

Saga-Fotografica – Ljósmyndasögusafnið á Siglufirði - Á safninu eru til sýnis fjölbreytt tæki og tól sem tengjast ljósmyndun. Safnið stendur einnig fyrir ljósmyndasýningum í húsinu.

Árlegir viðburðir í Fjallabyggð

Sjómanna dagshátíð í Ólafsfirði fyrstu helgina í júní.

Sjómanna dagurinn hefur lengi verið haldinn hátíðlegur í Ólafsfirði þar sem lögð er áhersla á dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Þjóðlagahátíð á Siglufirði fyrstu vikuna í júlí

Þjóðlagahátíðin er alhliða tónlistarhátíð með rót sína í þjóðlagaarfinum.

Trilludagar á Siglufirði

Trilludagar eru öðruvísi fjölskylduhátíð sem haldin er á Siglufirði síðasta laugardag í júlí.

Á Trilludögum er gestum boðið frítt á sjóstöng út á fjörðinn fagra. Skemmtileg afþreying og skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Berjadagar klassísk tónlistarhátíð í Ólafsfirði í ágúst

Á Berjadögum er lögð áhersla á klassíska tónlist þar sem fjölbreytileikinn ræður ríkjum. Fjöldmargir listamenn víðs vegar að koma fram á hátíðinni.

Ljóðahátíðin Haustglæður á Siglufirði í september/október

Ungmennafélagið Glói og Félag um Ljóðasetur Íslands heldur árlega Ljóðahátíðina „Haustglæður“ þar sem landsþekkt skáld koma í heimsókn og heimamenn láta ljós sitt skína.



Höfnin Siglufirði, Sturlaugur Kristjánsson og Ragnar Páll Einarsson. / Ljós. Sveinn Hjartarson.



Krakkar í minigolfi á Siglufirði. / Ljós. Sveinn Hjartarson.



Sólsetur við Strákagöng. / Ljós. Steingrímur Kristinsson.



Vetrarkyrrö í Akrahreppi. / Ljós. Hinrik Már Jónsson.

Akrahreppur



Torfhleðslunámskeið á Tyrfingsstöðum.
Ljós. Benjamín Bjartmarsson.



Veisluborð á Tyrfingsstöðum.
Ljós. Benjamín Bjartmarsson.



Bólugil. / Ljós. Hrefna Jóhannesdóttir.

Akrahreppur liggur svo til allur austan Héraðsvatna í Skagafirði. Land á hreppurinn inn til Hofsjökuls í suðri, á kafla upp á miðjan Tröllaskaga gengt Eyjafjarðasýslu að austanverðu og eftir Blönduhlíðarfjallgarði gengt Sveitarfélaginu Skagafirði. Stærð hreppsins er um 1380 km². Víðlend afréttarlönd tilheyra sveitarfélaginu, Silfrastaðaafrétt og Nýjabæjarafrétt. Kennileiti eru þessi helst: Fjallið Glóðafeykir (990 m.y.s.), Bólugil og Héraðsvötn. Ekkert þéttbýli er í sveitarfélaginu. Austurdalur í Akrahreppi hefur löngum þótt einstök útivistarparadis og þangað sækja bæði hestamenn og gönguhópar á ári hverju auk þess sem ævintýraþyrstir sækja í flúðasiglingar í Jökulsá austari. Austurdalurinn er næstum 50 km langur, nokkuð vel gróinn með náttúrulegum birki- og víðiskógi í Fögruhlíð. Austurdalur þykir einnig merkilegur vegna menningarminja sem ekkert hefur raskað nema náttúran sjálf en þar eru merki um að hafi verið allt að 30 bæir.

Atvinnuhættir

Sveitarfélagið er fyrst og fremst landbúnaðarhérað og þar er víða stundaður öflugur og fjölbreyttur landbúnaður. Akrahreppur er söguvið margra stórviðburða Sturlungaaldarinnar og því blómstrar þar menning og viðburðir því tengd, t.d. í Kakalaskála sem opnaður var árið 2012. Í Kakalaskála er sögu- og listasýning með hljóðleiðsögn frá átakatímum 13. aldar, með áherslu á líf Þórðar kakala eins og nafn skálans gefur til kynna. Við Kakalaskála er jafnframt að finna stórt útilistaverk, Sviðsetningu Haugsnesbardaga 1246 (Grjótherinn). Grunn- og leikskóli er staðsettur í Varmahlíð og er börnum ekið í skólann með skólabil, lengst rétt rúma 20 km. Þar er sömuleiðis rekin íþróttamiðstöð með sundlaug. Flest heimili sveitarfélagsins eru tengd Varmahlíðarveitu. Ljósleiðari hefur verið inn á flestum heimilum í allnokkur ár. Stendur til að tengja síðustu bæina sem föst búseta er á. Ein lítill vatnsaflsvirkjun er í Akrahreppi en nokkur áhugi er fyrir því að nýta orkuna úr bæjarlæknum á nokkrum býlum og er líklegt að fleiri beisli orku náttúrunnar á næstu árum.

Mannlíf og stjórnsýsla

Þann 1. janúar 2020 bjuggu 210 manns í sveitarfélaginu og er aldersdreifing góð. Í hreppsnefnd sitja 5 fulltrúar sem kjörnir eru hlutfallskosningu á fjögurra ára fresti. Síðast var kosið í hreppsnefnd í sveitarstjórnarkosningum 26. maí 2018. Sveitarfélagið Skagafjörður annast framkvæmd fjölmargra verkefna fyrir Akrahrepp samkvæmt samningi frá 2019.

Taka samningarnir til verkefna eins og rekstur grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla, íþróttamiðstöðvar og íþróttamannvirkja, barnaverndar, frístundastarfs barna, dagþjónustu fyrir aldraða, þjónustu héraðsbókasafns, héraðsskjalasafns, safnahúss, byggðasafns, upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn, þjónustu atvinnu- og ferðamálafulltrúa, almannavarna, brunavarna- og eldvarnaeftirlits, fasteigna í sameign sveitarfélaganna tveggja, auk þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa. Félagsheimili er í Héðinsminni og eru þar fjölmargar sameiginlegar uppákomur á ári hverju, ber þar hæst árleg saltkjótsveisla á sprengidag í boði hreppsnefndar og kvenfélagsins, hjónaball að haustinu og jólaball fyrir yngstu kynslóðina auk margra annarra stórra og smárra viðburða.



Starfsfólk SSNE.



Heimskautsgerði á Raufarhöfn. / Ljós. Markaðsstofa Norðurlands.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra SSNE

Samtök sveitarfélag og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, skammstafað SSNE, hefur það hlutverk að vera sterkur bakhjarl aðildarsveitarfélaga í sameiginlegum málum þeirra og stuðla að góðu mannlífi, lifandi menningarlífi og öflugri atvinnustarfsemi á starfssvæðinu. Starfssvæði samtakanna afmarkast af sveitarfélagamörkum allra sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, frá Siglufirði í vestri að Bakkafirði í austri. Alls eru 12 sveitarfélög aðilar að samtökunum sem samanlagt telja rúmlega 30.000 íbúa.

Stjórnendur, starfsfólk og starfsstöðvar

Framkvæmdastjóri SSNE er Eyþór Björnsson en fastráðnir starfsmenn eru 9 í 8 stöðugildum, allt verkefnastjórar með aðsetur viðsvegar á starfssvæði samtakanna. Að auki eru tímabundið ráðnir verkefnastjórar í verkefnum brothættra byggða í landshlutanum. SSNE er með fjórar starfsstöðvar, á Húsavík, Akureyri, Raufarhöfn og Ólafsfirði. Auk þess er regluleg viðvera á Bakkafirði, í Grímsey, á Dalvík og Siglufirði.

Í stjórn SSNE sitja: Hilda Jana Gísladóttir, Akureyrarbæ, Jón Stefánsson, Eyjafjarðarsveit, Sigurður Þór Guðmundsson, Svalbarðshreppi, Pröstur Friðfinnson, Grýtubakkahreppi, Helga Helgadóttir, Fjallabyggð, Kristján Þór Magnússon, Norðurþingi og Eva Hrund Einarsdóttir, Akureyrarbæ.

Starfsemin

Markmið með starfsemi SSNE er að efla Norðurland eystra sem eftirsótt svæði til búsetu og atvinnu. Stofnun SSNE byggir á faglegum ávinningi, auknum slagkrafti, skilvirkari vinnu og auknum sóknarfærum til að auka fagþekkingu innan stöðstofnana á starfssvæði SSNE. Leiðarljós í starfi SSNE er Sóknaráætlun Norðurlands eystra en sóknaráætlanir eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Sóknaráætlun Norðurlands eystra er unnin í samvinnu við samráðsvettvang landshlutans en það er samstarfsvettvangur sveitarfélaga, ríkisstofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa.

Sóknaráætlunin skiptist í þrjú flokka, atvinnuþróun og nýsköpun, menningu og umhverfismál. Aðgerðaráætlun er unnin fyrir sóknaráætlun og hefur að geyma skýr markmið með mælanlegum og tímasettum mælikvörðum fyrir hvert meginmarkmið og er framvinda verkefna mæld reglulega og áætlunin uppfærð í takti við framvindu. SSNE sinnir ráðgjöf á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála til einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Ráðgjafar veita m.a. ráðgjöf við rekstraráætlanagerð, upplýsingar um mögulega styrki í boði, aðstoð/ráðgjöf við stofnun á fyrirtæki, ráðgjöf við markaðssetningu og aðstoð við lánaumsóknir. SSNE leiðir einnig sameiginlega stefnumótun landshlutans varðandi samgöngur og aðra innviði og önnur áherslumál sem og endurskoðun stefnumála. Sameiginleg stefna er það verkfæri sem landshlutasamtökin nýta fyrst og fremst þegar þau beita sér fyrir hagsmunum landshlutans.



Eyþór Björnsson, framkvæmdastjóri SSNE.



Griðtagjá. / Ljós. Markaðsstofa Norðurlands.



Dettifoss. / Ljós. Markaðsstofa Norðurlands.



Heimsókn á Hveravöllum, 2019. Frá vinstri: Charlotta Englund, Reinhard Reynisson, Silja Jóhannesar Ástudóttir (frá Ap) og Páll Ólafsson framkv.stj. Garðræktarfélags Reykhverfinga.



Víkurskel - flokkun á ostrum, Húsavík, 2014. Frá vinstri: Geir Ívarsson og Kristján Phillips.



Heimsókn til Alcoa Fjarðarál, 2006 - Starfsmenn AP. Frá vinstri: Tryggvi Finnsson og Gunnar Jóhannesson.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga



Hrá küffiskskel smökkuð hjá Ísfélaginu á Þórshöfn - AP 2007.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga var stofnað sem hlutfélag 6. febrúar 1991 á grunni lönþróunafélags Húsavíkur sem hafði verið stofnað fyrri hluta árs 1984. Eigendur atvinnuþróunarfélagsins voru að stærstum hlut sveitarfélögin í Þingeyjarsýslu auk stéttarféлага og einstaka fyrirtækja. Árið 2018 var félaginu breytt í sjálfseignarstofnun. Starfsemi þess var svo hætt í ársbyrjun 2020 og sameinuð undir merkjum Samtaka sveitarféлага og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) ásamt starfsemi Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Eypings. Félagið starfar þó áfram sem eignarhaldsfélag undir nafninu Fjárfestingarfélag Þingeyinga ehf.

Starfsemin

Frá upphafi var tilgangur félagsins að stuðla að atvinnuuppbyggingu á starfssvæði sínu með ráðgjöf til fyrirtækja og frumkvöðla. Rauður þráður í starfseminni var einnig alla tíð að stuðla að rannsóknum á auðlindum svæðisins, ekki síst jarðhitaauðlindinni, með það að markmiði að hún, í samspili annarra svæðisbundinna styrkleika, gæti orðið undirstaða öflugrar atvinnusköpunar á svæðinu. Þá sögu má raunar rekja allt aftur til 1776 þegar hreinsun á brennisteini hófst á Húsavík en áður hafði hann verið fluttur út óhreinsaður allt frá árinu 1500. Brennisteinsvinnslu líkur svo 1939 en allar götur síðan hefur verið unnið að sama marki og þau verkefni sem orðið hafa að veruleika eru t.d. Léttsteypan í Mývatnssveit, og síðast kísilmálmverksmiðja PCC á Bakka ásamt raforkuvinnslu bæði í Mývatnssveit og svo á Peistareykjum. Hitaveitur á Húsavík og víða á svæðinu og nýting jarðhitaauðlindarinnar í Jarðböðunum við Mývatn og Sjóböðunum á Húsavík eru svo af sama meidi. Öflug ylrækt Garðræktarfélags Reykhverfinga hefur nýtt auðlindina allar götur frá 1933.

Með tímanum hafði hlutverk atvinnuþróunarfélagsins vikkað og í raun má segja að það hafi um árabil verið virkasti samstarfsvettvangur samfélaganna á starfssvæðinu í atvinnu og samfélagsþróun. Þetta hlutverk endurspeglar vel í samþykktum þess þegar því var breytt í sjálfseignarstofnun 2018 en þar segir: „Tilgangur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga ses. er að vinna að hagsmunamállum íbúa, sveitarféлага, stofnana og fyrirtækja á starfssvæði sínu, sem eru sveitarfélögin Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð, og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnulífi og samfélags- og byggðapróun.“ Jafnframt segir að markmið stofnunarinnar séu að „... stuðla að jákvæðri þróun atvinnulífs og bæta almenn búsetuskilyrði á starfssvæði sínu. Að markmiðum sínum skal stofnunin vinna í samstarfi við sveitarfélögin, samtök þeirra, ríkisvaldið og aðra þá aðila sem láta sig þessi markmið varða. Hún skal skipuleggja og standa fyrir fjölbreyttum stuðningsaðgerðum í þágu þeirra sem eru í atvinnurekstri, hyggja á atvinnurekstur eða tengjast atvinnurekstri. Þá skal stofnunin vinna að því að auka nýsköpun og arðsemi í atvinnulífinu með verkefnum og þjónustu sem fela í sér hagnýt gildi og eru hvetjandi til athafna á sviði atvinnusköpunar.“

Með tilkomu iðnaðarsvæðisins á Bakka við Húsavík og þeirrar uppbyggingar sem átt hefur sér



Úthlutun úr Vaxtarsamningi Norðausturlands, 2013. Frá vinstri: Reinhard Reynisson, Ari Páll Pálsson, Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Arnheiður Rán Almarsdóttir, Geir Arngímsson, Baldur Danielsson, Baldvin Áslaugsson og Kristján Þórhallur Halldórsson.



Heimsókn í Gilhaga í Öxarfirði, 2019. Spunaverksmiðja og bifflugnarækt. Frá vinstri: Brynjar Þór með Böel Hildi, Nanna Steina Höskudsdóttir, Reinhard Reynisson, Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir og Charlotta Englund.



Heimsókn á Stóruvelli í Bárðardal, 2019. Frá vinstri: Silja Jóhannesar Ástudóttir, Garðar Jónsson og Nanna Steina Höskuldsdóttir.



Heimsókn í fiskþurrkun ÚA að Laugum í Reykjadal, 2019. Frá vinstri: Pétur Hafsteinn Ísleifsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir og Silja Jóhannesar Ástudóttir.

stað í tengslum við það, annars vegar uppbygging orkuvinnslu á Peistareykjum og tilheyrandi uppbyggingu orkuflutningsmannvirkja, og hins vegar iðnaðaruppbyggingu á Bakka, má segja að komið hafi að ákveðnum vatnaskilum. Traustir innviðir og öflug grunnstarfsemi er orðin að veruleika sem unnt er að byggja frekari þróun á.

Mikil þróun og uppbygging hefur átt sér stað í ferðþjónustunni á svæðinu undanfarin ár þó vissulega sé hún mislangt á veg komin. Hlutar svæðisins búa að öflugri starfsemi til áratuga á meðan önnur eru að stíga sín fyrstu skref í þessari mikilvægu atvinnugrein. Félagið hefur í gegnum tíðina staðið fyrir greiningar- og stefnumótunarvinnu með hagsmunaaðilum og sveitarfélögum vegna uppbyggingar greinarinnar, en einnig varðandi aðrar atvinnugreinar og þjónustumálaflokka sveitarfélaganna.

Starfsfólk og verkefni

Lengst af voru starfsmenn félagsins einn til tveir en upp úr aldamótunum fór þeim að fjölga og síðustu árin hafa þeir verið á bilinu fjórir til sex. Fjölgunina má rekja til fjölbreyttari verkefna sem fylgdu þeirri breikku á hlutverkinu sem endurspegladist í samþykktum þess og vitnað var til hér að framan en einnig vegna ýmissa samningsbundinna verkefna sem félagið tók að sér. Má þar m.a. nefna daglegan rekstur Héraðsnefndar Þingeyinga og verkefnisstjórn í ýmsum þróunarverkefnum í samstarfi fleiri aðila, s.s. í byggðæfingarverkefni Byggðastofnunar, Brothættar byggðir, en þrjú byggðarlög á starfssvæði félagsins hafa verið þátttakendur í því. Þá sá félagið um rekstur Vaxtarsamnings Norðausturlands og síðar umsýslu með starfsemi Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra á starfssvæði sínu í umboði Eyþings.

Frá stofnun atvinnuþróunarfélagsins 1991 og þar til starfsemi þess var hætt gengdu fimm einstaklingar stöðu framkvæmdastjóra, síðast Reinhard Reynisson frá 2008-2019. Daglegur rekstur félagsins eftir að því var breytt í eignarhaldsfélag er í höndum stjórnarformanns Péturs Snæbjörnssonar.



Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri.



Pétur Snæbjörnsson, stjórnarformaður.



Heimsókn hjá Geochemy, Reykjavíð, 2019. Frá vinstri: Júlía Katrín Björke, Reinhard Reynisson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Helgi Arnar Alfreðsson og Charlotta Englund.



Gebris verkefnið – Kick-off fundur Húsavík, 2007. Frá vinstri: Anita Narbro, Tanja Risikko, Kristiina Jokelainen, Ann Engberg, Michael Reinholdsson, Ari Karjalainen, Ari Páll Pálsson, Arvid Päsche og Gunnar Jóhannesson.



Heimsókn til Curio á Húsavík, 2019. Frá vinstri: Silja Jóhannesar Ástudóttir, Steingrímur Hallur Lund, Reinhard Reynisson, Þórgrímur Jólsson og Daníel Jónsson.



Við slökkviliðsstöðina á Akureyri í maí 2019. Frá vinstri: Ólafur Stefánsson slökkviliðsstjóri, varðstjórnir Vigfús Ólafur Bjarkason, Jónas Baldur Hallsson, Sigurður Hólm Sæmundsson, Rolf Karl Tryggvason og Gunnar Rúnar Ólafsson varaslökkviliðsstjóri. / Ljós. Auðunn Níelsson.

Slökkvilið Akureyrar



Myndin er tekin 15. maí 2019 við afhendingu á viðurkenningum til starfsmanna sem luku þá um vorið námi í bráðataekni við háskóla í Boston USA. Frá vinstri: Magnús Smári Smáráson, Stefán Geir Andrússon, Anton Carrasco aðstoðarvarðstjóri, Ólafur Stefánsson slökkviliðsstjóri og Gunnar Rúnar Ólafsson varaslökkviliðsstjóri. Ljós. Auðunn Níelsson.

Starfssvæði Slökkviliðs Akureyrar nær yfir fjögur sveitarfélög; Akureyrarbæ, þar með talið Hrísey og Grímsey, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhrepp. Rekstur slökkviliðs utan Akureyrar byggir á samningum við sveitarfélögin þrjú og formlegt samstarf er við Slökkvilið Grýtubakkahrepps, Slökkvilið Þingeyjarsveitar og Isavía á Akureyrarflugvelli. Íbúaföldi á starfssvæðinu er tæplega 21.000 og stærð þess er 2.861 km². SA sinnir lögbundnum verkefnum eins og slökkvistörfum, eldvarnaeftirliti, björgun fastklemmdra og viðbrögð við mengunarslysum. Einnig sér Slökkviliðið um sjúkraflutninga á Akureyri og nágrenni en auk þess sinna sjúkraflutningamenn SA öllum sjúklingum sem fluttir eru með sjúkraflugi á Íslandi. Vaðlaheiðargöng voru opnuð í desember 2018 og tók slökkviliðið þátt í undirbúningi með áætlanagerð og vali á öryggisbúnaði.

Sagan

Árið 1882 kom fyrst til tals hjá bæjaryfirvöldum að stofna slökkvilið, svo vitað sé. Rætt var um það í bæjarstjórn Akureyrar að grennslast fyrir um hversu mikið nothæf slökkvitól myndu kosta. Ekkert varð úr kaupunum í það skiptið. Eftir stórbrunnann 1901 þegar 12 hús brunnu til kaldra kola kom slökkviliðið aftur til umræðu. Það var þó ekki fyrr en 31. maí 1904 að bæjarstjórn samþykkti að kaupa fyrstu slökkvitólin og tekið var sex þúsund króna lán til kaupanna. Keypt voru handdæla, slöngur og og strigafötur sem komu til landsins á nýársdag 1905. Þann 6. desember 1905 var Ragnar Ólafsson verslunarstjóri kosinn fyrsti slökkviliðsstjóri Akureyrar, en árinu áður hafði Alþingi samþykkt lög um stofnun Slökkviliðs Akureyrar (SA). Árið 1906 varð aftur stórbruni á Akureyri en þá brunnu sjö hús efst við Strandgötu. Tveimur árum síðar kom reglugerð um eldvarnir og SA sem samþykkt var í stjórnarráðinu 30. nóvember 1908. Miklir brunar voru á Akureyri á þessu árum og oddvitum bæjarins var það mikið kappsmál að efla eldvarnir sem mest.

Fyrsti slökkvibíllinn 1930

Árið 1930 var fyrsti slökkvibíllinn keyptur en hann var árgerð 1923. Fimm árum síðar voru settir upp handbrunaboðar á nokkrum stöðum í bænum og bjöllur á heimilum slökkviliðsmanna. Fram að þessum tíma höfðu tveir menn haft þann starfa með höndum að hlaupa um bæinn og blása í brunalúðra. Fyrsti slökkvibíllinn með vatnstanki kom svo 1947. Eftir það var ekki lengur nauðsynlegt að byrja allt slökkvistarf með slöngulögnum. Þann 15. janúar 1953 hefjast fastar vaktir á slökkvistöðinni en þá voru fastráðnir fjórir brunaverðir, auk varaslökkviliðsstjóra. Ári síðar kom nýr slökkvibíll ásamt mörgum nýjum tækjum, m.a. fyrstu reykköfunartækin með loftflöskum. Slökkvibíllinn var með háþrýstibýssum, þeim fyrstu hér á landi. Bíllinn er enn í eigu SA.

Sjúkraflutningar á landi og í lofti

SA tók að sér mönnun sjúkrabíla Akureyrardeildar Rauða kross Íslands árið 1968 og hefur það æ síðan verið snar þáttur í starfi slökkviliðsins. Í dag þjónustar SA sjúkraflutninga,



Hörður Halldórsson og Vigfús Ólafur Bjarkason varðstjóri við æfingu í sjúkrabíl í október 2017. / Ljós. Ólafur Stefánsson.

með samningi við Heilbrigðisráðuneytið sem miðstöð sjúkraflutninga á Norðurlandi, á Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit og hluta af Þingeyjarsveit. Árið 1956 sömdu Brunavarnir Eyjafjarðar við bæjaryfirvöld um umsjón og eftirlit með slökkvibíl Brunavarna Eyjafjarðar. Eldvarnaeftirlitsmaður var ráðinn í fullt starf 1974. Umsvif slökkviliðsins urðu meiri með þjónustusamningum og með stækkun bæjarfélagsins.

Árið 1993 flutti SA í nýtt rúmlega 1.400 m² húsnæði við Árstíg 2. Vísir að þjónustu SA í sjúkraflugi byrjaði 1997. Umsvifin í sjúkrafluginu hafa aukist ár frá ári og árið 2019 voru flutningar 770 talsins með 848 sjúklinga. Þann 5. júlí 2000 gerði SA þjónustusamning um rekstur slökkviliðs á Akureyrarflugvelli og þjálfun slökkviliðsmanna í slökkvistörfum Flugmálastjórnar á öllum landsbyggðflugvöllum. Árið 2011 tók ISAVIA við rekstri slökkviliðs á Akureyrarflugvelli og sinnir Slökkvilið Akureyrar því ekki lengur varðstöðu þar en er hluti af viðbragðsáætlun flugvallarins.

Mikil uppbygging síðustu ár

Í umsjá og eign að meðtöldum fimm sjúkrabílum hefur SA 13 ökutæki alls. Mikil endurnýjun hefur orðið á tækjum og búnaði síðustu ár. Sem dæmi má nefna að árið 2005 voru keypt tvö ökutæki til slökkvistarfa, nýr Scania dælubíll með 3.000 lítra vatnstanki og 5.000 lítra dælu. Árið 2008 kom til slökkviliðsins fullbúinn eiturefnagámur sem leysti af hólmi Kerru sem útbúin hafði verið til að bregðast við mengunarslysum. Í maí 2006 varð stækkun á aðstöðu SA úr rúmum 1.400 m² í rúma 2.000 m² og er SA þar með komið með allt húsnæðið við Árstíg 2. Starfsstöðvar SA er þrjár, í Árstíg 2, í Grímsey og í Hrísey. Árið 2020 kom til SA nýr slökkvibíll sem er sérútbúinn til notkunar í jarðgöngum. Einnig eru í undirbúningi kaup á nýjum stiga- og körfubíl en það verður í fyrsta sinn sem nýr körfubíll er keyptur á Íslandi utan höfuðborgarsvæðisins.

SA er annað tveggja atvinnuslökkviliða utan suðvesturhornsins sem er skipað atvinnuslökkviliðsmönnum á vakt allan sólarhringinn. Fimm bráðataeknar starfa hjá SA í dag og af 27 slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum í fullu starfi, eru 22 með gild ALS réttindi (séhæfð endurlífsgun). Mikið hefur verið lagt í faglega uppbyggingu SA síðustu ár og í kynningu á starfsemi. Til dæmis hefur fésbókarsíða slökkviliðsins verið mikið skoðuð undanfarn misseri og um 3 þúsund manns eru þar fylgjendur og ekki óalgengt að um 7 þúsund manns skoði innlegg og pósta á síðunni.

SA byggir á góðum grunni og stefnir á að vera hér eftir sem hingað til í fararbroddi slökkviliða á Norðurlöndunum. Það veitir þjónustu sem er sambærileg við það besta sem gerist á landinu. Með virkum stuðningi bæjaryfirvalda hefur SA verið tryggt nægt fjármagn til að sinna grunnhlutverki sínu vel. Eldvarnaeftirlitið hefur verið eftir verulega og þar starfar nú öflug deild með möguleika á að þjónusta önnur sveitarfélög. Liðið hefur útvíkkað starfsemi sína með auknu þjónustuframboði og fjölgun starfsstöðva utan Akureyrar. SA er eftirsóknarverður vinnustaður vegna samkeppnishæfra launa, góðrar aðstöðu og góðs starfsanda.

Að hluta byggt á grein eftir Ólaf Búa Gunnlaugsson.





Sigurður Bjarklind og Þorkell Björnsson við sjósýnatöku.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra



Frá vinstri: Jóhannes Haukur Hauksson, Þórey Agnarsdóttir, Steinn Oddgeir Sigurjónsson og Alfreð Schiöth, framkvæmdastjóri, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Ljósmynd. Jón Ingi Cæsarsson, formaður heilbrigðisnefndar.



Steinn Oddgeir Sigurjónsson við sjósýnatöku.



Þórey Agnarsdóttir, HNE, Leifur Þorkelsson HAUST og Helgi Helgason HV við skipaskoðun.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE) er samvinnuverkefni sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og á vettvangi Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) er í gildi sérstakur samstarfssamningur milli sveitarfélaga um heilbrigðiseftirlit. Heilbrigðisnefnd er skipuð á aðalfundi SSNE að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Fimm nefndarmenn eru tilnefndir af sveitarstjórnunum samkvæmt samstarfssamningi og einn fulltrúi er tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu. Samningur um heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga á Eyjafarðarsvæðinu var gerður árið 1983 og samningur milli sveitarfélaga á Norðaustursvæðinu var gerður árið 1985 í samræmi við lög nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðisnefnd er þannig skipuð

Frá Akureyri: Jón Ingi Cæsarsson, formaður, Anna María Jónsdóttir, varamaður, Anna Rósa Magnúsdóttir, Stefán Friðrik Stefánsson, varamaður.

Frá öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð: Lilja Guðnadóttir, Fjóra Stefánsdóttir, varamaður.

Frá Norðurþingi: Benedikt Kristjánsson.

Frá öðrum sveitarfélögum í Þingeyjarsýslu: Guðmundur Smári Gunnarsson, Þórarinn Þórisson, varamaður.

Frá samtökum atvinnurekenda: Kristín Halldórsdóttir, Sigurgeir Höskuldsson, varamaður. Jón Torfi Halldórsson yfirlæknir heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri situr fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Heilbrigðisnefnd heldur að jafnaði 10 fundi á ári.

Starfsstöðvar (skrifstofur) HNE eru tvær, á Akureyri og Húsavík

Á Akureyri, Furuvöllum 1, starfa þrjú heilbrigðisfulltrúar í fullu starfi og samstarf er um skrifstofuhald við Matvælastofnun (héraðsdýralækni) og náð samstarf um matvælaeftirlit og önnur mál sem skarast. Rannsóknastofan Promat er í sama húsi. Alfreð Schiöth (dýralæknir að mennt); starfar sem framkvæmdastjóri eftirlitsins og sinnir jafnframt sviðsstjórn umhverfiseftirlits. Steinn Oddgeir Sigurjónsson (mjólkurfræðingur að mennt); starfar sem sviðsstjóri matvælasviðs og annast matvælaeftirlit og eftirlit með hættulegum efnum sem því sviði tilheyra. Þórey Agnarsdóttir (hjúkrunarfræðingur að mennt); starfar sem sviðsstjóri hollustuháttaeftirlits og sér um eftirlit með þjónustustofnunum og hættulegum efnum á því sviði. **Á Húsavík,** Hafnarstétt 3, starfar einn heilbrigðisfulltrúi; Jóhannes Haukur Hauksson (mjólkurfræðingur að mennt); deildarstjóri austurdeildar og hann sinnir eftirliti allra sviða á austursvæðinu. Starfsmenn hafa góða menntun, mikla reynslu og hafa með sér samstarf og samráð og leysa hvern annan af á sviði matvælaeftirlits, hollusta- og mengunarnavarnasviði eftir þörfum og taka virkan þátt í starfshópum í í samstarfi við Matvælastofnun, Umhverfisstofnun og aðra opinbera aðila, s.s. Vinnueftirlit ríkisins, land-læknisembættið og skipulagsyfirvöld.



Sigurður Bjarklind við vatnarrannsóknir.



Alfreð Schiöth við sjósýnatöku.

Lagagrunnur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

Lagagrunn heilbrigðisnefnda og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES) er að finna í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (nr. 7/1998 með breytingum), lögum um matvæli (nr. 93/1995 með breytingum) og lögum um tóbaksvarnir (nr. 6/2002 með breytingum). Meginmarkmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengdu umhverfi.

Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða laga. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Umhverfisstofnun (www.ust.is) og Matvælastofnun (www.mast.is) samræma og hafa yfirumsjón með störfum heilbrigðisnefnda. Á heimasíðum þessara stofnana er að finna margvíslegan fróðleik og fræðsluefni og einnig er þar greiður aðgangur að helstu lögum og reglum; flokkað undir mismunandi forsendum.

Starfsemi heilbrigðisnefnda heyrir þannig undir tvö ráðuneyti; Umhverfis- og auðlinda-ráðuneytið og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Heilbrigðiseftirlitið hefur eftirlit með og gefur út starfsleyfi fyrir eftirtalin fyrirtæki:

Fyrirtæki sem framleiða, framreiða, selja, pakka, dreifa eða flytja matvæli nema slíkt eftirlit sé falið öðrum með sér lögum. Matvælastofnun (MAST) hefur eftirlit með frumframleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða, fiskvinnslum og innflutningi matvæla og fer með yfirumsjón matvælaeftirlits. Samstarf við MAST er náíð. Matvæli eru hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu þar með talið neysluvatn (undanþegin eru lyf, tóbak og vímuefni önnur en áfengi). Fyrirtæki sem framleiða efni og hluti sem ætlað er að koma í snertingu við matvæli. Fyrirtæki sem veita persónulega þjónustu, svo sem gististaðir, skólar, leikskólar, samkomuhús, starfsmannabústaðir, starfsmannabúðir, fangelsi, rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur, íþróttahús, baðstaðir, sundlaugar, sólbaðsstofur, sjúkrastofnanir, lækna- og dvalarheimili og almenn flutningstæki. Fyrirtæki sem geta haft í för með sér mengun. Þar undir kemur eftirlit með almennri umgengni við fyrirtæki og eftirlit með öllum þeim úrgangi sem valdið getur skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu hvort sem er á svæðum sem ætlaðir eru fyrir almenning eða einkalóðir. Auk þess skal heilbrigðiseftirlitið gefa út tóbaksöluleyfi og hafa eftirlit með ákveðnum þáttum tóbaksvarna. Heilbrigðiseftirlitinu ber einnig að taka þátt í almennum sóttvörnum ef með þarf (sbr. Covid 19). Þá eru allar ábendingar og kvartanir kannaðar og fylgt eftir eftir. U.þ.b. 1300 fyrirtæki eru með starfsleyfi heilbrigðisnefndar og þess utan er sinnt leiðbeiningum og eftirliti með ýmisskonar starfsemi sem varðar matvælaöryggi, umhverfismál, hollustuhætti og öryggismál. Heilbrigðisfulltrúar veita umsagnir og ráðgjöf um ýmiss málafni, s.s. vegna skipulags, laga- og reglusetningar.



Sigurður Bjarklind við sjósýnatöku.



Gengið meðfram ströndinni.

Akureyrarbær



Asthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Akureyrar.

Akureyrarbær er fjölmennasta sveitarfélag landsins utan höfuðborgarsvæðisins. Í dag búa þar um 19.000 manns og teljast þar með allir íbúar Grímseyjar og Hríseyjar. Bærinn er á gróðursælum og skjólgóðum stað við vestanverðan botn Eyjafjarðar. Þar fellur Glerá til sjávar og hefur hún með tímanum rutt fram jarðefnum og myndað Oddeyrina, sem er eitt stærsta og grónasta hverfi bæjarins. Ágætar hafnaraðstæður eru við Pollinn á Akureyri en í hann fellur Eyjafjarðará með miklum óshólum og leirum. Frá Pollinum rís snarbrött brekka í vesturátt, sem rofin er með lækjargiljum, stærst eru Búðargil og Grófargil og hafa myndast undan þeim litlar eyrar, Akureyrin og Torfunef. Þegar komið er upp á brekkubrún tekur við mikið flatlendi upp að fjallsrótum. Brekkan hverfur norðan Glerár og miðast nyrðri bæjarmörkin við Lónsá sem rennur úr Hlíðarfjalli.

Akureyri er fallegur og friðsæll bær með einstakt aðdráttarafli sem löngum hefur skipað mikilvægan sess í hjörtum landsmanna. Hvert sem litið er má verða vitni að auðugu mannlífi og blómlegri menningu ásamt öflugum athafnalífi sem í raun hefur markað sveitarfélaginu mikla sérstöðu miðað við annað þéttbýli í landinu. Helstu atvinnuvegir eru verslun og þjónusta, framleiðsluiðnaður og sjávarútvegur. Opinber þjónusta er einnig mjög umsvifamikil en stærsti einstaki vinnustaðurinn á Akureyri er Sjúkrahúsið á Akureyri sem er hið næststærsta á landinu öllu. Iðnfyrirtækin í bænum sérhæfa sig að mestu í matvælaframleiðslu, byggingariðnaði og málm- og skipasmíði. Á síðustu tveimur áratugum hefur hlutur framleiðsluiðnaðar í atvinnulífi þó minnkað mikið. Á sama tíma hefur sjávarútvegi vaxið fiskur um hrygg og er nærtækasta vitnisburðinn að finna hjá Samherja sem er annað stærsta útgerðarfyrirtæki landsins.

Söguágrip

Elstu rituðu heimildir um byggð við botn Eyjafjarðar má rekja til frásagna Landnámabókar af kristna landnámsmanninum Helga „magra“ Eyvindarsyni sem á 9. öld bjó sér ból á Kristnesi ásamt konu sinni Þórunni Hyrnu Ketilsdóttur. Örnefnið Akureyri er fornt og tengist, að öllum líkindum, kornakuryrkju sem bændur stunduðu með öðrum bústörfum. Nafnið kemur fyrst fyrir í ritmáli árið 1526 þegar dómur fellur yfir konu fyrir að hafa sængað með karlmanni án þess að hafa giftingarvottorð. Fyrsti vísir að byggð tók að myndast á Akureyri á fyrri hluta 18. aldar. Þangað komu nokkrir danskir kaupmenn og reistu búðir sínar við Pollinn, enda þóttu náttúruleg hafnarskilyrði þar einstaklega vel af guði gerð. Danirnir dvöldu þar eingöngu yfir sumartímann og sóttu mikið í gjöfulan landbúnaðinn á svæðinu. Þegar leið fram að lokum 18. aldar batt Danakonungur miklar vonir við vöxt og viðgang þorpsins og í kjölfar afnáms einokunarverslunar árið 1787 hlaut Akureyri kaupstaðarréttindi þó svo að þar byggju aðeins 12 manns. Frekari þéttbýlismyndun á svæðinu var lítil og fór svo að réttindin voru dregin til baka árið 1836 og þau ekki endurheimt fyrr en árið 1862.

Árið 1886 bundust nokkrir eyfirskir bændur samtökum um að stofna sjálfstætt póntunarfélag í því skyni að styrkja stöðu sína gagnvart dönskum kaupmönnum sem þeir álitu ósanngjarna. Ári eftir þetta var nafni samtakanna breytt í Kaupfélag Eyfirðinga eða KEA en tilkoma þess



Bæjarstjórn Akureyrar í september 2020. Frá vinstri: Gunnar Gíslason, Ingibjörg Ólöf Isaksen, Þórhallur Jónsson, Hilda Jana Gísladóttir, Hlynur Jóhannsson, Halla Björk Reynisdóttir, Eva Hrunn Einarsdóttir, Heimir Haraldsson, Sóley Björk Stefánsdóttir, Andri Teitsson og Guðmundur Baldvin Guðmundsson.



Sundlaugin á Akureyri.

Framhald á næstu opnu →

átti eftir að verða eitt mesta framfaraskrefið í mótun Akureyrar sem bæjarfélags. KEA stýrði fjölbættri atvinnustarfsemi sem átti eftir að setja sterkan svip á bæjarlífið. Á vegum þess voru t.d. reknar fjölmargar kjörbúðir ásamt ýmsum iðnfyrirtækjum sem sérhæfðu sig í vinnslu landbúnaðarafurða. Fram eftir 20. öld miðuðust nyrðri bæjar-mörk Akureyrar við Glerá en svæðið þar fyrir utan tilheyrði Glæsibæjarhreppi. Péttylíli tók að myndast við ána á seinni hluta 19. aldar og um miðja 20. öld var risið þar svonefnt Glerárþorp þar sem efnaminna fólk stundaði sjálfsþurftarúskap á litlum landskikum. Árið 1955 rann Glerárþorp saman við Akureyri og gekk upp frá því undir opinbera heitinu Glerárhverfi en svæðið átti eftir að njóta hraðrar uppbyggingar á seinni hluta 20. aldar. Í dag skiptist bærinn í fimm önnur hverfi sem eru Oddeyri, Brekka, Naustahverfi, Innbær og Miðbær, auk Hríseyjar og Grímseyjar sem heyra til Akureyrar. Á nýju árbúsundi hefur ásýnd athafnalífsins á Akureyri tekið miklum breytingum. Framleiðsluöndurinn hefur látið undan síga auk þess sem KEA hefur dregið mikið úr umsvifum sínum. Á sama tíma hefur mikill uppgangur átt sér stað í verslun, þjónustu, ferðamennsku og sjávarútvegi, auk þess sem rekstur Háskólans á Akureyri hefur skapað mörg bein og afleidd störf. Þegar á heildina er litið er menntunartig á Akureyri mjög hátt. Þar eru einnig starfræktir tveir framhaldsskólar, Menntaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri. **Vefsíða Akureyribæjar er www.akureyri.is.**

Opinber þjónusta

Akureyribær leggur ríka áherslu á að opinber þjónusta fari ávallt fram með faglegum hætti og að fjölskyldum og einstaklingum séu tryggðar traustar búsetuáðstæður. Mikill metnaður er til að byggja upp framúrskarandi skóla-, heilbrigðis- og félagsþjónustu og að þeir sem eru komnir á efri ár geti átt áhyggjulaust ævikvöld. Markmiðið er einnig að í bænum þrífist frjótt og öflugt menningarlíf og að allir hafi jöfn tækifæri til að iðka hvers kyns íþróttar- og tómstundastörf. Í framtíðarsýn er gert ráð fyrir sterkri grunngerð allrar opinberrar þjónustu. Bæjarstjórn Akureyrar vinnur markvisst að því að gera bæinn að eftirsóknarverðum búsetukosti.

Menningin og mannlífið

Akureyri er í senn vinsæll ferðamannastaður og mikill menningarbær sem iðar af fjölbreyttu mannlífi allan ársins hring. Bærinn er kjörinn áfangastaður fyrir alla þá sem vilja sjá, skoða og njóta og má einu gilda á hvaða tíma ársins það er. Í bænum má finna fjölbreytta flóru veitingahúsa með mismunandi áherslum en öll eiga þau það þó sammerkt að kitla bragðlaukana svo um munar og þá ekki síst með staðbundnu hráefni. Einnig má heimsækja mörg vinsæl og vinaleg kaffihús sem sum hver eru orðin að þekktum kennileitum. Hið sama má segja um annálaða skemmtistaðina sem spanna allt litrófið. Stærstan hluta allra þessara staða er að finna í miðbæjarkjarnanum við nyrsta hluta Hafnarstrætis. Miðbærinn var gerður að göngugötu á níunda áratugnum en er nú opin fyrir bílaumferð flesta daga ársins. Akureyri býr að annáluðu menningar- og listalífi sem hefur haft mikið aðdráttarafl. Þar eru söfn, gallerí og listasmiðjur ásamt ótal fallegum byggingum og mannvirkjum óprjótandi uppspretta fróðleiks,



Þú getur allt.



Lystigarðurinn á Akureyri.



Skiðasvæðið í Hlíðarfjalli, Akureyri.



Góður dagur í Hlíðarfjalli, Akureyri.



Akureyrarhöfn. / Ljós. María H. Tryggvadóttir.

fegurðar og skemmtunar. Ein helsta skrautfjöðurin að því leyti er Listasafnið á Akureyri en þar var Mjólkursamslag KEA áður til húsa. Gatan sem liggur um Grófargil í miðbænum er í daglegu tali nefnd Listagil. Önnur merkileg starfsemi fer fram á Minjasafninu við Aðalstræti en þar eru varðveittar menningarsögulegar minjar sem eru lýsandi fyrir þróun byggðar í Eyjafirði, frá Landnámi og fram á okkar daga. Loks er Akureyri bær hinna miklu skálda og rithöfunda, þeirra: Davíðs Stefánssonar, Jóns Sveinssonar og Matthíasar Jochumssonar en í þeirra nafni eru rekin söfn og fræðasetur; Davíðshús, Nonnahús og Sigurhæðir. Önnur söfn sem má nefna eru t.d. Flugsafn og lðnaðarsafn. Hvað menningarlíf snertir má ekki láta hjá líða að minnast á sjálfu Leikfélag Akureyrar sem er eina atvinnuleikhúsið utan höfuðborgarsvæðisins en þar eru settar upp 3-4 sýningar á hverju ári. Í bænum er starfrækt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands sem heldur að jafnaði 5-7 tónleika á hverju ári. Opnun Menningarhússins Hofs í ágúst 2010 markaði mikil tímamót en þar var skapaður verðugur rammi utan um menningar- og tónlistarlíf Norðlendinga með sérstakri áherslu á tónlist, leikhús, danslist og ráðstefnuhald.

Afþreying og útivist

Eyjafjörðurinn í heild sinni er kjörinn staður til að upplifa afþreyingu og útivist auk þess sem þaðan er stutt í margar af helstu náttúruperlum landsins eins og Mývatn, Ásbeygi, Goðafoss og Dettifoss. Bærinn geymir mikið af áhugaverðum og fjölskylduvænum útivistarsvæðum en þar er Kjarnaskógur stærstur. Lystigarðurinn er ein af perlum Akureyrar þar sem finna má allar þær plöntur sem þrífast í flóru Íslands, auk 7.000 erlendra afbrigða. Sundlaug Akureyrar er nýuppgerð með fullkominni aðstöðu og skemmtilegum vatnsrennibrautum. Þangað koma um 400.000 gestir á hverju ári og er hún ein vinsælasta laug landsins. Þá er einnig á Akureyri skautahöll sem er opin yfir vetrartímann. Auðveldlega er hægt að koma sér á milli staða með strætisvögnum Akureyrar sem frá árinu 2007 hafa boðið upp á endurgjaldslausar ferðir um bæinn. Þeim sem vilja upplifa Akureyri á tveimur jafnfljótum skal bent á að bærinn geymir fjölda göngustíga sem liggja um forvitnileg og falleg útivistarsvæði. Hvað varðar lengri ferðir um náttúru Eyjafjarðar og nágrenni skal bent á reglulega dagskrá Ferðafélags Akureyrar þar sem t.d. er boðið upp á sérstakar gönguvikur. Hægt er að komast í mislangar jeppa- og fjallatrúkaferðir undir leiðsögn ásamt hefðbundnum skoðunarferðum í langferðabifreiðum og skemmtisiglingum um Eyjafjörð. Einnig má leigja sér hesta, reiðhjól og fjór hjól eða panta útsýnisflug og upplifa náttúrufergurðina með góðri yfirsýn. Fyrir þá ferðamenn sem vilja slappa af og njóta þess að dunda sér yfir sínu uppáhalds áhugamáli þá gefast ýmsir möguleikar í því skyni eins og að spila golf á Jaðarsvelli, stunda fuglaskoðun, skella sér á skíði í Hlíðarfjalli eða renna fyrir fisk í ám, vötnum og á sjó.

Samgöngur og gistingualeikar

Samgöngur við Akureyri hafa ávallt verið mjög greiðar, hvort heldur menn kjósa að halda þangað landleiðina eða fljúga. Icelandair heldur uppi reglulegri áætlan frá Reykjavík og er flugtíminn um 40 mínútur. Vegalengdin frá höfuðborgarsvæðinu eftir þjóðvegi 1 er um 380 km.



Séð út í Hrísey.

Með rútu tekur ferðin um sex tíma en tæpa fimm á einkabíl. Á Akureyri bjóðast gistinguþjónustur af ýmsu tagi og eru flest hótél og gistiheimili í námunda við miðbæinn. Í raun býðst allt frá fyrsta flokks hótélum til svefnpokaþjónustur og tjaldstæða. Allar nánari upplýsingar má nálgast á www.visitakureyri.is.

Akureyrarkirkja

Akureyrarkirkja er eitt þekktasta kennileiti Akureyrarbæjar. Hún var teiknuð af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins og vígð árið 1940. Í kirkjunni er meðal annars steindur gluggi sem lengi var talinn vera úr kirkju á Coventry á Englandi sem var eyðilögð í síðari heimsstyrjöldinni. Á svölum kirkjuskipsins má finna lágmyndir eftir Ásmund Sveinsson. Skírnarfontur kirkjunnar er mótaður að fyrirmynd Bertels Thorvaldsen.

Hlíðarfjall

Í Hlíðarfjalli er að finna sannkalla skíðaparadís í túnfæti Akureyrar. Þar bjóðast frábærar aðstæður til íðkunar hvers kyns vetraríþróttar. Lyfturnar á svæðinu geta samanlagt flutt um 7.000 manns á klst.

Grimsey

Grimseyjarhreppur sameinaðist Akureyrarbæ árið 2009. Grimsey er um 40 km norðan við Eyjafjörð og er hún 5,3 ferkílómetrar að stærð og nær hæst um 105 m yfir sjávarmál. Á eyjunni hefur byggst upp lítið þorp þar sem innan við 100 manns byggja afkomu sína á sjávarútvegi og þjónustu við ferðamenn. Þetta er nýrsta byggð á Íslandi og liggur sjálfur Norðurheimskautsbaugurinn þvert í gegnum eyjuna. Grimsey er græn og grösug eyja sem nýtur auðugra fiskimiða og litríks fuglalífs. Vinsælt er að heimsækja eyjuna til að skoða lundann á sumrin. Í Grimsey er falleg kirkja, lítil innisundlaug, verslun, tvö gistiheimili og veitingahús sem er opið yfir sumartímam. Samgöngur til Grimseyjar byggjast á reglulegum ferjusiglingum frá Dalvík og flugi frá Akureyri. www.grimsey.is.

Hrísey

Hríseyjarhreppur sameinaðist Akureyrarbæ árið 2004. Hrísey liggur í norðanverðum Eyjafirði, austur af Dalvík og norðaustan frá Árskógssandi og er iðulega nefnd „Perla Eyjafjarðar“. Hún er um 8 ferkílómetrar að flatarmáli og er því næststærsta eyjan við Íslandsstrendur á eftir Heimaey. Íbúarnir eru um 150 en þeir eru flestir búsettir í litlu þorpi á suðurhluta eyjunnar. Grunnatvinnuvegurinn hefur verið sjávarútvegur en ferðaþjónustu vex smám saman fiskur um hrygg enda er eyjan mikil náttúruperla. Þar er t.d. boðið upp á góða sundlaug, Hús Hákarla Jörundar, Ölduhús og rómaðar útsýnisferðir með traktor, gönguleiðir og góð tækifæri til fuglaskoðunar. Til að komast til Hríseyjar er best að taka ferjuna Sævar sem siglir frá frá Árskógssandi á tveggja klst. fresti og tekur siglingin um 15 mínútur. www.hrisey.is.



Grimsey. / Ljós. Almar Alfreðsson.



Hrísey. / Ljós. María H. Tryggvadóttir.



Eyjafjarðará liðast um og nærir fallega sveitina sem umlukin er glæsilegum fjallahring. Hér er horft fram eftir sveitinni á fallegu vorkvöldi. / Ljósm. Gunnlaugur Stefán Guðleifsson.

Eyjafjarðarsveit



Kjarni Hrafnagilshverfis, grunnskóli, íþróttamiðstöð og skrifstofur sveitarfélagsins.



Jólagarðurinn í Hrafnagilshverfi hefur starfað í 25 ár og er vinsæll áningarstaður hjá öllum kynslóðum bæði að vetri og sumri.

Innan við Akureyri er hin falda perla, Eyjafjarðarsveit, þar sem Helgi Magri nam land forðum, var þar engin tilviljun að verki. Veðurbliða og frjósamt land einkennir sveitina sem er ein sú gjöfulasta á landinu og um hana liðast hin fagra Eyjafjarðará sem nærir land og dýr og skapar farveg fyrir eitt gjöfulasta mjólkurhérað Íslands sem verndað er af tignarlegri Kerlingu, hæsta fjalli við byggð á Norðurlandi.

Lanbúnaður

Landbúnaður er stærsta atvinnugreinin í Eyjafjarðarsveit þar sem rekinn er fjöldi mjólkurbúa. Í sveitarfélaginu er stór hluti allrar mjólkur í landinu framleiddur, þar eru einnig svínabú, hænsnabú, kornrækt, kartöflurækt og fjárbændur. Alls eru í sveitinni um 150 lögbyli sem mörg hver eru í viðamikilli starfsemi og skapa þannig fjölmörg störf og mikil efnahagsleg áhrif fyrir atvinnusvæði Eyjafjarðar. Skógrækt hefur einnig aukist umtalsvert á líðandi árum og hefur nú verið sótt um fjölda nýrra skógræktarreitna.

Byggðin

Í Eyjafjarðarsveit eru fjölbreytt búsetuúrræði sem blandar saman fjölmörgum kostum dreifbýlis og þéttbýlis. Stórar bújarðir eru víða í sveitinni og byggðin þéttist heldur því nær sem dregur Akureyri. Austan Eyjafjarðarar liggur sveitarfélagið að nágroñnum sínum í norðri, Svalbarðsstrandarhrepp, og er þar óslitin og skemmtileg byggð með glæsilegu útsýni yfir til Akureyrar, út fjörðinn og inn sveitina. Framar í Eyjafjarðarsveit er byggðin umlukin tignarlegum fjöllum og kyrrlátum dölum. Hrafnagilshverfi er stærsti byggðarkjarni sveitarfélagsins. Um 300 íbúar búa þar í námunda við leik- og grunnskóla, tónlistaskóla, íþróttamiðstöð, sundlaug, skrifstofur sveitarfélagsins og glæsilega náttúru sveitar og fjalla í kring. Hrafnagilshverfi er í um 10 mínútna fjarlægð frá Akureyri þangað sem margir íbúar sækja sína vinnu. Hverfið hefur byggst upp jafnt og þétt og hefur uppbygging þess heldur vaxið á síðastliðnum árum. Fjölskyldufólk sækir mikið í hverfið enda hefur Hrafnagilsskóli getið af sér sérlega gott orð.

Kirstnesspítali

Kirstnesspítali var tekinn í notkun árið 1927 sem berklahæli og gegnir staðurinn því mikilvægu hlutverki í sögu Íslendinga sem svo bersýnilega kemur fram á Hælinu, setur um sögu berklanna sem rekið er við spítalann. Á Kirstnesspítala í dag fara fram endurhæfingar og öldrunarlækningar Sjúkrahússins á Akureyri og er spítalinn því fjölmennasti vinnustaðurinn í sveitarfélaginu.

Ferðapjónusta

Í Eyjafjarðarsveit er fjölbreytt og skemmtileg flóra samheldinna ferðapjónustuaðila sem allir bjóða uppá persónulega og góða þjónustu. Afþreying, gisting, matur og vellíðan er að leiðarljósi höfð í ferðapjónustu á svæðinu. Margir reka sína ferðapjónustu sem hliðarbúgrein og eru sum þeirra óflug fyrirtæki eins og Jólagarðurinn, Kaffi Kú og Lamb Inn.



Svalbarðseyrarviti.

Svalbarðsstrandarhreppur

Svalbarðsstrandarhreppur liggur við austanverðan Eyjafjörð, undir hlíðum Vaðlaheiðar og dregur nafn sitt af ströndinni, Svalbarðsströnd. Sveitin er um 14 km frá norðri til suðurs. Íbúafjöldi sveitarfélagsins í janúar 2019 voru 491 íbúar en í þéttbýliskjarnanum á Svalbarðseyri býr um helmingur íbúa. Við þéttbýlið á Svalbarðseyri er Ráðhús sveitarfélagsins og skólinn. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar á Svalbarðseyri, en þar er auk íþróttahússins og sundlaugarinnar, sparkvöllur, golfvöllur, fótboltavöllur og frjálfsíþróttavöllur auk hins sívinsæla ærslabelgs.

Til að bregðast við aukinni fólksfjölgun í sveitarfélaginu rís nýtt hverfi norðan við núverandi byggð á Svalbarðseyri. Fer uppbygging hins nýja hverfis vel af stað og er það fagnaðarefni hversu margir hafa sýnt verkefninu áhuga. www.svalbarðsstrond.is

Sveitarstjórn

Sveitarstjórn kjörtímabilið 2018-2022 skipa: Gestur Jensson oddviti, Anna Karen Úlfarsdóttir varaoddviti, Guðfinna Steingrímsdóttir, Ólafur Rúnar Ólafsson og Valtýr Þór Hreiðarsson. Valtýr óskaði eftir lausn úr sveitarstjórn í janúar 2021, í hans stað kom 1. varamaður Árný Þóra Ágústsdóttir. Sveitarstjóri er Björg Erlingsdóttir.

Skólasamfélagið

Á Svalbarðsströnd er sameinað skólasamfélag, grunnskólinn heitir Valsárskóli og leikskólinn heitir Álfaborg. Í skólanum eru 48 grunnskólanemendur og 30 leikskólanemendur haustið 2020. Árið 2020 var farið í miklar endurbætur á skólanum til að fegra og bæta aðstöðu nemenda og starfsfólks. Það er stefna Svalbarðsstrandarhrepps að hlúa vel að skólanum og að hann búi við vandaðan og hlýlegan húsakost þar sem allt er til reiðu til að búa nemendum sveitarfélagsins sem bestar aðstæður til náms og þroska. Tónlistardeild er til húsa í grunnskólanum þar sem 22 nemendur stunda fjölbreytt tónlistarnám skólaárið 2019-2020. Skólastjóri Álfaborgar er Margrét Jensína Þorvaldsdóttir og skólastjóri Valsárskóla er María Aðalsteinsdóttir.

Umhverfismál

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að fegra ásýnd sveitarfélagsins þar sem umhverfisfræðsla skipar stóran sess. Unnið er ötullega að útivistar- og grenndarkennslu og umhverfisfræðsla fléttuð sem víðast í kennslu leik- og grunnskóla í samræmi við hverja árstíð. Stuðlað er að almennri þátttöku íbúa, starfsfólks og rekstraraðila í umhverfissvænum lífsstíl með fræðslu, hvatningu og verkefnum sem allir geta tekið þátt í. Þannig geta allir borið virðingu fyrir umhverfi og samfélagi á Svalbarðsströnd. Nemendur og starfsfólk eru virkjuð í umhverfissvænum viðhorfum í hugsun og verki í samræmi við hvert skólastig. Svalbarðseyrarviti var byggður árið 1920 og eru því 100 ár liðin frá byggingu hans árið 2020. Umhverfi vitans er vinsæll útivistarstaður íbúa Svalbarðsstrandarhrepps og gesta hans. Hefur vitinn verið viðfangsefni fjölmargra verkefna leik- og grunnskólanemenda auk þess sem hann er sívinsælt ljósmyndaefni. Það má segja má að vitinn sé tákmynd sveitarfélagsins þar sem hann prýðir merki þess.



Björg Erlingsdóttir, sveitarstjóri.



María Aðalsteinsdóttir, skólastjóri grunnskólans.



Grunnskólabörn.



Margrét Jensína Þorvaldsdóttir, leikskólastjóri.



Dalvík. / Ljósmynd Kristján E. Hjartarson.

Dalvíkurbyggð



Svarfaðardalur. / Ljósmynd Dalvíkurbyggð.

Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð varð til árið 1998 þegar þrjú sveitarfélög við utan verðan Eyjafjörð; Dalvíkurbær, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur sameinuðust undir einum hatti. Á merki Dalvíkurbyggðar er mynd af þremur fjöllum sem tákna uppruna sveitarfélagsins: fjöllin, ströndin og víkin. Í Dalvíkurbyggð búa um 2000 manns. Sjávarútvegur, fiskvinnsla og aðrar atvinnugreinar tengdar sjávarnytjum skipa öndvegissess en einnig eru hér öflug iðnaðarfyrirtæki og matvælaefyrirtæki sem skapa fjölda fólks atvinnu. Þá hafa margir atvinnu af ýmis konar þjónustu, viðskiptum og verslun. Í sveitarfélaginu eru þrjár hafnir, ein í hverjum byggðakjarna. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein í sveitarfélaginu og hér hafa verið að byggjast upp öflug fyrirtæki á því sviði, allt frá hvalaskoðun yfir í þryluskíðamennsku. Á Árskógsströnd standa þorpin Hauganes og Árskógssandur. Þar snýst lífið öðru fremur um blómstrandi ferðaþjónustu, fiskveiðar og fiskvinnslu. Landbúnaður í Dalvíkurbyggð er í öflugum í höndum framsækinnna bænda. Mjólkur-framleiðsla er helsta lífsviðurværi bændanna og er stór hluti þeirra kúabúa með tölvustýrðan mjaltarþjón eða svokölluð róbótafjós. Flestir bændur stunda fjárbúskap, hvort sem um er að ræða áhugabúskap eða atvinnu. Hestamennska er hér bæði stunduð meðal bænda og bæjarbúa og er hér að finna eitt stærsta hesthús landsins, Hringsholt í Svarfaðardal. Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð er með öfluga þjónustu fyrir íbúa sína og rekur heimasíðu þar sem allar lykilupplýsingar eru aðgengilegar. www.dalvikurbyggd.is

Skólastarf

Dalvíkurskóli er staðsettur á Dalvík, en þar er kennsla fyrir 1-10 bekk. Á Árskógsströnd er Árskógaskóli sem er með kennslu fyrir börn frá 1-7. Bekk. Tveir leikskólar eru reknir í sveitarfélaginu, Kríllakot á Dalvík og Kötlukot í Árskógi. Sveitarfélagið rekur einnig metnaðarfullan tónlistarskóla þar sem nemendum gefst kostur á að efla listsköpun sína á sviði tónlistar. Dalvíkurbyggð býður í raun upp á framúrskarandi umgjörð fyrir menntun barna. Smæðin reynist oft kostur og eru því til staðar kjöraðstæður til að ná heildrænt utan um börn og ná hámarksárangri með hvern nemanda. Metnaður í skólasamfélaginu er mikill og framþróun og grasrótastarf öflugt.

Söfn, menning og mannlíf

Í Dalvíkurbyggð er öflugt og gróskufullt menningarlíf. Berg menningarhús stendur í miðju bæjarins og slær þar sem lífæð menningar- og félagsstarfs bæjarins. Í húsinu er fjölbreytt starfsemi sem leitast við að skapa veglega umgjörð og aðstöðu utan um hvers kyns menningarstarfsemi. Í húsinu hefur aðsetur Bókasafn Dalvíkurbyggðar sem þjónar bæði almenningi og skólum. Einnig stendur safnið fyrir reglulegum samverustundum, fræðslufyrirlesturum og nýjungagjöllum uppákomum fyrir gesti safnsins. Á sumrin er að auki starfandi upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn í Bergi menningarhúsi. Að auki við bókasafnið eru tvö önnur söfn, þ.e. Héraðsskjalasafn Svarfæla og Byggðasafnið Hvoll. Héraðsskjalasafnið



Íþróttamiðstöð Dalvíkur. / Ljós. Dalvíkurbyggð.



Göngubrú yfir Svarfaðardalsá milli Friðlands Svarfdæla og Hánefsstaðarreits. / Ljós. Dalvíkurbyggð.

safnar, varðveitir og skráir opinber skjöl í umdæminu, skjöl félaga og úr einkaeigu eins og kostur er. Byggðasafnið Hvoll er vottað viðurkennt safn af Safnaráði. Þar eru ýmis áhöld og innanstokksmunir frá fyrri tíð sem vitna um þróun verkmenningar og sögu byggðarinnar. Starfsemi menningarhússins og safnanna heyra undir sama hatt og með því samstarfi hefur myndast aukið flæði í menningarstarfi Dalvíkurbyggðar.

Heilsueflandi Dalvíkurbyggð

Hitaveita Dalvíkur sér Dalvíkurbyggð fyrir heitu vatni og er stærsti hluti sveitafélagsins tengdur henni og nýtur góðs af. Til gamans má geta að í Svarfaðardal má finna elstu yfirbyggðu sundlaug landsins, Sundskála Svarfdæla, sem reistur var sumardaginn fyrsta 1929. Sundlaugin á Dalvík er þekkt fyrir fallegan byggingarstil og hið frábæra útsýni hvort sem litið er úr pottum eða turni. Íþróttahús sem byggt var við sundlaugarbygginguna var tekið í notkun í október 2010. Í Dalvíkurbyggð eru einnig virk íþrótt- og tólmstundafélög, sem og fjölbreytt störf í kringum heilsurækt utan íþróttamiðstöðvar.

Náttúran

Fjallendi Tröllaskagans er að margra dómi ein mikilfenglegasta útivistarparadís landsins. Hér má finna gönguleiðir við allra hæfi allan ársins hring. Fyrir fjallgöngumenn eru fjallatindar af öllum stærðum og gerðum. Fyrir þá sem frekar kjósa styttri göngutúra má benda á stiklaðar gönguleiðir um Friðland Svarfdæla sem er elsta votlendisfriðland landsins, stofnað 1972 að frumkvæði bænda í Svarfaðardal.



Árskógsströnd / Ljós. Héraðsskjalasafn Svarfdæla.



Menningarhúsið Berg. / Ljós. Dalvíkurbyggð.



Húsavík. / Ljós. Gaukur Hjartarson.

Norðurþing



Raufarhöfn. / Ljós. Gaukur Hjartarson.

Sveitarfélagið Norðurþing varð til við sameiningu fjögurra sveitarfélaga, Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps, árið 2006. Innan Norðurþings eru þrjú þéttbýliskjarnir, þar er Húsavík við Skjálfandaflóa fjölmennasti staðurinn. Við hvorn enda Melrakksléttu eru svo Kópasker og Raufarhöfn. Sjávarútvegur, þjónusta og sívaxandi ferðaþjónusta eru langstærstu atvinnugreinarnar í þéttbýlinu. Að auki eru sveitirnar Reykjahverfi, Kelduhverfi, Núpasveit og Öxarfjörður þar sem öflugur landbúnaður er stundaður.

Náttúran

Sveitarfélagið er ríkt af sérstæðri og fallegri náttúru sem nær yfir 17% landsins en þar eru þrjú friðlýst svæði sem teljast til náttúruminja. Vatnajökulsþjóðgarður, Dettifoss ásamt næsta nágrenni austan Jökulsár á Fjöllum er friðlýst sem náttúruvætti, svo sé ekki minnst á Ásbyrgi. Laxá í Aðaldal sem rennur að hluta um sveitarfélagið er ásamt Mývatni skráð sem alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði. Fjölskrúðugt fuglalíf er helsta einkenni í fánu Norðurþings. Fjölbreytileg búsvæði fyrir fugla eru innan sveitarfélagsins, m.a. afar lífrík votlendissvæði þar sem finna má fuglategundir sem eru fátíðar utan Þingeyjarsýslna. Þar má nefna fjölda andategunda sem verpa víða í Öxarfirði og við Víkingavatn í Kelduhverfi. Þá er einnig að finna mikinn fjölda sjófugla við ströndina og er Rauðinúpur mesta fuglabjargið en þar er m.a. að finna eitt af nokkrum súluvörpum landsins. Í Lundey á Skjálfanda og í Mánáreyjum eru stórar lundabyggðir og meðfram allri stönd Norðurþings er að finna fjölda máfategunda. Viðáttumiklar lyngheiðar í sveitarfélaginu eru búsvæði mikils fjölda mófugla, s.s. heiðlóu, spóa og rjúpu. Rjúpan er ein af einkennistegundum Þingeyjarsýslu og varp-þéttleiki hvergi meiri á landsvísi. Rjúpan er aðalfæða fálkans en hvergi er jafn mikið af honum og hér. Á Melrakkasléttu er eitt stærsta varp sendlings á Íslandi. Nýlega hefur verið komið upp þremur fuglaskoðunarhúsum í sveitarfélaginu í samstarfi við félagið Fuglastígur á Norðausturlandi, eitt við Kaldbakstjarnir á Húsavík, eitt á Kópaskeri og það þriðja við Höskuldarnes á Melrakkasléttu. www.birdingtrail.is

Viðburðir

Í sveitarfélaginu eru haldnir ýmsir viðburðir og hátíðir sem flest allir eru haldnir árlega og má þar nefna bæjarhátíðir eins og Mærudaga á Húsavík, Hrutadaginn á Raufarhöfn og Sólstöðuhátíð á Kópaskeri. Menningarhátíðir eru einnig árlegar, t.a.m. á Raufarhöfn er haldin menningarvika og menningar- og markaðsdagar í Öxarfirði ásamt Skjálfanda – Listahátíð á Húsavík. Orkugangan sem er skiðagöngukeppni, Jökulsárhlaup og Sléttugangan á Melrakkasléttu eru fyrir þá sem vilja láta móðinn mása og njóta fallegrar náttúru um leið.

Húsavík

Húsavík er fallegur og vinalgur bær sem gott er að sækja heim og hefur á sl. árum orðið



Hvalur. / Ljós. Gaukur Hjartarson.



Fálki. / Ljós. Gaukur Hjartarson.

einn af helstu áningarstöðum ferðamanna hér á landi og heimsækir fjöldi ferðamanna bæinn. Sækja þeir í vinalagt umhverfi, vinsælar hvalaskoðunarferðir út á Skjálfandaflóa og fjölbreytta afþreyingu, s.s. Sjóböðin, frábær söfn, gönguleiðir og nálægð við fjölmargar náttúruperlur svæðisins. Þjónusta er lykil atvinnuhátturinn hvort sem það er við ferðamann eða nærumhverfið. www.visithusavik.is

Kópasker

Kópasker er lítið þorp í Öxarfirði sem varð löggiltur verslunarstaður 1879 og hefur íbúafjöldi haldist stöðugur í gegnum árin sem rekja má að stórum hluta til þess að þar er miðstöð þjónustu fyrir nærliggjandi sveitir auk þorpsins. Í barnaskólahúsinu er starfrækt Skjálftasetrið þar sem ferðamenn geta fræðst um þær miklu jarðhræringar sem dundu á héraðinu 1975 og 1976 og enduðu með stóra Kópaskersskjálftanum 13. janúar 1976. Slátur- og kjötvinnsla á vegum Fjallalambs er fjölmennasti vinnustaðurinn og er staðsett á Röndinni, sjávarkambi suður af þorpinu, þar sem er að finna merkar jarðfræðiminjar, meðal annars setlög með steingervingum. Talsverður uppgangur er í fiskeldi. www.northiceland.is/is/north/town/kopasker

Raufarhöfn

Raufarhöfn, nyrsta kaupún landsins, á sér mikla sögu og er nefnd þegar í Íslendingasögum, og þá jafnan í sambandi við kaupför. Hansakaupmenn lögðust þar að og síðar Hollendingar eftir aldamótin 1700. Um og eftir 1960 varð Raufarhöfn ein stærsta síldarsöltunarstaður landsins með tilheyrandi uppgangi. Raufarhafnarkirkja er fyrir botni hafnarinnar þar sem fyrsta byggð þorpsins var. Hún er teiknuð af Guðjóni Samúelssyni. Skammt frá er Hótel Norðurljós, kaffihús og verslun. Stærsti vinnustaðurinn er fiskvinnsla á vegum GPG á Húsavík. Heimskautsgerðið er sprottið upp úr vangaveltum Erlings Thoroddsen um hvernig hægt er að virkja endalausa víðáttu, þar sem ekkert skyggir á sjóndeildarhringinn, heimskautsbirtuna og miðnætursólina. Inn í þessum vangaveltum kom hugmyndin að nota dvergatal Völuspár og Snorra Eddu og dusta rykið af fornum sagnaheimi og færa til nútíðar. Utan um þennan hugarheim rís Heimskautsgerðið á Melrakkaási við Raufarhöfn. Haukur Halldórsson listamaður tók þátt í hugmyndavinnu með Erlingi, gerði skissur og líkan sem stuðst er við.

www.arctichenge.com

Sveitirnar

Sveitir Norðurþings, Kelduhverfi, Öxarfjörður og Reykjahverfi eru einnig blómlegar og stöndugur landbúnaður stundaður þar ásamt ýmiskonar starfsemi og hefur þjónusta við ferðamenn aukist með árunum.

Aðeins eitt ráð er til að kynnast Norðurþingi nánar – koma í heimsókn og upplifa svæðið.



Arctic Henge - Heimskautsgerðið. / Ljós. Gunnar Jóhannesson.



Oddviti Tjörneshrepps í reiðtúr um Tjörneshéiði.

Tjörneshreppur



Hreppsnefnd Tjörneshrepps frá 2018.

Skrifstofa Tjörneshrepps er til húsa á Ketilsstöðum. Þar hefur hún verið hýst síðan vorið 2018 þegar hún fluttist úr Ytri-Tungu 1a eftir að hafa verið þar í 16 ár. Fyrst þegar Jón Heiðar Steinþórsson var oddviti í átta ár og önnur átta eftir að Steinþór Heiðarsson, sonur hans, tók við keflinu. Fyrir þann tíma hafði hreppskrifstofan einnig verið til húsa á Ketilsstöðum á tíma Kristjáns Kárásonar sem oddvita um margra ára skeið. Þrír fastir starfsmenn voru hjá hreppnum og allir í hlutastarfi. Auk oddvitans er Margrét Bjartmarsdóttir, Sandhólum, húsvörður í félagsheimilinu Sólvangi auk þess sem að sjá um tilfallandi akstur á eldri borgurum og Ragnhildur Jónsdóttir, Fjöllum Kelduhverfi, er starfsmaður við heimilisþrif hjá eldri borgurum í hreppnum. Í Tjörneshreppi bjuggu 54 íbúar 1. janúar 2020. Undanfarin á hefur þessi tala verið áþekkt á milli ára en þó eru þetta 19 íbúum færri en bjuggu í hreppnum 1. janúar árið 2000. Á sama tímabili hefur meðalaldurinn sömuleiðis hækkað. Einhver fjölgun var þó í hreppnum á árinu en þegar þetta er skrifað er ekki búið að gefa út opinberar tölur þess vegna.



Þátttakendur á fjárhundanámskeiði á Ketilsstöðum.

Hreppsnefnd

Hreppsnefnd Tjörneshrepps var eins skipuð og hún hefur verið síðan kosið var síðast til sveitarstjórna vorið 2018. Oddviti er Aðalsteinn J. Halldórsson, Ketilsstöðum og varaoddviti er Katý Bjarnadóttir, Héðinshöfða. Ásamt þeim tveimur eru í hreppsnefndinni Smári Káráson, Breiðuvík, Sveinn Egilsson, Sandhólum og Jón Gunnarsson, Árholti. Fyrsti varamaður er Jónas Jónasson, Héðinshöfða. Af aðalmönnum fimm er Aðalsteinn eini nýliðinn en hann kom nýr inn í hreppsnefndina vorið 2018 eftir að hafa flutt í hreppinn tveimur árum áður.

Rekstur og framtíðin

Rekstur hreppsins gekk með ágætum eins og venja er reyndar. Rekstrarniðurstaðan 2019 var að hreppurinn skilaði tæplega 19 milljóna afgangi sem er áþekkt niðurstaða og var fyrir árið 2018. Reikna má með því að niðurstaðan verði svipuð fyrir árið 2020. Eignir hreppsins voru í lok árs 2019 tæplega 113 milljónir og má reikna með því að þær hafi aukist um rétt um 10% á árinu 2020. Fjárfestingar voru óverulegar á árinu 2020 en þó var tekin ákvörðun um verulegar fjárfestingar á komandi ári. Þá mun hreppsþúum verða boðið upp á að setja upp varmadætur á sínum heimilum á kostnað hreppsins. Ennfremur má reikna með frekari framkvæmdum eða fjárfestingum á komandi árum þó ekki hafi verið teknar beinar ákvarðanir um hvers eðlis þær verða. Á undanföllum árum hefur lítið verið um fjárfestingar af hreppsins hálfu eða allt frá því að hreppurinn lagði ljósleiðara um allt sveitarfélagið á sinn eigin kostnað áður en ríkisvaldið hóf að styrkja sveitarfélög til þess. Þetta olli því að nettengingin í hreppnum hefur verið góð um margra ára skeið.



Frá Tungugerðisrétt.



Herðubreið. / Ljós. Egill Freysteinnsson.



Íslensku jólasveinarnir.

Skútustaðahreppur

Í Skútustaðahreppi voru skráðir íbúar 476 þann 1. desember 2020. Þar af búa um 200 í þéttbýlinu í Reykjahlíð. Landslagið er hálent og víðlent og nær upp á miðjan Vatnajökul, en byggð er nánast öll við Mývatn. Sveitarfélagið leggur áherslu á að vera í fararbroddi í nýsköpun og umhverfisvernd.

Einstakt umhverfi

Mývatn er fjórða stærsta vatn landsins, 36,5 km². Það er í 277 m.y.s., vogskorið, með mörgum hölmum og eyjum, yfir 40 talsins. Náttúruvegurð og fuglalíf er einstakt og dregur að fjölda ferðamanna í hefðbundnu árferði. Mývatn og Laxá voru friðlýst með lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu árið 1974, í kjölfar deilna um Gljúfursáætlan. Mývatn og Laxá eru nú vernduð samkvæmt sérstökum lögum nr. 97 frá 09.06.2004.

Atvinnumál

Áður fyrr var meginatvinna Mývetninga bundin landbúnaði og silungsvæði úr Mývatni. Á síðari árum hafa orðið verulegar breytingar þar á. Kísiliðjan tók til starfa 1966 og var stærsti vinnuveitandinn í Mývatnssveit, en henni var lokað 2004. Mörg störf eru við raforkuframleiðslu en í Bjarnarflagi og við Kröflu eru orkumannvirki. Ferðaþjónusta hefur lengi verið stunduð í Mývatnssveit og hefur síðustu ár verið stærsta atvinnugreinin á svæðinu.

Skólastarf í heilsuefandi samfélagi

Í Skútustaðahreppi eru starfandi leikskólinn Ylur og grunnskólinn Reykjahlíðarskóli auk tónlistarskóla. Skólastarf byggir á gömlum og traustum grunni og er lögð áhersla á lýðheilsu, jafnrétti, fjölmenningu, lýðræði, sjálfbærni og öflug tengsl við umhverfi og samfélag þar sem sérstaða nánasta umhverfis er nýtt til kennslu.

Vetrartöfrar

Vetrarhátíð í Mývatnssveit er einstakur viðburður á landsvísu þar sem fjölbreyttar og óhefðbundnar vetraríþróttir eru stundaðar á ísilögðu Mývatni. Þ.á.m. eru hestamótið Mývatn Open, Íslandsmeistaramót sleðahundaklúbbs Íslands, Mývatnssleðinn og Íslandsmeistaramót í Snocrossi. Einnig hefur Veiðifélag Mývatns boðið upp á dorgveiði og ungmennafélagið Mývetningur haldið opnu gönguskíðaspori.

Sveitarfélag á krossgötum

Á síðustu árum hefur orðið talsverður viðsnúningur í rekstri sveitarfélagsins til hins betra, sem hefur verið grunnur að uppbyggingu, viðhaldi eigna sveitarfélagsins og bættri þjónustu við íbúa. Þessi þróun hefur að miklu leyti tengst vexti sterkar ferðaþjónustu. Heimsfaraldur COVID-19 hefur þó tímabundið kipt fótunum undan ferðaþjónustu, með tilheyrandi áhrifum á rekstur sveitarfélagsins og samfélagið allt. Sterkur fjárhagur sveitarfélagsins hefur verið nýttur til viðspyrnu, m.a. með fjárfestingu í göngu- og hjólræðastíg kringum Mývatn og uppbyggingu þekkingarseturs. Sveitarstjórn er skipuð oddvitunum Helga Héðinssyni, Sigurði Böðvarssyni, Elísabetu Sigurðardóttur, Dagbjörtu Bjarnadóttur og Halldóri Sigurðssyni. Sveitarstjóri er Sveinn Margeirsson.



Sveitarstjórn 2018: Helgi Héðinsson, oddviti, Sigurður Böðvarsson, Elísabet Sigurðardóttir, Dagbjört Bjarnadóttir og Halldór Sigurðsson. Sveitarstjóri er Sveinn Margeirsson.




Jólasveinar. / Ljós. Marcin Kozazcek.



Ungir drengir á Þórshöfn við sjódyfingar.
Ljós. Gréta Berggrún Jóhannesdóttir.



Sjómenn á Bakkafirði ræða málin. / Ljós. Hilma Steinarsdóttir.



Útsýnispallur á Skoruvíkurbjargi á Langanesi.
Ljós. Hrafngerður Ösp Eliasdóttir.



Kindur. / Ljós. Gréta Berggrún Jóhannesdóttir.

Langanesbyggð

Sveitarfélagið Langanesbyggð varð til við sameiningu Þórshafnarhrepps og Skeggja-
staðahrepps árið 2006. Tveir byggðakjarnar eru í sveitarfélaginu, Þórshöfn og Bakkafirður,
aok dreifbýlis. Þann 1. janúar 2020 voru 482 íbúar í sveitarfélaginu. Á Þórshöfn voru 359
íbúar og á Bakkafirði voru 60 íbúar. Mikið samstarf er við nággrannana í Svalbarðshreppi
sem sækja skóla og aðra þjónustu til Þórshafnar.

Atvinna

Aðalatvinnuvegur beggja þorpa er sjávarútvegur enda fengsæl fiskimið allt um kring. Á
Þórshöfn rekur Ísfélags Vestmannaeyja öfluga starfsstöð, en þar er unninn bolfiskur auk þess
sem vertíðir í uppsjávarfiski eru nú stór partur af vinnslunni. Þá er einnig öflug smábátaútgerð
á báðum stöðum og á Bakkafirði var nýlega opnuð fiskvinnsla á ný. Á Þórshöfn er einnig
matvöruverslun, banki, heilsugæsla og önnur helsta þjónusta. Ferðaþjónusta á svæðinu hefur
farið vaxandi og fjölbreyttir gistingualeikar á svæðinu. Landbúnaður á sér sterkar rætur og
er að mestu byggður á sauðfjárrækt.

Umhverfið

Eitt helsta aðdráttarafl svæðisins er ósnortið Langanesið. Á leiðinni út á Font, sem er
oddurinn á nesinu, er ýmislegt að sjá. Þverhnipt björgin, rekaviðurinn og fuglalífð engu
líkt. Á Skoruvíkurbjörgunum er útsýnispallurinn Járnkarlinn og þar er hægt að virða fyrir sér
Súluvarp og fjölmargar fuglategundir. Á vordögum má jafnvel horfa á sigmenn í bjarginu við
eggjatínslu. Á Fonti er gamall viti og tilfinningin þegar þangað er komið er eins og að vera á
heimsenda. Þar má sjá yfir fallegan Bakkaflóann og í góðu skyggi austur á firði. Á Langanesi
er eyðiþorpið Skálar og má sjá nokkra húsgrunna standandi ennþá. Þar eru söguskilti sem
segja frá sögu þorpsins. Í Bakkafirði má sjá fallega náttúru og sólarlagið töfrum líkast. Þar má
til dæmis fara að Draugafossi sem er nærri prestsetrinu Skeggjastöðum eða skoða þorpið
sjálft, en þar stendur nú yfir uppbygging á áningarstað.

Afþreying og menning

Gönguleiðir á svæðinu eru fjölmargar og fallegar. Má þar nefna göngu að Digranesvita í
Bakkafirði eða Grenjanesvita á Langanesinu. Íþróttahúsið á Þórshöfn er vel nýtt og sundlaugin
þar mikilvæg heilsubót. Hestamennska er nokkur á svæðinu auk þess sem heimamenn nýta
sér veturna vel til vetraríþróttar. Fjöldi félagasamtaka eru starfandi og öflugar björgunarsveitir.
Á sumrin er haldin bæjarhátíðin Bryggjudagar, auk þess sem sjómannadagurinn er fastur
liður í byrjun sumars. Þorablótsins er alltaf beðið með eftirvæntingu en það er stærsti
menningarviðburður ársins.



Smölun í Þistilfirði. / Ljós. Gréta Bergún Jóhannesdóttir.



Kletturinn Gatastakur við Rauðanes í Þistilfirði.
Ljós. Elfa Benediktsdóttir.

Svalbarðshreppur

Sveitarfélagið Svalbarðshreppur er í Þistilfirði og taldi 93 íbúa þann 1. desember 2020. Næsti byggðakjarni er Þórshöfn í Langanesbyggð þangað sem íbúar sækja flesta þjónustu en mikil samvinna er á milli sveitarfélaganna, s.s. með rekstur leik- og grunnskóla, íþróttahúss og dvalarheimilis.

Atvinna

Aðalatvinnuvegur er sauðfjárbúskapur auk þess sem fjölmargir sækja vinnu til Þórshafnar, bæði við dagleg störf og eins starfa margir bændur við landandir og uppskipanir í kringum sjávarútveginn. Alls eru 17 bú eru í rekstri og mikil endurnýjun hefur verið undanfarin ár þar sem ný kynslóð hefur tekið við búskap. Auk sauðfjár eru hestar, geitur, alifuglar og nautgripir. Ferðaþjónusta hefur sótt í sig veðrið undanfarin ár á svæðinu en í sveitarfélaginu er nú rekið gistiheimili í Holti sem og ferðaþjónusta í Svalbarðsskóla. Þar er einnig fræðasetur um forystufé. Fleiri lítil fyrirtæki eru í rekstri auk sauðfjárbúa, til dæmis var nýverið keypt hingað sápu- og kertaframleiðsla.

Umhverfið

Þistilfjörðurinn er opinn með fjallahringinn í fjarska. Sést því til sólar árið um kring og sólarlag á sumarkvöldum engu líkt. Eitt helsta aðdráttarafið er Rauðanesið, en þar er afar falleg gönguleið sem er stikuð. Fleiri skemmtilegar gönguleiðir má finna og ósnortna náttúru inn til heiða. Reki er nokkur í firðinum en auk þess eru hlunnindi í æðarvarpi, silungsveiði sem og laxveiði. Svalbarðshreppur liggur frá Hafalónsá í austri að Ormasá í vestri, en auk þeirra eru gjöfular silungs- og laxveiðiár; Hölnká, Sandá og Svalbarðsá. Kirkjustaður er að Svalbarði en Svalbarðskirkja er nú rúmlega 170 ára gömul.

Afþreying og menning

Félagslíf í sveitinni hefur alltaf verið líflegt en þar má nefna Kvenfélag Þistilfjarðar sem telur um 20 konur. Auk reglulegra félagsfunda heldur félagið einnig spilakvöld, bingó, sér um dagskrá á 17. júní auk annarra skemmtana. Búnaðarfélag Þistilfjarðar starfar sem hagsmunafélag bænda og svo er Hestamannafélagið Snæfaxi einnig starfandi á svæðinu og reynir að hafa mót á hverju sumri auk annarra viðburða. Þorrablót og aðrir stærri viðburðir eru sameiginlegir með íbúum Langanesbyggðar, auk sameiginlegs íþróttastarfs og annars félagastarfs.

Hreppsnefnd

Hefð er fyrir því að hreppsnefnd sé kosin með persónukjöri en núverandi hreppsnefnd skipa: Sigurður Þór Guðmundsson í Holti, oddviti, Einar Guðmundur Þorláksson á Svalbarði, Ina Leverköhne á Fjallalækjasei, Ragnar Skúlason á Ytra-Álandi og Sigríður Jóhannesdóttir á Gunnarsstöðum.



Ungir bændur í Þistilfirði og Langanesi haustið 2017.
Ljós. Gréta Bergún Jóhannesdóttir.



Reipitog á 17. júní skemmtun í Svalbarðsskóla.
Ljós. Gréta Bergún Jóhannesdóttir.



Jólaskemmtun kvenfélagsins hefur verið árlegur viðburður áratugum saman. / Ljós. Gréta Bergún Jóhannesdóttir.



Vopnafjarðarhreppur

Sveitarfélagið Vopnafjarðarhreppur kennir sig við samnefndan fjörð norðan við Héraðsflóa í N-Múlasýslu á Austurlandi. Sjálft örnefnið er dregið af Eyvindi Vopna einum af þremur landnámsmönnum Vopnafjarðar. Fjörðurinn er um 25 km langur og um 8-16 km breiður. Sunnan við hann gnæfa miklir fjallgarðar en þar eru Krossavíkurfjöllin hvað mest áberandi. Norðan við er láglandi sem hækkar upp á Sandvíkur- og Bakkaheiðar en eru þar nokkur há fjöll sem skera sig úr umhverfinu. Inn af firðinum ganga þrjú dalir en þar er undirlendi hvað mest í Hofárdal. Út í fjörðinn skagar Kolbeinstangi, langur og mjór, en þar stendur kaupúnið Vopnafjörður. Í sveitarfélaginu búa í dag um 660 manns. Aðalatvinnuvegir eru útgerð, fiskvinnsla, þjónusta og úrvinnsla landbúnaðarafurða auk hlunnindabúskapar.

Náttúra og útivist

Í Vopnafirði (Vopnafjörður er nafn sveitarfélagsins) er óspillt náttúra, með fjölbreyttu dýralífi ávallt innan seilingar. Í fagurgrænum dölunum er stundaður búskapur og upp á heiðunum lifa villt hreindýr, refir og rjúpur. Þar eru einnig gjöfular laxveiðiár á borð við Selá og Hofsá en ágætis veiðivötn er t. d. að finna upp á Fossheiði og víðar. Strandlengja Vopnafjarðar er mjög áhugaverð með sjávarbjörgum, dröngum og sérkennilegum klettmyndunum. Fuglalíf er mjög fjölskrúðugt hvarvetna sem litíð er. Hvalir leggja stundum leið sína inn fjörðinn ásamt selum sem eiga það til að skríða upp í fjörur. Margar fallegar og áhugaverðar náttúruperlur eru í Vopnafirði og má þarf nefna Bjarnarey, utan Kollumúla, Sandvík, Skjólífjörur, Fuglabjarganes, Gljúfursá, Þverárgil og Tangasporð svo eitthvað sé nefnt. Skemmtilegar gönguleiðir er að finna víðsvegar á Vopnafirði og hafa verið gefin út svæðisbundin göngukort um leiðirnar.

Samgöngur og ferðaþjónusta

Allar leiðir frá Vopnafirði liggja um fjallendi. Aðalvegurinn liggur um nýjan (2011) þjóðveg í Vesturárdal, sem nær yfir 400 m hæð þar sem vegurinn tengist hringveginum. Einnig má velja leiðina um Helliðsheiði eða velja Sandvíkurheiði og áfram með ströndinni til Húsavíkur. Fyrir þá sem kjósa að fara flugleiðina má geta þess að flogið er fimm daga vikunnar frá Akureyri til Vopnafjarðar og Þórshafnar. Fyrir ferðafólk sem kys að gista á Vopnafirði skal bent á að þar er rekið hótél allt árið um kring auk þess má einnig komast í ósvikna bændagistingu víðsvegar um sveitina. Miðsvæðis í bænum er tjaldsvæði sem eingöngu er opið yfir sumartímann. Sundlaug Vopnafjarðar er staðsett við árbakkann í Selárdal og er á margan hátt merkilegt mannvirki sem vert er að heimsækja.

Mannlíf og menning

Vopnafjörður hefur verið verslunarstaður frá tímum einokunarinnar á 17. og 18. öld. Við upphaf 19. aldar hóf danska verslunarfélagið Örum & Wulff starfsemi í plássinu og í því skyni voru byggð nokkur falleg hús sem enn setja áberandi svip á umhverfið. Eitt þeirra er svonefndur Kaupvangur sem reist var árið 1882 af Fredrik Bald, byggingameistara Alþingishússins. Árið 2005 gekk húsnæðið í gegnum allsherjar yfirhalingu og því komið upprunalegt horf. Í dag er Kaupvangur einhver mesta bæjarprýði Vopnafjarðarbæjar og þjónar alls kyns menningartengdu hlutverki. Í Vopnafjarðarhreppi er fjölbreytt og öflugt félagsstarf og má þar nefna Slysavarnardeildina Sjöfn, Hestamannafélagið Glófafa, Ungmennafélagið Einherja, Björgunarsveitina Vopna, Kvenfélagið Lindina og einnig er öflugt kórastarf. Frábær níu hólú golfvöllur er starfræktur af Golfklúbbi Vopnafjarðar. Í Hofárdal, stendur gamli sveitabærinn Bustarfell, sem er einn af elstu og best varðveittu bæjum sinnar tegundar á landinu, þar má finna athyglisvert og lifandi minjasafn. Í Bustarfelli hefur búskapur haldist óslittinn innan sömu fjölskyldunnar síðan 1532.

Allar nánari upplýsingar má nálgast inn á vefsíðu sveitarfélagsins www.vopnafjarðarhreppur.is.





Fulltrúar á aðalfundi SSA í Neskaupstað í júní 2020.

Samtök sveitarfélaga á Austurlandi SSA



Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri SSA og Austurbrúar.

Starfssvæði Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) nær að Bakkafirði í norðri til Krossaness í suðri og eru sveitarfélögin á svæðinu fjögur: Fjarðabyggð, Múlaþing, Fljótsdalshreppur og Vopnafjarðarhreppur. SSA vinnur að hagsmunum sveitarfélaganna á Austurlandi og starfar í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga þegar við á.

Mannauður og starfsmannafjöldi

Stjórnarmenn SSA eru fimm talsins auk eins áheyrnarfulltrúa. Sitja þessir aðilar einnig í stjórn Austurbrúar auk tveggja fulltrúa úr fimm manna fagráði Austurbrúar. Framkvæmdastjóri Austurbrúar ses. er jafnframt framkvæmdastjóri SSA.

Vinnulag og framleiðsluferli

SSA heldur utan um samning við stjórnvöld um sóknaráætlun landhlutans. Einnig tengist SSA verkefnum byggðaáætlunar, rekstri almenningsgangna á Austurlandi (SV-AUST) og vinnur að gerð svæðisskipulags fyrir landshlutann. Framkvæmd allra verkefna SSA er hjá Austurbrú ses.

Velta og hagnaður

Velta SSA á árinu 2019 voru 333 millj. kr. og hagnaður ársins nam tæpum 35 millj. kr. Eignir samtakanna voru 200 millj. kr. og eigið fé 47 millj. kr.

Framtíðarsýn

SSA vill vera lifandi og frjór samráðsvettvangur kjörinna fulltrúa á Austurlandi er vilja hag landshlutans sem mestan. Sambandið berst fyrir auknum jöfnuði til búsetu milli landshluta, t.d. er snertir orkuverð, vöruverð, aðstöðu til náms, aðgang að heilbrigðisþjónustu og menningarstarfsemi. SSA stuðlar að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna og vinnur að því að gera verkefni sveitarstjórna eftirsóknar- og áhugaverð auk þess sem það hefur forgöngu um samgöngu-, atvinnu- og byggðapróunarverkefni í fjórðungnum



Starfssvæði Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) nær að Bakkafirði í norðri til Krossaness í suðri og eru sveitarfélögin á svæðinu fjögur: Fjarðabyggð, Múlaþing, Fljótsdalshreppur og Vopnafjarðarhreppur.



Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur, heldur vel sóttan fyrirlestur um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á ástand sjávar í janúar 2020.

Austurbrú SES.

Austurbrú ses. er sjálfseignarstofnun, sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi, sem stofnuð var 8. maí 2012. Yfir 30 stofnaðilar eru að Austurbrú, þar á meðal eru öll sveitarfélögin á Austurlandi, allir háskólar landsins, helstu fagstofnanir, stéttarfélög og hagsmunasamtök atvinnulífsins, framhaldsskólar og þekkingarsetur á Austurlandi. Markmiðið með stofnuninni er að einfalda stjórnslu, vera vettvangur fyrir samstarf og samþættingu og vinna metnaðarfullt starf, íbúum Austurlands til hagsbóta. Austurbrú veitir samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Hún leiðir fjölmörg verkefni sem stuðla að þróun samfélags, atvinnulífs, háskólanáms, símenntunar, rannsókna og menningarstarfs á Austurlandi. Lögheimili stofnunarinnar er á Tjarnarbraut 39e á Egilsstöðum.

Mannauður og starfsmannafjöldi

Í Austurbrú er deigla fyrir ólík sjónarmið, nýbreytni og þor til að takast á við áskoranir og reyna nýjar leiðir að sameiginlegu markni. Fjölhæfni í menntun, reynslu og hæfileikum starfsfólks gerir það að verkum að stofnunin er vel í stakk búin að takast á við flókin viðfangsefni sem spanna vítt svið. Virk samvinna á milli málaflokka og þverfaglegt starf Austurbrúar styrkir grundvöll fyrir uppbyggilegri þróun og nýsköpun í samfélaginu. Starfssvæði Austurbrúar er frá Vopnafirði suður að Djúpavogi en þar eru sveitarfélögin fjögur. Hjá Austurbrú starfa að jafnaði um tuttugu og átta manns á sex starfsstöðvum um allan fjórðung.

Vinnulag og framleiðsluferli

Verkefni Austurbrúar, hvort sem þau eiga upptök sín innan hennar eða utan, taka mið af þörfum og hagsmunum samfélagsins. Austurbrú efnir reglulega til samtals við hagsmunaðila um málefni sem á þeim brenna. Allir geta komið í Austurbrú með erindi sín, hugmyndir, uppástungur og hvaðeina sem styrkt getur Austurland.

Velta og hagnaður

Velta Austurbrúar á árinu 2019 var 428 millj. kr. og hagnaður ársins nam 28 millj. kr. Eignarstofnunarinnar voru 207 millj. kr. og eigið fé 43 millj. kr.

Framtíðarsýn

Austurbrú vinnur samkvæmt þeirri framtíðarsýn að Austurland verði eftirsóknarverður staður fyrir jafnt unga sem aldna til að búa og starfa á, þar sem fólk vill byggja upp sjálfbært samfélag. Til þess þarf atvinnulífið að byggja á sterkum grunnstöðum og eflast, frumkvöðlastarf og skapandi greinar að styrkjast með samvinnu þeirra sem starfa að menntun, menningu og nýsköpun. Í fjórðungnum þarf menntunarstig að hækka með auknu námsframboði í heimabyggð, möguleikar til háskólanáms að verða fjölbreyttir og rannsóknir og fræðastarf að verða fastur hluti af starfi fagstofnana. Að sama skapi verði menningarstarfsemi gróskumikil og stuðli að auknum lífsgæðum íbúanna og Austurland verði einstæður áfangastaður ferðamanna sem byggir á náttúru, menningu og afurðum úr héraði, með öflugum markaðsstarfi þar sem áhersla er lögð á gæði og fagvitund í takt við samfélagið.



Í verkefninu „Matarauður Austurlands“ er markmiðið að efla matarmenningu á svæðinu, tengjast grasrótinni og virkja hana. Myndin er tekin á „Jarðleplahátíð“ í Vallanesi í október 2020.



María Hjálmarsdóttir og Daniel Byström kynna verkefnið „Áfangastaðinn Austurland“ á ráðstefnunni DTTT Global í Espoo í Finnlandi í desember 2019.





Unga kynslóðin í heimsókn.



Reglulegar æfingar hjá slökkviliðinu.

Brunavarnir á Austurlandi

Brunavarnir á Austurlandi er byggðasamslag sveitarfélaganna Fljótsdalshrepps, Fljótsdalshéraðs, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðar og Djúpavogs um brunavarnir. Hlutverk samlagsins er að sjá um þjálfun og námskeiðahald fyrir slökkviliðsmenn á hverjum stað auk þess að halda utan um eldvarnaeftirlit á starfssvæðinu. Samlagið varð til í byrjun árs 2007, en Seyðisfjarðarkaupstaður varð aðliti að samstarfinu um mitt ár 2007. Aðalskrifstofa er á Egilsstöðum en skrifstofuaðstaða er á öllum slökkviliðstöðvum á starfssvæðinu. Fyrsti slökkviliðsstjóri Brunavarna á Austurlandi var Baldur Pálsson, sem áður var slökkviliðsstjóri Brunavarna á Héraði. Baldur stýrði Brunavörnum á Austurlandi frá stofnun samlagsins og fram til miðs árs 2019. Þá tók við Haraldur Geir Eðvaldsson, sem hefur stýrt því síðan. Varaslökkviliðsstjórar hafa verið Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Kári Snær Valtingojer, Haraldur Geir Eðvaldsson og núverandi varaslökkviliðsstjóri er Ingvar Birkir Einarsson. Fjöldi slökkviliðsmanna á svæðinu hefur frá upphafi verið í kringum 60 og dreifast þeir um starfssvæðið. Mikið hefur verið lagt uppúr því að þjálfun og menntun slökkviliðsmanna sé góð og eru allir slökkviliðsmenn Brunavarna á Austurlandi nemendur Brunamálaskólans. Námskeið eru tekin jöfnum höndum og reynt að halda í við nýjungar í faginu. Stjórn Brunavarna á Austurlandi hefur frá upphafi verið mönnum sveitarstjórum þeirra sveitarfélaga sem að samstarfinu standa. Formennska hefur gengið á milli sveitarfélaga, en lengst verið á höndum sveitarstjóra á Fljótsdalshéraði.

Starfsemin

Helstu verkefni eru, líkt og í öðrum slökkviliðum, að bregðast við þegar vátta ber að dyrum. Þar má helst telja eld í byggingum og á víðavangi, björgun fólks úr slysum og viðbrögð við eitrefnaleka og vatnslekum í byggingum. Útkallafjöldi er nokkuð rokkandi en hefur verið um 50 útköll að meðaltali á ári frá stofnun samlagsins.

Helstu framtíðarverkefni snúa að því að auka enn á menntunastig slökkviliðsmanna og efla eldvarnaeftirlit á svæðinu. Sá hluti sem snýr að eldvarnaeftirlitinu er tímafrekur og tafsamur vegna þessa helst að starfssvæðið er mjög stórt og vegalengdir á milli staða miklar.

Starfsemin á árinu 2020 var hefðbundin í flestum skilningi. Nokkur stór útköll voru og ber þar hæst vinnan í kringum skriðuföll á Seyðisfirði í desember 2020. Vegna aðstæðna í samfélaginu voru æfingar með mjög breyttu sniði þar sem menn máttu ekki hittast vegna COVID-19. Eldvarnaeftirliti voru líka skorður settar vegna þessa. Þar af leiðir að ekki náðist að skoða allar þær byggingar sem voru á áætlun fyrir árið. Stefnt er að því að vinna það upp á árinu 2021. Með sameiningu sveitarfélaga á starfssvæði Brunavarna á Austurlandi er ljóst að nokkrar breytingar verða á skipulagi og uppbyggingu samlagsins á árinu 2021. Samlagið verður lagt niður í núverandi mynd og nýtt skipulag mun leysa það gamla af hólmi. Helst ber að nefna að í ársbyrjun 2021 verður ráðinn inn eldvarnaeftirlitsmaður í fullt starf sem kemur til með að sinna eftirliti á svæðinu í samstarfi við slökkviliðsstjóra og varasökkviliðsstjóra.



Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri.





Jón Björn Hákonarson formaður Heilbrigðisnefndar Austurlands 2020.



Hákón Hansson fyrrverandi heilbrigðisfulltrúi á Breiðdalsvík og Helga Hreinsdóttir framkvæmdastjóri HAUST 1994-2018.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands



Ólöf Vilbergsdóttir heilbrigðisfulltrúi á Djúpavogi.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST) er byggðasamlag sem rekið er af sveitarfélögum á Austurlandi sem er eitt tíu heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi.

Hlutverk HAUST er m.a. að vinna að eftirliti og úrbótum á sviði hollustuhátta og mengunarvarna í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (hollustuháttalaga) sem og eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla skv. matvælalögum nr. 93/1995.

Árið 1981 tóku gildi lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Þar var kveðið á um að á Íslandi skildu starfa 46 heilbrigðisnefndir á 13 svæðum. Á Austurlandssvæði voru 9 heilbrigðisnefndir með samanlagt 35 nefndarmenn. Innan hvers svæðis var starfrækt svæðisnefnd skipuð formönnum nefndanna og héraðslækni svæðisins, sem jafnframt var formaður svæðisnefndarinnar.

Þrátt fyrir ákvæði laganna frá 1981 var það ekki fyrr árið 1988 sem sátt náðist um það á vettvangi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) að ráða framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Fram til þess hafði svæðisnefnd Austurlands undir forystu Stefáns Þórarinssonar héraðslæknis lagt áherslu á að sveitarfélög á svæðinu sameinuðust um að ráða heilbrigðisfulltrúa. Þær hugmyndir hlutu hinsvegar ekki brautargengi og skemmt er frá því að segja SSA hafnaði að taka tillögu þess efnis til meðferðar á aðalfundi árið 1983.

Í maí 1989 var loks gengið frá ráðningu Kjartans Hreinssonar í starf framkvæmdastjóra með aðsetur á Reyðarfirði og var hann jafnframt heilbrigðisfulltrúi á Héraði, í Neskaupstað, á Eskifirði og á Reyðarfirði. Auk Kjartans störfuðu þau Helga Hreinsdóttir, Þórdís Bergsdóttir, Hákón Hansson og Birnir Bjarnason sem heilbrigðisfulltrúar á svæðinu. Í júlí 1994 tók Helga Hreinsdóttir við starfi framkvæmdastjóra af Kjartani.

Samningur um stofnun byggðasamlags um rekstur heilbrigðiseftirlits á Austurlandi var undirritaður í nóvember 1998. Að samningum stóðu sveitarfélögin 16 í Austurlandskjördæmi sem þá var og samanstóð af Norður-Múlasýslu, Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu. Í stofnsamningi er kveðið á um að stjórn byggðasamlagsins skulu jafnframt vera heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis og var þá komin ein heilbrigðisnefnd í stað níu áður.

Fyrsti formaður Heilbrigðisnefndar Austurlands var Guðrún M. Óladóttir á Eskifirði. Framkvæmdastjóri HAUST var Helga Hreinsdóttir og auk hennar störfuðu þau Jón Guðmundsson, Hákón Hansson, Þórdís Bergsdóttir og Árni J. Óðinsson sem heilbrigðisfulltrúar á svæðinu.

Starfsemi

Meginstarfsemi HAUST felst lögbundnum verkefnum, s.s. útgáfu starfsleyfa og eftirliti með leyfisskyldri starfsemi skv. hollustuhátta- og matvælalögum. Af öðrum lögbundnum verkefnum má nefna aðkomu að gerð samþykka sveitarfélaga sem settar eru á grunni



Dröfn Svanbjörnsdóttir, Leifur Þorkelsson, Lára Guðmundsdóttir og Borgþór Freysteinnsson.

hollustuháttalaga og eftirlit með því að þeim sé framfylgt, umsagnir um skipulagsmál sveitarfélaga, umsagnir um rekstarleyfi sem gefin eru út af sýslumannsembættum o.fl. Rekstur HAUST er fjármagnaður með eftirlitsgjöldum af eftirlitskyldri starfsemi sem stendur undir um það bil 70% af rekstarkostnaði embættisins það sem uppá vantar er innheimt af aðildarsveitarfélögum í réttu hlutfalli við íbúafjölda.

Þeirri starfsemi sem HAUST hefur eftirlit með má skipta í þrjú svið, **hollustuháttasvið**, **mengunarvarnasvið** og **matvælasvið**. Árið 2020 voru rúmlega 1.400 starfsstöðvar á eftirlitsskrá HAUST þar af tæplega helmingur á hollustuháttasviði. Í þann flokk falla meðal annars gististaðir, menntastofnanir og íþróttamannvirki. Starfsstöðvar á mengunarvarnasviði eru tæplega fjórðungur starfsstöðva á eftirlitsskrá, í þann flokk falla til dæmis bensínstöðvar, bílaverkstæði og meðhöndlun úrgangs. Rúmlega fjórðungur starfsstöðva eru matvælafyrirtæki, í þann flokka falla til að mynda veitingastaðir, matvöruverslanir og vatnsveitur en árið 2020 voru um 150 vatnsveitur á eftirlitsskrá HAUST. Þá hefur HAUST um árutuga skeið sinnt eftirliti með sorpurðunarstöðum, fiskimjòlsverksmiðjum á svæðinu svæðinu skv. sérstökum samningi við Umhverfisstofnun um framsal eftirlitsverkefna.

Mannauður

Formaður Heilbrigðisnefndar árið 2020 var Jón Björn Hákonarson í Fjarðabyggð, auk hans skipuðu nefndina þau Stefán Bogi Sveinsson og Helgi Hlynur Ásgrímsson úr Múlaþingi, Gunnhildur Imsland frá Hornafirði, Sandra Konráðsdóttir frá Vopnafirði, Benedikt Jóhannsson tilnefndur af samtökum atvinnurekenda og Kristín Ágústsdóttir fulltrúi náttúruverndarnefnda. Heimili HAUST er í Fjarðabyggð en að auki hefur embættið skrifstofuaðstöðu á Egilsstöðum, Djúpavogi og á Höfn. Starfssvæðið er landfræðilega stórt, það nær frá Skaftafelli í suðri og norður til Vopnafjarðar.

Framkvæmdastjóri HAUST árið 2020 var Leifur Þorkelsson auk hans störfuðu við embættið þau Lára Guðmundsdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra, Dröfn Svanbjörnsdóttir sviðstjóri mengunarvarnasviðs, Ólöf Vilbergsdóttir heilbrigðisfulltrúi á Djúpavogi og Borgþór Freysteinnsson sem sinnti heilbrigðiseftirliti á Hornafjarðarsvæðinu auk Elínborgar S. Pálsdóttur sem ráðin var í afleysingar. Starfsmenn voru því 6 í 4,8 stöðugildum. Árlega fara starfsmenn HAUST í eftirlit með um það bil 900 starfsleyfisskyldum starfsstöðvum, taka rúmlega 300 sýni og gefa út allt að 200 starfsleyfi. Að auki sinna þeir kvörtunum tengdum starfsleyfisskyldri starfsemi og samþykktum sveitarfélaga og fleiri fjölbreyttum verkefnum.

Lára Guðmundsdóttir heilbrigðisfulltrúi við sýnatökur.





Ísfskogarinn Gullver gerður út frá Seyðisfirði.
Ljós. Jessica Auer.

Seyðisfjarðarkaupstaður



Smábátahöfnin á Seyðisfirði. / Ljós. Jessica Auer.



Á kajak í logni og blíðu. / Ljós. Ómar Bogason.

Seyðisfjörður er djúpur fjörður umkringdur háum tilkomumiklum fjöllum. Þéttbýlið stendur fyrir botni fjarðarins á milli Bjólfs og Strandartinds. Áður voru einnig þorp á Eyrum og Vestdalseyrum. Á Búðareyrinni við „Lónið“ er nokkuð samfelldur kjarni af gömlum timburhúsum sem flest eru byggð um aldamótin 1900, auk þess sem slík hús eru víða annars staðar í bænum og setja mikinn svip á þéttbýlið. Hús þessi eru byggð að norski fyrirmynd og mörg hver flutt inn frá Noregi. Byggð hefur verið á Seyðisfirði allt frá landnámsöld er Bjólfur nam þar land. Verslun hófst á Seyðisfirði 1848 og óx brátt mikið. Varð það upphaf þéttbýlis á staðnum. Eftir miðja 19. öld hófu Norðmenn síldveiðar fyrir Austurlandi og höfðu snemma mikil umsvif á Seyðisfirði. Fjölgaði þá íbúum mikið og fékk staðurinn kaupstaðarréttindi 1895, en þá voru íbúar 567 talsins.

Sagan

Í sögu bæjarins hafa skipst á skin og skúrir og hafa síldargöngur og aflabrogð ráðið þar miklu. Seyðisfjörður kom mikið við sögu í síðari heimsstyrjöldinni og var m.a. ein helsta viðkomustöð flota bandamanna í siglingum til Múrmansk. Bærinn varð þá nokkrum sinnum fyrir loftárásum Þjóðverja. Í einni slíki, 10. febrúar 1944, var olískipinu El Gríll sökkt og hvílir það á botni fjarðarins. Töluverður olíuleki hefur verið frá flakinu og hefur í gegnum árin verið farið í veigamiklar hreinsunaraðgerðir, m.a. árið 2020 þegar Landhelgisgæslan var fengin í að steypa upp í lok á flakinu. Einn af merkari atburðum í sögu Seyðisfjarðar var þegar sæsímastrengur frá útlöndum var lagður til Íslands og tekinn í land í firðinum árið 1906. Í kjölfar þess teygðu símalínur sig þaðan vítt um landið. Rafstöð var reist við Fjarðará árið 1913 og er elsta starfræta riðstraumsvirkjun í landinu. Þar er lítið safn á vegum RARIK, þar sem sögu virkjunarinnar og rafvæðingar eru gerð skil með munum og myndum.

Skólastarf

Skóli hefur verið starfræktur á Seyðisfirði frá 1881. Glæsilegt skólahús sem í daglegu tali kallast Gamli skóli, kom tilhöggvið frá Noregi og var reist á þremur mánuðum árið 1907, en svokallaður Nýi skóli eða rauða byggingin austan megin við Sólveigartorg var tekið í notkun árið 1986. Rauða húsið hýsir stofur undir list- og verkgreinar og má því kalla listadeild en þar er einnig að finna sameiginlegt bókasafn bæjarins og skólans. Haustið 2016 hófst skólastarf í sameinuðum þriggja deilda skóla undir nafninu Seyðisfjarðarskóli, skiptist hann í grunnskóladeild, leikskóladeild og listadeild. Að auki er skipulögð stoðdeild.

Samgöngur

Inn úr firðinum gengur dalverpi í áttina að Fjarðarheiði og um þá heiði liggur vegurinn til Egilsstaða, sem gerður var akfær 1934. Fjarðarheiðin hefur frá upphafi verið mikill farartálmi þegar veður eru vond. Samkvæmt núgildandi samgönguáætlun er gert ráð fyrir því að Fjarðarheiðargöng verði næsta jarðgangnaframkvæmd á landinu. Fjarðarheiðargöng eru nú í



Gengið í Skálanesi. / Ljós. Jessica Auer.



Regnbogagata á Seyðisfirði. / Ljós. Jessica Auer.



Norræna siglir úr höfn. / Ljós. Jessica Auer.

matsferli og áætlað að framkvæmdir hefjist árið 2022. Árið 1975 hófu Færeyingar áætlunarferðir á sumrin með bíla- og farþegaferju milli Seyðisfjarðar og Norðurlanda, í samvinnu við heimamenn. Í dag flytur Norræna ríflega 20 þúsund farþega til og frá landinu árlega. Komum skemmtiferðaskipa hefur fjölgað mikið í árána rás, ríflega 40 þúsund skemmtiferðaskipafarþegar komu til Seyðisfjarðar árið 2019 með 68 skemmtiferðaskipum, en það ár var metár í bæði fjölda skipa og skemmtiferðarskipafarþega.

Lista-, menningar- og atvinnulíf

Menningarlíf er í miklum blóma á Seyðisfirði. Í dag má þar finna rötgrónar stofnanir á borð við Tæknimínjasafn Austurlands og Skaftfell - myndlistamiðstöð Austurlands. Tæknimínjasafn Austurlands fjallar um sögu Íslands með áherslu á tæknivæðingu landsins frá um 1880 til dagsins í dag. Vegna sérhæfingar safnsins er mikið um óvenjulegar vélar og aðrar menningarminjar sem ekki eru til sýnis í mörgum öðrum söfnum landsins. Starfsemi Skaftfells er helguð samtímamyndlist á alþjóðavísu og þjónar sem tengiliður á milli leikinna og lærdra. Í Skaftfelli er öflugt sýningahald og viðburðadagskrá, gestavinnustofur fyrir alþjóðlega listamenn og fjölþætt fræðslustarf. Skaftfell tekur árlega á móti nemendum frá Listaháskóla Íslands. Á Seyðisfirði má finna fjölda skúlpútra sem gleðja augað. Auk þess má einnig finna og upplifa fjölbreytta viðburði sem sannarlega hafa fest sig í sessi á landsvísu; Sumartónleikaröðina Bláa kirkjan, Smiðjuhátið Tæknimínjasafnsins, List í ljósi og LungA listahátíð. LungA hátíðin hefur verið haldin í tuttugu ár og hefur frá upphafi haft það að markmiði að efla áhuga ungs fólks á menningu og listum. LungA skólinn verður til út frá LungA listahátíð árið 2013, en skólinn er fyrsti lista-lyðskólinn á Íslandi og er í ferli um að verða viðurkennd menntastofnun innan skólakerfis landsins. Hið blómlega menningarlíf í bland við náttúrufegurð fjarðarinnar hefur laðað marga að staðnum og hefur heimsóknnum ferðamanna til Seyðisfjarðar, á bæði landi og legi, fjölgað umtalsvert á síðasta áratug. Fjöldmörg tækifæri eru til útivistar í Seyðisfirði og má t.a.m nefna Hagavöll sem er níu holu golfvöllur, skíðasvæðið í Stafdal og fjölda stíkaðra gönguleiða. Seyðisfjörður þykir einnig einkar góður til sjósækinna útivistar. Ferðaþjónusta sem atvinnugrein hefur sótt í sig veðrið og er nú ein helsta atvinnugrein Seyðisfjarðar, ásamt hafnsækinni atvinnu. Ísfisktogarinn Gullver NS er gerður út frá Seyðisfirði og er fiskurinn unninn í frystihúsi Gullbergs ehf. Síldarvinnslan hf. starfrækir þar eina fullkornustu fiskimjölsverksmiðju landsins.

Sameining sveitarfélaga

Í október 2019 var gengið til kosninga um mögulega sameiningu sveitarfélaga, sem yrði það stærsta að flatarmáli á Íslandi. Afgerandi niðurstaða fékkst með sameiningu fjögurra sveitarfélaga og þann 4. október 2020 rann Seyðisfjarðarkaupstaður inn í nýtt sameinað sveitarfélag, Múlaþing. Í nýju sveitarfélagi eru saman komin, fyrrum Seyðisfjarðarkaupstaður, Fljótisdalshérað, Djúpavogshreppur og Borgarfjörður eystri, með alls fimm þúsund og tvo íbúa.



Listahátíðin LungA á Seyðisfirði. / Ljós. Jessica Auer.



Skrúðganga á 17. júní. / Ljós. Jessica Auer.



Álver Alcoa Fjarðarálsmálaráðgjafi í Reyðarfirði.
Ljósmynd: Bjarki Jóhannsson.



Reyðarfjörður. / Ljósmynd: Þórður V. Guðmundsson.

Fjarðabyggð



Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar.

Fjarðabyggð – Þú ert á góðum stað!

Fjarðabyggð er það sveitarfélag sem austast liggur á landinu og það fjölmennasta af sjö sveitarfélögum Austurlands, með um 5.000 íbúa. Það varð til við samruna 14 sveitarfélaga sem fór fram í nokkrum áföngum á árunum 1988 til 2018 og er Fjarðabyggð því eitt yngsta sveitarfélag landsins. „Þú ert á góðum stað“ eru kjörorð sveitarfélagsins.

Bæjarkjarnar sveitarfélagsins eru sjö talsins og jafnan kenndir við firðina eða vikurnar sem þeir standa við. Það er þó ekki einhlítt. Neskaupstaður í Norðfirði er fjölmennasta byggðin, með um 1.500 íbúa, en minnst er Brekkuborpi í Mjóafirði með 15 íbúa. Á Eskifirði eru íbúar um 1.000 talsins og tæplega 1.300 búa á Reyðarfirði. Á Fáskrúðsfirði eru íbúar um 700, um 200 manns búa á Stöðvarfirði og í Breiðdal búa um 200 manns.

Fjarðabyggð verður til

Á því svæði sem nú myndar Fjarðabyggð voru níu sveitarfélög árið 1987. Fyrr á öldum voru þau aðeins fimm, en þegar þéttbýli fór að myndast við ströndina, með aukinni útgerð um og uppúr aldamótunum 1900 og sérstaklega með tilkomu vélbáta skömmu síðar, urðu til sérstök sveitarfélög utan um þau flest, nánast landlaus, og líklega að kröfu betri bænda í eldri sveitarfélögum. Fyrir árið 1988 voru eftirtalin sveitarfélög á því svæði sem nú er Fjarðabyggð talið að norðan: Mjóafjarðarhreppur, Norðfjarðarhreppur, Neskaupstaður, Helgustaðahreppur, Eskifjarðarkaupstaður, Reyðarfjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur og Breiðdalshreppur. Árið 1998 varð fyrsta sameining sveitarfélaga á þessu svæði þegar Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Reyðarfjarðarhreppur sameinuðust formlega, að undangengnum íbúakosningum. Úr varð að nefna hið nýja sveitarfélag Fjarðabyggð. Fjarðabyggð varð þar með stærsta sveitarfélag á Austurlandi og voru íbúar þess um 3.300 talsins. Árið 2006 var haldið áfram á braut sameiningar en þá sameinuðust Fjarðabyggð, Austurbyggð, Mjóafjarðarhreppur og Fáskrúðsfjarðarhreppur undir nafni Fjarðabyggðar. Nokkru áður, árið 2003, höfðu Búðahreppur og Stöðvahreppur sameinast í sveitarfélagið Austurbyggð. Það var svo að lokum í júní 2018 að Breiðdalshreppur og Fjarðabyggð sameinuðust. Að þeirri sameiningu lokinni eru íbúar Fjarðabyggðar orðnir rúmlega 5000 og sveitarfélagið eitt það víðfeðmasta á landinu.

Öflugt atvinnulíf og góð þjónusta

Fjarðabyggð byggir á sterkum grunni hvað atvinnu- og verðmætasköpun varðar. Gjölfur fiskimið eru undan ströndum Austfjarða og er útgerð og vinnsla sjávarfurða ein af meginstöðum atvinnulífsins ásamt álframleiðslu og tengdum þjónustugreinum. Verslun og þjónusta gegna einnig mikilvægu hlutverki og hefur ferðaþjónusta vaxið hratt á undanförunum árum. Þá jókst mikilvægi landbúnaðar í Fjarðabyggð árið 2018 með sameiningu sveitarfélagsins við landbúnaðarhéraðið Breiðdal. Sjávarútvegur, fiskvinnsla og stóriðja eru aðalvinnuvegir í Fjarðabyggð og þar eru þrjú af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins, Síldarvinnslan h/f,



Opnun Norðfjarðargangna 2017. / Ljósmynd: Fjarðabyggð



Randólfshús á Eskifirði. / Ljósmynd: Þórður V. Guðmundsson.



Stöðvarfjörður. / Ljós. Kristinn Þorsteinsson.



Strandblakvöllur í Neskaupstað. / Ljós. Hrafnhildur Geirsdóttir.



Franska safnið og hafnarsvæðið á Fáskrúðsfirði. Ljós. Þórður V. Guðmundsson

Eskja hf. og Loðnuvinnslan hf., auk álvers Alcoa-Fjarðaáls. Nokkuð öflugur landbúnaður er í sveitarfélaginu, einkum í Breiðdal, Norðfjarðarsveit og í Fáskrúðsfirði. Frá því að álver Alcoa tók til starfa árið 2006 hafa farið fram miklar framkvæmdir við uppbyggingu innviða um allt sveitarfélagið. Skólabyggingar hafa verið endurnýjaðar og stækkaðar, stórt fjölnota íþróttahús risið og unnið hefur verið við uppbyggingu gatnakerfis og veitna. Í burðarliðnum er svo enn frekari innviðauppbygging á næstunni, framkvæmdir eru hafnar við nýtt íþróttahús á Reyðarfirði og undirbúningur fyrir stækkun leikskólans á Eskifirði er á lokametrunum.

Fjarðabyggðarhafnir eru næststærsta höfn landsins, með tæplega þriðjung af öllum vöruútflutningi landsmanna og sú stærsta ef eingöngu er litið til útflutnings áls og fiskafurða. Sjö hafnir eru í rekstri; í Mjóafirði, Norðfirði, Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og á Breiðdalsvík. Starfsemi hafnanna er fjölbreytt og spannar allt frá Norðfjarðarhöfn og Mjóeyrarhöfn, sem eru með stærstu höfnum landsins, að Mjóafjarðarhöfn, sem er með þeim minnstu á landinu. Í Fjarðabyggð er öflug og fjölbreytt þjónusta. Meðal þjónustustofnana má nefna Fjórðungssjúkrahús Austurlands, Verkmenntaskóla Austurlands, útibú Vegagerðar ríkisins, Lögreglustjórn á Austurlandi, Skólaskrifstofu Austurlands, Náttúrustofu Austurlands, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, útibú Matís og fleira. Öflugir leikskólar, grunnskólar, tónlistarskólar og æskulýðsmiðstöðvar eru einnig starfræktar í flestum byggðarkjörnunum. Þjónustugjöld skólakerfisins eru með þeim lægstu á landinu. Samhliða þessu er menningar- og félagslíf í miklum blóma ásamt kröftugu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Nýverið var tekin í notkun glæsileg viðbygging við Leikskólann á Reyðarfirði, og fyrirhugað er á næstu árum að hefja viðbyggingu við Leikskólann Dalborg á Eskifirði.

Verslun dafnar vel svo og rekstur hótela, gistihúsa og veitingahúsa. Dagvöru- og lágverðsverslanir, handverksbakari, bankar, lyfjaverslanir og sérverslanir ýmiss konar eru í Fjarðabyggð, svo að nokkur dæmi séu nefnd ásamt fjölda aðila í iðntengdum þjónustugreinum.

Stjórnsýsla

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar er skipuð níu bæjarfulltrúum sem kosnir eru til fjögurra ára í almennum kosningum til sveitarstjórna. Hún fer með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, kemur fram í nafni sveitarfélagsins og gætir hagsmuna þess og íbúa. Bæjarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í mánuði, að jafnaði fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaðar, að sumarmánuðum undanskildum og fer þá bæjarráð með umboð hennar og afgreiðir mál. Bæjastjórn ræður málefnum sveitarfélagsins innan þeirra marka sem lög setja og samþykktir um stjórn og fundarsköp Fjarðabyggðar, en svo nefnast þær reglur sem sveitarfélagið hefur sett sér um stjórn þess og stjórnsýslu. Bæjarstjórnarfundir eru að jafnaði haldnir í fundarsal sveitarfélagsins að Hafnargötu 2, Reyðarfirði og hefjast kl. 16.00. Meirihluta í bæjarstjórn Fjarðabyggðar mynda Framsóknarflokkur og Fjarðalisti, en auk þeirra eiga Sjálfstæðisflokkurinn og Miðflokkur sæti í bæjarstjórn. Bæjarstjóri Fjarðabyggðar er Jón Björn Hákonarson, en hann tók við starfinu í október 2020.



Breiðdalsvík. / Ljós. Þórður V. Guðmundsson.



Leikskólinn Eyrafellir í Neskaupstað. / Ljós. Þórður V. Guðmundsson.



Öflugur sjávarútvegur er í Fjarðabyggð. / Ljós. Kristín Hávarðsd.



Bæjarstjórn árið 2020. Frá vinstri: Ásgerður K. Gylfadóttir, Sæmundur Helgason, Kristján S. Guðnason, Björgvin Óskar Sigurjónsson, Páll Röbert Matthíasson, Ásgrímur Ingólfsson, Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri og Bryndís Björk Hólmarsdóttir.

Sveitarfélagið Hornafjörður



Höfn í Hornafirði. / Ljós. Þorvarður Árnason.



Fjörufurð barnastarfs menningarmiðstövarinnar.

Sveitarfélagið Hornafjörður er á Suðausturlandi í Austur-Skaftafellssýslu sem margir íbúar kenna sig við. Sveitarfélagið tilheyrir Suðurkjördæmi og er íbúafjöldi rúmlega 2400. Fyrir sameiningu hreppsfélaga voru sex hreppar í sýslunni. Höfn tilheyrði Nesjahreppi þar til kaптúnið varð sérstakt hreppsfélag árið 1946 með liðlega 300 íbúa. Það fékk kaupstaðarréttindi 31. desember 1988. Árið 1994 sameinaðist Hafnarkauptún Nesjahreppi og Mýrahreppi og úr varð Hornafjarðarbær. Árið 1998 sameinaðist Hornafjarðarbær Hofshreppi, Bæjarhreppi og Borgarhafnarhreppi og þar með voru öll hreppsfélögin í sýslunni sameinuð í eina stjórnsýslueiningu, Sveitarfélagið Hornafjörð. Tveir þéttbýliskjarnar eru í Hornafirði, Höfn og Nesjahverfi.

Íþróttir og skóli

Sveitarfélagið Hornafjörður er mjög fjölskylduvænt samfélag og því ákjósanlegur staður fyrir fjölskyldur að setjast að. Sveitarfélagið sinnir menntamálum af alúð og rekur öflugt starf í leik-, grunn- og tónskóla auk Vöruhúss, miðju skapandi greina. Það er einnig vilji sveitarfélagsins að styðja við nám í framhaldsskóla, framhaldsfræðslu (fullorðinsfræðslu) og nám á háskólastigi. Sveitarfélagið er aðili að verkefnum Barnvæn sveitarfélög þar sem unnið er eftir markvissri áætlun um að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heilsueflandi samfélag. Áherslur þess verkefnis eru samofnar starfi leik- og grunn- og framhaldsskóla sem eru heilsueflandi skólar. Í leik- og grunnskólum er einnig starfað eftir uppbyggingarstefnunni Uppeldi til ábyrgðar. Þannig er markvisst unnið að aukinni meðvitund um réttindi barna, mikilvægi góðrar heilsu og leiðum til að viðhalda henni en einnig að styrkja og efla sjálfsvitund, samskiptafærni og persónulegan þroska einstaklinga.

Aðstaða til íþróttar og sundiðkunar er til fyrirmyndar. Árið 1965 tók Íþróttafélagið Sindri fyrst þátt í Íslandsmóti í knattspyrnu og hefur félagið verið þáttakandi í mótinu allar götur síðan. Markmiðið er að bjóða upp á eins fjölbreytt íþróttastarf og kostur er. Þó sveitarfélagið Hornafjörður sé víðfemt er leitast við að hafa það eins fjölskyldu- og umhverfsvænt og mögulegt er.

Náttúran

Sveitarfélagið er þriðja landmesta sveitarfélag landsins, samtals 6.317 km² að stærð. Hluti af stærsta þjóðgarði Íslands, Vatnajökulsþjóðgarðs sem nær yfir 60% af flatarmáli sveitarfélagsins og er allt land innan marka hans friðlýst svæði. Náttúra héraðsins og náttúruleg fjölbreytni lífríkisins er einstök. Strandlengjan, sandar, ár og vötn eru stór þáttur í umhverfinu. Fuglalíf er auðugt og hefur svæðið skapað sér sess sem vinsæll staður til fuglaskoðunar. Íbúar sveitarfélagsins finna vel fyrir áhrifum loftslagsbreytinga, samanber hörfun jökla og áhrif þess á umhverfið, sjávarútveg, landbúnað og ferðaþjónustu á svæðinu. Þess má geta að loftslagsstefna sveitarfélagsins er ein sú fyrsta sem samþykkt var hér á landi. Leitast er við að stefnur og ákvarðanir í umhverfismálum séu fjölskylduvænar, taki mið að þörfum íbúa og fléttist inn í gildandi stefnur hverju sinni.



Snældusnúður.

Sjávarútvegur, landbúnaður og ferðaþjónusta

Atvinnuhættir í Sveitarfélaginu Hornafirði samanstanda af sjávarútvegi, landbúnaði og ferðaþjónustu, þar sem sjávarútvegur hefur lengst af verið burðarásinn í efnahagslífi svæðisins. Landbúnaður er rótgróin atvinnugrein en á síðari árum hefur ferðaþjónustan blómstrað í sveitarfélaginu og er nú sú grein sem býður upp á flest heilsársstörf. Má rekja mörg starfanna til fjölskyldurekinna ferðaþjónustufyrirtækja sem stofnuð hafa verið í kjölfar mikillar fjölgunar ferðamanna í Ríki Vatnajökuls undanfarin ár. Samhliða uppgangi í ferðaþjónustu hefur nýsköpun og vöruþróun dafnað og blómstrað. Samstarf sveitarfélagsins, Nýheima þekkingarseturs og atvinnulífsins hefur reynst árangursríkt til umræddrar framþróunar í atvinnulífinu. Skal engan undra að ferðamenn sækji svæðið heim, enda er þar að finna margar af helstu náttúruperlum landsins. Má þar nefna Lönsöræfi, Jökulsárlón og Skaftafell sem öll eru friðlýst svæði, en þau tvö síðarnefndu eru innan Vatnajökulspjóðgarðs.

Fjölbreytt og blómleg menning

Fjölbreyttri menningarstarfsemin er viðhaldið í sveitarfélaginu og þar haldast í hendur góð félagsleg virkni einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja. Upplifun og hughrif íbúa eiga stóran þátt í menningarlífi samfélagsins þar sem ægifygur náttúran fyllir andann af sköpunargleði. Þungamiðja menningarlífs eru hin ýmsu félagasamtök og tónlistarfólk, kórar, leikfélag, gallerý, listamannastofur og veitingahús. Ár hvert má sækja heim viðburði á Hornafirði og er þar fyrst að nefna **Humarhátíð á Höfn**. Hátíðin er haldin undir merkjum humarsins enda Höfn þekkt fyrir veiðar og vinnslu á humri og eitt af einkennum bæjarins. Hátíðin er haldin síðustu helgina í júní og er vel sótt af heimamönnum, brottfluttum Hornfirðingum sem og öðrum gestum. **Þorrablót og Góuhóf** eru haldin í hverri sveit og **Sjómannadagurinn** er haldinn hátíðlegur ár hvert. **Blúshátíð og Vírdós** eru árlegar tónlistahátíðir og þar er tónlistarmenningin í hávegum höfð. **Árshátíð grunnskóla Hornafjarðar og Hofgarðs** er veisla fyrir heimamenn þar sem mikið er lagt í skreytingar, leik og söng nemenda skólanna.

Árið 1990 var **Menningarmiðstöð Hornafjarðar** stofnuð með sameiningu nokkurra safna og vinnur stofnunin að metnaðarfullri menningarstarfsemi innan sveitarfélagsins. **Listasafn Svavars Guðnasonar** opnaði við hátíðlega athöfn 24. júní 2011. Sveitarfélagið hafði fengið fjölda verka Svavars að gjöf frá Ástu Eiríksdóttur, ekkju Svavars Guðnasonar. Með gjöfinni var lagður sterkur grunnur að stofnun Svavarssafns sem sýnir reglulega verk hans og annara listamanna.


Vöruhúsið er fyrir alla sem vilja læra og skapa, hanna og þróa í listum, handverki og tómsundum. Þar fá nemendur í grunn- og framhaldsskólum aukið aðgengi að handverki og listum í námi sínu.



Fossinn Mýgandi.



Stjórn Brunavarna Árnæssýslu árið 2018.



Þjónustusvæði Brunavarna Árnæssýslu.

Brunavarnir Árnæssýslu



Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnæssýslu frá 2015.

Þann 6. janúar árið 1975 voru Brunavarnir Árnæssýslu formlega stofnaðar. Undirbúningsvinna hafði þá staðið yfir frá árinu 1971 vegna stofnunar sameiginlegs brunavarnafélags fyrir Selfoss, Skeiðahrepp, Villingaholtshrepp, Gaulverjabæjarhrepp, Hraungerðishrepp og Sandvíkurhrepp. Eina sveitarfélagið af stofnsveitarfélögum sem hafði starfandi slökkvilið á þessum tíma var Selfoss en sveitarstjórnarmenn á þessum tíma fundu til ábyrgðar um að koma þyrfti þessum málum í betra horf. Nafn slökkviliðsins kom frá Bárði Daníelssyni, þáverandi brunamálastjóra en hann lét þessi orð falla „Brunavarnir Árnæssýslu skal félagið heita, það er mín trú að fljótlega sameinist öll sýslan í eitt brunamálafélag“. Orð Bárðar reyndust að sönn ef aðeins er teygt á orðinu „fljótlega“. Öll sýslan sameinaðist í eitt brunamálafélag en það tók hinsvegar 38 ár og lauk árið 2013 þegar Hrunamannahreppur gekk inn í samlagið.

- 6. janúar 1975 sameinast Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Sandvíkurhreppur, Skeiðahreppur, Villingaholtshreppur og Selfosshreppur um stofnun Brunavarna Árnæssýslu.
- 17. desember 1983 ganga Grímsnes-, Grafnings- og Þingvallahreppur inni B.A.
- 18. desember 1989 gengur Eyrbakkahreppur inni B.A.
- 11. júní 1992 gengur Stokkseyrarhreppur inni B.A.
- 24. maí 2000 gengur Laugardalshreppur inni B.A.
- 29. nóvember 2002 gengur Biskupstungnahreppur inni B.A.
- 1. janúar 2006 gengur Gnúpverjahreppur inni B.A.
- 1. janúar 2010 gengur Sveitafélagið Ölfus inni B.A.
- 14. júní 2011 gengur Hveragerðisbær inni B.A.
- 1. janúar 2013 gekk Hrunamannahreppur inni B.A.

Slökkviliðsstjórar

Fyrsti slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnæssýslu var Eggert Vigfússon, ráðinn 28. apríl árið 1975 og starfaði hann til ársins 1994. Árið 1994 var Kristján Einarsson ráðinn slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnæssýslu og starfaði hann til ársins 2015. Árið 2015 var Pétur Pétursson ráðinn slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnæssýslu og er hann enn starfandi. Varaslökkviliðsstjóri B.A er Sverrir Haukur Grönli en hann hóf störf árið 2016.



Sverrir Haukur Grönli, varaslökkviliðsstjóri Brunavarna Árnæssýslu frá 2016.

Stjórnarfyrikomulag

Brunavarnir Árnæssýslu eru reknar undir Héraðsnefnd Árnésinga bs. Héraðsnefnd Árnésinga bs. tók til starfa 1. janúar 2013. Bygðasamlagið er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138, 2011. Stofnendur eru öll sveitarfélög í Árnæssýslu. Verkefni bygðasamlagsins er að annast yfirstjórn og rekstur þessara stofnana fyrir hönd sveitarfélaga sem aðilar eru að bygðasamlaginu: Bygðasafn Árnésinga, Listasafn Árnésinga, Héraðsskjalasafn Árnésinga, Tónlistarskóli Árnésinga, Almannaþingur Árnæssýslu og Brunavarnir Árnæssýslu.



Hluti slökkviliðsmanna hjá Brunavörnum Árnæssýslu.

Framhald á næstu síðu →

Fjárhagsáætlun og Ársreikningur Brunavarna Árnæssýslu sem lagðir eru fram af stjórn og slökkviliðsstjóra, eru samþykkt af Héraðsnefnd Árnésinga bs. Stjórn BÁ er kosin af Héraðsnefnd Árnésinga og eru stjórnarmenn BÁ eftirtaldir:

Eypór H. Ólafsson frá Hveragerði, formaður, Ingibjörg Harðardóttir frá Grímsnes- og Grafningshreppi, Halldóra Hjörleifsdóttir frá Hrunamannahreppi, Gísli Halldór Halldórsson frá Árborg og Arna Ír Gunnarsdóttir frá Árborg.

Starfsmenn

Slökkviliðsmenn Brunavarna Árnæssýslu eru um 120 talsins. Flestir þeirra eru hlutastarfandi og sinna æfingum og útköllum eftir ákveðnu skipulagi.

Af þessum 120 eru 13 í fullu starfi og sinna þeir störfum atvinnuslökkviliðs á dagvinnutíma í samræmi við lög og reglugerðir, eldvarnaeftirliti, eignaumsjón, þjónustuverkstæði við tæki og búnað, reikningshald og stjórnun.

Starfsstöðvar

Starfsstöðvar Brunavarna Árnæssýslu eru sjö talsins. Höfuðstöðvar eru í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi en útstöðvar eru í Þorlákshöfn, Hveragerði, Laugarvatni, Reykholti, Flúðum og Árnesi.

Starfssvæði

Starfssvæði Brunavarna Árnæssýslu er nokkuð yfirgripsmikið en það nær yfir tæpa 9000 ferkílómetra. Íbúar sýslunnar eru milli 18 og 19 þúsund en þar af búa flestir í Árborg. Mikil fjölgun hefur orðið í sýslunni á síðustu árum og má telja líklegt að sú þróun muni halda áfram. Mikill fjöldi sumarhúsa er í Árnæssýslu eða rúmlega 40% allra sumarhúsa á landinu en þegar þetta er ritað eru rúmlega 14.500 sumarhús í landinu öllu. Stjórnendur slökkviliðsins hafa því miðað við að á starfssvæði þess sé að jafnaði milli 40 og 50.000 manns.

Ferðaþjónusta og starfsemi henni tengdri er áberandi í sýslunni og eru gistirými vegna hennar mörg. Allt eykur þetta á fjölda þeirra sem í sýslunni dvelja og fjölda þeirra sem um hana ferðast á einn eða annan hátt. Tekið er tillit til þessa alls í viðbragðs- og þjálfunaráætlunum slökkviliðsins. Umtalsverður landbúnaður er á starfssvæði slökkviliðsins auk þess sem stór hluti raforkuframleiðslu landsins fer fram innan þess. Skógrækt er allnokkur í sýslunni og samvaxin skógarsvæði í tengslum við sumarhúsabyggðir eru víðfeðm. Það má því til sannsvegar færa að áhættur sýslunnar með tilliti til björgunarstarfa séu margþættar og þar með að mörgu að huga í áætlunum og þjálfunarmálum.

Þjálfunarmál

Allt frá stofnun Brunavarna Árnæssýslu hefur verið leitast við að veita slökkviliðsmönnum eins góða þjálfun og kostur hefur verið. Auk þessa hefur verið reynt eins og hægt er að leitast eftir nýjungum í faginu sem nýtast til björgunarstarfa á sem skilvirkastan hátt til þess að auka



Námskeið (ráðstefna) um elda í rafmagnsfaratækjum, haldið af Brunavörnum Árnæssýslu árið 2019.



Fyrirlestur og sýning um viðbrögð við voðaverkum í skólum haldin af Brunavörnum Árnassýslu árið 2017.



Námskeið í innbrotatækni haldið af Brunavörnum Árnassýslu árið 2018.



Námskeið í notkun hitamyndavéla haldið af Brunavörnum Árnassýslu árið 2017.

gæði þjónustunnar og öryggi björgunaraðila. Æfingar eru oftast settar upp utan hefðbundins vinnutíma til þess að hlutastarfandi slökkviliðsmenn geti sótt þær. Æfingar eru ýmist haldnar á heimastöðvum slökkviliðsmanna eða fjarri þeim. Lögð er áhersla á að allir geti þeir farið á milli stöðva til æfinga svo að hámarka megi líkurnar á því að menn geti sótt sína þjálfun og til þess að hrista saman hópinn eins vel og mögulegt er. Reglulega eru haldnar stórar æfingar þar sem slökkviliðsmenn af hinum ýmsu starfsstöðvum hittast með góðum árangri. Má í þessu samhengi nefna æfingar í virkjanamannvirkjum starfssvæðisins en þau mannvirki geta oft og tíðum verið flókin með tilliti til björgunar og því brýnt að slökkviliðsmenn þekki þau vel. Lögð er áhersla á að æfa með öðrum viðbragðsaðilum til þess að auka samgang milli aðila, skilning og velvild. Er það trú stjórnenda BÁ að allt þetta leiði til árangursríkara starfs þegar á reynir eins og dæmin hafa sannað. Á ári hafa æfingar slökkviliðsins verið milli 80-100 sem slökkviliðsmenn hafa getað valið úr og sótt. Með samkomutakmörkunum síðasta árs vegna COVID-19 hefur þó þurft að fara nýjar leiðir í þjálfunarmálum og hefur þá verið unnið með æfingar í fyrirlestarformi sem haldnar hafa verið á netinu í rauntíma. Hefur þetta gefið góða raun og hefur mæting verið góð á þessar æfingar.

Undanfarin ár hafa Brunavarnir Árnassýslu flutt inn erlenda fyrirlesara til þess að kynna nýtt verklag og tækni sem notað er í slökkvigeiranum erlendis. Aðilum frá öllum slökkviliðum landsins hefur verið boðið að taka þátt í þessum námskeiðum svo vinnubrögð slökkviliða í landinu séu sem samræmdust. Það er skemmst frá því að segja að þetta hefur tekist afburða vel og færri komist að á námskeiðunum en viljað hafa. Í þessu samhengi má nefna námskeið og fyrirlestra í notkun hitamyndavéla, elda í rafmagnsfarartækjum, innbrotatækni, sjö spora stjórnunartækni í útköllum og viðbrögð við voðaatburðum í skólum.

Útköll

Útköll á stöðvar Brunavarna Árnassýslu eru nokkuð mörg í venjulegu árferði. Það er að segja þegar ferðamenn bæði innlendir og erlendir eru á ferð um landið. Undanfarin ár hafa útköll á stöðvar liðsins verið í kringum 200 talsins. Talsvert há prósentu árlegra útkalla hefur tengst umferðinni en mikil reynsla hefur skapast hjá slökkviliðsmönnum BÁ í notkun og beitingu björgunarklippa við björgun fastklemmdra úr bílflökum.

Samstarf björgunaraðila í sýslunni hefur verið ákaflega gott og farsælt og má fullyrða að það hafi skilað sér beint í þjónustu við þá sem á þjónustunni hafa þurft að halda.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn stjórnenda Brunavarna Árnassýslu er að halda áfram á þeirri braut að geta starfað eftir lögum og reglum með öryggi borgaranna og starfsmanna sinna að leiðarljósi. Að tileinka sér tækninýjungar sem leiða til árangursríks starfs á vettvangi björgunarmála og halda áfram að stuðla að og að taka þátt í öllu því starfi sem leitt getur af sér samstarf viðbragðsaðila og einingu þeirra á milli með hagsmuni heildarinnar í huga.





Akbraut í Holtum 2020. Æfing Brunavarna Rangárvallasýslu.



Hluti slökkviliðsmanna Brunavarna Rangárvallasýslu 2022.

Nýr slökkvibíll á Hellsu, Rang.

Það hefir allengi staðið til, að brunavarnataki yrðu staðsett á Hellsu í Rangárvallahreppi. Í desember s. l. var keyptur þangað nýr slökkvibíll af Land-Rover-gerð. Bíllinn, ásamt tilheyrandi tækjum, verður sameign Holt- og Rangárvallahreppa. Með tilkomu þessa bíls má segja, að slökkvibílar og/eða dætur með tilheyrandi útbúnaði séu komnar í öll kaupþún og þéttbýliskjarna á Suðurlandsundirlendi.



Sveitastjórnarmál 2. hefti 1968.



Fyrsti slökkviliðsbíll Hvolsvallar. Rússajeppe að gerðinni GAZ 69.



Bílafloti slökkviliðsins á Hellsu 1999.

Brunavarnir Rangárvallasýslu

Slökkvilið á Hellsu

Árið 1967 var gerður samningur á milli Rangárvalla- og Holtahrepps um rekstur slökkviliðs og greiðslur greiddar í samræmi við íbúafjölda hreppanna. Í stjórn sátu einn fulltrúi frá hvorum hreppi ásamt slökkviliðsstjóra. Keypt var ný slökkvibílfreið frá Danmörku að gerðinni Land Rover sem var afhentur 22. desember 1967 og er hann nú á Skógasafni. Þann 27. apríl 1968 undirrituðu sveitastjórnarmenn Rangárvalla- og Holtahrepps samning um brunavarnir. Með þeim samningi varð til Slökkvistöðin á Hellsu. Slökkvistöðinni var komið fyrir að Laufskálum 2 þar sem hreppskrifstofur voru einnig og var það aðsetur slökkviliðsins til ársins 2020.

Fyrsti slökkviliðsstjóri á Hellsu var Sigurður Þorgilsson frá Ægissíðu.

Slökkvilið á Hvolsvelli

Fyrsta slökkvistöð Hvolsvallar var staðsett að Vallarbraut 5 en árið 1983 var byggð núverandi slökkvistöð að Hlíðarvegi 16 á Hvolsvelli þar sem stjórnýsla, lögregla og Rauði krossinn voru einnig til húsa. Slökkvilið hafði yfir að ráða Rússajeppe að gerðinni GAZ 69 líklega árgerð 1956 eða 1957 sem Samvinnutryggingar útveguðu.

Átta hreppar stóðu að byggingu slökkvistöðvarinnar eða allir hreppar sýslunnar nema Rangárvallahreppur og Holtahreppur sem saman voru um slökkvistöðina á Hellsu og Austur-Eyjaþjallahreppur. Kjartan Einarsson frá Sperðli í Vestur-Landeyjum, var fyrsti slökkviliðsstjóri á Hvolsvelli.

Slökkvilið Austur-Eyjaþjallahrepps

Slökkvilið Austur-Eyjaþjallahrepps annaðist sjálfst brunavarnir og með eigin slökkvibíll Bedford bíl, sem var staðsettur á Skógum. Fyrsti slökkviliðsstjóri Austur-Eyjaþjallahrepps var Sigurjón Sigurðsson frá Eyvindarhóli, búsettur á Skógum.

Sameining

Árið 1998 var farið að ræða sameiningu slökkviliða í sýslunni til að byggja upp skilvirkari og betri þjónustu auk þess að lækka rekstrarkostnað. Árið 1999 var sameiningarár slökkviliðanna og stofnað var byggðarsamlag um rekstur slökkviliðanna á Hellsu og Hvolsvelli undir heitinu Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. Ári síðar gekk Austur-Eyjaþjallahreppur í byggðarsamlagið. Eftir sameiningu sveitafélagana eru það Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur sem standa að rekstri slökkviliðsins. Böðvar Bjarnason, búsettur á Hvolsvelli, var fyrsti slökkviliðsstjóri Brunavarna Rangárvallasýslu bs. og um mitt ár 2016 var núverandi slökkviliðsstjóri Leifur Bjarki Björnsson, búsettur á Hellsu, ráðinn slökkviliðsstjóri Brunavarna Rangárvallasýslu bs. Í stjórn Brunavarna árið 2020 sátu Hjalti Tómasson formaður fyrir Rangárþing ytra, Anton Kári Halldórsson ritari fyrir Rangárþing eystra og Guðmundur Gíslason stjórnarmaður fyrir Ásahrepp.



Af vettvangi björgunaraðila í Rangárvallasýslu.



Klippiaefing Brunavarna Rangárvallasýslu 2019.



Aefing Brunavarna Rangárvallasýslu í Fljótshlíð 2019.

Starfssvæði og staðsetning

Núverandi starfssvæði Brunavarna Rangárvallasýslu nær frá Þjórsá, austur að Jökulsá að Sólheimasandi og alveg upp að Nýjadal á Sprengisandi. Á þessu svæði búa rúmlega 4000 manns. Mikill fjöldi fyrirtækja og sumarbústaða er á svæðinu auk fjögurra vatnsfallsvirkjana sem eru á Þjórsársvæðinu. Mikill vöxtur er í skógrækt í sýslunni og þar með hættan á náttúrubrunum orðin meiri en hún var einungis fyrir 20 árum síðan. Er því farið að gera sérstakar viðbragsáætlanir fyrir skóglendi og ræktað land. Starfsstöðvar Brunavarna Rangárvallasýslu eru tvær, önnur er að Hlíðarvegi 16 á Hvolsvelli en hin er ný slökkvistöð, byggð árið 2020 og stendur að Dynskálum 49 á Hellu.

Slökkviliðsmenn

Brunavarnir Rangárvallasýslu samanstanda af sterkum hópi sem kemur víðsvegar að úr atvinnulífinu af svæðinu, þar sem menn eru með fjölbreytta menntun og reynslu sem kemur sér vel við að leysa úr ýmskonar verkefnum. Hópurinn er á breiðum aldri með ólíkan bakgrunn, en þrátt fyrir það vinna allir sem einn maður. Oft á tíðum getur starf slökkviliðsmanna verið átakanlegt og beinlínis erfitt andlega sem lítið var gefið fyrir fyrr á árum en í dag hafa menn aðgang að áfallateymi og sálfræðipjónustu.

Í Brunavörnum Rangárvallasýslu eru nú starfandi 38 einstaklingar en nú á árinu 2022 gekk til liðs við Brunavarnir fyrsta konan sem er dóttir Sigurðar, fyrsta slökkviliðsstjóra á Hellu.

Menntun

Miklar breytingar á námskröfum til slökkviliðsmanna hafa einnig orðið frá því í upphafi þar sem lítillar sem engrar menntunnar var krafist, heldur notast við verkfærni og hyggjuvit manna. Í dag er lögð áhersla á að allir slökkviliðsmenn fái viðeigandi menntun og þjálfun til að geta sinnt starfi sínu af öryggi og fagmennsku.

Verkefni slökkviliðsins

Á árum áður snerist störf slökkviliðanna fyrst og fremst um að slökkva elda en nú eru verkefni orðin margfalt fleiri, fjölbreyttari og flóknari. Helstu verkefni í dag eru; slökkviliðs- og björgunarstörf, viðbrögð við bráðatilfellum og mengunaráhöppum, björgunar- og klippuvinna vegna umferðaróhappa og slysa, brunavarnir og eldvarnareftirlit með mannvirkjum ásamt yfirferð teikninga og ráðgjöf til einstaklinga, forvarnir og fræðsla fyrir almenning og fyrirtæki, verðmætibjörgun og viðbrögð við vatnslekum, vatnsdælingu og öðrum sambærilegum verkefnum þegar þörf krefur.

Tækjakostur og búnaður


Í upphafi voru slökkviliðin ekki nógu vel tækjum búinir. Bílarnir voru litlir og horft var mikið til þess að dæla skyldi upp slökkvivatni úr nærliggjandi vatnsbólum eða skurðum.

Hlíðarfatnaður slökkviliðsmanna voru síðar regnkápur, hjálmur og gúmmístígvél í takt við öryggi þess tíma. Nú sem þá hefur verið lagður metnaður í hlífðar- og öryggisfatnað slökkviliðsmanna og eru Brunavarnir Rangárvallasýslu þar ekki undanskildar. Hefur slökkviliðið verið byggt upp í takt við kröfur nútímans og stækkandi byggðar.

Brunavarnir Rangárvallasýslu eru í dag nokkuð vel tækjum búnar með tvo dælubíla, tvo tankbíla og eina nýja björgunarbifreið auk þess sem von er á nýrri dælubifreið 2023 sem staðsett verður á Hellu. Einnig er heilmikið til af tæknilegum björgunarbúnaði, s.s. klippi- og lyftibúnaði. Mikill hraði er í nútíma samfélögum og breytingar og kröfur sívaxandi. Því er framtíðin ætíð og ávallt áskorun fyrir slökkvilið.



Úttekt á vatnsveitum, sýnataka, mælingar og mat á vatnsvernd svæðis, Sigrún Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri og heilbrigðisfulltrúi að störfum.



Heildarföldi eftirlitsskyldra fyrirtækja skipt eftir sviðum og samanburður á fjölda milli ára.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd Suðurlands 2018-2022

Formaður:

Helgi S. Haraldsson, Sveitarfélaginu Árborg

Varaformaður:

Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógabyggð

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Hveragerðisbæ

Páll Tómasson, Mýrdalshreppi

Sigurhanna Friðþórsdóttir, Vestmannaeyjabæ

Fulltrúi atvinnurekenda:

Oddur Árnason, Rangárþingi eystra

Varamenn:

Guðbjörg Jónsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg

Sigurður Sigurjónsson, Hrunamannahreppi

Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélaginu Ölfusi

Lilja Einarsdóttir, Rangárþingi eystra

Arna Huld Sigurðardóttir, Vestmannaeyjabæ

Varafulltrúi atvinnurekenda:

Sigurður Rafn Hilmarsson

Vefsíða: www.hsl.is

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs. (HSL) er rekið sameiginlega af sveitarfélögunum á Suðurlandi og hefur starfað síðan 1. janúar 1984. Núverandi skipulag var innleitt með lögum nr. 7/1998 þ.e. með einni heilbrigðisnefnd fyrir svæðið allt, en fram að því voru á svæðinu 9 heilbrigðisnefndir undir einni svæðisnefnd. Heilbrigðisnefnd Suðurlands er málsvari HSL á milli aðalfunda og framfylgir samþykktum nefndarfunda og aðalfunda. Heilbrigðisnefndin vinnur að stefnumarkandi málum og gerir tillögur um ný mál er leggja skal fyrir aðalfund til ákvörðunar. Heilbrigðisnefndin fer jafnframt með yfirstjórn á rekstri HSL og ber ábyrgð á að rekstur sé innan þeirra fjárheimilda sem aðalfundur HSL hefur samþykkt. Á aðalfundi í kjölfar sveitarstjórnarkosninga eru 5 kosnir í Heilbrigðisnefnd til 4 ára. HSL er byggðasamlag 14 sveitarfélaga á Suðurlandi í samræmi við ákvæði í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og taka þau fjárhagslega ábyrgð á rekstri þess. Rekstur heilbrigðiseftirlits er lögbundið verkefni sveitarfélaganna sem að því standa skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarnáttur nr. 7/1998 m.s.br. Þar segir m.a. „Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits“ og „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar“. Umdæmi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands nær frá Vífilfelli í vestri og að Skeiðarársandi í austri. Starfssvæðið nær upp á hálendið þar sem starfsleyfisskyld starfsemi er, t.d. sala gistingar í fjallaskálum og einstaka veitingastaðir. Vestmannaeyjar eru útvörður svæðisins í suðri. Sveitarfélögin sem standa að Heilbrigðiseftirliti Suðurlands eru: Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbæ, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabæ.

Starfsemi

Helstu verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru:

Reglubundið eftirlit og leyfisveitingar. - Sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvællum og umhverfi. - Umsagnir um veitinga- og gististaði vegna rekstrarleyfa og vegna tækifærisleyfa sem sýslumenn veita. - Umsagnir vegna skipulagsmála til skipulags- og byggingafulltrúa. Umsagnir vegna brennuleyfa sem sýslumenn veita. - Vöktun loftgæða og önnur umhverfisvöktun. - Hreinsun á lóðum og lendum. - Skráning á framkvæmd eftirlits og niðurstöðum mælinga.

Á árinu 2020 var fjöldi eftirlitsskyldra aðila 1538 sem er skipt gróflaga upp í þrjú svið: Hollustuháttafyrirtæki, matvælafyrirtæki og mengandi fyrirtæki. Eftirlitsferðir vegna þeirra í reglubundnu eftirliti voru skv. eftirlitsáætlun alls 1016. Til viðbótar reglubundnu eftirliti eru heimsóknir vegna nýrra umsókna, ferðir vegna tilfallandi eftirlits, eftirfylgni vegna athugasemda og kvartana. Skráðar eftirlitsferðir á árinu voru alls 1172 talsins.



Bakarið bakkelsi og athugun á merkingum matvæla.



Sölustaður í smásölu á ís, athugun á aðstöðu og búnaði, sýnataka og mælingar.



Smásala á kjöti sem kælivöru og hitastigseftirliti.



Smásala á ferskum fiski, athugun á aðstöðu og búnaði, hitastigi ofl.

Undir hollustuháttafyrirtæki falla m.a. gjatistaðir, samkomustaðir, menntastofnanir, sund- og baðstaðir, náttúruleugar, tjaldsvæði, snyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, íþróttastöðvar o.fl. Fjöldi fyrirtækja á sviði hollustuhátta var 804 í lok árs 2020. Í flokki matvælafyrirtækja eru stórelhús á hótélum, veitingastöðum og vinnustöðum, neysluvatnsveitur, matvöruverslanir, framleiðsla matvæla, s.s. bakarí o.fl. og ræktun og þökkun garðávaxta svo eitthvað sé nefnt. Í árslok 2020 var fjöldi fyrirtækja í þessum flokki 408, þar af er heildarfjöldi starfsleyfa vegna neysluvatnsveitna 144. Á árinu 2020 voru 326 aðilar með gilt starfsleyfi á umhverfis- og mengunarvarnarsviði sem eru, t.d. bensínstöðvar, jarðvarmavirkjanir, bílaverkstæði, alifuglabú og fráveitumannvirki. Mynd sýnir þróun í fjölda milli ára sem sýnir fjölgun verkefna hægt og sígandi milli ára og munar þar mest um aukningu í ferðaþjónustu á Suðurlandi. Þó má greina fækkun á árinu 2019 sem er væntanlega samdráttur í ferðaþjónustu og aftur 2020 sem er hægt skrifna á COVID-19 heimsfaraldurinn.

Heilbrigðiseftirlitið heldur úti heimasíðu www.hsl.is sem er í stöðugri þróun. Þar eru umsóknareyðublöð og leiðbeiningar ýmiskonar ásamt fréttum o.fl. Á heimasíðunni eru birtar allar umsóknir vegna mengandi starfsleyfa jafnóðum og þær berst. Jafnframt eru auglýst þar starfsleyfisskýrði fyrir mengandi starfsemi, sem og öll útgefin leyfi ásamt greinargerðum skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnareftirliti. Á heimasíðunni er jafnframt að finna lista yfir öll starfsleyfi í gildi hjá embættinu.

Heilbrigðiseftirlit hefur lögbundnar skyldur við varðveislu skjala. Það er mikilvægur hluti starfseminnar að halda utan um mál og öll skjöl sem tengjast starfseminni.

Á hverju ári taka heilbrigðisfulltrúar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fjölda sýna með megináherslu á neysluvatn. Jafnframt er vel fylgst með sund- og baðstöðum og farið að jafnaði a.m.k. einu sinni á ári í sýnatökur á sund- og baðstaði og oftast ef þörf er á. Einnig er fylgst með fráveitum, matvælum og öðrum þáttum sem þurfa þykir hverju sinni. Sum sýni eru tekin sem hluti af samræmdum eftirlitsverkefnum á landsvísi en önnur sem hluti af reglubundnu eftirliti og sumar sýnatökur eru tilfallandi eða að sérstakar ástæður kalla á sýnatöku. Sýnatökur eru endurteknar standist sýni ekki þær gæðakröfur sem til þeirra eru gerð í viðeigandi reglugerð. Rekstraráðilum er gefinn frestur til endurbóta áður en til endurtekingar á sýnatöku kemur nema þegar verið er að staðfesta hugsanlega mengun eða smit. Í þeim tilfellum er ný sýnataka framkvæmd svo fljótt og auðið er eftir að niðurstöður liggja fyrir.

Starfsmenn

Framkvæmdastjóri er Sigrún Guðmundsdóttir. Starfsmenn hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands sem störfuðu við heilbrigðiseftirlit á árinu 2020 voru 8, allir með leyfisbréf sem heilbrigðisfulltrúar. Fjölbreytt menntun starfsmanna styður við hin fjölbreyttu verkefni sem við er að eiga og starfsreynsla starfsmanna er dýrmæt.



Skiðun öruggisatriða á sund- og baðstöðum, sýnataka og mælingar á gæðum badvatns.



Eftirlit á hálendi Íslands, athugun á mengunarvörnum.



Vatnsaflsvirkjun, skoðun vegna umhverfis- og mengunarvarna.



Grímsnes- og Grafningshreppur.

Grímsnes- og Grafningshreppur



Sveitarstjórn 2018-2022. Frá vinstri: Björn Kristinn Pálmarsson, Ingibjörg Harðardóttir, Bjarni Þorkelsson, Ása Valdís Árnadóttir og Smári Bergmann Kolbeinsson.

Sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur er í miðri Árnessýslu, 890 km² að stærð. Það varð til 1. júní 1998 við sameiningu tveggja hreppa, Grímsneshrepps og Grafningshrepps. Þéttbýliskjarni sveitarfélagsins er Borg og íbúar eru um 500. Mjög góð búsetuskilyrði eru í sveitarfélaginu og er það afar vinsælt svæði fyrir frístundahús. Framtíðarsýn sveitarfélagsins er að Grímsnes- og Grafningshreppur verði eftirsóknarvert svæði til búsetu, atvinnu, frístundaiðju og útivistar. Þar verði góð skilyrði fyrir atvinnustarfsemi og þjónustu og að fjölbreytni búsetukosta í sveit og þéttbýli verði styrkur svæðisins. Margir fallegir staðir eru í sveitarfélaginu og má þar nefna Hengilsvæðið, Sogið, Kerið, Úlfjótswatn og Þrastaskóg. Í sveitarfélaginu er samrekin leik- og grunnskóli sem heitir Kerhólsskóli og vinnur hann í anda einstaklingsmiðaðra kennsluhátta, umhverfismenntar auk þess sem áhersla er lögð á list og verkgreinar. Á Borg við skólann er fullkominn íþróttasalur, vel búinn tækjasalur og mjög góð sundlaug með gufu, rennibraut, heitum pottum og vaðlaug.

Félags- og menningarmál

Félagsheimili sveitarinnar tók var opnað 1966 og er sannkölluð menningarmiðstöð. Vel búið félagsheimili með vistlegum salarkynnum. Öflug félagastarfsemi er í sveitarfélaginu og eru starfrækt um 12 mismunandi félagsamtök í Grímsnes- og Grafningshreppi. Kvenfélag Grímsneshrepps varð aldargamalt árið 2019, stofnað 1919 og var þeirra tímamóta minnst m.a. með útgáfu bókar um sögu félagsins. Ungmennafélagið Hvöt var stofnað 1907 og er því á meðal elstu ungmennafélaga landsins. Kvenfélög og ungmennafélög voru mikilvægur vettvangur fyrir fjölbreytta samfélagshjálp, félagsskap, skemmtun og íþróttir.

Avinnumál

Landbúnaður og garðyrkja eru mikilvægar atvinnugreinar og verktakar bjóða fjölbreytta þjónustu. Ferðaþjónusta er ört vaxandi, enda er sveitarfélagið hluti af hinum svokallaða Gullna hring sem er fjölsóttasta ferðamannasvæði landsins. Mjög fjölbreytt þjónusta er í boði; golfvöllir, tjaldsvæði, frístundahús, hótél og gistiheimili, veitingastaðir, sundlaugar, veiði og húsdýragarður. Á Sólheimum hófst skipulagt starf við umönnun fatlaðra á Íslandi 1930 að frumkvæði Sesselíu H. Sigmundsdóttur. Þar er nú sjálfbært samfélag með um 100 íbúa, fjölbreytt starfsemi, þjónusta og menningarviðburðir.

Náttúra

Víða er falleg náttúra og fjölbreytt fuglalíf. Flest fjöllin eru móbergsfjöll sem hafa hlaðist upp í eldgosum undir jökli á Ísöld, til að mynda Búrfell, Hestfjall og Mosfell. Grímsneseldstöðvakerfið er virkt jarðeldasvæði og öflug gos voru í Seyðishólum og Kerhól með tilheyrandi basalt hraunrennsli. Rauðamölin úr Seyðishólum er sérstök og nýtt á margvíslegan máta.



Grímsævintýri 2019.



Útikennsla í Kerhólaskóla.



Á Flúðum er leikskóli, sundlaug, íþróttahús, verslanir, veitingahús, gististaðir, tjaldsvæði og fjölbreytt þjónusta.

Hrunamannahreppur

Sveitarfélagið Hrunamannahreppur er í Uppsveitum Árnessýslu og er einn stærsti hreppur sýslunnar (um 1400 km²). Hreppurinn nær frá miðjum Hofsjökli til suðvesturs milli Hvítár og Stóru-Laxár að ármótum ána og skilja því Stóra-Laxá og Hvítá hann að frá nágrennasveitum. Kerlingarfjöll, ein helsta perla hálandisins, tróna á toppi hreppsins, uppi við Hofsjökul, á afrétti Hrunamannahrepps. Íbúar sveitarfélagsins eru 832 talsins og þar af rúmlega helmingur sem býr í þéttbýlinu á Flúðum. Sérstaða svæðisins er jarðhitinn og setur hann mark sitt á atvinnulíf, menningu og daglegt líf. Mikil uppbygging hefur átt sér stað á undanförunum árum og fjölbreytt verkefni eru framundan í Hrunamannahreppi. Oddviti er Halldóra Hjörleifsdóttir og sveitarstjóri Jón G. Valgeirsson.

Flúðir

Þéttbýliskjarni myndaðist í kringum jarðhitann og nafnið er dregið af flúðum sem voru í Hellisholtalæknum, sem rennur í jaðri Flúða, en þær eru nú horfnar. Barnaskóli var byggður þar 1929, þriðji heimavistarskóli landsins og jafnframt sá stærsti. Jarðhiti var notaður til að hita upp húsið og elda mat. Flúðaskóli hefur undanfarin ár verið í fararbroddi í útikennslu allt árið og fengið viðurkenningu fyrir það starf. Aðstaða er góð í grenndarskógi skólans og nemendur vinna þar fjölbreytt verkefni.

Atvinnulíf

Atvinnulífið einkennist af fjölbreyttri matvælaframleiðslu. Hefðbundinn búskapur og garðyrkja bæði útiræktun grænmetis og í gróðurhúsum gerir Hrunamannahrepp að sannkallaðri matarkistu. Frumkvöðlar hófu þar meðal annars jarðarberjarækt og svepparækt og hægt er að versla hollan mat, beint frá bændum á Flúðum. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein.

Afþreying

Mjög fjölbreytt afþreying er í boði á Flúðum og nágrenni, svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Í sveitinni er 18 holu golfvöllur, fótþoltagolfvöllur, Samansafnið, hestaferðir, fell til að klífa og skipulagðar gönguferðir á sumrin. Gamla laugin „Secret Lagoon“ í Hverahólmanum á sér merka sögu, hún er elsta sundlaug landsins frá 1891. Laugin hefur verið endurgerð og er nú vinsæll baðstaður.

Menning og mannlíf

Fjölbreytt menningar- og félagslíf er í Hrunamannahreppi. Má þar nefna öflugt tónlistar- og kórastarf, félagsmiðstöð ungmenna, ungmennafélag, kvenfélag, félag eldri borgara, björgunarfélag, hestamannafélag og fleira. Á Flúðum er stórt félagsheimili og reiðhöll þar sem ýmsir viðburðir fara fram.



Sveitarstjórn Hrunamannahrepps 2021.

Frá vinstri: Bjarney Vignisdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti, Jón Bjarnason og Kolbrún Haraldsdóttir. / Ljós: Laufey Ósk.



Hrunamannahreppur er vaggja grænmetisræktunar á Íslandi.



Lækjargarðurinn er skemmtilegur áningarstaður með stíga, leiktæki og vísi að trjásafni.



„Þetta líður hjá“ er vinsæll áningarastaður.
Ljósm. Aldís Hafsteinsdóttir.



Hveragerði. / Ljósm. Mats Wibe Lund.

Hveragerði

Menning, heilsa, umhverfi – Blómabærinn Hveragerði

Hveragerðisbær er ört vaxandi sveitarfélag þar sem íbúar njóta lífsgæða landsbyggðarinnar í fallegu og sérstöku umhverfi. Gróskumikill gróður, heitir hverir, gufustrókar og fjallahringurinn mynda fallega umgjörð utan um bæjarfélagið. Þorpmyndun hófst í Hveragerði árið 1929 og áttu þeir miklu möguleikar sem fólust í heitum hverum og uppsprettum ríkulegan þátt í því. Hveragerðishreppur var stofnaður 1946 og varð bæjarfélag árið 1987. Árið 1986 voru íbúar Hveragerðis 1.462. Íbúum hefur fjölgað jafnt og þétt í Hveragerði og í byrjun árs 2022 eru þeir orðnir rúmlega 3.000.

Jarðhitinn skapaði tækifæri

Fjölbreytilegar tilraunir til nýtingar jarðvarma í atvinnurekstri einkenna sögu Hveragerðis. Jarðhitasvæði í miðjum bænum og næsta nágrenni skapa Hveragerði sérstöðu meðal þéttbýla á Íslandi og þó víðar væri leitað. Nýting jarðhitans til suðu, baksturs, þvotta og húshitunar mun í upphafi hafa laðað marga til búsetu í Hveragerði. Matur var soðinn og brauð bökun í gufukössum við hverir eða húshlið og allt gerði þetta að verkum að búseta í kringum hverina var fjárhagslega hagstæð. Rithöfundar og skáld flyktust í hið nýja bæjarfélag og mynduðu þannig í árdaga byggðar fyrstu og einu listamannanýlenduna á Íslandi. Skáldabærinn Hveragerði varð til.

Upphaf garðyrkju

Fyrsta tilraun til þurrabúðarlífs í Hveragerði tengist byggingu ullarverksmiðju við Reykjafoss í Varmá sem var í rekstri frá 1902-1912. Árið 1906 var sett upp lítil vatnsknúin rafstöð til ljósa og gatan að þjóðvegi við Ölfusréttir upplýst ári síðar, fyrsta götulýsing í dreifbýli á Íslandi. Garðyrkjustöðin í Fagrahvammi markar upphaf ylærktar í Hveragerði og þar hlutu margir sína fyrstu skólun. Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum útskrifaði fyrstu garðyrkjufraeðingana vorið 1941. Margir þeirra sem og verkamenn úr Fagrahvammi reistu garðyrkjustöðvar í Hveragerði. Í Hveragerði voru 7 garðyrkjustöðvar í rekstri árið 1940 en 20 árið 1950. Garðyrkja eflist mjög á fimmta áratugnum og blómabærinn Hveragerði varð til. Á undanförunum árum hefur garðyrkjustöðvum farið fækkandi enda voru flestar þeirra staðsettar miðsvæðis í Hveragerði á lóðum sem í dag eru afar eftirsóknarverðar til búsetu.

Vinsæll áfangastaður ferðamanna

Snemma var gestkvæmt í Hveragerði þegar þangað flyktust íbúar nærliggjandi sveitarfélaga til að kaupa garðyrkjuafurðir. Þetta er ennþá eitt af sérkennum bæjarins einkum snemma sumars þegar kaupendur sumarblóma fylla þar götur. Úr þeim jarðvegi spratt m.a. Blómaskáli Paul Michelsens þar sem nú er verslunin Blómaborg og garðyrkjustöðin Eden, stofnuð 1958. Eden var einn fjólsóttasti ferðamannastaður landsins um árabíl. Það var mikið áfall þegar Eden brann til grunna þann 22. júlí 2011. Á svæðinu er nú risin blómleg íbúðabyggð.



Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri.

Bæjarstjórn:

Fríðrik Sigurbjörnsson, landfræðingur,
forseti bæjarstjórnar

Eypór H. Ólafsson, verkfræðingur,
form. bæjarráðs

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, blómaskreytir
Njörður Sigurðsson, sagnfræðingur
Sigrún Árnadóttir, grunnskólakennari
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir,
æskulýðsfulltrúi

Bæjarstjóri frá 2006:

Aldís Hafsteinsdóttir



Utanvegahlaupið Hengill Ultra er vinsælt.



Íþróttir eldri fólks njóta mikilla vinsælda í Hamarshöllinni. Ljós. Birgir Helgason.



Vetraríki við Varmá. / Ljós. Pétur Reynisson.

Hveragerði er enn í dag vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Hótel og gistiheimilum hefur farið mjög fjölgandi á undanförunum árum og nálgast fjöldi gistirúma nú 700 í bæjarfélaginu. Þar er Hótel Örk lang stærsta hótelið með um 170 herbergi, eitt stærsta hótél landsbyggðarinnar. Þar eru glæsilegir veislusalir og ríkir möguleikar til ráðstefnuhalds. Nýjasta viðbótin við gistirými í Hveragerði er Gróðurhúsið sem opnaði 2021. Þar eru um 50 gistiherbergi en auk þess mathöll, verslanir, bar, ísbúð og fjölbreytt þjónusta. Ferðamenn flykkjast enn til Hveragerðis og nú ekki síst til að njóta fjölbreyttra veitinga á einhverjum af hinum fjölmörgu veitingastöðum bæjarins.

Vinnustaðir bæjarins

Stærsti vinnustaður bæjarins fyrir utan bæjarfélagið sjálf er Heilsustofnun Náttúruvæðingafélags Íslands. Árið 1950 byrjaði Landspítalinn rekstur leirbaða í Hveragerði og Náttúruvæðingafélag Íslands hóf starfsemi heilsuhælis árið 1955 undir stjórn Jónasar Kristjánssonar, læknis. Þar hefur síðan verið óslitt rekstur og njóta nú á þriðja þúsund einstaklinga þjónustu stofnunarinnar á hverju ári. Nú hyggja forsvarsmenn Heilsustofnunar á mikla uppbyggingu og í bígerð er bygging fjölda íbúða þar sem íbúar munu njóta fjölbreyttrar þjónustu frá stofnuninni. Ás, dvalar- og hjúkrunarheimili hefur verið rekið í Hveragerði frá árinu 1952. Þar eru nú um 100 heimilismenn. Hjúkrunarheimili var opnað í tengslum við starfsemi árið 1998 með 26 rýmum. Í tengslum við Ás er rekin dagdvöl fyrir aldraða í samvinnu við Hveragerðisbæ. Á árinu 2022 munu framkvæmdir hefjast við nýtt hjúkrunarheimili og þar með munu allir sem þar dveljast búa í einbýli með sér baðherbergi. Fyrirtækið Kjörís ehf. hóf starfsemi í Hveragerði árið 1969 og var Hafsteinn Kristinsson fyrsti framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Kjörís er nú starfrækt í um 5.000 fm húsnæði og er með starfsstöðvar á Akureyri og Ísafirði. Kjörís er nú langstærsta iðnfyrirtækið í bænum.

Fleiri íbúar, aukin þjónusta

Með fjölgun íbúa og auknum fjölda ferðamanna sem hafa viðdvöl í bænum í lengri eða skemmri tíma hefur skapast grundvöllur fyrir fjölbreytta þjónustu.

Í Hveragerðisbæ fjölga nú sem aldrei fyrr. Á árinu 2021 nam fjölgunin um 8% sem var mesta fjölgun á Íslandi það árið. Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er hvergi byggt meira, hlutfallslega, en í Hveragerði. Hefur bæjarstjórn lagt áherslu á fjölbreyttar húsagerðir sem falla vel að þeirri byggð sem fyrir er í bæjarfélaginu. Reglur eru um hæðir húsa og að jafnaði er gert ráð fyrir að hús séu ekki meira en 2 hæðir. Framundan er enn meiri uppbygging þegar framkvæmdir við annan áfanga í Kambalandi munu hefjast sem og uppbygging á þéttingarreitum innanbæjar. Einnig er nú verið að byggja á nýju athafnasvæði sunnan þjóðveggar en framundan er flutningur Suðurlandsveggar og mun það gjörbreyta ásynd bæjarfélagsins.

Fjölbreytt afþreying og menning

Hveragerði býður upp á margvíslega afþreyingu fyrir alla aldurshópa. Útivistarsvæðið inn í Dal er vinsælt og góðar gönguleiðir í og við bæjarfélagið eru hvetjandi til útivistar. Hveragarðurinn, Lystigarðurinn Fossflöt, Golfvöllurinn Gufudal, Sundlaugin Laugaskarði og Listasafn Árnesinga eru allt viðkomustaðir sem gestum og íbúum þykir gaman að heimsækja.

Staðsetning bæjarins innan um ósnortna náttúru steinsnar frá höfuðborginni er vel til þess fallin að sækja staðinn heim og stunda útivist og heilsuefningu, verslun af einhverju tagi eða bara taka því rólega í fallegu og afslöppuðu umhverfi. Á sumrin er óvíða í bæjum landsins jafn fjölskrúðugur gróður og í Hveragerði og á veturna skarta garðyrkjustöðvarnari sínu fegursta þegar milda, fölgula lýsingu þeirra ber við himinn.



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands og Elliði Vignisson, bæjarstjóri.



Hinsegin fáninn dreginn að húni.

Sveitarfélagið Ölfus

Sveitarfélagið Ölfus er landssvæði vestast í Árnessýslu sem afmarkast af Ölfusá í austri og mörkum Árnessýslu í vestri. Austast einkennist landið af mýrum og dælum, en í vestri eru fjöll, Núpafjall, Reykjafjall og Hellisheiðin. Í Ölfusi hefur frá fornu fari verið stundaður mikill landbúnaður en þó hefur áhersla á landbúnað minnkað hin síðari ár. Sem dæmi má nefna að nú er aðeins eitt myndarlegt kúabú starfrækt í Ölfusi (Hvammur) en þau voru fjölmörg hér á árum áður.

Atvinnugreinar og þéttbýlisstaðir

Helstu atvinnugreinar sveitarfélagsins eru fiskveiðar og vinnsla, verslun og þjónusta, landbúnaður og iðnaður.

Þéttbýlisstaðirnir Hveragerði, Þorlákshöfn og Árbæjarhverfi teljast til Ölfuss þó Hveragerði sé sér sveitarfélag. Á árinu 2011 fékk Ölfus úthlutuðu sérstöku póstnúmeri, 816, til aðgreiningar frá öðrum svæðum Suðurlands.

Undanfarin ár hefur verið unnið að ýmsum verkefnum með það að markmiði að gera sveitarfélagið að eftirsóknarverðum stað fyrir fólk að búa á og ekki síður fyrir atvinnulífið. Góðar samgöngur eru í allar áttir frá sveitarfélaginu og hefur það færst í vöxt að íbúarnir vinni til dæmis í Reykjavík eða á Selfossi.

Þorlákshöfn

Þorlákshöfn byggðist upp á skömmum tíma en fyrstu hús hinnar núverandi Þorlákshafnar voru byggð 1951 og urðu íbúarnir þá 14 talsins. Árið 1965 voru 385 íbúar og röskur helmingur þeirra, eða 202, innan við tvítugt og meðalaldur hópsins var 22 ár. Um áramótin 2020 / 2021 voru 2.369 í sveitarfélaginu öllu.

Í Þorlákshöfn má finna alla helstu þjónustu og eru innviðir sveitarfélagsins mjög sterkir. Náttúran og útivistarmöguleikar allt um kring auka lífsgæði fólks. Mikil uppbygging hefur átt sér stað í íþróttamannvirkjum og eru bæði leik- og grunnskóli í hæsta gæðaflokki.

Unglegur bæjarbragur er það sem einkennir Þorlákshöfn.

Þorlákshöfn er einn besti lendingarstaðurinn á suðurströndinni frá náttúrunnar hendi og skammt í fengsæl fiskimið. Á síðustu árum hafa verið gerðar miklar breytingar á höfninni og með því hafa skapast aðstæður fyrir hafsækna starfsemi.

Flutningsleiðir

Þorlákshöfn er einkar hentug fyrir flutninga til og frá Evrópu þar sem mikill tími sparast þar sem ekki þarf að sigla fyrir Reykjanesið hvora leið. Smyril Line hóf ferjusiglingar milli Þorlákshafnar og Rotterdam árið 2017 en með því gat fyrirtækið boðið upp á styttri flutningstíma til og frá landinum eftir að höfnin í Þorlákshöfn var löguð og gerir íslenskan markað því enn samkeppnishæfari. Í byrjun árs 2020 bættu þeir svo við áætlanarsiglingu á milli Þorlákshafnar og Hirtshals í Danmörku.



Ljósm. Davíð Þór Guðlaugsson.



Íþróttamiðstöðin í Þorlákshöfn.

Hefur þetta gjörbreytt daglegum rekstri hafnarinnar og er mikill áhugi fyrir því að auka bæði frakt- og farþegasiglingar frá Þorlákshöfn til meginlands Evrópu sem og Bretlands. Með því væri hægt að spara bæði olíu og útblástur.

Umhverfismál

Ölfus hefur hug á að vera leiðandi í því sem tengist umhverfsvænni og sjálfbærri matvælaframleiðslu og eru þegar spennandi verkefni í gangi í tengslum við Jarðhitagarðana á Hellið og starfsemi Algaenovation.



Loftmynd af Þorlákshöfn 2016.
Ljósm. Baldvin Agnar Hrafnsson.



Mykines, vöruflutningaferja kemur í fyrsta sinn til Þorlákshafnar
7. apríl 2017.



Bæjarhátíð.



Ungviðlið í útivist.



Sjómanna dagurinn í Þorlákshöfn, líf og fjör við höfnina.



Veiðimenn við höfnina.



Loftmynd af Hvolsvelli frá 2019 en byggðin er sífellt í sókn. Ljósmynd. Sigurður Jónsson.



Krappi er hrauntunga sem gengur fram milli Fiskár og Eystri-Rangár. Svæðið er fallegt og gróð og gaman er að ganga upp með ánni að Bæjarfossi. / Ljósmynd. Nanna Fanney Björnsdóttir.

Rangárþing eystra



Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri.

Rangárþing eystra er eitt þriggja sveitarfélaga í Rangárvallasýslu. Heildarstærð sveitarfélagsins er 1841 km² og nær frá Eystri-Rangá í vestri til Jökulsár á Sólheimasandi í austri og að Tindfjöllum og Emstrum í norðri. Sveitarfélagið var stofnað þann 9. júní 2002 með sameiningu sex hreppa í austanverðri Rangárvallasýslu í eitt sveitarfélag. Þeir hreppir voru Hvolhreppur, Fljótshlíðarhreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur og Vestur-Eyjafjallahreppur. Íbúafjöldi svæðisins hefur aukist þó nokkuð á síðustu árum en þann 1. janúar 2020 voru íbúar í Rangárþingi eystra 1962 og þar af búa um 1150 á Hvolsvelli og nágrenni. Fjölgun í sveitarfélaginu er mjög jákvæð þróun og sveitarfélagið er í stöðugri sókn en það sést hvað best á uppbyggingu svæðisins með fjölgun íbúðarhúsa, nýjum götum, nýjum hverfum og auknu atvinnuframboði allt árið um kring. Rangárþing eystra starfar á sveitarstjórnarstigi og er aðsetur stjórnarsýslunnar á Hvolsvelli. Sjö fulltrúar sitja í sveitarstjórn sem fer með stjórnunarvaldið. Sveitarstjóri er Lilja Einarsdóttir.

Hvolsvöllur

Hvolsvöllur er þéttbýliskjarni sveitarfélagsins og þar er aðsetur stjórnarsýslunnar. Byggð fór að myndast á Hvolsvelli er Kaupfélag Hallgeirseyjar hóf þar verslun árið 1930. Frá þeim tíma hefur byggðin stækkað jafnt og þétt og eflst sem þjónustukjarni sveitarfélagsins. Helstu atvinnuvegir þar eru iðnaður, verslun og þjónusta. Á Hvolsvelli er grunnskóli, leikskóli, héraðsbókasafn, lögreglustöð, dýralæknir, dvalar- og hjúkrunarheimili, heilsugæslustöð, apótek, sundlaug, íþróttahús með líkamsrækt, verslun, banki, veitingastaðir og fleira.

Skólastarf

Í kjölfar sameiningar hreppanna voru sameinaðir allir skólar og leikskólar svæðisins og er nú aðeins einn skóli, Hvolsskóli, og einn leikskóli, leikskólinn Ör. Báðir skólarnir eru á Hvolsvelli. Skólaakstur sveitarfélagsins er einn sá umfangsmesti á landinu þar sem öllum börnum úr dreifbýlinu er ekið með skólabíl á Hvolsvöll. Til að koma til móts við þau börn sem eiga sem lengstan veg að fara í skóla er sett regla um 45 mínútna hámarksviðveru í skólabíl. Samfella skóla, tómstunda og íþróttar er eitt af samstarfsverkefnum í tengslum við skólastarfið. Með samfellunni er unnið að aukinni samþættingu í tómstunda- og skólastarfi í Rangárþingi eystra. Markmiðið er að sem flest börn hafi tækifæri til að stunda íþróttir og aðrar tómstundir þrátt fyrir fjarlægðir frá skóla og sé það samstillt akstri skólabíllanna. Þá er einnig áætlað að börn hafi lokið starfsdegi sínum á sama tíma og hefðbundnum vinnudegi foreldra og forráðamanna lýkur. Sveitarfélagið er í góðu samstarfi við Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi og Háskólafélag Suðurlands til að efla möguleika íbúa til frekari menntunar. Góð fjarnámsaðstaða hefur verið byggð upp í tengslum við það enda er útibú Háskólasetursins og Fræðslunetsins á Hvolsvelli.



Kvernufoss undir Eyjafjöllum er lítið þekktur foss sem verður sí vinsælli meðal gesta. / Ljósmynd. Jóna Sigþórsdóttir.



Kjötsúpuhátíðin á Hvolsvelli er haldin í lok sumars ár hvert.
Ljós. Nanna Fanney Björnsdóttir.

Atvinna og náttúra

Sveitarfélagið er mikið landbúnaðarhérað þar sem matvæla- og landbúnaðarframleiðsla eru undirstöðuatvinnugreinar og í héraðinu er öflug mjólkur- og kjötframleiðsla. Höfuðstöðvar Sláturfélags Suðurlands eru á Hvolsvelli en þar er rekin stærsta kjötvinnsla landsins. Ferðapjónusta er vaxandi atvinnugrein og hefur blómstrað mikið undanfarin ár. Í sveitarfélaginu er að finna einstakar náttúruperlur og þekktar sögustaði. Meðal helstu staða eru Þórsmörk, Tindfjöll, Eyjafjallajökull, Skógafoss, Seljalandsfoss og Paradísarhellir en auk þess er að finna einstakar náttúru- og jarðfræðiminjar sem eru minna þekktar eins og Mögugilshelli sem talinn er vera með stærri náttúrugerðum móbergshellum í Norður Evrópu og Drumabót, þar sem finna má minjar um aldagamlan skóg. Öflug og lifandi náttúra gefur ferðapjónustunni góðan meðbyr. Auk þessa minja teygir söguvið Brennu-Njáls sögu sig um allt svæðið og gestum sveitarfélagsins er gefinn kostur á að upplifa söguna á lifandi og eftirminnilegan hátt. Rangárþing eystra er hluti af Kötlu, hnattrænum UNESCO jarðvangi (Katla UNESCO Global Geopark). Rangárþing eystra er inngangurinn vestan megin inn í Kötlu jarðvang. Jarðvangurinn kynnir náttúru og búsetu á einu mesta náttúrhamfarasvæði Evrópu og skartar einstökum jarðminjum á heimsvísu sem segja sögu virkra afla.

Afþreying

Sögusetrið er starfrækt á Hvolsvelli. Þar er sögusýning tengd Njálu, veitingastaður í Víkingastíl og sérstakt kaupfélagssafn sem segir sögu kaupfélaga á Suðurlandi, frá Vík, Vestmanna-eyjum, Hvolsvelli, Hellu og Selfossi. Þjónusta við ferðamenn er fjölbreytt og afþreying er af ýmsu tagi sem hentar öllum aldurshópum, s.s. söfn, sýningar, sundlaugar, hestaleigur, gönguleiðir, íþróttamiðstöð, golf, gallerí, veiði og margt fleira. Skógasafn er eitt stærsta og öflugasta byggðasafn á landsbyggðinni. Safnið er opið allt árið og árlega heimsækja það um 46 þúsund gestir. Landeyjahöfn hefur skapað aukin tækifæri með tengingu við Vestmannaeyjar.

Félags- og menningarlíf

Mikið félags- og menningarlíf er í sveitarfélaginu. Íbúar eru virkir þátttakendur og leiðandi í því starfi sem fer fram. Tónlistarstarf er öflugt og fjölmargir kórar eru starfandi í Rangárþingi eystra; Karlakór Rangæinga, Kvinnakórinn Ljósbrá, Kammerkór Rangæinga, Hringur kór eldri borgara auk kirkjukóra og sönghópa. Þá er mjög virkt og öflugt íþróttalíf leitt áfram af íþróttafélögunum.



Þórsmörk er ein helsta náttúruperla þjóðarinnar.
Ljós. Sigurður Jónsson.



Frisbígolfmót á Hvolsvelli.
Ljós. Nanna Fanney Björnsdóttir.



Norðurljós við Dyrhólaós. / Ljós. Þórir N. Kjartansson.



Sólsetur við Reynisdranga. / Ljós. Þórir N. Kjartansson.

Mýrdalshreppur



Krakkar á ærslabelgi.

Árið 1887 var Mýrdal skipt í tvo hreppa, Dyrhólahrepp og Hvammshrepp. Í ársbyrjun 1984 voru hrepparnir sameinaðir að nýju og heitir sveitarfélagið nú Mýrdalshreppur. Landfræðilega afmarkast sveitarfélagið af Jökulsá á Sólheimasandi að vestan og Blautukvísl á Mýrdalssandi að austan. Flatarmál sveitarfélagsins er 760,8 km². Sveitin er grasi gróin, en beljandi jökulfljót og víðáttumiklir sandar mynda mótvægi við gróðurlendið. Víða til heiða eru fjöllin mjög sundurskorin af hrikalegum gljúfrum. Mest eru þetta fornar sprungumyndanir sem skriðjökla og jökulár hafa mótað. Í megindrátum er um að ræða móbergssvæði, ung jarðmyndun sem ýmist er mynduð við neðansjávargos eða gos undir jökli. Í Mýrdalshreppi eru margar stórbrotnar náttúruperlur, s.s. Dyrhólaey, Víkur- og Reynisfjörur, Reynisdrangar, Hjörleifshöfði, Sólheimajökull, Þakgil, Gæsavatn og Mýrdalsjökull en í honum er eldstöðin Katla. Mýrdalshreppur er eitt af þremur sveitarfélögum í Katla UNESCO GLOBAL Geopark.

Atvinnuvegur og íbúáþróun

Þéttbýlið Vík sem er syðsti byggðakjarni landsins hóf að byggjast upp í kringum 1883, þá fyrst og fremst sem verslunarstaður en þó var einnig rólið til fiskjar frá Víkurfjöru. Undanfarnir ár hefur ferðapjónustan verið undirstaða atvinnulífs í sveitarfélaginu. Fjöldi veitingastaða og hótela hafa risið á undanfönum árum sem og hefur framboð af afþreyingu fyrir ferðamenn aukist, má þar nefna Zip line, svífængjaflug, jöklaferðir, íshellaskoðun og hestaferðir. Samfara auknum umsvifum í ferðapjónustu hefur íbúum sveitarfélagsins fjölgað mjög hratt á undanfönum árum. Íbúar Mýrdalshrepps voru í desember 2020, 766 og hafði þá fjölgað að meðaltali um 9% árlega sl. þrjú ár. Hlutfallslega eru fá börn á leik og grunnskóla aldri í Mýrdalshreppi en á árinu 2020 fæddust 16 börn í sveitarfélaginu sem er óvenjulega mikill fjöldi en er vonandi til marks um það sem koma skal. Mannlíf er gott í sveitarfélaginu, fjölbreytileikinn mikill en rúmlega 40% íbúa er af erlendu bergi brotinn sem er eitt hæsta hlutfall á landinu. Á skömmum tíma hefur samfélagið breyst frá því að vera frekar einsleitt í að vera fjölbjóðlegt. Þrátt fyrir mikla uppbyggingu á íbúðarhúsnæði hefur verið vöntun á litlum og meðalstórum íbúðum sem hvort tveggja má rekja til mikillar íbúafjölgunar og svo því að töluvert af húsnæði hefur farið undir ferðamennsku.

Í sveitarstjórn Mýrdalshrepps sitja 5 fulltrúar tveggja framboða. Þeir eru eftirfarandi:

Einar Freyr Elínarson, oddviti, Ingi Már Björnsson, Drífa Bjarnadóttir, Páll Tómasson og Þórey R. Úlfarsdóttir (Þórey kom inn fyrir Ragnheiði Högnadóttir á miðju tímabili).

Sveitarstjóri: Þorbjörg Gísladóttir.



Brydebúð - Halldórskafti. / Ljós. Þórir N. Kjartansson.



Dyrhólaey. / Ljós. Þórir N. Kjartansson.



Norðurljós við Dyrhólaós. / Ljós. Þórir N. Kjartansson.



Hér er verið að taka fyrstu skóflustunguna að nýrri Gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs sem mun rísa í landi Hæðargarðs í Landbroti. Frá vinstri: Ásta Begga Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, Magnús Þorfinnsson sem gaf lóð undir gestastofuna, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra og Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps. / Ljós. Hasse.

Umferð um hálendið er mikil á sumrin og þar gegnir Vatnajökulsþjóðgarður lykilhlutverki í að þjónusta ferðamenn og vernda svæðið. Hér eru gestir á útsýnispallinum við Ófærufoss. / Ljós. LM.

Skaftárhreppur



Oddvitinn, Eva Björk Harðardóttir, er hér að bera fram kaffi með kvenfélaginu á 17. júní 2020. Eiginmaður hennar, Þorsteinn M. Kristinnsson, stóð vaktina á hátíðinni. Ljós. LM.



17. júní hátíðarhöld á Kirkjubæjarklaustri 2020. Allir leggja hönd á plóg. / Ljós. LM.

Skaftárhreppur varð til árið 1990 við sameiningu fimm hreppa; Hörgslands-, Kirkjubæjar-, Leiðvalla-, Skaftártungu- og Álftavershrepps. Hann er austurhluti Vestur-Skaftafellssýslu og afmarkast af Blautukvísl á Mýrdalssandi í vestri og Sandgígjukvísl á Skeiðarársandi í austri. Hreppurinn dregur nafn sitt af ánni Skaftá, sem á aðalupptök sín undir Skaftárjökli í vestanverðum Vatnajökli og rennur til sjávar í Veiðiósi og Kúðaósi, en lengd árinna frá upptökum til ósa er um 115km. Í dag eru íbúar Skaftárhrepps um 450 talsins og hefur aðeins farið fækkandi síðustu ár. Aðalatvinnuvegir svæðisins eru landbúnaður og ferðaþjónusta, en fiskeldi skipar einnig stóran sess. Eini þéttbýliskjarninn í hreppnum er Kirkjubæjarklaustur, eða „Klaustur“ eins og staðurinn er gjarnan nefndur í daglegu tali. Á Klaustri er stunduð verslun, margvísleg þjónusta og iðnaður. Grunnskóli Skaftárhrepps, Kirkjubæjarskóli á Síðu, er á Kirkjubæjarklaustri en þar geta börn stundað nám allan grunnskólann. Kirkjubæjarskóli var settur í fyrsta sinn þann 4. október 1971. Kirkjubæjarskóli var reistur sem samvinnuverkefni þeirra hreppa sem síðar sameinuðust í Skaftárhrepp. Leikskólinn Kæríabær er á Klaustri en þar læra yngstu börnin að taka sín fyrstu skref út í lífið. Á Klaustri er einnig hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar.

Sagan og náttúra

Klaustur er við Þjóðveg 1, hringveginn, miðsvæðis í hreppnum. Þaðan liggja leiðir til allra átta; Lakavegur liggur inn á hálendið, skammt vestan Klausturs. Landbrotavegur/Meðallandsvegur er hringleið, frá Skaftárbrú, um sunnanverðan hreppinn. Með því að fara Fjallabaksleiðir syðri og nyrðri má komast á sunnanvert hálendi Íslands. Liggur leiðin þá um Skaftártunguveg, sem ekið er inn á af hringveginum 25 km vestan Klausturs. Álftaversvegur er hringleið um Álftaver við Mýrdalssand. Kirkjubæjarklaustur á Síðu, sem hét til forna „Kirkjubær“, á sér langa og merka sögu. Talið er að fyrir landnám norrænna víkinga hafi Papar haft búsetu á Kirkjubæjarklaustri og sagan segir að þar hafi ávallt búið kristnir menn og heiðnir menn ekki mátt þar búa. Þar var löngum stórbýli en landnámsmaðurinn Ketill hinn fífelski reisti þar bú. Eftir Ketil vildi Hildir Eysteinnsson úr Meðallandi færa bú sitt í Kirkjubæ en hann var maður heiðinn. Er hann kom að túngarði féll hann örendur niður og liggur í Hildishaugi, sem er Kletthóll skammt austan Klausturs. Árið 1186 var stofnað nunnuklaustur af Benediktsreglu í Kirkjubæ. Klausturhald hélst nær óslitið fram til síðaskipta árið 1550. Mörg örnefni á staðnum og þjóðsögur tengjast klausturlífinu og kirkjusögunni.

Landslag og gróðurfar

Landslag og gróðurfar í Skaftárhreppi er mjög fjölbreytilegt og andstæður náttúrunnar mjög miklar. Veðursæld er mikil á íslenskan mælikvarða, mildir vetur og hlý og sólrík sumur, sem gerir svæðið ma. að einu hinna áhugaverðustu fyrir íslenska og erlenda ferðamenn. Miklar náttúruhamfarir af völdum eldgosa og jökulhlaupa hafa í gegnum aldirnar mótað landslag og mannlíf héraðsins. Árið 1783 rann mikið hraunflöð úr Lakagígum á



Lífð í Skaftárhreppi snérist um landbúnað. Síðustu ár hefur ferðaþjónustan verið aðal atvinnugreinin. Þessi mynd er tekin af Ástarbrautinni sem er mjög vinsæl gönguleið. Sjá má Hótel Klaustur, Kirkjubæjarskóla, Íþróttamiðstöðina og bílplanið fyrir Gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs. Ljós. LM.

Nýlega voru auglýstar lóðir til úthlutunar við læknisbústaðinn á Kirkjubæjarklaustri. /Ljós. LM.

Síðumannafrétti, þekkt sem „Skaftáreldar“. Er það talið eitt hið mesta hraunflóð sem runnið hefur á Jörðinni í einu gosi. Hraunstraumarnir fylltu gljúfur Skaftár og Hverfisfljóts og runnu þar til byggða í tveimur hraunfljótum og breiddust svo út yfir láglendið. Hraunið tók af marga bæi og eyddi stórum landsvæðum í byggðinni. Öskufall varð mikið og afleiðingar eldgossins urðu skelfilegar fyrir íbúa héraðsins og landsmenn alla. Þetta tímabil hefur verið nefnt „Móðuharðindin“. Í Mýrdalsjökli er eldstöðin Katla sem margsinnis hefur gosið frá því sögur hófust, síðast árið 1918. Mikil jökulhlaup hafa fallið niður Mýrdalssand í kjölfar Kötlugosa og ógnað byggðum í nágrenninu. Þá hafa einnig orðið mikil eldgos á sögulegum tíma í Eldgjá í Skaftártungu og í Örafajökli, auk eldgosa í smærri eldstöðvum.

Áhugaverðir staðir

Kirkjubæjarklaustur, Dverghamrar, Eldgjá, Fjaðrárgljúfur, Foss á Síðu, minningarkapella Sr. Jóns Steingrímssonar, Jökulsárlón, Kirkjugólf, Langisjór, Lómagnúpur, Núpsstaður, Núpsstaðarskógar, Ófærafoss, Systrastapi og Systrafoss, Vatnajökulsþjóðgarður, Lakagígar.

Verslun, þjónusta og afþreying

Á Kirkjubæjarklaustri má finna alla grunnþjónustu: Matvöruverslun, apótek, heilsugæslu, bifreiðaverkstæði, handverksbúð, sýningar og veitingastaði. Þar er einnig íþróttamiðstöð þar sem er tækjalur og sundlaug með heitum pottum.

Lögbýli

Landbrot (18 lögbýli), Meðalland (23 lögbýli), Síða (56 lögbýli), Skaftártunga (23 lögbýli), Álftaver (11 lögbýli).

Sveitarstjórn

Alls hafa verið haldnir rúmlega 450 fundir í sveitarstjórn frá upphafi.

Aðalmenn: Eva Björk Harðardóttir, oddviti (D), Bjarki Guðnason, varaoddviti (D), Katrín Gunnarsdóttir (D), Heiða Guðný Ásgeirsdóttir (Z), Arndís Harðardóttir (Z).

Varamenn: Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður (D), Unnur Einarsdóttir Blandon 2. varamaður (D), Sveinn Hreiðar Jensson 3. varamaður (D), Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður (Z), Gústaf B. Pálsson 2. varamaður (Z).



Skaftárhreppur hefur lagt sig fram um að finna umhverfisvænar lausnir í sorpmálum. Margir íbúanna nota Bokhashi tunnur fyrir sitt lífræna sorp. Auður Hafstað sýnir að flokkun sorps og frágangur getur verið mjög skemmtilegt verkefni og allir vilja taka þátt. /Ljós. LM.



Héraðsbókasafnið á Kirkjubæjarklaustri er mikilvæg menningarmiðstöð og er jafnframt skólalibókasafn Kirkjubæjarskóla á Síðu. Hér eru góðir gestir að kynna bækur sínar í desember 2019. Það eru þau Guðjón Ragnar Jónasson, Aðalsteinn Ingólfsson, Steinunn Sigurðardóttir og Guðmundur Óli Sigurgeirsson. /Ljós. LM.



Séð yfir Vestmannaeyjaklasann. / Ljós. Sigurgeir Jónasson.



Surtsey er komin á heimsminjaskrá UNESCO. / Ljós. Sigurgeir Jónasson.

Vestmannaeyjar



Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri. Íris er fyrsta konan til að gegna stöðu bæjarstjóra í 100 ára sögu Vestmannaeyjabæjar. Ljós. Ásta Kristjánsdóttir



Bæjarstjórn Vestmannaeyja á fundi 14. febrúar 2019, en þann dag voru 100 ár liðin frá fyrsta fundi bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn:

Elís Jónsson, forseti bæjarstjórnar
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir,
Njáll Ragnarsson, formaður bæjarráðs
Hildur Sólveig Sigurðardóttir
Helga Kristín Kolbeins
og Trausti Hjaltason

Bæjarstjóri:

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri frá
24. júní 2018

Hið undurfagra ævintýri – Vestmannaeyjar

Um 10 km suður undan Landeyjasandi hringa sig um eða yfir 15 eyjar, auk skerja og dranga, „sem safírar greyptir í silfurhring“, eins og Þjóðskáldið Einar Benediktsson orti. Heimaey er stærsta eyjan og sú eina sem byggð hefur verið, en hún er einnig stærsta eyja landsins. Syðsta eyjan, og útvörður Íslands í suðri, er Surtsey er reis úr hafi í neðansjávareldgosi 1963-1967 og er meðal yngstu eyja heimsins. Surtsey er friðlýst og hefur verið á heimsminjaskrá UNESCO frá 2008.

Sagan

Frá öndverðu hafa Vestmannaeyjar verið ein stærsta verstöð landsins og sökum þeirra náttúrugæða urðu Eyjar mjög snemma ákjósanleg miðstöð verslunar og viðskipta. Því hefur jafnvel verið haldið fram af fræðimönnum að hér sé að finna elsta þéttbýlisstað landsins. Þrátt fyrir að Vestmannaeyjar væru frá náttúrunnar hendi eitt Drottins gnægtabúr, eða kannske þess vegna, bjuggu Eyjaskeggjar lengstum við harðbyli. Allt frá miðöldum töldust Eyjar eitt af íslenskum djásnum hins danska konungdæmis og jafnan til þeirra vísað sem séreignar hans hátignar.

Nýja öldin

Árið 1906 er sem nýr dagur renni upp yfir Eyjarnar. Á undraskömmum tíma margfaldast íbúaföldi í Vestmannaeyjum. Það er eins og aldaheft bresti í einni svipan, vélbátar leysa hin þungu áraskip af hólmi og næga vinnu er að hafa fyrir hvern verkfúsan mann. Óhjákvæmilegur fylgifiskur er bjartsýnin, gleðin yfir þeim nýju tækifærum sem alls staðar blasa við. Þess er heldur ekki langt að biðna að íbúaföldinn taki einnig við sér. Öldum saman hafði hann staðið nokkurn veginn í stað í Eyjum, um 300-600 manns allt frá Tyrkjaráninu 1627 og fram til 1900. En þá kemur nýja öldin. Íbúaföldinn óx á aldarfjórðungnum 1900-1925, úr um 600 manns árið 1900 í ríflega 3000 árið 1925. Árið 1919 fengu Vestmannaeyjar kaupstaðarréttindi og bærinn tók að byggjast upp. Sú uppbygging hélt óslitið áfram allt fram að gosi þegar eyjaskeggjar töldust rúmlega 5200. Aldrei aftur átti íbúaföldinn eftir að ná fjöldanum sem hér bjó fyrir gos og aldrei aftur átti Eyjan eftir að græða mestu sárin, austurhlutinn gamli var að eillifu horfinn. Aðeins Tyrkjaránið 1627, þegar meira en helmingur íbúa var tekinn höndum og fluttur sem þrælur til framandi landa, getur talist sambærilegur stórviðburður í sögu Eyja og landsins alls.

Nútíminn

Þegar lítið er til nútímans blasir við öflugt og margþætt samfélag enda þótt sjávarútvegur gegni enn lykilhlutverki með flaggskipin Vinnslustöðina og Ísfélagið, elsta samfelld starfandi hlutafélag á Íslandi, í broddi fylkingar. Nýr Herjólfur sem hóf siglingar 2019 siglir 6-7 ferðir milli lands og Eyja á dag í Landeyjahöfn sem var tekin í notkun 2010. Í kjölfar aukinna farþega-siglinga til Vestmannaeyja hefur orðið bylting í ferðaþjónustu með stórauðnum fjölda ferðamanna og lengingu á „ferðasumrinu“. Náttúruperlur eru hér við hvert fótmál, ummerki



Upphaf eldgossins á Heimaey, 23. janúar 1973. / Ljós. Sigurgeir Jónasson.



Nýr Herjólfur kom í júní 2019. / Ljós. Óskar Pétur Friðriksson.

eldgossins eru svipmikil fyrir þá sem ekki þekkja til, söfn hafa bæst við í flóru menningarlífsins á síðustu árum með Sea Life og gríðastað mjaldra, Eldheima og Sagnheima, sem burðarása ásamt öðrum söfnum Safnahúss og sýningarrými. Þá hafa veitingahús bæjarins sprungið út undanfarin ár og skýrt dæmi þess að hér er boðið upp á það sem best þykir er að Vestmannaeyjar voru tilnefndar til norrænu matvælaferðlaunanna 2022. Ferðaiðnaðurinn er þar með orðinn önnur stoðin undir blómlegt og vaxandi samfélag. Þriðja stoðin undir fjölbreytt atvinnulíf í nútíð og framtíð er efling líftækniíðnaðar í Eyjum með margvíslegum hætti, einkum með nýsköpun á sviði sjávarlíftækni og staðbundinnar matvælaframleiðslu. Vestmannaeyjar nútímans eru því byggð tækifæranna með öflugan grunnskóla sem haustið 2021 varð frumkvöðull í nýsköpunarverkefninu Kveikjum neistann – sem ætlað er að efla læsi og bæta líðan –, framhaldsskóla sem var valinn stofnun ársins í sínum flokki árin 2018 og 2020 vaxandi samstarf við háskólastigið og tónlistarskóla sem býður upp á ótrúlega fjölbreytt og gefandi nám. Bæði skólar og samfélagið allt hafa lagst á árar við að efla íþróttir sem allra mest og eru Vestmannaeyjar einn öflugasti íþróttabær landsins undir merkjum ÍBV með lið í efstu deildum karla og kvenna, bæði í hand- og fótbolta, golfvöll á heimsmælikvarða og landsfrægar og vinsælar göngu- og hlaupaleiðir. Leikfélag Vestmannaeyja er annað dæmi um grósku mannlífs og menningar í Eyjum en það hefur verið starfandi frá 1910 og rekur upphaf sögu sinnar til miðrar 19. aldar. Þá má ekki gleyma sérstöðu Eyjanna með sínar þekktu bæjarhátíðir; Prettándann, Goslokahátíð og Þjóðhátíð, með hinum sígildu Eyjalögum, sem er langlífasta stórhátíð landsins. Í könnun landshlutasamtaka sveitarfélaga á búsetuskilyrðum og hamingju 2022 enduðu Vestmannaeyjar í 1. sæti og höfðu áður vermt oddvitasætið af sömu ástæðu. Það má því segja að gott þyki að búa í Vestmannaeyjum.



Landeyjahöfn, tekin í notkun 20. júlí 2010. / Ljós. Óskar Pétur Friðriksson.



Meistaraflokkur ÍBV í handbolta fjórfaldir meistarar, deildar-, bikar-, Íslands- og meistarar meistaranna. / Ljós. Sigurgeir Jónasson.



100 ára afmælishátíð Vestmannaeyjabæjar 2019. / Ljós. Óskar Pétur Friðriksson.



Þjóðhátíð í Eyjum. / Ljós. Sigurgeir Jónasson.



Starfsfólk SSS og HES.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum SSS



Berglind Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri.

Stjórnskipan sveitastjórna á Íslandi hvílir á gömlum grunni en sögu þeirra má rekja allt til þjóðveldisaldar. Stofnun sveitarfélaga má rekja til þeirra lýðræðislegu hefða sem landsnámsmenn þekktu úr norrænni menningu. Þrátt fyrir þessar sögulegu rætur hefur hlutverk sveitarfélaga breyst í aldanna rás og tekið mið af ríkjandi pólitískum viðhorfum hverju sinni. Um miðja 20. öld voru sveitarfélög á Íslandi 229. Frá síðari hluta níunda áratugar tuttugustu aldar tók þeim að fækka.

Fjöldi sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur tekið nokkrum breytingum í aldanna rás. Þannig voru fjögur sveitarfélög á Suðurnesjum langt fram á 19. öld, þ.e. Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Rosmhvalaneshreppur og Vatnsleysustrandarhreppur. Í gegnum aldirnar urðu að vísu breytingar á stjórnýsulumörkum sveitarfélaganna, t.d. klufu Njarðvíkurbæirnir sig úr Rosmhvalaneshreppi árið 1596 og sameinuðust Vatnsleysustrandarhreppi.

Undir lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. urðu umtalsverðar breytingar á sveitarfélagaskipan á Suðurnesjum rétt eins og á landinu öllu með breyttum atvinnuháttum og breytingum á hlutverki sveitarfélaga. Rosmhvalaneshreppi var skipt upp eftir Miðnesi endilöngu árið 1886, innri helmingurinn hélt nafninu áfram en sá ytri fékk nafnið Miðneshreppur. Þremur árum síðar var hreppum skipt upp aftur þegar Njarðvíkurbæirnir klufu sig frá Vatnsleysustrandarhreppi. Kauptúnið Keflavík klauf sig frá Rosmhvalaneshreppi árið 1908 og sameinaðist Njarðvíkurhreppi í Keflavíkurhrepp. Það sem eftir var af Miðneshreppi varð að Gerðahreppi. Njarðvíkurhreppur klauf sig frá Keflavíkurhreppi árið 1942. Hrepparnir sameinuðust aftur ásamt Hafnarhreppi árið 1994 í Reykjanesbæ. Í dag eru fjögur sveitarfélög á Suðurnesjum, Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar.

Íbúafjöldi og atvinnugreinar

Íbúum á Suðurnesjum hefur fjölgað mikið á árunum 2013-2020 eða um 31,2% en það eru samtals 6.623 íbúar. Af þeim hafa rúmlega 5.000 sest að í Reykjanesbæ. Á sama tímabili fjölgaði landsmönnum um 13% eða 42.277 íbúa. Ef litið er til ársins 1998 hefur íbúum Suðurnesja fjölgað um 77,1%. Þann 31. desember 2020 bjuggu alls 28.190 íbúar á Suðurnesjum. Svæðið er mjög háð flugvælinum og það má sjá í þróun efnahagsmála á Suðurnesjum. Árið 2012 voru ferðapjónusta, verslun, veitingar og samgöngur um 28% af umsvifum atvinnugreina á Suðurnesjum en árið 2017 var hlutfallið komið í 43%. Atvinnutekjur af ferðapjónustu á Suðurnesjum er 37,7% árið 2018 skv. upplýsingum frá Byggingastofnun meðan að landsmeðaltalið er 17,5%.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Samband sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi voru stofnuð árið 1964 og var gamla Reykjaneskjördæmið starfsvettvangur þeirra. Þeim samtökum var skipt upp og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum var stofnað árið 1978, en frá árinu 1971 hafði verið starfandi formlæg



Myndir úr atvinnulífni, sjómennska og frá Keflavíkflugvelli.
Ljós m. Þráinn Kolbeinsson.

samstarfsnefnd sveitarfélaga á svæðinu. Aðildarsveitarfélög SSS eru fjögur talsins í dag Reykjanesbær, Grindavík, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum eiga í ýmiskonar samstarfi og reka í sameiningu stofnanir og verkefni sem sinna ólíkum hlutverkum og þjónustu við íbúa. Dæmi um samrekin fyrirtæki allra sveitarfélaganna eru Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Atvinnuþróunarfélagið Heklan, Áfangastaðastofa Reykjanes, Reykjanes UNESCO Geopark, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Verkefni

Helstu verkefni sambandsins tengjast byggða- og atvinnuþróun. SSS heldur utan um Sóknaráætlun Suðurnesja, sinnir atvinnuþróun á svæðinu í gegnum Hekluna. Sér um uppbyggingu ferðamannastaða í gegnum Áfangastaðastofu Reykjanes og Reykjanes Unesco Geopark, svo dæmi séu tekin. Þó svo að verkefni taki breytingum á milli ára er tilgangur sambandsins alltaf fyrst og fremst að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaganna og efla og styrkja samstarf þeirra. Í sameiginlegum málum kemur það fram fyrir hönd sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og öðrum.

Stjórn Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Jóhann Friðrik Friðriksson, formaður (Reykjanesbæ), Ingbór Guðmundsson, varaformaður (Sveitarfélagið Vogar), Hjálmar Hallgrímsson, ritari (Grindavíkurbær) og Laufey Erlendsdóttir, meðstjórnandi (Suðurnesjabær).

Framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum er Berglind Kristinsdóttir og hefur hún gengt því starfi frá árinu 2009. Berglind er B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri og meistaraþáttu í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands.

Starfsfólk og aðsetur

Alls eru starfsmenn SSS 10 með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Jarðfræðingur, íslenskufræðingur, viðskiptafræðingur og ferðamálafræðingur eru starfandi hjá SSS, svo dæmi séu tekin. Skrifstofa SSS er staðsett að Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.



Hluti starfsfólks SSS.



Eldgosið í Geldingadöllum.



Brunavarnir Suðurnesja



Tilgangur

Brunavarnir Suðurnesja BS rekur öflugt björgunarlið sem sinnir margþættu hlutverki gagnavart almenningi, fyrirtækjum og stofnunum á starfssvæði sínu. Tilgangur er að annast lögbundin og samningsbundin verkefni. Felst það einkum í að vinna að forvörnum, eftirliti og veita fyrstu viðbrögð til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir.

Mannafli

Hjá BS starfa 56 starfsmenn. Starf slökkviliðs og sjúkraflutningamanna krefst markvissar og fjölbreyttrar þjálfunar með öflugum tækjabúnaði. Starfsmenn sem ganga vaktir eru 24 og sinna jöfnum höndum þeim verkefnum sem upp koma, s.s. sjúkraflutningum brunaútköllum, mengunaróhöppum o.s.frv. Á skrifstofu starfa 8 starfsmenn í 7 stöðugildum, þá eru 19 hlutastarfandi starfsmenn og 6 starfsmenn sem ganga skipulagðar vaktir á sjúkrabíl í Grindavík. Í Vogum er rekin útkallseining með 7 hlutastarfandi slökkviliðsmönnum þar er staðsettur einn slökkviliðsbíll með tilheyrandi búnaði.

Verkefni

Á liðnu ári voru 220 útköll af ýmsu tagi allt frá litlum sinubrunum í stærri elda, á árinu var öðrum slökkviliðum veitt aðstoð vegna bruna.

Alltaf er eitthvað um útköll vegna eitur og spilliefna, viðbrögð vegna slíkra útkalla kalla á mjög sérhæfðan búnað og vel þjálfaða starfsmenn til að koma í veg fyrir að fólki eða umhverfi stafi hættu af.

Björgun fólks úr bílflökum eða öðrum þeim aðstæðum þar sem beita þarf öflugum tækjabúnaði til að losa fólk krefst sérstakrar þjálfunar og sérhæfs búnaðar.

Sjúkraflutningar eru viðamikil verkefni sem byggir á samningi við Sjúkratryggingar Íslands, og hefur B.S sinnt þeim frá 1988. Á árinu var gengið frá samningi við SÍ um að B.S sinni sjúkraflutningum í Grindavík. Í dag sinna BS sjúkraflutningum á Suðurnesjum öllum. Á árinu var farið í 2976 sjúkraflutninga.

Eldvarnareftirlit veitir íbúum, fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf um öryggi gegn eldsvoðum ásamt því að sinna lögboðinni efrilitsskyldu.

Sagan

Brunavarnir Suðurnesja var stofnað 27. maí 2015 með heimild í 94. gr sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Brunavarnir Suðurnesja BS, á sér langa sögu sem nær aftur til 15. apríl 1913 en þá var slökkvilið Keflavíkur stofnað. Árið 1974 sameinuðust Keflavík, Njarðvík, Garður, Vogar og Hafnir um að reka slökkvilið í þessum sveitarfélögum og voru Brunavarnir Suðurnesja stofnað sem samvinnufélag til þess að sinna lögboðnum verkefnum slökkviliða þess tíma. Önnur tímamót urðu 27. maí 2015 en þá var rekstrarforminu breytt í byggðasamlag og Sandgerðisbær gekk



til liðs við þau sveitarfélög sem voru eigendur B.S en áður hafði verið í gildi samningur frá árinu 2012 milli B.S og Sandgerðisbæjar um rekstur slökkviliðs Sandgerðis. Í dag eru þrjú sveitarfélög, Reykjanesbær, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar eigendur Brunavarna Suðurnesja BS. www.bs.is





Starfsmenn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

Frá vinstri: Sonja Hrund Steinarsdóttir, J. Trausti Jónsson, Magnús H. Guðjónsson, Stefán B. Ólafsson, Helgi Haraldsson og Ásmundur E. Þorkelsson.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

Alþingi samþykkti þann 18. maí 1981 lög um hollustuhætti og hollustuvernd. Í þessum lögum var lagður grunnur að heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna sem haldist hefur lítið breyttur til dagsins í dag. Í lögnum segir m.a.: „Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlítandi hollustueftirlits og þjónustu hollustufulltrúa.“ Lögin hafa síðan tekið miklum breytingum, eins og gefur að skilja, þó svo að grunnkjarninn sé sá sami. Haustið eftir, nánar tiltekið þann 20. október 1982, var fyrsti fundur sameinaðrar heilbrigðisnefndar Suðurnesja (sem þá hét hollustunefnd) og má því segja að það sé stofndagur Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja (HES). Starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja eru sveitarfélögin fjögur á Suðurnesjum ásamt varnarsvæðum sem lúta yfirstjórn utanríkisráðherra.

Í heilbrigðisnefnd Suðurnesja sitja eftirfarandi fulltrúar

Suðurnesjabær - Haraldur Helgason, formaður (Jón Ragnar Ástþórsson til vara).

Reykjanesbær - Hanna Björg Konráðsdóttir (Jóhann Snorri Sigurbergsson til vara).

Ingvi Þór Hákonarson (Andri Freyr Stefánsson til vara).

Sveitarfélagið Vogar - Inga Rut Hlökkversdóttir (Áshildur Linnét til vara).

Grindavík - Birgitta Káradóttir (Jóna Rut Jónsdóttir til vara).

Fulltrúi atvinnurekanda á Suðurnesjum er Bergþóra Sigurjónsdóttir.

Í málum er varða varnarsvæðin í landinu gegnir Utanríkisráðuneytið hlutverki heilbrigðisnefndar.

Mannauður

Hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja starfa 6 starfsmenn í 5,7 stöðugildum. Þessu til viðbótar nýtur embættið þjónustu frá skrifstofu Sambands Sveitarfélaga á Suðurnesjum sem felst í leigu húsnæðis og kaupum á almennri skrifstofuþjónustu.

Starfsmenn embættisins á árinu 2020 voru: Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

Ásmundur E. Þorkelsson, hollustuháttaeftirlit. Stefán B. Ólafsson, dýraeftirlit og meindýraeyðing. Sonja Hrund Steinarsdóttir, matvælaeftirlit. J. Trausti Jónsson, mengunareftirlit.

Helgi Haraldsson, umhverfiseftirlit.

Verkefni HES

Skipta má verkefnum HES í tvennt. Annarsvegar er eftirlit sem embættinu er skylt að sinna samkvæmt lögum og hinsvegar verkefni sem sveitarfélögin hafa falið embættinu að sinna sérstaklega. Lögboðið hlutverk HES er þrenns konar: **Í fyrsta lagi að hafa eftirlit með allri framleiðslu, dreifingu og sölu á matvælum á Suðurnesjum þ.m.t. drykkjarvatni, í öðru lagi að hafa eftirlit með hollustuháttum og smitvörnum og í þriðja lagi að hafa eftirlit með allri umhverfismengandi starfsemi.** Undanskilið þessu er eftirlit Matvælastofnunar með frumframleiðslunni og Umhverfisstofnunar með stóriðjunni.

Eftirlit með hollustuháttum felst í athugun og eftirfylgni með smitvörnum, hreinlæti, loftgæðum, hljóðvist, öryggismálum og tengdum þáttum á stöðum þar sem almenningur



Heilbrigðiseftirlitið fylgist með gæðum strandsjávar á eftirlitssvæði sínu.



Heilbrigðiseftlit Suðurnesja hefur fylgist með gæðum neysluvatns með reglulegum mælingum.

leitar þjónustu. Dæmi um starfsemi sem er leyfis- og eftirlitsskyld eru skólar, leikskólar, íþróttahús, sundstaðir, gististaðir, snyrtistofur, nuddstofur, heilbrigðisstofnanir, dvalarheimili, leiksvæði og samkomuhús. Veitingasalir veitingahúsa og skyndibitastaða falla einnig undir hollustuháttaeftirlit en eftirlit þar er að jafnaði samþættað reglubundnu matvælaeftirliti.

Um framleiðslu og dreifingu matvæla gilda lög nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar séu fullnægjandi. Dæmi um starfsemi sem fellur undir matvælaeftirlit eru matvöruverslanir, veitingahús, mótuneyti, söluturnar, bakarí, vöruflutningamiðstöðvar og kaffibrennslur. Eftirlit með neysluvatni er umfangsmikið og margþætt. Sýni eru tekin úr vatnsveitum, hjá notendum og í vatnsbólum í hverjum mánuði og flutt til rannsóknar. Dæmi um rekstur sem fellur undir þetta eftirlit eru vatnsveitur, vatnsból og aðilar sem annast afgreiðslu á neysluvatni til flugvéla.

Mengunarvarnaeftirlit felst í vinnslu starfsleyfistillagna og eftirliti með fyrirtækjum sem eru eftirlitsskyld samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Mengunarvarnaeftirlit tekur til eftirlits með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr umhverfismengun, eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðslu um þessi mál, auk vöktunar umhverfisins. Dæmi um rekstur sem fellur undir umhverfiseftirlit eru fiskvinnslur, bifreiðaverkstæði, alþjóðaflugvellir, bílapvottastöðvar, jarðvarmavirkjanir og þauleldi.

Fjármögnun

Sveitarfélögin eiga og bera ábyrgð á Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja og er þeim skylt að fjármagna starfsemina. Heimild er í lögum um að leggja gjöld á eftirlitsskyld fyrirtæki og skulu þau standa undir kostnaði við eftirliti með þeim. Þessa heimild hafa sveitarfélögin á Suðurnesjum nýtt sér frá árinu 1987. Gjaldskrá HES er birt í Stjórnartíðindum.

Önnur verkefni

Ýmis lögboðin verkefni HES tengjast ekki fyrirtækjum beint. Má þar til dæmis nefna eftirlit með umgengni á lóðum, húsnæðisskoðanir og samskipti við borgarana, oftast vegna ýmiskonar kvartana, matareitrana og mengunarslysa. Slík verkefni eru fjármögnuð af sveitarfélögnum. Ýmis önnur verkefni tilheyra rekstri embættis sem þessa, t.d. vinna við skipulagstillögur, þátttaka í fundum, vinnuhópum og ráðstefnum að ógleymdri endurmenntun starfsmanna. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur tekið að sér eftirlit með hundahaldi og meindýraeyðingu fyrir sveitarfélögin þó svo að slík verkefni falli ekki undir lögboðnar skyldur embættisins. Innheimt eru gjöld af hundaeigendum sem eiga að standa undir kostnaði við skráningarvinnu, ábyrgðartryggingu vegna skaða sem hundar geta valdið og eftirliti með lausagöngu. Hvað meindýraeyðinguna varðar greiða sveitarfélögin sérstaklega fyrir það.



Vogastapi. / Ljós. Helga Ragnarsdóttir.

Sveitarfélagið Vogar



Pokahlaup á Fjölskyldudögum.

Sveitarfélagið Vogar varð til við nafnbreytingu 1. janúar 2006, en hét áður Vatnsleysu-standarhreppur. Elstu heimildir um Vatnsleysustrandarhrepp eru í landamerkjalogum frá 1270 og er hreppurinn því eitt elsta sveitarfélag landsins. Í Landnámu segir frá Steinunni hinn gömlu, frændkonu Ingólfs Arnarsonar landnámsmanns. Ingólfur „bauð að gefa henni Rosmhvalanes allt fyrir utan Hvassahraun, en hún gaf fyrir heklu flekkótta“. Í Vogum búa alls 1.359 íbúar. Íbúum hefur fjölgað undanfarin ár enda vel staðsett, fjölskylduvænt samfélag. Stóru-Vogaskóli er grunnskóli sveitarfélagsins með um 170 nemendur. Stóru-Vogaskóli flaggar grænfána Landverndar. Í Heilsuleikskólanum Suðurvöllum eru 60 börn. Eldri borgarar koma saman í Álfagerði. Þar er öflugt félagsstarf og samverustundir af ýmsu tagi. Í íþróttamiðstöð eru m.a hægt að stunda knattspyrnu, sund, júdó, yoga, þrek, blak, körfuboltaæfingar og badminton. Kjörin aðstaða er í íþróttamiðstöðinni til að taka á móti hópum í gistingu.

Samfélagið og björt framtíð

Félags- og menningarlíf er öflugt í sveitarfélaginu og eru félögin virkur þátttakandi í menningarlífinu. Haldinn er fjöldi viðburða fyrir íbúa og gesti ásamt öðru sem einkennir hvert félag. Hápunktur félagsstarfsins eru Fjölskyldudagar sem haldnir eru árlega, þriðju helgina í ágúst. Þá sameinast félög og einstaklingar um að skemmta sér og öðrum með margvíslegum uppákomum og viðburðum. Í Vogum eru fyrirtæki í fiskeldi, ferðaþjónustu og matvælavinnslu auk smærri fyrirtækja með ýmisskonar rekstur. Mörg þeirra taka virkan þátt í samfélaginu, meðal annars með styrkjum og viðurkenningum. Margir íbúar sækja atvinnu út fyrir bæjarmörkin en fjöldi þeirra sem starfa innanbæjar fer vaxandi. Sveitarfélagið Vogar á sér bjarta framtíð. Í nýju miðbæjarhverfi, Holtahverfi, rísa nú íbúðarhús af ýmsu tagi með tilheyrandi íbúafjölgun. Uppbygging í Grænumborgarhverfi er einnig handan við hornið með enn meiri fjölgun íbúa. Með uppbyggingunni má gera ráð fyrir að íbúatala sveitarfélagsins nái tölunni 3000. Samfara íbúafjölgun þarf að huga að innviðum, s.s. skóla, leikskóla og annarri þjónustu. Unnið er að því að efla ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Endurbætur á tjaldsvæði eru hafnar, upplýsingaskilti eru víðsvegar um sveitarfélagið auk þess sem fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa haslað sér völl. Framtíðin býr í íbúunum.

Útivist og náttúra

Vogar eru spennandi staður fyrir útivistarfólk og náttúruunnendur. Fjaran og heiðin búa yfir miklum fjölbreytileika. Auk þess eru í Vogum staðir á náttúruinjaskrá og vinsælir staðir til útivistar.

Fjaran

Viða er gott aðgengi að fjörunni. Þar er tilvalið fyrir fjölskylduna að kynna fjörlífinu. Á vorin er fjaran vinsæll viðkomustaður farfugla og er mikið fuglalíf við strandlengjuna árið um kring. Í klettunum í Vogastapa er á varptíma mikill fjöldi fugla og gróskumiklar klettasyllur sem gaman er að skoða af sjó í góðu veðri.

Heiðin

Vogabúar kalla landsvæðið ofan byggðar gjarna heiðina þó lágkent sé. Aðgengi er víðast hvar óheft en heiðin getur verið erfið yfirferðar og varhugaverð þar sem sprungur skera hana eftir endilöngu frá Snorrastaðatjörnum til Vatnsleysuvíkur. Næst byggðinni er hún þó auðveld gangandi fólki. Flestum sem leið eiga um sveitarfélagið finnst heiðin frekar hrjóstrug. Þar vex þó fjöldi plantna og hefur flóran tekið við sér eftir að sauðfjárbætt var hætt um 1980. Trjágróður er lítill þó finna megi nokkra manngerða trjálundi. Þjóðarblómið holtasóley má finna í stórum breiðum í heiðinni.

Hrafnagjá

Hrafnagjá kallast misgengi í heiðinni. Hún dregur nafn sitt af hröfnum sem þar verpa. Enn má sjá hrafnslaupa í gjánni þó þeim hafi fækkað. Bergveggirnir snúa að fjöllunum og er gróðurfar í og við gjána fjölbreytt og gróskumikið. Erfitt og hættulegt getur reynst ókunnugum að komast yfir gjána og njóta þar tilkomumikillar nálægðar við hana. Ofan Voga má þó auðveldlega komast að henni um svokallaðan Kúastíg. Stígurinn hefur að öllum líkindum verið notaður til að komast til og frá seljum sem fjölmörg eru í heiðinni. Merktur göngustígur er að Hrafnagjá frá bílastæði við Reykjanesbraut.

Háibjalli og Snorrastaðatjarnir

Háibjalli er vinsælt útivistarsvæði sunnan Voga. Þangað er rúmlega hálf tíma ganga frá þéttbýlinu. Staðurinn einkennist af hamrabelti við hraunjaðar og er þar skjólsæl vin í náttúrunni. Á Háabjalla er ræktaður skógur. Þar hafa skólabörn úr Vogum gróðursett í nokkur ár. Ofan Háabjalla eru Snorrastaðatjarnir. Þær eru fimm en oftast sjást aðeins þrjár þeirra. Þar er fuglalíf mikið og gróðursæld. Snorrastaðatjarnir eru á náttúruminjaskrá.

Staðarborg

Staðarborg er mannhæðarhátt, grjóthlaðið mannvirki sem stendur í heiðinni ofan við Kálfatjörn. Borgin er nokkur hundruð ára gömul og líklega hlaðin sem fjárborg. Sagan segir að presturinn á Kálfatjörn hafi komið að máli við hleðslumann sem greindi honum frá fyrirætlun sinni um að hlaða hana í topp. Prestur var ekki ánægður með það og sá fyrir sér að hún myndi draga athyglina frá kirkjunni. Hleðslumanni þótti nóg um og hætti við verkið, hálfklárað. Þannig stendur Staðarborg í dag. Auðvelt er að ganga upp að Staðarborg, um tvo km frá veginum.

Kálfatjörn

Kálfatjarnarkirkja stendur á samnefndri kirkjuförð á Vatnsleysuströnd. Núverandi kirkja var vígð árið 1893 og er glæsilegt mannvirki. Málun kirkjunnar að innan þykir sérstök en hana annaðist Nikolaj Sófus Bertelsen. Verk hans prýða meðal annars lðnó og Dómkirkjuna í Reykjavík. Kálfatjarnarkirkja er ein stærsta sveitakirkja á landinu en hún rúmar 150 manns. Hún rúmaði öll sóknarbörnin í einu, árið sem hún var reist en þá var útgerð í miklum blóma í sveitarfélaginu. Á hlaðinu við kirkjuna stendur meðal annars hlaðan Skjaldbreið sem hlaðin var snemma á 19. öld. Kálfatjarnarkirkja er friðlýst.

Keilir

Keilir er 379 metra hátt móbergsfjall, einkennisfjall Reykjaneskagans. Tiltölulega auðvelt er að ganga á Keili og víðsýnt þegar þangað er komið. Vegurinn að Keili er slæmur og skyldu menn varast að fara hann nema á vel búnum bílum.

Vogastapi

Sunnan Voga er Vogastapi. Hann nær um 80 metra yfir sjó og liggur milli Voga og Njarðvíkur. Þar er mikið fuglalíf og fagurt útsýni. Frá Vogunum er um 30 mínútna ganga á Stapann og er Grímshóll hæsta bunga hans. Þar er útsýnisskífa og fjallasýn mikil í góðu skyggni. Á Vogastapa er reimt og er fjöldi frásagna til af samskiptum ferðamanna og Stapadraugsins.

Lambafellsgjá

Lambafellsklofi er mikilfengleg gjá sem klýfur Lambafellið. Gaman er að ganga eftir gjánni inn í fellið og síðan upp úr því. Auðvelt er að ganga að Lambafelli frá Höskuldarvöllum.



Hrafnagjá.



Neðan Ásláksstaða.



Spýtubrauð grillað við Háabjalla.



Bergið. / Ljósmynd. OZZO.

Reykjanesbær

í krafti fjölbreytileikans



Reykjanesið á falllegum degi. / Ljósmynd. OZZO.



Skessan vekur alltaf athygli. / Ljósmynd. OZZO.

Reykjanesbær er fjórða stærsta sveitarfélag landsins með tæplega 20.000 íbúa. Íbúafjöldgun hefur verið hröð á undanförnum árum og langt yfir landsmeðaltali. Hlutfall innflytjenda er einnig mjög hátt í Reykjanesbæ á landsvísi. Reykjanesbær statar sig af því að vera öflugt fjölmenningsamfélag og leggur áherslu á að íbúar stuðli í sameiningu að fjölmenningsamfélagi þar sem allir hafa jöfn tækifæri til félagslegrar þátttöku og upplifi að þeir tilheyri samfélaginu. Starfsmenn og íbúar Reykjanesbæjar tóku virkan þátt í að skapa stefnu Reykjanesbæjar, sem gildir til 2030. Þar skerpa þau á þeim áherslum sem skipta íbúa og samfélagið miklu máli. Lögð er áhersla á aukin lífsgæði, góð samskipti bæjarbúa og jöfn tækifæri til heilbrigðs lífs og hamingju. Börnin fá stuðning svo þau blómstri í fjölskyldunni, skólum, íþróttum og tómstundum til að auka kraft samfélagsins. Reykjanesbær vinnur í átt að sjálfbærni fyrir komandi kynslóðir, hampar náttúruvegurðinni og leggur áherslu á grænan og áhugaverðan bæ. Einnig nýtir bærinn framsækið skólustarf til að næra nýsköpun, skapa vel launuð störf og gera bæinn að eftirsóttum stað til búsetu. Grunnskólar í Reykjanesbæ eru sjö talsins og leikskólar tíu. Fjölbrautarskóli Suðurnesja hefur starfað síðan 1976, Keilir háskólabrú frá árinu 2007 og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum starfað síðan 1997. Hér má finna þjónustustofnanir, verslanir, hótél, fjölbreyttan iðnað og frumkvöðlafyrirtæki. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein og gamla varnarsvæðið sem nú heitir Ásbrú hefur orðið að nýju íbúðahverfi. Kjartan Már Kjartansson er bæjarstjóri Reykjanesbæjar og hefur starfað sem slíkur frá árinu 2014.

Saga bæjarins

Reykjanesbær varð til við sameiningu sveitarfélaganna Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna árið 1994. Nálægðin við hafið hefur ávallt mótað sögu svæðisins. Í Höfnum hafa verið rannsakaðar leifar bústaðar sem er frá elstu tíð og þykir varpa nýju ljósi á landnámi Íslands. Í Keflavík hefur verið miðstöð verslunar á Reykjanesi í margar aldir. Mikilvægi staðarins markaðist fyrst og fremst af miklu framboði af fiski sem veiddist steinsnar frá landinu. Jarðirnar Innri- og Ytri-Njarðvík og jarðeignir í Hafnahreppi voru alla tíð eftirsóttar sökum nálægðar við fiskimiðin. Útgerð var með miklum blóma allt fram undir lok 20. aldar þegar kvótinn var að mestu seldur úr bæjarfélaginu. Í seinna stríði hóf Bandaríkjaher byggingu Keflavíkurflugvallar sem hefur verið í rekstri alla tíð síðan. Lengst af var flugvöllurinn rekin í samvinnu við varnarliðið sem hafði aðsetur við flugvöllinn. Herstöðin var lögð niður árið 2006 eftir um hálfar aldar starfsemi á vellinum. Þótt þessar miklu sviptingar hafi haft mikil áhrif á bæjarlífið þá hafa þær ekki dregið máttinn úr samfélaginu.

Menning og mannlíf

Í Reykjanesbæ er menningarlíf með miklum blóma og á vegum sveitarfélagsins er starfrækt Bókasafn Reykjanesbæjar, Byggðasafn Reykjanesbæjar, Listasafn Reykjanesbæjar og Rokksafn Íslands. Bókasafnið hefur aðsetur í Ráðhúsi Reykjanesbæjar en sýningarsalir



Stapaskóli í Reykjanessbæ. / Ljós. Víkurfréttir.

Framhald á næstu opnu →

byggðasafns og listasafns eru í Duus Safnahúsum, menningar- og listamiðstöð Reykjanessbæjar, þar sem einnig er að finna Gestastofu Reykjaness jarðvangs auk upplýsingamiðstöðvar ferðamála. Hljómahöll er menningarmiðstöð í Reykjanessbæ. Þar hefur skapast mikilvægur vettvangur fjölskrúðugs mannlífs, ráðstefnuhalds, funda og menningarviðburða. Hið sögufræga félagshemili Stapi er hluti af Hljómahöll og þjónar sínu hlutverki eins og áður. Auk þess er Rokksafn Íslands hluti af Hljómahöll en safnið er mikið aðdráttarafi fyrir innlenda og erlenda ferðamenn sem vilja kynna og upplifa popp- og rokksögu Íslands. Reykjanessbær stendur fyrir ýmsum árlegum viðburðum og hátíðarhöldum og má þar nefna þrettándagleði, listahátíð barna, safnahelgi á Suðurnesjum, list án landamæra, 17. júní hátíðarhöld, pólska menningarhátíð og dagskrá tengda jólum. Stærsti viðburðurinn er Ljósanótt sem var haldin í tuttugasta sinn haustið 2019 og er mjög vinsæl hátíð meðal heimamanna og gesta. Hátíðin stendur frá fimmtudegi til sunnudags með hápunkti á laugardeginum. Heimamenn eru í aðalhlutverki og sjá um flest atriðin en einnig hafa góðir gestir komið að með ýmsar uppákomur. Ljósanótt er mikil tónlistarhátíð, árgangagangan er mjög vinsæl sem og flugeldasýningin á laugardagskvöldinu og fjöldi lista- og handverksýninga er víða um bæinn svo fátt eitt sé nefnt.

Ásbrú

Varnarsvæðið gamla sem nefnist Ásbrú er í dag bæjarhluti Reykjanessbæjar. Reykjanessbær hefur ákveðið að Ásbrú verði næsta uppbyggingarhverfi í sveitarfélaginu og hefur sett fram rammaskipulag til ársins 2030. Meginlínur voru lagðar um landnotkun og samgöngukerfi, byggðarmynstur, landslagshönnun og mótun staðaranda. Á Ásbrú eru leikskólar, grunnskóli og háskólasvæði og fjöldi ungra fjölskyldna. Lögd er áhersla á vistvænar áherslur, meðal annars þéttingu byggðar og gatnakerfi sem eykur gönguhæfi og bætir flæði um svæðið. Unnið verður að fjölbreytni í húsa- og íbúðargerðum til þess að skapa jafnvægi á milli mismunandi aldurs- og samfélagshópa. Það verður skapaður vettvangur fyrir íbúa til að efla hverfisvitund og möguleika á að nágrennar kynnist, t.d. með verslun, þjónustu og íþróttastöðu. Þar sem svæðið hefur sterka sögu þá liggur auður í að hlúa að staðaranda og menningarsögu svæðisins með því að gera söguna sýnilegri og viðhalda kenningum herliðs á svæðinu.

Atvinnutækifæri

Atvinnutækifæri við Keflavíkurlugvöll eru mikil. Staðsetningin á milli Evrópu og Ameríku, nálægðin við höfuðborgarsvæðið, sveitarfélögin við völlinn og kostir íslensks samfélags eru ótvíræðir. Græn orka, sveigjanleiki, aðlögunar- og samstarfshæfni samfélagsins eru sömuleiðis þættir sem gegna stærra hlutverki í samskiptum og viðskiptum þjóða. Það liggja einnig mikil tækifæri í öflugri hafnarstarfsemi í Reykjanessbæ. Hafnirnar Helguvíkurhöfn, Njarðvíkurhöfn og Keflavíkurhöfn hafa hver um sig ólík hlutverk og sú uppbygging sem unnið er að mun efla atvinnulífið og samfélagið um ókomna tíð.



Hljómahöllin. / Ljós. Reykjanessbær.



Rokksafn Íslands. / Ljós. Javier Ballester.



Duushús. / Ljós. OZZO.



Fischerhús. / Ljós. Gunnar Jónsson.



Brúin á milli heimsálfa. / Ljós. OZZO.



Tankurinn. / Ljós. OZZO.

Ferðamenn og störfín sem þeir skapa

Fjölgun farþega um Keflavíkurflugvöll hefur skapað fjölda starfa og tækifæra fyrir íbúa Reykjanesbæjar, ekki aðeins í beinum flugtengdum störfum heldur hefur samfélagið notið góðs af auknum viðskiptum tengdum ferðamönnum og starfsfólki fyrirtækja flugvallarins. Fram kemur í Vegvísi ferðapjónustu að um árabíl hefur fjölgun erlendra ferðamanna á Íslandi verið hlutfallslega mun meiri en á heimsvísu. Aukin umsvif við flugvöllinn kalla á uppbyggingu stoðþjónustu en að sama skapi ýtir uppbygging Keflavíkurflugvallar undir að svæðið verði segull fyrir hvers konar flugtengda starfsemi, svo sem flutninga, flugþjónustu, gistirekstur, bílaleigurekstur, veitingarekstur, verslun og afþreyingu.

Náttúran

Reykjanesið er frekar lágrent af náttúrunnar hendi og einkennist landslagið af hraunbreiðum og vogskornum ströndum. Fegurð náttúrunnar liggur víða og áhugaverðir staðir þess virði að skoða, má þar nefna Reykjanesvita, Brimketil og Gunnuhver. Reykjanesbær er innan Reykjanes jarðvangs sem er vottaður UNESCO hnattrænn jarðvangur. Slík svæði búa yfir merkilegum jarðminjum á heimsvísu sem samanlagt skýra frá mótun lands frá upphafi og áhrif jarðfræðinnar á þróunarsögu, menningu og lífríki svæðanna. Jarðvangar eru því áhugaverðir vegna fræðslugildis, fjölbreytilegrar náttúru og sjaldgæfra jarðminja. Flekaskil Norður Ameríku og Evrópu eru sýnileg á Reykjanesi og gerir svæðið einstakt á heimsvísu. Hægt er að ganga yfir flekaskilin á Brú milli heimsálfa, sem er einn af fjölmennustu ferðamannastöðum Reykjanes. Reykjanesbær hefur í áráraðir unnið ótullega að útivistarsvæði fyrir íbúa. Fallegar gönguleiðir með sjávarsíðunni frá Keflavík til Njarðvíkur eru vel nýttar af íbúum bæjarins. Einnig eru opin leiksvæði fyrir börnin viðsvegar, göngustígar á milli hverfa og skógrækt. Grænu fallegu útsvæðin auðga mannlífið í Reykjanesbæ.



Valahnjúkur. / Ljós. Snorri Þór Tryggvason.



Norðurljósin skoðuð á kajak í Njarðvíkurhöfn. / Ljós. OZZO.



Séð yfir Bláa Lónið.

Grindavíkurbær



Bæjarstjórn ásamt sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs og Fannari Jónassyni, bæjarstjóra.



Sighvatur GK 57.



Höfnin í Grindavík.

Grindavík er rótgróinn sjávarútvegsbær á sunnanverðum Reykjaneskaga. Helsta einkenni skagans er einstök náttúra og fjölskrúðugt landslag sem mótast af flekaskilum Evrasíuflekans og Norður-Ameríkuflekans. Þá einkennist svæðið af mikilli orku og nálægð við hrá náttúruöflin. Reykjaneskaginn er um ýmis atriði sérstakt land í jarðfræðilegu tilliti. Hann er allur myndaður af jarðeldi og það á tiltölulega stuttum tíma. Jarðhiti er víða á skaganum og mikil not eru af þessari ómetanlegu auðlind. Grindavíkurbær fékk kaupstaðarréttindi árið 1974 og voru íbúar þá um 1600. Síðan hefur bærinn vaxið og dafnað jafnt og þétt. Í ársbyrjun 2010 voru íbúarnir 2837 og réttum 10 árum síðar voru þeir 3512. Fjölgunin var því 23,8% á þessum áratug.

Sagan

Landnámsmenn í Grindavíkurhreppi voru tveir. Molda-Gnúpur Hrólfsson nam Grindavík og Þórir haustmyrkur Vígbjódsson nam Selvog og Krýsuvík. Erfitt er að ársetja landnám Grindavíkur nákvæmlega en talið að Gnúpur, eða ættmenn hans, hafi komið til Grindavíkur á fjórða tug 10. aldar og líklega valið sér vetursetu í námunda við Hópið. Grindavík var fyrst og fremst verstöð. Vinnubrögð, siðir og venjur sem sjósókninni tengdust voru með líkum hætti öldum saman og á landi var einnig flest í sömu skorðum áhrundað eftir áhrundað. Grindavík liggur fyrir opnu hafi þar sem brimaldan gengur óbrotin á land. Hafnarskilyrði voru nánast engin frá náttúrunnar hendi. Sjósókn var frá fyrstu tíð erfið og áhættusöm frá Grindavík en þaðan var þó jafnan mikið útræði, meðal annars lengi á vegum Skálholtsstóls. Stærð og þyngd bátanna takmarkaðist þess vegna löngum af því að hægt væri að setja þá á land. Það olli því meðal annars að vélar komu mun seinna í báta í Grindavík en víða annars staðar á landinu, þar sem hafnarskilyrði voru betri. Þannig hélt þetta framundir aldamótin 1900 en þá voru íbúar Grindavíkurhrepps 357 talsins. Þá tók fólk að fjölga, ný hús risu af grunni þar sem engin höfðu áður staðið og þorp tók að myndast. Fjölgunin var þó hægt næstu áratugin. Árið 1930 voru íbúar 505 og áratug síðar 509. Á árinu 1939 var ráðist í að gera fyrstu umbætur á aðstöðu fyrir bátalægi í Hópinu og var þar notast við handverkfæri. Mikilvægt er að höfnin þjóni vel fyrirtækjum heimamanna sem og öðrum þeim sem landa þar aflla. Miklar hafnarframkvæmdir hafa staðið yfir undanfarin ár, nú síðast gagngerar endurbætur og stækkun á Miðgarði. Öll aðstaða og höfnin sjálf hefur orðið stórum betri eftir þessar framkvæmdir og nú er Grindavíkurhöfn orðin ein öruggasta skipahöfn á landinu.

Atvinnumál

Sjávarútvegur og fiskvinnsla hefur lengstum verið burðarás atvinnulífs í Grindavík og bærinn er einhver öflugasta verstöð landsins. Að meðaltali hefur þar verið landað hartnær 40.000 tonnum á ári undanfarin ár og þar er uppistaðan bolfiskur. Úthlutað aflamark Grindavíkurhafnar er það næsthæsta á landinu, næst á eftir Reykjavíkurhöfn. Útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækin Þorbjörn og Vísir eru ekki aðeins með þeim öflugustu hérlendis, heldur einnig á sinn hátt

til eftirbreytni ýmsum öðrum þjóðum hvað varðar nýtingu á hráefninu. Þau hafa sýnt mikið frumkvæði í því að fullnýta allan fisk sem að landi kemur og er það til fyrirmyndar. Fiskeldi á landi er einnig umfangsmikið í Grindavík og uppi eru áform um stórauðna framleiðslu á næstu árum. Í Grindavík er mjög öflug ferðapjónusta og ber þar hæst Bláa Lónið í útjaðri bæjarins. Ferðamenn sækjast eftir stórkostlegri náttúru svæðisins og þeirri hrjúfu fegurð sem Reykjanesið býr yfir. Grindavíkurbær er aðili að Reykjanes jarðvangi og er þar með aðili að UNESCO Global Geoparks. Jarðvangurinn er samstarfsvettvangur allra sveitarfélaganna á Suðurnesjum sem byggir á því að nýta sérstöðu svæðisins til verðmætasköpunar. Í Grindavík eru hágæða veitinga- og gistihús, fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar, listrænt handverksfólk, fyrirtaks 18 holu golfvöllur og glæsilegt tjaldsvæði sem margir telja eitt það besta á landinu. HS Orka rekur jarðvarmaver í Svartsengi við Grindavík og hefur byggt upp auðlindagarð í grenndinni sem er einstakur á heimsvísu. Meðal fyrirtækja sem njóta góðs af starfsemi má nefna Bláa Lónið, snyrtivöruframleiðendur, auk líftækni- og fiskeldisfyrirtækja. Hefðbundinn landbúnaður er núorðið lítið stundaður Grindavík en nokkuð er um áhugabúskap eða búfjárhald í smáum stíl. Grindavíkurland er að mestu leyti þakið hraunum en þó er nokkurt graslendi meðfram sjónum þar sem byggðin var mest. Landið þótti hrjóstugt og grýtt og fyrr á tímum gerði vatnsleysi mörgum erfitt fyrir. Náttúruöflin léku bændur í Grindavíkurhreppi oft á tíðum grátt. Grindvíkingar voru drjúgir með aðdrætti af lyngi og hrísi til heyrýginda og þannig gátu bændur að nokkru bætt sér upp grasleysi og skort á góðum bithögum. Lega þéttbýlis Grindavíkur gefur bæjarfélaginu og umgjörð þess sjónræna sérstöðu. Þegar ekið er úr norðri í átt að bænum birtist hann sem búsetuvin, umvafinn mosavöxnum hraunbreiðum í skjóli nálægra fella. Þéttbýlið umlykur höfnina sem atvinnulíf bæjarins hefur í aldanna rás að mestu byggst á og myndar heild móti mikilfenglegu landslaginu umhverfis það. Bæjaryfirvöld hafa lagt ríka áherslu á að Grindavík verði áfram fjölskylduvænt bæjarfélag og eftirsóknarvert til búsetu.

Skóla-, tómsunda- og félagsstarf

Skólastarf í Grindavík er blómlegt. Grunnskóli Grindavíkur er heildstæður skóli sem byggir á Uppbyggingarstefnunni. Skólinn er rekinn í tveimur byggingum. Í húsnæði við Suðrhóp er fyrsti til þriðji bekkur en í húsnæði við Ásabraut er fjórði til tíundi bekkur. Hafnar eru framkvæmdir við umtalsverða stækkun skólans við Suðrhóp. Leiðarljós skólans er að skapa umhverfi, í samráði við foreldra, þar sem allir eru virkir, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Frá skólanum fari einstaklingar sem eru tilbúnir til þess að takast á við eigin framtíð. Tónlistarskóli Grindavíkur er í nýlegri og rúmgóðri viðbyggingu við grunnskólann og þar er einnig sameinað almennings- og skólabókasafn bæjarfélagsins. Auk framangreindrar starfsemi er félagsmiðstöðin Pruman með aðsetur í skólanum þar sem fram fer skipulögð félags- og tómsundastarfsemi fyrir börn og ungmenni. Fisktækniskóli Íslands er staðsettur í Grindavík. Skólinn var settur á laggirnar 2009 og starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og framhaldsfræðslu. Starfsemi hefur vaxið fiskur um hrygg síðan þá og er nú öflug menntastofnun á sínu fræðasviði. Í Grindavík eru tveir leikskólar, Laut og Krókur. Leikskólinn Laut er rekinn af bæjarfélaginu. Uppbyggingarstefnan er uppeldisaðferð Lautar og sérstaða skólans liggur í umhverfinu og nálægðinni við náttúruna. Leiðarljós Lautar er gleði, hlýja og virðing. Heilsuskólinn Krókur er rekinn af Skólum ehf. í samvinnu við Grindavíkurbæ. Leikskólinn starfar eftir hugmyndafræði Heilsustefnunnar en markmið hennar er að stuðla að heilsueflingu leikskólasamfélagsins með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Íþróttalífið í Grindavík er geysilega öflugt og mjög vel hlúð að barna- og unglingsstarfi með því að bjóða upp á ódýr kort sem börn og unglingar geta notað til að stunda hvaða íþrótt sem er, eina eða fleiri. Körfubolti og fótbolti hafa lengi verið mjög sterkar keppnisíþróttir í Grindavík og nú hafa grindvískir pílukastarar skipað sér í raðir þeirra bestu á landsvísu. Að stofni til eru íþróttamannvirkin frá 1985. Það ár var tekin í notkun bygging með tveimur íþróttasölum auk búningaklefa og annars rýmis. Sundlaug Grindavíkur var tekin notkun 1994. Auk útisundlaugar er þar barnalaug, heitir og kaldir pottar, gufubað, rennibraut og líkamsræktarstöð. Nýr og glæsilegur aðalleikvangur með 1500 manna stúku var vígður 17. júní 2001 en völlurinn er 72x105 m. Gamli aðalvöllurinn er notaður sem æfinga- og keppnissvæði. Fjölnota knattspyrnuhús var vígt 2009. Húsið ber nafnið Hópið og er 50 x 70 metra stálgrindarhús með nýjustu kynslóð gervigrass og 60 metra hlaupabraut. Árið 2015 var byggð rúmgóð félags- og íþróttastaða við íþróttamiðstöðina sem ber nafnið Gjáin. Enn var bætt um betur með því að árið 2020 var tekið í notkun nýtt og glæsilegt 2.130 m² fjölnota íþróttahús.

Menningar- og listalíf

Í Grindavík er öflugt menningar- og listalíf. Kvikan, auðlinda- og menningarhús Grindavíkur er sérhannað sýningarhús í eigu bæjarfélagsins. Þar er að finna tvær sýningar um auðlindir í Grindavík; Saltfisksetur Íslands og Guðbergsstofu. Í húsinu fara fram ýmsir menningarviðburðir og minni sýningar og þar er upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Sjómannadagurinn er stærsti viðburður ársins í Grindavík en þá er haldin sjómanna- og fjölskylduhátíðin Sjóarinn síkátí. Þar er fjölbreytt dagskrá alla sjómanna-dagshelgina, en hátíðin hefur fest sig í sessi sem ein skemmtilegasta og fjölbreyttasta bæjarhátíð landsins. Blásið er til mikillar menningarveislu í mars ár hvert. Dagskráin er fjölbreytt og að miklu leyti haldið uppi af grindvískum listamönnum á öllum aldri. Í bæjarfélaginu eru starfræktir kórar og tónlistarfólk af ýmsum toga auðgar menningarlíf bæjarbúa.



Önnur sveitarfélög

Upplýsingar fengnar af vef Sambands íslenskra sveitarfélaga



Mosfellsbær

Íbúaföldi 1. janúar 2021 var 12.589. Bæjarstjóri er Haraldur Sverrisson, forseti bæjarstjórnar er Bjarki Bjarnason og formaður bæjarráðs er Ásgeir Sveinsson. Bæjarstjórn skipa Valdimar Birgisson, Haraldur Sverrisson, Ásgeir Sveinsson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Rúnar Bragi Guðlaugsson, Stefán Ómar Jónsson, Sveinn Óskar Sigurðsson, Anna Sigríður Guðnadóttir og Bjarki Bjarnason.



Akraneskaupstaður

Íbúaföldi 1. janúar 2021 var 7.697. Bæjarstjóri er Sævar Freyr Þráinsson, forseti bæjarstjórnar er Valgarður Lyngdal Jónsson og formaður bæjarráðs er Elsa Lára Arnardóttir. Bæjarstjórn skipa Elsa Lára Arnardóttir, Ragnar Baldvin Sæmundsson, Raket Óskarsdóttir, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir, Einar Brandsson, Ólafur Guðmundur Adólfsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Bára Daðadóttir og Kristinn Hallur Sveinsson.



Borgarbyggð

Íbúaföldi 1. janúar 2021 var 3.758. Sveitarstjóri er Þórdís Sif Sigurðardóttir, forseti sveitarstjórnar er Lilja Björg Ágústsdóttir og formaður byggðarráðs er Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Sveitarstjórn skipa Guðveig Lind Eyglóardóttir, Davíð Sigurðsson, Finnbogi Leifsson, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir, Lilja Björg Ágústsdóttir, Silja Eyrún Steingrimsdóttir, Magnús Smári Snorrason, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir og Guðmundur Freyr Kristbergsson.



Snæfellsbær

Íbúaföldi 1. janúar 2021 var 1.679. Bæjarstjóri er Kristinn Jónasson, forseti bæjarstjórnar er Björn Haraldur Hilmarsson og formaður bæjarráðs er Júníana Björg Óttarsdóttir. Bæjarstjórn skipa Björn Haraldur Hilmarsson, Júníana Björg Óttarsdóttir, Auður Kjartansdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Svandís Jóna Sigurðardóttir, Michael Glusuk og Fríða Sveinsdóttir.



Ísafjarðarbær

Íbúaföldi 1. janúar 2021 var 3.794. Bæjarstjóri er Birgir Gunnarsson, forseti bæjarstjórnar er Kristján Þór Kristjánsson og formaður bæjarráðs er Daníel Jakobsson. Bæjarstjórn skipa Marzellius Sveinbjörnsson, Kristján Þór Kristjánsson, Daníel Jakobsson, Jónas Þór Birgisson, Steinunn Guðný Einarsdóttir, Arna Lára Jónsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Sigurður J. Hreinsson og Þórir Guðmundsson.

Hörgársveit

Íbúafjöldi 1. janúar 2021 var 653. Sveitarstjóri er Snorri Finnlaugsson, oddviti er Axel Grettisson og varaoddviti er Jón Þór Benediktsson.

Hreppsnefnd skipa Jón Þór Benediktsson, Jónas Þór Jónasson, Axel Grettisson, Ásrún Árnadóttir og María Albína Tryggvadóttir.



Grýtubakkahreppur

Íbúafjöldi 1. janúar 2021 var 371. Sveitarstjóri er Þróstur Friðfinnsson, oddviti er Fjóla Valborg Stefánsdóttir og varaoddviti er Margrét Melstað.

Sveitarstjórn skipa Fjóla Valborg Stefánsdóttir, Margrét Melstað, Haraldur Níelsson, Gunnar Björgvin Pálsson og Þórarinn Ingi Pétursson.



Pingeyjarsveit

Íbúafjöldi 1. janúar 2021 var 852. Sveitarstjóri er Dagbjört Jónsdóttir, oddviti er Arnór Benónýsson og varaoddviti er Margrét Bjarnadóttir. Sveitarstjórn skipa Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Helga Sveinbjörnsdóttir, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Sigurbjörn Árni Arngrímsson.



Múlaping

Íbúafjöldi 1. janúar 2021 var 5.020. Sveitarstjóri er Björn Ingimarsson, forseti sveitarstjórnar er Gauti Jóhannesson og formaður byggðaráðs er Berglind Harpa Svavarsdóttir.

Sveitarstjórn skipa Stefán Bogi Sveinsson, Vilhjálmur Jónsson, Gauti Jóhannesson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Elvar Snær Kristjánsson, Jakob Sigurðsson, Hildur Þórisdóttir, Kristjana Sigurðardóttir, Eypór Stefánsson, Þróstur Jónsson og Jódís Skúladóttir.



Fljótsdalshreppur

Íbúafjöldi 1. janúar 2021 var 98. Sveitarstjóri er Helgi Gíslason, oddviti er Jóhann Frímann Þórhallsson og varaoddviti er Lárus Heiðarsson.

Hreppsnefnd skipa Lárus Heiðarsson, Arna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfsdóttir og Jóhann Frímann Þórhallsson.



Sveitarfélagið Árborg

Íbúafjöldi 1. janúar 2021 var 10.452. Framkvæmdastjóri er Gísli Halldór Halldórsson, forseti bæjarstjórnar er Helgi Sigurður Haraldsson og formaður bæjarráðs er Eggert Valur Guðmundsson.

Bæjarstjórn skipa Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Helgi Sigurður Haraldsson, Gunnar Egilsson, Brynhildur Jónsdóttir, Kjartan Björnsson, Ari Björn Thorarensen, Tómas Ellert Tómasson, Eggert Valur Guðmundsson og Arna Ír Gunnarsdóttir.





Flóahreppur

Íbúafjöldi 1. janúar 2021 var 690. Sveitarstjóri er Eydís Þ. Indriðadóttir, oddviti er Árni Eiríksson og varaoddviti er Hrafnkell Guðnason.

Hreppsnefnd skipa Árni Eiríksson, Hrafnkell Guðnason, Margrét Jónsdóttir, Rósa Aldís Matthíasdóttir og Sigurður Ingi Sigurðsson.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Íbúafjöldi 1. janúar 2021 var 590. Sveitarstjóri er Sýlvía Karen Heimsdóttir, oddviti er Björgvin Skafti Bjarnason og varaoddviti er Einar Bjarnason.

Hreppsnefnd skipa Ingvar Hjálmarsson, Anna Sigríður Valdimarsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason og Matthías Bjarnason.



Bláskógabyggð

Íbúafjöldi 1. janúar 2021 var 1.141. Sveitarstjóri er Ásta Stefánsdóttir, oddviti er Helgi Kjartansson og formaður byggðaráðs er Valgerður Sævarsdóttir.

Sveitarstjórn skipa Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Róbert Aron Pálmason, Óttar Bragi Þráinsson og Axel Sæland.



Rangárþing ytra

Íbúafjöldi 1. janúar 2021 var 1.740. Sveitarstjóri er Ágúst Sigurðsson, oddviti er Björk Grétarsdóttir og varaoddviti er Hjalti Tómasson.

Sveitarstjórn skipa Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Steindór Tómasson, Yngvi Harðarson, Ágúst Sigurðsson, Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, form. byggðarráðs, og Hjalti Tómasson.



Ásahreppur

Íbúafjöldi 1. janúar 2021 var 271. Sveitarstjóri er Valtýr Valtýsson, oddviti er Ásta B. Ólafsdóttir og varaoddviti er Brynja J. Jónasdóttir.

Hreppsnefnd skipa Elin Grétarsdóttir, Egill Sigurðsson, Ásta B. Ólafsdóttir, Guðmundur J. Gíslason og Brynja J. Jónasdóttir.




Suðurnesjabær

Íbúafjöldi 1. janúar 2021 var 3.649. Bæjarstjóri er Magnús Stefánsson, forseti bæjarstjórnar er Einar Jón Pálsson og formaður bæjarráðs er Fríða Stefánsdóttir.

Bæjarstjórn skipa Daði Bergþórsson, Einar Jón Pálsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Haraldur Helgason, Magnús Sigfús Magnússon, Pálmi Steinar Guðmundsson, Laufey Erlendsdóttir, Fríða Stefánsdóttir og Katrín Pétursdóttir.



Seljalandsfoss. / Ljósni, Gretar Örn Bragason.





Frá vinstri: Pétur Heimisson framkvæmdastjóri lækninga, Nína Hrönn Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar, Svava Ingibjörg Sveinbjörnsdóttir framkvæmdastjóri fjármála, Emil Sigurjónsson framkvæmdastjóri mannauðs og Guðjón Hauksson forstjóri. / Ljósmyndasafn HSA.

Heilbrigðisstofnun Austurlands

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) sinnir heilbrigðisþjónustu á Austurlandi, á alls um 16.200 ferkílómetra svæði allt frá Bakkafirði til Álftafjarðar, frá hálendi til strandar. Íbúaföldi á Austurlandi er um 13 þúsund manns. HSA er ríkisrekin þjónustustofnun sem hóf starfsemi sína 1. janúar 1999 og veitir alhliða heilsugæslu-, sjúkra- og hjúkrunarþjónustu. Að auki heyrta sjúkraflutningar svæðisins undir stofnunina.

Þjónusta

Við tilurð hennar sameinuðust átta heilbrigðisstofnanir á Austurlandi í eina. Markmiðin með stofnun HSA voru m.a. að tryggja íbúum góða heilbrigðisþjónustu og styrkja þjónustusvæðið sem stofnunin nær til, t.d. með bættri mönnun, samvinnu og samnýtingu. Meginhlutverk HSA er að veita íbúum Austurlands og öðrum er þar dvelja, aðgengilega og eftir megni samfellda og alhliða heilbrigðisþjónustu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar, sem og almenna sjúkráhusþjónustu, í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Hver starfsstöð og starfsmenn hennar gegna mikilvægu hlutverki sem hlekkur í samfelldri þjónustukeðju HSA, sem byggja skal á þekkingu, þverfaglegri samvinnu og þjónustulund og á þátt í að skapa ímynd HSA.

Hjá HSA starfa um 420 manns og starfsstöðvar eru 13 talsins. Umdæmissjúkrahús Austurlands er í Neskaupstað. Í stærri þéttbýliskjörnum eru heilsugæslustöðvar auk ýmissar stoðþjónustu og svonefnd heilsugæslusel á minni stöðunum.

Helstu viðfangsefni HSA

Lækningar og hjúkrun - Hjúkrunarþjónusta við aldraða - Heimahjúkrun - Fæðingarþjónusta og ungbarnavernd - Endurhæfing - Skólaheilsugæsla - Rannsóknir - Kennsla.

Lögð er rík áhersla á þverfaglegt starf innan stofnunarinnar, undir einkunnarorðunum:

Samvinna um velferð. Allt starf HSA miðar að því að eiga samvinnu um velferð íbúa Austurlands.

Stjórnendur

Í framkvæmdastjórn HSA árið 2021 sitja eftirtaldir: Guðjón Hauksson forstjóri, Pétur Heimisson framkvæmdastjóri lækninga, Nína Hrönn Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar, Emil Sigurjónsson framkvæmdastjóri mannauðs, Svava Ingibjörg Sveinbjörnsdóttir framkvæmdastjóri fjármála.

Markmið

Heilbrigðisstofnun Austurlands hefur tekið þá ákvörðun að marka stefnu sem varðar þjónustu stofnunarinnar til framtíðar og verður þar stuðst við heilsuefandi áherslur. Meginmarkmið er að efla menningu sem stuðlar að betri heilsu og vellíðan (e. salutogenic culture) í öllu starfi HSA. HSA hefur unnið undir handleiðslu Institute for Positive Health í Hollandi og



Umdæmissjúkrahús Austurlands og heilsugæslan í Neskaupstað. /Ljósmyndasafn HSA.

haustið 2019 fóru nokkrir starfsmenn HSA í heimsókn og þjálfum með þann tilgang að efla stofnunina sem heilsueflandi vinnustað og þjónustustofnun. Í janúar 2020 fengu síðan bæði stjórnendur og starfsmenn HSA fræðslu um heilsueflandi stjórnunarhætti og hvernig standa megi að innleiðingu þeirra.

Hjúkrunarheimilið Dyngja sem tekið var formlega í notkun í mars árið 2015 og þar bakvið sést partur af heilsugæslu Egilsstaða. /Ljósmyndasafn HSA.





Pórhallur Harðarson framkvæmdastjóri fjármála- og stoðsviða, Bryndís Lilja Hallsdóttir mannauðsstjóri, Örn Ragnarsson framkvæmdastjóri lækninga, Guðný Friðriksdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar og Jón Helgi Björnsson forstjóri.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands - HSN



Jón Helgi Björnsson, forstjóri.

Þann 1. október 2014 tók Heilbrigðisstofnun Norðurlands til starfa en þá voru sex heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi sameinaðar. Þetta voru Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð, Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Heilsugæslan á Akureyri og Heilsugæslan á Dalvík.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands hefur það hlutverk að þjóna íbúum á svæðinu allt frá Blönduósi í vestri og til Þórshafnar í austri, en á þessu svæði búa um 37.000 manns. Stofnunin veitir heilsugæslu- og sjúkrahúsþjónustu auk þess að veita öldrunarþjónustu í formi hjúkrunar- og dvalarrýma. Stofnunin samanstendur af 19 starfseiningum og er með um 590 starfsmenn í 384 stöðugildum, ársvelta hennar er um 7,5 milljarðar.

Heilsugæslusvið HSN

Undir heilsugæslusvið HSN heyrir heilsuvernd og lækningar í þágu íbúa svæðisins með því að tryggja grunnþjónustu á sviði heilsuverndar, lækni- og hjúkrunarþjónustu sem byggir á þverfaglegu samstarfi. Nær þjónustan yfir móttöku og vaktþjónustu heilsugæslulækna, heimahjúkrun og hjúkrunarþjónustu. Auk þess að sjá um ungbarna- og mæðravernd og heilsuvernd í skólunum. Þar að auki nær þjónustan yfir sjúkraflutninga, þjónustu sérfræðilækna og annarrar heilsuverndar. Þjónustan sem heilsugæslusviðið veitir miðar að því efla, bæta og viðhalda heilbrigði sem svo eykur vellíðan og velferð.

Meðgönguvernd fellur í hlut ljósmæðra en þær eiga gott samstarf við lækna HSN og fæðingarlækna á Sjúkrahúsínu á Akureyri. En hún miðar að því að fylgjast með og stuðla að heilbrigði móður og barns á meðgöngutímanum, sem og veita stuðning og ráðgjöf til verðandi foreldra. Eins er reynt að fyrirbyggja og greina áhættuþætti og brugðist við þeim. Eftir að barnið kemur í heiminn þá tekur við ung- og smábarnavernd, þar er lögð áhersla á stuðning við fjölskylduna en með því er stuðlað að bestu uppvaxtarskilyrðum hverju sinni. Boðið er upp á heimavítjun fyrstu vikurnar en að þeim tíma loknum þá fara allar skoðanir fram á heilsugæslustöðvum.

Heilsuvernd grunnskólabarna er með það að markmiði að efla heilbrigði þeirra og stuðla að vellíðan. Skipulagri heilbrigðisfræðslu er sinnt og hvatt til heilbrigðra lífshátta. Unnið er náið með forráðamönnum barnanna sem og öðrum er koma að málefnum þeirra með velferð þeirra að markmiði. En í því flest að veita fræðslu og ráðgjöf, heilsufarsskoðanir og bólusetningar.

Á vegum heilsugæslustöðvanna er heimahjúkrun sem er þjónusta fyrir einstaklinga sem hennar þarfnast. En markmiðið með henni er að gera fólki, á öllum aldri, það mögulegt að búa sem lengst heima hjá sér. Fólki sem þarf á að halda einstaklingsmiðaðri og markvissri hjúkrun til að geta lifað sem eðlilegustu lífi og með því að styrkja andlegt og líkamlegt heilbrigði ásamt því að draga út félagslegri einangrun.



Sjúkrahúsíð og Heilsugæslan á Húsavík.



Pétur Maack yfirsálfræðingur við störf.

Valur Helgi Kristinsson læknir sinnir barni á Heilsugæslustöðinni á Akureyri.

Sjúkrasvið HSN

Heilbrigðisstofnun Norðurlands sér um rekstur sjúkrasviðs á Húsavík, Siglufirði, Sauðárkróki og Blönduósi. Það er hlutverk sjúkrahúsanna að veita almenna sjúkrahúspjónustu og fjölbreytta sérfræðipjónustu, móttöku á bráðveiku fólki, sem og langveikum og öldruðum sem næst heimabyggð. Eins má þar finna viðeigandi stoðþjónustu eins og aðstöðu fyrir rannsóknir og röntgenmyndatöku. Einnig eru starfrækt 128 hjúkrunar- og dvalarrými á Húsavík, Siglufirði, Sauðárkróki og Blönduósi, ásamt rýmum á Hvammi, dvalarheimili aldraðra.

COVID-19

Baráttan við COVID-19 fór ekki framhjá neinum og sér í lagi heilbrigðisþjónustan, en hún hafði margvísleg áhrif á starfsemi HSN. Ferðamaður lét lífið á Húsavík og setti í kjölfarið 21 starfsmenn í sóttkví en frá þeim tímapunkti þá breyttist umhverfið og var farið í margvíslegar breytingar á starfseminni. Aðalverkefnið var að halda allri þjónustu gangandi þrátt fyrir hinar ýmsu hömlur sem voru settar á. Fjöldi fólks sinnti störfum að heiman, starfsfólki var skipt upp í hópa til að lágmarka samgang og ýmsar hamlandi reglur settar svo sem heimsóknarbann á legudeildir.



Stjórnendur

Forstjóri: Jón Helgi Björnsson

Framkvæmdastjórnar: Þórhallur Harðarson, framkvæmdastjóri fjármála og stoðsviða

Guðný Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar

Örn Ragnarsson, framkvæmdastjóri lækninga

Bryndís Lilja Hallsdóttir, mannauðsstjóri.





Bráðamóttakan á Selfossi. / Ljós. Odd Stefán.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands



Sjúkraflutningar. / Ljós. Odd Stefán.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) var stofnuð 1. október 2014, við sameiningu Heilbrigðisstofnunar Suð-Austurlands, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Heilbrigðisstofnunarinnar í Vestmannaeyjum. Formleg sameining tók gildi 1. janúar 2015. Starfsemin á Höfn í Hornafirði var fyrst um sinn rekin af Sveitarfélagi Hornarfjarðar en sameinaðist HSU í ársbyrjun 2020. Markmið með sameiningu heilbrigðisstofnana á Suðurlandi var að styrkja heilbrigðisþjónustu á svæðinu, samnýta fagþekkingu og hæfni starfsfólks ásamt því að veita betri og hagkvæmari þjónustu.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands starfar samkvæmt lögum, reglugerðum og fyrirmælum stjórnvalda um heilbrigðisþjónustu. Íbúafjöldi í umdæminu er um 31.000 þúsund manns og fer samfélagið ört vaxandi. Á Suðurlandi eru nokkrir fjölsóttustu ferðamannastaðir landsins sem hefur haft í för með sér mikla umferð ferðafólks. Þá eru hátt í sjö þúsund fristundahús á svæðinu sem mörg hver eru nýtt stóran hluta ársins.

Hlutverk

Hlutverk HSU er að móta, þróa og útfæra heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæminu og tryggja íbúum Suðurlands og öðrum þjónustuþegum jafnan aðgang að bestu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er tök á að veita.

Mannauður

Styrkleikar HSU er mannaúðurinn en hjá stofnuninni starfa um 560 manns. Þetta er stór og öflugur hópur af bæði faglærðum og ófaglærðum starfsmönnum. Innan HSU er lögð áhersla á öfluga teymisvinnu til að auka starfsánægju starfsfólks, tryggja gæði þjónustunnar ásamt því að auka ánægju sjúklinga.

Heilsugæslustöðvar HSU

HSU starfrækir 9 heilsugæslustöðvar á 10 starfsstöðvum, tvö sjúkrahús, eitt á Selfossi og annað í Vestmannaeyjum. Á Höfn í Hornafirði eru 3 bráðarými. Að auki eru hjúkrunar- og hvíldarými rekin á Selfossi og Vestmannaeyjum. Á Selfossi er opin bráðamóttaka allan sólarhringinn og á öllum heilsugæslustöðvum HSU er bráðavakt fyrir neyðartilfalli. Á þessu herrans ári 2020 hefur heimsfaraldurinn COVID-19 haft veruleg áhrif á þjónustu heilsugæslunnar og sett sinn svip á starfsemi HSU.

Heilsugæslustöðvar HSU eru staðsettar í Þorlákshöfn, Hveragerði, Laugarási, Selfossi, Hellu, Hvolsvelli, Vestmannaeyjum, Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustri og Höfn í Hornafirði. Á öllum stöðvunum er veitt grunnþjónusta með áherslu á forvarnir og fræðslu. Þar er einnig móttaka sjúklinga, bráða- og slysaþjónusta, vaktþjónusta, skólaheilsugæsla, heimahjúkrun, mæðra- og ungbarnavernd, hjúkrunarfræðiþjónusta, sálfræðiþjónusta og móttaka ýmissa sérfræðilækna.



Læknir að skoða barn, heilsugæsla. / Ljós. HSU.

Framhald á næstu opnu →

Starfsemin

Stofnunin annast alla sjúkraflutninga á Suðurlandi. Aðalstarfsstöð sjúkraflutninga er á Selfossi, en alls eru starfsstöðvarnar 6 talsins sem saman sinna víðfeðmasta svæði landsins.

Á lyflækningadeildum HSU fer fram almenn lyflækningaþjónusta og bráðaþjónusta í lyflækningum. Flestir sjúklingar sem leggjast inn koma vegna bráðra veikinda, endurhæfingar eða vegna legu í kjölfar skurðaðgerða, meðferðar vegna langvinnra sjúkdóma eða líknandi meðferðar.

Á hjúkrunardeildunum HSU er veitt einstaklingshæfð hjúkrun og unnið er eftir Edenhugmyndafræðinni. Starfsfólk metur meðferð og úrræði í samvinnu við aðstandendur viðkomandi. Vinafélag hjúkrunardeildanna á Selfossi styðja við tómtunda- og afþreyingarstarf heimilisfólksins en framlag þeirra hefur fært tilbreytingu inn í daglegt líf þeirra.

Göngudeildir lyflækninga eru reknar á Selfossi og í Vestmannaeyjum. Þar fara m.a fram lyfjagjafir, krabbameinsmeðferðir og blóðskilun.

Við HSU starfa sjúkrapjálfarar sem sinna m.a. endurhæfingu á lyflækningadeild og á hjúkrunardeildum auk þess að sinna hjólaþjálfun þeirra sem koma í blóðskilun. Iðjubjálfi sinnir iðjubjálfun barna á Suðurlandi í samstarfi við skólaþjónustu á Suðurlandi og þjónustusvæði um málefni fatlaðra á Suðurlandi.

Rannsóknarstofur og myndgreiningardeildir eru á Selfossi og í Vestmannaeyjum. Á rannsóknarstofum HSU eru framkvæmdar rannsóknir í blóðmeinafræði, klínískri lífefnafræði og sýklafræði. Á myndgreiningardeildunum eru framkvæmdar almennar röntgenrannsóknir og tölvusneiðmyndarannsóknir.

Á Selfossi eru ljósmæðrastýrðar fæðingar í boði en ljósmæðravakt HSU sinnir m.a. fæðingum og mæðravend. Ljósmæður annast einnig allt meðgönguettílit og konur með meðgöngutengd vandamál sem þurfa stutta innlögn eða göngudeildarþjónustu. Innkaupadeild er rekin á Selfossi og sinnir innkaupum fyrir allar deildir HSU. Heilbrigðisgagnafæðingar sinna skráningu, meðhöndlun, utanumhald og frágangi á heilbrigðisupplýsingum í rafræna sjúkraskrá. Móttökuritarar starfa á öllum stöðvum við símvörslu, almenna móttöku og tímabókanir. Eldhús er starfrækt á Selfossi og í Vestmannaeyjum en þar er matreiddur matur fyrir alla sjúklinga og heimilismenn og rekin mótuneyti fyrir starfsfólk. Umsjónarmenn fasteigna sjá um viðhald fasteigna, bílafloata stofnunarinnar, stórra tækja og kerfa. Þvottahús er rekið á Selfossi og fjöldi starfsmanna starfar við ræstingar á öllum deildum og stöðvum HSU.



Rannsóknarstofa HSU á Selfossi. / Ljós. Odd Stefán.



Frá hápskimun vegna COVID-19. / Ljós. HSU.



Frá vinstri: Cecilie B H Björgvinsdóttir, mannauðsstjóri, Dána Óskarsdóttir, forstjóri, Sigurður Böðvarsson, framkvæmdastjóri lækninga, Ari Sigurðsson, framkvæmdastjóri fjármála og Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar. / Ljós. HSU.

Stjórn

Framkvæmdastjórn starfar á skrifstofu HSU og fer með faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar. Skrifstofan sinnir öllum fjármálum, áætlunum, upplýsingamálum, bókhaldi, innheimtu og uppgjörum, útreikningum launa og starfsmannamálum.

Markmið

Þjónustumarkmið HSU byggja á gildum stofnunarinnar um fagmennsku, virðingu og samvinnu. Velferð og þarfir þjónustuþega er leiðarljós starfsmanna HSU.



Sjúkrapjálfun. / Ljós. Odd Stefán.



Landamæraskimun á Höfn. / Ljósm. HSU.



Göngudeild lyflækninga á Selfossi. / Ljósm. HSU.



Sjúkraflytningar. / Ljósm. Odd Stefán.



Skurðstofa. Erla Þorvaldsdóttir svæfingahjúkrunarfræðingur og Hrund Þórhallsdóttir yfirlæknir kvennadeildar.



Heilsugæsla HVE Búðardal. Þórður Ingólfsson yfirlæknir.

Heilbrigðisstofnun Vesturlands



Heilsugæsla HVE Grundarfirði. Erna Sigurðardóttir móttökuritari.



Heilsugæsla HVE Ólafsvík. Patryk Zolobow sjúkraflutningsmaður, Berit Sveinbjörnsdóttir ljósmóðir, Elfar Andri Heimisson læknir.



HVE Hólmavík. Sólvieg Hildur Halldórsdóttir, Júlíana Steinunn Sverrisdóttir og Nicole Krysiak.

Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) samanstendur af átta starfsstöðvum og veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vesturlands í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma. Þjónustan er veitt íbúum umdæmisins og öðrum sem eftir henni leita. Kjarnastarfsemin skiptist á þrjú málefnavið eftir meginviðfangsefnum; heilsugæsluvið, hjúkrunarvið og sjúkrasvið.

Heilbrigðisumdæmi Vesturlands nær yfir sveitarfélögin Akraneskaupstað, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshrepp, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshrepp, Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Stykkishólmsbæ, Dalabyggð, Reykhólahrepp, Strandabyggð, Kaldraneshrepp, Árneshrepp og Húnaþing vestra. Íbúafjöldi svæðisins er um 18.700.

Starfsfólk og aðsetur

Á Heilbrigðisstofnun Vesturlands starfa 426 starfsmenn í 260 stöðugildum. Starfsmannavelta á árinu 2019 var 4,5%. Aðalskrifstofa HVE er að Merkigerði 9 á Akranesi.

Heilsugæsluvið

Hlutverk heilsugæsluviðs er að veita lækniþjónustu, hjúkrun, geðheilbrigðisþjónustu, heilsuvernd, forvarnir, slysa- og bráðþjónustu og annast sjúkraflutninga. Áhersla er á góða og skilvirka þjónustu, aukna þverfaglega teymisvinnu, rétta nýtingu mannafla og leiðir til að virkja notendur heilbrigðisþjónustunnar betur. HVE rekur átta heilsugæslustöðvar, þ.e. á Akranesi, í Borgarnesi, í Búðardal, í Grundarfirði, á Hólmavík, á Hvammstanga, í Stykkishólmi og í Ólafsvík. Umfang og þjónustuþörf helst í hendur við íbúafjölda sem hver heilsugæslustöð sinnir og er á bilinu 609 til 8.159 íbúar. Þjónustuþörf hefur vaxið mest á heilsugæslustöð HVE á Akranesi þar sem íbúum hefur fjölgað um tæplega 1.000 frá árinu 2010. Heildarfjöldi samskipta á heilsugæsluviði á árinu 2019 var 128.560 og vitjanir í heimahjúkrun voru 19.434. Á heilsugæsluviði eru 95 starfsmenn í 69 stöðugildum auk 42 sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

Starfsemin

Starfsemi flestra heilsugæslustöðva hefur breyst undanfarin ár með tilkomu fleiri starfssétta og aukinni teymisvinnu. Farin er að sjást breyting vegna tilflutnings verkefna milli starfssétta og enn frekari tækifæri felast í að nýta þekkingu og getu hvernar heilbrigðisstéttar betur. Farið er að hylla undir innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu innan heilsugæsluviðs.

Hjúkrunarvið

Hlutverk hjúkrunarviðs er að starfrækja hjúkrunarrými á starfsvæðinu þar sem slík þjónusta er ekki veitt af öðrum. Á Hólmavík og á Hvammstanga eru hjúkrunardeildir. Lögð er áhersla á að veita góða þjónustu í heimilislegu umhverfi í samræmi við lög um málefni aldraðra. Boðið er upp á hvíldar- og endurhæfingarinngagnir til að styðja við möguleika einstaklinga



Lyflækningadeild HVE. Anna Þóra Þorgilsdóttir, hjúkrunarfræðingur.



Rannsóknadeild HVE. Marcin Stanislaw Gielbaga og Pétur Ingi Jónsson lífeindafræðingar.



Kvennadeild HVE. Hafdís Rúnarsdóttir ljósmóðir, Kristín Georgsdóttir ljósmæðranemi og Margrét Kristinsdóttir sjúkraliði.

til að búa á eigin heimili eins lengi og kostur er. Lögð er áhersla á að fylgja þróun og nýjungum innan öldrunarþjónustu og að fylgst sé með gæðum og öryggi þjónustunnar. Samhliða hjúkrunarrýmum er eitt sjúkrarymi á Hólmavík, tvö á Hvammstanga og nokkur á sjúkradeildinni í Stykkishólmi sem nýtt eru fyrir vægari sjúkdómstilfelli er krefjast innlagnar, fyrir dvöl að lokinni meðferð á Landspítala, Akranesi og öðrum heilbrigðisstofnunum, fyrir endurhæfingu og líknandi meðferð. Heilsugæslulæknar sinna lækniþjónustu á þessum deildum. Á árinu 2019 voru 2.652 legudagar á Hólmvík, 5.399 á Hvammstanga og 1.527 á sjúkradeildinni í Stykkishólmi.

Sjúkrasvið

Hlutverk sjúkrasviðs er að starfrækja umdæmissjúkrahús með almennri sjúkrahúsþjónustu og sérfræðiþjónustu, endurhæfingu og almenn sjúkrarymi. Á Akranesi er öflugt umdæmissjúkrahús sem þjónar íbúum heilbrigðisumdæmis Vesturlands og öðrum sem eftir þjónustu leita. Auk almennrar sjúkrahúsþjónustu er þar veitt fjölbreytt sérfræðiþjónusta á sviði lyflækninga, almennra skurðlækninga, bæklunarlækninga, kvensjúkdómalækninga og fæðingahjálpar fyrir innliggjandi sjúklinga og á göngudeildum. Sérstök áhersla er lögð á örugga sólarhringsþjónustu. Á árinu 2019 voru 603 innlagnir á handlækningadeild, 818 á lyflækningadeild og á kvennadeild voru 586 innlagnir og 348 fæðingar. Gerðar voru 2072 skurðaðgerðir á skurðastofu og samtals 23.809 komur voru á slysa- og göngudeildir sjúkrahússins. Í Stykkishólmi er sérhæfð endurhæfingardeild sem sinnir meðferð við háls- og bakvandamálum sem stendur öllum landsmönnum til boða. Deildin hefur rými fyrir 11 sjúklinga í senn og alls 207 fengu meðferð þar árið 2019. Á hjúkrunar- og sjúkrasviði eru 289 starfsmenn í 191 stöðugildi. **Á HVE er lögð er áhersla á virðingu, traust og fagmennsku. Velferð skjólstæðinga skal höfð að leiðarljósi. Stuðlað er að virkri sí- og endurmenntun starfsfólks. HVE tekur þátt í menntun heilbrigðisstétta í samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og aðrar menntastofnanir.**



Heilsugæsla HVE Borgarnesi. Sarfsmenn heilsugæslunnar á bleikum föstudegi í október.



Viðhaldsdeild HVE, Halldór Hallgrímsson og Skarphéðinn Magnússon.



Jóhann B. Arngrímsson svæðisstjóri á HVE Hólmavík. Guðmundur Haukur Sigurðsson fyrrverandi svæðisstjóri á HVE Hvammstanga og Geir Karlsson yfirlæknir.



HVE Stykkishólmi.



Í framkvæmdastjórn HH. Frá vinstri: Óskar Reykdalsson forstjóri, Sigríður Dóra Magnúsdóttir framkvæmdastjóri lækninga, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar, Svava Kristín Þorkelsdóttir framkvæmdastjóri mannaúts og nýliðunar og Jónas Guðmundsson framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar. / Ljós. Eva Björk.



Fræðadagar HH eru haldnir á hverju hausti. Þangað koma starfsmenn heilsugæslu af landinu öllu auk starfsmanna HH. Á myndinni flytur Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra ávarp á Fræðadögum 2018.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) er að veita þeim sem til hennar leita áhrifaríka og góða heilbrigðisþjónustu sem er samfelld, aðgengileg og heildræn.

Í því skyni rekur HH fimmtán heilsugæslustöðvar sem eru dreifðar um höfuðborgarsvæðið og einnig starfstöðvar sem veita sérhæfðari þjónustu til viðbótar við þjónustu heilsugæslustöðvanna. Sérþjónustan er ýmist á landsvísu, fyrir höfuðborgarsvæðið eða hluta þess. *Gildi HH eru virðing, samvinna, fagmennska.*

Umfang

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er næst stærsta heilbrigðisstofnunin á landinu. Starfsmenn stofnunarinnar í árslok 2019 voru 652 í 522 ársverkum. Meirihluti ársverka er unnin hjá heilsugæslustöðvunum eða 341 og 181 í sérþjónustu. Starfstöðvar HH eru í 21 húsi í fimm sveitarfélögum. Þá eru ótaldir tugir skóla þar sem um 25.000 þúsund börn fá heilsuvernd skólabarna, nokkur hjúkrunarheimili þar sem HH kemur að lækniþjónustu og fangelsi. Á hverju ári eru þúsundir einkaheimila heimsótt í vitjunum starfsmanna, einkum í heimahjúkrun og ung- og smábarnavernd.

Heilsugæsluþjónusta

Heilsugæslustöðvarnar sinna fjölbreyttum verkefnum á sviði heilsugæslu sem byggja á traustum grunni en hafa þróast í takt við tímann og bestu fánlega þekkingu. Þar á meðal eru hefðbundin verkefni svo sem almenn lækniþjónusta, mæðravernd, ung- og smábarnavernd, heilsuvernd skólabarna, heilsuvernd eldra fólks og ónæmisáðgerðir. Meðal nýrra verkefna á heilsugæslustöðvum eru sálfræðiþjónusta og aðkoma sjúkrabjálfa í hreyfiseðlameðferð. Heilsugæslustöðvarnar eru allar með opna móttöku á dagvinnutíma þar sem veitt er bráðaþjónusta vegna skyndilegra veikinda og smáslysa. Undanfarin ár hefur verið unnið að því í samstarfi við Landspítala að beina ákveðnum erindum frá Bráðamóttöku til heilsugæslustöðvanna öllum til hagsbóta. Þetta áttak hefur borið mælanlegan árangur. Heilsugæslustöðvarnar leggja áherslu á þverfaglega samvinnu. Fagleg afstaða er tekin til allra erinda og þau annað hvort leyst á stöðinni eða komið í viðeigandi farveg. Heilsugæslustöðvar HH í Reykjavík eru: Heilsugæslurnar Árbæ, Efstaleiti, Efra-Breiðholti, Glæsibæ, Grafarvogji, Hlíðum, Miðbæ og Mjódd. Í Hafnarfirði eru Heilsugæslan Fjörður og Heilsugæslan Sólvangi og í Kópavogi eru Heilsugæslan Hamraborg og Heilsugæslan Hvammi. Heilsugæslan Garðabæ, Heilsugæslan Mosfellsumdæmi og Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ eru í bæjunum sem þær draga nafn sitt af. Skráð samskipti á heilsugæslustöðvunum 15 á árinu 2019 voru 895.122.



Heilsugæslan Mosfellsumdæmi flyt í nýbyggt húsnæði snemma á árinu 2021. Húsið er byggt frá grunni sem heilsugæslustöð og verður um 1.300 fm að stærð.

Geðheilsuþjónusta

Nú starfa sálfræðingar á öllum heilsugæslustöðvum HH, oftast tveir á hverri stöð, annar fyrir börn og hinn fyrir fullorðna. Þetta er bylting á örfáum árum og er í takt við forgangsröðun



Hjúkrunarfræðingar hafa gegnt lykhillutverki í heilsværndarstarfi alla tíð og þessi hópur hjúkrunarfræðinga HH stillti sér upp á Hjúkrun 2019 á Akureyri á 100 ára afmæli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Framhald á næstu opnu →

heilbrigðisyfirvalda. Það eru sex geðheilsuteymi hjá HH. Þessi þjónusta hefur verið í þróun undanfarin ár en byggir líka á starfi eldri eininga. Geðheilsuteymi HH Austur og Geðheilsuteymi HH Vestur sinna Reykjavík og Geðheilsuteymi HH Suður veitir þjónustu fyrir Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Geðheilsuteymi fangelsa, Geðheilsuteymi fjölskylduvernd og Geðheilsuteymi taugaraskana starfa á landsvísu með sérhæfða þjónustu. Eldri eining hjá HH er Proska- og hegðunarstöð sem sinnir greiningu þroska- og hegðunarfrávika, ráðgjöf, fræðslu, meðferð og eftirfylgd í þjónustuúrræði. Einnig er boðið þar upp á sérhæfð námskeið fyrir fagfólk og fjölskyldur. Bæði Proska- og hegðunarstöð og geðheilsuteymin eru annars stigs heilbrigðisþjónusta.

Önnur sérþjónusta

Heimahjúkrun HH í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi (HHH) er stærsta einstaka starfsstöðin hjá stofnuninni. HHH þjónar höfuðborgarsvæðinu öllu nema Reykjavík.

Bylting varð á starfseminni árið 2016 þegar heimahjúkrun í þessum bæjum var sameinuð og rekin sem ein eining í stað fjögurra áður. Með sameiningunni var stefnt að markvissri, faglegrri, sérhæfðri og skilvirkri heimahjúkrun sem kemur til móts við þarfir þeirra sem njóta þjónustunnar. Vitjanir í heimahjúkrun (HHH og Heilsugæslan Mosfellsumdæmi) árið 2019 voru 122.965. Nýjung hjá Heimahjúkrun HH er endurhæfingarteymi sem leggur áherslu á stuðning til að ná aukinni færni með markvissri tímabundinni þjálfun og aðstoð. Með því að grípa fyrir inn í með leiðbeiningar og aðstoð fagfólks er talið að auka megi færni og draga úr þörf fyrir þjónustu um leið og lagður er grunnur að auknum lífsgæðum.

Göngudeild sóttvarna annast m.a. berklavarnir, ferðamannaheilsværnd og heilbrigðisskoðun innflytjenda frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, þar með talið hælisleitenda. Umsvif deildarinnar hafa aukist mikið undanfarin ár, m.a. vegna samnings við utanríkisráðuneytið um heilbrigðisþjónustu fyrir hælisleitendur.

Fagleg þróun

Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH) er staðsett hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins en starfar á landsvísu. Þróunarmiðstöðin, sem var stofnuð 2018, vinnur að samræmingu verklags og samhæfingar milli fagfólks á heilsugæslustöðvum, gæðapróun og framförum í heilsugæslu í samráði við heilbrigðisstofnanir sem reka heilsugæslustöðvar og sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar. Sérnáms í heimilislækningum og sérnáms í heilsugæsluhjúkrun sem ÞÍH hefur umsjón með hefur skipt sköpum fyrir heilsugæslustöðvarnar.

COVID-19


Árið 2020 var óvenjulegt ár hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna áskorana sem fylgdu COVID-19. Annars vegar gegndi HH lykhillutverki í sýnatökum, fyrst á heilsugæslustöðvum og annars staðar, utanhúss í fyrstu. Svo bættist við umsjón með skimun á landamærum



Ný verkefni á fordæmalausum tímum. Starfsmenn Heilsugæslunnar Garðabæ standa hér vaktina í bilakjallara Hörpu. Þar fóru sýnatökur fram um helgar í fyrstu bylgju faraldursins og heilsugæslustöðvar skiptust á um að vera þar.



Starfsmenn HH taka þátt í Lífshlaupinu og Hjólalð í vinnuna ár hvert og þá er gjarnan keppni milli starfsstöðva. Hér taka starfsmenn Heilsugæslunnar Seltjarnarnesi og Vesturbæ á móti viðurkenningu fyrir góðan árangur í Lífshlaupinu 2020.



Samskipti á heilsugæslum 2014-2019

Hér má sjá samskipti sem eru skráð í sjúkraskrá á 15 heilsugæslustöðvum HH. Athyglisvert er að sjá hvernig rafrænum samskiptum fjölga og símtölum fækka.



Skilaboð starfsmanna Heilsugæslunnar Fjarðar til skjólstaðinga í COVID-19 faraldri.

Í júní og í júlí var opnuð sýnatökustöð á Suðurlandsbraut 34 fyrir seinni skimun og síðar einkennasýni. Þar voru oft tekin mörg þúsund sýni á dag.

Hinsvegar þurfti að veita alla venjulega þjónustu samhliða því að vernda starfsmenn og skjólstaðinga fyrir smiti. Það tókst með samstilltu átaki starfsmanna. Í mars í fyrstu bylgju faraldurins var starfsemi umbylt nánast á einni nóttu. Öll erindi sem hægt var að leysa í fjarþjónustu komu ekki inn á stöðvarnar og starfsmenn skiptust á um að vinna heima þegar samfélagssmit voru sem mest.

Rafræn þjónusta

Eitt af markmiðum HH er að notuð sé viðeigandi og skilvirk upplýsingatækni. Mikil þróun hefur verið í rafrænni þjónustu heilsugæslunnar.

Heilsuvera er sameiginlegt verkefni HH og Embættis landlæknis. Árið 2014 byrjaði fyrsta heilsugæslustöðin að nota Mírar síður en fljótlega voru allar stöðvar HH farnar að nota þessa tækni til að veita betri þjónustu, fyrst fyrir tímabókun, lyfjaendurnýjun og yfirlit yfir bólusetningar. Svo bættust við möguleikar á öruggum samskiptum við heilbrigðisstarfsmenn. Árið 2020 var ár framfara í rafrænni þjónustu. Þá bættist við ýmislegt tengt COVID-19, t.d. pöntun á sýnatökum. Þá var líka byrjað með myndsamtl á Mínum síðum Heilsuveru en þannig getur heilbrigðisstarfsmaður boðið skjólstaðingi upp á myndsamtal í öruggu umhverfi. Netspjall Heilsuveru þar sem hjúkrunarfræðingar veita ráðgjöf og leiðsögn um heilbrigðiskerfið byrjaði í árslok 2017. Eldskírmin var í mislingafaraldrinum 2019 og þegar COVID-19 brast á var þjónustan tilbúin til að leika lykilhlutverk í upplýsingagjöf til almennings. Þegar mest var voru 19 hjúkrunarfræðingar á vöktum á spjallinu, og allt að 8 samtímis. Samskiptin náðu hámarki í 12 viku ársins 2020 þegar spjöllin voru 5.579.

Fræðsluhlutinn á heilsuvera.is fer sívaxandi og er búin að festa sig í sessi með yfir milljón flettingar á mánuði í árslok 2020. Á heilsuvera.is er einnig þjónustutvefsjá yfir heilsugæslu á landinu öllu á íslensku, ensku og pólsku.


Vefur HH heilsugaeslan.is er kjarninn í upplýsingagjöf um þjónustu stofnunarinnar til skjólstaðinga og annara. Hluti hans er líka á ensku og pólsku í árslok 2020. Auk eru samfélagsmiðlar, greinaskrif og sjónvarpsþættir nýtt til kynningar og heilbrigðisfræðslu.

Leiðandi í heilbrigðisþjónustu

Verkefni Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eru fjölmörg og hefur fjölgað undanfarin ár þar sem stofnuninni hefur verið treyst til góðra verka af stjórnvöldum. Mikil og góð samvinna er við aðrar stofnanir í heilbrigðis- og velferðarþjónustu og fleiri aðila.



Mannauður er dýrmætur og þegar starfsmenn HH ná 20 ára starfsaldri fá þeir afhent eggjöð svokallaða sem er listmunur eftir Koggu. Á myndinni er hópurinn sem fékk starfsaldursviðurkenningu 2019. / Ljós. Sunna Wium.



Netspjall Heilsuveru - vika 1-35, 2020

Netspjall Heilsuveru var mikilvægt í upplýsingagjöf til almennings í COVID-19 faraldrinum og fjöldi spjalla náði hámarki í 12. viku ársins 2020.

Til viðbótar við það sem nú þegar hefur verið tíundað má nefna nokkur dæmi um verkefni sem HH tekur þátt í eða sér um.

- Ískrá sjúkraskárkerfi fyrir heilsuvernd skólabarna er þróað og rekið af HH
- Leiðandi hlutverk í þróun SÖGU fyrir heilsugæsluna
- Samhæfingastöð krabbameinsskimana hefur störf í janúar 2021
- Framkvæmdastjóri lækninga er sóttvarnalæknir höfuðborgarsvæðis
- Héraðsvaktin stafar innan HH
- Færni og heilsumatsnefnd höfuðborgarsvæðisins hefur aðsetur hjá HH
- Læknisþjónusta fyrir nokkur hjúkrunarheimili
- Vísdanefnd HH og HÍ
- Lykilhlutverk í starfsþjálfun heilbrigðisstétta
- Jafnlaunavottun í ársbyrjun 2020
- Virk þátttaka í ýmsum umbótaverkefnum, s.s. persónuverndarmálum og grænum skrefum í ríkisrekstri
- HH tekur þátt í samstarfi um Heilsuefandi samfélag

Framtíðarsýn

Heilsugæsla er grunnstöð heilbrigðisþjónustu. Hún er fyrsti viðkomustaðurinn og oftast er ekki þörf á að fara lengra í heilbrigðiskerfinu. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins veitir fjölbreytta, samfellda og þverfaglega þjónustu með áherslu á samvinnu milli starfseininga og samvinnu í samfélagi með kjörorðið: „Hér fyrir þig“ að leiðarljósi.



Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins leggur áherslu á að vera: „Hér fyrir þig.“ Húsið er afkastur stefnumótunarinnu starfsmanna árið 2019.



Mælingar teknar fyrir áhættumat.



Myndgreining með segulómun.

Hjartavernd



Karl Andersen, formaður stjórnar Hjartaverndar og Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir.

Hjarta- og æðasjúkdómar eru í dag næst algengasta orsök ótímabærra dauðsfalla á Íslandi, en voru um tíma algengasta dánarmeinið, sérstaklega meðal karla. Árið 2015 létust 20% kvenna og 27% karla af slíkum völdum. Þessi óboðni fylgifiskur aukinnar velmegunar á Vesturlöndum var þegar orðinn að miklu heilbrigðisvandamáli fyrir um 60 árum. Af þeim ástæðum höfðu margir misst heilsuna í blóma lífsins og enn aðrir áttu um sárt að binda eftir að hafa horft á eftir sínum nánustu lúta í lægra haldi fyrir þessum geigvænlega vágustum. Hér dugði því ekki eingöngu að greina sjúkdómanna, heldur líka að stilla saman strengi og snúa vörn í sókn með fyrirbyggjandi aðgerðum. Landsamtökin Hjartavernd voru stofnuð árið 1964, en helstu frumkvöðull þeirra var Dr. Sigurður Samúelsson (1911-2009), þáverandi læknir á Landspítalanum og prófessor við Háskóla Íslands. Á þessum tíma höfðu verið starfrækt um 20 hjarta- og æðaverndarfélag á landinu, en þau sameinuðust opinberlega undir einu merki Hjartaverndar þann 25. október þetta sama ár. Í fimmtíu ár hefur meginmarkmið og tilgangur samtakanna snúist um að stunda rannsóknir til greiningar á orsakavöldum hjarta- og æðasjúkdóma, tíðni þeirra og þróun, byggja upp fræðslufni út frá því og leita leiða til að sporna við öllum mögulegum sjúkdómsvöldum í þessa veru. Með Öldrunarrannsókn Hjartaverndar hefur Hjartavernd einnig rannsakað aðra algenga langvinna sjúkdóma sem fyrst og fremst herja á aldraða eins og beinþynning, heilabilun og lungnasjúkdómar. Frá árinu 2005 hefur Hjartavernd verið rekin í formi sjálfseignarstofnunar með eigin stjórn og fulltrúaráð. www.hjarta.is

Rannsóknarstöð Hjartaverndar

Hjarta- og æðasjúkdómar geta grafið um sig í líkamanum alveg frá barnæsku og því er ekki ráð nema í tíma sé tekið. Frá árinu 1967 hefur verið starfrækt sérstök Rannsóknarstöð Hjartaverndar þar sem fram fara vísindalegar athuganir og skipulegar hópleitir að meinsemdum. Frá upphafi hefur viðamesti þáttur starfseminnar verið svonefnd Hóprannsókn Hjartaverndar þar sem megin tilgangurinn er að greina helstu einkenni hjarta- og æðasjúkdóma. Reglan var sú að þátttakendur væru ákveðið slembiúrtak úr þjóðskrá af fólki sem er fætt er á árunum 1907-1935. Á löngum tíma hefur Hóprannsókn Hjartaverndar gefið af sér mjög gagnlegar niðurstöður frá rúmlega 30.000 Íslendingum og á þeim byggst um mikill grundvöllur þekkingar á helstu áhættuþáttum kransæðasjúkdóma. Samfara rannsóknum hafa verið þróuð ítarleg reiknilíkon eða áhættureiknir þar sem innbyrðis vægi áhættuþáttanna er skoðað og hægt að reikna líkurnar á kransæðasjúkdómi á næstu 10 árum. Úr sama úrtaki byggist Öldrunarrannsókn Hjartaverndar, en fyrsti áfangi hennar hófst 2002. Áhættuþáttakönnun Hjartaverndar hófst árið 2006 með þátttakendum sem fæddir eru á árunum 1935-1985. Rannsakaðir voru 7000 einstaklingar með ítarlegum æðarannsóknunum. Í samvinnu við heilsugæsluna og var útbúinn nýr áhættureiknir sem finnur æðaskellur hjá einstaklingum sem hafa lága- eða miðlungsáhættu á að fá kransæðasjúkdóm og hafa oftast enga áþreifanlega



Frá rannsóknarstofu.

áhættuþætti um æðakölkun. Þessir einstaklingar fengu klapp á bakið en lentu svo í því að fá áfall. Unnið er að því að þessi nýi áhættureiknir verði innleiddur um allt land. Hjartavernd er í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi og stór hluti rannsókna er styrktur erlendis frá eins og af Evrópusambandinu og Bandaríska heilbrigðisstofnuninni.

Áhættumat Hjartarannsóknar ehf.

Á árinu 2005 stofnaði Hjartavernd einkahlutafélagið Hjartarannsókn til að annast áhættumat Hjartaverndar og fer starfsemi þess fram í húsnæði móðurfélagsins í Kópavogi. Meginhlutverk Hjartarannsóknar ehf. er að standa fyrir opnu og vísindalega stöðluðu áhættumati fyrir almenning. Í slíkum athugunum fara fram mælingar á helstu áhættuþáttum hjá einstaklingum og síðan er lagt fyrir þá heildstætt og persónulegt mat á því hverjar líkurnar eru á hjarta- og æðasjúkdómum síðar á lífsleiðinni. Áhættumatið hefur tekið miklum breytingum í árunna rás, enda hefur það fylgt öflugu vísindastarfi Hjartaverndar. Í dag miðast helstu grundvallarþættir matsins við reykingar, blóðfitu- og blóðþrýstingsmælingar, ættarsögu, offitu, sykursýki og hreyfingaleysi. Við áhættumatið er notaður fyrrnefndur áhættureiknir Hjartaverndar.

Myndgreining Hjartaverndar

Árið 2017 stofnaði Hjartavernd Myndgreiningu Hjartaverndar ehf. Þar eru hvoru tveggja gerðar þjónusturannsóknir samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands sem og vísindarannsóknir með tækjabúnaði í fremstu röð í heiminum.

Útgáfa og fræðsla

Til að sinna hlutverki sínu sem best hefur Hjartavernd staðið fyrir útgáfu ýmissa ritaðra fræðslubæklinga um áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma. Að auki er mikil áhersla lögð á að koma niðurstöðunum rannsókna út til almennings og heilbrigðisstarfsfólks. Árið 2007 var gefin út yfirgripsmikil handbók sem inniheldur samanteknar rannsóknaniðurstöður úr starfsemi Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar (www.hjarta.is). Unnið er jöfnum höndum að uppfæra handbókina en þar eru upplýsingar um áhættuþætti, algengi og afleiðingar kransæðasjúkdóma á Íslandi. Þar kemur t.d. fram að miklir áfangasigrar hafa náðst í baráttunni fyrir tilstilli framþróunar í læknavísindum en samt eru tugþúsundir Íslendingar lifandi með fyrirbyggjanlegar afleiðingar æðasjúkdóma. Því er enn mjög mikilvægt að halda áfram leit að óþekktum áhættuþáttum.

Aðsetur og mannaflí

Frá árinu 2002 hefur Hjartavernd verið í vistlegu húsnæði í Holtasmára 1 í Kópavogi. Þar starfa 25 manns. Starfsfólkið samanstendur að mestu af læknum og hjúkrunarfræðingum með áralanga reynslu í greiningu og meðferð hjarta- og æðasjúkdóma. Að öðru leyti er um að ræða breiðan hóp fólks með ólíka menntun að baki, en innan raða samtakanna má t.d. finna líf-, lífeinda-, töl-, verk- og geislafræðinga ásamt sjúkraliðum og fólki úr ýmsum öðrum starfsstéttum. Allir vinna að því sameiginlega markmiði að ástunda sínar rannsóknir af áreiðanleika og vísindalegri nákvæmni. Verkefni starfsmanna eru fjölbreytileg og tengjast hóp- og öldrunarrannsóknum á sviði erfðafræði, myndgreiningu, úrvinnslu gagna og gæðastjórnun. Fræðsla hefur alltaf verið fyrirferðamikill hluti í starfsemi og Hjartavernd lagt mikla áherslu á að koma niðurstöðum rannsókna sinna til heilbrigðisfagfólks og almennings.

Fjáröflunarleiðir Hjartaverndar

Til að styrkja gjöfult starf Hjartaverndar eru ýmsir möguleikar í boði. Hægt er að panta minningarkort og fylla það út á heimasíðunni, en einnig er hægt að gerast beinn styrktaraðili með reglulegum greiðslum. Að þessu leyti hefur þó mestu munað um nokkra velunnara sem hafa arfleitt stofnunina að hluta eða öllum sínum eigum. Slíkur hlýhugur er seint metinn til fulls og er skýrasta dæmið um þann velvilja sem Hjartavernd nýtur meðal þjóðarinnar.

HJARTAVERND

ÁHÆTTUREIKNIR HJARTAVERNDAR

Óþió öllum á heimasíðu Hjartaverndar, www.hjarta.is.
Liggja á 40 ára rannsóknartíðni Hjartaverndar.

- Reiknar líkur á hjartasjúkdómi (kransæðasjúkdómur) á næstu 10 árum
- Gerir samanburð við einstakling af sama kyni og aldri eða samanburð við eigin markmið

Líkur á að fá kransæðasjúkdóm á næstu 10 árum (%)

| Stærð | Líkur (%) |
|-------|-----------|
| 9.4 | 9.4 |
| 4.7 | 4.7 |

Dæmi: 50 ára karlmaður sem hefur náð að kasta um 4 kg með þreyflu mataræði, hæft að reykja og byrjað að stunda reglulega hreyfingu. Aðrir þættir hafa fylgt með til hins betra. Gömlur glás til vinstri og ný til hægri. Ánasta er um 50% laugi.

Áhættuþættir sem eru notaðir í Áhættureikni Hjartaverndar

- Aldur
- Hæð og þyngd
- Kólesteról, HDL og þríglyseríð
- Efri mörk blóðþrýstings
- Reykingar
- Hreyfing
- Fjölskyldusaga (faðir, móðir eða systkin)
- Sykursýki

Áhættureiknir Hjartaverndar, www.hjarta.is



Myndir frá skurðstofum.

Klíníkin Ármúla



Sigurður Ingibergur Björnsson, framkvæmdastjóri.

Saga fyrirtækisins

Klíníkin Ármúla ehf. var stofnuð í nóvember 2014 undir nafninu Heilsumóttakan 108 Reykjavík ehf og var tilgangur fyrirtækisins rekstur lækninga- og heilsumiðstöðvar. Stofnhluthafar voru einungis þrír sem áttu jafnan eignarhlut, Eva Consortium ehf. Kristján Skúli Ásgeirsson og Sigríður Snæbjörnsdóttir. Nafni félagsins var breytt í Klíníkin Ármúla áður en rekstur félagsins hófst. Í upphafi var unnið að uppbyggingu læknameiðstöðvar í Ármúla 9 og var markmiðið að skapa aðstöðu fyrir sérfræðisþjónustu fyrir konur með áherslu á brjóstameiðstöð og kvenlækningar. Byggðar voru fjórar sérhæfðar skurðstofur auk móttökuherbergja í tæplega 2000 fm rými. Fyrsta aðgerðin var framkvæmd í október 2015 eftir árs byggingaframkvæmdir og voru hluthafar þá orðnir 17 talsins. Frá byrjun hefur markmiðið verið að félagið sé að meirihluta í eigu heilbrigðisstarfsmanna sem þar starfa. Árið 2020 var það hlutfall 88%.

Rekstrarumhverfi og sérstaða

Rekstur félagsins var á upphafsárum þungur og litaður af umræðu og ólíkum skoðunum stjórnmalamanna um mismunandi rekstarform innan heilbrigðisþjónustunnar. Sérstaklega varð sú umræða áberandi í kjölfar umsóknar félagsins um rekstur legudeildar haustið 2016. Umsókn um rekstur legudeildar var samþykkt í lok janúar 2017. Sú samþykkt var félaginu afar mikilvæg og skapaði rekstrargrundvöll fyrir félagið eins og það er rekið í dag. Sérstaða Klíníkurinnar í íslenski heilbrigðisþjónustu er einmitt sá möguleiki að geta veitt notendum þjónustunnar það öryggi að leggja þá inn í kjölfar aðgerðar. Þannig skapast grundvöllur til þess að geta gert stærri aðgerðir en áður hafa verið gerðar hér á landi utan hefðbundinna sjúkrahúsa. Fyrirmynd að starfsemi Klíníkurinnar er sótt til annarra Norðurlanda. Framkvæmdastjóri félagsins frá árinu 2016 til ársins 2020 var Hjálmar Þorsteinsson, bæklunarskurðlæknir, sem kom til Klíníkurinnar beint úr starfi sem forstjóri einkarekins stoðkerfissjúkrahúss í Svíþjóð. Markmið með starfsemi félagsins hafa próast frá því að reka lækningameiðstöð fyrir konur yfir í það að veita almenningi sérfræðilækniþjónustu þar sem gerðar væru aðgerðir sem krefjast innlagnar í mörgum tilvikum. Fyrstu liðskiptaaðgerðir hjá félaginu voru gerðar 7. febrúar 2017 og skömmu síðar voru fyrstu efnaskiptaaðgerðirnar framkvæmdar. Um árabíl sinnti Klíníkin einnig öllum brjóstakrabbameinsaðgerðum fyrir Færeyjar og er það enn eini samningur félagsins við ríkisvald um stærri aðgerðir. Enn hefur ekki náðst samningur við Sjúkratryggingar Íslands um liðskiptaaðgerðir eða efnaskiptaaðgerðir þótt þörfin sé brýn og biðlistar innan opinbera kerfisins afar langir.

Stjórn

Stjórnformaður félagsins í dag er Gestur Jónsson lögmaður, ritari stjórnar er Aðalsteinn Arnarson skurðlæknir, aðrir stjórnarmenn eru Helena Sveinsdóttir lýtalæknir, Hjálmar Þorsteinsson bæklunarlæknir og Hrólfur Einarsson svæfingalæknir.



Gestur Jónsson, lögmaður, stjórnarformaður.



Framkvæmdastjóri félagsins er Sigurður Ingibergur Björnsson. Í hluthafahópnum eru nú 32 hluthafar. Endurskoðandi er KPMG.

Daglegur rekstur

Dagleg stjórn fyrirtækisins er í höndum Sigurðar Ingibergs Björnssonar framkvæmdastjóra, Bóelar Hjarta skrifstofustjóra, Hjálmars Þorsteinssonar yfirlæknis skurðstofa og Hrólfss Einarssonar yfirlæknis legudeildar og vöknunar. Fastráðnir starfsmenn félagsins eru 24 auk þeirra sem ráðnir eru sem verktakar. Læknar starfa flestir undir endurgreiðslureglugerð rammasamnings Sjúkratrygginga Íslands og Læknafélags Reykjavíkur en ekki hefur verið í gildi samningur fyrir þessa þjónustu frá 1. janúar 2019.

Próun rekstrar

Félagið hefur á síðustu árum vaxið afar hratt og afkoma félagsins batnað. Meginstoð í rekstri félagsins hefur verið þjónusta fyrir þá sem þurfa á skurðaðgerðum að halda. Fyrirtækið hefur lagt metnað í að sinna þeirri þjónustu frá upphafi til enda. Ferlið er þannig að viðkomandi einstaklingur fer fyrst í móttöku hjá viðeigandi sérfræðingi þar sem lagt er mat á stöðu sjúklingsins. Kannaðar eru ábendingar um þörf fyrir aðgerð og hvort eitthvað í heilsufari sjúklings hindri aðgerð. Við stærri aðgerðir er viðkomandi einstaklingur kallaður til innritunar þar sem svæfingalæknir tekur einnig þátt í undirbúningi aðgerðar. Aðgerðin getur verið dagaðgerð þar sem sjúklingurinn er útskrifaður heim að lokinni dvöl á vöknun eða aðgerð sem krefst innlagnar þar sem viðkomandi fer á legudeild oftast í eina nótt í kjölfar aðgerðarinnar. Endurkomur eru ef þörf er á, í saumatöku eða eftirlit.

Helstu aðgerðarflokkar hafa verið efnaskiptaaðgerðir, lýtaaðgerðir, bæklunaraðgerðir, æðaaðgerðir, brjóstaskurðlækningar og á sviði almennra skurðlækninga.

Faglega hefur rekstur Klíníkurinnar gengið vel og er sambærilegur við það sem best þekktist. Aukin eftirspurn eftir þjónustu sérfræðinganna sem þar starfa er besti mælikvarðinn á gæði þjónustunnar.

Framtíð

Vöxtur félagsins hefur verið hraður og í ár 2021 verður fjórða skurðstofa félagsins tekin formlega í notkun. Auk þess eru áform um stækkun húsnæðisins yfir í Ármúla 7 með byggingu nýs inngangs í tengibyggingu milli Ármúla 7 og 9. Við þessa breytingu batnar aðkoma að Klíníkinni og við bætast mörg bílastæði.



Móttakan.



Klíníkin Ármúla.



Móttaka Læknavaktarinnar á Háaleitisbraut.

Læknavaktin



Stefán Ari Guðmundsson, framkvæmdastjóri.

Læknavaktin ehf. sinnir vaktþjónustu á höfuðborgarsvæðinu þar sem aðeins sérfræðingar í heimilislækningum og sérnámslæknar í heimilislækningum veita lækniþjónustu. Starfsemin er nú rúmlega 90 ára. Framkvæmdastjóri Læknavaktarinnar ehf. er Stefán Ari Guðmundsson. Eigendur (hluthafar) eru 73.

Saga Læknavaktarinnar

Upphaf Læknavaktarinnar má rekja aftur til ársins 1928 þegar komið var á sameiginlegri vakt svokallaðra samlagslækna í Reykjavík. Það gerðist með samningi lækna og Sjúkrasamlags Reykjavíkur. Fyrsta árið voru næturvitjanir um 500 talsins. Þjónustan gekk almennt undir nafninu „Næturlæknir“. Á þessum árum voru fjarskipti með öðrum hætti en nú til dags. En til þess að auka afköstin og sinna fleiri beiðnum sjúklinga fékk læknir oft að hringja í heimahúsum til að kanna hvort fleiri vitjanabeiðnir lægju fyrir. Í fyrstu var einungis um einn bíl og bílstjóra að ræða en árið 1940 fékkst leyfi fyrir öðrum bílstjóra. Fyrsti og eini bílstjórinn þar til um 1940 var Gunnar Ólafsson. Eiginkona hans sá um símsvörum og tók á móti beiðnum um vitjanir. Árið 1943 varð svo Læknavarðstofan til. Bráðabirgðahúsnæði fékkst árið 1943 þegar læknir og bílstjóri fengu afdrep í suðurálmú Austurbæjarskólans. Þess var beðið að byggingu Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg lyki. Varanleg lausn á húsnæðisvanda Læknavaktarinnar kom svo með flutningi í nýbyggsða Heilsuverndarstöð við Barónsstíg er hún var vígð 1955.

1973 var stofnuð á Landspítalanum við Hringbraut göngudeildarþjónusta heimilislækna sem var hluti af vaktskyldu heimilislækna en ótengd starfsemi Læknavaktarinnar. Var hún fyrsti vísir að móttöku heimilislækna utan dagvinnutíma þeirra. Árið 1980 flutti Læknavaktin starfsemi sína í nývígða álmu slysadeildar í Borgarspítalanum. Starfsemin fólst þá í síma- og vitjanþjónustu með vaktlækni og bílstjóra. Vaktlæknir og bílstjóri fengu aðstöðu í útleigðu herbergi hjá Gunnlaugi Þórðarsyni, lögfræðingi á milli flutninga frá Heilsuverndarstöðinni í húsnæðið hjá slysadeildinni. Það varð viðurkennt sérvið heimilislækna að sinna vaktþjónustu við sjúklinga utan sjúkrahúss. Um það var gert sérstakt samkomulag innan Læknafélags Reykjavíkur og Læknafélags Íslands árið 1986. Undir lok þess árs varð alger bylting á starfsemi Læknavaktarinnar. Heimilislæknar tóku þá við rekstri Læknavaktarinnar með samningi við Sjúkrasamlag Reykjavíkur. Á þessum tíma flutti starfsemin á ný í Heilsuverndarstöðina. Þar var opnuð móttaka í fyrrum húsnæði slysadeildar og kom hún í stað göngudeildarþjónustu heimilislækna á Landspítalanum. Hjúkrunarfræðingar tóku við vitjanabeiðnum og veittu símaráðgjöf. Einungis heimilislæknar máttu sinna starfseminni. Kópavogur og Seltjarnarnes urðu hluti þess svæðis sem Læknavaktin sinnti, auk Reykjavíkur. Það var svo árið 1998 að næsta stóra skref í sögu Læknavaktarinnar var tekið með samningi við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Vaktsvæðið var stækkað til muna er Garðabær, Álftanes og Hafnarfjörður bættust við. Með því að staðsetja höfuðstöðvarnar miðsvæðis, á Smáratorgi í Kópavogi, varð mögulegt að halda aðeins einum vitjanabíl úti þrátt fyrir víðfeðmara



Bílar Læknavaktarinnar.

þjónustuvæði. Mikil áhersla var lögð á að halda vel utan um alla tölfraði starfseminnar. Aðstaðan var hönnuð utan um starfsemina og símanúmeri breytt í 1770. Alls voru 52 starfandi vaktlæknar um það leyti. Árið 2008 sinnti Læknavaktin um það bil 65.000 móttökum og árlegar vitjanir voru um 7.000. Starfandi heimilislæknar á Læknavaktinni voru þá 82 og allir starfandi á vaktsvæðinu. Læknavaktin hefur notast við rafrænt sjúkraskráningarkerfi í móttöku frá 2007 og í vitjunum frá 2011. Læknavaktin hóf rafrænar sendingar lyfja fyrst heilbrigðisfyrirtækja, í mars 2008. Læknavaktin annaðist blóðtökur og hæfnismat fyrir Ríkislögreglustjóraembættið hjá þeim sem grunaðir voru um ölvun og/eða fíkniefnanotkun frá 2003 til 2009. Svínafleinsan stakk sér niður á Íslandi 2009 til 2010. Læknavaktin samdi þá við sóttvarnalækni um aukna símaráðgjöf og var opnuð miðstöð símsvörunar tímabundið í samhæfingarmiðstöð Almannavarna ríkisins í Skógarhlíð.

Öllu starfsfólki Læknavaktarinnar var sagt upp í janúar 2011 eftir tveggja ára samningsleysi og miklar sparnaðarkröfur. Samningar náðust í febrúar og voru næturvitjanir lagðar af í sparnaðarskyni að kröfu velferðarráðuneytisins (nú heilbrigðisráðuneytið).

Læknavaktin lét þróa skráningarforrit fyrir símaráðgjöf sem var tekið í notkun í byrjun árs 2011, sem flokkaði símtöl hjúkrunarfræðinga eftir landsvæðum, tegundum heilsufarsvandamála og úrlausnum og gaf þannig betri innsýn í viðfangsefni og umfang símaráðgjafar. Á árinu 2013 tók Læknavaktin þátt í vinnuhópi til að koma á sólarhrings símaráðgjöf fyrir allt landið. Sjúkrskrá Læknavaktarinnar tengdist öðrum sjúkrskráum með rafrænum samtengingum árið 2014 og fékk um leið aðgang að lyfjagagnagrunni landlæknis. Læknavaktin flutti skrifstofu sína og bætti við sig húsnæði árið 2015 á Smáratorgi til að fjölga læknastofum en þá var erfiður flensufaraldur í byrjun ársins. Frá 1. mars 2015 byrjaði símaráðgjöf á dagvinnutíma fyrir landið. Samningur við Sjúkratryggingar Íslands um vaktþjónustu og símaráðgjöf var gerður árið 2017 til 1. jan 2020 í kjölfar útboðs á þjónustunni. Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjós bættust við vaktsvæðið. Við þessa breytingu bættist símanúmerið 1700 við símanúmerið 1770 og Læknavaktin sinnti báðum númerunum. Undirbúin voru viðbrögð vegna yfirvofandi hættu af Ebólu faraldri 2017, sem náði ekki til landins. Læknavaktin flutti á nýtt húsnæði í júní 2018, Austurvegur, að Háaleitisbraut 68, Reykjavík. Kynnti þá sjálfsafgreiðslustanda sem voru samþættir öllum upplýsingakerfum Læknavaktarinnar þar með talið sjúkraskrákerfi, afgreiðslukerfi, bókhaldskerfi og aðgangsstýringakerfi.

Læknavaktin varð að auka viðbrögð tímabundið vegna mislingafaraldurs árið 2019. Árið 2019 var aðsóknarmesta ár Læknavaktarinnar frá upphafi með rúmlega 87.000 viðtöl, 4.000 vitjanir og 60.000 símtöl.

COVID-19

COVID-19 faraldur tók öll völd í febrúar 2020. Læknavaktin var í fremstu víglínu og tók í gagnið sérútbúna Covidbíla til þess að sinna veikum einstaklingum, einstaklingum í sóttkví ásamt því að sinna sýnatökum. Símaráðgjafarnúmer Læknavaktarinnar 1700 varð aðalupplýsingasími vegna COVID-19 faraldursins. Margfalda þurfti mannafla hjúkrunarfræðinga vegna mikils álags og fjöldi vitjana margfaldaðist einnig en aðsókn í móttöku minnkaði mikið.

Framúrskarandi fyrirtæki

Læknavaktin ehf. hefur verið samfelld á lista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki frá 2013 (að árinu 2019 undanskildu).



Læknavaktin á Háaleitisbraut.



Viðtals- og skoðunarherbergi.



Aðgerðarstofa – augasteinar.

Sjónlag

Sjónlag hf. er stofnað 01. nóvember 2001, félagið var til húsa í Spönginni 39 Grafarvogi fram til október 2008 þá fluttist starfsemin í Álfheima 74 (Glæsibæ) þar sem starfsemin er þegar þetta er ritað. Mikill metnaður eigenda hefur verið grunnurinn að starfseminni.

Eigendur og stjórnendur

Gunnar Már Zoega, augnlæknir og eigandi, Jóhann Ragnar Guðmundsson, augnlæknir og eigandi, Ólafur Már Björnsson, augnlæknir og eigandi, Óskar Jónsson, augnlæknir og eigandi, Þóra Gunnarsdóttir, augnlæknir og eigandi og Jónmundur Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri.

Viðskiptavinir og aðföng

Sjónlag veitir Íslendingum og erlendum ríkisborgurum augnlæknaþjónustu. Einstaklingar sem leita til Sjónlags eru á öllum aldri með margskonar vandamál.

Vinnulag og framleiðsluferli

Augnskoðun

Það er afar mikilvægt að fólk á öllum aldri komi reglulega í augnskoðun. Taflan hér til hliðar sýnir ráðleggingar alþjóðlegra augnlæknaamtaka.

Barnaugnlækningar

Hvers vegna þarf að meta sjón barna?

Sjón barna þroskast á fyrstu 8 til 10 árum ævinnar. Á þessum árum myndast taugabrautir í miðtaugakerfinu. Til þess að sjónþroskinn sé eðlilegur þarf skýr mynd að koma inn á sjónhinnuna í gegnum hornhinnuna (glæruna), augastein og glerhlaup. Eftir þessi ár er erfitt að leiðrétta sjónþroska vegna letiauga.

Augnsjúkdómar

Margs konar sjúkdómar geta herjað á augun okkar. Þurr augu eru afar algengt vandamál. *Hvarmabólga* (Blepharitis) er líklega einn algengasti augnsjúkdómurinn á Íslandi. *Hrönnun í augnbotnum*, algengasta orsök lögblindu á Íslandi. *Gláka* er hægfara ættgengur sjúkdómur

| Aldur (ár) | Tíðni skoðana |
|-----------------|---------------------|
| 65 ára og eldri | Á 1 - 2 ára fresti |
| 55 - 64 | Á 1 - 3 ára fresti |
| 40 - 54 | Á 2 - 4 ára fresti |
| Undir 40 | Á 5 - 10 ára fresti |



Á ferðalagi í Berlín vorið 2018. Starfsmenn Sjónlags og systurfélags Provision ásamt mökum.



Aðgerðarstofa – augasteinar.



Aðgerðarstofa – augasteinar.

sem ómeðhöndlaður getur valdið skerðingu á sjónsviði. Sykursýki getur haft mikil áhrif á augu og augnbotna. Mjög mikilvægt er að vera í reglubundnu eftirliti hjá augnlækni.

Keiluglæra (e. keratoconus) er sjúkdómur í hornhimnu augans. Sjúkdómurinn veldur sjónskerðingu en ekki blindu.

Krosstengslameðferð / Crosslinking (CXL) er eina meðferðin sem stöðvar framþróun keiluglærunnar. **Excimer laser aðgerð** í aðgerðinni er hornhimnan slípuð í reglulegra form og minnkar þá þörf fyrir stöðuga linsu. **ICRS (e. Intra corneal ring segments)** er aðgerð sem hentar allmörgum. Það eru settir litlir bogalaga plasthringir inn í hornhimnuna sem þá fær reglulegra form. **Augasteinsaðgerð** eldri sjúklingar með stöðuga keiluglæru, sem þurfa að fara í augnsteinaskipti vegna skýmyndunar.

Hornhimnuígræðsla á bilinu 10-20% af þeim sem eru með keiluglæru fá hornhimnuígræðslu og minna en helmingur þeirra fá nýja hornhimnu á bæði augun.

Sjónlagsaðgerðir frelsi án gleraugna, fyrsta skrefið er að fara í forskoðun, sem leiðir í ljós hvernig sjónlag þitt er. Í framhaldi af henni er hægt að skoða hvort og þá hvernig aðgerð muni henta fyrir þig. Í flestum tilfellum er aðgerð möguleg. Þó munum við ekki mæla með aðgerð nema miklar líkur séu á árangri. **Augasteinsaðgerðir**, augasteinaskipti hafa verið framkvæmd í áratugi og því komin mikil og góð reynsla af aðgerðinni. Stöðugt eru í þróun nýjar tegundir gerviaugasteina sem eiga það sameiginlegt að gera einstaklinga minna háða gleraugum. Aðgerð með fjölfókúsgerviaugsteinum gæti komið sér vel fyrir þá sem vilja losna við gleraugu. Einn af kostum aðgerðarinnar er að sá sem hefur undirgengist augasteinaskipti á ekki á hættu að fá ský á augastein síðar meir. Fyrir þá sem vilja geta lesið án lesgleraugna er augasteinaskipti með ísetningu fjölfókúsgerviaugsteins góður kostur. **Ský á augasteini** nefnist það þegar tærleiki augasteinsins minnkar og sjónin skerðist. Eina meðferðarúrræðið er að fjarlægja augasteininn og setja gerviaugastein í staðinn. Sjúklingar sem fá hefðbundna gerviaugasteina fá yfirleitt góða sjón, sérstaklega til að sjá frá sér. Flestir sjúklinganna þurfa þó að nota gleraugu til að sjá vel nálægt sér, t.d. við lestur. **Laser**, Sjónlag er eina fyrirtækið sem býður eingöngu upp á sjónlagsaðgerðir sem eru algjörlega hniflausar.

Hvað er nærsýni? Nærsýni orsakast oftast af því að augun eru of löng og því fellur fókuspunkturinn of framlega í augað í stað þess að lenda á sjónhimnunni í augnbotninum. **Meðferð**, Hornhimnan er gerð flatari með lasermeðferð og minnkar þannig nærsýnin með því að fókuspunkturinn færast í miðgrófina. **Hvað er fjarþýni?** Fjarþýni er í raun það þveröfuga við nærsýni, þ.e. augað er of stutt og því fellur fókuspunkturinn aftan við augað í stað þess að lenda á sjónhimnunni í augnbotninum. **Meðferð**, með lasermeðhöndlun er hornhimnan gerð kúptari og styrkleiki hennar aukinn. **Hvað er sjónskekkja?** Sjónskekkja veldur því að mynd verður skökk og út úr fókus. Þessi kúpull á að vera eins og evrópskur fótbolti í laginu – í sjónskekkju er hann hins vegar eins og amerískur fótbolti í laginu. Því verður myndin skökk. **Meðferð**, unnið er gegn sjónskekkju með lasermeðferð sem tekur mið af aflögun hornhimnunnar og leiðréttir þannig að kúptleiki hennar verður sá sami í öllum 360° hornhimnunnar. **Linsu ígræðsla ICL**, ígræðslu snertilinsu í auga (gerviaugasteins) til að leiðrétta sjónlagsgalla, með eigin augastein óhreyfðan. Valkostur fyrir þá sem hafa mikinn sjónlagsgalla og eða þunna hornhimnu. Aðgerðin er afturkræf.

Mannauður og starfsmannafjöldi

Hjá Sjónlagi starfa 10 augnlæknar, tveir sjóntækjafraeðingar, tveir sjúkraliðar, fjórir ritarar og einn viðskiptafræðingur. Starfsemin skiptist í þrjú meginsvið, almenna augnlæknaþjónustu, aðgerðargang og Tálalind. Stoðsvið eru miðrymi, forskoðun og móttaka.

Starfsmannafélag

Virkt starfsmannafélag er starfandi, miðað er við að halda vofagnað og árshátíð. Þar fyrir utan eru ýmsir viðburðir bæði í útiveru og skemmtunum.

Þróun

Félagið hefur vaxið jafnt og þétt frá byrjun. Fjöldi verkefna hefur aukist og markmiðið er að veita heilstæða þjónustu fyrir sjúklinga. Hjá Sjónlagi hafa verið framkvæmdar vel á annan tug þúsunda laser aðgerða og hátt í tíu þúsund augasteina aðgerða til þessa.



Á skurðstofunni. Ari Helgi Ólafsson gerir aðgerð á hendi. Honum til aðstoðar eru skurðhjúkrunarfræðingarnir Vilborg Elva Jónsdóttir (t.v.) og Steinunn Eyjólfsdóttir (t.h.). Svæfingahjúkrunarfræðingurinn Halldóra Bjarney Skúladóttir stendur við tölvuskjáinn en hjúkrunarfræðinemi fylgist með.



Inga Margrét Skúladóttir, forstöðuhjúkrunarfræðingur almennu göngudeildarinnar, sinnir skjólstæðingi.

Sjúkrahúsið á Akureyri



Húsið „Gudmanns Minde“ varð fyrsta sjúkrahúsið á Akureyri, afhent til þeirrar notkunar í nóvember árið 1873 og vígt 7. júlí 1874.



Árið 1899 var „Gamli spítalinn“ reistur. Það hús hefur gegnt hlutverki skíðahótelis í Hlíðarfelli um áratugaskeið.



Kristnesspítali hefur verið hluti af starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri frá árinu 1993.

Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) er miðstöð sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu á Norður- og Austurlandi. Það veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu þar sem áhersla er lögð á bráðaþjónustu og helstu sérgreinaeðferðir í lyf-, hand- og geðlæknisþjónustu. SAK er annað tveggja sérgreinasjúkrahúsa landsins og gegnir lykilhlutverki í almannavörnum. Það er jafnframt kennslusjúkrahús sem leggur ríka áherslu á kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum. Stöðugur vöxtur hefur verið í starfsemi og reksturinn að sama skapi verið farsæll. Kannanir sýna mjög mikla ánægju með þjónustu sjúkrahússins á meðal skjólstæðinga þess og mikið traust til sjúkrahússins. SAK hlaut á árinu 2015 alþjóðlega gæðavottun á starfsemi sinni, fyrst íslenskra heilbrigðisstofnana. Sú gæðavottun var endurnýjuð árið 2018 og í apríl 2019 fékk sjúkrahúsið vottun samkvæmt alþjóðlega gæðastaðlinum ISO 9001:2015 – fyrst íslenskra heilbrigðisstofnana. www.sak.is

Nær 150 ára samfelld saga

Rætur Sjúkrahússins á Akureyri ná allt aftur til ársins 1873 en þá hófst lengsta samfellda saga sjúkrahúss á Íslandi. Byggingasagan hófst 11. nóvember árið 1873 þegar danski stórkaupmaðurinn Friðrik C.M. Gudmann færði Akureyrarbæ húsið Aðalstræti 14 að gjöf til starfrækslu sjúkrahúss. Spítalinn var vígður 7. júlí 1874 (8 rúm). Árið 1899 var ráðist í nýbyggingu (12 rúm) og stækkað árið 1920 (40 rúm). Elstu núverandi byggingar á Eyrarlandsholti eru frá árinu 1953 (120 rúm) en þann 15. desember það ár tók Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA) formlega til starfa í nýju og glæsilegu húsnæði. Ráðist var í stækkun á árunum 1973–1990 (170 rúm). Suðurálma sjúkrahússins var byggð á árunum 1994–2007 og síðan hefur verið ráðist í margvíslegar breytingar og endurbætur. Árið 2020 er fjöldi rýma 139, þar af 110 á legudeildum og 29 á dagdeildum. Nafni sjúkrahússins var breytt í Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) árið 2007 með lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

Heilsuhæli Norðurlands að Kristnesi var tekið í notkun árið 1927. Frá árinu 1993 hefur það verið hluti af starfsemi SAK og heitir nú Kristnesspítali.

Fjölbreytt starfsemi

Starfsemi sjúkrahússins skiptist í þrjú klínísk svið, auk fjármála- og rekstrarsviðs, og er einn framkvæmdastjóri yfir hverju þeirra. Klínísku sviðin eru: **Bráða- og þróunarsvið** - innan þess eru bráðalækningar, bráðamóttaka, myndgreiningalækningar, myndgreiningadeild, rannsóknadeild, deild mennta og vísinda, Sjúkraflutningaskólinn og gæðamál.

Handlækningsvið - innan þess eru skurðlækningar, bæklunarskurðlækningar, skurðlækningadeild, skurðstofa og sóttreinsun, svæfinga- og gjörgæslulækningar, svæfingadeild, gjörgæsludeild, fæðinga- og kvensjúkdómalækningar, fæðingadeild og læknaritaramiðstöð.

Lyflækningasvið - innan þess eru lyflækningar, lyflækningadeild, geðlækningar, geðdeild, endurhæfing og öldrunarlækningar, Kristnesspítali, barnalækningar, barnadeild, almenn göngudeild og sjúkrahúsapótek.



Athafnasvæði SAK á Eyranlandsholti 2020. Elsta byggingin er frá árinu 1953 en sú nýjasta frá 2007. Bygging nýrrar legudeildardálmur er nú á undirbúningsstigi.



Ingólfur Rögnvaldsson barnalæknir hugar að nýfæddum einstaklingi.

Fjármála- og rekstrarsvið - innan þess eru skrifstofa fjármála, upplýsingatæknideild, rekstrardeild, ræstimiðstöð, eldhús og öryggismál.

Sjúkrahúsið á Akureyri hefur frá árinu 2002 rekið Sjúkraflutningaskólann. Þá hefur læknavakt fyrir sjúkraflug verið starfrækt frá SAK frá árinu 2002 en frá þeim tíma hefur Akureyri verið skilgreind miðstöð sjúkraflugs á Íslandi. Stöðugur vöxtur hefur verið í þeirri starfsemi.

Forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri er Bjarni Jónasson. Framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs er Guðmundur Magnússon, framkvæmdastjóri hjúkrunar og bráða- og þjónustusviðs er Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga og handlækningasviðs er Sigurður E. Sigurðsson og framkvæmdastjóri lyflækningasviðs er Alice H. Björgvinsdóttir.

Öryggi – Samvinna – Framsækni

Gildi Sjúkrahússins á Akureyri eru þrjú: **Öryggi – Samvinna – Framsækni**. Öryggi sjúklinga og starfsmanna er í forgrunni og kappkostað að ná því fram með umhyggju, virðingu og góðri samvinnu að leiðarljósi. Framsæknin birtist á ýmsum sviðum. Sífell er hugað að frekari framþróun starfseminnar, hvort sem um er að ræða endurbætur á núverandi vinnulagi eða upptöku nýrrar þjónustu. Sjúkrahúsið er þátttakandi í samnorrenum verkefnum á sviði fjarheilbrigðisþjónustu og er í fremstu röð hvað það varðar að nýta tækni til að bæta þjónustuna. Einnig er markvisst unnið að því að bæta þjónustu við ört stækkandi hóp eldri íbúa sem þarf á heilbrigðisþjónustu að halda.

Mannauður

Mannauðsstefna Sjúkrahússins á Akureyri er leiðarljós stjórnenda og starfsfólks sem gerir sjúkrahúsið að eftirsóknarverðum vinnustað. Ársverk voru 517 talsins á árinu 2019 og almennt hefur gengið vel að manna stöður. Viðamikil fræðslustarfsemi fer fram innan veggja SAK og mikil áhersla er lögð á starfsmannaheilsuvernd, með það að markmiði að hlúa að starfsfólki og vinnuumhverfi þess og stuðla að aukinni vellíðan.

Mikil velvild í samfélaginu

Sem fyrr segir sýna niðurstöður kannana að Sjúkrahúsið á Akureyri nýtur mikils trausts í samfélaginu og að 9 af hverjum 10 eru ánægðir með þjónustu þess. Þessi mikli velvilji kristallast í gríðarlegu öflugu starfi Hollvínasamtaka Sjúkrahússins á Akureyri en þau voru stofnuð í desember árið 2013. Þau hafa þegar lyft grettistaki í sögu sjúkrahússins og fært því ýmis tæki og búnað að gjöf sem nemur milljónatugum ár hvert. Áður en Hollvínir SAK komu til sögunnar gegndi Gjafasjóður sjúkrahússins veigamiklu hlutverki og gerir enn. Ætla má að að framlög frá Hollvínunum SAK og úr Gjafasjóði nemi um fjórðungi af þeim fjármunum sem sjúkrahúsið hefur nýtt til kaupa á tækjum og búnaði undanfarna áratugi. Slík velvild úti í samfélaginu er ómetanleg.

Horft til framtíðar

Í heilbrigðisstefnu til ársins 2030 sem samþykkt var af Alþingi 2019 og fjármálaáætlun er gert ráð fyrir byggingu legudeilda við SAK á árunum 2023 og 2024. Bryn þörf er fyrir þá framkvæmd og fleiri bryn verkefni bíða úrlausnar. Þau verða leyst á besta mögulega hátt, með hag skjólstæðinga sjúkrahússins að leiðarljósi.



Boðið hefur verið upp á þverfaglega hermikennslu frá árinu 2017 fyrir allar starfsstéttir SAK þar sem æfð eru viðbrögð, m.a. við bráðaáðstæðum, forgangsröðun verkefna, staðlað verklag og þverfaglega teymisvinnu. Hér er Ragnheiður Baldursdóttir, fæðinga- og kvensjúkdómalæknir, að kenna kandidötum vorið 2018. Frá vinstri: Helga Hansdóttir og Benedikt Halldórsson. Hera Birgisdóttir er að taka á móti „barninu“ og henni til aðstoðar er hollenski kandidatin Dilys Sigurjonsson.



Hollvínasamtök Sjúkrahússins á Akureyri og starfsmannafélag SAK halda Dag sjúkrahússins hátíðlegan í desember ár hvert í verslunarmiðstöðinni Glerártorgi. Hér sinna kandidatin Margrét Diljá Oddsdóttir (t.v.) og Brynja Kristín Einarisdóttir, deildarlæknir á bráðamóttöku, ungum dreng sem hefur áhyggjur af heilsufari risaæðlunnar sinnar.



Genís



Stofnendur, eigendur og stjórnendur Genís ehf.

Athafnamaðurinn og Siglufirðingurinn, Róbert Guðfinnsson er stofnandi og stærsti eigandi líftæknifyrirtæksins Genís. Stjórnendur fyrirtæksins eru Róbert Guðfinnsson sem forstjóri, Gunnhildur Róbertsdóttir sem yfirmaður upplýsingatækni og markaðssetningar, Jón Garðar Steingrímsson sem framkvæmdastjóri framleiðslu og Dr. Þorlákur Jónsson sem yfirmaður vísindasviðs.

Sagan

Óumflýjanleg aukaafurð rækjuvinnslu er rækjuskel sem lengi vel var urðuð á Íslandi. Hugmyndin að byggingu verksmiðju til að vinna kítín úr rækjuskel á Íslandi á uppruna sinn hjá Ágústi Sveinbjörnssyni, efnaverkfræðingi Genís í Bandaríkjunum. Kítínverksmiðja var tekin í notkun árið 1999 á Siglufirði sem síðar var að Primex, en þá var Róbert einn af eigendum Þormóðs ramma og þar með Primex og rækjuvinnslunnar. Róbert stofnaði Genís upp úr þróunardeild Primex árið 2005 og fjármagnaði sjálfur frumrannsóknir á sviði lífefna- og líffræði. Rannsóknafasinn stóð yfir í um áratug og framleiðslueining innan fyrirtækisins var sett á laggirnar á Siglufirði árið 2014. Árið 2018 var rannsóknarsdeild fyrirtækisins flutt norður á Siglufjörð og er nú öll kjarnastarfsemi fyrirtækisins þar. Vörustofn fyrirtækisins eru svokallaðir meðferðartengdir kítínfásýkrungar (T-ChOS, e. therapeutic chitooligosaccharides) sem þróaðir hafa verið af fyrirtækinu. Vörustofninn hefur svo nýst í þróun á fæðubótaefninu Benecta®, næringarlyfinu (e. nutraceutical) SimeCOS og nú að lyfjum.

Starfsemi Genís með tillit til vöruþróunar er hægt að skipta niður í þrjá fasa; þróunarfasa, framleiðslufasa og nú er fyrirtækið státt í markaðs- og sölufasa. Vöruþróunarfásinn hófst með frumrannsókn á sviði lífefna- og líffræði, þar sem þróa þurfti samtímis meðferðartengda kítínfásýkrunga, framleiðsluaðferðir ásamt greiningaraðferðum enda bæði varan og framleiðslan mjög sérhæfð. Hlutverk starfsmanna fyrirtækisins á frameiðslufasa hefur verið að sýna fram á að hægt sé að framleiða á áreiðanlegan og hagkvæman máta. Í dag afhendir Genís frá sér fæðubótarefni undir 7 vörunúmerum úr 3 vöruflokkunum (Benecta® Regular, Benecta® Osis og Second half plus), næringarlyf fyrir klínískar rannsóknir og vinnur nú að því að aðlaga framleiðsluáðstöðuna að lyfjaframleiðslu til að afhenda efni fyrir fyrstu hluta klínískra rannsókna. Starfsmenn Genís annast val og öflun á aðföngum sem nauðsynleg eru fyrir starfseminu sjálfir. Íslenskir lykillirgjar eru kannaðir gaumgæfilega en þeir sjá fyrirtækinu fyrir helstu rekstrarvöru þar sem gæði vöru og áreiðanleiki í afhendingum skiptir Genís mestu máli. Birgðakeðjan er sterkust í Evrópu en nær einnig til birgja í Asíu.

Vöruflokkar

Benecta® hefur í nokkur ár verið eitt mest selda fæðubótarefni á Íslandi. Benecta® Regular er ætlað breiðum hópi fólks í hækandi aldri og fyrir þá sem vilja ekki slá slöku við. Varan er einnig vinsæl meðal íþróttamanna þar sem endurheimt skiptir máli. Benecta® Regular er orkuaukandi og flýtir fyrir endurheimt. Hægt er að fá Benecta® Regular í hylkjum og freyðitöfluformi. Benecta® Osis er fyrir einstaklinga með slæma túrverki og legslímufلاك (endometriosis).



Við mælum með því að taka vöruna að staðaldri, því innihaldsefni Benecta® Osis stuðla að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfsins, draga úr þreytu og viðheldur eðlilegri vöðvastarfsemi. Second Half plus var hannað eftir fjölda fyrirspurna einstaklinga úr hópi viðskiptavina Genís sem vildu að Benecta yrði aðgengilegt fyrir aldraða hunda sína. Samsetning Second Half plus er gerð með þarfir aldraða hunda sem sýnt er að finni fyrir verkjum eða sársauka. Vörunni hefur verið vel tekið enda þekjja dýrin ekki lyfleysuáhrif og er talað um að margur aldraður hundurinn sé farinn að hreyfa sig meira og örar.

Sérstaða

Genís situr að sérhæfðri þekkingu á greiningar- og framleiðsluaðferðum á umbreytingu á kítíni yfir í meðferðartengda kítínafáskrunga. Alþjóðlega virk einkaleyfi og á Siglufirði geymd viðskiptaleyndarmál tryggja fyrirtækinu samkeppnishæfni við framleiðslu.

Fjöldi starfsmanna og aðsetur

Lengi vel störfuðu einungis þrír starfsmenn hjá Genís en í dag starfa um 25 einstaklingar hjá Genís með fjölbreytta menntun og reynslu. Genís er þekkingarfyrirtæki og því er hátt hlutfall háskólamenntaðra hjá fyrirtækinu. Genís hefur aðsetur á Siglufirði. Vefsíða fyrirtækisins er www.genis.is og fæðubótarefnanna www.benecta.is.

Staðan í dag og framtíðarsýn

Í dag leitar fyrirtækið að frekari fjárfestum til næstu skrefa. Fyrirtækið býr yfir gríðarlega sérhæfðri þróunar- og framleiðsluþekkingu eins og er.

Stefnan er að auka hlutdeild fyrirtækisins í sölu fæðubótarefna til erlendra markaða og takast á við áskoranir lyfjaþróunar og því er útlit er fyrir að það þurfi að margfalda starfsmannafjöldann. Velta fyrirtækisins hefur aukist á milli ára en Genís hefur enn ekki skilað hagnaði.

Genís er aðili að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins.

Markaðs- og samfélagsmál

Reynslumarkaðssetning á Íslandi sem veitir nálægð við neytendur. Á Siglufirði er til að merkja mjög hátt hlutfall reglulegra neytenda sem flýttir gríðarlega fyrir endurgjöf á hversu vel samsettar og aðlaðandi vörur fyrirtækisins eru. Genís selur nú Benecta beint til einstaklinga í Bretlandi og Þýskalandi með netsölu. Markaðssetningin fer meðal annars fram í gegnum samfélagsmiðla, tölvupósta og greinaskrif. Með þessu móti ætlar Genís að ná fram góðri kynningu á sínum vörum, stilla af verð og gefa hugmyndir um væntanlegar vörur. Covid-19 setti strík í starfsemi fyrirtækisins sem stefndi á aukna markaðssetningu á árinu 2020 sem fresta þurfti. Genís sinnir nýsköpun á landsbyggðinni og er innlegg í sjálfbærni og samhengi. Úrgangi er umbreytt í verðmæti þar sem umhverfi og samfélag njóta góðs af. Genís vill laða að sér hæfileikaríka einstaklinga og skapa velmegun, þar sem allir njóta góðs af; náttúra, samfélag, starfsmenn og hluthafar fyrirtækisins.





Meginmarkmið Íslenskrar erfðagreiningar er að rannsaka erfðafraeðilegar orsakir sjúkdóma og hefur allt frá stofnun rutt brautina fyrir nýtingu erfðaupplýsinga til framfara í heilbrigðisþjónustu. Ljós. Chris Lund. / Íslensk erfðagreining.



Kynjahlutfall er nánast jafnt hjá Íslenskrari erfðagreiningu en í rannsóknamiðstöð þróunarverkefna eru konur í meirihluta. Ljós. Chris Lund. / Íslensk erfðagreining.



Ljós. Chris Lund. / Íslensk erfðagreining.

Íslensk erfðagreining



Kári Stefánsson stofnaði fyrirtækið ásamt fleirum og hefur verið forstjóri þess frá byrjun. / Ljós. Chris Lund / Íslensk erfðagreining.

Íslensk erfðagreining var stofnuð árið 1996 til að stunda rannsóknir á sviði mannerfðafraeði. Kári Stefánsson forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar stofnaði fyrirtækið ásamt fleirum árið 1996 og hefur verið forstjóri þess frá byrjun. Íslensk erfðagreining er til húsa að Sturlugötu 8 í Vatnsmýrinni. Þar starfa um 210 manns en að auki eru 68 starfsmenn hjá Rannsóknamiðstöð þróunarverkefna sem er til húsa í Turninum í Kópavogi. Fjöldi starfsmanna hefur sveiflast nokkuð frá stofnun. Árið 2002 voru um 700 manns við störf, séu sumarstarfsmenn taldir með, en fæstir hafa starfsmenn verið 130 talsins. Í byrjun voru erlendir starfsmenn í meirihluta en í dag eru flestir starfsmenn íslenskir eða um 80%. Kynjahlutfall er nánast jafnt hjá Íslenskrari erfðagreiningu, en í Rannsóknamiðstöðinni eru konur í meirihluta. Íslensk erfðagreining velti um 9,4 milljörðum árið 2017. Frá 2012 hefur fyrirtækið verið í eigu lyfjafyrirtækisins Amgen, en lýtur alfarið íslenskrari stjórn og starfar samkvæmt íslenskum lögum og reglugerðum.

Hvað gerum við?

Meginmarkmið Íslenskrar erfðagreiningar er að rannsaka erfðafraeðilegar orsakir sjúkdóma til að efla forvarnir og meðferð. Í dag gegnir fyrirtækið forystuhlutverki í mannerfðafraeði í heiminum og hefur allt frá stofnun rutt brautina fyrir nýtingu erfðaupplýsinga til framfara í heilbrigðisþjónustu. Niðurstöður Íslenskrar erfðagreiningar hafa birst í nær 700 greinum í helstu vísindatímaritum veraldar. Sú afrekaskrá er einstök. Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa fundið mikilvæga erfðabreytileika sem tengjast tugum algengra sjúkdóma, frá sykursýki 2, til hjartaáfalla, geðklofa og krabbameina. Erfðabreytileikar geta gefið veigamiklar vísbendingar við lyfjapróun. Þannig fundu vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar stökkbreytingu sem verndar fólk gegn Alzheimer sjúkdómnum. Uppgötvunin kom lyfjafyrirtækjum á sporið og þau reyna nú að búa til lyf sem líkja eftir áhrifum stökkbreytingarinnar. Fleiri uppgötvunar Íslenskrar erfðagreiningar eru nýttar til þróunar nýrra lyfja, til dæmis við hjartasjúkdómum.

Hvað hugsum við? Hvernig eldumst við? Og Hvaðan komum við?

Íslensk erfðagreining rannsakar ekki bara sjúkdóma. Erfðamengi mannsins getur líka varpað ljósi á ýmsar aðrar ráðgátur. Þannig hafa rannsóknir fyrirtækisins varpað ljósi á grundvallarferli líffraeði, svo sem endurröðun erfðavísa, nýjar stökkbreytingar og áhrif foreldra á erfðafni barna sinna. Í erfðamengi hvers einstaklings eru líka vegvísar um uppruna okkar. Rannsóknir Íslenskrar erfðagreiningar benda þannig til að 75% landnámskarla hafi komið frá Norðurlöndum og 25% þeirra hafi komið frá Bretlandseyjum. Einungis 33% landnámskvenna voru hinsvegar af norrænu kyni, 67% þeirra komu frá Írlandi, Orkneyjum og öðrum viðkomustöðum víkinga á leið til Íslands. Til að finna erfðavísa, sem gegna hlutverki í myndun og þróun sjúkdóma, þarf að bera saman arf- og svipgerðir fólks sem hefur tiltekin sjúkdómseinkenni og annarra sem hafa þau ekki. Það þarf að safna saman og greina mikið magn upplýsinga um heilsufar og arfgerðir fjölda einstaklinga. Það er einnig nauðsynlegt að búa yfir nákvæmum ættfræðiupplýsingum til að



Íslensk erfðagreining í Vatnsmýrinni.



COVID-19.

geta rakið hvernig sjúkdómarnir erfast. Allar rannsóknir hefjast því á því að skoðuð eru ættartengsl fólks sem greinst hefur með tiltekinn sjúkdóm með hjálp Íslendingabókar, ættfræðigrunns Íslenskrar erfðagreiningar. Erfðamengi allra þátttakenda er síðan skimað til að finna sameiginlega breytileika í erfðafni þeirra sem eru með viðkomandi sjúkdóm. Íslendingabók er eini ættfræðigrunnurinn í heiminum sem nær til heillar þjóðar. Í henni er að finna á tölvutæku formi upplýsingar um meira en 95% allra Íslendinga sem uppi hafa verið frá því að fyrsta manntalið var gert á Íslandi árið 1703 og ítarlegar upplýsingar allt aftur til landnáms.

Hver erum við?

Það er flókið þúsluspil að mynda skapandi umhverfi, allir þurfa að leggjast á eitt. Það er varla til sú grein tækni og raunvísinda sem ekki á sér fulltrúa meðal starfsmanna Íslenskrar erfðagreiningar. Flestir starfsmenn hafa lokið háskólaprófi, margir frá bestu skólum í heimi og fjórðungur starfsmanna hefur lokið doktorsprófi. Saman hefur þessi liðsheild náð einstæðum árangri. Þannig hafa tíu vísindamenn fyrirtækisins komist á lista yfir 200 áhrifamestu vísindamenn heims í erfða- og sameindalíffræði, sem fjölmiðlunarfyrirtækið Thomson Reuters birtir reglulega. Sumarið 2014 fékk Kári Stefánsson forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar verðlaun bandarísku Alzheimerssamtakanna fyrir mikilvægasta framlag til rannsókna undangenginna tveggja ára á hinum skæða sjúkdómi. Hann hafði þá fengið margvíslegar aðrar viðurkenningar fyrir störf sín, til dæmis verðlaun Evrópska erfðafræðifélagsins árið 2009 og Sir Hans Krebs verðlaunapening Evrópsku líf- og læknávisindasamtakanna (FEBS) en hann er veittur fyrir framúrskarandi árangur í rannsóknum í sameindalíffræði. Árið 2017 var Kári sæmdur William Allan verðlaununum, æðstu viðurkenningu Bandaríska mannerfðafræðifélagsins sem eru veitt vísindamanni sem þykir hafa skilað stóru og yfirgripsmiklu framlagi til rannsókna í mannerfðafræði.

Samvinnan um vísindarannsóknir nær langt út fyrir veggir fyrirtækisins. Samverkfólk Íslenskrar erfðagreiningar er að finna víða, bæði innan lands og utan. Um allan heim teygir sig stórt net erlendra kollega við háskóla og sjúkrahús. Og hér heima er traust samband við fjölmörg styrktarfélag og samtök sjúklinga og áhugafólks. En mikilvægasta samstarfið bæði í nútíð og framtíð er við fólkið í landinu. Fleiri en 170.000 Íslendingar hafa tekið þátt í rannsóknum Íslenskrar erfðagreiningar og gefið lífsýni og samþykkt að upplýsingar um arfgerðir þeirra og heilsufar eða lífshætti séu notaðar í vísindarannsóknum. Þessi mikla þátttaka og stöðugar framfarir í greiningu upplýsinganna hafa gefið vísindamönnum fyrirtækisins meiri og dýpri skilning á erfðaeinkennum heillar þjóðar en fyrir finnst í nokkru öðru landi.

Hvert stefnum við?

Vitneskjan er dýrmæt, þegar vitað er að tilteknir erfðabreytileikar auka sjúkdómsáhættu, má finna einstaklingana sem eru í mestri hættu og leiðbeina þeim um fyrirbyggjandi læknismeðferð eða breytingar á lífsvenjum. Í gögnum Íslenskrar erfðagreiningar er til dæmis að finna dulkóðaðar upplýsingar um hundruð íslenskra kvenna sem hafa stökkbreytingu í BRCA2 geninu, sem stóreykur hættuna á brjóstakrabbameini. Einstaklingar geta sjálfir sótt upplýsingar um hvort þeir beri stökkbreytinguna á vefnum arfgerd.is. Í framtíðinni væri þó óskandi að það væri tilkynningaskylda um arfgenga sjúkdómsáhættu sem kemur í ljós við vísindarannsóknir og hægt er að bregðast við eða fyrirbyggja. Heilbrigðisfyrirvöld myndu þá nálgast sjúklingana og gera þeim viðvart. Greining erfðafnisins verður stöðugt ódýrari, fullkomnari og fljótvirkari. Rafrænni skráningu heilbrigðisupplýsinga fleygir fram. Tölvutækni og reiknigeta taka stórstígum framförum. Læknismeðferð sem skilar bata hjá einum sjúklingi, gerir það ekki endilega hjá öðrum. Erfðaupplýsingar hafa þannig opnað möguleika til að veita sjúklingum úrræði, bæði lyf og læknismeðferð sem eru sérsniðin að hverjum og einum. Fólk er áhugasamara en áður um heilsu sína og heilbriggt lífverni og vill gjarnan taka þátt í rannsóknum. Í læknávisindum er sífellt meiri áhersla lögð á úrræði sem miðast við séreinkenni hvers og eins. Rannsóknir vísindamanna Íslenskrar erfðagreiningar á tengslum erfða og sjúkdóma, er framlag til slíkrar læknisfræði. Þar er framtíðarhlutverk fyrirtækisins.



Hjúkrunarheimilið Grund við Hringbraut.

Grundarheimilin



Gísli Páll Pálsson, forstjóri Gundarheimilanna.

Grund í heila öld - Elsta heimili landsins en jafnframt eitt framsæknasta

Grund er elsta hjúkrunarheimili landsins, stofnað þann 29. október árið 1922 og fagnar því aldarafmæli sínu árið 2022. Saga heimilisins í tæp hundrað ár er farsæl. Upphafið má tekja til fundar árið 1913 en þá höfðu framsýnir hugsjónamenn, Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason og Páll Jónsson hist í gönguferð til að ræða um hvernig hægt væri að koma til liðs við þá sem bjuggu við mikla fátækt í bænum. Þeir tóku málið upp innan Góðtemplarareglunnar og niðurstaðan varð m.a. að gefa gamlimum miðdegisverð um nokkurra mánaða skeið. Sigurbjörn varð formaður Samverjans og meðstjórnendur Flosi Sigurðsson og Páll Jónsson. Árið 1922 ritaði Sigurbjörn grein í Vísi og ræddi þar um stofnun elliheimilis. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Mánuði eftir hvatningarskrifin höfðu safnast vel á níunda þúsund sem var heimikið í þá daga. Fjórðingur var í steinhúsinu Grund við Kaplaskjólsvog og stofnuð fimm manna stjórn til að reka heimilið sem rúmaði 22 heimilismenn. Fyrsti heimilismennirnir fluttu inn 29. október árið 1922. Það kom fljótt á daginn að það þyrfti að taka í notkun stærra heimili, aðsóknin var slík og þörfin brýn. Byggingarsjóður var stofnaður og sumarið 1927 samþykkti bæjarstjórn Reykjavíkur að úthluta elliheimilinu 6200 fermetra lóð við Hringbraut og lána 90.000 krónur til byggingar hússins á lóðinni. Þremur árum síðar, í september, fluttu heimilismenn inn í nýja húsið við Hringbraut. Ritað var um húsið í blöðunum, það þótti hið glæsilegasta og frágangur eins og á bestu gistihúsum. Þegar þörfin hefur verið sem mest í kringum 1970 bjuggu um 400 heimilismenn á Grund. Í dag eru þeir um 170 talsins og margbúið að byggja við og betrubæta húsakynnin. Heilsugæsludeild var snemma opnuð á heimilinu og hjúkrunardeildir voru teknar í notkun samkvæmt nýjum heilbrigðislögum árið 1938. Þá mun Grund fyrst hjúkrunarheimila hafa boðið upp á sjúkrahjálfun og sundlaug var opnuð á heimilinu á sjötta áratugnum. Fyrsti framkvæmdastjóri Grundar var Haraldur Sigurðsson. Þegar hann féll frá snögglega bað Sigurbjörn 27 ára gamlan son sinn, Gísli Sigurbjörnsson, að hlaupa í skarðið á meðan nýr maður væri fundinn. Sá tími átti eftir að verða langur og farsæll því Gísli var forstjóri Grundar í um 60 ár eða allt fram til ársins 1994 þegar hann lést. Þá tók við forstjórastarfinu dóttir Gísla, þriðji ættliðurinn, Guðrún Birna Gísladóttir sem hafði lengi starfað við hlið föður síns. Eiginmaður hennar Júlíus Rafnsson starfaði sem framkvæmdastjóri heimilisins og lét af því starfi á sama tíma og Guðrún hætti sem forstjóri á 75 ára afmælisdegi sínum 1. júlí árið 2019. Þá tók sonur hennar Gísli Páll Pálsson við sem forstjóri Grundar.



Fyrsta stjórn Gundar. Flosi Sigurðsson, Haraldur Sigurðsson, Júlíus Árnason, Páll Jónsson og Sigurbjörn Á. Gíslason.

Fjórði ættliðurinn við stjórn

Gísli Páll er langafabarn stofnandans Sigurbjörns Ástvalds Gíslasonar og því fjórði ættliðurinn sem veitir Grund forstöðu. Hann er nú forstjóri allra fyrirtækja heimilisins sem eru Grund hjúkrunarheimili, Mörk hjúkrunarheimili, Ás, dvalar og hjúkrunarheimili, ÍEB og GM sem eru fasteignafyrirtæki með á sínum snærum 152 íbúðir fyrir 60+ og þvottahúss Grundar og

Áss sem er í Ási í Hveragerði.

Gísli Páll hóf störf sem framkvæmdastjóri í Ási árið 1990 og tók síðan við starfi forstjóra Markar hjúkrunarheimilis árið 2010 og var frá upphafi framkvæmdastjóri fasteignafyrirtækjanna GM og ÍEB sem og þvottahúss Grundar og Áss. Á hjúkrunarheimilunum þremur búa nú rúmlega 400 manns, um 250 í íbúðunum og á áttunda hundrað eru á launaskrá hjá Grund og fyrirtækjum þess. Grund er sjálfseignarstofnun og stjórn heimilisins skipa fimm manns og einn varamaður.

Ás í Hveragerði

Grund rekur ekki bara hjúkrunarheimilið við Hringbraut því uppúr miðju ári 1951 kom sýslunefnd Árnassýslu að máli við Gísla Sigurbjörnsson forstjóra til að kanna hvort Grund væri til í að reka fyrir þá heimili í Hveragerði. Það skilyrði fylgdi að 15 íbúum Árnassýslu yrði tryggð vistun gegn sama gjaldi og væri á Grund. Heimilið fékk í upphafi tvö hús frá Elliheimilisnefnd Árnassýslu gegn því að heimilismenn í Ási fengju pláss á Grund þegar heilsu þeirra hrakaði. Síðar lagði Árnassýsla einnig til tvær aðrar húseignir leigulaust. Á sjöunda áratugnum var gerður samningur við geðdeild Landspítalans þess efnis að þaðan kæmu til dvalar í Ási einstaklingar sem gátu ekki búið einir en þurftu ekki á sjúkrahúsdvöl að halda. Árið 1995 var sótt um byggingaleyfi fyrir hjúkrunarheimili í Ási og var 26 rúma heimili tekið í notkun þann 1. desember 1998. Nú stendur til að byggja annað 22 manna hjúkrunarheimili í samvinnu við Hveragerðisbæ og ríkið og samhliða því verða gerðar lagfæringar á því eldra þannig að eingöngu verður um að ræða einbýli, hvert með sér baðherbergi. Nú hefur verið byggður nýr matsalur í Ási og gerðar breytingar á eldhúsinu sem þýðir að nú er allur matur undirbúinn þar og sendur á heimilin þrjú. Þá hafa verið teknar í notkun íbúðir fyrir 60+ í Ási sem hefur verið vel tekið og er þegar kominn biðlisti. Þvottahús Grundar og Áss sem er í Ási í Hveragerði er eitt fullkomnasta þvottahús landsins sem þvær fyrir Grundarheimilin en einnig fyrir ótengda aðila. Jarðgufa er notuð til að þvo, og þurrka og orkukostnaður brot af því sem það myndi kosta að nota rafmagn.

Mörk

Grund tók að sér rekstur Markar hjúkrunarheimilis við Suðurlandsbraut 66 í ágúst 2010 og þar búa 113 heimilismenn á ellefu heimiliseiningum. Einnig festi Grund kaup í ársbyrjun 2010 á 78 íbúðum fyrir 60 ára og eldri við Suðurlandsbraut 58–62. Fljótt kom í ljós að það var mikil ásókn í íbúðirnar sem Grund hafði fest kaup á og langir biðlistar sem mynduðust. Til að mæta þörfinni voru byggðar 74 þjónustuíbúðir í viðbót sem eru í tveimur húsum austan megin við hjúkrunarheimilið á Suðurlandsbraut 68–70. Allar þessar byggingar eru tengdar saman þannig að hægt er að ganga innandyra milli þeirra allra og boðið upp á fjölbreytta þjónustu fyrir íbúa. Enn er þörfin brýn fyrir íbúðir af þessu tagi því 400 manns eru á biðlista. Öll þessi starfsemi er nú tengd þannig að innangengt er á milli allra bygginganna en íbúar í allt eru nálægt 400 talsins auk starfsfólks.

Notalegur heimilisbragur á Grundarheimilunum

Ávallt hefur ríkt notalegur heimilisbragur á Grundarheimilunum og þannig verður það vonandi um ókomna tíð á öllum heimilum sem Grund mun reka. Starfsfólk heimilanna aðstoðar heimilisfólk við að lifa lífinu með reisn og hefur hugfast að það er inni á heimili fólksins þegar það starfar á hjúkrunarheimilunum. Þrjú einkunnarorð heimilanna eru virðing, vinátta og vellíðan. Starfsfólki til halds og trausts við að fylgja þessum lykilorðum í starfsemi og skapa þetta heimilislega umhverfi er Eden hugmyndafræðin. Hún veitir stuðning til að skapa heimilislegt andrúmsloft og viðhalda því að heimilimönnum og starfsfólki líði vel og menningin sé hlý og mannúðleg. En þegar öllu er á botninn hvolft snýst kærleiksríkt heimili um nána samvinnu starfsfólks, heimilisfólks og aðstandenda.



Grund hjúkrunarheimili, Hringbraut 50.



Ás í Hveragerði.



Mörk hjúkrunarheimili, Suðurlandsbraut 66.



Mynd af stjórnendum Dalbæjar. Frá vinstri: Þórunn Andrésdóttir meðstjórnandi (tók við sem aðalmaður í stjórn 2021), Valdís Guðbrandsdóttir varaformaður, Kristinn Bogi Antonsson formaður, Heiða Hilmarsdóttir meðstjórnandi, Rúna Kristín Sigurðardóttir ritari, Elísa Rán Ingvarsdóttir hjúkrunarframkvæmdastjóri og Hulda Þórsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsmanna.

Dalbær



Hjóláð með Motiview.



Kiðlingur í heimsókn.

Dalbær heimili aldraða er hjúkrunarheimili á Dalvík. Það var opnað árið 1979 og fyrstu íbúarnir fluttu inn þá um sumarið. Heimilið var svo formlega vígt í janúar 1980. Stofnendur heimilisins voru Dalvíkurbær og Svarfaðardalshreppur og síðar bættist Árskógsstrandarhreppur við en þessi aðilar sameinuðust í Dalvíkurbyggð fyrir ríflega 20 árum. Dalbær hefur alla tíð verið rekinn sem sjálfseignarstofnun með rekstarfé frá ríkinu, nú Sjúkratrygginum Íslands samkvæmt gildandi samningum hverju sinni. Ábyrgð á rekstri Dalbæjar er í höndum 5 manna stjórnar og yfirmanna heimilisins hverju sinni. Skipað er í stjórn Dalbæjar samhliða sveitarstjórnarkosningum og stjórn ræður yfirmenn heimilisins. Lengi vel var starfandi forstöðumaður og hjúkrunarforstjóri en sumarið 2018 voru þessi störf sameinuð í starf hjúkrunarframkvæmdastjóra og Elísa Rán Ingvarsdóttir hefur gegnt því starfi frá ágústmánuði 2018. Núverandi stjórn Dalbæjar skipa: Kristinn Bogi Antonsson formaður, Valdís Guðbrandsdóttir, varaformaður, Rúna Kristín Sigurðardóttir ritari, Heiða Hilmarsdóttir meðstjórnandi og Valdemar Þór Viðarsson meðstjórnandi. Auk þess eiga starfsmenn einn áheyrnarfulltrúa í stjórn.

Starfsemin

Dalbær hefur frá upphafi skipað mikilvægan sess í samfélaginu og sveitarfélaginu og notið mikils velvilja íbúa byggðarlagsins. Dalbær hefur alla tíð gengt sama hlutverki, þ.e. að vera heimili fyrir aldraða og í einhverjum tilvikum yngra fólk sem ekki getur búið í sjálfstæðri búsetu á eigin heimili og þarfnast umönnunar og aðstoðar. Dalbær er líka stór vinnustaður sem hefur verið svo lánsamur að búa við mikinn mannauð í gegnum tíðina. Á Dalbæ hafa margir byrjað sinn starfsferil sem oft hefur leitt til þess að fólk velur að mennta sig til starfa við umönnun og velferðarþjónustu eða haldið áfram að vinna á Dalbæ árum og áratugum saman. Á Dalbæ eru nú 38 rými til búsetu, 11 dvalarrými og 27 hjúkrunarrými. Að öllu jöfnu er eitt hjúkrunarrýmið nýtt sem skammtímapláss. Einnig eru 14 dagdvalarrými. Að auki hefur Dalbær starfrækt félagsstarf fyrir aldraða og öryrkja í Dalvíkurbyggð yfir vetrarmánuðina samkvæmt samningi við sveitarfélagið. Allir íbúar Dalbæjar búa í einbýli og hefur svo verið nánast alfarið alla tíð. Árið 1995 var tekin í notkun viðbygging við Dalbæ með stórum matsal, eldhúsi, skrifstofum, starfsmannaaðstöðu o.fl. Framundan er umfangsmikið viðhalds- og endurbótaverkefni á eldri hluta húsnæðisins sem fjármagnað verður með framlögum frá Framkvæmdasjóði aldraða og Dalvíkurbyggð.

Mannauður

Árið 2020 voru að jafnaði um 54 starfsmenn í ríflega 34 stöðugildum. Hér starfa hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, félagsliðar, iðjuþjálfar, hársnyrtir, húsvörður, matráður og stór hópur annarra starfsmanna við umönnun, félagsstarf og matargerð. Læknisþjónusta er sinnt af heimilislæknum frá heilsugæslustöð HSN á Dalvík samkvæmt verktakasamningi og sjúkraþjálfar kemur tvisvar í viku í verktakavinnu. Þá nýtur heimilið þess að eiga marga góða vini



Dalbær á Dalvík.

og velunnara sem meðal annars koma og skemmta með tónlist og söng. Dalbær á einnig gott samstarf við heimahjúkrun, félagsþjónustuna, skólana og Dalvíkurprestakall. Smæð samfélagsins auðveldar samskipti og boðleiðir eru stuttar.

Gjafasjóður og hollvinasamtök

Haustið 2019 var haldið uppá 40 ára afmæli Dalbæjar og fékk heimilið þá ýmsar gjafir, m.a. peningagjafir sem runnu í Gjafasjóð Dalbæjar. Sá sjóður hefur fært heimilinu fjölmargar góðar gjafir í gegnum tíðina, t.d. sjúkrarúm, hjálparkæki, húsbúnað, sjónvörp, tölvur og líkamsræktarbúnað. Einnig hefur sjóðurinn lagt til fé í stærri verkefni og kaup eins og uppsetningu á þráðlausu neti og nýja þjónustubifreið fyrir heimilið. Í október 2019 voru stofnuð Hollvina-samtök Dalbæjar sem í byrjun árs 2020 færðu Dalbæ fyrstu gjöfina, rafdrifinn baðbekk. Fyrir nokkurum árum var staðið fyrir fjárflyun til að kaupa sérútbúið hjól sem heimilinu var síðan gefið. Síðan hafa áhugasamir hjólavínir lært á hjólið og geta boðið heimilisfólki í hjólatúr um bæinn og jafnvel kíkt við á kaffihúsi eða keypt ís í sjoppunni.

Viðburðir

Stærsti árlegi viðburður á Dalbæ er þorablótið þar sem skemmta sér saman íbúar, starfsfólk og gestir. Komast færri að en vilja á þessa stórgóðu skemmtun þar sem boðið er uppá hefðbundið þorahlaðborð, gamanmál, söng, annál, leikrit og dans. Einnig hefur skapast hefð fyrir vorfagnaði, haustfagnaði, útmarkaði, litlu-jólum, kaffihúsadögum og fleiru í þeim dúr. Þá kannast margir við handavinnusýningu sem hefur verið haldin á hverju vori í mörg ár og hana hafa sótt gestir víða að.

Árið 2020

Árið 2020 getur ekki talist venjulegt ár í starfemi Dalbæjar í ljósi heimsfaraldursins. Reyndar verður að telja desembermánuð 2019 með en þá geysaði aftakaveður á Norðurlandi og rafmagnslaust varð á Dalvík í nokkra sólarhringa. Það var mikil áskorun að halda heimilislífinu á Dalbæ gangandi með öllum þeim verkefnum sem þarf að sinna án rafmagns og við vorum rækilega minnt á hve allt okkar daglega líf er háð rafmagninu. Það má teljast mildi að ekki varð slys eða óhapp í þessum aðstæðum þegar eina birtan í mesta skammdeginu var frá kertum og vasaljósum, bjöllukerfi óvirkt, elda þurfti yfir prímus og stórhrið úti. Starfsfólk og íbúar sýndu mikla útsjónarsemi og hér ríkti stórkálfur sem minnti á baðstofustemningu fyrri tíma. Við horfum björtum augum til framtíðar jafnvel þótt umræðan um rekstarvanda hjúkrunarheimila sé áberandi og mikil þörf á frekari uppbyggingu á húsnæði, aðstöðu og aukningu á mönnun hjá okkur eins og víða annars staðar. Mestu máli skipta þó manneskjur og þeirra lífsgæði og við leggjum áherslu á að stuðla að góðri líðan og velferð heimilisfólks, starfsfólks og annarra sem sækja Dalbæ heim.



Frá starfsemi.



Dekurdagur í dagdvöl.



Vínber eru ræktuð í garðskálanum.



Droplaugarstaðir við Snorrabraut.

Droplaugarstaðir



Jórunn Ósk Frímannsdóttir Jensen, forstöðumaður.



Inga Kolbrún Hjartardóttir, hjúkrunarstjóri.



Sjúkraþjálfun.

Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir tók til starfa þann 30. júní 1982. Í fyrstu var heimilið hjúkrunar- og dvalarheimili fyrir aldraða en þann 1. janúar 1996 var heimilinu alfarið breytt í hjúkrunarheimili. Droplaugarstaðir eru reknir á daggjöldum frá ríkinu og leigja húsnæðið af Reykjavíkurborg. Forstöðumaður heimilisins er Jórunn Ósk Frímannsdóttir Jensen, hún hefur gengt því starfi frá árinu 2018. Hjúkrunarstjóri er Inga Kolbrún Hjartardóttir.

Íbúar

Á Droplaugarstöðum búa 83 íbúar og eru allir í sérbygli með baði. Húsnæðið er á fjórum hæðum og skiptist starfsemin í fjórar deildir. Á annarri, þriðju og fjórðu hæð eru 26 - 28 íbúa deildir sem skiptast hver um sig í þrjár átta til tíu manna einingar. Á annarri og þriðju hæð eru sitthvor einingin fyrir heilabilaða sem hægt er að hafa lokaðar þegar á þarf að halda. Á fyrstu hæð er þriggja íbúa sérhæfð hjúkrunardeild fyrir einstaklinga með MND sjúkdóm. Boðið eru upp á sólarhringsþjónustu allt árið um kring en allir íbúar heimilisins hafa þörf á sólarhringshjúkrun. Íbúar á Droplaugarstöðum glíma við margvísleg líkamleg, andleg og félagsleg vandamál. Hjúkrun á heimilinu er mikil, flókin og sérhæfð samanber á MND deildinni þar sem íbúar geta verið bundnir við öndunarvél allan sólarhringinn.

Starfsemin

Hver heimilismaður á Droplaugarstöðum nýtur umönnunar hjúkrunarfræðings og sjúkraliða/starfsmanns. En áhersla er lögð á tengslamyndun og uppbyggilega aðlögun að nýju heimili. Hver heimilismaður hefur að auki tengil, sem er milliaðili í samskiptum við aðstandendur, starfsfólk og lækni. Hjúkrunarfræðingur setur fram hjúkrunaráætlun og tryggir að hjúkrunarþörfum viðkomandi sé fullnægt. Sjálfraði heimilismanns er ávallt í fyrirrúmi og einstaklingsbundnar skoðanir og vilji ráðandi í samskiptum sem og möguleikar viðkomandi til að hafa áhrif á eigin aðstæður.

Starfsfólk

Stefna Droplaugarstaða er að halda í góðan vinnuanda, að starfsfólk búi við öryggi og góðan aðbúnað á vinnustaðnum og að jafnrétti sé gætt í hvívetna. Árið 2021 voru að meðaltali 162 starfsmenn, í 115 stöðugildum, sem samanstanda af hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum, félagsliðum, sjúkraþjálfurum, iðjubjálfum og öðrum starfsmönnum í hinum ýmsu störfum heimilisins. Á heimilinu er sjúkra- og iðjubjálfun og hægt er að leita til öldrunarsálfræðings. Á heimilinu er fullkomið eldhús þar sem leitast er við að elda frá grunni og hafa heimabakað kaffibrauð. Einnig er starfrækt hárgreiðslustofa og fótaaðgerðarstofa.

Sjúkraþjálfun

Sjúkraþjálfarar koma að öllum íbúum Droplaugarstaða með einum eða öðrum hætti. Allir fá sína einstaklingstíma þar sem fram fer einstaklingsmiðuð sjúkraþjálfun, einnig er boðið



Það er oft líf og fjör í garðinum á sumrin.



Grillað í góða veðrinu.

upp á hópleikfimi. Sjúkraþjálfarar útvega öll hjálpartæki eftir þörfum íbúa auk þess að sjá um hjálpartæki sem notuð eru við umönnun á deildum heimilisins.

Markmið sjúkraþjálfunar er að viðhalda og bæta líkamlega færni og getu íbúa, auka lífsgæði þeirra og léttu alla umönnun. Allt að 30 heimilismenn heimsækja sjúkraþjálfun Droplaugarstaða dag hvern. Flestir koma í hefðbundna þol- og styrktarþjálfun, aðrir til sérhæfðrar meðferðar og endurhæfingar. Sjúkraþjálfarar sinna einnig heimilismönnum á deildum þegar svo ber undir. Sjúkraþjálfun er heildræn og tekur mið af líkamlegum, andlegum og félagslegum þörfum hvers og eins íbúa. Sjúkraþjálfari sér um kennslu í starfsstillingum fyrir starfsmenn. Það er gert til að minnka áhættu á álagsmeiðslum við störf.

Iðjuþjálfun / Félagsstarf

Þegar einstaklingur flytur á Droplaugarstaði hefur þegar orðið röskun á daglegum venjum hans sökum veikinda eða öldrunar. Aukin þörf fyrir aðstoð við athafnir daglegs lífs, eins og að klæða sig eða fara í bað getur haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd einstaklingsins og dregið úr áhuga hans á þátttöku í tómstundum og afþreyingu.

Eitt af markmiðum iðjuþjálfunar er að gefa íbúum tækifæri til að virkja og viðhalda athafnagetu sinni með tómstundaiðju sem viðkomandi hefur ánægju af.

Á vegum iðjuþjálfunar er boðið er upp á bæði einstaklings- og hópastarf. Þar gefst einstaklingum kostur á að fást við ýmsa tómstundaiðju s.s. þrjónaskap, blómarækt, spilamennsku, bakstur, söng, kaffisþjall og fjölbreytt klúbbastarf.

Önnur þjónusta

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins annast alla lækniþjónustu á heimilinu samkvæmt þjónustusamningi.

Guðsþjónustur eru haldnar einu sinni í mánuði. Prestar Hallgrímskirkju annast messuhald og félagar úr kór aldraðra í Gerðubergi syngja við messu.

Öryggi, virkni og vellíðan

Droplaugarstaðir fengu ISO 9001 vottun árið 2020, fyrst hjúkrunarheimila á Íslandi og er mikil áhersla lögð á fagleg vinnubrögð og gæði þjónustunnar.

Droplaugarstaðir setja öryggi, virkni og vellíðan íbúa, starfsfólks og fjölskyldna í öndvegi. Borin er virðing fyrir íbúum heimilisins og markvisst unnið í anda þess að virða rétt íbúanna, óskir og áhugamál. Lífssaga íbúa er þar lykilatriði.

Lögð er áhersla á sjálfræði einstaklingsins, heimilislegt umhverfi, virðingu fyrir einkalífi, athafnasemi og að öryggi og vellíðan sé í fyrirrúmi. Til að ná því er starfsemi í stöðugri endurskoðun gegnum virkt gæðaeftirlit á öllum sviðum þjónustunnar.



Fallegur gróður sem gleður.



Vínberin vaxa vel.



Útitónleikar fyrir íbúa á Eir.

Eir hjúkrunarheimili



Sigurbjörn Björnsson, framkvæmdastjóri lækningasviðs.

Eir hjúkrunarheimili, samrekstaraðilar og öryggisíbúðir

Í norrænni goðafræði segir frá gyðju sem sat á fjallinu Lyfjabergi þar sem sárir og sjúkir fengu lækningu meina sinna. Þessi gyðja hét Eir.

Eir hjúkrunarheimili í Grafarvogi tók til starfa árið 1993, en undirbúningur hafði staðið frá árinu 1990. Eir tryggir umfangsmikla og fjölbreytta starfsemi fyrir lasburða eldri borgara og er meðal stærstu hjúkrunarheimila landsins með 185 pláss. Unnt er að bjóða sérlausnir fyrir ýmsa hópa svo sem aðstöðu fyrir blinda og sjónskerta hjúkrunarsjúklinga, einstaklinga með heilabilun á öllum stigum svo sem dagdeildir, sambyli og heimilisdeildir auk mikilvægrar starfsemi á endurhæfingardeild Eirar þar sem einstaklingar koma til brotaendurhæfingar og skammtímavistunar. Í tengslum við Eir eru reknar 199 öryggisíbúðir á tveimur stöðum í Grafarvogi, Eirarhúsum og Eirborgum og einum stað í Mosfellsbæ á Eirhömrum. Einstaklingar sem sækjast eftir að komast í öryggisíbúð eiga það sameiginlegt að vilja tryggja betra aðgengi og öryggi sitt í góðu umhverfi, þar sem til staðar er fagþjónusta og úrræði sem þeir eru í þörf fyrir og eiga rétt á hverju sinni. Með þessu er leitast við að gera aðilum kleift að búa á sínu heimili sem allra lengst. Samrekstur er milli Eirar, Hamra og Skjólshjúkrunarheimila, en sjálfstæðar stjórnir eru fyrir heimilin. Á þessum stöðum eru samtals 312 hjúkrunarrými að viðbættum 59 dagvistarrýmum.



Kristín Högnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunarsviðs.

Stofnendur og aðilar Eirar

Eftirtaldir aðilar eru stofnendur og eða aðilar að Eir og tilnefna þeir fulltrúa í fulltrúaráð félagsins sem kys 7 manna stjórn heimilisins.

Reykjavíkurborg

VR, stéttarfélag

Seltjarnarnesbær

Blindrafélagið og Blindravinafélag Íslands

Hjúkrunarheimilið Skjól

Brynja - Hússjóður Öryrkjabandalags Íslands

Efling, stéttarfélag

Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga - SÍBS

Mosfellsbær

Nýir aðilar Eirar frá 2017:

Stéttarfélag starfsmanna í Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga – Fih

Stéttarfélag starfsmanna VR

Stéttarfélag starfsmanna Eflingar

Stéttarfélag starfsmanna Sjúkráliðafélags Íslands – SLFÍ

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Félag eldri borgara í Garðabæ

Félag eldri borgara í Mosfellsbæ og nágrenni

Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi



Þrjónaskapur á Eir.



Hárgreiðsluþjónusta.

Framhald á næstu síðu →

Formaður fulltrúaráðs Eirar er: Elínbjörg Magnúsdóttir frá Eflingu stéttarfélagi.
Stjórnarformaður Eirar er: Pétur J. Jónasson frá Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga – SÍBS.

Stofnendur Skjóls

- Alþýðusamband Íslands – ASÍ
- Bændasamtök Íslands
- Íslenska Þjóðkirkjan
- Reykjavíkurborg
- Samband lífeyrisþega ríkis og bæja
- Sjómannadagsráð

Formaður fulltrúaráðs Skjóls og stjórnarformaður er: Halldóra Ólafsdóttir frá Bændasamtökum Íslands.

Framkvæmdastjórn

- Forstjóri - Sigurður Rúnar Sigurjónsson
- Framkvæmdastjóri hjúkrunarviðs - Kristín Högnadóttir
- Framkvæmdastjóri lækningasviðs - Sigurbjörn Björnsson
- Framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs - Stella Kristín Víðisdóttir
- Forstöðumaður hjúkrunar á Skjóli - Guðný Helga Guðmundsdóttir

Eir hjúkrunarheimili og samrekstraraðilar veita fjölbætta þjónustu við eldri borgara til skemmri eða lengri tíma

Hjúkrunarrými fyrir einstaklinga með gilt fæni- og heilsumat - Endurhæfingu eftir brot og liðskiptaaðgerðir - Dagdeildir fyrir heilabilaða einstaklinga - 199 öryggisíbúðir þar sem í boði er m.a. heimahjúkrun, félagsleg heimilisaðstoð, matarþjónusta, öryggisvöktun allann sólarhringinn.

Samrekstraraðilar

Hamrar hjúkrunarheimili ehf., sem er í eigu Mosfellsbæjar, en rekið af Eir, hjúkrunarheimili ses. Þar eru 30 hjúkrunarrými. Skjól hjúkrunarheimili ses., sem er sjálfseignarstofnun, sem hóf starfsemi í byrjun árs 1988 með fulltrúaráð og sjálfstæða stjórn, en rekin af Eir hjúkrunarheimili ses. Þar eru 97 hjúkrunarrými ásamt 9 íbúum sem búa á Laugarskjóli, hjúkrunarsambýli. Hjá Eir, Hömrum og Skjóli hjúkrunarheimilum eru samtals 312 hjúkrunarrými og dagvistun fyrir 59 einstaklinga.

Öryggisíbúðir Eirar er með á þrem stöðum á höfuðborgarsvæðinu samtals 199 öryggisíbúðir. Hjá Eir og samrekstraraðilum starfa samtals um 580 starfsmenn.



Hjólátúr í sjúkrabjálfun.



Laugaskjól, sambýli á Laugarásvegi 66, Reykjavík.



Skjól, hjúkrunarheimili, Kleppsvegi 64, Reykjavík.



Eir, hjúkrunarheimili, Hlíðarhúsum 3-5 Reykjavík.



Eirarhús, öryggisíbúðir, Hlíðarhúsum 3-5 Reykjavík.



Eirborgir, öryggisíbúðir, Fróðengi 1, Reykjavík.



Hamrar, hjúkrunarheimili, Langatanga 2a, Mosfellsbæ.



Eirhamrar, öryggisíbúðir, Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ.

Starfsstöðvar

Eir hjúkrunarheimili ses., Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík. Tveir samtengdir byggingakjarnar, A og B hús.

Eir hjúkrunarheimili ses., Hlíðarhúsum 3 – 5, 112 Reykjavík

Eirarhús – Öryggisíbúðir, Hlíðarhúsum 3 – 5, 112 Reykjavík

Eirhamrar – Öryggisíbúðir, Hlaðhömrum 2, 270 Mosfellsbæ

Eirborgir – Öryggisíbúðir, Fróðengi 1 – 11, 112 Reykjavík

Borgasel – Dagvistun, Spöngin 43, 112 Reykjavík

Hamrar hjúkrunarheimili ehf., Langatanga 2a, 270 Mosfellsbæ

Skjól hjúkrunarheimili ses., Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík

Laugaskjól, sambýli, Laugarásvegur 66, 104 Reykjavík

Hjúkrunarþjónusta

Markmið hjúkrunarþjónustunnar þar sem höfð eru að leiðarljósi VIRÐING - VELLÍÐAN – VIRKNI. Hjúkrun og önnur umönnun sé veitt á faglegan og ábyrgan hátt - Virðing sé borin fyrir íbúum Viðhalda og auka lífsgæði íbúanna eins og tók eru á - Velferð íbúanna sé höfð í fyrirrúmi Viðhalda sjálfstæði og sjálfræði íbúanna.

Læknisþjónusta

Markmið læknisþjónustunnar er að viðhalda sem bestri heilsu og færni íbúa. Bregðast við veikindum íbúa í samstarfi við hjúkrunarfræðinga og aðra fagaðila. Reglulegar heimsóknir lækna á hverja deild, þar sem farið er yfir heilsufar íbúa. Sólarhringsvaktir lækna eru skipulagðar með viðveru virka daga og bakvöktum.

Iðjubjálfun og félagsstarf heldur áfram að próast frá ári til árs með það að markmiði að veita íbúum hjúkrunardeilda fjölbætta þjónustu samrekraraðila ásamt því að sinna skjólstæðingum endurhæfingardeildar og þjónusta dagdeilda.

Sjúkraþjálfun er þjónusta sem miðar að því að bæta, viðhalda og endurhæfa hreyfigetu og virkni fólks vegna öldrunar, slysa, sjúkdóma, kvilla, ástands eða umhverfislegra þátta.

Sjúkraþjálfarar stuðla að auknum lífsgæðum fólks með því að huga að líkamlegri, huglægri, tilfinningalegri og félagslegri vellíða, heilsuefingu, forvarnir, meðferð, þjálfun, hæfingu og endurhæfingu. Þessi þjónusta fer að mestu leyti fram í tækja- og meðferðarsölum Eirar, Hamra og Skjóls

Öryggisíbúðir Eirar

Öryggisíbúðir Eirar eru reknar af Eir öryggisíbúðum ehf., f.h. Eirar hjúkrunarheimilis ses., á þrem stöðum á höfuðborgarsvæðinu í Grafarvogi og Mosfellsbæ. Samtals eru 199 öryggisíbúðir sem í dag eru leigðar út ótímabundið til þeirra sem sækja eftir öryggi og betra aðgengi þegar aldurinn færir yfir og eða heilsuþrenging þar sem fagleg heilbrigðisþjónusta og heimilisstuðningur er í boði.

Eir annast félagslega heimaþjónustu og heimahjúkrun til íbúa öryggisíbúðanna, skv. beiðni og í umboði Heimaþjónustu Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar.

Innangengt er frá öryggisíbúðum í matsali og geta íbúar keypt málsverði eða fengið heimsendan mat í íbúðirnar í veikindum. Sammerkt er með stöðunum að um gott aðgengi er að ræða, rólegt þrífalegt umhverfi og góðar gönguleiðir.

Önnur stöðþjónusta: Ráðgjöf, félagsstarf, sjúkraþjálfun, hársnyrti- og fótáaðgerðarstofur.

EIRARHÚS, Hlíðarhúsum 3-5, 112 Reykjavík. Eirarhús er með 33 öryggisíbúðum. Stærð íbúða er frá 71 fm - 89 fm tveggja til þriggja herbergja.

EIRHAMRAR, Hlaðhömrum 2, 270 Mosfellsbæ. Eirhamrar er kjarni þriggja húsa með frá einni upp í fjórar hæðir með samtals 54 öryggisíbúðir. Stærð íbúða er frá 37 fm - 90 fm einstaklingíbúðir og tveggja herbergja íbúðir.

EIRBORGIR, Fróðengi 1-11, 112 Reykjavík. Eirborgir er með 112 öryggisíbúðir í sex sambyggðum íbúðarkjörnum, sem teknar voru í gagnið 2009-2011. Stærð íbúða er frá 46 fm -100 fm einstaklings, tveggja og þriggja herbergja íbúðir.

Ársskýrslur undangenginna ára er hægt að nálgast á vefslóðum Eirar www.eir.is og Skjóls www.skjol.is



Hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð

Fjarðabyggð rekur tvö hjúkrunarheimili; Hulduhlíð á Eskifirði og Uppsali á Fáskrúðsfirði. Á báðum heimilum er rými fyrir 20 einstaklinga, samtals 40 rými.

Hulduhlíð

Hulduhlíð heimili aldraðra á Eskifirði hóf starfsemi 1989 en flutti í nýtt húsnæði 2014. Hulduhlíð skiptist í þrjú rými með samtals 20 rúmum. Hver einstaklingur býr í eigin íbúð en einnig er gert ráð fyrir að hægt sé að taka á móti hjónum. Byggingin uppfyllir viðmið um nægt rými og heimilislegt umhverfi og er vel búin hjálpartækjum sem auðvelda störf starfsfólks og tryggir öryggi og þægindi heimilismanna.

Uppsali

Uppsali dvalar- og hjúkrunarheimili Fáskrúðsfirði hóf starfsemi 1987 en þá voru 12 dvalarrými í húsinu. Viðbygging var tekin í notkun 1999. Á Uppsölum eru í dag 20 hjúkrunarrými. Heimilið er vel tækjum búið með góða aðstöðu fyrir líkamsrækt og viðburði. Allt umhverfi á Uppsölum er hlýlegt og heimilislegt. Bæði eru tvíbýli og einbýli í boði.

Félagsstarf

Rík áhersla er lögð á gott félagsstarf og hreyfingu á báðum heimilunum. Sjúkraþjálfari starfar á heimilinum og góð aðstaða er til staðar fyrir heimilismenn fyrir fjölbreytta tómstundaiðju.

Mannauður


Á hjúkrunarheimilunum Hulduhlíð og Uppsölum starfa að jafnaði um 50 einstaklingar, þ.e. framkvæmdastjóri, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og starfsfólk við umönnun og stoðþjónustu. Heimilin eru með samning við Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) um lækniþjónustu og er læknir með fasta viðveru einu sinni í viku á hvorum stað.

Stjórn

Hjúkrunarheimilin eru rekin af Fjarðabyggð skv. samningi við Sjúkratryggingar Íslands og heyrir starfsemin undir félagsmálanefnd bæjarins. Framkvæmdastjóri hjúkrunarheimilanna er Ragnar Sigurðsson. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og faglegu starfi, starfsmannamálum og fjármálum auk stefnumótunar heimilanna. Hjúkrunarforstjórar eru fyrir bæði heimilin. Elín Hjaltalín Jóhannesdóttir er hjúkrunarforstjóri Uppsala og Járnbrá Hrund Gylfadóttir er hjúkrunarforstjóri Hulduhlíðar.



Hulduhlíð á Eskifirði. / Ljós. Gungör Tamzok.







Sólsetur á Húsavík. / Ljósm. Gaukur Hjartarsson.



Byggingar er tilheyra Hvammi og HSN byggingin ofan við og heilsugæslan. / Ljósm. Gaukur Hjartarsson.

Hvammur - heimili aldraðra

Dvalarheimili aldraðra sf í Þingeyjarsýslum var formlega stofnað á Húsavík 8. janúar 1976. Stofnendur voru Húsavíkurbær ásamt 12 sveitarfélögum frá Ljósavatnshreppi að vestan til Raufarhafnarhrepps að austan. Fyrsta verkefni félagsins var bygging dvalarheimilis á Húsavík og var hafist handa 20. ágúst 1976. Fyrstu íbúar fluttu svo í Hvamm 2. maí 1981. Á vegum félagsins, Dvalarheimili aldraðra sf, er annars vegar rekin byggingadeild sem rekin er fyrir fé frá aðildarsveitarfélögum í sýslunum tveimur og fer framlag hvers sveitarfélags eftir íbúafjölda. Félagið kaupir og selur einstaklingum eða hjónum svokallaðar búseturéttaríbúðir í Litlahvammi, Miðhvammi og Brekkuhvammi. Hins vegar rekur félagið Hvamm, heimili aldraðra. Á Raufarhöfn eru leigðar út 3 íbúðir til aldraðra. Ásamt því að vera með dagþjálfun fyrir 3 einstaklinga.

Starfsemin

Í upphafi (1981) var hugsunin á bak við Hvamm, heimili aldraðra að þar myndu búa sjálfbjarga einstaklingar. Með öflugri heimahjúkrun, félagsþjónustu og dagþjónustuúrræðum breyttist þörfin og í dag þurfa langflestir íbúar Hvamms flókna hjúkrun og umönnun og dvalarheimilið í raun breyst í hjúkrunarheimil. Búið er að ákveða byggingu nýs hjúkrunarheimili á Húsavík og mun þá starfsemi Hvamms breytast í alhliða þjónustustöð fyrir eldri borgara. Líklegt er að rýmum verði breytt í búseturéttaríbúðir. Þannig færast starfsemi Hvamms aftur í fyrra form. Rekstur Hvamms, heimili aldraðra byggist á daggjöldum frá ríkinu. Dagþjónustuúrræði (23 rými) hafa verið rekin á vegum Dvalarheimilis aldraðra sf frá árinu 1984. Fyrst í Hvammi/Hornið en svo einnig á Kópaskeri frá 1990 og frá 1991 á Raufarhöfn. Helsta markmið dagþjónustu er að draga úr félagslegri einangrun fólks. Dagþjónustan er rekin með daggjöldum frá ríkinu.

Hjúkrunar- og dvalarrými

Í Hvammi búa 41 einstaklingar, 32 í hjúkrunarrýmum og 7 í dvalarrýmum. Auk þess eru á heimilinu 2 rými sem nýtt eru til skammtímainnlagna. Íbúar geta gert ýmislegt sér til ánægju og yndisauka. Tómsundafulltrúi er starfandi á heimilinu og sér hann, ásamt öðru starfsfólki heimilisins m.a. um upplestur, bingó, boccia, myndasýningar, hópferðir á sýningar, bílferðir, bæjarferðir, skemmtanir innanhúss o.fl., o.fl. Handavinnusalur er í Hvammi þar er í boði nánast hvað sem er, og þar hefur margt handverkið orðið til í gegnum tíðina.

Dagþjálfun

Húsavík: Í Hvammi er starfandi dagþjálfun; HORNID. Hornið er opið alla virka daga frá kl. 8-16. Þar eru 13 dagvistarrými, ætluð einstaklingum sem hafa sótt um og fengið samþykka dagþjálfun. Dagþjálfun er fyrir einstakling sem þurfa á slíkri þjónustu að halda til þess að búið áfram heima. Tómsundafulltrúi heimilisins sér ásamt öðru starfsfólki m.a. um upplestur, bingó, boccia, myndasýningar, hópferðir á sýningar, bílferðir, bæjarferðir, skemmtanir innanhúss o.fl. Umsóknum um dagþjálfun skal skilað í Hvamm. Þeir einstaklingar, sem eru í dagþjálfun geta nýtt sér þá þjónustu sem í boði er, í Hvammi. **Kópasker:** Á Kópaskeri er rekin dagvistun/dagþjálfun, STÓRAMÖRK. Þar eru 6-7 dagvistarrými. Stóramörk er opin alla virka daga frá kl. 8-16. Þar geta gestir fengið hádegismat og kaffi og eytt deginum við spjall, handavinnu, spil eða hvaðeina sem hugurinn stendur til. **Raufarhöfn:** Á Raufarhöfn er rekin dagvistun/dagþjálfun, VÍK. Þar eru 3-4 dagvistarrými. Vík er opin alla virka daga frá kl. 10-14. Þar geta gestir fengið hádegismat og eytt hluta dagsins við spjall, spil eða handavinnu.

Búseturéttaríbúðir

Dvalarheimili aldraðra rekur svokallaðar búseturéttaríbúðir á Húsavík. Um er að ræða 28 íbúðir í Litlahvammi, Miðhvammi og Brekkuhvammi. Þeir sem búa í slíkum búseturéttaríbúðum geta nýtt sér alla þá aðstöðu og þjónustu sem Hvammur hefur upp á að bjóða.

Framkvæmdastjórn og aðsetur

Framkvæmdastjóri: Jón Helgi Björnsson. Yfirlæknir: Ásgeir Böðvarsson. Yfirhjúkrunarfræðingur: Áslaug Halldórsdóttir
Formaður 6 manna stjórnar Hvamms er Kristján Þór Magnússon - Hvammur er til húsa að Vallholtsvegi 15, Húsavík.



Hjúkrunarheimilið Mörk við Suðurlandsbraut.

Íbúðir 60+ Mörkinni

Hjá Íbúðum 60+ í Mörkinni eru 152 íbúðir í sjö fjölbýlishúsum. Íbúðirnar eru í eigu Grundar og íbúa sjálfra.

Vesturhús

Grund, elsta hjúkrunarheimili landsins, stofnað 1922, festi snemma árs 2010 kaup á 78 íbúðum við Suðurlandsbraut 58 til 62 og falaðist um leið eftir rekstri hjúkrunarheimilisins með það í huga að tengja hvort tveggja saman. Eftir útboð á rekstri hjúkrunarheimilisins fékk Grund hann í hendur og var skrifað undir samning þess efnis í júní 2010. Rekstur hjúkrunarheimilisins hófst síðan 16. ágúst sama ár.

Fyrstu íbúar á vegum nýrra eigenda fluttust í húsin vorið 2010. Í lok árs 2012 hafði nær öllum íbúðum verið ráðstafað og langur biðlisti orðið til.

Vesturhús eru fjórar hæðir auk jarðhæðar. Við norðausturhorn hvers húss er tveggja hæða útbygging. Undir húsunum er bílageymsla. Í húsunum eru 78 íbúðir. Þær eru ólíkar að stærð, 2ja, 3ja og 4ra herbergja, allt frá 80 fm upp í 140 fm og eru af sjö mismunandi grunngerðum. Húsin eru byggð eftir teikningum frá Yrki arkitektum, Ásdísí H. Ágústsdóttur og Sólveigu Berg Björnsdóttur.

Austurhús

Þegar sýnt var hver eftirspurn var eftir íbúðum og þjónustu eins og þeirri sem bauðst í Vesturhúsum var tekið að huga að því hvort unnt væri að bæta við hliðstæðum húsakosti austan hjúkrunarheimilisins.

Markmið var að efla samfélagið í Markarbyggð og nýta sem best alla þá þjónustu- og félagsaðstöðu sem þar var fyrir. Nýju íbúðirnar skyldu um efnislegan frágang standast samanburð við eldri húsin. Árið 2013 var arkitektastofan Gláma/Kím ráðin til að teikna hin nýju fjölbýlishús, arkitektarnir Sigbjörn Kjartansson og Bjarni Kristinsson. Útgerðarfyritækið Stálskip ehf. og Landsbanki Íslands lögðu fram lánsfé til að hefja framkvæmdir, en langtímafjármögnun annaðist síðan lífeyrissjóðurinn Lífsverk. Snemma árs 2015 hófust viðræður við fyrirtæki Þorvalds H. Gissurarsonar, ÞG verktaka ehf., um að það tæki að sér byggingu húsanna. Það réðst svo og reyndist vel. Áætlanir stóðust að fullu.

Fyrsta skóflustunga að húsunum var tekin 15. júlí 2016, og framkvæmdir hófust í framhaldi af því. Eftirlit með þeim annaðist Kjartan Rafnsson tæknifræðingur. Fyrstu íbúar fluttust inn í Austurhús í apríl 2018, og í lok október voru húsin fullsetin. Byggingaframkvæmdum lauk í nóvember sama ár. Í Austurhúsum eru tvær húsaðir, fremri og aftari frá götu með garði á milli. Fremri húsaröð er nær öll fjögurra hæða, en að litlum hluta þriggja hæða; hin aftari er öll þriggja hæða. Í húsunum eru 74 íbúðir, 2ja, 3ja og 4ra herbergja, en stærð þeirra er minni og umfram allt jafnari en í Vesturhúsum, frá 74 fm upp í 102 fm í níu ólíkum grunngerðum. Eftir að Austurhús komu til má nú ganga 356 m leið undir samfelldu þaki í Mörk milli fjarlægustu veggja þeirra.



Fjölbreytt þjónusta

Íbúum stendur til boða fjölbreytt heilsurækt í heilsulind Markar. Þar er sundlaug, heitur pottur, líkamsræktarsalur og sauna en einnig er boðið upp á leikfimitíma, nudd og sjúkraþjálfun. Afþreyingin endurspeglar áhuga íbúa en hún er að mestu sjálfsprottin. Má þar nefna spilahópa, púttþóp, hóp fyrir þá sem hafa græna fingur, gönguhóp, tónlistarhóp, bókmenntahóp, vöflukaffi, spjallstundir og fleira. Heitur matur stendur til boða í hádegi og á kaffihúsi eru fjölbreyttar veitingar á boðstólum frá hádegi. Hársnyrtistofa er á staðnum og snyrtistofa. Nánari upplýsingar er að finna á www.morkin.is





Húsnæðið að Kópavogsgærði 10 í Kópavogi.

Endurhæfing-þekkingarsetur



Guðný Jónsdóttir, sjúkraþjálfari og sérfræðingur í taugasjúkraþjálfun og Knútur Óskarsson, viðskiptafræðingur.

Þekkingarfyrirtækið Endurhæfing-þekkingarsetur var stofnað árið 2004 og var það þáverandi heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson sem hafði forgöngu um að veitt yrði sérhæfð endurhæfingarpjónusta fyrir ungt og fullorðið fólk með flóknar skerðingar og langvarandi stuðningsþarfir. Þjónustusamningur um þátttöku ríkisins í kostnaði við þjónustuna var í upphafi gerður við heilbrigðisráðuneytið en færðist síðar til Sjúkratrygginga Íslands. Eigendur og rekstraraðilar eru hjónin Guðný Jónsdóttir sjúkraþjálfari og sérfræðingur í taugasjúkraþjálfun og Knútur Óskarsson viðskiptafræðingur. Fyrirtækið er til húsa að Kópavogsgærði 10 í Kópavogi. Allt húsnæði er innréttað og sérstaklega búið þeim tækjum og búnaði, sem nauðsynlegur er fyrir svo sérhæfða starfsemi, meðal annars innisundlaug.

Helstu burðarásar í starfsemi Endurhæfing-þekkingarseturs:

1. Meðferð, forvarnir, ráðgjöf og önnur íhlutun við einstaklinga með fjölbættar skerðingar og langvarandi stuðningsþarfir
2. Velferðartækni
3. Ráðgjöf og stuðningur í nærumhverfi
4. Fræðsla, rannsóknir, þróun, samstarf

Þjónustunotendur, samstarf og gæðapróun

Þjónustunotendur Endurhæfing-þekkingarseturs eru ungt og fullorðið fólk með meðfæddan eða ákominn skaða, vegna slysa eða sjúkdóma, í miðtaugakerfi. Öll þjónusta er byggð á réttinum til heilsu og mannréttinda og lögð er áhersla á samstarf milli heilbrigðis- og félagslegra kerfa og samstarf þvert á fagstéttir. Áhersla er lögð á að styðja aðstandendur og aðstoðarfólk og að auka þekkingu og færni. Endurhæfing-þekkingarsetur veitir einnig þjónustu, samkvæmt samningi við Landspítala, til barna og ungmenna sem dveljast í Rjóðri, heimili fyrir langveik og langveik fötluð börn og einnig börn og ungmenni sem þarfnast umfangsmikillar endurhæfingar í kjölfar sjúkdóma eða slysa.

Þá veitir Endurhæfing-þekkingarsetur ráðgjöf og sérfræðiþjónustu á landsvísu, m.a. eftirfylgni með flókinni velferðartækni fyrir ungmenni og ungt fólk eftir útskrift frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Unnið er þverfaglega með öðrum stofnunum, bæði með börn, ungmenni og fullorðið fólk og í náninni samvinnu við aðstandendur. Er það í samræmi við þann sveigjanleika sem kallað hefur verið eftir í íslenski heilbrigðisþjónustu. Þeim þjónustunotendum Endurhæfing-þekkingarseturs sem eru greindir með CP (í. heilalömun, e. Cerebral palsy) og CP lík einkenni býðst að njóta kerfisbundinnar eftirfylgni með heilsu, líðan og færni, CPEF. Þetta er undirstaða þess að hægt sé að veita viðeigandi meðferð hverju sinni ásamt því að auka þekkingu á CP og afleiddum skerðingum. Mikil samvinna er við fag- og fræðimenn erlendis og má þar nefna Norðurlöndin, Bretland og Bandaríkin. Samstarfið tekur til rannsókna, fræðaskrifa, fræðslu og þróunar þjónustu innan sérsviðsins.

Endurhæfing-þekkingarsetur er aðili að umfangsmikilli samnorrænni rannsókn CP-NORTH:



Unnið að gerð nýrrar fótspelku.



Það er oft kátt á hjalla og mannmargt í sundlauginni.

Endurhæfing Kópavogi



Undirskrift þjónustusamnings.



Starfsfólk í leik og starfi.

Living Life with Cerebral Palsy in the Nordic Countries? Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvaða áhrif það að vera með CP hefur á heilsu, lífsgæði, notkun heilbrigðisþjónustu, menntun, þátttöku á vinnumarkaði og efnahags- og félagslega stöðu yfir æviskeið. Íslenskir aðilar að rannsókninni eru Endurhæfing-þekkingarsetur, Æfingastöðin og Háskóli Íslands.

Starfsmenn og framtíð

Alls starfa 12 manns hjá fyrirtækinu og eru fagaðilar m.a. með sérstaka þekkingu og sérfræðiviðurkenningu á sviði taugasjúkraþjálfunar „Postural Management“ og hjálpartækja. Eftirspurn eftir þessari sérhæfðu þjónustu sem er sú eina sinnar tegundar á landinu er mikil og því miður er biðlisti eftir þjónustu alltaf langur.



Listamaðurinn Karl Guðmundsson frá Akureyri var að fá afhentan nýjan rafknúinn standhjólástól. Hér er hann ásamt teyminu sínu, þeim Guðnýju sjúkraþjálfara hjá Endurhæfingu-þekkingarsetri, Þóri og Borgþóri frá stoðtækjafyrirtækinu Stoð, ásamt Ingibjörgu móður sinni og Kára aðstoðarmanni. Eins og sjá má var myndin tekin á tímum COVID-19.



MiniBESTest.



Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði.

Heilsustofnun NLFÍ

Berum ábyrgð á eigin heilsu

Heilsustofnun er í Hveragerði, sem er lifandi og blómlegur bæ, rétt austur af Reykjavík. Aksturinn frá Reykjavík að þessum friðsæla og fallega stað tekur aðeins um það bil 30 mínútur eftir þjóðvegi 1. Það sem gerir Hveragerði sérstakan bæ er nábyli hans við jarðhitann, því bærinn er byggður á hverasvæði og af því dregur hann nafn sitt. Fáir bæir í heiminum geta státað af virku jarðhitasvæði í hjarta bæjarins, vellandi hverum, hvæsandi gufuaugum og á sumrin iðandi blómahafi. Heilsustofnun tók til starfa í júlí árið 1955. Jónas Kristjánsson læknir, sem var einn af brautryðjendum náttúrulækningastefnunnar á Íslandi, hafði forystu um undirbúning og uppbyggingu Heilsuhælis NLFÍ, eins og stofnunarinn hét þá. Fljótlega eftir opnun 1955 var hægt að taka á móti 40 gestum, en starfsemi stofnunarinnar hefur aukist og húsakostur stækkað hægt og bitandi og er í dag um 170 rúm í 122 herbergjum. Heilsustofnun er í eigu Náttúrulækningafélags Íslands.



Jónas Kristjánsson, læknir.

Náttúrulækningastefnan

Náttúrulækningastefna Heilsustofnunar er byggð á heildrænum lækningum. Heilsuvandi einstaklinganna er skoðaður með það í huga að líta þurfi á andlegt, líkamlegt og félagslegt ástand í samhengi. Meðferðarstefnan felur m.a. í sér þá viðleitni að koma á og viðhalda eðlilegum og heilbrigðum tengslum á milli einstaklingsins og umhverfis hans og efla varnir líkama og sálar gegn hverskonar vanheilsu og sjúkdómum.

Meginhlutverk Heilsustofnunar er að stuðla að heilsuvernd, endurhæfingu og fræðslu. Gestir þurfa að hafa fótavist og geta bjargað sér að mestu leyti sjálfir við daglegar athafnir. Við meðferð er lögð áhersla á markvissa hreyfingu, hollt mataræði, slökun og hvíld. Fræðsla og fagleg ráðgjöf er stór þáttur í starfinu og þar er lögð mest áhersla á heilsuvernd og bætt lífshætti. Náttúrulækningastefna Heilsustofnunar NLFÍ er í fullu samræmi við markmið Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um bætt heilbrigði og heilsufarsþróun í heiminum og fellur hún vel að íslenskri heilbrigðisstefnu.

Stefna

Stefna Náttúrulækningafélags Íslands hefur ávallt verið sú að auka og efla þátt hugtakanna heilbrigði og heilsuvernd í umræðu og verkum, og víkja frá hinni einlitu sjúkdómaumræðu. Það eflir heilbrigði og þroska að fara eftir stefnunni, m.a. með fræðslu, neyslu holls fæðis, líkamspjálfun, slökun og hvíld. Tilgangur og takmark náttúrulækningastefnunnar er því annars vegar heilsuvernd og hinsvegar heilsubót. Þessi markmið eru enn í fullu gildi. Heilsustofnun forðast kennisetningar sem ekki standast vísindalega gagnrýni. Hófsemi í lífverni og skilningur á heildstæðum lausnum læknisfræðinnar, heilbriggt lífverni í viðum skilningi, verður meginhlutverk félagsins í nútíð og framtíð, auk umhverfisverndar.

Þverfagleg endurhæfing

Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði er endurhæfingarstofnun. Endurhæfing er veitt einstaklingum á landsvísu í samræmi við lög nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Heilsustofnun er með



Gamlir munir og myndir.



Leikfimi.



Sundleikfimi.

þjónustusamning við Sjúkratryggingar Íslands. Samkvæmt honum ber Heilsustofnun að veita 1.350 einstaklingum endurhæfingu á ári, í samtals 37.800 gistinguætur, á 10 meðferðarlínum.

Samningur Heilsustofnunar og Sjúkratrygginga Íslands

Samningur er á milli Sjúkratrygginga Íslands og Heilsustofnunar um þverfaglega endurhæfingu fyrir sjúkratryggða einstaklinga skv. lögum um sjúkratryggingar 112/2008 og slysatryggða einstaklinga skv. lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga.

Meðferðarlínur:

Bæklun

Geðsjúkdómar

Gigtsjúkdómar

Hjarta- og lungnasjúkdómar

Krabbamein

Offitu- og efnaskiptasjúkdómar

Streita

Taugasjúkdómar

Verkir

Öldrun

Á árinu 2020 var innleidd og þróuð meðferð vegna afleiðinga COVID-19 sjúkdómsins sem bættist við aðra endurhæfingarstarfsemi. Innleidd var virkniáðlögun og önnur meðferð við hæfi þessara sjúklinga.

Aðsetur og mannauður

Á síðustu misserum hefur verið leitað leiða til þess að bæta húsakost og aðstöðu fyrir endurhæfingarstarf Heilsustofnunar. Hluti af húsnæðinu er allt frá árinu 1955 og verður lögð áhersla á að byggja meðferðarhús til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til þeirrar starfsemi sem Heilsustofnun sinnir í endurhæfingu. Baðhúsið Kjarnalundur sem var reist á árunum 2004-2006 býður upp á góða aðstöðu fyrir vatnsmeðferðir, heit og köld böð, kaldar bunur, vatnsleikfimi og vatnsprek auk slökunar í vatni, sauna og blautgufu. Bygging baðhússins var mikil lyftistöng fyrir starfseminu. Gistiaðstaða fyrir dvalargesti í elsta hluta hússins er komin til ára sinna og er gert ráð fyrir að byggja nýja aðstöðu á komandi árum.

Á Heilsustofnun starfa um 100 manns í 83 stöðugildum. Helstu faghópar sem koma að þjónustu við endurhæfingu eru: Læknar, sálfræðingar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, sjúkráþjálfarar, íþróttfræðingar, nálastungulæknir, næringafræðingar, iðjuþjálfarar, sjúkranuddarar og heilsunuddarar. Í faghópum er einnig fólk með sérmenntun, t.a.m. geðhjúkrunarfræðingar, jógakennarar, sérfræðingar varðandi svefn, streitu, kulnun o.fl. Aðrir mikilvægir starfshópar sinna ræstingu, starfsfólk í eldhúsi, skrifstofu, sundlaug, heilsu- og leirböð, garðyrkja, og viðhald húsnæðis.

Heilsustofnun er aðili að Heilsulindasamtökum Evrópu sem eru regnhlífarsamtök í 20 löndum og hefur hlotið nýsköpunarverðlaun fjórum sinnum frá árinu 2014.



Viðtal.



Aðalinnangangur Reykjalundur.

Reykjalundur endurhæfing



Forseti Íslands prófar fullkomið öndunarmælingartæki á Reykjalundi.

Reykjalundur er heilbrigðisstofnun í eigu SÍBS og hófst starfsemin árið 1945. SÍBS var stofnað 1938 af berklasjúklingum á Víflsstaðaspítala, Reykjahæli í Ölfusi, Kristnesspítala og sjúkrahúsunum í Reykjavík. Markmið samtakanna var að stuðla að útrýmingu berklanna og að berjast fyrir bættum kjörum berklasjúklinga. Það var því stór viðburður þegar starfsemin hófst á Reykjalundi. Starfsemin var fjármögguð með fjárfraumlögum almennings, sölu á merkjum SÍBS og blaði samtakanna og efnt var til happdrættis með stærri vinningum en áður þekktust í happdrættum á Íslandi. Enn þann dag í dag er Happdrætti SÍBS hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi. Fyrstu 15 árin dvöldu aðeins berklasjúklingar á Reykjalundi en það breyttist um 1960, þegar berklaveikin fór að láta undan síga og ljóst varð að ekki væri lengur þörf á endurhæfingu fyrir þennan sjúklingahóp í sama mæli og áður. Á næstu árum breyttist starfsgrundvöllur Reykjalundar, áherslur í endurhæfingu urðu fjölbreyttari og Reykjalundur breyttist í alhliða endurhæfingarmiðstöð. Reykjalundur heitir í dag Reykjalundur endurhæfing ehf. formaður stjórnar Reykjalundar er Anna Stefánsdóttir og Pétur Magnússon er forstjóri.

Endurhæfing

Reykjalundur er stærsta endurhæfingastofnun landsins og þjónar öllu landinu. Þar fer fram alhliða endurhæfing sem miðar að bættum lífsgæðum, aukinni færni og sjálfsbjargargetu þeirra sem þangað leita. Endurhæfing Reykjalundar er byggð upp samkvæmt alþjóðlegum, klínískum leiðbeiningum. Meðferðin einkennist af þverfaglegri samvinnu fagfólks sem myndar átta sérhæfð teymi, sem starfrækt eru á dagvinnutíma að mestu. Einnig er fjöldi gistirýma í boði fyrir fólk, sem vegna landfræðilegra ástæðna eða annarra, getur ekki farið heim að lokinni meðferð á daginn. Markmið endurhæfingar er að sjúklingar endurheimti fyrri getu sína eða bæti heilsu sína. Endurhæfing skiptir sköpum þegar kemur að líkamlegri og andlegri heilsu. Eftir alvarleg veikindi, slys, áföll eða aðgerð þá getur endurhæfing hjálpað til við að ná aftur fótfestu í dagslegu lífi. Læknisfræðileg endurhæfing er sérhæfð meðferð sem byggir á þeirri hugmyndafræði að taka heildrænt á afleiðingum sjúkdóma og slysa. Endurhæfing byggir á samvinnu margra fagaðila, sjúklings og hans nánustu. Beitt er sálfræðilegum, líkamlegum og félagslegum aðferðum, með það að markmiði að uppræta, minnka eða bæta fyrir skerðingu á færni og virkni, sem sjúkdómur eða slys hefur valdið.

Í upphafi voru lækna- og hjúkrunarfræðingar eina fagfólkið á Reykjalundi, en fagfólki hefur fjölgað jafnt og þétt í gegnum árin, eftir því sem þróun hefur orðið innan heilbrigðisvísinda. Helstu heilbrigðisgreinar, sem tengjast í dag beinni meðferð sjúklinga á Reykjalundi eru: Félagráðgjöf, heilsuþjálfun, hjúkrun, iðjuþjálfun, lækningar, næringarráðgjöf, sálfræðiþjónusta, sjúkraþjálfun og talmeinafræði. Þessum faghópum til halds og trausts eru stoðeildir Reykjalundar; heilbrigðisgagnafræðingar, hjarta- og lungnarannsókn, innskriptarmiðstöð, móttaka, mötuneyti, ræsting, saumastofa, skrifstofa, upplýsingatæknistjóri, vísindi og kennsla og viðhald húsnæðis og lóðar. Hjartað í starfsemi Reykjalundar er teymisvinna fjölbreytts hóps sérhæfðs heilbrigðisstarfsfólks sem myndar meðferðarteymi. Í meðferðarteymunum er sett



Frá sundlaug Reykjalundar.



Úr færnisal Reykjalundar.

upp einstaklingsmiðuð endurhæfingardagskrá fyrir hvern og einn sjúkling, sem miðar að því að bæta líkamlega getu hans, andlega og félagslega líðan. Tekið er mið af getu hans og færni, sem og persónulegum þáttum eins og menntun, fjölskyldu, búsetu, kyni og vinnu, allt eftir því hvaða markmið er með vinnunni. Misjafnt er hvernig endurhæfingu hver og einn þarfnast og því skiptir miklu máli að heilbrigðisstarfsfólk með ólíka sérfræðiþekkingu vinni saman að bættri líðan. Markmið teymisvinnu er að veita þverfaglega, heildræna meðferð byggða á gagnreyndri þekkingu. Áhersla er á samtalsmeðferð, einstaklings- og hópmeðferð, fjölbreytta hreyfingu, námskeið og fræðslu. Meðferðarteymi Reykjalundar eru; efnaskipta- og offituteymi, geðheilsuteymi, gigtarteymi, hjartateymi, lungnateymi, starfsendurhæfingarteymi, tauga- og hæfingarteymi og verkjateymi. Mikil áhersla er lögð á fræðslu og þátttöku sjúklings. Einnig er áhersla á grunnþætti heilbrigðs lífs, svo sem heilsusamlegt mataræði, reykleysi, hæfilega hreyfingu og góðan svefn. Markmið endurhæfingar er að bæta líðan og lífsgæði sjúklings og getu hans til að nýta sér ýmis bjargráð sem honum eru kennd.

Aðstaða og mannauður

Á Reykjalundi er fyrsta flokks aðstaða til endurhæfingar á öllum sviðum; æfingataekjasalur, fullbúinn íþróttasalur, meðferðarstofur, vinnustofur, smíðaverkstæði, rými fyrir alls kyns handmennt, æfingaeldhús, fræðsluherbergi, slökunarsalur, hvíldarherbergi, setustofur, starfsendurhæfingar vinnustaður og tvær sundlaugar svo eitthvað sé nefnt. Á Reykjalundi eru tiltæk hvers kyns hjálpartæki til að aðstoða fólk með mismunandi líkamlega færni við daglega iðju. Miðgarður er legudeild Reykjalundar. Þar er veitt þjónusta allan sólahringinn og þangað koma sjúklingar sem þurfa meiri hjúkrun og umönnun en þeir sem eru á dag- og göngudeildum. Miðgarður sinnir breiðum hópi sjúklinga sem oft á tíðum glímir við fjölþætt heilsufarsvandamál. Deildin tekur einnig á móti sjúklingum beint af spítala. Á Reykjalundi er sambýlið Hlein sem er heimili fyrir ungt fólk sem fatlast hefur vegna sjúkdóms eða slyss. Á Hlein er búið allan ársins hring og stunda íbúar þar þjálfun á Reykjalundi eftir þörfum og getu hvers og eins. Íbúar Hleinar sækja einnig námskeið í Fjölmenn. Atvinnuþjálfun og félagslegi þátturinn skipa stóran sess í markmiðum deildarinnar og er öll umönnun íbúa einstaklingshæfð. Um 110-130 sjúklingar sækja þjónustu á degi hverjum. Á hverju ári fara um það bil 1.300 manns í gegnum endurhæfingarmeðferð á Reykjalundi, flestir í 4-6 vikur í senn. Auk þess kemur fjöldi fólks í viðtöl á göngudeild á hverju ári. Á Reykjalundi starfa tæplega 200 starfsmenn í um 170 stöðugildum.

Hollvinasamtök

Hollvinasamtök Reykjalundar voru stofnuð árið 2013. Tilgangur samtakanna er að styðja við þá endurhæfingarstarfsemi sem fram fer á Reykjalundi í samráði við stjórnendur Reykjalundar. Fyrrum sjúklingar Reykjalundar og aðrir velunnarar stóðu að stofnun samtakanna og hafa þau gefið Reykjalundi gjafir fyrir rúmar 60 milljónir. Allir eru velkomnir í Hollvinasamtökin og fer skráning fram á vefsíðu Reykjalundar.



„Römpum upp Reykjavík.“

Sjálfsbjörg

landssamband hreyfihamlaðra



Sjálfsbjargarhúsið, Hátúni 12, Reykjavík.

Fyrsta Sjálfsbjargarfélagið var stofnað á Siglufirði þann 9. Júní 1958. En Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra (Sjálfsbjörg Ish.) var stofnað 4. júní 1959 af fimm aðildarfélögum víðsvegar af landinu.

Aðildarfélög Sjálfsbjargar Ish. voru flest sextán, en í dag eru aðildarfélögin tólf, vítt og breitt um landið. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu er fjölmennasta félagið.

Hlutverk Sjálfsbjargar er að vinna að fullkominni þátttöku og jafnrétti hreyfihamlaðs fólks á Íslandi og eftir atvikum annarra fatlaðra og gæta réttinda og hagsmuna þess.

Sjálfsbjargarhúsið

Sjálfsbjörg Ish. á og rekur húsnæði í Hátúni 12, Reykjavík. Í húsinu er ýmis atvinnustarfsemi, og íbúðir fyrir fólk með hreyfihömlun.

Starfsmenn skrifstofu og stjórn

Framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Ish. er Ósk Sigurðardóttir, en hún tók til starfa í nóvember 2020. Starfsmenn landssambandsins eru sjö talsins.

Margrét Lilja Arnheiðardóttir tók við sem formaður Sjálfsbjargar Ish. í apríl 2022. Í stjórn landssambandsins sitja fimm aðalmenn og tveir varamenn víðsvegar af landinu.

Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar

Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar var opnuð í byrjun árs 2017. Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar er með mikið úrval af hjólastólum, baðstólum, rúmum og smærri hjálpartækjum og er ein af fáum sem leigir tæki til allra landsmanna og sendir um land allt. Mikilvægt er einnig að geta leigt út hjálpartæki til ferðamanna, en sá hópur fer stækkandi.



Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar.

Römpum upp Reykjavík og Römpum upp Ísland

Í mars 2021 var verkefnið Römpum upp Reykjavík sett formlega af stað, en tilgangur verkefnisins var að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslun og veitingahúsum. Markmiðið var að byggja 100 rampa á einu ári í Reykjavík, en það tókst á átta mánuðum. Haraldur Þorleifsson, stjórnandi hjá Twitter og stofnandi hönnunarfyrirtækisins Ueno, er hvatamaður verkefnisins.

Verkefnið Römpum upp Ísland var svo sett formlega af stað á vормánuðum 2022 en markmiðið að þessu sinni er að byggja 1000 rampa um allt land.

Sjálfsbjörg landssamband er einn af stofnaðaðilum verkefnisins og eru framkvæmdastjóri og formaður Sjálfsbjargar í stjórn félagsins.

Sjálfsmat á aðgengismálum fyrir ferðaþjónustu

Samstarfsverkefni Sjálfsbjargar Ish., Ferðamálastofu, Öryrkjabandalags Íslands og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar hófst árið 2021 en unnið er að sérstöku fræðslu- og hvatningarverkefni



100. Rampurinn í Römpum upp Ísland verkefninu vígður við Sjóminjasafn Eyrarbakka 9. ágúst 2022. Á myndinni má m.a. sjá Harald Þorleifsson hvatamann verkefnisins, Sigurð Inga Jóhannsson innviðaráðherra, Fjólú Kristinsdóttur bæjarstjóra Árborgar og Davíð Þ. Olgeirsson umsjónarmann hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar. Það voru Guðrún Arna Kristjánsdóttir fjármálastjóri Sjálfsbjargar Ish. og Ósk Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Ish. sem héldu borðanum sem Aron Freyr Jónsson klippti á.

Stjórn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, kosin á landsfundi apríl 2022. Efri röð frá vinstri: Þórdís Ásta Skjalddal gjaldkeri, Margrét Jónsdóttir ritari, Ólafía Ósk Runólfssdóttir varamaður, Guðni Sigmundsson varaformaður og Kristján Júlíusson meðstjórni. Fremri röð frá vinstri: Elmar Logi Heiðarsson varamaður og Margrét Lilja Arnheiðardóttir nýkjörinn formaður.

um aðgengismál fyrir ferðaþjónustuaðila. Um er að ræða sjálfsmat um aðgengismál fyrir ferðaþjónustufyrirtæki ásamt leiðbeiningum og fræðslu sem verður gefinn formlega út haustið 2022. Til að byrja með verða í boði þrjú merki sem tákna aðgengi fyrir hreyfihamlaða, sjónskerta og blinda.

Aðgengisnámskeið

Þá hefur Sjálfsbjörg Ish. staðið fyrir aðgengisnámskeiði fyrir aðildarfélagana sína og aðgengisfulltrúa sveitarfélaganna frá árinu 2020. En þau hafa verið haldin í samvinnu við Hörpu Cíllia Ingólfssdóttur byggingarfræðing og starfsmann Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar. Markmiðið með námskeiðunum er að auka þekkingu um allt land á aðgengismálum fyrir aðildarfélagana og sveitarfélög.

TravAble – aðgengisupplýsinga app

Hindranir í vegi hreyfihamlaðara eru vandamál og handhægar upplýsingar um aðgengilega þjónustu, afþreyingu og mannvirki skortir. TravAble svarar þeirri brýnu þörf með því að tengja saman upplýsingar um þjónustu, afþreyingu og mannvirki og birta með smáforriti. TravAble er þjónustu- og leiðsöguapp, tengt korti, og hentar því hreyfihömluðum jafnt heima og að heiman. Áhersla er lögð á jákvæða nálgun, þ.e. að sýna einungis það sem er aðgengilegt hreyfihömluðum, ekki það sem er óaðgengilegt. Hreyfihamlaðir ferðast og vilja njóta lífsins eins og aðrir og þeirri þörf þarf að mæta.

Aðgengisdagur Sjálfsbjargar verður haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti 27. ágúst 2022 en þá munu aðildarfélög um allt land skrá inn upplýsingar um aðgengilega staði í TravAble aðgengisupplýsinga appið.

Klifur

Árið 2020 var útgáfa á Klifur blaði Sjálfsbjargar endurskoðaða og ráðinn var nýr ritstjóri 2020 Páll Tómas Finnsson. Blaðið er nú gefið út í veglegri útgáfu einu sinni á ári.

Fjáröflunarmál

Húsaleigutekjur er stærsti einstaki tekjupóstur samtakanna, en Happdrætti hafa einnig verið fastur tekjupóstur Sjálfsbjargar í áratugi. Hollvinir Sjálfsbjargar styrkja einnig landssambandið með mánaðarlegu framlagi og eru gífurlega mikilvægir fyrir starfseminna.

Minningarkort Sjálfsbjargar eru send aðstandendum í minningu látinna ástvina og getur fólk þannig einnig lagt starfseminni lið.

Vefverslun Sjálfsbjargar var sett á laggirnar 2021, en þar má finna ýmsar fallegar gjafavörur.



Til að byrja með verða í boði þrjú merki sem tákna aðgengi fyrir hreyfihamlaða, fólk með heyrnaskerðingu, sjónskerta og blinda.



Í Klifur 2021 var m.a. tekið viðtal við Örmu Sigríði Albertsdóttur Ólympíufara.



Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK, Alma D. Möller, landlæknir og Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, forstjóri Vinnueftirlitsins, fagna samvinnu um heilsuefingu á vinnustöðum.

Virk - Starfsendurhæfingarsjóður



Vigdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri VIRK.

Í kjarasamningum í febrúar 2008 sömdu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins um nýtt fyrirkomulag starfsendurhæfingar á Íslandi. Í framhaldinu var sjálfseignarstofnunin VIRK Starfsendurhæfingarsjóður stofnuð þann 19. maí og hóf starfsemi sína í ágúst 2008. Í byrjun árs 2009 komu síðan opinberir atvinnurekendur og stéttarfélög opinberra starfsmanna að VIRK sem stofnaðilar. VIRK varð þar með fyrsta stofnunin sem allir helstu aðilar vinnumarkaðarins á Íslandi stóðu saman að. Árið 2012 bættust lífeyrissjóðir í hópinn og 2015 var samið um aðkomu ríkisvaldsins að VIRK.

Markmið og tilgangur VIRK

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

Tilgangur með þjónustu á vegum VIRK er að aðstoða fólk við að komast til vinnu. Um er að ræða markvissa einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings.

Markmið VIRK er að draga markvisst úr líkum á því að einstaklingar hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku.

Rétt á þjónustu VIRK eiga þeir einstaklingar sem ekki sinnt starfi sínu að hluta eða öllu leyti eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubrests og eru með beiðni eða vottorð frá lækni og hafa það að markmiði að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði eða að auka þátttöku sína á vinnumarkaði.

Starfsemi VIRK

VIRK vinnur að starfsendurhæfingu samkvæmt lögum 60/2012 í samstarfi við stéttarfélög, atvinnurekendur, lífeyrissjóði, þjónustuaðila í starfsendurhæfingu og stofnanir velferðarkerfisins. Starfsemi VIRK er fjármögnuð af atvinnurekendum, lífeyrissjóðum og ríkisvaldinu samkvæmt lögum 60/2012.

VIRK hefur byggt upp þverfaglegan starfsendurhæfingarferil, persónulega ráðgjöf og þjónustu sem hefur það markmið að koma einstaklingum til vinnu. VIRK leggur mjög mikið uppúr góðu samstarfi við aðrar stofnanir innan velferðarkerfisins.

Þjónusta VIRK er til staðar á öllum helstu þéttbýlisstöðum landsins, er einstaklingsmiðuð og einstaklingum að mestu að kostnaðarlausu.

Á vegum VIRK starfa á sjötta tug sérhæfðra starfsendurhæfingarráðgjafa og atvinnulífstengla sem staðsettir eru hjá stéttarfélögum víða um land sem fylgja notendum þjónustunnar allan starfsendurhæfingarferilinn og hvetja þá áfram.

VIRK á í miklu og góðu samstarfi við fagfólk um allt land, leggur áherslu á að nýta fagfólk á hverju svæði fyrir sig og þróa úrræði sem henta þeim fjölbreytta hópi sem nýtir sér þjónustu VIRK. Um 500 þjónustuaðilar um allt land eru í samstarfi við VIRK og keypt var þjónusta af þeim fyrir einstaklingana í starfsendurhæfingu fyrir um 1,5 milljarð króna árið 2020.



Machteld Huber kynnti jákvæða heilsu á 10 ára afmælisráðstefnu VIRK 2018.



Fjöldi ráðgjafa og sérfræðinga VIRK hafa útskrifaast úr markþjálfanami.



Styrkhafar VIRK 2019. VIRK veitir styrki einu sinni á ári til virkniúræða, rannsóknarverkefna og þróunarverkefna tengdum starfsendurhæfingu.

Starfsemi VIRK er í stöðugri þróun og nýjustu þættirnir í starfseminni snúa að forvörnum og atvinnutengingu.

Í byrjun árs 2018 ýtti VIRK úr vör forvarnarverkefninu VelVIRK. Markmið verkefnisins er að styðja við starfsmenn og stjórnendur til að sporna við brotthvarfi af vinnumarkaði vegna heilsubrestra sem hægt er að rekja til langvarandi álags bæði í starfi og einkalífi.

Atvinnutenging í starfsendurhæfingu hefur verið aukin hjá VIRK með tilkomu sérstakra atvinnulífstengla sem eru í virku samstarfi við fyrirtæki og stofnanir um allt land. Markmiðið er að aðstoða sérstaklega þá einstaklinga sem ekki hafa fulla vinnugetu í lok starfsendurhæfingarferlis hjá VIRK og þurfa því sérþæka og aukna aðstoð út á vinnumarkaðinn.

Árangur og ávinningur

Einstaklingar sem leita til VIRK eru í öllum starfsstéttum, á öllum aldri og með fjölbreytta menntun og reynslu. Yfir 80% þeirra hafa ekki starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma og/eða stoðkerfisvandamála. Undir lok árs 2020 hafa tæplega 20.000 einstaklingar byrjað starfsendurhæfingu á vegum VIRK. 2.700 einstaklingar voru þá í starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK um allt land. Árangur og ávinningur af starfsemi VIRK - fjárhagslegur og samfélagslegur - er mjög mikill þar sem starfsemin hefur skilað þúsundum einstaklinga í virka þátttöku á vinnumarkaði. 77% þjónustubeganna sem útskrifast hafa, sem lokið hafa starfsendurhæfingu, frá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift; þ.e. í vinnu, í atvinnuleit eða lánshæfu námi. Talnakönnun hf. hefur metið ávinninginn af starfsemi VIRK frá árinu 2013. Útreikningar Talnakönnunar sýna að 21,3 milljarða ávinningur var af starfseminni 2020 og reiknaður meðalsparnaður samfélagsins á hvern útskrifaðan einstakling úr starfsendurhæfingu á vegum VIRK var 13,3 milljónir það ár. Öllum einstaklingum sem útskrifast frá VIRK er boðið að taka þátt í þjónustukönnun þar sem þeir eru beðnir um að svara spurningum um þjónustuna og einstaka þætti hennar. Niðurstöðurnar sýna að þjónustubegarnir telja að þjónusta VIRK hafi haft mikil áhrif á stöðu þeirra. Við lok þjónustu er sjálfmynd þeirra sterkari, starfsgeta meiri og líkamleg og andleg heilsa betri.



Starfsfólk mótir framtíðarsýn VIRK í stefnumótunavinnu haustið 2019.



Þjónusta VIRK er til staðar á öllum helstu þéttbýlisstöðum landsins.



Starfsfólk Starfsendurhæfingar Norðurlands.

Aftari röð frá vinstri: Ragnheiður Sveinsdóttir sjúkraþjálfari, Anna Kristín Arnarsdóttir kennari, Jakobína Elva Káradóttir félagsráðgjafi og framkvæmdastjóri, Katla Hildardóttir hjúkrunarfræðingur og Elín Hrönn Einarsdóttir iðjuþjálf. Fremri röð frá vinstri: Sæunn Sigríður Jóhannsdóttir ritari, Ranveig Susan Tausen sálfræðingur og Héðinn Svarfdal Björnsson félagssálfræðingur.

Starfsendurhæfing Norðurlands

Starfsmenn:

Jakobína Elva Káradóttir, félagsráðgjafi og framkvæmdastjóri

Elín Hrönn Einarsdóttir, iðjuþjálf

Anna Kristín Arnarsdóttir, kennari

Katla Hildardóttir, hjúkrunarfræðingur

Héðinn Svarfdal Björnsson,

félagssálfræðingur

Ragnheiður Sveinsdóttir, sjúkraþjálfari

Ranveig Susan Tausen, sálfræðingur

Sæunn Jóhannsdóttir, ritari

Starfsendurhæfing Norðurlands (SN) var stofnuð 9. febrúar 2006. Áður hafði Starfsendurhæfingin verið starfrækt undir merkjum Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, Félags- og skóláþjónustu Þingeyinga og Framhaldsskólans á Húsavík í fjögur ár. Starfsendurhæfing Norðurlands er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Stjórn SN, Soffía Gísladóttir, formaður stjórnar, fulltrúi Vinnumálastofnunar, Bernard Hendrik Gerritsma, fulltrúi SAK, Inga Berglind Birgisdóttir, fulltrúi HSN, Guðrún Sigurðardóttir, ritari, fulltrúi Akureyrarbæjar, Valgeir Magnússon, fulltrúi SÍMEY og Þórarinn Sverrisson, fulltrúi Starfsendurhæfingar Norðurlands vestra, áheyrnarfulltrúi.

Starfsemin

Hlutverk Starfsendurhæfingar Norðurlands er að veita einstaklingum starfsendurhæfingu sem hafa verið utan atvinnuþátttöku í einhvern tíma. Til að mynda vegna veikinda, slysa eða félagslegra aðstæðna og eru að vinna að endurkomu út á vinnumarkaðinn. Þátttakendum er veitt ráðgjöf og stuðningur á heildrænan og markvissan hátt, með það að markmiði að endurhæfingin verði sem árangursríkust. Áhersla er lögð á þá þætti sem hver þátttakandi metur í samráði við ráðgjafa SN. Hugmyndin er sú að þátttakandinn komi með virkum hætti að sinni endurhæfingu strax í byrjun og beri þar með frá upphafi ábyrgð á sinni endurhæfingu.

SN leiðbeinir og útvegar þá þjónustu sem til þarf.

Starfsendurhæfing Norðurlands býður upp á mismunandi endurhæfingareiðir, ýmist langtíma endurhæfingu eða styttri leiðir. Meðal annars er boðið upp á fjármálaráðgjöf, fjölskylduráðgjöf, fjölskyldumeðferð, félagsráðgjöf, sálfræðimeðferð, hópefli/sjálfsstyrkingu, líkamsþjálfun, iðjuþjálfun, heilsuráðgjöf, markþjálfun, fræðslu, fyrirlestra og einstaklingsráðgjöf og list- og handverksnámskeið.

Endurhæfingin miðar að því að einstaklingurinn fari í vinnu eða nám að lokinni þátttöku. Hugmyndafræði Starfsendurhæfingar Norðurlands gengur út frá því að hver þátttakandi komi með virkum hætti að eigin endurhæfingu strax í upphafi. Unnið er með valdeflingu og lausnamiðaða nálgun. Aðferðir valdeflingar snúast um að efla vald fólks yfir aðstæðum sínum og lífi, öllu því sem eflir sjálfsmynd, sjálfstraust, félagslega stöðu, sjálfsvirðingu og lífsgæði. Lausnamiðuð nálgun miðar út frá því að hjálpa fólki að koma auga á lausnir sem virka fyrir hvern og einn.

Að jafnaði taka um 150 manns þátt í endurhæfingardagskrá SN á hverju ári. Meðallengd endurhæfingartímans hjá SN er u.þ.b níu mánuðir. Langflestum þátttakendum er vísað til SN frá VIRK Starfsendurhæfingarsjóði. SN býður einnig upp á styttri námskeið, einkum í samvinnu við Vinnumálastofnun sem býður upp á fjölmörg námskeið fyrir atvinnuleitendur. Starfsemi SN fer fram að mestu leyti í Glerárgötu 36 á Akureyri. SN leggur áherslu á að endurhæfingin fari fram í heimabyggð. SN hefur einnig veitt þjónustu víðar um Norðurland, s.s. á Húsavík, á Blönduósi og í Fjallabyggð.

Um 75% þátttakenda í starfsendurhæfingardagskrá SN snúa aftur á vinnumarkað eða í nám að lokinni endurhæfingu. Það er með því besta sem gerist í starfsendurhæfingu á Íslandi.



Nýtt húsnæði Hjálpræðishersins í Reykjavík, við Suðurlandsbraut 72. / Ljós. Aron Brink, Fréttablaðið.



Foringjar Hjálpræðishersins í Reykjavík:
Hannes Bjarnason, Birna Dís Vilbertsdóttir,
Ingvi Kristinn Skjaldarson og Hjördis Kristinsdóttir.
Ljós. Aron Brink, Fréttablaðið.

Hjálpræðisherinn

Hjálpræðisherinn er alþjóðleg evangelísk hreyfing, hluti af hinn almennu kristnu kirkju. Boðskapurinn grundvallast á Biblíunni. Þjónustan er knúin af kærleika Guðs. Verkefnið er að boða fagnaðarerindi Jesú Krists og í hans nafni mæta þörfum fólks án mismununar. Þetta sjónarmið er grundvallað með orðunum „súpa, sápa og hjálpræði“ eða mettun hins hungraða, virðingu fyrir þann niðurbeygða og boðun hins frelsandi kærleika Guðs. Hjálpræðisherinn starfar nú í 131 landi og starfsmenn á heimsvísu eru yfir 110.000. Starfsemi er fjölbreytt en auk kirkjustarfs rekur Hjálpræðisherinn meðal annars barnaheimili, meðferðarúrræði og gistiskýli fyrir heimilislausu í hinum ýmsu löndum. Hjálpræðisherinn starfar á þremur stöðum á Íslandi, í Reykjavík, Reykjanesbæ og á Akureyri og frá árinu 2012 hefur verið hægt að skrá sig í trúfélag Hjálpræðishersins. Hjálpræðisherinn á Íslandi er rekinn í sameiginlegu umdæmi með Noregi og Færeyjum. Höfuðstöðvar umdæmisins eru í Osló en höfuðstöðvar starfseminnar á Íslandi eru í Reykjavík. Upphafið að starfsemi Hjálpræðishersins má rekja til ársins 1865 þegar hjónin Catherine og William Booth hófu að bera út fagnaðarerindið í fátækrahverfi í London. Á fáum árum breiddist starfsemi Hjálpræðishersins út um allan heim og festi hreyfingin fætur hér á landi árið 1895. Frumherjar starfsins hér voru foringjarnir Christian Erichsen og Þorsteinn Davíðsson. Á upphafsárinu festu þeir kaup á steinhúsi í miðbæ Reykjavíkur sem hefur gjarnan verið kallað Herkatalinn. Árið 2016 var Herkatalinn seldur og nú standa yfir framkvæmdir við nýtt húsnæði við Suðurlandsbraut. Áætluð verklok eru haustið 2020. Nýja húsnæðið mun hýsa starfsemi Hjálpræðishersins í Reykjavík, aðalskrifstofu Hjálpræðishersins á Íslandi, Hertex verslun, kaffihús og velferðarstarf. www.herinn.is

Fjölbreytt starfsemi

Velferðarstarf: Meginmarkmið velferðarstarfs Hjálpræðishersins er að mæta öllum mannglegum þörfum með náungakærleik, óháð efnahag, þjóðerni, menningu eða trú viðkomandi einstaklings. Hjálpræðisherinn stendur fyrir alls kyns fjársöfnunum og fyrirbænum fyrir bágstadda skjólstaðinga.

Barna- og unglingastarf (BUH): Helsti tilgangur BUH er að breiða út fagnaðarerindið um Jesú Krist til barna og unglunga. Það er gert í gegnum ýmis konar viðburði, hópa o.fl., til dæmis sunnudagaskóla, barna- og unglingafundi. Starfið miðar að því að hjálpa börnum og unglingum að þroska hæfileika sína og byggja upp jákvætt samfélag með náungakærleika og virðingu að leiðarljósi.

Hertex nytjamarkaður: Hertex rekur þrjár verslanir, tvær í Reykjavík og eina á Akureyri. Þar er tekið við notuðum fatnaði og munum og ágóði starfseminnar rennur í velferðarsjóð. Umhverfisvernd er mikilvægur þáttur í starfsemi Hertex enda endurnýting mikilvægt skref í átt að bættari umgengni um jörðina. Í Hertex eru allir velkomnir og áhersla er lögð á að gefa fólki framtíðarvon með valdeflingu.



Barnastarf á Herhelgi 2019.



Frá verslun Hertex nytjamarkaði, Vínlandsleið.

Nafnaskrá

| | | | |
|-------------------------------------------|-------------|---------------------------------------------|-----|
| Nafn | Bls. | | |
| 112 Neyðarlínan..... | 60 | Forsætisráðuneytið..... | 44 |
| Akrahreppur..... | 234 | Framkvæmdasýsla ríkisins..... | 74 |
| Akureyrarbær..... | 242 | Framsóknarflokkurinn..... | 24 |
| Alþingi..... | 18 | Garðabær..... | 180 |
| Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið..... | 32 | Genís..... | 336 |
| Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga..... | 236 | Grindavíkurbær..... | 304 |
| Austurbrú SES..... | 259 | Grímsnes- og Grafningshreppur..... | 278 |
| Árneshreppur á Ströndum..... | 223 | Grundarfjarðarbær..... | 206 |
| Barnaverndarstofa..... | 62 | Grundarheimilin..... | 340 |
| Biskupsstofa..... | 64 | Hafnarfjarðarbær..... | 184 |
| Blönduósibær..... | 225 | Hafranssóknastofnun..... | 76 |
| Bolungarvíkurkaupstaður..... | 212 | Heilbrigðiseftirlit Austurlands..... | 262 |
| Brunavarnir á Austurlandi..... | 261 | Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra..... | 240 |
| Brunavarnir Árnessýslu..... | 270 | Heilbrigðiseftirlit Suðurlands..... | 276 |
| Brunavarnir Rangárvallasýslu..... | 274 | Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja..... | 296 |
| Brunavarnir Suðurnesja..... | 294 | Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða..... | 210 |
| Byggðastofnun..... | 66 | Heilbrigðiseftirlit Vesturlands..... | 194 |
| Dalabyggð..... | 208 | Heilbrigðisráðuneytið..... | 46 |
| Dalbær..... | 342 | Heilbrigðisstofnun Austurlands..... | 312 |
| Dalvíkurbyggð..... | 248 | Heilbrigðisstofnun Norðurlands - HSN..... | 314 |
| Droplaugarstaðir..... | 344 | Heilbrigðisstofnun Suðurlands..... | 316 |
| Eir hjúkrunarheimili..... | 346 | Heilbrigðisstofnun Vesturlands..... | 320 |
| Forsetaembættið..... | 16 | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins..... | 322 |
| Endurhæfing-þekkingarsetur..... | 354 | Heilsustofnun NLFÍ..... | 356 |
| Eyja- og Miklaholtshreppur..... | 198 | Helgafellssveit..... | 201 |
| Eyjafjarðarsveit..... | 246 | Hjartavernd..... | 326 |
| Fangelsismálastofnun ríkisins..... | 68 | Hjálpræðisherinn..... | 365 |
| Ferðamálastofa..... | 70 | Hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð..... | 349 |
| Félagsmálaráðuneytið..... | 38 | Hrunamannahreppur..... | 279 |
| Fjallabyggð..... | 232 | Húnavatnshreppur..... | 226 |
| Fjarðabyggð..... | 266 | Húnaþing vestra..... | 224 |
| Fjármála- og efnahagsráðuneytið..... | 40 | Húsnæðis- og mannvirkjastofnun..... | 78 |
| Fjárýsla ríkisins..... | 72 | Hvalfjarðarsveit..... | 196 |
| | | Hvammur - heimili aldraðra..... | 351 |
| | | Hveragerði..... | 280 |
| | | Isavia..... | 80 |
| | | Íbúðir 60+ Mörkinni..... | 352 |
| | | Íslandspóstur..... | 86 |
| | | Íslensk erfðagreining..... | 338 |
| | | Jafnréttisstofa..... | 90 |
| | | Kaldraneshreppur..... | 222 |
| | | Kjósarhreppur..... | 191 |
| | | Klínikin Ármúla..... | 328 |
| | | Kópavogsbær..... | 176 |
| | | Landhelgisgæsla Íslands..... | 92 |
| | | Landlæknisembættið..... | 94 |
| | | Langanesbyggð..... | 254 |
| | | Læknavaktin..... | 330 |
| | | Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra..... | 96 |
| | | Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra..... | 98 |
| | | Lögreglustjórinn á Suðurlandi..... | 100 |
| | | Lögreglustjórinn á Vestfjörðum..... | 102 |
| | | Lögreglustjórinn á Vesturlandi..... | 104 |
| | | Matis..... | 106 |
| | | Matvælastofnun..... | 110 |
| | | Mennta- og menningamálaráðuneytið..... | 48 |
| | | Miðflokkurinn..... | 26 |
| | | Minjastofnun..... | 112 |
| | | Mýrdalshreppur..... | 286 |
| | | Náttúrufræðistofnun Íslands..... | 114 |
| | | Náttúruhamfartrygging Íslands, NTÍ..... | 116 |
| | | Náttúrustofa Norðausturlands..... | 118 |
| | | Náttúrustofa Suðausturlands..... | 120 |
| | | Neytendastofa..... | 122 |
| | | Norðurþing..... | 250 |
| | | Orkustofnun..... | 124 |
| | | Persónuvernd..... | 132 |
| | | Rangárþing eystra..... | 284 |

| | | | |
|-----------------------------------------------------|-----|---------------------------------------|-----|
| Rannsóknarnefnd samgönguslysa..... | 134 | Svalbarðshreppur..... | 255 |
| Reykhólahreppur..... | 209 | Svalbarðsstrandarhreppur..... | 247 |
| Reykjalundur endurhæfing..... | 358 | Sveitarfélagið Hornafjörður..... | 268 |
| Reykjanesbær..... | 300 | Sveitarfélagið Skagafjörður..... | 230 |
| Reykjavík..... | 164 | Sveitarfélagið Vogar..... | 298 |
| Ríkiskaup..... | 136 | Sveitarfélagið Ölfus..... | 282 |
| Ríkissaksóknari..... | 138 | Sýslumenn..... | 142 |
| Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum SSS..... | 292 | Táknafjarðarhreppur..... | 211 |
| Samfylkingin..... | 28 | Tjörneshreppur..... | 252 |
| Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið..... | 50 | Umhverfis- og auðlindaráðuneytið..... | 54 |
| Samkeppniseftirlitið..... | 91 | Útanríkisráðuneytið..... | 56 |
| Samtök sveitarfélaga á Austurlandi SSA..... | 258 | Úrvinnslusjóður..... | 146 |
| Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu SSH..... | 160 | Vegagerðin..... | 148 |
| Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra SSNE..... | 235 | Vestmannaeyjar..... | 290 |
| Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra SSVN..... | 218 | Vesturbyggð..... | 216 |
| Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi SSV..... | 192 | Vinnueftirlitið..... | 150 |
| Seltjarnarnesbær..... | 174 | Vinnuálastofnun..... | 152 |
| Seyðisfjarðarkaupstaður..... | 264 | Virk - Starfsendurhæfingarsjóður..... | 362 |
| Sjálfbjörg..... | 360 | Vopnafjarðarhreppur..... | 256 |
| Sjálfstæðisflokkurinn..... | 30 | Þjóðskjalasafn Íslands..... | 155 |
| Sjónlag..... | 332 | Þjóðskrá..... | 156 |
| Sjúkrahúsið á Akureyri..... | 334 | | |
| Sjúkratryggingar Íslands..... | 140 | | |
| Skaftárhreppur..... | 288 | | |
| Skagabyggð..... | 228 | | |
| Skagaströnd..... | 227 | | |
| Skorradalshreppur..... | 200 | | |
| Skútustaðahreppur..... | 253 | | |
| Slökkvilið Akureyrar..... | 238 | | |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins..... | 162 | | |
| Starfsendurhæfing Norðurlands..... | 364 | | |
| Strandabyggð..... | 220 | | |
| Stykkishólmsbær..... | 202 | | |
| Súðavíkurreppur..... | 214 | | |





